Lagafrumvörp felld.

1. Atvinna við siglingar.

Á 39. fundi í Nd., 15. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66/1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum [129. mál] (þmfrv., A. 318).

Á 42. og 43. fundi í Nd., 8. og 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 44. fundi í Nd., 9. febr., var frv. enn tekið til 3. umr.

Flm. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Þegar minnzt er á framþróun íslenzkra atvinnumála síðustu áratugi, ber mönnum ávallt saman um, að einn glæsilegasti vottur þessarar þróunar sé fullkomnun fiski- og kaupskipaflotans. Með hinum nýju skipum hefur aukin tækni verið tekin í notkun í mjög ríkum mæli. Þannig eru hin nýju skip nú búin út með öllum þeim nýjustu öryggistækjum, sem völ er á. Ein meginbreytingin frá samsvarandi eldri skipum er, að hin nýju skip eru mótorknúin í stað eimknúinna skipa áður. Í þessum nýju skipum er fjöldi rafknúinna hjálpartækja, sem lítið eða ekkert þekktust í hinum eldri skipum. Á hinum nýju skipum Eimskipafélags Íslands eru um og yfir 100 rafknúin neyzlutæki og ljósastæði, er skipta hundruðum. Með þessum nýja útbúnaði hefur útgerðinni færzt nýr vandi á hendur. Með þeirri áhöfn, sem lög nr. 66 frá 1946 ákveða og gera verður ráð fyrir að sé á hverju skipi, er ekki gert ráð fyrir neinum manni, sem hafi sérþekkingu í meðferð og viðhaldi raflagna og raftækja. Með þessa staðreynd í huga flyt ég, að beiðni rafvirkjastéttarinnar, frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 318.

Sú reynsla, sem þegar er fengin af hinum nýju skipum, leiddi þá þegar í ljós, að vegna öryggis áhafnar og farþega bar nauðsyn til, að menn með sérþekkingu slíkra tækja yrðu ráðnir á skipin, og hefur t. d. Eimskipafélagið ráðið rafvirkja á öll sín nýju skip. Skipaútgerð ríkisins mun sömuleiðis hafa haft mann á sínum skipum, er gegnt hefur starfi rafvirkja þar um borð. Í þessu sambandi má benda á, að á öllum Norðurlöndunum, Bretlandi og Bandaríkjunum er það algeng regla, að rafvirkjar séu á slíkum skipum. Það verður því að teljast sjálfsögð og nauðsynleg ráðstöfun að tryggja með lagasetningu, að einungis fullgildir rafvirkjar verði ráðnir til þessara starfa.

Eins og í grg. segir, varðar það við lög í landi, að óiðnlærðir menn annist rafvirkjun, þótt í eigin þágu sé, vegna þeirrar hættu og öryggisleysis, er af því getur leitt.

Með þeim breytingum, sem fram eru lagðar í frv. þessu, er einungis ætlazt til, að iðnlærðir rafvirki verði skráður á þau skip, sem að staðaldri eru í millilandasiglingum og eru yfir 1000 rúmlestir brúttó eða stærri. Á þessum skipum líður oft langur tími milli þess, að komið sé í höfn, og þar er fjöldi öryggistækja, sem knúin eru rafmagni, og því augljóst, að vart er mögulegt að vera án þess að hafa þar til taks mann með sérþekkingu til eftirlits og viðgerða. Hér er því um eitt þeirra mála að ræða, þar sem saman fer aukið öryggi sjófarenda og tilraun til að mæta nýjum vanda með tilkomu aukinnar tækni.

Ég vænti þess, að mál þetta hljóti góðar undirtektir hv. alþm. og fái fljóta afgreiðslu þingsins. Ég óska eftir því, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn. og 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 318, n. 458 og 460).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur tekið til meðferðar frv. til l. um breyt. á l. frá 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum fiskiskipum, þskj. 318. Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum og sent eftirgreindum aðilum það til umsagnar: Eimskipafélagi Íslands, Skipaútgerð ríkisins, skipadeild Sambands ísl. samvinnufélaga, Vélstjórafélagi Íslands og Félagi ísl. rafvirkja.

Þessir aðilar hafa allir látið n. í té umsagnir sínar um frv. Aðeins einn þeirra, Félag ísl. rafvirkja, mælir með samþykkt þess, en hinir aðilarnir fjórir eru því andvígir og telja með öllu óþarft að hafa rafvirkja á skipum, þar sem vélstjórar eru, sem lokið hafa námi við vélskólann í Reykjavík og hafa þar notið hald-

góðrar menntunar í rafmagnsfræðinni, sem gerir þá fullkomlega færa um að hafa með höndum alla umsjón á vélum mótorskipa.

Í frv. hv. flm. er gert ráð fyrir að skylda öll mótorskip, sem eru yfir 1000 rúmlestir, til að hafa einn fullgildan rafvirkja, ef þau eru að staðaldri í millilandasiglingum. Með því að láðst hefur að prenta með nál. á þskj. 460 umsagnir þeirra aðila, sem frv. var sent til umsagnar, vil ég, með leyfi hæstv. forseta, tilfæra nokkur atriði úr umsögnum þeirra. Vélstjórafélag Íslands segir í umsögn sinni:

„Frv. þetta gerir ráð fyrir, að bundið sé með lögum, að einn fullgildur rafvirki sé á öllum mótorskipum, 1000 rúmlestir eða stærri. Út af þessu viljum við strax taka fram, að það er eindregið álit okkar, að engin nauðsyn sé til þess, að ákveðið sé með lögum eða á annan hátt, að fullgildur rafvirki skuli vera á íslenzkum mótorskipum eða öðrum íslenzkum skipum yfirleitt, og leggjum við því til, að frv. þetta verði fellt. Þetta álit okkar viljum við rökstyðja á eftirfarandi hátt:

Í grg. fyrir frv., er hér er um að ræða, er komizt þannig að orði:

„Í þeirri áhöfn, sem lög nr. 66 1946 gera ráð fyrir að sé á hverju skipi, er enginn maður, sem sérþekkingu hefur í meðferð og viðhaldi raflagna og raftækja."

Virðist þetta ein helzta röksemd flm. fyrir frv. Þessi fullyrðing flm. er þó á misskilningi byggð og ekki rétt með staðreyndir farið, því að í lögum um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum er það skýrt tekið fram, að á skipi með 600 hestafla vél eða stærri skuli vera vélstjóri, er staðizt hafi próf í rafmagnsfræði fyrir vélstjóra við vélskólann í Rvík. Kennslan við skóla þennan er það fullkomin og hún við það miðuð, að vélstjórinn hafi næga þekkingu til þess að taka að sér öll þau störf, sem fyrir koma í mótorskipi, hvort sem um er að ræða gæzlu og viðhald raflagna og raftækja eða annarra véla skipsins.

Þá segir enn fremur í grg. nefnds frv.:

„Reynslan leiddi þó fljótt í ljós, að nauðsyn bar til vegna öryggis skips og áhafnar að fá um borð í skipin menn með sérþekkingu í meðferð slíkra tækja, þ. e. raftækja."

Hér fer flm. heldur ekki rétt með staðreyndir, og gætir hér mikillar vanþekkingar hjá honum í máli þessu. Ástæðan til þess, að rafvirkjar voru teknir á nokkur hinna nýju skipa, var alls ekki vegna öryggis skipa eða áhafnar, heldur eingöngu það, að á fyrstu árunum eftir stríð var nokkur vöntun á vélstjórum, sem lokið höfðu rafmagnsprófi við vélskólann, og voru því nokkrir rafvirkjar ráðnir á hin nýju skip. Nú er þessu ekki lengur til að dreifa. Allir nemendur vélskólans, sem fullnaðarpróf taka, ljúka sjö mánaða námi í rafmagnsfræði, og er þessi kennsla að allra dómi það fullkomin, að öryggi skips og áhafnar er eins gott og það frekast getur verið.

Í 3. málsgr. grg. er sagt, að nauðsynlegt sé að tryggja með lagasetningu, að einungis fullgildir rafvirkjar verði ráðnir til þessara starfa. Þessu mótmælum vér og fullyrðum, að kennsla í vélskólanum uppfylli allar þær kröfur, sem gera þarf til vélstjóra á mótorskipum eða öðrum skipum með rafmagnskerfi, hvort sem um er að ræða véla- eða rafmagnsvinnu.

Við teljum ekki þörf á að fara frekar út í einstök atriði grg. Við skorum á hið háa Alþingi að fella nefnt frv., þar sem engin rök liggja til þess, að nauðsynlegt sé, að það verði að lögum."

Þetta var umsögn Vélstjórafélags Íslands.

Ég vil aðeins, með leyfi hæstv. forseta, einnig taka hér nokkur atriði úr umsögn S. Í. S. eða skipadeildar þess. Þar segir:

„Vér viljum taka fram, að lagabreytingu þessa teljum vér með öllu óþarfa, og styðjumst vér í því efni við reynslu þá, er vér höfum aflað oss frá því að skipaútgerð vor hófst. Vélstjórar á skipum vorum hafa nær allir lokið prófum við rafmagnsdeild vélstjóraskóla Íslands, og hafa þeir reynzt færir um að annast venjulegt viðhald og eftirlit rafknúinna hjálpartækja skipanna. Af ofangreindum ástæðum virðist oss fullkomlega óþarft að bæta við manni á skipin til þess að líta eftir rafmagnstækjum. Og vér höfum aldrei haft eða talið ástæðu til að hafa slíkan mann um borð í skipum vorum. Þá viljum við taka fram, að við vitum ekki til þess, að í nokkru landi sé skylda að hafa sérstakan rafvirkja á kaupskipum af þeirri stærð, sem algengust er hér, þ. e. um eða undir 3500 lestir dw."

Í umsögn Eimskipafélags Íslands segir:

„Í grg. fyrir frv. er þess getið, að félag vort hafi ráðið rafvirkja um borð í öll hin nýju skip félagsins, en það er þó eigi alls kostar rétt, þar eð enginn rafvirki er starfandi um borð í mótorskipinu Reykjafossi. Ástæðan fyrir því, að við höfum ráðið rafvirkja á skipin, var einkum sú, að þegar við fengum hin nýju skip fyrst eftir stríðið, voru vélstjórar þeirra fluttir af eldri skipum félagsins, sem öll voru gufuknúin, og var því talið heppilegra, að faglærðir rafvirkjar væru einnig til aðstoðar í vélinni fyrst um sinn. Hins vegar hefur eigi verið gert ráð fyrir, að þetta fyrirkomulag yrði til frambúðar, með því að vélstjórar í vélskólanum í Reykjavík njóta nú þeirrar menntunar í rafmagnsfræði, sem telja verður fullnægjandi á hverju skipi félagsins sem er. Með tilliti til ofangreindra staðreynda leyfum vér oss að láta í ljós þá skoðun vora, að eigi sé ástæða til að breyta lögum nr. 66 1946 í það horf, sem lagt er til í umræddu frv."

Og loks er stutt umsögn frá Skipaútgerð ríkisins. Þar segir:

„Að því er snertir mótorskip í millilandasiglingum yfir þúsund rúmlestir að stærð, þá álítum vér, að menntun vélstjóra frá vélstjóraskóla Íslands sé nú orðin svo fullkomin, þ. á m. í rafmagnsvinnu, að ekki sé vegna öryggis skips þörf á því að lögbjóða, að sérstakur rafvirki skuli vera um borð, enda er menntun fullgilds vélstjóra að öðru leyti miklu víðtækari en rafvirkja. Vinna á skipum er að mestu vaktaskiptavinna, m. a. hjá vélstjórunum, en einn rafvirki mundi vart falla inn í vaktaskiptavinnu á skipi, og yrði hann því auka-

maður, sem væntanlega mundi vinna samkv. eigin ákvörðun. Mundum við telja slíkt að ýmsu leyti óheppilegt og stefna að því að auka útgerðarkostnaðinn að þarflausu, sem vissulega ber að varast. Þegar verið var að breyta kaupskipaflota landsmanna úr gufuskipum í mótorskip, var á tímabili talið heppilegt að hafa rafvirkja um borð í sumum hinna nýju skipa hinum eldri vélstjórum til aðstoðar. En þörf til þessa er að vorum dómi að hverfa úr sögunni vegna æfingar hinna eldri vélstjóra og vegna viðbótarnáms hinna yngri vélstjóra. Samkv. framangreindu getum vér ekki mælt með umræddu frv."

Þessari umsögn Skipaútgerðar ríkisins fylgdi og umsögn tveggja vélstjóra, 1. vélstjórans á Heklu og 1. vélstjórans á Esju, er báðir mæla gegn samþykkt frv. — Eins og ég tók fram áðan, hefur n. einnig borizt umsögn frá Félagi ísl. rafvirkja, sem mælir með samþykkt frv.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl. hennar, sem gefið hefur út nál. á þskj. 460, mælir gegn því, að það verði samþ., en minni hl., hv. 5. landsk., er hefur gefið út nál. á þskj. 458, leggur til, að frv. verði samþykkt.

Ég tel óþarft að fara fleiri orðum um frv. Það hefur verið sýnt fram á það með rökum af þeim aðilum, sem n. leitaði til og hafa sérþekkingu á þessum málum, að ekki sé þörf á breytingu þeirri, sem frv. fjallar um. Vil ég því fyrir hönd meiri hl. nefndarinnar leggja til hv. þdm., að frv. verði fellt.

Frsm. minni hl. (Emil Jónsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft þetta mál til meðferðar, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Eins og frsm. meiri hl. lýsti hér áðan, þá hefur meiri hl. n. lagt til, að frv. verði fellt, en minni hl. hefur lagt til, að það verði samþykkt.

Efni þessa máls er hvorki flókið né margbrotið og þarf þess vegna ekki mikilla skýringa við. En það er í stuttu máli það, að á öllum mótorskipum, 1000 rúmlestir brúttó eða stærri, sem að staðaldri eru í millilandasiglingum, skuli skylt að hafa einn fullgildan rafvirkja, er annist gæzlu, viðhald og eftirlit raftækja og rafbúnaðar skipsins, og síðan nánari ákvæði um það, hvaða menn hafi réttindi til að annast þessi rafvirkjastörf.

Eins og lýst hefur verið hér, bæði við fyrri umr. málsins og fram kemur í grg., þá eru rökin fyrir þessum till., sem í frv. felast, þau, að svo margháttaður rafbúnaður sé nú upp tekinn í hinum stærri skipum okkar, flutningaskipum, farþegaskipum og öðrum af þessari stærð, sem í frv. er nefnd, og stærri, að nauðsynlegt sé, að sérfróður maður annist um viðhald hans og viðgerð, ef eitthvað ber út af. Skipafélögin sjálf hafa líka fundið til þessara þarfa, og það mun hafa verið meginregla hjá Eimskipafélagi Íslands um það bil, er það fékk sín nýju skip, að setja fullgildan rafvirkja út í þau til að annast þessi störf. Í umsögn sinni um málið, sem n. hefur fengið frá Eimskipafélaginu nú, segir það að vísu, að þetta hafi verið gert á meðan ekki hafi verið til vélstjórar á skipunum, sem hefðu haft nám í rafmagnsdeild vélskólans, en eins og hv. dm. er kunnugt, þá er ekki mjög langt síðan kennsla í rafmagnsfræði var tekin upp sérstaklega í sambandi við vélstjóranámið.

Það, sem þá ber á milli, eins og málið nú horfir, virðist vera það, að skipafélögin og vélstjórarnir, samkv. þeim umsögnum, sem hér hafa verið lesnar, halda því fram, að vélstjórarnir geti nú með þeirri rafmagnsþekkingu, sem þeir fái í vélstjóraskólanum, sinnt að fullu þeim störfum, sem hér er um að ræða, en hins vegar virðist mér, að af flm. frv. og rafvirkjameisturunum, sem einnig hafa gefið hér umsögn um málið, sé það nokkuð dregið í efa.

Úr því að hv. þm. Snæf., frsm. meiri hl., las hér fjögur bréf sínu máli til stuðnings, þá mætti mér kannske leyfast að lesa eitt bréf, sem er þó í hina áttina, úr því að engin þessara bréfa hafa verið prentuð sem fskj. með nál. Ég vil þess vegna, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp bréf hér frá Félagi ísl. rafvirkja, sem n. hefur borizt um málið. Það er á þessa leið:

„Vér höfum móttekið heiðrað bréf yðar, dags. 18. f. m., þar sem leitað er umsagnar um frv. til l. um breyt. á l. um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum. Um frv. þetta viljum vér segja þetta:

Að félag vort telur brýna þörf á að setja lög um þetta efni til þess að tryggja það, að iðnlærðir menn hafi þau störf með höndum, sem um ræðir í frv., en á því hefur orðið nokkur misbrestur, þar sem óiðnlærðir menn hafa verið ráðnir til slíkra starfa, en slíkt hlýtur að skapa öryggisleysi og getur auk þess valdið miklu tjóni á vélum og raflögnum skipa.

Þá viljum vér geta þess, að í nágrannalöndum vorum er talið sjálfsagt, að sérmenntaðir menn á þessu sviði gegni rafvirkjastörfum á skipum, og sú reynsla, sem fengin er af störfum rafvirkja á íslenzkum skipum, bendir ótvírætt til þess, að það sé sjálfsögð öryggisráðstöfun að krefjast sérþekkingar af þeim mönnum, sem gegna þessum störfum. Væntum vér þess, að hv. sjútvn. sjái sér fært að mæla með samþykkt frv. þessa."

Þetta skrifar Félag ísl. rafvirkja. Það sem, eins og ég segi, ber á milli í málinu, er það, að útgerðarfélögin og vélstjórarnir halda því fram, að með þessu sjö mánaða námi vélstjóranna í rafmagnsfræði hafi þeir öðlazt fullkomna þekkingu til vinnu og viðgerðar um borð í skipunum á þeim rafmagnstækjum, sem þar er um að ræða. Þetta vefengja rafvirkjarnir, og ég hygg, að því til stuðnings mætti benda á, að nám í rafvélavirkjun út af fyrir sig og nám í raflögnum út af fyrir sig er hvort tveggja fjögurra ára nám, svo að þegar það er athugað og borið saman við þetta sjö mánaða meira og minna teoretiska og bóklega nám vélstjóranna, þá hygg ég, að þar sé enginn samjöfnuður á. Ég tel þess vegna, að með því að láta vélstjórana inna þessi störf af höndum, þótt eitthvað rafmagnslærðir séu á þessu

sjö mánaða námskeiði eða hvað það nú er í vélstjóraskólanum, þá þoli það engan samanburð við þá vinnu, sem rafvirkjarnir geta látið af hendi, sem eðlilegast er að inntu störfin af hendi, þar sem þeir hafa fengið til þess sérmenntun. Ef vélstjóri ætlaði t. d. að fara að eiga hér við raflagnir í landi, sem er náttúrlega alveg það sama að sínu leyti eins og að eiga við þær í skipi, þá mundi hann ekki nokkurn tíma fá nokkurt leyfi til þess að inna þau störf af hendi nokkurs staðar. Rafveiturnar og rafmagnseftirlit ríkisins mundu sjálfsagt hindra það, að vélstjóri, þótt sjö mánuði hefði lært eitthvað um þessi fræði, fengi nokkurs staðar leyfi til þess að inna þessi störf af hendi, og sízt ætti að fara óvarlegar að í skipum. — Ég legg þess vegna til, eins og fram kemur í mínu nál., að frv. verði samþykkt.

Eggert Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hef að vísu ekki miklu við álit minni hl. sjútvn. að bæta, en hv. meiri hl. n. hefur nú, að fengnum umsögnum fimm aðila, Skipaútgerðar ríkisins, Eimskipafélags Íslands, skipadeildar S. Í. S., Vélstjórafélags Íslands og Félags ísl. rafvirkja, lagt til, að frv. mitt á þskj. 318 verði fellt. Ég tel þó rétt að láta það koma fram, að ekki hafa verið hrakin með umsögnum þessara aðila meginákvæði frv. um, að nauðsyn beri til, að maður með sérþekkingu annist öll störf um viðhald eða gæzlu raflagna á skipum í millilandasiglingum yfir 1000 tonn, ekki síður en á sér stað um þennan iðnað í landi. Hins vegar greinir mig og Félag ísl. rafvirkja annars vegar og skipafélögin og vélstjórafélagið hins vegar á um það, hvort sjö mánaða nám vélstjóraskólans, sem er þó að mínu áliti einungis ætlað til þess, að vélstjórar geti annað þessum störfum þar, sem rafvirkjar verða ekki ráðnir til starfa, á öllum skipum undir 1000 tonnum, eða fjögurra ára nám rafvirkja sé betri undirstaða undir þetta starf á skipunum. Ég held því enn fram, að þetta starf við rafmagnskerfi skipanna sé nú þegar orðið svo viðamikið, að full þörf sé á fulllærðum rafvirkja til þess að annast það. En ég mótmæli jafnframt því, sem fram kemur í áliti vélstjórafélagsins, að ég með því sé á nokkurn hátt að kasta rýrð að starfi og námi okkar ágætu vélstjóra. Hér er að mínu áliti einungis um framþróun og nýskipun mála að ræða, samfara því að aukin tækni er — öllum til mikillar ánægju — tekin í notkun á okkar glæsilega skipaflota.

Þessi framþróun verður ekki flúin með því að vísa frv. á þskj. 318 frá. Þeir dagar munu koma, að ákvæði frv. verða tekin upp í íslenzk lög í einhverri mynd. Það mun reynslan leiða í ljós, jafnvel þó að ýmsa skorti í dag framsýni til að sjá nauðsyn þess.

Ég vil þó að lokum þakka hv. sjútvn. fyrir rösklega afgreiðslu málsins og tel það sannarlega eftirbreytnivert fyrir aðrar nefndir þingsins. Ég legg hins vegar til, að farið verði að áliti minni hl. nefndarinnar, hæstv. 5. landsk., og frv. verði samþykkt.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Ágústsson): Ég vil aðeins í þessu sambandi taka fram, að ég tel mjög vafasamt, ef slíkur maður, lærður rafvirki, ætti að vera um borð í skipum, að þá sé ekki öllu meiri nauðsyn, að hann væri einmitt um borð í þeim skipum, sem sigldu við strendur landsins. Ég tel, að yfirleitt sé, eins og kemur fram hjá flestum mönnum, sem annast siglingar, mesta hættan á siglingunum í námunda við strendur landsins, en ekki í millilandasiglingum, svo að það, að frv. ræðir aðeins um, að þetta skuli vera í sambandi við millilandasiglingar, sýnir raunverulega veikleika hjá flm. En hins ber einnig að gæta, að við Íslendingar erum meir og meir að taka í okkar hendur utanlandssiglingar, og við megum ekki hugsa okkur að hafa þann hátt á í sambandi við mannaráðningar og annað, að við göngum þar miklu lengra en aðrar þjóðir og gerum okkur á þann hátt óhæfa til að standast samkeppni í siglingunum. Einnig má benda á það, að ef farið væri að samþykkja það, sem þetta frv. felur í sér, þá má einnig gera ráð fyrir, að það væri farið inn á fleiri svið atvinnulífsins. Það væri ekki ótrúlegt, að það yrði heimtað á hverri vinnustöð, þar sem svo og svo margir rafmótorar eru í notkun, að þar yrði sérstakur rafvirki hafður sem gæzlumaður. Ég álít, að það sé nauðsynlegt að stilla hér í hóf, og þó að það sé sameiginlegur vilji allra hv. alþm. að skapa öryggi bæði á sjó og landi, þá verður þó einnig að taka tillit til umsagna þeirra fagmanna, sem hér hafa látið ljós sitt skína og eru allir á einu máli um, að það sé óþarft að hafa þessa menn um borð í skipunum, nema aðeins þeir aðilar, sem sjálfir eru rafvirkjar og því málið mjög skylt.

Frsm. minni hl. (Emil Jónsson): Það eru aðeins nokkur orð út af ræðu hv. þm. Snæf., frsm. meiri hl. nefndarinnar. — Hann sagðist telja, að það væri meiri nauðsyn að hafa þessa menn í þeim skipum, sem færu með ströndum fram, eða a. m. k. ekki síður en þeim, sem færu á milli landa. Það er þó auðséð hverjum, sem um það hugsar, að þarna er mikill munur á. Þeir, sem eru við strendur landsins og alltaf eiga þess kost, a. m. k. með tiltölulega stuttu millibili, að fara í höfn, eru ekki eins háðir því að hafa fastan viðgerðarmann á skipinu. Þeir geta, ef eitthvað kemur fyrir, farið inn á þá staði, þar sem hægt er að ná í viðgerðarmennina, og fengið þá þar til að gera við það, sem aflaga fer, en það getur vissulega ekki skip, sem er á ferð um úthafið og á einskis kost annars en annaðhvort að halda áfram sinni ferð eða snúa aftur til baka til sama lands. Þess vegna er á þessu svo mikill munur, að flm. frv. og meðmælendur þess hafa viljað miða skylduna eingöngu við ferðir á milli landa, af þessum ástæðum, að í þeim er ekki hægt að ná til kunnáttumanna, ef eitthvað ber út af, nema þeir séu á skipinu sjálfu.

Annað atriði, sem hv. frsm. meiri hl. minntist á, er þetta sama sem oft hefur heyrzt í sambandi við lögin um atvinnu við siglingar, að með því að fyrirskipa, að svo og svo marg-

ir kunnáttumenn skuli vera á skipunum, þá sé útgerðinni íþyngt, svo að það sé mjög borin von, að hún geti keppt við aðrar þjóðir eða önnur útgerðarfélög, sem geri minni kröfur, og þess vegna megi ekki hlaða meiri tilkostnaði á útgerð skipanna en minnst sé hægt að komast af með. Hefur þetta verið notað sem röksemd fyrir því, að draga bæri úr um þetta mannahald, ekki einasta í sambandi við þessa rafvirkja, heldur hefur það komið fram bæði í sambandi við yfirmenn skipa, eins og stýrimannafjölda, vélstjórafjölda, loftskeytamenn, og ýmislegt annað, sem tiltekið er í lögum, hvernig með skuli fara og að ákveðinn fjöldi þessara manna skuli vera á íslenzkum skipum. En þessi rök hygg ég að séu nú frekar tekin að dofna, eftir því sem tímar hafa liðið, því að reynslan hefur skorið úr um það, að bæði er þetta nauðsynlegt öryggis skipanna vegna, og eins hitt, að þegar til lengdar lætur, þá ætla ég, að það verði á engan hátt dýrara fyrir útgerðina að hafa fullkomna fagmenn til þjónustu á skipunum heldur en að hafa þá ekki og verða því af mannaskorti að láta drabbast niður það, sem annars mætti gera við tiltölulega fljótlega með litlum tilkostnaði. Þegar fleiri tugir og jafnvel upp í hundruð rafmagnstækja eru til í þessum skipum, sem hér er um að ræða, þá er sannarlega ekki lengi að koma upp í kaup gæzlumanns, ef eitthvað ber út af og ekki er gert við strax, svo að kannske tækið eyðileggst. Einnig út frá því sjónarmiði held ég að það séu mjög hæpin rök að segja, að það megi ekki leggja þennan kostnað á útgerðina. Ég held, að það mætti alveg eins segja, að útgerðin gæti ekki staðið sig við það, að sá baggi væri á hana lagður að mega ekki hafa mann um borð, ef um það hefði verið að ræða, til þess að gera við það, sem aflaga fer. Vitanlega er það ekki gert, þó að frv. verði ekki samþ., það skal játað. Það geta allir haft þá menn, sem þeir telja sig þurfa, en það er nú einu sinni svo, að ef það er ekki skylda, þá vill það oft verða í undandrætti.

Svo getur þetta leitt af sér, sagði hv. frsm., að krafa komi upp um það, að á hverri vinnustöð verði gert að skyldu að hafa rafvirkja eða gæzlumann til þess að fara með rafknúin tæki. Ég veit ekki betur en að þessi skylda sé til í dag, svo að hún verður ekki afleiðing af samþykkt eða synjun þessa frv. Það er svo nú, að það mega engir aðrir um þessi tæki sýsla heldur en þeir, sem hafa fengið til þess löglegan rétt í dag. Hitt er svo annað mál, að vitanlega er enginn skyldugur til þess að hafa þessa menn fasta í þjónustu sinni, þeirra sem í landi búa og hafa yfir tækjunum að ráða, heldur kalla þeir þá til, þegar þeir þurfa á að halda, af því að þeir geta náð í þá. Ef skipin væru bundin við þá staði, þar sem ávallt væri hægt að ná í fulllærða menn, þá þyrfti ekki að gera þá kröfu, að þeir skyldu jafnan vera á skipunum, heldur taka þá þar, sem til þeirra næðist. En skráning þeirra á skipin er fyrst og fremst við það miðuð, að það sé ekki hægt að ná til þeirra annars staðar. — Þetta vildi ég aðeins að kæmi fram í tilefni af þeim orðum, sem hv. þm. Snæf. lét hér falla áðan.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 63. fundi í Nd., 18. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. felld með 14:7 atkv.
Frv. þar með fallið.

2. Uppsögn varnarsamnings.

Á 2. fundi í Sþ., 5. okt., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og afnám l. um lagagildi hans* [23. mál] (þmfrv., A. 23).

Á 9. og 72. fundi í Nd., 23. okt. og 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Nd., 30. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Það hafa legið fyrir Sþ. tvær till. í sambandi við þessi mál, út af hernáminu. Hvorug þeirra till. er fullkomlega afgreidd enn þá. Ég hafði ásamt samflokksmönnum mínum í þessari d. flutt þetta frv. allsnemma á þinginu, og forseti hafði að minni ósk látið það bíða. Ég hafði gjarnan viljað sjá, hvernig reiða mundi af þeim þáltill., sem þó gengu skemmra en þetta frv. okkar. Það er nú þegar auðséð, að fara mun fyrir þeim svipað og fór fyrir sams konar frv. og þessu í fyrra, þannig að ég þóttist vita, að ekki mundi liggja mikið á að láta það fá sömu meðferð, meðan allt er hér enn óbreytt. Ég flutti þá og við fleiri sósíalistar frv. sama efnis og þetta. Það var fellt við 1. umr. og fellt frá n. á síðasta þingi. Ég vil hins vegar reyna að fara nokkrum orðum, þótt ekki verði mörgum, um þetta mál, eins og mér finnst það standa nú, því að ekki er því að neita, að margt hefur breytzt frá því, að við vorum að ræða þessi mál fyrir ári, svo að ég ekki tali um þær breytingar, sem orðið hafa á þeim fimm árum, sem liðin eru nú í dag frá því að hv. Alþ. samþ. að ganga í Atlantshafsbandalagið, og ég býst við, hvort sem hv. þm., sem því fylgdu þá, fást til þess að viðurkenna það eða ekki, að þá muni þó ekki vera fjarri, að margir þeirra séu farnir að sjá, að þeir höfðu stigið þar örlagaríkt spor, sem nauðsynlegt er fyrir okkur að reyna að átta okkur á, hvert mundi leiða, ef við hyrfum ekki brott af þeirri braut, sem þá var farið inn á.

Ég býst við, að það muni allmargir af hv. þm. nú viðurkenna með sjálfum sér, að þær viðvaranir, sem við sósíalistar og aðrir, sem stóðu gegn Atlantshafsbandalaginu, og þeir,

sem síðar stóðu á móti hernáminu 1951, þá létum í ljós, séu meir og meir að koma fram, enda er auðséð, að ekki aðeins þeim, sem hafa verið andvígir Atlantshafssamningnum og hernáminu, blöskrar nú yfirgangur Ameríkananna í okkar landi, heldur líka mörgum þeim, sem áður voru með þessum samningum. Það hefur þegar sýnt sig í þeirri viðleitni, sem fram hefur komið m. a. af hálfu hæstv. ríkisstj. að reyna að taka upp nokkra samninga við Bandaríkin um þessi mál. Hins vegar er vitað, hvernig þeir samningar ganga, þar sem ekki er farið inn á þá leið að segja fyrst samningnum upp af þeirra hálfu, sem þá máske mundu endurnýja hann, til þess að standa a. m. k. sæmilega að vígi í þeim viðræðum, sem fram færu við Bandaríkin.

Ég ætla hins vegar ekki að eyða fleiri orðum að þeim þætti þessa máls, sem snertir þá óánægju og það, hvernig menn hafa séð, hver hætta vofði yfir. Það hefur svo oft verið rætt áður nú á þinginu. Hitt vildi ég aðeins minnast örfáum orðum á, að þeir þrír samningar, sem gerðir hafa verið og örlagaríkastir hafa orðið, Keflavíkursamningurinn, Marshallsamningurinn, Atlantshafssamningurinn og hernámið, hafa allir saman, meira að segja af hálfu þeirra, sem hafa samþykkt þá, verið meira eða minna þvingaðir upp á Íslendinga. Keflavíkursamningurinn var gerður þannig, að Ameríkanar, sem höfðu her hér í landinu, hótuðu að halda þeim her hér í landinu annars. Marshallsamningurinn var gerður þannig, að þáverandi utanrrh. lýsti því yfir, ekki sízt í sambandi við samninginn, sem þá var gerður við Vestur-Þýzkaland, að yfir Íslandi hefði vofað „boycott" eða eins konar viðskiptaleg einangrun af hálfu Vestur-Evrópuríkjanna, ef sá samningur hefði ekki verið gerður. Og þegar samningurinn var gerður um hernámið, rétt eftir að Kóreustríðið hafði byrjað, var látið líta svo út sem þeir tryðu því, aðalforustumenn stjórnarflokkanna hér, að árás á landið væri yfirvofandi og þess vegna væri alveg óhjákvæmilegt að grípa nú þegar til þess ráðs að kalla ameríska her inn í landið. Í öllum þessum efnum er orðin stórkostleg breyting síðan. Ég býst við, að það sé enginn maður, sem af alvöru mundi halda því fram nú, að það hafi vofað yfir Íslandi á undanförnum árum eða vofi yfir því nú árás af hálfu landa í Evrópu, Sovétríkjanna eða annarra. Hvað Kóreu snertir er nú þegar komið þar á vopnahlé, sem vonandi reynist friður eins og það vopnahlé, sem samið var 1945 og reynzt hefur friður enn sem komið er. Það er þess vegna alveg greinilegt í þessum málum, að þeim, sem hafa fallizt á þessa samninga, hefur ýmist verið hótað eða þeir verið blekktir, svo framarlega sem þeir þora nú sjálfir að horfast í augu við staðreyndirnar, eins og þær blasa við bæði hér heima og erlendis. Það er þess vegna áreiðanlega tími til þess kominn að snúa af þeirri braut, sem gengið var inn á þá, meira eða minna — af því að ég vil ekki ætla þeim mönnum annað en gott í því sambandi, — undir hótunum eða blekkingum. Það er tími til kominn að snúa nú við af þessari braut, ekki sízt þegar við lítum á heiminn og lítum á þau ríki, sem Ísland fyrst og fremst hefur verið ofurselt, Bandaríki Norður-Ameríku, eins og þau standa í dag. Aldrei hefur litið hættulegar út í veröldinni en núna einmitt þessa dagana, sem við ræðum þetta mál hér á Alþingi. Bandaríkin, sem meiri hluti hér á Alþ. leit svo á að væru alveg sérstakur vörður friðarins í heiminum og Ísland ætlaði að bjarga sér sem friðsömu ríki með því að ganga í hernaðarbandalag við, standa í dag sem það ríki, sem raunverulega ógnar ekki aðeins tilveru alls mannkynsins, heldur bókstaflega því, að þessi jörð haldi áfram að vera til. Hugvit manna er búið að leysa úr læðingi slík gífurleg öfl, sem hægt væri að nota mannkyninu til blessunar, en geta orðið, meðan meira eða minna óðir auðmenn fara með völd í ríkustu löndum veraldarinnar, mannkyninu ekki aðeins til bölvunar, heldur beinlínis til tortímingar.

Ég býst við, að það hafi komið á flesta menn hér heima eins og annars staðar við þau tíðindi, sem borizt hafa nú upp á síðkastið af þeim tilraunum, sem auðvald Bandaríkjanna nú gerir með vetnissprengjurnar. Ég býst við, að mönnum sé fleiri og fleiri að verða ljóst, að það er tími til kominn að grípa í taumana gagnvart auðmannastétt Bandaríkjanna og láta þessa stétt vita, að þjóðirnar, sem hingað til hafa gengið til fylgis við hana, fylgi henni ekki lengur. Og ég álít það skyldu okkar Íslendinga að okkar leyti að láta okkar rödd heyrast. Þetta frv., sem við þess vegna flytjum hér, þm. Sósfl. í þessari hv. d., um uppsögn á hernámssamningnum og því að endurskoða hann ekki, heldur láta hann algerlega hverfa úr sögunni, þýðir raunverulega að breyta þeirri utanríkispólitík, sem Ísland hefur rekið núna síðustu árin, að taka upp aftur stefnu sjálfstæðis og friðhelgi fyrir okkar land, taka upp aftur stuðning við þau öfl í heiminum, sem vinna að friði og frelsi, taka upp aftur þá stefnu, að Ísland vilji vera í vináttu við allar þjóðir. Það er þessi breyting á utanríkispólitík Íslands, sem felst í þessu frv. okkar. Og ég skal fara aðeins örfáum orðum um nokkur atriði, sem mér þykir hlýða að undirstrika frekar en ég hef gert við fyrri umræður um þetta mál nú eins og sakir standa.

Fyrsta og höfuðástæðan er sú að tryggja sjálfstæði og friðhelgi okkar lands. Með hernámssamningnum var sjálfstæði okkar lands skert. Það var traðkað undir fótum. Erlendum her var boðið inn í landið, og við höfum síðan horft upp á það, hvernig sá erlendi her hefur verið að breiða sig meira og meira út um okkar land. Með því hernámi landsins var einnig friðhelgi okkar lands stofnað í voða. Landið var gert fyrir fram að vígvelli í styrjöld, fyrir fram að árásarstöð fyrir Bandaríkin á Evrópu. Þetta mál höfum við rætt hvað eftir annað og lagt höfuðáherzluna á í sambandi við þetta mál, og ég ætla þess vegna ekki að fara um það fleiri orðum. Ég veit, að

hv. þm. er það ljós okkar afstaða, og ég býst við, að mörgum þeirra hafi líka upp á síðkastið orðið ljósara, hvernig það, sem við höfum áður sagt um þetta efni, hefur reynzt satt.

Í öðru lagi væri með þeirri utanríkisstefnu, sem tekin væri upp, ef þetta frv. væri samþykkt, farið inn á nánara samstarf og nánari vináttubönd við Norðurlönd. Við vitum, að þau Norðurlönd, sem eins og Ísland höfðu gengið í Atlantshafsbandalagið, Danmörk og Noregur, hafa neitað að láta herstöðvar í þeim löndum í té. Og við vitum, að það er að fjarlægja okkur Norðurlöndum, að við Íslendingar höfum orðið til þess að láta herstöðvar í té í okkar landi. Það hefur á fleiri sviðum í utanríkispólitíkinni orðið til þess, að Ísland hefur hangið aftan í þeirri röngu og skaðsamlegu pólitík, sem Bandaríkin hafa fylgt, á sama tíma sem Norðurlönd — líka Atlantshafsríkin á Norðurlöndum eins og Danmörk og Noregur — hafa verið að taka upp skynsamari stefnu í þessum málum. Danmörk og Noregur hafa ekki aðeins neitað að veita herstöðvar í sínum löndum, þau hafa líka stigið það spor til eflingar friðar og vináttu milli þjóðanna í heiminum að viðurkenna alþýðulýðveldið Kína og taka upp stjórnmálasamband við það, sem íslenzka ríkið hefur ekki enn þá gert, auðsjáanlega undir áhrifum Bandaríkjanna. Ég álít, að eins og okkur Íslendingum hefur alltaf verið nauðsynlegt að leggja áherzlu á okkar vináttu við Norðurlönd, þá sé okkur líka rétt í þessum efnum að feta í þeirra fótspor hvað þessi mál snertir.

Þá vil ég í þriðja lagi undirstrika, að það sé tími til kominn, að við breytum okkar utanríkisstefnu í afstöðunni til Sovétríkjanna og sósíalistísku landanna í heiminum yfirleitt. Þegar hernámssamningurinn var samþykktur hér, — og var reyndar farið að brydda á því líka mjög alvarlega í sambandi við umræðurnar um Atlantshafssamninginn, — þá kom það greinilega fram, ekki sízt af hálfu þess manns, sem var forsrh., þegar Atlantshafssamningurinn var gerður, að inngangan í Atlantshafsbandalagið og þá sérstaklega hernámssamningurinn var skoðað sem yfirlýstur fjandskapur við Sovétríkin og við önnur sósíalistísk lönd, sem innganga Íslands í eins konar hernaðarbandalag á móti kommúnismanum í heiminum, eins og það var orðað af þessum þm., sem nú er hér ekki lengur, Stefáni Jóh. Stefánssyni, og þar með var raunverulega verið að gefa það óvenju skorinort í skyn, að Ísland væri að gerast aðili að baráttu á móti sósíalismanum og hans framgangi í veröldinni, aðili að hernaðarbandalagi, sem auðvaldið í heiminum hefur verið að skapa gegn sósíalismanum. Ég álít, að það sé nú ljóst orðið þeim, sem ekki hefur verið það ljóst þá, að það að ætla að fara inn í samsvarandi ævintýri og Hitler með sínu andkommúnistíska bandalagi á sínum tíma er óðs manns æði, það er sjálfsmorðspólitík, og það er sérstaklega sjálfsmorðspólitík fyrir land eins og Ísland, sem hefur ekkert við slíkt að vinna, en öllu að tapa, land, sem samkvæmt allri sinni sögu, allri sinni afstöðu, öllum sínum hagsmunum og allri sinni menningu ætti að skoða það alveg sérstaklega sem sitt verkefni að þora að standa þannig í heiminum, að það bæri friðarorð á milli þeirra stóru.

Það hefur orðið sú breyting á á síðasta ári, frá því að okkar till. í þessum efnum var felld fyrir ári, að Ísland hefur tekið upp aftur viðskipti við Sovétríkin, sem slitin voru eftir að Marshallsamningurinn var gerður af hálfu ríkisstj. hér 1947—48. Nú er svo komið, að þessi ríki, sem svo að segja var verið að lýsa stríði á hendur fyrir 4—5 árum, eru nú orðin líklega mesta viðskiptaland okkar, eða mesta markaðsland okkar. Nú þegar hefur færzt í nokkru betra horf um þau diplomatisku sambönd við það land, sem átti að rjúfa svo að segja á þeim tíma. Ég álít, að það sé tími til kominn, að íslenzka ríkisstj., hvernig sem hún annars er, hvort sem hún er borgaraleg eða verkalýðsstjórn, temji sér þann hátt að líta á alþýðustjórnir í heiminum sem hverjar aðrar ríkisstj., hafa við þær samsvarandi eðlileg sambönd, iðka við lönd sósíalismans samsvarandi eðlileg viðskipta- og menningarsambönd eins og önnur lönd heimsins, hætta að líta þannig á, að þetta séu ríki, sem við Íslendingar ásamt Bandaríkjamönnum eigum að búa okkur undir að þurrka burt af jörðinni. Þau verða ekki þurrkuð burt. Sósíalisminn er kominn í heiminn til þess að vera þar, og hann verður þar. Hann verður ekki þurrkaður burt frekar en aðlinum tókst að þurrka auðvaldsskipulagið burt á sínum tíma. Það er gangur þróunarinnar, sem ekki þýðir að berjast á móti, en hins vegar er bezt og eðlilegast að fái sína friðsamlegu framrás í veröldinni.

Þá álít ég í fjórða lagi, að við Íslendingar þurfum að breyta okkar utanríkispólitík hvað það snertir að taka meira tillit til þeirra breytinga, sem eru að verða á pólitík landanna í Vestur-Evrópu. Það er auðséð mál, að sérstaklega á 2—3 síðustu árum hafa ekki aðeins verkalýðsstéttirnar í Vestur-Evrópu, heldur líka meira og meira borgarastéttirnar þar risið upp á móti þeim yfirgangi, sem Bandaríkjaauðvaldið meira og meira hefur sýnt þeim. Þetta hefur fyrst sýnt sig á viðskiptasviðinu og sýnir sig þar nú svo að segja með hverjum deginum og hverjum mánuðinum sem líður greinilegar í því, hvernig þessi Vestur-Evrópulönd taka nú upp vaxandi viðskipti við sósíalistíska heiminn. Og þetta er að sýna sig líka í því, hvernig England, Frakkland og hvernig Vestur-Evrópuríkin meira og meira eru að taka upp sjálfstæða utanríkispólitík líka í hermálunum gagnvart Bandaríkjunum. Það er nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að láta ekki slíta okkur út úr Evrópu, að fylgjast með í því, sem þar gerist, ekki aðeins í Austur-, heldur líka Vestur-Evrópu, og sjá til þess, að því pestarbæli hernaðarlega og þjóðfélagslega séð, sem Bandaríkin meira og meira eru að verða og eru nú að einangrast í heiminum, takist ekki að draga okkur undir sín áhrif, þannig að það pestarbæli, sem þegar er byrjað á Keflavíkurflugvelli, breiðist út um

allt Ísland. Það er nauðsynlegt, að við Íslendingar, hvaða skoðun sem við annars höfum á stjórnmálum, reynum að sjá til þess, að Ísland verði ekki slitið út úr öllu því samhengi, sem það hefur haft við Evrópu frá upphafi vega, og svo að segja keyrt í kaf með Bandaríkjunum í þeirri spillingu, í þeirri andlegu hnignun og því brjálæði, sem er að færast yfir það land.

Í fimmta lagi: Það er óhjákvæmilegt fyrir okkur Íslendinga vegna okkar sjálfra og vegna Evrópu að vísa ameríska hernum burt úr okkar landi og bægja frá okkur þeirri vaxandi ásælni ameríska auðvaldsins, sem birtist með hverjum deginum ljósar og ljósar. Þetta hefur verið rætt svo ýtarlega og komið svo oft fram, að ég ætla ekki að færa frekari sannanir að því, enda hef ég rætt það mál oft áður. En ég vildi um leið undirstrika hitt, af því, hve ég hef oft á undanförnum fimm, sex árum lýst þeirri hættu, sem af Bandaríkjamönnum og auðvaldi þeirra vofir yfir okkur, skilgreint þá ágengni, sem við höfum orðið fyrir af Bandaríkjunum undanfarinn áratug, að ég er þar með ekki að hvetja til neins fjandskapar við þjóð Bandaríkjanna, sízt af öllu við þá menn í Bandaríkjunum, sem þrátt fyrir það ofsóknarbrjálæði fasismanum skylt, sem þar veður uppi, standa sig eins og hetjur í baráttunni fyrir lýðfrelsi, í baráttunni gegn því alræði auðvaldsins, sem verið er að koma á í Bandaríkjunum. Ég vil taka það fram, að í þeirri frelsisbaráttu, sem við Íslendingar heyjum á móti ameríska auðvaldinu, eigum við meðal ameríska verkalýðsins, meðal bandaríska verkalýðsins, meðal allra frjálslyndra borgara og menntamanna í Bandaríkjunum bandamenn, sem skilja okkar afstöðu og taka sömu afstöðu og við um það, að amerískt auðvald eigi að hætta sínum yfirgangi gagnvart framandi þjóðum.

Svo framarlega sem þetta frv. okkar yrði samþ., þá mundi það vera fyrsta sporið í þá átt, að Ísland tæki aftur upp sitt hlutleysi. Það væri að vísu ekki gert að fullu fyrr en Atlantshafssamningnum væri sagt upp, en það væri fyrsta sporið í þá áttina. Það mál hefur verið rætt hér allmikið í þeim umræðum, sem fram hafa farið um hernámssamninginn á þessu þingi, hvort við Íslendingar ættum að stíga slíkt skref. Og því hefur sérstaklega verið haldið fram, ekki sízt af hálfu þeirra, sem talað hafa fyrir hönd Alþfl., að það væri nú máske óhætt fyrir okkur Íslendinga að fara inn á slíkt, svo framarlega sem t. d. Verkamannaflokkurinn brezki væri við völd og sú stefna yrði þar ofan á eða einhverjar aðrar þjóðir í borgaralegum ríkjum Vestur-Evrópu tækju upp slíka pólitík. Ég vil segja það alveg skýrt og afdráttarlaust, að ég álít, að Íslandi beri og Ísland eigi að þora að hafa forustu í þessum efnum, að þora að hafa vit fyrir öðrum þjóðum Vestur-Evrópu, þora að kveða upp úr um það, að þarna eigi að breyta um, þora að ganga eitt sér þá leið áður, sem það ætlast til að aðrar þjóðir Vestur-Evrópu gangi á eftir. Ég vil minna hv. þingmenn á, að okkar gamla stofnun, Alþingi Íslendinga, hefur áður þorað að taka afstöðu í málum, sem engar aðrar þjóðir hafa tekið. Og við eigum aldrei að vera hræddir við að stíga slík skref. Svo framarlega sem við erum sjálfir sannfærðir um, að við séum að gera rétt, þá eigum við að þora að gera það, jafnvel þótt aðrar þjóðir væru algerlega blindaðar í þessum efnum, þó að við stæðum algerlega einir. En við vitum ósköp vel, að við stöndum ekki einu sinni einir í Vestur-Evrópu. Það eru daglega að ljúkast upp augu fleiri og fleiri fyrir því, hver hætta hafi verið í því fólgin að ganga inn í Atlantshafsbandalagið og að fela Bandaríkjunum herstöðvar í Evrópu. Og ég býst við, að það líði ekki vika án þess, að þúsundir og aftur þúsundir af mönnum í Vestur-Evrópu segi, að Bandaríkin séu ekki ríki, sem hægt sé að vera í bandalagi við, að Bandaríkin séu ekki ríki, sem hægt sé að leyfa að hafa herstöðvar í sínu landi. Ég býst við, að það væri aðeins okkur Íslendingum til heiðurs, ef okkar Alþingi yrði á undan öðrum þingum að kveða upp úr í þessu efni. Við skulum ekki leggja það til grundvallar fyrir okkar stefnu í heiminum, hvernig eigi að fara fyrir Íslandi í stríði. Spurningin stendur ekki um það. Það er ekki undir stríð, sem við erum að búa okkur. Það, sem liggur fyrir okkur, er að sýna heiminum, hvernig hægt sé að lifa í friði. Það, sem þarf, til þess að hægt sé að sýna heiminum, hvernig eigi að lifa í friði, er að segja ameríska auðvaldinu: Hingað og ekki lengra, — segja ameríska auðvaldinu, að það verði að hætta við þá pólitík, sem það hefur rekið fram að þessu, hætta við að koma upp fleiri hundruðum herstöðva utan síns eigin lands út um allan heim, hætta við að stofna lífi og tilveru mannkynsins í voða með því stríði, sem það undirbýr, og jafnvel með þeim tilraunum, sem það gerir í því að undirbúa slíka styrjöld.

Við Íslendingar höfum líka alveg sérstöðu til þess að geta sagt svona hlut án þess að þurfa að skammast okkar. Aðrar þjóðir Vestur-Evrópu hafa her, og þær eru vanar að hugsa út frá því, að þær séu sterkar eða voldugar hernaðarþjóðir, þurfi að taka tillit til síns metnaðar, þurfi að taka tillit til síns valds. Við erum þjóð, sem aldrei hefur verið í stríði við neina aðra þjóð. Við erum þjóð, sem ekki skömmumst okkar fyrir að segja það og viðurkenna það og jafnvel vera stoltir af því, að við séum veikir og varnarlausir. Við höfum þess vegna efni á að leggja annan mælikvarða á hlutina heldur en allar aðrar þjóðir heims. Við höfum efni á að segja: Hér erum við. Við þorum að standa uppi með okkar land, varnarlaust, hlutlaust, herlaust mitt í veröld grárri fyrir járnum. — Við sögðum þetta 17. júní 1944, þegar heimurinn var í stríði. Og það var rétt hjá okkur þá. Við stofnuðum okkar lýðveldi þá í trúnni á þetta. Við getum sagt það með sama réttinum og enn þá meiri rétti í dag. Það þarf einmitt það hugrekki, að einhverjar þjóðir í heiminum þori að segja þetta, til þess að þeir meðal mannkynsins, sem vilja frið, og þeirra trú eflist. Það

mundi vera fordæmi, mundi hafa áhrif á fjöldann í veröldinni, ef okkar litla þjóð — með sína sérstöðu — þyrði að kveða upp úr í þessum efnum.

Við erum sjálfir sem þjóð og sem ríki smælinginn á meðal þjóða heimsins, og við eigum að þora að tala sem fulltrúar smælingjanna í heiminum, sem fulltrúar þeirra, sem eru varnarlausir. Við eigum að þora að krefjast þess að fá frið í okkar landi, að fá að hafa okkar land án nokkurs hers og fá þá kröfu virta. Og virðingin fyrir slíku er það eina, sem getur bjargað mannkyninu. Við eigum að þora að halda uppi málstað þess friðsama, vopnlausa manns, málstað smælingjanna í heiminum, ganga fram fyrir skjöldu og tilkynna alveg án tillits til þess, hvernig við höfum deilt innbyrðis um þessi mál áður, að eins og nú standa sakir, eins og heimurinn nú er, þá samþykki Alþingi Íslendinga að segja upp hernámssamningnum við Bandaríkin og láta herinn fara burt héðan, og stíga þar með fyrsta sporið til þess að skapa aftur friðhelgi fyrir okkar land, gera okkar land aftur hlutlaust og láta rödd Íslands hljóma þannig í heiminum, að það taki upp málstað friðarins fyrir alla þá smáu, friðarins fyrir allar þjóðir heimsins.

Ég held, að það væri ákaflega vel farið, ef við gætum komið okkur saman um að stíga slíkt skref nú, ekki síst með hliðsjón af þeim ógnum, sem vetnisprengjan hefur leyst úr læðingi og vofa yfir mannkyninu. Ég vil þess vegna leyfa mér að vona, þrátt fyrir þá meðferð, sem frv. eins og þetta og þáltill. svipaðar því hafa fengið áður hér á þingi, að nú sé afstaða hv. þingmanna orðin breytt. Og í trausti þess vil ég leyfa mér að leggja til, að þessu frv. sé að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og kosin sé nefnd, varnarmálanefnd, til þess að fjalla um það.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Hér er vissulega stórmál til umræðu, og mætti raunar ætla, að þess sæjust einhver merki, að því er varðar áhuga hv. alþm., að hér væri um ekki minna mál að ræða heldur en friðun rjúpunnar ellegar um það, hvort ætti að friða lax á föstudögum, eða annað af því tagi. En það virðist nú vera öllu minni áhugi fyrir þessu máli, hvernig sem á því stendur.

Það hefur verið rætt svo mikið um þessi mál öll hér á þessu þingi, að ég sé ekki ástæðu til þess að fara almennt um þau mörgum orðum. Afstaða okkar þjóðvarnarmanna til hers á Íslandi er skýr og ótvíræð. Við höldum því fram, að við eigum að losna við herliðið, því fyrr því betra. Og afstaða okkar til allra mála, sem það snerta, hlýtur að mótast af þeirri skoðun okkar, að við verðum að losna við herinn af íslenzkri grund.

Ég verð að láta í ljós furðu mína á því, að hæstv. utanrrh. skuli ekki láta sjá sig hér í d., þegar umr. fara fram um mál sem þetta. Við hann hefði ég sérstaklega viljað tala nokkur orð, m. a. um þá samningagerð, sem hefur verið hér á döfinni um tveggja mánaða tíma, en Alþ. hefur ekkert frétt af. Manni er sagt, að hæstv. utanrrh. sé nú á förum úr landi, og allar líkur benda til þess, að Alþ. verði slitið, þegar hann kemur heim aftur úr þeirri för, en það hefði vissulega verið ástæða til þess, að hann hefði skýrt Alþ. frá því, hvernig mál standa í þeirri samningagerð, sem nú fer fram um breytingar á hernámssamningnum eða framkvæmd hans, en það virðist svo sem ekki muni mikið úr því verða. Ég vil þó vænta þess, að hæstv. utanrrh. fari ekki svo af landi brott, að hann gefi Alþ. ekki einhverja skýrslu um það, hvernig þessi mál standa.

Eins og ég áður sagði, tel ég ekki ástæðu til þess að ræða almennt um herstöðvamálin. Það hefur verið gert mjög á þessu þingi. En ég vildi sérstaklega af þessu tilefni, því frv., sem hér liggur nú fyrir til 1. umr., fá komið þeim skilaboðum til hæstv. utanrrh., að þess sé vænzt, að hann sé til staðar, þegar um stórkostleg utanríkismál er að ræða, eins og hér á sér stað, og að þess sé jafnframt vænzt, að hann sjái sér fært að gefa Alþ. skýrslu um það, hvað samningagerð þeirri líður, sem nú hefur verið á döfinni um hinn svonefnda varnarsamning nú í tvo mánuði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 74. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., 1. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Fellt með 19:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, að vísa frv. til 2. umr., og sögðu

já: GilsG, GJóh, GÞG, HV, KGuðj, LJós, SG, BergS, EggÞ, EOl.

nei: EmJ, EystJ, BFB, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, KJJ, MJ, ÓTh, PÞ, SÁ, SkG, StgrSt, ÁB, BÓ, EI, HÁ.

6 þm. (GíslG, GTh, JörB, PO, SB, EirÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Alþfl. hefur í sameinuðu þingi flutt þáltill., þar sem gert er ráð fyrir annarri meðferð á því máli, sem hér er um að ræða, en þetta frv. fjallar um, og mótast afstaða mín til málsins að sjálfsögðu í heild af því, sem í þeirri till. felst, og er ég þessu frv. ósammála. Hins vegar vil ég ekki standa gegn því, að það fái þinglega meðferð eins og önnur mál, og segi þess vegna já.

3. Menntun kennara.

Á 31. fundi í Nd., 30. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 16 12. marz 1947, um menntun kennara [111. mál] (þmfrv., A. 208).

Á 32. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jónas Rafnar): Herra forseti. Síðan Húsmæðrakennaraskóli Íslands tók til starfa árið 1942, hefur hann verið til húsa í kjallara Háskóla Íslands. Það mun allt benda til þess núna, að húsmæðrakennaraskólinn þurfi að víkja úr þessu húsnæði, og þá er ljóst, að hann þarf að verða sér úti um einhvern annan húsakost.

Allir munu vera sammála um það, að húsmæðrakennaraskólinn hafi merku og nauðsynlegu hlutverki að gegna og það beri því brýna nauðsyn til þess að skapa honum sem bezt starfsskilyrði.

Á sínum tíma mun hafa verið gert ráð fyrir því, að byggt yrði yfir skólann, enda er minnzt á það í lögunum um húsmæðrakennaraskóla, að það verði einhvern tíma gert.

Það mun hafa verið á árinu 1943, að byggður var húsmæðraskóli á Akureyri. Það var ekki þá um leið byggð heimavist fyrir skólann, og núna hin síðari ár hefur verið ákaflega lítil aðsókn að skólanum. Þeir, sem eru þessum málum kunnugastir á Akureyri, telja, að ekki verði unnt að leysa vandkvæði skólans hvað aðsókn snertir nema með því eina móti að byggja heimavist yfir skólann. Það mun hafa verið í fyrravetur, að stjórn húsmæðraskólans sneri sér til menntmrn. og gaf því til kynna, að hún væri þess hvetjandi, að Húsmæðrakennaraskóli Íslands flytti til Akureyrar og fengi til afnota þetta ágæta hús kvennaskólans. Húsið er ákaflega vel úr garði gert, stendur á góðum stað í bænum, og því fylgir gríðarlega stór lóð. Einnig má geta þess, að þarna eru góð skilyrði fyrir garðrækt, en garðrækt er einmitt einn liðurinn í kennslu húsmæðrakennaraskólans.

Tilgangurinn með þessu frv. er að breyta því ákvæði í lögunum frá 1947, IV. kafla þeirra laga, sem fjallar um húsmæðrakennaraskóla, að húsmæðrakennaraskólinn skuli starfa í Reykjavík. Með frv. þessu er lagt til að fella þetta ákvæði niður, svo að fræðslumálastjórnin geti ákveðið skólanum stað utan Reykjavíkur og nágrennis, ef æskilegt teldist. Eins og nú er háttað, virðist engin ástæða til þess að binda skólahaldið við Reykjavík, og sízt af öllu, ef unnt er svo til þegar í stað að leysa húsnæðisvandræði stofnunarinnar.

Ég vil einnig benda á það, að Háskóli Íslands mun þurfa á núverandi húsnæði húsmæðrakennaraskólans að halda, og það er alls kostar ljóst, að það mundi taka mörg ár að byggja yfir húsmæðrakennaraskólann það hús, sem hann þyrfti hér í Reykjavík til þess að sinna sínu hlutverki, og að slíkt hús mundi kosta verulega fjárupphæð. Og ég held, að flestir líti nú þannig á, að kostnaðurinn í sambandi við menntamálin sé orðinn slíkur, að nauðsyn sé til að nema staðar og reyna að spara á því sviði eins og kostur er. Hús húsmæðraskólans á Akureyri er mjög praktískt og mundi henta húsmæðrakennaraskólanum vel, lóðin stór, og yfirleitt má segja, að skilyrðin þar séu hin beztu. Auk þess má geta þess, að húsmæðrakennaraskólinn gæti þá þegar á þessu ári fengið þetta hús til afnota, ef fræðslumálastjórnin féllist á að flytja skólann til Akureyrar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 208, n. 407).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Í lögum um menntun kennara, þeim kaflanum, sem fjallar um húsmæðrakennaraskóla, er svo kveðið á, að húsmæðrakennaraskólinn skuli starfa í Reykjavík eða nágrenni hennar. Með frv. því, sem fyrir liggur á þskj. 208, er stefnt að því að nema þessi ákvæði úr gildi, en leggja það á vald fræðslumálastjórnarinnar að ákveða húsmæðrakennaraskólanum stað. Er að því vikið í grg. frv. af hálfu flutningsmanna, að svo sé háttað um húsnæði húsmæðrakennaraskólans, að hann hafi fengið afnot af húsnæði í háskólabyggingunni, en það sé mjög ótryggt, þó að nú muni að sönnu vera í gildi samningur um það húsnæði til eins árs. Á hinn bóginn er á það bent, að á Akureyri kunni að vera til staðar húsnæði, sem með litlum breytingum gæti hentað vel fyrir þessa stofnun, húsmæðrakennaraskólann.

Menntmn. telur eðlilegt, að það sé lagt á vald fræðslumálastjórnarinnar að ákveða skólanum stað, og mælir því með því, að þetta frv. verði samþ. með lítils háttar breytingum á orðalagi. N. finnst það ekki alls kostar viðfelldið að taka svo til orða, að stofna skuli húsmæðrakennaraskóla, vegna þess að skólinn er þegar stofnaður og hefur þegar starfað nokkur ár. N. virðist því eðlilegra að orða þetta á þá leið, sem lagt er til í brtt. hennar, að húsmæðrakennaraskóli skuli starfa á Íslandi. N. finnst einnig það orka tvímælis samkv. orðalagi 2. gr. frv., hvort heimilt væri að ákveða skólanum stað, ef ekki væri þegar til staðar heimavist í því húsnæði, sem skólinn fengi. N. finnst því eðlilegra að orða gr. á þann hátt, sem hún leggur til í 2. brtt. á þskj. 407, þannig að í stað orðanna „skal þar vera heimavist" komi: skal svo fljótt sem auðið er koma þar upp heimavist.

Einn nm., formaður n., skrifaði undir nál. með fyrirvara.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Eins og frsm. gat um, skrifaði ég undir nál. með fyrirvara. Ég vil taka það fram, að ég er öðrum nm. alveg sammála um það, að rétt sé að hafa óbundið í lögunum, hvar húsmæðrakennaraskóli Íslands starfar, og ekki ástæða til að hafa það í lögunum ríkbundið við Reykjavík. Sem stendur starfar þessi skóli í húsakynnum Háskóla Íslands, en áður en langt um líður er talið að hann verði þaðan að víkja. Þá kynni svo að fara, að skólinn hefði engin húsakynni hér í Reykjavík, en hins vegar gætu verið húsakynni utan Reykjavíkur, sem skólinn gæti fengið til afnota, og er auðvitað sjálfsagt að hafa það óbundið í lögunum, til þess að hægt væri að greiða úr húsnæðismálum hans, ef þannig kynni að fara.

Fyrirvari minn á hins vegar við annað. Nú er verið að undirbúa hér byggingu nýs kennaraskóla, og er verið að vinna að teikningum þess skóla með ýmsum deildum og væntanlega æfingaskóla í sambandi við hann. Eitt af þeim atriðum, sem þar koma til greina við undirbúning og byggingu hins væntanlega kennaraskóla, sem er aðkallandi mál, er, að húsmæðrakennaraskóli Íslands yrði ein deild þar eða á einn eða annan veg í sambandi við Kennaraskóla Íslands. Þetta verður að sjálfsögðu að hafa í huga, og taldi ég rétt, að slíkt kæmi fram hér í umr., til þess að afstaða n. yrði ekki skilin eða túlkuð á þá lund, að beinlínis væri ætlazt til þess með þessari lagabreytingu, að skólinn yrði fluttur frá Reykjavík. — Ég vil sem sagt undirstrika, að þessir möguleikar í sambandi við væntanlega byggingu Kennaraskóla Íslands verði sérstaklega hafðir í huga varðandi húsmæðrakennaraskólann. Með þessum fyrirvara og grg. mun ég styðja frv. það, sem hér liggur fyrir.

ATKVGR.
Brtt. 407,1 (ný 1. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 407,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 418).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 56. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 57. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Á 77. og 78. fundi í Ed., 5. og 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 79. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 418, n. 654, 700).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Hv. Nd. hefur sent þetta frv. hingað, og virðist tilgangurinn með því og efni þess vera sá, að það sé heimilað, að Húsmæðrakennaraskóli Íslands sé utan Reykjavíkur.

Menntmn. tók þetta frv. til athugunar, og virtist henni þegar það koma í dálítið einkennilegum búningi, hvað sem um efnið mætti segja að öðru leyti. Það virðist sem sé dálítið einkennilegt að segja, að tiltekin stofnun skuli starfa á Íslandi, án þess að nánar sé tiltekið, hvar það skuli vera, því að þetta virðist nokkur óþarfi, þar sem íslenzkt löggjafarvald nær sennilega ekki út fyrir Ísland, og jafnvel þó að svo væri nú litið á, að Grænland tilheyrði íslenzka ríkinu, þá býst ég við, að það hafi ekki verið meiningin, að húsmæðrakennaraskólinn starfaði á Grænlandi. N. getur vel fallizt á það, að það sé rétt að heimila, að húsmæðrakennaraskólinn sé utan Reykjavíkur, og leggur því til, að frv. verði samþ., en henni finnst þó myndarlegra, að það sé tiltekið, hvar eigi að ákveða, hvar á Íslandi skólinn skuli starfa, og getur það þá vitanlega verið þannig, að það verði ekki endanleg ákvörðun. Ef húsnæði vantar hér í Reykjavík, gæti verið réttmætt að flytja skólann þangað, sem húsnæði er fyrir hendi, en það gætu komið þeir tímar aftur síðar, að rétt gæti verið að breyta þessu. N. leggur því til að vísu að halda þessu orðalagi, að húsmæðrakennaraskólinn skuli starfa á Íslandi, en bæta við: „á þeim stað, sem fræðslumálastjórnin ákveður.“ Auðvitað hefði mátt segja: „húsmæðrakennaraskóli skal starfa á þeim stað, sem fræðslumálastjórnin ákveður,“ en ekki taka það fram beinlínis, sem allir vita, að það hlýtur að vera á Íslandi.

Hef ég ekki frekar um þetta mál að segja.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. hafði nú kvatt sér hljóðs, en það varð að samkomulagi við hann, að ég mælti hér með minni till. fyrst, til þess að hann gæti þá um leið svarað því, sem fram kæmi, ef þess væri þörf, svo að hann þyrfti ekki að taka eins oft til máls í málinu.

Ég er sammála hv. frsm. um það, að mér finnst vera allóviðeigandi, að inn sé sett í l., að húsmæðrakennaraskóli skuli starfa á Íslandi. Það er svo sjálfsagt mál, að Alþ. Íslendinga er ekki að fyrirskipa, að hvorki húsmæðrakennaraskóli né annar skuli starfa utan takmarka Íslands, að það á ekki að þurfa að taka það fram í löggjöfinni. Eins og löggjöfin er nú, þá stendur í 38. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Húsmæðrakennaraskóli skal starfa í Reykjavík eða nágrenni hennar. Hann skal hafa aðstöðu til þess búrekstrar, er nauðsynlegur er vegna námsins.“

Þessari gr. er fullnægt með því, að nokkur hluti húsmæðrakennaraskólans starfar að Laugarvatni að sumri til, og mér finnst, að það sé alveg brýn nauðsyn til að taka allmikið tillit til þess, að vegalengdin á milli þessara tveggja deilda skólans sé ekki gerð erfiðari eða óhagstæðari með nýrri ákvörðun, ef það á að ákveða annan stað en Reykjavík, eins og virðist vera ætlunin hér með þessu frv., og kæmi þá vel til greina, hvort ekki ætti að setja skólann allan niður á Laugarvatni, þar sem einn hluti skólans starfar nú, enda er talið óhjákvæmilegt, að hann haldi þeirri starfrækslu áfram, nema ríkið ætli sér að kosta allmiklu fé upp á að setja slíka starfrækslu niður annars staðar til þess að fullnægja 38. gr. eins og hún er í l. Ég hygg líka, að engum detti í hug að ætla að leggja þá deild húsmæðrakennaraskólans niður, svo mjög sem það nám er sterkur þáttur í húsmæðrakennarafræðslunni, sem þar er numið árlega.

Ég hef því borið fram brtt. við frv. á þskj. 700, að gr. orðist svo: „Húsmæðrakennaraskóli skal starfa í Reykjavík eða á þeim stað öðrum, er fræðslumálastjórninni kann að þykja hentugri fyrir skólareksturinn.“ Er það beinlínis gert með það fyrir augum, að ef skólinn af einhverjum ástæðum þarf að flytjast frá Reykjavík, sem ég teldi nú miður, þá sé hugsað um það, hvort ekki sé eðlilegast að flytja skólann beint að Laugarvatni, þar sem ein deild skólans er þegar fyrir, enda væntanlega ekki lögð niður.

Ég hef einnig borið fram brtt. við 2. gr. frv., þ. e., að 39. gr. l. falli niður, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ef hús verður reist yfir skólann, skal þar vera heimavist fyrir nemendur, er búa sig undir kennarastörf við húsmæðraskóla, svo og aðra nemendur, er heimili eiga utan Reykjavíkur.“ Ég álít, að þessi gr. eigi að falla niður úr l. Ég álít, að það beri enga brýna nauðsyn til þess að vera að koma upp heimavist við skóla hvorki í Reykjavík né í öðrum kaupstöðum landsins. Allt öðru máli er að gegna við skóla, sem er í sveit. Ég hef átt þess kost að sjá t. d. heimavistina við menntaskólann á Akureyri. Mig furðar ekkert á því, þó að það sé hægt að draga allmikið af fólki frá atvinnuvegunum, þegar nemendum er gefinn kostur á því að lesa í öðrum eins skóla og nú er á Akureyri og búa þar með öðrum eins glæsibrag og þeim er búinn þar og það svo að segja alveg þeim að kostnaðarlausu. Það er einn þátturinn í fræðslukerfinu, sem kostar þjóðina tugmilljónir, að draga svo og svo mikið af fólki frá atvinnuvegunum með því að bjóða slík fríðindi. Þeir menn, sem vilja yfirleitt mennta sig til þess að verða kennarar, eins og hér er gert ráð fyrir, eiga sannarlega að geta sjálfir fórnað því þann tíma, sem þeir þurfa að læra, að sjá sér fyrir húsnæði, og ætti ríkið ekki að þurfa að byggja yfir þá. En ef þessi gr. er felld niður, þá er miklu auðveldara að leysa þennan vanda, sem nú steðjar að skólanum í Reykjavík. Þá er þessi stóra fjárhæð, sem talað er um að þurfi að byggja fyrir hér yfir skólann í Reykjavík, orðin miklu minni. Ég t. d. tel, að það sé engin fjarstæða, ef skólinn getur ekki haft húsnæði í háskólanum, sem mér skilst að ekki sé hægt nema takmarkaðan tíma, að þá mætti búa honum sæmilegan stað í sambandi við húsmæðraskólann í Reykjavík, ef ekki ætti að hugsa fyrir heimavist, og þá sé ekki heldur ástæða til þess að hafa heimavist í húsmæðraskólanum í Reykjavík, heldur taka það skólahús undir þessa tvo skóla.

Reynslan hefur sýnt okkur nú, að húsmæðraskólarnir úti á landi eru að verða tómir, og það er m. a. meginástæðan fyrir því, að þetta frv. er borið fram, að í hinum ágæta stað, Akureyri, hefur verið byggður af Akureyrarbúum sjálfum með aðstoð ríkisins skóli, sem hefur verið undanfarin ár svo illa sóttur, að þeir telja, að það sé ómögulegt að reka skólann. Og þetta er ekki eini staðurinn. Svona er að verða á Staðarfelli, og svona er það að verða víða, og það var þess vegna, sem l. um húsmæðraskólana var breytt, að í þeim skyldi aðeins halda 4 mánaða námskeið í staðinn fyrir 9 mánaða til þess að vita, hvort fólk vildi þá ekki heldur sækja skólana, ef það þyrfti ekki að eyða nema 4 mánuðum í skólavist í staðinn fyrir 9. Ég er líka alveg viss um, að ef ríkið þarf að taka að sér þennan skóla á Akureyri og flytja húsmæðrakennaraskólann þangað, þá er það ekkert lítið fjárhagslegt atriði. Skólinn er ekki eign ríkisins. Það á aðeins í þeim skóla ákveðna fjárhæð, sem það hefur lagt til hans. Skólinn er að fullu og öllu undir stjórn skólanefndar þar, og það er bærinn sjálfur, sem er eigandi skólans, eins og héruðin eiga þá aðra skóla, sem ríkissjóður hefur styrkt, og ríkissjóður getur sjálfsagt ekki tekið þá nema með samningum eða eignatöku, og ég efa, að það verði nokkurn hlut ódýrara en fara þá leið, sem ég þegar hef bent hér á. En ef það væri hugsað, að skólinn ætti t. d. að flytja ákveðið til Akureyrar, fyndist mér eðlilegast, að þeir menn, sem vilja stefna að því, bæru fram brtt., þar sem sagt væri, að skólinn skyldi flytjast þangað, og sæju, hvort hv. Ed. mundi þá fallast á það. Ég segi fyrir mig, að ég sakna þess, að slíkur skóli, sem hér er, sé fluttur úr höfuðborg landsins, og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að hæstv. menntmrh., sem er þm. Reykvíkinga, og hef heldur enga ástæðu til þess að halda það, að hann vilji leggja því lið, að slíkt megi verða.

Ég skal ekki ræða mikið um það, að verði skólinn fluttur héðan úr Reykjavík, a. m. k. ef um mikla vegalengd væri að ræða, hlýtur það að verða til þess, að skólinn mundi bíða við það stórkostlegan hnekki, vegna þess að allir kennslukraftar mundu ekki fylgja honum og yrði að sjá fyrir nýjum kennslukröftum. Við skulum hugsa okkur, að ef skólastjórinn hefði hér, eins og er um marga skólastjóra, stóra fjölskyldu og ætti hér hús og

heimili, þá ætlaðist víst enginn til þess, að hann yrði neyddur til á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir, að verða annaðhvort að segja af sér stöðunni eða flytjast með skólanum til annars staðar. Slíkt mundi vera alveg einsdæmi í löggjöf landsins, — eða liggja hér fyrir nokkrir samningar við skólastjóra um það, að svo skuli að farið, eða er það með hennar ráði, að þessi breyting sé gerð? Ég hygg ekki. Og ef svo er ekki, minnist ég ekki þess, að hv. Alþ. hafi tekið jafnóþyrmilegum tökum á embættismönnum almennt eins og hér hlyti að verða gert, ef skólinn yrði fluttur svo langt í burtu, að viðkomandi yrði einnig að flytja heimili sitt til þess að geta annazt skólastjórn, sem yrði auðvitað að gera, ef skólinn yrði nú staðsettur á Akureyri. Þó er þetta fyrir mér aukaatriði. Hitt vil ég fullyrða og legg á það áherzlu, að það er hægt að leysa málið ódýrar fyrir ríkissjóð með þeirri leið, sem ég hef bent á, að fella 39. gr. niður og byggja skólann þá upp í sambandi við þá deild, sem fyrir er á Laugarvatni, heldur en að flytja hann til Norðurlandsins eða einhverra annarra staða, sem liggja svo fjarri sumarskólanum, að skólinn mundi tvímælalaust líða allt of mikið við þá ráðstöfun, ef svo skyldi fara, að hv. Alþ. féllist á að samþ. frv. þannig.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég fagna því út af fyrir sig, að umr. eru horfnar frá því, sem þær virtust í fyrstu ætla að snúast um, sem sagt, hvort ástæða væri til þess að taka berum orðum fram, að skólinn ætti að vera á Íslandi eða því mætti sleppa.

Það, sem hér um ræðir, er, eins og menn vita, hvort eigi að flytja skólann til Akureyrar eða ekki, og Akureyri er jafnt á Íslandi eins og Reykjavík. Ég skal ekki blanda mér mikið í það, hvora leiðina Alþ. velur í þessu, en ég vil aðeins lýsa yfir því, að ef frv. verður samþ., annaðhvort óbreytt eða með breyt. n., þá mun ég líta á það sem yfirlýsingu þingsins um, að skólann beri að flytja til Akureyrar, ef ekki koma þar nýir alveg óvæntir örðugleikar eða atvik fram, — þá mun ég sem sagt líta á frv. sem þar stæði, að skólinn skuli að óbreyttum atvikum vera á Akureyri, en ekki annars staðar. Ég tel nauðsynlegt, að þetta liggi alveg ljóst fyrir.

Hins vegar tel ég, að brtt. hv. þm. Barð., hvernig sem á það er litið að öðru leyti, sé með öllu óþörf, vegna þess að eins og sakir standa á skólinn að vera í Reykjavík eða nágrenni Reykjavíkur, eins og þm. réttilega tók fram. Það er þess vegna óþarfi að vera að ítreka aftur með löggjöf það, sem nú þegar er. Hann segir að vísu, að í till. sinni felist það, að hugsanlegt sé að flytja skólann til Laugarvatns. Ég geri hins vegar ráð fyrir, að það liggi alls ekki fyrir í náinni framtíð, vegna þess að skólanum verði ekki komið fyrir á Laugarvatni nema með stórauknum fjárveitingum til byggingar nýs skólahúss. Ég vil í því sambandi einnig benda á, að þau rök hv. þm. fyrir því, að ekki megi flytja skólann til Akureyrar, að Akureyri sé svo fjarri Laugarvatni, að þar væri ekki hægt að reka búrekstur eða hafa þau afnot af búrekstri, sem nú eiga sér stað, fá ekki staðizt að mínu viti. Það er síður en svo nokkuð því til fyrirstöðu, að kennarar og nemendur fari frá Akureyri að vorlagi suður til Laugarvatns. Lengri ferðalög hafa menn séð nú á dögum og ekki látið sér bregða við. Mér virðist þess vegna, að sú ástæða fái ekki stuðzt við rök. Eins er það, að skólastjórar og kennarar væru sérstaklega hart leiknir með því að samþ. þetta frv. Það fæ ég alls ekki séð. Það fólk á að halda sínum launum og kjörum eins og lög standa til, og það er berum orðið tekið fram í stjórnarskránni, að fólk má flytja milli embætta, ef það missir einskis í í launum, hvað þá heldur að það megi flytja embættismenn til með þessum hætti, ef kjör þeirra eiga að vera óbreytt. Þetta er því einmitt fyrirbrigði, sem er mjög eðlilegt að löggjafinn hafi frjálsar hendur um, og er sannast sagt ómögulegt að koma fram breytingum á ríkisrekstri til meira hagræðis, ef á þarf að halda, ef menn vilja binda sig svo við hagsmuni embættismannanna sem hv. þm. Barð. virðist vilja gera í þessu tilfelli.

Það, sem mestu máli skiptir, er þetta, hvort menn telja, að sú aðstaða, sem nú er á Akureyri, að þar stendur skólahús autt, þar sem vitað er, að hér í Reykjavík verður innan tiltölulega skamms tíma að byggja fyrir a. m. k. 1—2 millj. yfir þennan skóla og leggja út fé til þess, — hvort sú aðstaða eigi að verða þess valdandi, að skólinn sé fluttur. Það er Alþingis að taka ákvörðun um þetta, og ég skal ekki frekar blanda mér í það, hvernig sú ákvörðun verður tekin. En ég vil láta það liggja alveg ótvírætt fyrir, að ef frv. verður samþ. í þeirri mynd, sem það er í frá Nd., eða í þeirri mynd, sem hv. n. leggur til, þá mun ég skoða það sem ákvörðun Alþ. um, að skólinn skuli fluttur til Akureyrar.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Út af ummælum hæstv. dómsmrh. er bezt að segja það eins og það er, að ég geri ráð fyrir því, að það hafi vakað fyrir hv. flm. þessa frv., að við samþykkt þess mundi þessi skóli flytjast til Akureyrar, og það er síður en svo, að ég fyrir mitt leyti hafi nokkuð við hans yfirlýsingu að athuga. Eins og hann tók fram, er þar skólahús, sem er ekki notað að neinu ráði a. m. k., og sýnist að því leyti haganlegra að nota það í þessum tilgangi heldur en að láta það standa autt.

Út af brtt. hv. þm. Barð. vil ég segja það, að mér virðist, að það sé nokkuð sama, hvort fyrri brtt. hans eða brtt. n. er samþ. — nokkuð sama, því þó að gr. eigi að byrja eftir hans till. þannig: „Húsmæðrakennaraskóli skal starfa í Reykjavík“ — þá er það ekki of fast bundið, vegna þess að bætt er við: „eða á þeim stað öðrum, er fræðslumálastjórninni kann að þykja hentugri fyrir skólarekstur-inn“. Og ég skildi hæstv. ráðh. svo, að hann mundi ákveða skólastaðinn á Akureyri, hvor

till. sem samþ. yrði. Ef tilgangurinn með þessu frv. er sá á annað borð að flytja skólann, þá er a. m. k. ekkert réttara að vera að taka það fram, að hann skuli vera í Reykjavík eða á öðrum stað.

Ég geri samt yfirleitt ekki mikinn ágreining út af þessari fyrri till. hv. þm. Barð. En um síðari till. hans er það að segja, að ég fyrir mitt leyti er alveg mótfallinn að fella niður 39. gr. l. Hv. þm. sagði, að það væri engin ástæða til að hafa heimavist í skólum í bæjum. Það kann nú að vera að því leyti, sem skólarnir eru fyrir bæjarbúa, að það megi segja þetta um almenna skóla. En ég tel, að það gegni töluvert öðru máli um þennan skóla heldur en aðra skóla, og þótt ákveðin sé heimavist við þennan skóla, þegar hann fær eigið húsnæði, þá sé það ekki gert í sama tilgangi og heimavist er við suma aðra skóla. Ég tel, að það sé þá gert vegna kennslunnar, að hún komi að betri notum. Ég skal að vísu játa, að ég hef lítið vit á húsmæðrakennslu — og kannske ekkert að segja má og þá kannske enn síður á því, hvernig að skuli fara að mennta húsmæðrakennaraefni. En það skilst mér þó, að alltaf hljóti að vera betra, þegar um menntun húsmæðraefna eða húsmæðrakennaraefna er að ræða, að þær venjist í skólanum heimilishaldi, komi ekki aðeins í tíma og læri þar sín fræði, heldur taki þátt í heimilishaldi, og það sé hluti af þeirra námi að starfrækja heimili, sem mundi vera í heimavist í slíkum skóla. Þess vegna tel ég, að það, sem hv. þm. minntist á heimavistina í menntaskóla Akureyrar, komi ekki þessu máli við í raun og veru. Heimavistin í menntaskóla Akureyrar er auðvitað sett til þess að létta undir með þeim nemendum, sem eiga ekki heima á Akureyri, að sækja skólann, en það tel ég ekki höfuðtilganginn með 39. gr. þessara l., sem hér er rætt um að breyta, heldur þann, sem ég áður sagði.

Annars, þótt það komi ekki þessu máli við, þá er það auðvitað ekki rétt, sem hv. þm. sagði, að veran í heimavist menntaskólans á Akureyri sé nemendunum kostnaðarlaus. Auðvitað þurfa þeir að borga fæði fullu verði þar, og ég hygg, að þeir borgi einhverja litla húsaleigu, a. m. k. var það svo í minni tíð fyrir mörgum árum, þegar ég var þar í heimavist, að þá var ofur lítil húsaleiga greidd. Það er nú kannske ekki til frægðar fyrir mig að vita það nú ekki, hvort þetta er svo enn, þar sem sá skóli er svo nálægt mér. Ég skal játa, að mér er þetta ekki vel kunnugt, en ég hygg, að það sé einhver lítil húsaleiga greidd, en að það sé ekki með öllu kostnaðarlaust. En svo kom í lokin mergurinn málsins hjá hv. þm. Hann sagðist sakna þess, að þessi skóli yrði fluttur úr höfuðstaðnum, en það getur verið skiljanleg ástæða Reykvíkings. En mér finnst það vera dálítið einkennilegt hér á landi, að allar stofnanir, sem eru fyrir landið í heild sinni, skuli endilega vera bundnar við höfuðstaðinn. Þetta, sem ég segi um það, kann nú að álítast Reykjavíkurhatur, en mér finnst það ekki vera, og ég held, að það væri atriði í því máli, sem nú er talað um, að halda við jafnvægi í byggð landsins, að binda ekki hverja einustu stofnun við Reykjavík, alla skóla, eða hér um bil alla skóla, sem hafa þýðingu fyrir landið í heild sinni, og ekki einasta það, heldur ýmsar aðrar stofnanir. Ég hef t. d. ekki skilið, hvers vegna allir bankar landsins eiga endilega að vera í Reykjavík. Ég veit til þess, að sjálfstæðir bankar annars staðar í löndum eru hér og þar um löndin, en alls ekki allir í höfuðstaðnum. En þetta virðist vera föst stefna hér á Íslandi, að allt skuli vera í Reykjavík, sem hefur almenna þýðingu fyrir þjóðina.

Ég skal ekkert segja um það, hvort sú yfirlýsing, sem hæstv. ráðh. gaf hér, að hann mundi ákveða, að skólinn yrði staðsettur á Akureyri, ef frv. yrði samþ., hefur einhver áhrif á meðnm. mína, en ég er sízt af öllu ófúsari að samþ. frv. eftir að hafa heyrt þá yfirlýsingu. Ég hef heyrt útundan mér, að einhverjum þætti rétt vegna þessarar yfirlýsingar hæstv. ráðh., að umr. væri frestað og málið tekið út af dagskrá nú og menntmn. tæki það til nýrrar athugunar vegna þessarar yfirlýsingar. Hv. form. menntmn. getur sagt um það, hvort hann óskar þess, og auðvitað ræður hæstv. forseti því, hvort hann frestar málinu eða ekki, en ég fyrir mitt leyti sé enga ástæðu til að bera fram þá ósk. Ég er engu síður reiðubúinn að greiða atkv. um málið eftir að hafa heyrt yfirlýsingu hæstv. ráðh. heldur en ég var áður.

Páll Zóphóníasson: Þetta mál hefur eins og öll önnur margar hliðar, sem maður þarf að athuga og gera sér grein fyrir, þegar á að greiða um það atkvæði. Það er um það að ræða, hvort húsmæðrakennaraskólinn, sem hefur starfað hér í Reykjavík, eigi að flytjast norður á Akureyri eða ekki.

Það fyrsta, sem þar kemur til greina og líklega ýtir undir þetta frv., er nú það, að það er búizt við því, að því húsplássi, sem hann hefur haft í háskólanum, geti hann ekki haldið nema skamman tíma enn. Hins vegar hefur vegna togstreitu milli héraða um að fá skóla hjá sér verið sett upp meira skólarúm í húsmæðraskólum landsins heldur en svarar til þess hluta af kvenfólkinu, sem er á sama árinu á hverjum tíma og vill fara í skóla, og það er aldrei hægt að ætlast til, að það fari svo margar stúlkur í skóla á sama árinu, að húsmæðraskólarnir allir geti orðið fullskipaðir. Það yrði að vera eitthvað sérstakt á ferðinni, óvenjuleg peningavelta eða sérstakir kennarar við þá eða eitthvað, sem dregur að, ef það á að geta gengið. Þess vegna hefur húsmæðraskólinn á Akureyri, sem er, eins og þm. Barð. (GíslJ) tók fram, eign bæjarins, þó að ríkið hafi lagt í hann fé, verið tómur. Þá dettur mönnum í hug að nota þann skóla fyrir húsmæðrakennaraskólann, og í tilefni af því er frv. fram komið.

Ég geri ráð fyrir, að þeir, sem hefur dottið þetta í hug, hafi hugsað það svo, að það væri ódýrara að búa við þann skóla heimavistina og

annað, sem þarf að auka við hann og að breyta honum, eins og líka þarf að gera, heldur en að útvega skólanum húsnæði hér. Um þetta atriði þori ég ekki að segja. Ég hef ekki séð áætlanir um það, hvað kostar að byggja yfir hann hér, ekki heldur áætlanir yfir, hvað kostar að breyta á Akureyri. Á hvorum staðnum stofnkostnaðurinn yrði meiri, þori ég ekki að leggja neinn dóm á, og ég held satt að segja, að það séu engir þm., sem hafa gert áætlanir yfir það og geti lagt dóm á það núna. Ég læt þess vegna það atriði liggja milli hluta, enda er það aukaatriði. Það er atriði, sem kemur bara einu sinni í stofnkostnaði skólans. Hitt er aðalatriðið, hvernig skólinn getur fullnægt því hlutverki í framtíðinni að búa til sem bezt hæfar kennslukonur fyrir þær verðandi húsmæður, sem sækja skólana í framtíðinni. Það er aðalatriðið, hvaða kostnaður er því samfara að kenna þeim árlega, ekki bara árið, sem skólinn er fluttur, heldur áratugina, sem skólinn á eftir að starfa og kemur til með að eiga eftir að starfa hér á landi, og það er það sjónarmið fyrst og fremst og hvar kennslan verður bezt, sem á að ráða því, hvort við viljum flytja skólann eða ekki. Og þá er ég ekki í nokkrum minnsta vafa um það, að skóli, sem er í Reykjavík og getur átt von á tímakennurum þaðan, þ. á m. frá háskólanum, mönnum, sem eru sérfræðingar í næringarefnafræði, mönnum, sem eru sérfræðingar í heilsufræði o. s. frv., hvort tveggja fög, sem þar þarf að kenna, stendur miklu betur að vígi til að hafa góða kennslukrafta og standa vel í sinni stöðu sem skóli í Reykjavík heldur en á Akureyri, og hann gerir það miklu ódýrar, því ef hann á að fá þessa menn á Akureyri, þá þyrfti að setja sérstaka menn í það og borga þeim fyrir tiltölulega litla kennslu fyrir fáa nemendur, því að margir nemendur verða aldrei í honum, en það er hægt að fá þá sem tímakennara í Reykjavík. Þetta sjónarmið gerir það að verkum, að ég tel alveg tvímælalaust, að skólinn eigi að vera áfram í Reykjavík, en ekki að flytjast til Akureyrar.

Ég sé enga ástæðu til að samþ. till. þm. Barð. út af fyrir sig. Hún er náttúrlega að því leyti nýmæli, að hún tekur fram, að nemendur eigi að hafa með sér heimavist. Það er náttúrlega spurning, hvort það þarf að taka það fram í lögum, því ef fjárráð verða fyrir því, þá geri ég ráð fyrir, að skólanum verði skaffað það húsnæði, að hann geti komið á heimavistum, því að með því kemur hann til með að ná betur sínu hlutverki, en ég tel ekki þörf á því að samþ. það í lögum og tel þess vegna ekki þörf á öðru en að fella sjálft frv. Ég mun nú samt til vonar og vara greiða fyrri brtt. þm. Barð. atkv., móti þeirri seinni verð ég, en í heild á móti frv. Ef það kemur til atkv. eins og það er á þskj. 208, þá get ég ekki fylgt því, vegna þess að ég er sannfærður um, að þá áratugi, sem þessi skóli kemur til með að starfa, verður hann betur vaxinn sínu hlutverki í Reykjavík en á Akureyri. Það er það sjónarmið, sem hér á að ráða, en ekki hitt, hvað skiptir hugsaðan mismun á stofnkostnaði á Akureyri og í Reykjavík nú, sem enginn veit þó hve mikill er eða á hvorn veginn.

Ingólfur Flygenring: Herra forseti. Eftir ræðu hæstv. menntmrh. hefur málið tekið nýja stefnu eða nýtt viðhorf, og ég hef orðið var við það, að nm. í menntmn. óska eftir að athuga þetta betur, og vildi ég fara fram á, að málinu væri frestað.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Mér er það að vísu alger ráðgáta, af hverju nefndin hefur lagt til, að frv. yrði samþ., ef ekki hefur vakað fyrir henni, að breyting skyldi eiga sér stað, og kemur mér það því nokkuð furðulega fyrir sjónir, að menn skuli telja, að mín yfirlýsing hér hafi verið þeim óvænt og málið hafi tekið nýja stefnu við það, vegna þess að sá einn skilningur, sem í minni yfirlýsingu fólst, gefur frv. nokkurt gildi, annars er það alveg út í bláinn og tíma eytt til einskis hér í þinginu að vera að burðast með þetta mál. En ef hv. n. vill endurskoða málið, þá hef ég sízt á móti því, og tel ég þó, að hér sé um svo mikilsvert mál að ræða, að það sé eðlilegt, að það fái einhverja afgreiðslu á þinginu, þannig að atkv. gangi um þetta, áður en þingi lýkur, og vil beina því til hv. n., að hún dragi ekki sína athugun svo lengi, að málið dagi uppi af þeim sökum, vegna þess að það er langbezt að fá úr því skorið með atkvgr., hvort menn vilja, að þessi breyting verði, eða ekki, ekki sízt vegna þess, að yfirvofandi er og óhjákvæmilegt, áður en langt um líður, að einhverjar ráðstafanir verði gerðar um frambúðarhúsnæði fyrir þennan skóla.

Út af ummælum hv. þm. Eyf. (BSt), frsm., vil ég taka það fram, að ég hygg, að það sé nokkurn veginn algild regla, að lærisveinar í heimavist ríkisskóla borgi ekki húsaleigu, gagnstætt því, sem á sér stað við héraðsskóla. Ég efast mjög um, að þessi skilsmunur fái staðizt, og geri ráð fyrir, að það þurfi að taka þetta til endurskoðunar. Mér var þetta ekki ljóst, áður en ég varð menntmrh., en samkvæmt þeim skýrslum, sem ég hef fengið, er þetta svo. Ég sé, að jafngamalreyndur þm. og fjölfróður sem hv. 1. þm. Eyf. hefur verið óvitandi um þetta eins og ég, og þess vegna þótti mér rétt að láta þetta koma fram.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég verð nú að segja, að ég er enn meira undrandi yfir því, úr því að þetta var svo ljóst hv. flm. og hæstv. ráðh. frá upphafi, hvers vegna var þá ekki sett inn í frv. strax, að skólinn skyldi flytjast til Akureyrar, hvers vegna að vera að blekkja þingið með því að halda, að það eigi að flytja skólann á einhvern annan stað. Það er beint sagt hér í frv., að skólinn skuli vera starfræktur á Íslandi. Nú upplýsir hæstv. ráðh., að það hafi alltaf vakað fyrir hv. flm. að flytja skólann á Akureyri og ekkert annað en til Akureyrar. Mér finnst hér nokkuð farið aftan að þm., og það er alls ekki víst, að atkvgr. í hv. Nd. hefði farið á þann veg, sem hún fór,

ef öllum þm. hefði verið kunnugt um það atriði. Ég vildi því gjarnan spyrja hæstv. ráðh.: Lýsti hann þessu einnig yfir í Nd.? (Gripið fram í.) *Ja, það er einmitt það. Hv. þm. Nd.* hafa ekki verið leiddir í allan sannleika í þessu máli, því að það er fyrst hér nú, að þetta er upplýst, og er ég mjög þakklátur hæstv. ráðh. fyrir það. En sannarlega finnst mér það gefa tilefni til þess, að hv. n. endurskoði sína afstöðu, og það var einmitt þess vegna, sem ég vildi segja hér nokkur orð.

Það hefur verið yfirlýst af hæstv. ráðh., að skólinn yrði fluttur til Akureyrar. Ég vil því biðja hv. n. um að athuga og láta það liggja fyrir hér, áður en endanlega er gengið til atkv. í þessu máli, hver er kostnaðurinn við að flytja skólann til Akureyrar, því eins og ég tók fram hér áðan í minni ræðu, þá á ekki ríkissjóður skólann á Akureyri, hann verður að kaupa þann hluta, sem bærinn á í skólanum (Gripið fram í.) — eða leigja, alveg rétt, og þá er bezt, að það liggi fyrir, hver eru skilyrði fyrir því að geta keypt skólann eða leigt skólann og hvað það kostar og hvað kostar viðbótarbygging og hvað kostar flutningurinn. Þetta er bezt að n. kynni sér, svo að það er sannarlega ástæða til þess, að n. fái málið til athugunar, og full ástæða til þess, að hún taki nægilegan tíma til þess að upplýsa þetta, þó að það kosti það, að málið yrði ekki afgr. á þessu þingi. Hér er um svo stórt fjárhagslegt atriði að ræða fyrir ríkissjóð.

Þá get ég náttúrlega engan veginn fallizt á þá skoðun hæstv. ráðh., að það sé ekkert atriði að hafa aðra deild skólans á Akureyri og hina suður á Laugarvatni. Það er náttúrlega engan veginn sambærilegt fyrir kennaralið að starfa á Laugarvatni að sumri til og eiga heima hér í Reykjavík eða starfa á Laugarvatni að sumri til og eiga heima norður á Akureyri, auk þess sem vel gæti verið, að það þyrfti að flytja einhverja potta eða pönnur norðan af Akureyri, og þá er það a. m. k. erfiðari og verri flutningur en héðan úr Reykjavík. Mér finnst það vera ákaflega mikið atriði í þessu máli að gera ekki vegalengdina á milli deildanna lengri en hún er í dag, heldur miklu frekar stytta hana, og með það fyrir augum hef ég borið fram mína till. Það getur vel komið til mála, að skólinn verði einmitt reistur á Laugarvatni, ef á annað borð á að hrekja hann burt úr Reykjavík, sem ég tel vera óráð, alveg gagnstætt skoðun hæstv. ráðh. (Gripið fram í.) Hæstv. ráðh. hefur sagt, að hann mundi, ef þetta frv. verður samþ., ákveða, að skólann skyldi flytja til Akureyrar. Það verður ekki skilið annað á hæstv. ráðh. en að hann líti svo á, að það sé betra fyrir skólann að vera staðsettur á Akureyri heldur en í Reykjavík. En hins vegar er alveg sýnilegt, að hér er alls ekki um skólamál að ræða. Hér er um að ræða áhugamál ákveðins kjördæmis og ákveðinna þm. vegna kjördæmahagsmuna, og það er allt annað atriði. En ég verð aldrei fylgjandi því, að einum skóla sé ekið til eftir því, sem kann að vera hagur einhvers þm. á hverjum tíma. Þá yrði bezt að setja skólann annaðhvort á gamlan bíl eða á hjólbörur og aka honum til alveg eftir því, sem einstakir þm. hefðu hag af, hingað og þangað um landið.

Hæstv. ráðh. sagði, að það yrði að byggja hér fyrir skólann fyrir 1—2 millj. kr. Ég er nú alls ekki sammála um það, og ég vildi gjarnan, að hv. n. athugaði, hvort fyrir liggja hér teikningar og áætlanir um, að það sé nauðsynlegt að byggja fyrir 1—2 millj. kr. yfir þá fáu nemendur, sem búizt er við að séu hér í skólanum á hverju ári, ef mín till. um að fella niður heimildina eða skylduna til þess að byggja heimavist er numin úr lögunum, og bæri það einnig saman við hitt, hvað það kostar mikla peninga að uppfylla þessa sömu kröfu norður á Akureyri. Þetta eigum við heimtingu á að liggi fyrir hér, áður en gengið er til atkv. um þetta mál.

Um það, hvort þessir nemendur eigi kröfu á heimavist, er ég alls ekki sammála hv. frsm. Hver verður næsta krafa? Hún yrði sýnilega sú, að heimavistar yrði krafizt fyrir alla kennara yfirleitt. Ég sé ekki, að aðrir nemendur eigi neitt minni kröfu á því, svo sem nemendur í kennaraskólanum, sem síðar eiga að kenna um allt land, heldur en þessir kennarar hér. Ef á að fara inn á þá braut að hafa heimavist fyrir kennara húsmæðraskólanna, þá eiga hinir sannarlega kröfu á því, þegar byggður verður nýr skóli fyrir kennarana hér, að fá einnig heimavist þar — og hvað kostar það margar milljónir? Ég vil ekki vera með að fara inn á þá braut, sem hér er raunverulega verið að marka. Síður en svo. Á eftir koma aðrir nemendur, svo sem nemendur á háskólanum, síðan nemendur við sjómannaskólana og alla aðra skóla hér, og endirinn verður sá, að ríkið verður að byggja hótel fyrir alla þessa nemendur, sem eru hér að læra á ríkisins kostnað, eins og ég tók fram áðan.

Nú vil ég benda á m. a., að rekstur skólans á Akureyri, t. d. hitakostnaður, hlýtur að verða miklu meiri en hér í Reykjavík. Og alveg sérstaklega vil ég benda á, hversu það er hál braut að fara inn á, ef það á í hvert skipti, sem það sannast, að eitthvert hérað hefur byggt skóla hjá sér og er ekki fært um að reka hann, m. a. vegna þess, að engin skilyrði eru til þess að reka skóla á staðnum, þá skuli eiga á þennan hátt, eins og hér er gert, að koma skólanum algerlega á ríkissjóðinn. Vitanlega kemur þá Staðarfell á eftir, og svo kemur hver af öðrum, Hallormsstaður og fleiri og fleiri skólar, sem nú eru tómir, og svo héraðsskólarnir þar á eftir. Fyrst er slegizt um það hér í þinginu að skipta því fé, sem veitt er til skóla, einnig húsmæðraskólanna í landinu, — svo þegar búið er að slást um það og búið að borga út og búið er að byggja, þá kemur önnur barátta um það, að ríkið skuli taka að sér þessa skóla, sem engin þörf var fyrir að byggja, eftir því sem nú er komið á daginn.

Ég vil svo aðeins að síðustu benda hæstv. ráðh. á, að ég er nú ekki alveg sammála honum um það, að ríkið hafi ekki einhverjar skyldur við kennara húsmæðrakennaraskól-

ans. Ég hygg, að forstöðukonunni hafi verið veitt þetta embætti, eftir að búið var að samþ. 38. gr. laganna, og þá er að sjálfsögðu viðkomandi aðila veitt embætti við húsmæðrakennaraskóla í Reykjavík og hvergi annars staðar. Ég er alls ekki viss um einu sinni, að það sé fordæmi fyrir því að flytja skólastjóra frá Reykjavík til annars skóla, nema því aðeins að hann hafi lagt á það samþykki sitt, og ég er alveg viss um, að slíkt gæti orðið dómstólamál. Gæti það þá ef til vill bætzt við, að ríkið yrði að greiða full laun til skólastjórans, af því að honum fyndist, að það hafi verið brotinn á sér samningsréttur, og ég þekki nú, hve fast er sótt af embættismönnum ríkisins að halda sínum rétti á öllum sviðum. Þarf ekki annað en vísa til þess dóms, sem féll í sambandi við embætti flugmálastjóra á sínum tíma, sem þó meiri hluti Alþ. hélt að löglegt væri að leggja niður, og við vitum, hvernig það fór. Ég er því ekki sammála hæstv. dómsmrh. um, að það sé alveg óhætt að treysta því, að ríkissjóður fái ekki hér allverulegan skell, ef skólinn yrði fluttur, eins og hann hefur hugsað sér. Og það ber einnig hv. n. að athuga, áður en hún segir sitt síðasta orð um það, hvort skólann á að flytja til Akureyrar, úr því að það er upplýst, að það hefur vakað fyrir þessum hv. þm.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er í raun og veru ástæðulaust að vera að endurtaka það, sem sagt hefur verið og er alveg skýrt, og það er, að ég skil samþykkt frv. óbreytts eða með breytingu nefndarinnar sem yfirlýsingu þingsins um, að það vilji, að skólinn verði fluttur til Akureyrar, og þeim þingvilja mun ég hlíta.

Ég hef ekki haft afskipti af þessu máli í Nd., en ég held, að það hafi ekki dulizt fyrir neinum þingmanni, að þetta vakti a. m. k. fyrir aðalflm. frv. Og ég taldi rétt, vegna þess að þetta var ekki berum orðum tekið fram í sjálfu frv. og til þess að girða fyrir allan misskilning, að þetta lægi alveg ljóst fyrir af minni hálfu, hvernig ég skildi málið, svo að það er algerlega út í bláinn að segja, að ég hafi verið hér að fela eitthvað fyrir þm. eða hafi leitazt við að fá frv. samþ. á röngum forsendum. Það er þvert á móti. Ég hef skýrt tekið fram, hvernig ég teldi að ætti að skilja frv., svo að ekki yrði kennt um misskilningi og menn vissu gerla, hvað þeir væru að samþ., og það kemur í ljós, þótt merkilegt sé, að það er sízt að ástæðulausu, þar sem hv. n., sem er búin einhuga að mæla með frv., eftir yfirlýsingu mína óskar eftir, að málið sé tekið út af dagskrá, til þess að henni gefist færi á að íhuga málið betur. Ég held, að það verði ekki um það deilt, að það hefur verið fullkomin þörf á því að gefa þessa yfirlýsingu. Með því hef ég hins vegar ekkert sagt sjálfur um það, hver mín afstaða er í málinu. Tal hv. þm. Barð. um það og deilur á mig af því tilefni eru þess vegna algerlega út í bláinn. Ég benti á nokkur efnisleg rök, sem eru í málinu, dró ekki af þeim neina ályktun.

Hins vegar verð ég að segja það, að það kemur úr hörðustu átt, þegar hv. þm. Barð. telur það sérstaklega ámælisvert af héruðum, að þau vilji láta nota þau hús, sem þar er búið að koma upp, og vitnaði sérstaklega í það, að næst mundi komið með Staðarfell og heimtað, að ríkið tæki við þeim skóla. Ég veit ekki betur en einmitt hv. þm. sjálfur hafi viljað fá Staðarfell til vissra ríkisafnota og skólanefndin þar og héraðsmenn hafi staðið á móti því, að hv. þm. Barð. gæti fengið skólann til þeirra nota, sem hann ætlaði. Ég segi ekkert um, hvor hafði rétt fyrir sér í þeirri deilu, sem upp kom, en það kom alveg það sama fram hjá hv. þm. Barð. eins og hjá stuðningsmönnum þessa frv., að þeir telja, að það sé skynsamlegra að nota þau hús, sem búið er að koma upp fyrir ærið fé, þjóðfélaginu í heild til góðs heldur en að láta milljónabyggingar standa ónotaðar og byggja svo aftur fyrir nýjar stofnanir byggingar, sem kosta aðrar margar milljónir. Ég held, að við þm. þurfum engrar áætlunar við um það, að ef á að fara að byggja húsmæðrakennaraskóla hér í Reykjavík, þá fer sá kostnaður yfir milljón króna og verður áreiðanlega nær 2 millj. en 1 millj., svo að ég hef sízt ofmælt í því.

Með þessu er ég ekki að segja, hver afstaða mín sé gagnvart þessu frv., en það er það minnsta, að efnislegar ástæður komi fram og ekki sé talað um málið tómri tæpitungu, eins og virtist ætla að vera gert við fyrri hluta umr. hér í kvöld, að menn segðu ekki hreinlega, hvað fyrir þeim vekti, og færu ekki inn á efnisumr. um málið. Hitt er svo allt annað mál, hvaða niðurstöður menn taka, og ég játa, að um leið og það eru sterk rök fyrir því að samþ. frv., eins og nefndin leggur til, þá eru önnur rök, sem hníga að því, að skólinn eigi að vera kyrr hér í Reykjavík. Það eru önnur rök, sem má líka svara, alveg eins og hv. 1. þm. Eyf. gerir, að það er mikill vafi á því, hvort þjóðfélaginu er það til góðs, — og það segi ég, þótt ég sé þm. Reykv., — að það er mikill vafi á því, að þjóðfélaginu sé það til góðs og hvort Reykjavík sé það til góðs, að öllum opinberum stofnunum sé hrúgað hér í Reykjavík. Það er líka sjónarmið fyrir sig.

Út af því, að hv. þm. taldi, að ég hefði ofmælt um það, að ekki væri hallað á kennara og skólastjóra þessa skóla, þó að skólinn væri fluttur, þá þori ég að fullyrða, að með hliðsjón af því ákvæði stjórnarskrárinnar, að embættismenn verða að taka því bótalaust, ef þeir eru fluttir á milli embætta, ef þeir missa einskis í í launum, þá hlýtur því frekar að vera fært og leyfilegt að flytja til embætti þeirra, ef þeir halda sömu launum og áður.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Hér hafa fallið orð á þá leið, að menntmn. hafi óskað eftir því, að málinu væri frestað og það tekið út af dagskrá. Ég get ekki kannazt við, að það sé öll menntmn., sem þess hefur óskað. Ég tók það einmitt skýrt fram áðan, að ég teldi enga ástæðu til þess, en skaut því að öðru leyti til formanns nefndarinnar.

Það kann að vera, að hinir nm. séu því sammála, sem hv. form. n. fór fram á, en þá er það aðeins meiri hl. n., en ekki n. öll.

Annars verð ég að segja það, að mér þykir furðu sæta, hvað hv. þm. hér í deildinni virðist það hafa verið stór bomba, eins konar atómbomba, það sem hæstv. menntmrh. sagði. Ég verð alveg að staðfesta það, sem hann sagði nú áðan, að ég hygg, að öllum þm. í hv. Nd. hafi verið kunnugt, hvað fyrir aðalflm. þessa máls vakti, Jónasi Rafnar, þm. Ak. Ég hlustaði að vísu ekki á umr. í Nd., en ég býst við, að hann hafi beinlínis nefnt það í umr. í Nd., að þarna á Akureyri væri hús, sem ekki væri notað, og það mundi vera heppilegt að flytja skólann þess vegna til Akureyrar. Og meira að segja hygg ég, að þetta hafi engin opinberun verið hér í kvöld, sem hæstv. dómsmrh. sagði. Mig grunar fastlega, að þm. hér í hv. Ed. hafi vitað fullvel, að þetta var hugsun flm.

Bollaleggingar hv. þm. Barð. um, hver ósköp þyrfti að gera fyrir alls konar skóla í landinu, ef greinin um húsmæðrakennaraskólann stæði, um það, að það ætti að koma þar upp heimavist á sínum tíma, sé ég ekki að fái staðizt hér eða komi málinu við. Eins og ég benti á áðan, þá er hér um algera sérstöðu að ræða um þennan skóla, a. m. k. frá sjónarmiði sumra manna, sem sé þá, að það sé nauðsynlegt vegna kennslunnar sjálfrar einmitt með þennan skóla, að kennslan fari fram í heimavist. Það dettur engum lifandi manni í hug um ýmsa skóla, að slíkt sé nauðsynlegt vegna kennslunnar, t. d. ýmsa skóla hér í Reykjavík, og það er náttúrlega allt annað t. d. húsmæðraskólar úti um land eða húsmæðrakennaraskólinn. Það er á sinn hátt eins og kennaraskólinn og svo aftur barnaskólar og héraðsskólar að hinu leytinu. Það gildir alls ekki það sama um þetta allt.

Hvað snertir kennaralið húsmæðraskólans, sem nú er, þá vildi ég síst af öllu verða til þess að brjóta nokkurn rétt á því. En hér er a. m. k. alls ekki um það að ræða, sem virtist vaka fyrir hv. þm. Barð., að leggja niður embætti og svipta það fólk embætti. Það er aðeins verið að flytja til starfssvið þess. Ég hygg, að það hafi oft verið gert, og ég gæti nú jafnvel án þess að glugga mikið í bækur bent á dæmi þess, að t. d. embættisbústaður hafi verið fluttur og gilt fyrir þann embættismann, sem hlut átti að máli, og það man ég, að heill biskup var einu sinni fluttur frá Skálholti og hingað til Reykjavíkur og ekki skoðað sem nein frávikning frá embætti, en sá biskup, sem fyrir þessu varð í fyrstu, fékk að vísu leyfi til að búa sem privatmaður í Skálholti eftir sem áður, en biskupsstólinn var lagður þar niður og fluttur til Reykjavíkur, aðsetur biskupsins í raun og veru, svo að ég held, að þetta fái ekki staðizt.

Það er ekkert við því að segja, ef hv. form. menntmn. hefur meiri hl. n. með sér í því að óska eftir, að málið sé tekið út af dagskrá og því frestað, en ef n. á að gera allt það, sem hæstv. forseti d. ætlar henni að gera í þessu máli, þá er það vitanlega það sama og að drepa málið á þessu þingi, og þá er í sjálfu sér hreinlegra að gera það. Ég er hræddur um, að það verði meira verk en svo, að nm. geti innt það af hendi nú í þingönnunum síðustu dagana, að taka öll þau atriði til rannsóknar, sem hæstv. forseti ætlast til.

Umr. frestað.

Á 80. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Ed., 9. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég var einn í þeim meiri hl. menntmn., sem lagði til, að frv. væri breytt í það horf, sem till. meiri hl. ber með sér, þ. e., að húsmæðrakennaraskólinn skyldi starfa á Íslandi á þeim stað, sem fræðslumálastjórnin ákveður. Við þessa umr. kom fram yfirlýsing frá hæstv. ráðh. um það, að ef þessi till. yrði samþ., þá mundi hann flytja skólann til Akureyrar. Ég leit svo á, þegar þessi till. var afgr. frá meiri hl. n., að ætlun hennar væri sú, að áður en nokkur slík ákvörðun yrði tekin, færi fram rannsókn á öllum aðstæðum, og síðan yrði það ráðherrans að meta, á hvorum staðnum eða hverjum stað hentugast væri að hafa skólann. Ég lét þess getið þá, að þetta breytti mínu viðhorfi til till., og hef nú leyft mér að leggja fram brtt., sem innifelur þann skilning, sem ég lagði í till. meiri hl., þegar ég skrifaði undir hana.

Brtt. er stíluð við brtt. hv. þm. Barð. (GíslJ) á þskj. 700 og er þannig, með leyfi forseta:

„Meginmálsgr. orðist svo: Húsmæðrakennaraskóli skal starfa í Reykjavík eða á þeim stað öðrum, er fræðslumálastjórnin, að undangenginni rannsókn á aðstæðum til skólahaldsins, kann að telja hentugri."

Þetta var það, sem fyrir mér vakti með því nál., sem ég skrifaði undir, og er tekið upp hér í þessa sérstöku tillögu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 802) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 700,1 tekin aftur.

— 802 felld með 9:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, GÍG, HG, HermJ, JJós, KK, VH, GíslJ.

nei: BBen, FRV, IngF, JK, LJóh, PZ, SÓÓ, AE, BSt.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég mun greiða atkv. með þessari brtt., vegna þess að ég álít, að eins og málið núna liggur fyrir og komið hefur fram í umr., þá er órannsakað um þetta húsnæði, sem til staðar er á Akureyri, hvort möguleikar eru þar fyrir heimavist, ekki heldur upplýst um kennara. En með því að samþ. þessa till. er hægt að rannsaka þetta mál, áður en nokkur ákvörðun er tekin. Þess vegna mun ég greiða atkv. með brtt., en ef

hún verður felld, mun ég greiða atkv. á móti málinu. Ég segi þess vegna já.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég lít ekki á þetta sem kostnaðaratriði fyrir ríkissjóð við að koma skólanum upp, heldur fyrst og fremst sem atriði um það, hvar skólinn hefur bezta möguleika til að starfa í framtíðinni, hvar verður ódýrast fyrir ríkissjóð að reka hann á hinu langa árabili, sem hann á að starfa, og hvar hann getur haft bezta kennslukrafta. Þetta veit ég að er í Reykjavík, og þess vegna segi ég nei við till.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Mér virðist þessi till. gera ákaflega litla breytingu á gildandi lögum og skil varla, til hvers lögin eru, ef till. er samþ., því að a. m. k. ef orðin „í næsta nágrenni Reykjavíkur" eru skilin dálítið rúmt, þá er breytingin frá gildandi lögum víst harla lítil. — Það virðist hafa orðið stefnubreyting í þessu máli út af því, að hæstv. dómsmrh. lýsti því yfir, að hann mundi flytja skólann til Akureyrar, ef frv. yrði samþ. Ég býst við, að hann hafi þá átt við frv. óbreytt eða lítið breytt. Ég skil ekki þessa stefnubreytingu hjá ýmsum, sökum þess að það mun hafa legið fyrir frá upphafi og engin dul á það dregin af flm. málsins, hv. þm. Ak. (JR), að það væri meiningin með flutningi frv. Ég segi því nei.

Brtt. 654 felld með 9:5 atkv.

1. gr. felld með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, JK, KK.

nei: LJóh, PZ, SÓÓ, VH, AE, BrB, FRV, GÍG, HermJ, IngF, GíslJ.

BSt, BBen, HG greiddu ekki atkv.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Hermann Jónasson: Herra forseti. Með því að það er upplýst mál um þessa lagagrein, að húsmæðrakennaraskólinn skuli vera á Íslandi, starfa á Íslandi, að Ísland þýðir í þessu tilfelli Akureyri, og með því að hæstv. menntmrh. hefur skilið þetta þannig og lýst því yfir hér, þá er komið að því, sem ég sagði áðan, að það er verið að flytja skólann, án þess að þau atriði séu rannsökuð áður, sem nauðsynlegt er að rannsaka og upplýsa, áður en skóli er fluttur. Og með því að fella till. hv. 4. þm. Reykv. var það gert, það á að flytja hann, án þess að þessi atriði séu rannsökuð, og þar af leiðandi segi ég nei.

Gísli Jónsson: Húsmæðrakennaraskólinn starfar eins og stendur í Reykjavík og hefur starfað þar undanfarin ár með mikilli prýði. Reykjavík er á Íslandi, og sé ég því ekki ástæðu til að samþ. greinina og segi því nei.

Frv. þar með fallið.

Lagafrumvörp afgreidd með rökstuddri dagskrá.

1. Rithöfundaréttur og prentréttur.

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt [18. mál] (stjfrv., A. 18).

Á 5. fundi í Nd., 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta er undirbúið í menntmrn., að tilhlutan hæstv. fyrrv. menntmrh., Björns Ólafssonar, og er í samræmi við álitsgerð, sem þeir próf. Ólafur Jóhannesson, Kristján Guðlaugsson hrl. og Jóhannes Eliasson stjórnarráðsfulltrúi höfðu samið, og er til þess, að auðveldara verði að taka þátt í alþjóðasamtökum til verndar rithöfundarétti.

Það má auðvitað deila um — og er nokkuð deilt um — hvort við eigum að taka þátt í þessum samtökum, en við gerðum það fyrir nokkrum árum, er við gerðumst aðilar að svo kölluðu Bernarsamkomulagi, og síðan hafa verið gerðir víðtækir alþjóðlegir samningar um þessi mál, sem m. a. Bandaríki Norður-Ameríku og fleiri ríki eru aðilar að en voru að Bernarsamkomulaginu. Ef við eigum að njóta verndar í þessum löndum, þarf að gerast aðili að þessu nýja samkomulagi eða þá gera sérsamninga við þau helztu, sem þarna koma til greina, og til undirbúnings slíkum aðgerðum er sú lagabreyt., sem hér er ráðgerð.

Ég tel, að ef menn halda fast við það að vera í Bernarsambandinu, þá sé einnig rétt að fallast á þá breyt., sem felst í þessu frv. og till. til þál., sem hefur í sambandi við þetta verið borin fram í hv. Sþ. Hins vegar er það kunnugt, að nokkurs ágreinings hefur gætt um það, hvort Ísland ætti yfirleitt að taka þátt í þessum samtökum, og væri ef til vill rétt fyrir þn., sem fær málið til meðferðar, að íhuga það í heild við afgreiðslu málsins.

Ég legg til, að málið gangi til 2. umr. og hv. menntmn.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég vil með örfáum orðum taka undir þau ummæli hæstv. menntmrh., að æskilegt væri, að sú n., sem þetta mál fær til athugunar, hugleiði, hvort ekki sé ástæða til þess að endurskoða með einhverjum hætti aðstöðu Íslands innan Bernarsambandsins eða jafnvel það, hvort rétt sé, að Íslendingar séu fullgildur aðili að þeim samtökum, sem nefnd hafa verið Bernarsamband.

Það er eitt aðalatriði þeirra samtaka, að sá réttur, sem veittur er höfundum eigin þjóðar, skuli einnig sjálfkrafa flytjast til höfunda annarrar þjóðar. Ef t. d. ríkisútvarpið gerir samning varðandi höfundarétt að rituðu máli eða tónverkum, þá skulu þeir taxtar, sem um verður samið við hina innlendu aðila, sjálfkrafa einnig gilda gagnvart erlendum aðilum, sem verk eru notuð eftir, ritverk eða tónverk. Það má segja, að mjög eðlilegt sé, að hinar stærri þjóðir geri slíkt samkomulag með sér innbyrðis til verndar á gagnkvæmum réttindum höfunda, en það er mikil spurning, hvort smáþjóð eins og Íslendingar hefur efni á því að undirgangast slíkar skyldur. Það er mjög erfitt að mörgu leyti að halda uppi sjálfstæðu og fjölskrúðugu menningarlífi í þvílíku dvergríki og Ísland er, meðal jafnsmárrar þjóðar og íslenzka þjóðin er. Það er því ekki nema fullkomlega eðlilegt sjónarmið, að íslenzka ríkisvaldið t. d. áskilji sér rétt til þess að gera betur við eigin höfunda, við innlenda eigendur höfundaréttar heldur en við erlenda eigendur slíks réttar. Slíkan mismun er ekki hægt að gera, meðan Íslendingar eru skilyrðislaust aðilar að Bernarsambandinu. En ég teldi mjög æskilegt, ef hægt væri að koma slíkri skipun á, að þótt vel yrði gert við íslenzka eigendur höfundaréttar, þá þyrfti það ekki sjálfkrafa að flytjast yfir á erlenda eigendur höfundaréttar. Mér þætti ekki ósennilegt, að unnt væri að koma slíku til leiðar með samkomulagi innan Bernarsambandsins, og vildi skjóta þeirri hugmynd fram hér til athugunar, að það yrði reynt. Mér þykir ekki ósennilegt, að hinar stærri þjóðir, sem eru aðilar að þessum samtökum, meti og skilji þá algeru sérstöðu Íslendinga, sem felst í fámenni þeirra, og krefjist þannig ekki sér til handa þess sama réttar sem Íslendingar kynnu að vilja veita eigin höfundum.

Ég vil ekki gera það að till. minni, að Íslendingar gangi úr Bernarsambandinu, heldur

vil hins vegar skjóta fram þeirri hugmynd, að athugað verði, hvort ekki væri unnt að fá fyrir Íslendinga einhverja þess konar sérstöðu innan Bernarsambandsins og þá jafnframt í sambandi við þann samning, sem hér er um að ræða, að Íslendingar geti gert vel við höfunda sína, án þess að það bakaði þeim þungbærar greiðslur gagnvart erlendum aðilum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til menntmn. með 29 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 18, n. 213).

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Með stofnun Bernarsambandsins 1886 gengust flest ríki Evrópu undir þá skyldu að veita gagnkvæma vernd bókmenntum og listaverkum. Meginákvæði Bernarsáttmálans eru þau, að höfundar í öllum sambandslöndum njóti þeirrar réttarverndar innan hvers sambandsríkis, sem höfundum hvers ríkis um sig er veittur að lögum.

Fyrst þegar Bernarsáttmálinn var gerður, var réttur höfundar til að þýða eða láta þýða ritverk sín á önnur tungumál bundinn við tíu ár. En síðan hefur verið hert á þessu ákvæði með tilliti til þess, að þýðingarréttur sé aðeins einn þáttur höfundaréttar. Nú er það meginregla samkv. Bernarsáttmálanum, að réttur höfundar á verki sínu helzt til æviloka og 50 ár eftir andlát hans. Allan þann tíma hefur höfundur einkarétt á því að þýða eða leyfa þýðingu á verki, sem hefur verið birt í fyrsta sinn í einhverju sambandslandanna eða er óbirt. Frá þessari meginreglu Bernarsáttmálans er þó leyfð undantekning um þýðingar. Í inngöngubeiðni sinni getur aðildarríki tekið það fram, að það áskilji sér rétt til þess, a. m. k. fyrst um sinn, að takmarka vernd gegn óheimilum þýðingum við tíu ár frá útkomu frumrits.

Ísland gekk í Bernarsambandið samkv. lögum frá 1947, en notfærði sér þá heimild, sem veitt er til undanþágu frá aðalreglunni, og áskildi sér rétt til þess að veita aðeins vernd gegn þýðingum í tíu ár frá fyrstu birtingu ritverks, enda er það í samræmi við ákvæði gildandi laga um rithöfundarétt og prentrétt.

Ýmis ríki, þ. á m. stórveldi, svo sem Bandaríkin og Rússland, hafa aldrei gengið í Bernarsambandið. Af því leiddi, að Menningar- og vísindastofnun Sameinuðu þjóðanna beitti sér fyrir því, að gerður yrði nýr millirikjasamningur um vernd höfundaréttar með það fyrir augum að ná til þeirra ríkja um samtök á þessu sviði, sem ekki hafa gengið í Bernarsambandið. Þessi nýi millirikjasamningur um höfundarétt var undirritaður í Genf 6. sept. 1952.

Gildi hins nýja millirikjasamnings liggur í því, að með honum er stofnað til gagnkvæmrar verndar höfundaréttar í fleiri löndum en Bernarsambandið nær til. Með ályktun, sem samþ. var í Sþ. fyrir nokkrum dögum, er ákveðið, að Ísland gerist aðili að hinum nýja allsherjarsamningi um höfundarétt. Þá er óhjákvæmilegt að gera jafnframt breytingu á gildandi lögum um höfundarétt, svo að þau samrýmist ákvæðum millirikjasamningsins. Hið skemmsta, sem hægt væri að ganga í þessu efni, til þess að Ísland geti gerzt aðili að hinum nýja millirikjasamningi, er að lengja tímann, er rit, sem ekki eru orðin almannaeign, njóta verndar gegn þýðingum, úr tíu árum í a. m. k. 25 ár frá fyrstu birtingu þess ritverks, sem verndarinnar nýtur. En í frv. því, sem hér liggur fyrir og flutt er af hæstv. ríkisstj., er lagt til að stíga skrefið að fullu og láta höfund njóta sömu verndar gagnvart þýðingum og hann nýtur með frumrit samkv. lögum um rithöfundarétt og prentrétt, þ. e., að eignaréttur að sömdu máli helzt alla ævi höfundar og 50 ár eftir hann látinn. Um leið og þessi breyting er gerð, samrýmast lögin um rithöfundarétt og prentrétt bæði hinum nýja millirikjasamningi um höfundarétt og meginreglu Bernarsáttmálans um þetta efni.

Þetta sjónarmið hæstv. ríkisstj., sem flutt hefur þetta frv., mun vera byggt á því, að hæpið sé, að Íslendingum muni haldast uppi til langframa að fylgja ekki meginreglu Bernarsáttmálans í þessu efni, því að gert er ráð fyrir, að heimildin til undantekningar verði ekki varanleg, — sú heimild, sem Ísland hefur notfært sér til þessa. Þýðingarrétturinn er og einn þáttur höfundaréttar og því eðlilegt, að hann sé látinn njóta fullrar verndar að íslenzkum lögum.

Menntmn., sem hefur athugað þetta mál, fellst á þetta sjónarmið og mælir með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 27. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 28. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Er forseti hafði lagt til, að frv. yrði vísað til menntmn., mælti

dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég held, að það sé mikið rétt, að segja megi, að frv. eftir eðli sínu eigi heima í menntmn., en sama hefði þá mátt segja um víxla- og tékkafrv. áðan, að þau hefðu átt heima í allshn. Nú eru þau tekin af henni, og er þá ekki nema sanngjarnt, að allshn. fái eitthvað að starfa í staðinn. En sérstaklega vildi ég benda á, að hér er um að ræða málefni, sem varðar þátttöku okkar í alþjóðasamtökum varðandi rithöfundarétt og prentrétt. Það eru töluvert skiptar skoðanir um það, hvort við eigum að halda áfram þátttöku í þessum samtökum, og er vitað mál, að ýmsir þeir, sem hafa fengizt við bókaútgáfu hér, eru því mjög andvígir. Nú hygg ég, að þannig standi á, að a. m. k. einn maður í allshn. og sennilega fleiri séu gjörkunnugir bókaútgáfu, en við höfum ekki slíkum sérfræðingum á að skipa í menntmn. Þess vegna held ég, að þær upplýsingar, sem á þarf að halda í sambandi við þetta sérstaka mál, muni miklu frekar fást við athugun í allshn., og vildi ég því mæla með því, að málið yrði látið ganga til allshn., en ekki menntmn., af þessari sérstöku ástæðu.

Forseti (GíslJ): Út af því, sem hæstv. ráðh. sagði, vil ég aðeins taka það fram, að það hefur verið borin upp till. um að vísa málinu til menntmn. Hv. d. ræður því, hvort hún fellir þá till., en ég sé ekkert á móti því, að hv. menntmn. kalli til sín þann sérfræðing, sem hér hefur verið minnzt á, til þess að ræða við hann um málið, og af þeim ástæðum sé ég enga ástæðu til þess að vísa málinu í þá n., nema því aðeins að d. óski þess sérstaklega. Ég mun því fyrst bera upp þá till., sem kom fram fyrst hér.

Till. um að vísa frv. til menntmn. felld með 9:5 atkv.

Frv. vísað til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 18, n. 733).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég ætti nú sennilega að hafa mjög stutta framsögu fyrir þessu máli og hef það nú reyndar, því að ég hef litla þekkingu á því nema þá, sem ég hef fengið af þeirri ýtarlegu grg., sem liggur fyrir í þessu máli.

Það hefur verið lögð veruleg áherzla á það, a. m. k. af sumum hæstv. ráðherrum, að þetta mál gengi fram, enda er málið komið, eins og aths. við frv. bera með sér, frá ríkisstj. Þremur mönnum, þeim Ólafi Jóhannessyni prófessor, Kristjáni Guðlaugssyni hæstaréttarmálaflutningsmanni og Jóhannesi Elíassyni stjórnarráðsfulltrúa, hefur verið falið að athuga þetta mál, og þeir hafa lagt til, að þær breytingar verði gerðar, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Af frv. sjálfu er ekki auðvelt fyrir hv. þm. að átta sig á því, hvaða breyting er hér gerð, því að eins og 1. gr. ber með sér, þá er vísað til 22. gr. laga um rithöfundarétt og prentrétt. En sú breyting, sem raunverulega er gerð með þessu móti, er sú, að rithöfundar og aðrir listamenn hafa verndun á verkum sínum, ef þetta frv. verður að lögum, í 50 ár í stað 10.

Það er rakið hér í þessari grg., að með því að ganga í Bernarsambandið gerðist það, að við fengjum vernd fyrir okkar listamenn í 10 ár á þeirra andans verkum og aðrir, sem eru í Bernarsambandinu ásamt okkur, hafa sín verk vernduð hér jafnlangan tíma frá því, að frumritið kemur út af bók eða öðru andans verki.

Þessi breyting, sem hér er farið fram á að verði gerð, er raunverulega, eins og tekið er fram í grg., engin breyting á þessu sambandi. Það er enn fremur augljóst af því, sem þessir þrír menn, sem falið var að rannsaka þetta mál, rekja hér í þessari grg., að samkvæmt Bernarsáttmálanum er hægt að fá tryggð andleg verk lengur en 10 ár, þó að við höfum ekki gengið undir þann samning fram að þessu. En þar sem það liggur fyrir, að mörg ríki hafa ekki gerzt aðilar að Bernarsáttmálanum, þá hafa Sameinuðu þjóðirnar — eða ein deild þeirra — beitt sér fyrir því, að þetta sérstaka samband yrði stofnað til þess að vernda andleg verk gagnkvæmt milli þeirra þjóða, sem í sambandið ganga, og kemur því þetta samband við hliðina á Bernarsáttmálanum. En jafnframt verður sú breyting á gerð, að samkvæmt þessum nýja sáttmála eru andans verk þeirra þjóða, sem eru í sambandinu, vernduð í 50 ár í stað 10, eins og segir hér í þessari grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Gildi allsherjarsamningsins“ — þ. e. samnings um þetta nýja samband, sem Sameinuðu þjóðirnar hafa beitt sér fyrir — „liggur þess vegna aðeins í því,“ — það kemur mjög greinilega fram í þessum orðum, hvað hér er um að ræða — „að með honum er stofnað til gagnkvæmrar verndar höfundaréttinda í fleiri löndum en Bernarsambandið tekur til. Hann má því skoða sem eins konar viðbótarsamning við Bernarsáttmálann.“

Þær þjóðir, sem þessir gagnkvæmu samningar mundu ná til utan við Bernarsáttmálann, eru taldar upp hér ofarlega á 4. bls. í grg., og eins og þeir þrír menn, sem hafa athugað þetta mál, benda á, er þetta samband ef til vill ekki mjög mikils virði fyrir okkur nema þá sérstaklega gagnvart einu stórríki, Bandaríkjunum. Hin ríkin eru að vísu merk menningarríki, en ég hygg, að það sé rétt, eins og þeir komast þarna að orði, að það er ekki mikið af bókum þýtt úr málum þeirra þjóða. Og þeir benda jafnframt á það, að ef til vill hefði mátt gera sérstakan samning við Bandaríkin um þessi mál án þess að ganga í þetta samband. Þó er það svo, að þeir leggja einróma til, — og á það hefur ríkisstj. fallizt eða menntmrh., sem stendur að því, að þetta frv. er hér borið fram, — að við gerum þennan allsherjarsamning og breytum löggjöf okkar eins og frv. fer fram á, til þess að svo megi verða, þ. e., að í stað 10 ára tímabilsins í 4.

gr. ætti almenna verndartímabilið, ævi höfundar og 50 ár að auki, að gilda um þýðingar.

Þetta er það, sem gera á og gert verður, ef þetta frv. verður að lögum, að við göngum í þetta allsherjarsamband til viðbótar Bernarsáttmálanum og verndartíminn lengist, eins og ég hef tekið fram. Það er hér lögð áherzla á það, eins og þessir þrír ágætu menn leggja til, að við göngum í þetta samband og samþykkjum þetta frv., til þess að svo megi verða, að Norðurlönd hafi gengið í þetta samband. Hér er einnig skýrt frá till. samnorrænnar nefndar um löggjöf, sem snertir vernd höfunda, eins konar höfundalög fyrir Norðurlönd, og í því samstarfi er gert ráð fyrir, að sameiginleg löggjöf verði fyrir öll Norðurlönd, og byrjað að vinna að því máli, og telja þeir því eðlilegt, m. a. af þeirri ástæðu, að við göngum í þetta samband og förum þar sömu leiðina og Norðurlandabúarnir hinir.

Ég hef þá lagt málið fyrir í höfuðatriðum eins og það er skýrt hér í grg. Að vísu er það svo, að nál. allshn. ber með sér, að n. er alls ekki sammála um þetta mál. Einn af nm., hv. þm. Seyðf. (LJóh), er algerlega andvígur þessu frv., og má gera ráð fyrir því, að hann komi með sínar till. við 3. umr. Það ætti ekki að saka, þó að hann sé ekki hér viðstaddur núna við 2. umr. Hann getur að sjálfsögðu komið fram með allar sínar aths. við 3. umr. sem og hver annar, og eðlilegast held ég að væri nú að láta málið ganga, ef hægt væri, til 3. umr. án verulegra umræðna, því að það má búast við því, að af hans hendi komi fram meginathugasemdirnar. Það er hv. þd. kunnugt af því, sem gerzt hefur í hv. Sþ., að hann er mjög andvígur þessu máli.

Ég er þeirrar skoðunar, að ef það hefur verið rétt, að við gengjum í Bernarsambandið, þá sé það a. m. k. ekki óeðlilegt, að við stígum einnig þetta skref. En hitt tel ég a. m. k. atriði, sem má um deila, hvort það hafi verið rétt, að við gengjum í Bernarsambandið. — Í raun og sannleika er þetta, sem hér er farið fram á, ekki veruleg breyting önnur en sú, að með því að ganga inn í þetta nýja samband nær vernd fyrir íslenzka rithöfunda sérstaklega og aðra þá, sem andleg verk skapa, til fleiri ríkja en áður og verndartímabilið er lengra, eins og ég hef tekið fram.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta mál. Það kemur fram í nál., að það eru fleiri en hv. þm. Seyðf., sem eru a. m. k. mjög á báðum áttum um þetta mál og hafa áskilið sér rétt til þess að hafa þá afstöðu til málsins, sem þeir að lokinni þessari umr. telji eðlilegasta, — mæla raunverulega ekki með frv. nema með þeim fyrirvara.

Páll Zóphóníasson: Ég skal ekki, herra forseti, ganga inn á sjálft málið, en mér þykir afar óviðkunnanlegt og það er óvenjulegt á Alþingi að taka fyrir mál, sem ekki er komið minnihlutaálit um, alveg sérstaklega þegar viðkomandi maður, þm. Seyðf. (LJóh), hefur verið veikur og boðað forföll. Það hefur komið fyrir, að forseti hafi beitt því, þegar ætla má, að átt hafi að svæfa mál. En hér er ekki neinu líku til að dreifa, heldur eingöngu því, að þm. Seyðf. er veikur og forseti sjálfur tilkynnir hans veikindaforföll, en tekur þó málið fyrir með afbrigðum til að fá það afgreitt. Mér þykir það afar óviðkunnanlegt, og satt að segja vil ég mótmæla því og biðja hæstv. forseta að athuga, hvort hann geti ekki beðið með málið, þangað til hv. þm. Seyðf. hefur tækifæri til að skila sínu áliti.

Frsm. meiri hl. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég viðurkenni að vísu, að það er rétt hjá 1. þm. N-M., að þetta má ef til vill telja óeðlilegt. En ég vil þá jafnframt taka fram, að ég álít, að við höfum tekið ákaflega mikið tillit í n. til hv. þm. Seyðf. í þessu máli um drátt á málinu, og það er hv. þm. kunnugt, og ég vil segja, að það hafi nálgazt það að hafa gengið úr hófi. Þess vegna er það, að ég óska, að þetta mál sé tekið fyrir, að það er beinlínis kominn fram sá þingvilji í sambandi við ályktanir, sem gerðar hafa verið hér á Alþ., og í samræmi við lög, sem hér hafa verið samþ., að mikill meiri hl. þm. vildi ganga í Bernarsambandið, og jafnframt hefur verið með miklum meiri hl., ef ekki samhljóða, samþ. þál. um það, að eðlilegt væri, að við gengjum í þetta samband. Ég tel þess vegna mjög varhugavert af n. og kannske sérstaklega mér sem form. að draga þetta mál lengur og sjá fram á, að ef til vill fái ekki hv. d. tækifæri til þess að láta í ljós skoðun sína á þessu máli. Ég er alveg viss um, að þegar hv. 1. þm. N-M. skoðar hug sinn um þetta mál, þá viðurkennir hann það. Og ég veit, að það hefur verið alveg á takmörkunum, að n. hefði leyfi til að taka tillit sem þetta fyrir það, að einn maður hefur verið málinu andvígur, kannske með réttu, ég skal ekkert um það segja, en meðan hann hefur leitað upplýsinga og gert fyrirspurnir í hv. Sþ. um þetta mál. Ég get því ekki mælt með því, að frekari dráttur verði á því, að hv. d. fái að taka afstöðu til málsins, og það ætti engu að spilla í þessu máli, því að mér er kunnugt, að það eru ekki flóknar brtt., sem hv. þm. Seyðf. ætlar að koma fram með. Hann ætlar einfaldlega að leggja til, að málið verði felllt, og fyrir því getur hann alveg eins talað við 3. umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það er alveg rétt hjá frsm., þm. Str., að við drógum málið nokkuð lengi í nefndinni, en ég vil ekki kenna það þm. Seyðf. Ég vil fyrst og fremst kenna það, að þm. Seyðf. var búinn að biðja hæstv. ríkisstj. um ákveðnar upplýsingar, sem hún eftir þingsköpum átti að svara þrem vikum fyrr en hún svaraði þeim, og það var beðið eftir að hún svaraði. Svarið var ekki tilbúið fyrr en þetta. Þess vegna var það, sem dregið var að afgreiða málið. Það var til að fá þær upplýsingar, sem beðið var um til upplýsingar vissum atriðum málsins og ekki fengust frá hæstv. stjórn fyrr en seint og síðar meir. Og það er ástæða til þess að afgreiða málið ekki, nema þm. Seyðf. sé við og fái að segja sitt álit.

Forseti (GíslJ): Út af þeim óskum, sem borizt hafa til mín sem forseta um að fresta umr. þessa máls, vegna þess að hv. minni hl. er fjarverandi, vil ég leyfa mér að benda á, að þessu máli er vísað til allshn. 4. des. s. l. og hefur legið þar allan þennan tíma, en hv. þm. Seyðf. á þar sæti. Ég mun því ekki, með tilliti til þess, hve liðið er á þingtímann, tefja málið lengur við þessa umr., og þar sem enginn hefur kvatt sér hljóðs, þá er þessari umr. um málið lokið og verður gengið til atkvæða. Hins vegar mun ég ekki taka málið til 3. umr. fyrr en hv. þm. Seyðf. gefst kostur á annaðhvort að vera hér við eða láta bera fram, ef veikindi hans skyldu vara lengur, brtt. fyrir sína hönd, og vil þá hins vegar geta þess, að frá honum hafa engin boð gengið til mín sem forseta um að fresta málinu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 83. og 84. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 85. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 18, n. 789).

Frsm. minni hl. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt, er ég einn í þeim hópi, sem álítur, að það hafi verið misráðið, að við gengum á sínum tíma í Bernarsambandið. Ég álít, að við hefðum átt að semja við þau lönd, sem við viljum hafa menningarsamband við, hvert um sig, um gagnkvæma vernd höfundaréttar og þá um leið um, hvernig gagnkvæmum greiðslum fyrir hann verði fyrir komið. Í frv. þessu er farið fram á, að við göngum til viðbótar í alþjóðasamtök um sama efni, og þó standa enn ýmis ríki fyrir utan bæði samtökin og það stórveldi eins og t. d. Ráðstjórnarríkin.

Fyrsti árangurinn af þátttöku okkar í Bernarsambandinu er hinn alþekkti félagsskapur STEF. Í sambandi við fsp., sem ég bar fram í Sþ., upplýsti hæstv. menntmrh., að frá því að við gengum í Bernarsambandið og til síðustu áramóta hefði ríkisútvarpið eitt greitt STEFI 859 þús. kr. fyrir leyfi til flutnings hljómlistar og þjóðleikhúsið greitt á sama tíma fyrir flutning erlendra leikrita og hljómlistar kr. 251749.60. Hins vegar voru gjaldeyristekjur okkar af sams konar réttindum frá útlöndum svo sáralitlar, að ekki þótti vert að setja þær í sérstakan dálk, og var því ekki hægt að upplýsa upphæðina.

STEF mun hafa fengið löggildingu sem fulltrúi eigenda flutningsréttar tónsmíða. Í sambandi við þá löggildingu hljóta að hafa verið sett einhver ákvæði um eftirlit með starfsemi þess félagsskapar.

Ég vil nú leyfa mér að spyrja hæstv. menntmrh., hve mikið af þeim tekjum, sem þetta félag hefur fengið, og upphæðir þær, sem ég nefndi áðan, frá útvarpinu og þjóðleikhúsinu, eru aðeins hluti af tekjum félagsins, hafi raunverulega runnið til eigenda flutningsréttarins og hversu mikill hluti af þeim hafi farið í rekstrarkostnað félagsins, þar með talin málfærslulaun og ferðakostnaður. Um þetta hljóta að vera fyrir hendi upplýsingar frá þessum hálfopinbera félagsskap, sem rn. hefur aðgang að. Nú er sagt, að STEF geri kröfur til þess, að útvarpið greiði til viðbótar 50 kr. á mínútu af öllu efni, sem flutt er af stálþræði í útvarpinu, t. d. ef tekin er upp ræða manns, sem er fjarverandi á flutningstímanum. Annað skal ég ekki fjölyrða um þetta. Tónlistin er alþjóðamál, nóturnar alþjóðastafróf, og þar stöndum við jafnt settir erlendum þjóðum að því leyti.

Það, sem um er að ræða í þessu máli, er rithöfundarétturinn eða réttara sagt ein grein hans, þýðingarrétturinn á erlend mál, og það er einmitt þar, sem mismunurinn á aðstöðu okkar og annarra þjóða okkur til óhags kemur greinilegast í ljós.

Við Íslendingar erum svo fámenn þjóð, að það er í raun og veru furðulegt, að við skulum framkvæma þá fífldjörfu hugsun að halda hér uppi menningarlífi. Af þessu fámenni leiðir, að bækur og tímarit hjá okkur hljóta að koma út í svo litlu upplagi, þrátt fyrir fróðleiks- og lestrarfýsn þjóðarinnar, að mesta sala á bók hjá okkur svarar til lítils upplags af 1. útgáfu erlendis, og ekki mundi gerð tilraun erlendis til að gefa út tímarit í jafnsmáu upplagi og þau íslenzku tímarit koma út í, sem viðlesnust eru. Jafnframt þessu er dýrtíð hér mikil, sem kemur fram bæði í prentunarkostnaði og bókbandi. Við þetta bætist, að þýðingarlaun hér til sæmilegra þýðenda, sem venjulega eru skáldin og rithöfundarnir okkar, eru mun hærri en höfundar fá erlendis sem ritlaun fyrir 1. útgáfu. Það er hér, sem erfiðleikarnir koma verulega í ljós, og hér er aðstaða okkar allt önnur og verri en aðstaða nokkurrar annarrar þjóðar. Af þessum sökum töldum við okkur lengi vel ekki hafa ráð á að ganga í Bernarsambandið og sögðum við aðrar þjóðir, þegar við loks gengum í það 1947 — illu heilli — með þeim fyrirvara, sem við gerðum: Vegna sérstöðu okkar og fámennis treystum við okkur ekki til þess að tryggja rithöfundum ykkar eina grein rithöfundaréttar þeirra, sem sé þýðingarréttinn, í meira en 10 ár frá útkomudegi ritsins, enda munuð þið ekki hafa reiknað með miklum ritlaunum frá okkur. Í stað þess er ykkur svo aftur á móti heimilt að þýða íslenzk rit með sömu skilmálum. Og m. a. til þess að bæta íslenzkum rithöfundum þetta, þá veitum við þeim sérstaka upphæð á fjárlögum árlega til skipta milli sín.

Þó að þessu væri þannig farið, þá veit ég engin dæmi þess, ef um bók hefur verið að ræða, að ekki hafi verið leitað til erlendra höfunda um leyfi á þýðingarrétti, og það þótt ekki væri skylda, og ég veit engin dæmi þess, að komið hafi út erlendis þýðing á bók íslenzks höfundar án leyfis hans. Hins vegar er hér gefinn út mikill fjöldi blaða og tímarita,

og upp í þau eru, að ég hygg, teknar og þýddar greinar og smásögur eftir erlenda höfunda, án þess að leitað sé leyfis, enda væri það algerlega óframkvæmanlegt, tekniskt og fjárhagslega, ef leita ætti leyfis fyrir hverri smásögu eða smágrein, þó að ekki sé tekið tillit til afstöðu gjaldeyrisyfirvaldanna, sem ég síðar vík að.

Við erum því miður ekki settir eins og Saturday Evening Post í Ameríku, sem getur boðið 100 dollara fyrir smellna smásögu, ef hún er ekki meira en 300 orð.

Af bréfi Bóksalafélagsins, sem prentað er sem viðauki við nál. mitt, sést, að síðan við gerðumst aðilar að Bernarsáttmálanum hafa aðrar og þyngri fjárhagslegar kröfur verið gerðar á hendur okkur um greiðslu fyrir þýðingar en áður var. Áður snerum við okkur beint til höfundanna og fengum þýðingarrétt beztu bóka ýmist gefins eða fyrir 5—15 sterlingspund. Nú er krafizt af okkur jafnvel meira gjalds fyrir að fá að þýða bók en okkar rithöfundum er greitt fyrir þýðingarrétt í löndum eins og Ítalíu, Spáni og Suður-Ameríku, miðað við 1. útgáfu, en við annað getum við ekki miðað sökum upplagsstærðar hjá okkur. Hvers vegna er þetta? Það er vegna þess, að svona alþjóðasamningar leiða til þess, að framtakssamir menn mynda félög eins og STEF og ná í sínar hendur þýðingarrétti höfunda og fleyta rjómann af gjaldinu fyrir hann. Til þess að höfundurinn fái þau 15 sterlingspund, sem hann fékk áður beint frá íslenzku útgefendunum, þarf íslenzki útgefandinn nú að greiða 35—50 sterlingspund. Mismunurinn gengur til þess að bera uppi kostnaðinn við íslenzku og erlendu STEFIN, sem að þessu standa og honum er nú sagt að snúa sér til. Ef við höldum áfram að vera í Bernarsambandinu og ef sviðið verður útvíkkað með því að ganga í hin nýju allsherjarsamtök, sé ég ekki annað en að óhjákvæmileg afleiðing verði sú, að stofnuð verði opinber skrifstofa, sem hafi einkarétt til milligöngu um þessi mál, og er ég þó ekki almennt hrifinn af ríkisrekstri.

En þetta er ekki það versta. Það versta í þessu máli er, að þegar maður er búinn að fá leyfi til að láta þýða bók og gefa hana út, fæst venjulega ekki leyfi gjaldeyrisyfirvaldanna til þess að greiða erlendis þær greiðslur, sem samið hefur verið um. Ég hef orðið fyrir því að semja um 100 dollara fyrir þýðingarrétt og fá neitun — að mig minnir þrisvar sinnum — fyrir yfirfærslu á upphæðinni. Ameríska firmað, sem ég samdi við, sagði berum orðum, að þetta væri þjóðarskömm. Það sagði eitthvað á þessa leið: Þið eruð svo fámenn þjóð, að það segir enginn neitt við því, þó að þið þýðið bók frá okkur án leyfis og gefið hana út, en að ómaka okkur til að semja við ykkur um 100 dollara og fá svo ekki leyfi yfirvaldanna til að greiða þetta smáræði er til skammar fyrir alla íslenzku þjóðina. — Í svörum sínum við fsp. mínum í Sþ. skýrði hæstv. menntmrh. frá því, að s. l. 2 ár hafi verið neitað 13 beiðnum um yfirfærslu á gjaldeyri fyrir þýðingarrétt. Því miður nefndi hann ekki upphæðirnar, en ganga má út frá því, að það hafi verið beiðnirnar um hærri upphæðirnar, sem neitað hefur verið um. Af sömu svörum sést, að leyfi hefur verið veitt til yfirfærslu svo sem nú segir:

1948 kr. 3150, 1949 kr. 3750, 1950 kr. 1350, 1951 kr. 15179, 1952 kr. 17103 og 1953 kr. 52661.

Þessar tölur tala sínu máli. Þær sýna, að þó að bókaútgáfa hafi s. l. 2 ár stórdregizt saman, þá hefur erlenda gjaldið þó þrefaldazt frá árinu 1952 til 1953, þrátt fyrir synjanirnar, vegna þess að nú eru erlendu STEFIN farin að taka eftir því, að við erum til. Ég hef lent í því, að eftir margar rukkanir var það aðeins fyrir góðvild norska sendiherrans, að mér var leyft að greiða honum í íslenzkum peningum 1000 norskar kr. fyrir leyfi til þýðingar á bók Sigurðar Hoel, Á örlagastundu, sem margsinnis var búið að synja mér um yfirfærslu á.

Upphæð sú, 52661 kr., sem leyft var að yfirfæra fyrir þýðingarrétt 1953, er í sjálfu sér ekki stórvægileg, þó að ekkert komi á móti erlendis frá. En þegar STEF okkar útvíkkar sig eða nýtt systurfélag þess verður stofnað til þess að krefja inn gjald fyrir þýðingarrétt á hverri erlendri blaðagrein, tímaritsgrein eða smásögu, sem birt verður í íslenzkum dagblöðum, vikublöðum og mánaðarritum, og hverja ljósmynd, sem þar birtist og tekin er úr erlendum ritum, er lítill vafi á, að upphæð þess margfaldast mörgum sinnum, án þess að sjáanlegt sé, að nokkuð komi á móti. Og ef haldið er áfram á þessari braut, er opnuð leið til stórfellds „black mail" möguleika. Ég hef síður en svo á móti því, að við viðurkennum eignarrétt á hugverkum, með þeim afleiðingum, sem af því leiðir. En við verðum sjálfir að setja þau takmörk á þessu eignarréttarhugtaki eins og öðrum hugtökum um eignarrétt, sem hæfa okkur vegna okkar hagsmuna. Hugverk, sem ekki eru síður merkileg en t. d. rithöfundaréttur, eru uppfinningar. Þær eru almennt verndaðar og líka eftir íslenzkum lögum, en sú vernd er miðuð við í fyrsta lagi, að þau séu skrásett til verndar, og í öðru lagi er sú vernd bundin við 15 ár og það í þremur áföngum. Mér skilst, að í Ameríku þurfi að skrásetja rit, til þess að þau njóti verndar, og helzt hún aðeins um vissan tíma án nýrrar skrásetningar. Væri það nú úr vegi, að við settum það skilyrði hér, ef erlendir höfundar óska að áskilja sér íslenzkan þýðingarrétt á bókum sínum eða ritsmíðum, að þeir skrásetji þær? Þá vissu íslenzkir útgefendur, hvert þeir ættu að snúa sér viðvíkjandi höfundarétti þeirra höfunda, sem ekki væri sama, þó að Íslendingar þýddu rit þeirra, af því að þeir óskuðu gjalds fyrir þýðingarréttinn, eða af öðrum ástæðum. Ég skýt þessu aðeins fram sem ábendingu, jafnframt því að ég bendi á, að spurninguna um vernd hugverka almennt verður að taka upp til alhliða rannsóknar í íslenzkri löggjöf og miða svörin við okkar þarfir og getu, en ekki fara að taka upp löggjöf annarra þjóða, þar sem allt öðruvísi stendur á um, þýða hana og gera hana athugunarlaust eða athugunarlítið að okkar löggjöf.

Í því sambandi þarf líka að athuga margar aðrar spurningar, t. d. hvort vernd rithöfundaréttar sé ekki allt of löng eftir íslenzkum lögum. Eftir því sem ráða má af athugasemdunum *við lagafrv.*, *er verndin í Bandaríkjunum miðuð* við tvisvar sinnum 28 ár frá útkomu eða skrásetningu, en hér getur hún farið upp í 110 ár eða meira. Er það sanngjarnt að veita 110 ára vernd á rithöfundarétti og ljósmynd óskrásett, en ekki nema 15 ára á þýðingarmestu uppfinningum eftir endurteknar skrásetningar, sem tekið er gjald fyrir? Á höfundur að eiga rétt til að banna að endurprenta bók eða grein, sem út hefur komið, hversu þýðingarmikil sem hún kann að vera fyrir þjóðina? Átti til dæmis Wennerberg gamli að hafa rétt til að eyðileggja Glúntana og banna útgáfu þeirra, eins og hann hafði mesta löngun til, eftir að hann var orðinn kirkjumrh.? Á ekkert að hugsa um að vernda þjóðlögin okkar fyrir misþyrmingu hávaðasamra manna, sem telja sig tónskáld? Er það sanngjarnt t. d., að blaðagrein sé vernduð þannig, að höfundur hafi rétt alla ævi sína og síðan bú hans 50 ár eftir andlát hans, en að t. d. við, sem höldum þingræður, höfum engan rétt yfir því eða þeir, sem tala á *opinberum fundum*? Þessar og fjöldi annarra og merkari spurningar rísa upp, þegar rætt er um þetta mál. Málið hefur ekki fengið neina alhliða rannsókn hér á landi til þessa. Af nál. um frv. sést, að fyrrv. menntmrh. hefur skipað þrjá ágæta lögfræðinga til að athuga þetta mál, en þetta er aðeins lögfræðihliðin fræðilega, sem þeir hafa athugað, ekki nein alhliða rannsókn. Betra hefði verið, að hann hefði skipað einn lögfræðing og svo menn úr hópi rithöfunda, tónskálda og bókaútgefenda, sem þekktu málið frá praktisku hlið þess.

Það, sem ég fer fram á að nú sé gert, er það, sem gera hefði þurft, áður en við gengum í Bernarsambandið, sem sé að rannsakað sé alhliða, hvað rétt sé að gera í þessu máli, áður en stigið er nýtt skref, sem bindur hendur okkar enn meir en gert hefur verið. Ég hef því leyft mér að fara fram á, að málið verði að þessu sinni afgr. með rökstuddri dagskrá. Til þess að betur komi fram hugsun mín, hef *ég leyft mér að umorða* dagskrártill. nokkuð frá því, sem hún er á þskj. 798, og skal nú, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mér að lesa hana upp umorðaða:

„Í því trausti, að ríkisstj. láti þegar rannsaka til hlítar, hvernig reynzt hefur í framkvæmd innganga Íslands í Bernarsambandið, enn fremur hvernig svo fámenn þjóð sem Íslendingar geti bezt og hagkvæmast skipað gagnkvæmri *vernd höfundaréttar, og leggi niður*stöður sínar fyrir næsta þing, svo og geri þær ráðstafanir, sem hún telur að ekki þoli bið, til þess að tryggja rétt íslenzkra höfunda í Bandaríkjunum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Út af síðustu setningu dagskrártill. skal ég taka þetta fram: Ég vil ekki verða til þess að eyðileggja fyrir íslenzkum höfundum aðstöðu þeirra í Bandaríkjunum í Ameríku. En ég vil ekki heldur kaupa þeim sérstöðu, sem reynast kann þjóðinni allt of dýr. Ég veit líka, að Bandaríkin eru ríki, sem við hljótum að vilja eiga menningartengsl við og verðum því að gera samning við í einu formi eða öðru. Ég álít, að það nægi að tilkynna Bandaríkjamönnum, að við óskum að gera við þá samning um þetta efni og óskum að sá samningur, sem gerður verði, gildi t. d. frá síðustu áramótum. Ég er ekki í vafa um, að þeir verða fúsir til þess, og ég hef góðar heimildir fyrir því, að sams konar samningur, sem þeir gerðu við Finna, hafi verið látinn verka mörg ár aftur í tímann. En áður en sá samningur væri endanlega undirritaður, verður að taka allt málið um vernd hugverka upp til alhliða rannsóknar af nefnd, sem skipuð er hæfum lögfræðingum og fulltrúum þeirra stétta, sem mestra hagsmuna eiga að gæta í sambandi við þetta.

Um varatill. mína skal ég vera fáorður. Ef hv. Ed. — mót von minni — ætlar að taka mál þetta sömu hugsunarlausu lausatökunum og hv. Nd. tók það að ráðum háværra grenjaskyttna, finnst mér þó, að það minnsta, sem krefjast verði, meðan verið er að athuga, hvaða afstöðu löggjafinn á að taka til hugverka yfirleitt, sé, að sem minnst sé gert til að binda hendur hans fyrir fram. Lögfræðinganefndin, sem aðeins hefur rannsakað málið frá fræðilegu lögfræðilegu sjónarmiði, segir, að til þess að komast í alþjóðasamtökin nægi að lengja verndartímabilið fyrir þýðingarréttinn upp í 25 ár í stað 10 ára, eins og nú er.

Ef ekki er hægt að fá d. til þess að fresta málinu um nokkra mánuði, sem áreiðanlega er hægt að gera að skaðlausu fyrir íslenzka höfunda, ætti þó að sjálfsögðu ekki að gera meiri breytingar á gildandi lögum en nauðsynlegar eru til þess, að tilgangur frv. náist, meðan málið í heild er með öllu órannsakað.

Ég bið hv. dm. að afsaka, hve ég hef verið langorður um þetta mál, en ég held, að verið sé hér að fara fram á, að við stígum óhappaspor, sem getur orðið þjóðinni dýrkeypt í framtíðinni, ef það er stigið. Ég skal svo leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa dagskrártillögu.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er flutt af hálfu stjórnarinnar, menntmrn., snemma á þinginu, en hefur tafizt nokkuð og blandazt inn í það, sem von er, viðtækari bollaleggingar um alla afstöðu okkar varðandi það, sem nú er kallað vernd hugverka, og þar með starfræksla félagsins STEFS.

Út af fyrir sig er það þó sérstakt málefni, *hvort menn treysta sér til og vilja veita* þá auknu vernd á ritverkum, sem þetta frv. fjallar um og einungis er um aukna vernd á þýðingum frá því, sem verið hefur. Það er atriði út af fyrir sig. Hins vegar er sú aukna vernd forsenda þess, að því er fróðir menn hafa talið, að við getum gerzt aðilar að samningi við Bandaríkin um almenna vernd hugverka. En svo kynni að vera, að menn treystu sér alls ekki til þess að veita þessa auknu

vernd rithöfundaréttarins, sem farið er fram á í frv., en óskuðu þó eftir því, að almennur samningur væri gerður við Bandaríkin. Á sama veg kann að vera, að menn telji rétt að veita þá auknu vernd, sem í lögunum segir, en vilji þó láta athuga betur, hvort gera eigi þennan samning við Bandaríkin. Um það er að vísu búið að samþ. sérstaka þál. í Sþ., en hugsanlegt væri, að ríkisstj. teldi, að áður en þeirri heimild væri beitt og þó að það frv. væri samþ., sem hér liggur fyrir, þá væri þetta mál enn allt í heild of óljóst til þess, að tímabært væri að gera samninginn við Bandaríkin, áður en frekari athugun ætti sér stað. Loks er það hugsanlegt, að menn telji rétt vera að samþ. þetta frv. og beita heimildinni um það að gera samninginn við Bandaríkin, sem þetta frv. er forsenda fyrir, að því er mér hefur verið tjáð, en telji þó rétt að rannsaka starfsemi félagsins STEFS alveg sérstaklega. Og því er ekki að neita, að það er óheppilegt fyrir þetta mál í heild og fyrir skilning á því, hversu mjög félagið STEF hefur dregizt inn í þessar umræður og hvern bægslagang að minnsta kosti sumir forustumenn þess hafa haft í frammi við þetta mál og gefið upplýsingar, sem vægast sagt eru sízt til þess lagaðar að gera mönnum grein fyrir, um hvað er að ræða.

Varðandi nauðsyn þess að gera þennan samning við Bandaríkin, — og samkvæmt því, sem fullyrt er, þá er samþykkt þessa frv. forsenda þess, að hann verði gerður, — þá er á það að líta, hvort við höfum tapað fé eða líklegt sé, að við töpum fé í náinni framtíð af því að hafa ekki gert þennan sérstaka samning við Bandaríkin. Hv. þm. Seyðf. gat þess, að hann vissi engin dæmi þess, að íslenzk ritverk hefðu verið þýdd á erlenda tungu að höfundi forspurðum og án þess að fengið væri leyfi til þess. Og það er kunnara en frá þurfi að segja, að fyrir nokkrum árum var þýtt ritverk eftir Halldór Kiljan Laxness á ensku og birt í Bandaríkjunum, og þó að við hefðum engan rithöfundasamning þá gert við Bandaríkin, fékk Halldór Kiljan Laxness greidd ritlaun — mjög rífleg ritlaun eftir okkar hugmyndum, þó að nú sé komið fram, eða því sé haldið fram a. m. k., að verulegur hluti þeirra hafi gengið til ýmiss konar umboðsmanna. En þetta dæmi virðist benda til þess, að okkur sé minni nauðsyn á því að gera þennan samning við Bandaríkin heldur en sumir vilja álíta. (Gripið fram í.) Já, vafalaust hefur verið þýtt þar eftir Gunnar Gunnarsson líka og hann fengið greiðslur þaðan, eftir því sem hv. þm. N-M., sem er því máli nákunnugur, nú segir frá. En í þessu sambandi er þó rétt að geta þess, að ég hef hér með höndum bréf frá einum helzta tónlistarmanni og tónskáldi íslenzku, þar sem hann skýrir svo frá, með leyfi hæstv. forseta (ég held, að það sé ekkert leynilegt í því bréfi að efni til, svo að það er rétt, að það komi hér fram):

„Forstjóri tónlistardeildar The American Scandinavian Foundation, New York, Mr. David Hall, hefur í bréfi til mín skýrt mér frá því, að tónverk eftir mig hafi verið leikið í útvarp frá Boston og endurvarpað af 60—80 stöðvum í Bandaríkjunum. Fyrir þetta eina verk, sem er alllangt, mundi ég hafa fengið allálitlega fjárhæð, ef verkið hefði notið verndar í Bandaríkjunum. Heyrt hef ég nefnda upphæð, sem svari 30—40 þús. kr., og var um það skrifað í eitt af dagblöðum bæjarins, en um þetta get ég þó ekkert fullyrt.

Nú er mér tjáð, að verk, sem leikið hefur verið þar í landi 6 mánuðum áður en verndarsamningar eru gerðir eða fyrr, verði þaðan í frá réttlaust með öllu í Bandaríkjunum. En nákvæmar upplýsingar um þetta hefur mér reynzt erfitt að fá."

Þetta les ég úr bréfi þess ágæta tónskálds, sem hér á hlut að máli. Og ég verð að segja, að ef þær upplýsingar, sem hér eru gefnar, eru réttar, þá eru þar færð mjög veruleg og athyglisverð gögn fyrir því, að við eigum sem fyrst að gera þennan samning við Bandaríkin.

En málið er þó ekki svona einfalt, vegna þess að ég hef með höndum gögn frá STEFI, sem ekki verða skilin á annan veg en þann, að eftir þeim samningum, sem STEF hafi gert, muni ekki neitt af þessum tekjum hafa runnið til hlutaðeigandi tónskálds, heldur hafa runnið til ameríska STEFS, þannig að það, sem hér væri um að ræða, mundi þess vegna verða vernd, sem kæmi að gagni því ameríska STEFI, en ekki hinu íslenzka tónskáldi. Á reikning STEFS, sem er dags. 17. apríl 1953, er skrifað með hendi framkv.stj. þess félags, Jóns Leifs: „Þar sem gerðir voru samningar um jafnvirðisskipti við erlend sambandsfélög, var hætt greiðslum til STEFS frá útlöndum frá árinu 1952." Samkvæmt þessari yfirlýsingu, sem kemur heim við önnur gögn málsins, virðist vera ótvírætt, að STEF heldur þeim tekjum, sem það fær af allri tónlist leikinni hér í landi, en fær ekkert fyrir þá íslenzku tónlist, sem er leikin erlendis, meðan þeir samningar eru í gildi. Ég lét þess vegna spyrja STEF um það í morgun, hvort það væri rétt, að hlutaðeigandi íslenzkt tónskáld, sem ég vitnaði í áðan, mundi hafa fengið þetta fé frá Bandaríkjunum, eins og því hefur auðsjáanlega verið tjáð, og þá var byrjað með því að fullyrða, að svo mundi vera, að þetta fé mundi hafa runnið til hins íslenzka tónskálds. Ég gat því miður ekki sjálfur talað við þá menn, sem þessar upplýsingar gáfu, en þegar ég fékk þær upplýsingar, þá benti ég þeim fulltrúa mínum, sem annaðist upplýsingaöflunina fyrir mína hönd, á, að þetta kæmi í bága við þá yfirlýsingu STEFS, sem ég gat um hér áðan, og önnur gögn málsins og lét spyrja aftur, og þá fengust ákaflega loðin svör, nánast þau, að því er fulltrúa mínum skildist, að íslenzka STEF mundi hafa borgað þetta fé, en ameríska STEF væri alls ekki skyldugt til þess að endurgreiða hinu íslenzka STEFI þessa fjárhæð. Virtist þá svo sem þetta ætti að borgast af því fé, sem innheimt er hér innanlands, en mundi alls ekki koma utanlands frá, enda kemur það alveg heim við allar yfirlýsingar STEFS, því að það tjáir ekki að segja, að um jafnvirðisskipti sé að ræða og jafnvirðissamningar

hafi verið gerðir og að við ættum svo engu að síður að heimta fé erlendis frá, ef eitthvað fé kemur þar inn. Þetta er þó því miður allt ákaflega óljóst og erfitt að gera sér grein fyrir, fyrir hvern er verið að vinna í þessu, a. m. k. í bili. Segja má að vísu sem svo, að varðandi langa framtíð hljóti að vera ljóst, að ef íslenzkir rétthafar njóti ekki verndar erlendis, þá sé ekki hægt að halda við þeim jafnvirðissamningum, sem gerðir hafi verið. En eins og þetta horfir í bili, þá á þessi röksemd ekki við, ef hinar almennu upplýsingar eru réttar, sem STEF hefur gefið.

Enn fremur hlýtur sú spurning að vakna, hvort íslenzkir rithöfundar gætu ekki alveg á sama hátt og bandarískir rithöfundar og listamenn njóta nú þegar verndar á Íslandi, af því að þeir hafa skráð verk sín í löndum, sem nú þegar hafa samninga við Ísland, notið verndar í Bandaríkjunum með því að láta skrá verk sín í einhverju þessara samningslanda. Mundi þá ekki það sama gilda gagnvart Bandaríkjunum, að það nægði að láta skrá verkin í þeim löndum, sem nú þegar eru búin að fá þessi réttindi í Bandaríkjunum? Þetta get ég ekki fullyrt um og veit ekkert um það, en ákaflega er eðlilegt, að menn hljóti að velta slíkri spurningu fyrir sér.

En aðalgallinn er sá, að það hefur auðsjáanlega alls ekki verið sagt a. m. k. til hlítar frá því hér eða stjórnarvöldum eða almenningi gerð grein fyrir öllum þeim réttarreglum og samningum, sem eiga sér stað um þessi efni, þannig að menn hafa algerlega rangar hugmyndir um það, hvað í öllu þessu felst, og þrátt fyrir þær umr., sem orðið hafa, og upplýsingar, sem ég hef reynt að afla mér, þá get ég ekki gert mér grein fyrir á þessu stigi, hvort við munum bíða tjón af því, ef þessari löggjöf verður nú frestað, eða ekki. Þegar ég bar frv. fram í haust, var ég sannfærður um, að það væri nauðsynlegt, eftir þeim upplýsingum, sem þá lágu fyrir, en samkvæmt þeim viðbótarupplýsingum, sem ég hef síðan fengið, og þeim ófullnægjandi greinargerðum, sem STEF hefur látið frá sér fara, þá skortir mig því miður í dag alla sannfæringu í þessu efni, en vil þó benda á, að það kann vel að vera, að í einstökum tilfellum kunnum við að missa einhvern rétt, ef þessi samningur er ekki gerður hið allra bráðasta. Þess vegna mundi ég telja það aukið öryggi, ef löggjöfin væri nú sett, þó því aðeins að menn treystu sér þá að standa við það að láta þýðingarnar fá þá mjög auknu vernd, sem með þessari löggjöf á að veita, vegna þess að í því felst auðvitað nýtt álag á íslenzka lesendur, — því er ekki að neita, — íslenzka bókakaupendur og jafnvel bókaútgefendur og blaðaútgefendur. Í því felst viss ný byrði, sem þessir aðilar taka á sig. Og eru menn þá reiðubúnir til þess að taka á sig þá byrði til þess að firra þeirri hættu, sem kynni að sannast að vera við það að láta nú málið enn dragast til frekari upplýsinga?

Þetta hef ég að segja um sjálft efni málsins, eins og það nú liggur fyrir. Varðandi hins vegar starfrækslu STEFS, sem — eins og ég segi — illu heilli, en þó kannske eðlilega, hefur mjög dregizt inn í þetta mál, þá vil ég fara um það efni nokkrum orðum vegna fyrirspurna hv. þm. Seyðf. til mín, fyrirspurna, sem ég er á engan veg undirbúinn að svara í dag, vegna þess að ég vissi ekki um, að þær lægju fyrir. En af því tilefni vil ég taka fram, að það er nokkur erfiðleiki á því að eiga skipti við STEF. Félagið er skyldugt innan vissra tímamarka að senda reikninga sína til menntmrn. Þau tímamörk varðandi reikninga fyrir síðasta ár eru nú fyrir alllöngu liðin, en sá reikningur er enn ekki kominn. Ég lét ganga eftir honum fyrir helgina og óskaði eftir, að hann lægi fyrir nú í dag, þegar ég vissi að þetta mál mundi verða til umr., og því var algerlega neitað og sagt, að hann væri alls ekki fyrir hendi.

Ég hafði einnig fyrir nokkru óskað eftir því að fá að sjá, ekki til almennrar birtingar, heldur til þess að rn. gæti betur áttað sig á, um hvað er að ræða, þá úthlutun til íslenzkra tónskálda, sem STEF hefur ekki alls fyrir löngu látið fram fara. Mér var algerlega neitað um að fá þessa úthlutun og sagt, að hún mundi ekki verða látin í té. Ég vil lýsa því hér, að ég tel, að þetta sé með öllu óviðunandi, og ef STEF stendur við það að neita rn. að kynna sér slík gögn, þá efast ég mjög um, að það sé verjanlegt vegna almennra hagsmuna að láta STEF halda þeirri löggildingu, sem félagið hefur haft, vegna þess að það er auðvitað forsenda fyrir þeirri löggildingu, að þeir, sem á henni bera ábyrgð, eigi þess kost að sjá, hversu miklar fjárhæðir hér er um að ræða og hvernig þeim sé varið.

En þess er þá einnig að geta, að jafnvel þeir reikningar, sem fyrir liggja frá þessu fyrirtæki, eru ákaflega ófullnægjandi. Það eru þó í þeim vissar eftirtektarverðar upplýsingar, eins og t. d. að 1949 — og þá voru tekjurnar alls samkvæmt reikningnum rúmlega 128 þús. — voru tekjur af flutningi erlendis þó ekki meiri en 1273 kr. Það var áður en þessi jafnvirðissamningur var gerður. 1950 voru tekjur af flutningi erlendis um 2510 kr., en tekjur félagsins alls rúmar 132 þús. kr. 1951 eru tekjur félagsins alls tæpar 150 þús., en tekjur af flutningi erlendis 1940 kr. Árið 1952 voru tekjur af flutningi erlendis 381 kr., en tekjur félagsins alls 416 þús. kr., en á því ári kemur þessi jafnvirðissamningur til greina, og eftir að hann kemur til greina, þá eiga Íslendingar ekki að fá neitt erlendis frá, svo að það er von, að sú fjárhæð á því ári væri lítil.

Við sjáum, að tekjur félagsins stóraukast á árinu 1952, en það er ákaflega erfitt að átta sig á, hvaðan tekjurnar koma, vegna þess að þar stendur „tekjur frá 1950 og 1951“ án nokkurrar nánari greinargerðar, og þær eru 184 þús. Tekjur af útvarpsflutningi o. fl. 1952 eru 231 þús. rösklega, vextir 201 kr. og svo þessi smáræðisupphæð erlendis frá. Slík reikningsgerð er nánast sagt einskis virði, þannig að menn standa þarna í raun og veru frammi fyrir því, að það er komin hér stofnun, sem fær mikið

fé í hendur í skjóli löggjafans og sérstakrar löggildingar, án þess að hún geri nokkra grein fyrir því, hvaðan peningarnir eru komnir. Á þessu ári, 1952, þegar tekjurnar eru þessar, sem ég segi, þá virðist mér, að úthlutað hafi verið til íslenzkra rétthafa 36 þús. kr. rösklega. En hins vegar er óráðstafað í árslok rúmlega 222 þús. kr., sem þá hefur sennilega verið úthlutað á árinu 1953. Þeir reikningar eru ekki komnir fram enn þá, og þó að hinn lögorðsbundni dagur sé fyrir alllöngu liðinn, hefur menntmrn. beinlínis verið neitað um greinargerð fyrir, hvernig þeirri úthlutun hafi verið varið. Á því ári, 1952, þegar allar tekjurnar eru 416 þús., — þar af eru 184 þús. frá árunum 1950 og 1951, — er kostnaðurinn við reksturinn 193 þús. kr., þannig að ef um væri að ræða einungis taldar tekjur af árinu 1952, þá mundi það ekki gera miklu meira en standa undir kostnaðinum við reksturinn.

Ég skal ekki ræða um þetta frekar. Ég get ekki svarað í einstökum atriðum þeim spurningum, sem fram voru lagðar, vegna þess að ég átti ekki von á því, að þær kæmu hér fram, og vegna þess að það verður að segja þá sögu eins og hún er, að STEF hefur neitað að láta mér í té nægileg gögn, til þess að ég geti með nokkru móti skynsamlega áttað mig á þessu máli eða gert í því nokkrar rökstuddar till. til Alþ. á þessu stigi málsins. Það tjáir auðvitað ekki fyrir stofnun, sem slík hlunnindi hefur eins og STEF, að ætla að neita stjórnarvöldum um þá samvinnu, sem STEF hefur nú neitað menntmrn. um, og í stað þess einungis með skömmum og yfirlýsingum í blöðum að reyna að hræða menn til þess að fylgja máli, sem í raun og veru enginn áttar sig á, hvers eðlis er. Það er auðvitað alveg rétt og nauðsynlegt, að hugverk íslenzkra listamanna, rithöfunda og tónskálda eiga að fá fulla vernd, en við verðum að átta okkur á, hvers eðlis sú vernd er. Og enn þá hefur þessi vernd ekki orðið til þess, eins og talið var, sérstaklega að greiða fyrir „útflutningi íslenzkra andlegra afurða," eins og einhver komst svo smekklega að orði, heldur til þess, að erlendar „andlegar afurðir," sem menn áður tóku sér hér kannske á meira og minna rangfenginn hátt til notkunar innanlands án þess að greiða mikið fyrir, eru nú fullu verði greiddar. Að vísu fá ekki hinir erlendu rétthafar þessar greiðslur enn þá til sín nema að mjög litlu leyti, heldur er það tiltekin stofnun íslenzk, sem tekur tekjurnar til sín og ráðstafar þeim á þann veg, að hún neitar að láta íslenzk stjórnarvöld fylgjast með því til nokkurrar hlítar, hvernig það er gert.

Ég tel þess vegna, og það er það eina, sem ég get sagt í þessu, að það sé brýn nauðsyn af hálfu þess opinbera, að grandskoðuð sé starfsemi STEFS. Ég held því ekki fram, að þar eigi sér stað neitt ólögmætt eða allra sízt nokkuð „kriminelt", — ég vil taka það alveg skýrt fram, að í því, sem ég segi, felst ekki nokkur aðdróttun um það, — en það er ljóst, að hér er undir opinberri vernd verið að reka þá starfrækslu, sem er alveg nauðsynlegt að hið opinbera fái betri kost á að fylgjast með heldur en því nú er veittur, og ef STEF fæst ekki til gagnkvæmrar samvinnu við ríkisvaldið um þetta, þá verður ríkisvaldið að segja upp samvinnunni af sinni hálfu.

Frsm. minni hl. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir hans greinagóðu ræðu og þær upplýsingar, sem hann gaf í sambandi við fyrirspurnir mínar um STEF, sem þó gátu ekki verið fullkomin svör, vegna þess að það fáheyrða fyrirbrigði skeður, að félag, sem er löggilt af ríkisvaldinu, neitar um sjálfsagðar upplýsingar.

Af ræðu hæstv. dómsmrh. fannst mér mega ráða það, að jafnvel hann væri ekki búinn að gera upp við sig, hvað rétt væri að gera í þessu máli. Ég get ekki skilið það öðruvísi en sem meðmæli með því, að rökstudda dagskráin, sem ég leyfði mér að bera fram, verði samþ. Í sambandi við það vil ég taka fram, að hún var einmitt umorðuð þannig, þegar ég kom fram með þessa nýju till., að stjórnin gæti að athuguðu máli, ef hún teldi þörf til þess að tryggja íslenzka höfunda í Ameríku, gefið sjálf út bráðabirgðalög, til þess að svo gæti orðið. Hitt virðist mér liggja í augum uppi, að á meðan allt er þannig á huldu með málið, fari d. ekki að óþörfu að gera blaðaútgefendum, bókaútgefendum og tímaritaútgefendum þann stóraukna kostnað, sem hlýtur að leiða af samþykkt frv. eins og það liggur fyrir, vegna þess að um leið og það er samþ. sem l. og þau staðfest, þá eru þau búin að fá gildi gagnvart öllum þjóðum, sem eru í Bernarsambandinu, en einmitt núna höfum við fyrirvara um þetta efni.

Ég verð því mjög að endurtaka tilmæli mín til d. um, að hún samþ. þá rökstuddu dagskrá, sem ég hef borið fram, og ég fullvissa um, að rétt okkar ágæta tónskálds, Páls Ísólfssonar, og annarra er vandalaust að tryggja með því að fara fram á það við Bandaríkjastjórn, að sá samningur, sem gerður verði, verði látinn taka gildi frá fyrri tíma heldur en hann verður endanlega undirritaður.

Ég skal svo ekki tefja tímann með því að fjölyrða um þetta.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 829 samþ. með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJóh, PZ, SÓÓ, AE, IngF, JJós, JK, KK, GíslJ.

nei: VH, BrB, HermJ.

BSt, BBen, HG greiddu ekki atkv.

2 þm. (FRV, GÍG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Ég hefði haldið, að það væri nauðsynlegt, að þessi löggjöf yrði samþ. til tryggingar hugverkum, en með tilvísun til þeirra upplýsinga, sem fram hafa komið, sérstaklega frá hæstv. ráðh., segi ég já við dagskránni.

2. Almannatryggingar (frv. BrB og FRV).

Á 9. fundi í Sþ., 19. okt., var útbýtt frá Ed.: *Frv. til l. um framkvæmd á heilsugæzlukafla l. um almannatryggingar, nr. 50 1946, og um afnám iðgjalda hinna tryggðu samkv. þeim lögum* [57. mál] (þmfrv., A. 67).

Á 7. fundi í Ed., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Við flm. þessa frv. fluttum frv. í fyrsta skipti árið 1951. Það fékk þá enga afgreiðslu hér í þessari hv. d. Nefndin, sem því var vísað til, tók það aldrei til meðferðar og skilaði ekki nál. Nú flytjum við frv. á ný, og við teljum það sérstaklega tímabært nú, vegna þess að í ráði er, að á þessu þingi verði afgreidd ný skattalög. Þetta eru mál, sem heyra saman og eiga að afgreiðast samtímis. Það er nauðsynlegt að afgreiða skattalög á sama þingi og þetta mál, og við teljum, að skattal. eigi ekki að endurskoða, nema um leið verði ákveðið, hvaða stefnu eigi að fylgja eftirleiðis að því er varðar persónugjöld almannatryggínganna.

Frv. þetta er mjög einfalt að formi, en það felur þó í sér tvö mjög mikilsverð atriði. Það er að öðrum þræði tryggingamál og að hinu leyti skattamál. Fyrra atriði er þess efnis, að III. kafli laga um almannatryggingar, kaflinn um heilsugæzlu, skuli koma til framkvæmda 1. jan. 1954. Framkvæmd þessa kafla hefur verið frestað hvað eftir annað, en samkvæmt núgildandi lagaákvæðum á hann að koma til framkvæmda 1955. Með þessu frv. er lagt til, að þessi kafli komi til framkvæmda ári fyrr, og við teljum, að ekki ætti að vera neitt því til fyrirstöðu, ef vilji er fyrir hendi og undirbúningur þegar hafinn og hraðað með þennan frest í huga, enda er nú drátturinn á framkvæmd þessa mikilvæga þáttar almannatryggingalaganna orðinn ærinn.

Hitt atriðið er persónuiðgjöldin, að persónuiðgjöld, þar með talin iðgjöld til sjúkrasamlaga, falli niður. Þetta hvort tveggja þarf að koma til framkvæmda samtímis. Ef iðgjöldin falla niður, er einsætt að taka upp það skipulag, sem gert er ráð fyrir í l. eins og þau voru afgreidd 1946, að öll tryggingastarfsemi verði sameinuð í eitt og sjúkrasamlögin þá lögð niður. Við álítum, að mjög sterk rök hnígi að því að fara þá leið, sem hér er lögð til. Undanfarið hafa iðgjöld til tryggínganna og sjúkrasamlagsiðgjöldin hækkað gífurlega, og nú er svo komið, að kvæntur maður á fyrsta verðlagssvæði, þar sem sjúkrasamlagsiðgjöld eru 27 kr. fyrir einstaklinga á mánuði, eins og í Reykjavík, greiðir 1362 kr. á ári til trygginganna. Samtímis hafa hlunnindi sjúkrasamlaganna verið stórlega rýrð. Þetta er engin smáræðis upphæð, 1362 kr. á ári. Fyrir allan almenning er þetta miklu hærri upphæð en allur tekjuskatturinn. Hvað þýðir þetta? Það þýðir, að það er verið að hverfa meir og meir frá meginreglunni um stighækkandi skatt, einnig við álagningu hinna beinu skatta. Þegar skattalögin voru sett, var ætlazt til þess, að einmitt þeirri meginreglu yrði fylgt, að skattarnir færu stighækkandi. En þegar nú mikill meiri hluti beinu skattanna, sem á almenningi hvíla, er orðinn nefskattur, þá er horfið frá þeirri reglu. Við flm. þessa frv. leggjum til, að það verði horfið til hennar aftur að þessu leyti.

Þegar litið er á aðra tekjustofna ríkisins, kemur þó enn skýrar í ljós, hversu lítið brot hinn stighækkandi tekjuskattur er af öllum ríkistekjunum. Tollar og óbeinir skattar, að meðtöldum bátagjaldeyri, nema nú hvorki meira né minna en milli 11 og 12 þús. kr. á hverja 5 manna fjölskyldu á landinu og allt að 15 þús., ef tekjur af einkasölum eru taldar með. Sú fjárfúlga, sem ríkið innheimtir beinlínis, er a. m. k. fjórðungur af öllum þjóðartekjunum, en þar af er tekju- og eignarskattur, eini skatturinn, sem lagður er á eftir efnum og ástæðum, aðeins um 10%, ef tryggingargjöldin eru talin með. Þessar tölur sýna, að það er fyrir löngu horfið frá þeirri reglu að skattleggja þegnana í hlutfalli við efnahagsgetu þeirra, þ. e. með stighækkandi skatti, þ. e. a. s., ríkið er horfið frá þessari reglu, bæjarfélögin fylgja henni hins vegar með útsvörunum. Enda þótt tollar séu ranglátir, þá tel ég, að nefskattar eins og tryggingagjöldin séu enn þá ranglátari. Það er þó hægt að komast undan nokkru af tollunum með því að láta vera að kaupa hinar hátolluðu vörur. En tryggingagjöldin er ekki hægt að komast hjá að greiða, a. m. k. ekki nema sjálfum sér til tjóns. En því miður eru það nú samt allt of margir, sem gera það og falla þannig út úr tryggingu og venjulega vegna þess, að greiðslan er þeim um megn. Einkum eru brögð að þessu, þegar atvinnuleysi steðjar að. Og þá er komið að einum rökunum enn fyrir því að taka upp þetta fyrirkomulag, sem hér er lagt til. Almannatryggingarnar eru því aðeins raunverulegar almannatryggingar, að allir séu í réttindum.

Þetta fyrirkomulag mundi vitaskuld hafa í för með sér mjög mikinn sparnað fyrir tryggingarnar. Allur kostnaður við innheimtu gjalda mundi falla niður, kostnaður sá, sem nú er við rekstur sjúkrasamlaganna, mundi að mestu leyti sparast, og það er ekki lítil upphæð.

Hvað hér er um mikið fé að ræða, sem afla yrði á annan hátt og ríkissjóður yrði að leggja fram, hef ég ekki tæmandi upplýsingar um. Persónuiðgjöld alþýðutrygginganna eru nú um 33 millj. kr. samkvæmt áætlun fyrir næsta fjárhagsár. Við þetta bætist svo kostnaður við rekstur sjúkrasamlaganna, og ætti að vera tiltölulega auðvelt fyrir þn. að fá skýrslur um það.

Hæstv. ríkisstj. hefur nú boðað lækkun tekjuskattsins. Það liggur því fyrir, að hæstv. ríkisstj. telur sér fært fjárhagsins vegna að lækka beinu skattana. En sú skattalækkun, sem mundi koma almenningi og fyrst og fremst þeim tekjuminnstu að langmestum notum, er einmitt sú, sem hér er lögð til, eins og ég þykist

nú hafa sýnt nógsamlega fram á. Auk þess mundi þetta miða að því að gera skattalöggjöfina einfaldari og auðveldari í framkvæmd. En einmitt þetta sjónarmið skal hafa í huga við endurskoðun skattal. samkvæmt þeirri þáltill., sem samþ. var hér á síðasta ári. Þar segir svo: „Lögð skal einnig áherzla á að gera skattalöggjöfina svo einfalda og auðvelda í framkvæmd sem frekast er unnt.“ Eins og ég hef áður sagt, verður þetta að vera einn þátturinn í þeirri endurskoðun skattalöggjafarinnar, sem ætlazt er til, að framkvæmd verði á þessu þingi.

Sumir munu nú ef til vill halda því fram, að það gegni öðru máli um tryggingar en aðra þjónustu hins opinbera. Það sé sjálfsagt, að menn greiði iðgjöld til trygginganna, kaupi sér persónulega tryggingu. Þessir menn líta á alþýðutryggingarnar eins og hverja aðra vátryggingu. Þetta sjónarmið álít ég alrangt. Við verðum að venja okkur á að líta á almannatryggingarnar sem hverja aðra opinbera þjónustu, nauðsynlega og óhjákvæmilega í hverju nútíma þjóðfélagi, alveg eins og skóla, löggæzlu o. s. frv. Það er frá mínu sjónarmiði ekki hótinu meiri ástæða til þess að kostnaður við tryggingar sé greiddur með nefsköttum en t. d. kostnaður við skóla og löggæzlu og aðra nauðsynlega opinbera þjónustu.

Ég geri ráð fyrir, að skattafrv. fyrirhugaða komi til fjhn., og vegna þess, sem ég hef áður sagt um samhengi þessara tveggja mála, þá legg ég til, að þessu frv. verði einnig vísað til hv. fjhn. Og ég treysti því, að það fái þar afgreiðslu. Ef hv. alþm. þykir stigið of stórt skref með því að afnema persónuiðgjöldin, þá er a. m. k. nokkuð fengið, ef samkomulag gæti orðið um að lækka þau verulega, um leið og allt tryggingakerfið yrði sameinað, eins og hér er lagt til. Ég treysti því, að hv. n. taki málið til vandlegrar meðferðar.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að ræða um efni þessa frv. á þessu stigi, en hv. fyrri flm. lagði til, að frv. yrði vísað til fjhn., sem ég á sæti í. Ég álít, að þetta mál eigi annars staðar heima en í fjhn., þó að segja megi, að till. hv. flm. væri eðlileg afleiðing af því, hvernig hann reifaði málið, því að hann fjallaði um þetta mál aðallega sem skattamál. En það hefur nú ekki hingað til verið litið svo á, að iðgjöld í tryggingum, hverjar sem þær eru, væru skattur í þeirri merkingu, sem hingað til hefur verið lögð í orðið skattur. Þess konar mál, tryggingamálin öll, hafa undanfarið, ef ég man rétt, verið í heilbr.- og félmn. deildanna, og mér finnst það sá rétti vettvangur fyrir slík mál, því að þetta er þó frv. til l. um breyt. á vissum kafla laga um almannatryggingar, en ekki á skattalögum. Ég geri því það að till. minni, að frv. sé vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Flm. (Brynjólfur Bjarnason): Ég lagði til, að frv. yrði vísað til hv. fjhn., vegna þess að ég taldi meiri líkur til, að það fengi athugun og afgreiðslu í þeirri n. vegna þess, eins og ég sýndi fram á, að þetta mál þarf að ræðast samtímis skattal., sem afgreidd verða á þessu þingi. Færði ég fyrir því rök, sem ekki hefur verið mótmælt, og þess vegna lagði ég einmitt til, að málinu yrði vísað til fjhn. Hins vegar geri ég ráð fyrir því, að fjhn. hafi samráð við heilbr.- og félmn. að því er snertir þau atriði frv., sem alveg sérstaklega má telja tryggingamál, og það er náttúrlega tryggingamál að forminu til, þar sem er um að ræða breyt. á l. um almannatryggingar. Sem sagt, af þessum ástæðum held ég fast við þessa till. mína, að málinu verði vísað til fjhn.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Eftir að hafa hlýtt á framsöguræðu hv. fyrra flm., þá get ég fallizt á till. hans um, að þessu máli sé vísað til fjhn. Það, sem hér er um að ræða, er í raun og veru það að flytja iðgjaldaupphæðina af þeim, sem nú greiða iðgjöld til Tryggingastofnunarinnar og sjúkrasamlaga, og yfir á ríkissjóðinn. Þarf þá að sjálfsögðu, ef að þessu yrði hallazt, að gera stórfelldar breytingar á skattalöggjöf landsins; það er augljóst mál. Hins vegar er ekki í þessu frv. lagt til, að neinum atriðum í tryggingalöggjöfinni, sem varða bótagreiðslur og tryggingu fólksins, sé breytt á nokkurn hátt. Hér er því eingöngu um fjárhagsatriði að ræða, að flytja þessa upphæð af iðgjaldagreiðendum og yfir á ríkissjóðinn, sem síðan aftur tæki féð á annan hátt í tollum eða sköttum af landsmönnum. — Miðað við árið 1952 mun láta nærri, að samanlögð iðgjöld til trygginganna og sjúkrasamlaganna hafi numið álögð nálægt 50 millj. kr. Þessar upphæðir verða án efa stórum hærri á árinu 1954, bæði vegna vaxandi dýrtíðar og vegna þeirra breytinga, sem gerðar voru á síðasta hv. Alþ. á tryggingalöggjöfinni, eins og menn muna.

Ég styð því till. flm. um að málið fari til fjhn., þrátt fyrir það heiti, sem frv. hefur. (Gripið fram í.) Það breytir engu í því efni. Það, sem breytist, er, að í staðinn fyrir að greiða iðgjöld til sjúkrasamlaga þurfa menn væntanlega að greiða hærri tolla eða skatta til ríkissjóðsins. Það er hreint fjárhagsatriði. Um réttindi manna til sjúkrahjálpar er ekki gert ráð fyrir neinum breytingum.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég get alls ekki fallizt á það, sem hv. 4. þm. Reykv. (HG) sagði, að hér væri eingöngu um skattamál að ræða. Hér er í sjálfu sér um meira að ræða, þó að frv., ef það yrði að lögum, mundi vitanlega hafa áhrif á opinbera skatta. Mér virðist vera um það að ræða í þessu frv., hvort á að afnema tryggingarnar sem tryggingar, en í staðinn taka upp opinbera framfærslu. Kostnaður við þá opinberu framfærslu, sem kæmi í staðinn, er að vísu stórt fjárhagsmál, og afleiðingarnar af því mundu heyra undir þær nefndir þingsins, sem um fjármál fjalla. En ég held, að það væri ekki úr vegi, að heilbr.- og félmn. tæki það til athugunar fyrst, einmitt hún og ekki önnur n., hvort það á að gera þá gagngerðu breytingu, að opinber framfærsla komi í staðinn fyrir eiginlegar tryggingar. Ég held

þess vegna fast við mína till. um, að frv. verði vísað til heilbr.- og félmn.

Forseti (GíslJ): Ég skal taka það fram í sambandi við þær umr., sem hafa farið hér fram um þá till. að senda frv. til fjhn. eða til heilbr.- og félmn., að öllum frv. og öllum lögum, sem snerta almannatryggingarnar, hefur frá upphafi jafnan verið vísað til heilbr.- og félmn. og eiga að sjálfsögðu þar heima eðli sínu samkvæmt. Hins vegar verða till. bornar upp báðar, úr því að hv. flm. heldur fast við sína till. um fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.
Till. um að vísa frv. til fjhn. felld með 10:3 atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 67, n. 215).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Eins og hv. flm. taka fram í grg. fyrir þessu frv., sem hér er til umr., er mál þetta tvíþætt að efni til. Annar þátturinn er tryggingamál, þ. e. sá hluti frv., sem snertir heilsugæzluna í landinu. Hinn þátturinn er skattamál, þ. e. sá, sem snertir iðgjaldagreiðslurnar. Þykir rétt að ræða hér nokkuð báða þessa mjög svo ólíku þætti frv.

Samkv. III. kafla almannatryggingalaganna ber Tryggingastofnuninni að vinna að því í samráði við heilbrigðisstjórnina, að látin verði í té skipulögð heilsugæzla, er nái sem bezt til allra landsmanna. Heilsugæzluna skulu annast heilsuverndarstöðvar og lækningastöðvar, er skulu vera í öllum kauptúnum og víðar, þar sem heilbrigðisstjórn og tryggingaráð ákveða, og skulu þær vera settar á stofn og reknar af viðkomandi sveitarfélögum. Viðurkennd sjúkrahús skulu og annast heilsugæzluna. Tryggingastofnuninni er einnig heimilt að setja á stofn og reka stofnanir, sem annast sérstaka þætti heilsugæzlunnar, svo sem vinnulækningar o. fl. Skilgreint er í l., hvaða verkefni hver af þessum stofnunum skuli sinna og á hvern hátt. Skulu þær allar hafa lækna, skipaða af ráðherra, en þeim skulu greidd föst laun samkv. launalögum. Er miðað við, að 1500 íbúar komi að meðaltali á hvern skipaðan almennan lækni. Skal Tryggingastofnunin greiða allan kostnað við dvöl sjúklinga á stöðvunum, læknishjálp og lyf samkv. samningi við sjúkrahúsin og þær stofnanir, sem annast heilsugæzluna, eða samkv. úrskurði, ef eigi takast samningar um þau efni. Einnig er Tryggingastofnuninni heimilt að láta í té hjúkrun í heimahúsum og heimilisaðstoð og taka þátt í sjúkrakostnaði erlendis, og að lokum skal Tryggingastofnunin koma upp sérstökum sjóðum, er standa undir útgjöldum við læknisvitjanir og sjúkraflutning.

Upphaflega var til ætlazt, að þessi kafli tryggingalaganna kæmi til framkvæmda 1. jan. 1948, en með sérstökum lögum er framkvæmdinni frestað til 1. jan. 1955. Samkvæmt 1. gr. frv. þess, sem hér er til umr., skal þessi kafli l. koma til framkvæmda 1. jan. 1954, eða eftir mánaðartíma. Þykir því rétt að athuga þær orsakir, sem því hafa valdið, að framkvæmd þessa kafla hefur orðið að fresta um 7 ár frá því, sem ákveðið var upphaflega. Nokkuð mun hafa valdið um frestun á þessum framkvæmdum, að talið hefur verið, að það mundi baka ríkissjóði viðbótarútgjöld um allt að 3 millj. kr. að láta ákvæði l. koma til framkvæmda. Hitt mun þó hafa ráðið meiru og verið jafnvel höfuðorsökin fyrir frestuninni, að enn hafa engir samningar tekizt við læknastéttina um launakjör fyrir þá þjónustu, er þeim er ætluð í sambandi við heilsugæzluna í landinu. Það munu nú vera allmargir læknar í landinu, sem greiða skatta og önnur opinber gjöld, sem nema fast að þeirri upphæð, er fastlaunuðum læknum er greidd samkvæmt launalögum. Má geta nærri, hversu létt það er að komast að samningum við þá aðila um að veita fulla læknisþjónustu fyrir það gjald eitt, er þeir nú greiða í skatta. Þá mun einnig hafa ráðið nokkuð hér um, að menn vildu almennt fá frekari reynslu af starfsemi sjúkrasamlaganna, sem nú annast heilsugæzluna að verulegu leyti um land allt, áður en til framkvæmda á III. kafla laganna kæmi, en reynsla sú, sem þar er fengin, hefur ótvírætt sýnt, að þessi kafli l. þarf viðtækari endurskoðunar við, áður en hann væri látinn koma til framkvæmda. Má þar m. a. nefna kostnaðinn við lyfjanotkunina, sem að margra áliti er þannig, að brýna nauðsyn beri til að koma þar á einhverju öðru fyrirkomulagi, ef ekki á að gera hvort tveggja í senn, að íþyngja sí og æ þeim, sem greiða eiga, og eiga það jafnframt á hættu, að sjúklingarnir verði að meira eða minna leyti of háðir lyfjanotkuninni, þeim sjálfum til einskis gagns. Þá má einnig benda á, að síðan sjúkrasamlögin tóku við heilsugæzlunni, má segja, að miklu erfiðara sé að ná í læknishjálp hér í fjölmenninu, þar sem þó allt úir og grúir af læknum, og það þó að lífið liggi við, en þar sem fólk verður að sækja lækni um tugi kílómetra vegleysur í hinum strjálbyggðu héruðum landsins. Er hér um svo alvarlegt mál að ræða, að full þörf er á því, að gerðar séu nú þegar ráðstafanir, sem duga til að bæta úr þessu ófremdarástandi í heilsugæzlumálunum.

Fyrir þessari öfugu þróun í heilbrigðismálunum geta ekki verið nema tvær meginástæður. Önnur, að fólkið sjálft misnoti svo læknisþjónustuna, vegna þess að hún kostar það sömu upphæðir, hvort sem það notar hana mikið eða lítið eða jafnvel ekkert, að læknarnir verði beinlínis leiðir á því að sinna kvabbi þess, hvað lítið sem að er, taki köll þess líkt og stráksins í ævintýrinu, sem kallaði úlfur, úlfur, til þess að gabba fólkið, er sinnti svo ekki kallinu í það eina skipti, sem úlfurinn kom og reif

hann á hol. Ef svo er, þá er hér stefnt í meiri voða en menn gera sér almennt ljóst. Og víst er um það, að ekki mundi þessi þáttur batna við framkvæmd III. kafla l. að honum óbreyttum. — Hin, að læknarnir letjist við að sinna störfunum, þegar vitað er, að launin eru jafntrygg, hvort sem kallinu er sinnt eða ekki, og áreiðanlega mundi þetta ekki breytast til batnaðar við að láta III. kafla koma til framkvæmda óbreyttan. Líklegast er, að báðar þessar ástæður eigi nokkurn þátt í því ástandi, sem hér hefur skapazt í þessum málum og er bókstaflega að verða óþolandi. Er alveg óhjákvæmilegt að gera víðtækar breytingar á þessum kafla l., áður en hann kemur til framkvæmda, og verður að krefjast þess, að þeir aðilar, sem fá lögin í heild til endurskoðunar á næsta ári, kynni sér öll þessi atriði gaumgæfilega og geri till. til breytinga á þeim, byggðum á reynslu undanfarinna ára. M. a. af þessum ástæðum er óverjandi að samþykkja nú, að kaflinn skuli koma til framkvæmda innan mánaðartíma. Eru rök þessi öll svo ljós, að óþarfi er að ræða þá hlið málsins frekar.

Skal þá nokkuð ræddur hinn þáttur frv., þ. e. iðgjaldagreiðslurnar. Kjarni almannatryggingalaganna er, hefur verið og á að vera sá að byggja upp örugga tryggingastarfsemi fyrir fólkið í landinu, þar sem einstaklingurinn tryggir sig og sína fyrir hinum ýmsu áföllum í lífinu, svo sem sjúkdómum, slysum, dauða, örorku og elli. Eitt meginskilyrðið fyrir því, að slíkt megi haldast, er, að einstaklingurinn greiði sjálfur iðgjöld til trygginganna og eigi þá jafnframt kröfu á bótum eftir ákveðnum reglum, ekki sem fátækrahjálp eða sem ölmusu, heldur sem endurgreiðslu fyrir það, sem hann hefur greitt, oft árum saman. Hitt hefur aldrei verið tilætlunin, að Tryggingastofnunin yrði framfærslustofnun fyrir þá, sem vegna fátæktar yrðu að leita á náðir þess opinbera til þess að geta dregið fram lífið. Vegna fjárskorts hjá stofnuninni varð óhjákvæmilegt að fara fyrst í stað bil beggja, láta þá, sem fátækir voru, sjúkir eða ellihrumir, fá bætur, sem léttu undir með þeim í lífsbaráttunni, þótt þeir hefðu ekki greitt inn nægilegan stofn til þess að standa undir þeim gjöldum. Af þessum sökum var sett skerðingarákvæði í sambandi við ellilaunin, þar eð ellilaunasjóðurinn var ekki nægilegur til að mæta bótagreiðslunum og árlega iðgjaldið ekki sett nægilega hátt til þess að bera uppi útgjöldin. Sama gildir og um allar aðrar bætur tryggingannа, sem takmarkast af tekjum manna og eignum. Hins vegar eru aðrar tegundir tryggingannа reknar að fullu sem tryggingastarfsemi, svo sem slysatryggingar, barnatryggingar o. fl., eða allar þær, sem bæta án skerðingar, hvort heldur aðili er efnaður eða ekki. En til þess að þetta mætti ske, varð að láta ríkissjóðinn taka á sig af þeirri upphæð ⅓ hluta af nauðsynlegu árlegu framlagi til tryggingannа, sveitarsjóði $\frac{1}{6}$, atvinnurekendur $\frac{1}{6}$ og iðgjaldagreiðendur $\frac{1}{3}$. Er þetta sú skipting, sem haldizt hefur í meginatriðum frá byrjun. Segja má, og það með réttu, að allt þetta framlag sé tekið úr vösum fólksins eftir mismunandi leiðum, hvort sem allir aðilar eru á þann hátt þátttakendur, að þeir greiða jafnt einhvern hluta iðgjaldanna, eða einstakir aðilar greiða margfaldan skerf, en aðrir alls engan eins og raun yrði á, ef samþykkja ætti það frv., sem hér liggur fyrir. Á þann hátt yrði fjöldi hinna tryggðu þátttakendur með réttindum einum, en engum skyldum, en aðrir með fullum skyldum, en miklu minni réttindum en þeir, sem engar skyldur hafa. Stofnunin yrði þá ekki lengur á grundvelli tryggingastarfseminnar, heldur yrði hún færð að fullu og öllu inn á svið framfærslunnar. Það skal ekki hér lagður á það neinn dómur, hvort slíkt væri yfirleitt æskilegt, en aðeins bent á, að þegar svo stendur á eins og hér, að heildarendurskoðun verður að fara fram á löggjöfinni innan mjög skamms tíma og henni verður ekki skotið á frest af öðrum ástæðum, þá er harla vítavert að gera svo þýðingarmiklar breytingar á meginatriðum laganna, án þess að þeim mönnum, sem valdir yrðu til að endurskoða lögin, gæfist tækifæri til þess að athuga gaumgæfilega áhrif slíkra breytinga og gera till. um það til Alþ. Einnig af þessum ástæðum á ekki að samþ. frv. á þessu þingi.

Í 11. gr. tryggingalaga er svo fyrir mælt, að skipa skuli 5 manna tryggingaráð í hverju tryggingaumdæmi og hlutverk hennar sé að fylgjast með rekstri tryggingannа í umdæminu, gera till. um framkvæmd þeirra, gæta hagsmuna hinna tryggðu og benda á atriði, er mættu verða til sparnaðar fyrir tryggingarnar. Ég hygg, að lítið hafi borið á starfi þessara n. og að áhrif frá þeim hafi orðið minni en til var ætlazt af löggjafanum. Væri það engan veginn einskis vert, að stofnunin hefði aðhald frá slíkum aðila og frá nefndunum kæmu gagnlegar ábendingar í sambandi við reksturinn, en varla mundi það auka áhuga manna fyrir slíkri þátttöku, eftir að aðilar væru leystir undan allri skyldu við stofnunina og engin tengsl lengur á milli hennar og þeirra, önnur en kröfuréttur hinna tryggðu.

Í grg. fyrir frv. segja flm., að ríkissjóður sæki nú í vasa hverrar 5 manna fjölskyldu að meðaltali 15 þús. kr. á ári, auk tæplega 1400 kr. þegar með eru talin iðgjöld til tryggingannа og sjúkrasamlaga, og undan þeirri innheimtu verði ekki komizt, því að hún sé fólgin í fötum og fæði fjölskyldunnar. Hér eru bornar fram fullyrðingar, sem enga stoð eiga í raunveruleikanum og í engu er sæmandi ábyrgum þingfulltrúum að láta frá sér fara á þskj., hvað þá heldur að hafa margendurtekið það hér á Alþ., og þykir því bæði rétt og skylt að mótmæla slíkum fullyrðingum. Hv. flm. vita mjög vel, að allmikill hluti þessarar upphæðar er greiddur af ópersónulegum aðilum, svo sem félögum og margs konar fyrirtækjum, sem engin áhrif hafa á fata- eða fæðiskaup fjölskyldna, og að annar engu minni hluti er greiddur í sambandi við kaup á vörum, sem ekkert snerta fæði eða föt og hafa sáralítil eða engin áhrif á afkomu heimilanna, og enn er allmikill hluti upphæðarinnar beinlínis lagð-

ur á vörur, sem engum er hollt að kaupa og eru gersamlega óþarfar og neytendur því alveg sjálfráðir um, hvort þeir vilja greiða slíka skatta eða ekki. Þá er allmiklum hluta af þessum upphæðum skipt niður með stighækkandi tölum eftir efnum og ástæðum. Það er því síður en svo, að hver 5 manna fjölskylda í landinu greiði að meðaltali nokkuð nálægt þeirri upphæð, sem greind er í frv., enda er þetta borið fram í hreinu blekkingarskyni fyrir auðtrúa sálir að meðtaka gagnrýnislaust.

Nú hefur n. kynnt sér, að verði frv. samþ. óbreytt, er hér um rúmlega 60 millj. kr. lágmarksupphæð að ræða, sem bæta yrði á gjaldaliði fjárlagafrv. fyrir árið 1954, sem verið er að ganga frá hér á Alþ. þessa dagana, eða rúmlega sú upphæð, sem gert er ráð fyrir, að allur tekju- og eignarskatturinn nemi á næsta ári. Með sömu reikningsaðferð og hv. flm. hafa notað, er þeir jafna niður tolla- og skattabyrðinni á þjóðina, yrði þetta 2100 kr. á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu, með hvaða hætti sem það væri greitt. Ég geri ekki ráð fyrir því, að hv. flm. ætlist til þess í alvöru, að fjárl. verði afgreidd með slíkum halla, enda yrði það skammgóður vermir. Ég geri ekki heldur ráð fyrir því, að þeir vilji láta hækka söluskattinn eða tollana á vörunum sem þessari upphæð nemur, því að hingað til hefur krafa þeirra verið að afnema þetta hvort tveggja gersamlega, án þess að benda á nokkuð raunhæft, er koma ætti í staðinn. Ég geri ekki heldur ráð fyrir, að þeir mundu fella niður gjaldaliði frv. sem þessari upphæð nemur. A. m. k. væri þá hér um nýja fjármálastefnu að ræða hjá flokki þeirra, því að við hverja fjárlagaafgreiðslu fyrri ára hafa till. þeirra til aukinna útgjalda numið tugum milljóna króna. Þá er ekki annað eftir en að finna upp einhvern nýjan skatt, sem engir þeir, er nú greiða iðgjöld til tryggginganna, skyldu greiða, en þeir aðilar eru börn og unglingar innan 16 ára aldurs og gamalmenni yfir 67 ára aldur, auk þeirra ópersónulegu aðila, sem greiða skatt í ríkissjóð. En tekjuskattur, viðaukaskattur og stríðsgróðaskattur þeirra aðila var á lagður á þessu ári alls 12930500 kr. og eignarskattur sömu aðila 14694 kr., eða skattur alls samanlagður á ópersónulega aðila 14,4 millj. kr. Þyrfti þá sem næst að sexfalda álögur á þessa aðila til að ná þeirri upphæð aukalega frá þessum stofni, ef mæta ætti þann veg útgjöldunum. Þarf ekki að fara í grafgötur um það, hve lengi unnt væri að ausa úr þeim brunni, og mundi margan fátæklinginn þyrsta á eftir, ef sú lind yrði þurrausin. Ber hér allt að sama brunni, að málið hefur ekki fengið þann undirbúning eða athugun, sem nauðsynlegt má teljast til þess að fá afgreiðslu á þessu þingi.

Þá er vísað til þess í grg., að hér sé um skattamál að ræða og að þar sem núverandi hæstv. ríkisstj. hafi lofað því, að tekjuskatturinn skuli lækkaður, þá gefist hér alveg einstætt tækifæri til að afnema persónugjöldin, þar sem einmitt sú skattalækkun kæmi að mestum notum fyrir allan almenning. Hér fara hv. flm. mjög villir vegar. Lækkun tekjuskattsins er síður en svo hugsuð sem tekjurýrnun fyrir ríkissjóðinn, hvort sem hún verður mikil eða lítil. Hún er fyrst og fremst hugsuð til þess að örva menn til að skapa meira verðmæti og meiri sparnað, svo að ríkissjóður á þann hátt vinni upp frá nýjum og auknum tekjum þegnanna það, sem gefið er eftir af skattstiganum. Það er öllum almenningi ljóst, að þúsundir manna á þessu landi skerða afköst sín, þegar þeir hafa náð vissu tekjuhámarki, vegna þess, hve stór hluti teknanna er tekinn í opinber gjöld, þegar komið er yfir visst tekjumark. Þessir sömu menn mundu ekki gera þetta, ef þeir byggju við mildari og réttlátari skattalöggjöf. Því mildari sem lögin væru, því meiri orku létu þessir menn í té til öflunar nýrra verðmæta, sem aldrei verða framkölluð með slíkum skattalögum sem vér nú búum við. En hin nýju auknu verðmæti gætu gefið og mundu gefa ríkissjóði meiri tekjuupphæð en það, sem tapaðist við að létta skattana að viturlegu marki. Það er jafnljóst, að skattalögin, eins og þau eru nú, hafa á engan hátt örvað til sparsemi, nema síður sé, en sparsemi er hverri þjóð nauðsynleg og ekki síst þeirri, sem fátæk er og fámenn. Með vaxandi sparifé mundi vera unnt að leysa mörg verkefni af hendi, er nú bíða úrlausnar beinlínis vegna fjárskorts. Að þeim leiðum rynnu einnig nýjar tekjur til ríkisins.

Það er mín bjargföst skoðun, og hún hefur styrkzt því meir sem ég hef brotið heilann um það mál, að ef vér bærum gæfu til þess að sameinast um að afnema tekjuskattslögin að fullu og öllu, þá mundi hlaupa slíkur vöxtur í allar framkvæmdir í landinu, að tolltekjur, söluskattur, stimpilgjöld, þinglesningargjöld, útflutningsgjöld og ýmis önnur gjöld, er vér nú greiðum af viðskiptum, mundu af auknингunni einni nema miklu meiri upphæð en því, sem tekjuskatturinn nemur á hverjum tíma, og það án þess að hækka þessi gjöld nokkuð frá því, sem nú er, en auk þess mætti þá og spara milljónir í kostnaði við að halda þessu úrelta og óþolandi kerfi áfram. Hér mundi leysast úr dróma sú óhemjuorka, sem rígbundin er í fjötra óviturra og óþarfra skattalaga. Sú leið, sem hv. flm. benda á í grg. til skattalækkunar, er því ekki sú leið, sem orkar að leysa þennan vanda.

Þá þykir mér einnig rétt að benda á, að nóg mun að gert að blanda tryggingamálum í lausn annarra vandamála, hvort heldur um er að ræða skattamál, verkfallaþrætumál eða önnur deilumál, sem upp kunna að koma á hverjum tíma. Ef tryggja á fólkinu bætur, sem það hefur kröfu á og hefur greitt fyrir samkv. fyrirmælum l., er hollast að blanda tryggingamálunum á engan hátt í deilur um önnur óskyld atriði. Það getur aldrei orðið nema einn endir á því, og hann er sá, að stofnuninni er þá voðinn vís, fyrr eða síðar, og heldur fyrr en síðar. Og hvar stendur fólkið þá með loforð og vonir? Þegar lögin um almennar tryggingar voru í deiglunni hér í þessari hv. d. á árunum 1945—46, benti ég réttilega á, að til þess að tryggja fólkinu bætur hvernig sem áraði, —

og án þeirrar tryggingar og þess öryggis er tryggingastofnun lítils virði, — þyrfti að skapa stofnuninni sterka og örugga tekjustofna, sem ekki brygðust, þó að illa áraði bæði hjá ríkissjóði og fólkinu, og þetta yrði ekki gert nema þeir tekjustofnar væru óháðir árferði og afkomu ríkissjóðs á hverjum tíma. Þessu var ekki sinnt þá. Ég er þeirrar skoðunar enn, að brýna nauðsyn beri til þess að fara þessa leið, svo að fólkið verði ekki svikið um bæturnar. Ég hef hvað eftir annað borið fram hér í þessari hv. d. frv. um það, að erfðafé væri látið renna til stofnunarinnar sem fastur og öruggur tekjustofn. Þetta hefur ekki náð fylgi nema að litlu leyti, eða að því leyti, að erfðafjárskatturinn rennur nú allur og óskiptur til þess að standa undir ákveðnum verkefnum stofnunarinnar. Er það vísir í rétta átt. En ég tel, að þeir menn, sem taka að sér endurskoðun laganna, komist ekki hjá því að brjóta til mergjar alla möguleika til tryggingar þessu takmarki, er ég hef barizt fyrir frá upphafi að náð yrði. Sú leið, sem hv. flm. frv. benda á, fer í öfuga átt.

Með tilvísun til þess, sem ég hef hér sagt, og til þess, sem fram kemur í nál. á þskj. 215, leggur n. til einróma, að frv. verði afgr. með þeirri rökst. dagskrá, sem birt er í þskj., og væntir þess, að hv. d. samþykki hana.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég þarf nú ekki að hafa mörg orð um þetta núna. Hv. frsm. n. hefur nú haldið hér alllanga ræðu um þetta mál og borið fram röksemdir, sem hann hefur flutt í ótal ræðum hér á Alþ. áður og að mínum dómi eru margar hverjar ærið fjarstæðar. Ég ætla ekki að fara langt út í það.

Hv. frsm. sagði, að tryggingarnar ættu ekki að vera fátækrahjálp eða ölmusa, heldur réttur, sem menn greiða fyrir. Ég er honum alveg sammála. Það eiga tryggingarnar að vera, trygging fyrir því að fá lífeyri, ef eitthvað ber að höndum, þannig að menn geti ekki framfært sig sjálfir, alveg ótvíræður réttur, en engin ölmusa, alveg sams konar réttur og menn hafa til annarrar opinberrar þjónustu, sem menn greiða fyrir með sköttum sínum, hvernig svo sem þeirra er aflað. Spurningin er ekki um það, hvort menn greiða fyrir trygginguna eða greiða ekki fyrir hana. Spurningin er um það, hvernig á að afla fjárins til þess að greiða trygginguna, eins og um alla aðra þjónustu ríkisins. Að því leyti er þetta ekkert annað en skattamál. En hv. þm. ruglar hér algerlega saman vátryggingu, sem menn kaupa sér persónulega, og þjóðfélagstryggingu. Hann álítur, að það eigi ekki að heita trygging, nema því aðeins að það sé vátrygging, að það sé hægt að skilgreina það sem vátryggingu. Á vátryggingu og þjóðfélagstryggingu er vitaskuld mikill munur. Sem sagt, þjóðfélagstrygging er í þessu fólgin, að hún er skyldutrygging, sem þjóðfélagið setur á stofn til þess að tryggja mönnum það, að þeir fái lífeyri, ef eitthvað ber að höndum, þannig að þeir geti ekki framfært sig sjálfir. Síðan er það annað atriði, hvernig fjárins er aflað, hvernig þegnarnir gjalda það fé, sem þarf til þess að halda tryggingunum uppi.

Þá er ýmislegt fleira, sem mætti taka til athugunar af því, sem hv. þm. sagði. Hann hneykslaðist mjög á því, að sagt er í grg., að það, sem ríkið tekur úr vasa hverrar fimm manna fjölskyldu á landinu að meðaltali með tollum og óbeinum sköttum, sé 12 þús. kr., eða 15 þús. kr. ef ágóði af einkasölum ríkisins er talinn með, eða nálægt því. Hv. þm. veit, að þetta er rétt. Hann þarf ekki annað en taka saman þær tölur, sem fyrir liggja í ríkisreikningunum og núna í fjárlfrv. fyrir 1954, og bæta við það bátagjaldeyrinum, og þá fær hann út þessa tölu. Þetta er vitaskuld meðaltal, og hefur engum dottið í hug að halda öðru fram. Að hver einasta fjölskylda á landinu borgaði jafnt, hvenær hefur það verið sagt? Hér er aðeins að ræða um meðaltal og ekki nokkur leið að reikna út fyrir hverja einstaka fjölskyldu, hvað hún greiðir. En þetta sýnir aðeins, hvílíkur óskaplegur baggi hinir óbeinu skattar eru á hverri fjölskyldu. Og bagginn er því meiri sem fjölskyldan er stærri, þ. e. a. s. meiri fyrir barnafjölskyldur en fyrir aðra. Og þetta er einmitt það allra óréttlátasta við hina óbeinu skatta og tollana. Við flm. segjum í grg., að það verði ekki undan því ekizt að greiða þessa skatta í fötum og fæði o. s. frv. Vitaskuld er það mismunandi, sem fjölskyldurnar greiða. Þetta er meðaltalið, og er fásinna að snúa út úr því. Sem sagt, hv. þm. gat ekki annað gert en að staðfesta þetta. — Hvað snertir þá athugasemd hans, að sumt af þessu sé greitt af vörum, sem félög og fyrirtæki kaupa til rekstrar síns, þá leggst það vitaskuld að lokum allt á almenning í verði vörunnar.

Hv. þm. spurði að lokum, hvar ætti að taka þetta fé, sem þarf til þess að bera uppi tryggingarnar, ef það er ekki tekið með persónuiðgjöldum. Að sjálfsögðu mundu þegnarnir ekki þurfa að greiða einum eyri meira til tryggingana, þó að þetta frv. yrði samþ., vegna þess að það hefur ekki í för með sér neina breytingu á sjálfri tryggingalöggjöfinni aðra heldur en þessa, og svo hitt, að ætlazt er til þess, að heilsugæzlukaflinn komi til framkvæmda strax í byrjun árs 1954, en samkv. núverandi lagaákvæðum er ætlazt til, að hann komi til framkvæmda aðeins ári seinna, svo að hér er ekki um að ræða nein aukin útgjöld. Raunar skiptir það ekki sérlega miklu máli að því er snertir aukin útgjöld, þó að heilsugæzlukafli l. kæmi til framkvæmda. Þar er ekki um að ræða nema nokkrar milljónir, sem bætast við kostnaðinn, sem vitaskuld er, eins og nú standa sakir, aðeins áætlunarupphæð. En þá er spurningin, hvernig á að afla þessa fjár, hvaða aðrir tekjustofnar eiga að koma í staðinn. Vitaskuld mundi vera hægt að afla ríkinu fjár til þessara hluta án þess, að það þyrfti allt saman að koma fram sem hækkun á þeim tekjustofnum, sem nú eru fyrir hendi, þ. e. tollum eða tekju- og eignarskatti. Það má benda á ótal leiðir. Það má t. d. benda á, að það væri hægt að innheimta tolla af öllum þeim varningi, sem kemur til hins svo kallaða varnarliðs á Kefla-

víkurflugvelli, eins og nú standa sakir. Það má benda á, að það væri hægt að láta gróðann af olíusölunni renna í ríkissjóð, og það væri hægt að láta annan innflutningsgróða renna í ríkissjóð, og svo gæti ég lengi talið. Ég ætla ekki að fara langt út í það mál hér. En ef um það er að ræða, hvort eigi að innheimta það fé, sem þarf til þess að bera tryggingarnar uppi, með nefsköttum, með persónuiðgjöldum eða með stighækkandi sköttum, þá kýs ég stighækkandi skatta. Sem sagt, ég kýs þá tekjuöflun, þar sem skattarnir eru á lagðir eftir efnum og ástæðum. Það er þarna, sem mig og hv. þm. greinir svo mjög á. Þarna mætast alveg gersamlega andstæðar skoðanir. Þessi hv. þm. segir, að þegar standi til að lækka tekjuskattinn, eins og ríkisstj. hefur þegar boðað, þá sé alls ekki um það að ræða, að þessi skattstofn eigi að lækka, heldur muni þetta verða til þess, að það fáist að minnsta kosti eins mikið fé og áður. Hv. þm. hefur nú viljað ganga lengra, því að hann hefur viljað afnema tekjuskattinn alveg og flutt um það frv. á þingi. Þessar skoðanir hans hafa verið hraktar ýtarlega áður, og ég ætla ekki að fara neitt nánar út í það hér. En sem sagt, röksemd hv. þm. er þessi, að þegar tekjurnar séu komnar upp fyrir ákveðið mark, þá hætti menn að auka þær, vegna þess að það fer allt í skatt, þannig að hinn hái skattur hindri menn í að auka tekjur sínar, þegar komið er upp fyrir visst mark. Með öðrum orðum, hv. þm. ætlast til þess, að sú breyting, sem nú verður gerð á tekjuskattinum, verði þess eðlis, að hann lækki á háum tekjum, en ekki lágum tekjum, því að vitanlega gildir þessi röksemd aðeins fyrir háar tekjur, en ekki fyrir lágar. Þá heyrir maður það. Það væri náttúrlega gott að heyra frá hæstv. ríkisstj., hvort hún hefur hugsað sér að framkvæma loforð sitt um skattalækkun einmitt þannig, — hvort það er rétt skilið hjá hv. þm. Vitaskuld er hér um falsröksemd að ræða. Menn hætta ekki að auka tekjur sínar, þegar komið er upp fyrir ákveðið hámark vegna skattanna. Það er rétt, það fer allmikið í skatta. En samt sem áður borgar sig alltaf fyrir hvern sem er að auka tekjur sínar. Ég þekki ekki einn einasta launamann, sem er kominn svo hátt í tekjum, að hann hafni kauphækkun vegna skattanna. Hann kysi náttúrlega heldur að fá launahækkunina á þann hátt, að hann gæti dregið hana undan skatti. Það er alveg rétt. En að hann hafni launahækkun vegna skattanna, það er eins og hver önnur fjarstæða. Hv. þm. hefði hins vegar farið með rétt mál, ef hann hefði sagt, að þegar tekjur einstaklinga og félaga eru komnar upp í visst mark, þá „borgar sig ekki að telja meira fram," og þess vegna reyna menn að finna öll ráð til þess að komast undan því. Vandamálið liggur þess vegna í því að finna ráð til þess, að sjá til þess, að menn geri rétt framtöl, finna ráð til þess að ná til þeirra tekna, sem raunverulega eru fyrir hendi og eru dregnar undan skatti. Ég ætla ekki að fara lengra út í þetta.

Í raun og veru var þessi ræða hv. þm., hv. frsm. n., ekki í samræmi við nál. og þá rökst. dagskrá, sem hér er lögð fram af hálfu n., þar sem ekki er tekin nein efnisleg afstaða, hvorki neikvæð né jákvæð, til frv., en það gerði hv. frsm. Og ég vil þakka n. fyrir að taka málið til afgreiðslu, þar sem þetta er nú í annað skipti, sem ég flyt það í þessari hv. d. Þetta ber að þakka, enda þótt hún hafi ekki treyst sér til þess að taka efnislega afstöðu til málsins. Það er í sjálfu sér ekki óeðlilegt, sem er lagt til í hinni rökst. dagskrá. Það er í sjálfu sér eðlilegt, að till. þessar verði teknar til athugunar, um leið og heildarendurskoðun l. fer fram á næsta ári. En hitt er vafamál, sem þar er líka sagt, að hér sé um að ræða röskun á grundvallaratriðum núverandi tryggingalaga. Það frv., sem ég flyt hér, breytir engu í tryggingal. nema fjárölluninni, auk þess sem ætlazt er til þess, að framkvæmd III. kafla l., um heilsugæzlu, komi til framkvæmda ári fyrr en núgildandi lagaákvæði gera ráð fyrir. Þetta er þess vegna fyrst og fremst skattamál, og þess vegna óskaði ég einmitt eftir því, að frv. færi til fjhn., sem t. d. ber að fjalla um það mál, sem boðað hefur verið, breytingu á skattalöggjöfinni. Og þar sem nú stendur til, að á þessu þingi verði gerðar breytingar á skattalögunum, þá taldi ég rétt, að þetta frv. mitt yrði afgreitt samtímis. Í öllu falli tel ég, ef þessi rökstudda dagskrá yrði samþ., sem ég get fyllilega unað við eftir atvikum, þegar nú líka er orðið eins áliðið árs og raun er á, að þá sé a. m. k. alveg nauðsynlegt, að þegar skattalögin koma til endurskoðunar nú á þessu þingi, þá verði þessi till. mín höfð í huga, því að samkvæmt þeirri rökst. dagskrá, sem liggur frammi, ef samþ. verður, verður hún tekin til athugunar, um leið og heildarendurskoðun almannatryggingalaganna fer fram á næsta ári.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hef setið með hv. 2. landsk. (BrB) á þingi síðan 1942, og ég minnist aldrei að hafa séð hann setja svo hljóðan eftir nokkra ræðu eins og eftir þá framsöguræðu, sem ég flutti hér áðan, því að hann var mjög í efa, hvort hann ætti yfirleitt að kveðja sér hljóðs til þess að andmæla nokkru orði, sem sagt var. Svo mikið tók hann til greina þau rök, sem hér voru færð fram, sem ég er ekki heldur neitt undrandi yfir, því að það var ekki hægt að mæla eitt orð gegn þeim. Hann vildi að vísu hér reyna að gera mjög mikinn mun á vátryggingu og þjóðfélagstryggingu. Nú, hann varð að segja eitthvað til þess að halda uppi gagnrýni á mína ræðu, en út í þau mál fór hann ekki heldur þannig, að það verði raunverulega hægt að segja, hvað hann vildi í þeim málum. Hann sagði, að hér væri aðeins um fyrirkomulag innheimtu að ræða. Þann þátt málsins ræddi ég fullkomlega, og það væri endurtekning frá minni hálfu, ef ég færi að ræða það nokkru nánar.

En ég skal aðeins dvelja nokkuð við það, sem hann sagði um útreikning sinn á 15 þús. kr. gjaldabyrði á hverja fjölskyldu í landinu.

Hann hefur nú viðurkennt raunverulega með þessari ræðu sinni, að allur hans útreikningur væri rangur, eins og er alveg rétt, þar eð það er vitað, að það er ekki neitt svipað því, að það séu 15 þús. kr. lagðar á hverja fjölskyldu í landinu. (Gripið fram í.) — Vill ekki hv. þm. bíða, þangað til hann fær aftur orðið? — Og það er heldur ekkert svipað því, að allri þessari upphæð sé skipt á fjölskyldur í landinu yfirleitt, eins og ég gat um í minni framsöguræðu. Og það er ekki heldur rétt, að tekjum af ýmissi starfrækslu í landinu og sköttunum, sem teknir eru af þeim tekjum, sé dreift niður á fjölskyldur í landinu. Ég vil bara benda á, að þegar menn hafa með höndum framleiðslu, segjum útveg, og ýmsa aðra framleiðslu í landinu og borga full laun til starfsmanna sinna og öll framleiðslan er síðan flutt út úr landinu og seld á erlendum markaði, þá kemur ekkert af þeim gróða, sem lendir í vasa eigandans eða hjá ríkissjóði, til skiptingar niður á hinar einstöku fjölskyldur í landinu. Það er síður en svo. Og það er einmitt það, sem ég vil vinna að í sambandi við skattamálin, að ýmsir ópersónulegir aðilar afli nýrra verðmæta úr skauti jarðar, til þess að gróðinn af því og sá hluti, sem fer í ríkissjóðinn, þurfi ekki að leggjast á fjölskyldur í landinu til þess að rýra þeirra kaup á fæði og klæði. Hv. þm. ætti að vera mér þakklátur fyrir þá stefnu, en ekki vera að gagnrýna hana.

Sama er að segja um orð hans um III. kafla l. Hann segir, að kaflinn auki lítið útgjöldin. Ég skýrði frá því í minni ræðu, hve mikil líkindi væru til að aukningin yrði, en hann færir til frá iðgjaldagreiðandanum beint yfir á ríkissjóðinn um 30 millj. kr., alveg eins og að færa yrði til aðrar 30 millj. kr. frá iðgjaldagreiðendum yfir á ríkissjóðinn, ef frv. yrði samþ., svo að hér er um að ræða rúmar 60 millj., og það þarf að taka einhvers staðar það fé aftur til þess að mæta þeim útgjöldum ríkissjóðs. Og hv. flm. hafa ekki gert minnstu tilraun til þess að benda á nokkra leið til þess, án þess að það lendi beinlínis á þessum sömu aðilum. Hv. þm. gat hér um nú, að það mætti taka gróðann af olíunni. Það er opin leið í dag að taka gróðann af olíunni með skattalögunum og er gert. Og það er gert þannig, að þegar komið er upp að vissu takmarki, þá eru tekin ekki minna en 90% af gróða, hvort heldur hann er hjá einstaklingum eða félögum, öðrum en samvinnufélögum. Þetta veit hv. þm. Og þó að hann vilji nú enn hækka þennan stiga og fara enn lengra niður í vasa þessara manna, þá eru það aðrir menn, sem hafa komið auga á, að það mundi verða til þess að minnka atvinnuna í landinu, minnka tekjur almennings, minnka tekjur ríkissjóðs. Og það er vegna þessa skilnings á málunum, að meiri hl. Alþ. hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að sjálfsagt sé að endurskoða skattalögin, ekki til þess að þyngja hinn stighækkandi skatt, heldur til þess að létta hann, til þess að breyta honum og gera hann léttari, en ekki þyngri. Það getur því ekki orðið til þess að standa undir hinum 60 millj., sem hér um ræðir, að stighækka skattinn, eins og hv. flm. vill láta gera.

Hv. flm. sagði, að hann vissi ekki til þess, að nokkur maður hætti að vinna, þótt hann væri kominn upp í eitthvert tekjuhámark. Ég get bent hv. þm. á það, að það er m. a. fjöldi sjómanna, einkum og sér í lagi yfirmanna á sjónum, svo sem á togurunum, sem vill ekki leggja á sig það strit, sem því er samfara, til þess að vinna þannig að láta hið opinbera, ríki og bæi, hafa 90 krónur af hverjum 100 krónum og halda sjálfur 10 eftir. Og hann þarf ekkert annað en að athuga þessi mál sjálfur, ef hann vill líta í kringum sig. Hann veit, að það er komið svo nú, að svo að segja hver togari þarf að hafa þrjá skipstjóra í rúmi, þar sem einn var áður, af því að þeir vilja ekki vinna nema fyrir ákveðnum hluta tekna, svo að meginhluti teknanna sé ekki tekinn af þeim. Og það eru ekki einu mennirnir. Það eru fjöldamargar þúsundir manna í landinu, sem þannig er ástatt um. Annaðhvort vilja þeir hætta að vinna, þ. e., þeir vilja ekki leggja á sig þetta strit fyrir opinbera aðila, eða þeir gera allt, sem unnt er, til þess að geta þénað tekjurnar þannig, að það sé ekki verið að telja þær fram.

Nú vill hv. þm. fyrirbyggja það, að nokkur geti svikið skatt. Ég er sammála honum um það, svo framarlega sem skattalögin væru gerð þannig úr garði, að það væru ekki hreint og beint föðurlandssvik að svíkja ekki skatt í landinu, eins og það virðist vera í dag. En ef það yrði gengið inn á hans till. í þeim málum, þá mundi það sýna sig, að þá bættust enn við tugir þúsunda af mönnum, sem ekki vildu vinna fyrir ríkið, eins og hann ætlast til. Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. að berja höfðinu við steininn í sambandi við þetta mál. Þetta er orðið öllum mönnum svo kunnugt og er orðið meginorsökin til þess, að nú hefur Alþingi fengizt til þess að láta athuga í alvöru skattalöggjöfina.

Þá sagði hv. þm., að í minni ræðu hefði falizt yfirlýsing um, að það ætti að lækka skatta á hátekjumönnum, en hækka þá á lágtekjumönnum. Ég kom ekkert nálægt því atriði. (Gripið fram í.) Hv. þm. hefur þá bara ekki vitað, hvað hann var að segja. Mín ræða hefur sett hann þannig út af línunni í þetta skipti, að hann hefur hreint ekki vitað, hvað hann vildi segja um þetta mál. Og það sá ég reyndar, því að hann var mjög lengi að sækja í sig veðrið, þar til hann loksins tók í sig kjark til þess að koma upp og andmæla henni, en það hefur þó ekki tekizt betur en þetta. Sannleikurinn er, að mín ræða sagði ekkert um það, hvaða stefna yrði farin í skattamálunum. Ég geymi mér rétt til þess að ræða um þau mál, þegar þau koma hingað í þessa hv. d., og vona þá, að við eigum hér báðir sæti og getum þá rætt um það atriði, eins og við ræðum um þetta atriði, svo að hann þarf ekki að krefja hæstv. ríkisstj. um neina yfirlýsingu í sambandi við það atriði málsins.

Þá sagði hv. þm., að framsöguræða mín væri ekki í neinu samræmi við nál., n. hefði ekki tekið neina efnislega afstöðu til málsins. Hún hefur ekki tekið aðra efnislega afstöðu til málsins en það, að hún álítur óviturlegt og

ósanngjarnt að gerbreyta svo tryggingalöggjöfinni sem lagt er til í frv., rétt áður en heildarendurskoðun á að fara fram. Og nú hefur hv. flm. fallizt á þetta með n., og er ég honum mjög þakklátur fyrir það. Í nál. er bent á, að þetta kosti 60 millj. kr. ný útgjöld fyrir ríkissjóðinn á fjárlögum, sem verið er að ganga frá, og það er m. a. ein ástæðan fyrir því, að hún telur, að ekki beri að samþ. frv. án þess að það fái þá athugun, sem það eðlilega getur fengið hjá þeim mönnum, sem eiga að endurskoða lögin á næsta ári, svo að þetta er algerlega í samræmi við það, sem ég hef haldið fram í nál. — Og hann þakkaði m. a. nefndinni fyrir að hafa afgr. málið þannig. Ég er honum sammála um það; ég á minn þátt í því. Ég álít, að það hefði verið rétt, að málið væri afgr., það kæmi hér til umr., svo að hv. alþm. og aðrir, sem heyra hér til, gætu einu sinni fengið að vita, hvaða reginvitleysu hv. flm. og hans meðflm. eru að bera fram hér á þessu þingi og hvað miklar fjarstæður það eru, sem hann hefur látið út úr sér í sambandi við þessi mál öll og hann hefur leyft sér að endurtaka hvað eftir annað hér, þing eftir þing. Ég er líka þakklátur n. fyrir að hafa gefið tækifæri til þess, að almenningur fengi vitneskju um það.

Mér skildist á hv. þm., að hann mundi nú verða með dagskránni, og er það rétt, að augu hans hafi opnazt fyrir því, að svona á ekki að afgr. stórmál, eins og hann óskaði eftir við 1. umr.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta mál nánar. Það ber ekki svo mjög mikið á milli mín og hv. flm. í þessu máli. Við erum orðnir sammála um, að dagskráin sé eðlileg, hann þakkar n. fyrir að hafa gengið þannig frá málinu. Ég er sammála n. og vænti þess, að hv. d. verði einnig sammála mér og hv. flm., eins og hann hefur nú lýst yfir hér við umræðurnar.

Brynjólfur Bjarnason: Það var aðeins lítil athugasemd. Hv. frsm. sagðist vera ákaflega ánægður með ræðu sína, því að hún hefði verið svo sterk, að hann sagðist hafa séð það á mér, að ég hefði verið mjög í efa, hvort ég ætti að taka til máls; svo sannfærandi hafi hún verið, að hann hafi ekki getað betur séð en hún hafi sannfært mig, ég hefði ætlað að láta hjá líða að svara henni. Nú er þetta í raun og veru alveg rétt, að ég var í nokkrum efa um það, hvort ég ætti að taka til máls. Það var vegna þess, að ég hef heyrt þessa ræðu á hverju einasta þingi, ég man nú ekki hvað oft, stundum svona þrisvar — fjórum — fimm sinnum á hverju þingi og svo að segja á hverju einasta þingi, meðan við höfum verið á þingi saman, síðan 1942, minnir mig. Náttúrlega hefur þessari ræðu ekki verið nærri eins oft svarað, það skal ég játa, en líka ákaflega oft, og ég hef svarað henni m. a. og að mér finnst þannig, að það stendur ekki steinn yfir steini hjá hv. þm. Að þessu athuguðu er það rétt, að ég var í nokkrum vafa um, hvort ég ætti að svara þessu. Satt að segja var ég orðinn næsta leiður á þessum umræðum og taldi ekki neina þörf á því að endurtaka þær hér.

Hv. þm. viðurkennir nú, að það sé rétt, sem tekið er fram í grg. frv., að tollarnir og óbeinu skattarnir nemi 15 þús. kr. að meðaltali á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu. Því mótmælir hv. þm. ekki, en hann sagði hins vegar, að það væri rangt, að hver einasta og hver einstök fimm manna fjölskylda í landinu þyrfti að greiða svona mikið fé. Hver hefur sagt það og hvenær? Ég veit ekki til þess, að nokkur hafi sagt það. Það stendur a. m. k. ekki í þessari grg., og aldrei hef ég haldið því fram. Hér stendur aðeins: „Í þessu sambandi er rétt að taka það fram, að ríkissjóður sækir nú í vasa hverrar fimm manna fjölskyldu að meðaltali sem svarar 12 þús. kr. í tollum og óbeinum sköttum, og 15 þús. kr. ef ágóði af einkasölum er talinn með.“ — Um þetta þarf ekki að ræða, það er ekkert annað en barnaskapur að vera að jagast um svona lagað. Við erum báðir sammála um það, ég og hv. frsm., að þetta er rétt; tollarnir og óbeinu skattarnir nema að meðaltali þessum upphæðum.

Þá sagði hv. þm., að það væri ekki rétt, að sá hluti tollanna og óbeinu skattanna, sem legðist á vörur, sem keyptar eru eða verzlað er með af fyrirtækjum, leggist að lokum á almenning, og tók útgerðina sem dæmi. Ég held því aftur á móti fram, að þeir tollar, sem útgerðin þarf að greiða, leggist að lokum á almenning, og það veit hv. þm. Hann veit, að þeir tollar, sem útgerðin greiðir og valda því m. a., að allmikill hluti útgerðarinnar er rekinn með tapi, verða til þess, að það þarf að leggja hærri skatta á almenning.

Þá sagði hv. þm., að mikill hluti af gróða fyrirtækja, þegar hann væri orðinn hár, færi í skatta, svo sem eins og gróði olíuverzlananna. En það er einmitt þetta, sem hv. þm. vill afnema. Hann vill afnema tekjuskattinn, þannig að ekki þurfi að borga neinn hluta af þessum gróða. Ég aftur á móti benti á, að það ætti að taka allan þennan gróða, ekki 90% af nokkrum hluta hans, þegar upphæðin er orðin svo og svo há, heldur 100%.

Hv. þm. nefndi sem rökstuðning fyrir máli sínu m. a. það, að vegna skattanna væri vinnutími skipstjóra ekki eins langur og ella mundi vera. Þetta var eina röksemdin, sem hv. þm. gat fært fram fyrir þeirri fullyrðingu sinni, að menn létu hjá líða að auka tekjur sínar vegna skattanna. Ég held nú, að þetta dæmi hafi ekki verið vel valið, því að ég tel, að það væri engin bót í því, að skipstjórar legðu á sig meiri vinnu en þeir gera nú.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði haldið því fram, að hans skoðun væri sú, að það ætti að hækka skatta á lágtekjum, þegar skattalögunum yrði breytt, en lækka þær aftur á háum tekjum. Ég sagði þetta aldrei. Ég sagði aðeins, að samkvæmt hans röksemdafærslu og samkvæmt hans lýsingu á því, hver væri tilgangurinn með breytingu á skattal., þá lægi það í hlutarins eðli, að tilgangurinn væri fyrst og fremst sá að lækka skatta á hátekjum. Það leiddi af röksemdafærslu hv. þm., og einmitt út frá þeirri

röksemdafærslu óskaði ég eftir því að fá á því staðfestingu hjá hæstv. ríkisstj., hvort það væri rétt skilið. — Ég get ekki sagt, að ég sé samþykkur þeirri rökst. dagskrá, sem hér er borin fram af hv. n. En hitt sagði ég, að eftir atvikum gæti ég sætt mig við hana, og mér þykir miklu betri þessi afgreiðsla en hitt, að málið hefði enga afgreiðslu fengið, því að í þessari afgreiðslu felst, að það er til þess ætlazt, að þessar till. verði teknar til rækilegrar athugunar, þegar heildarendurskoðun l. fer fram á næsta ári. Þetta get ég sætt mig við eftir atvikum, því að satt að segja var mér ósköp vel kunnugt um samsetningu þessarar hv. d. og þessarar hv. n., áður en nál. kom fram.

ATKVGR.
Rökst. dagskrá á þskj. 215 samþ. með 9 shlj. atkv.

3. Sjóvinnuskóli Íslands.

Á 32. fundi í Nd., 3. des., var útbýtt:
Frv. til l. um Sjóvinnuskóla Íslands [114. mál] (þmfrv., A. 222).

Á 33. og 34. fundi í Nd., 4. og 7. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 35. fundi í Nd., 7. des., var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Ég flyt hér á þskj. 222 frv. til laga um Sjóvinnuskóla Íslands. Frv. fylgir allýtarleg grg., þar sem ég hef leitazt við að færa rök að því, að þörf sé á fastri stofnun, slíkri sem hér um ræðir, og að kleift sé að hleypa henni af stokkunum án mjög tilfinnanlegs kostnaðar.

Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka hér nema fátt af því, sem í grg. stendur, en vil hins vegar fjalla nokkru nánar en þar er gert um nauðsyn slíks skóla sem þessa, svo og víkja að þeim atriðum í frv., þar sem vel mætti hugsa sér fleiri en eina tilhögun, og ekki er endilega víst, að ég hafi í frv. alls staðar bent á þá leiðina af þeim, sem til greina koma, er hv. Alþingi sættir sig bezt við.

Ég ætla, að ekki þurfi að fara um það mörgum orðum hér, hver nauðsyn Íslendingum er að hafa jafnan á að skipa dugmikilli og menntaðri sjómannastétt, sem fær sé um að leysa vandasöm störf af höndum, hvort heldur er við farmennsku eða fiskveiðar. Með orðinu „menntun" á ég hér ekki aðeins við þau fræði, sem lesin verða á bókum, heldur engu síður verkmenningu, fullkomin tök á því starfi, sem einstaklingurinn helgar krafta sína. Virðist mér, að einmitt sá þáttur menntunar, sem reynt er að skilgreina með orðinu „verkmenning", hafi orðið nokkuð útundan hjá okkur Íslendingum á síðari tímum, miðað við hinn mikla vöxt og viðgang hvers kyns bóklegra fræða. Nú er það fjarri mér að vilja amast við því, að hver maður eigi sem mestan og jafnastan rétt til að njóta allrar þeirrar fræðslu og menntunar, sem hugur hans stendur til. Íslenzk mannsefni hafa nógu lengi á umliðnum öldum orðið að horfa á allar þær dyr læstar, sem upp varð að ljúka til að öðlast fjársjóði menntunar. Vissulega var tími til þess kominn, að þar yrði rækilega um bætt. En hitt er svo annað mál, að það er hvorki kleift né æskilegt, að allt æskufólk sitji frá bernsku til fullorðinsára á skólabekk, þar sem lögð er nálega einhliða áherzla á bókleg fræði. Það hefur nú um skeið verið mörgum nokkurt áhyggjuefni, að hinar löngu skólasetur og einhliða bókleg kennsla beindi huga ungu kynslóðarinnar of mjög frá undirstöðuatvinnuvegum landsmanna, sjávarútvegi, landbúnaði og jafnvel iðnaði, en of margir kepptu að því að framfleyta sér við embætti, skrifstofu- og verzlunarstörf eða aðra þá starfsemi, sem ekki krefst mikillar líkamlegrar vinnu.

Almenn menntun er að vísu góð og nauðsynleg í nútíma þjóðfélagi, hvaða störf sem einstaklingurinn stundar. Þó tel ég þá menn hafa mikið til síns máls, sem eru þeirrar skoðunar, að íslenzka fræðslukerfið hafi lagt of einhliða áherzlu á bókvísi.

Nágrannaþjóðir okkar hafa skilið það, að ef vel á að vera, þarf bóklegt og verklegt nám að haldast í hendur, hvoru tveggja þarf að gera jafnhátt undir höfði, en ekki má vanrækja annað á kostnað hins. Sakir þessa skilnings hefur verið komið upp á Norðurlöndum kerfisbundnu námi í verklegum fræðum, sem sums staðar er orðið afar fjölbreytt og komið á mjög hátt stig, ekki sízt í Svíþjóð, en Svíar eru mjög til fyrirmyndar í þeim efnum sem mörgum öðrum. — Svipað hefur vakað fyrir þeim mönnum hér á landi, sem fengu komið inn í fræðslulögin nýju ákvæðum um verknámsdeildir. Þau ákvæði eru þó enn að mjög litlu leyti komin til framkvæmda, og er því miður hætta á, að enn líði mörg ár, þar til verknámsdeildir eru almennt teknar til starfa víðs vegar um land, hafa hlotið viðunandi aðstöðu um húsakost, tæki og kennslukrafta og þar með þróazt í æskilegt horf. Tel ég líklegt og að mörgu leyti æskilegt, að þegar fram líða stundir, verði kennsla í verklegri sjóvinnu tengd hinu almenna skólakerfi, hún verði mikilvægur liður í verknámi hinna almennu unglingaskóla. En það virðist eiga svo langt í land, að eftir því er ekki hægt að bíða, að því er varðar kennslu í þeim störfum, sem tíðkast við sjávarsíðu. Þar eigum við Íslendingar svo mikið í húfi, að ekki má fresta því öllu lengur að hefjast handa um skipulega fræðslu. Breyttir tímar krefjast þess, að þessi mál verði tekin föstum tökum.

Áður á tímum var það regla, — og gilti hún allt fram á daga þeirrar kynslóðar, sem nú ber hita og þunga dagsins, — að æskumenn, sem ólust upp við sjávarsíðu og hugðust gera

sjómennsku að ævistarfi, byrjuðu þegar á ungum aldri að taka þátt í störfum hinna fullorðnu og lærðu því snemma alla algenga sjávarvinnu. Þeir réðust í skiprúm um og litlu eftir fermingaraldur og urðu fullgildir, vel verki farnir skipverjar, þegar er þeim óx nokkuð fiskur um hrygg. Reyndist þeim auðvelt að ná fullum tökum á starfinu, einmitt vegna þess, að undirstaðan hafði verið rétt lögð og nægilega snemma.

Á síðustu tímum hefur orðið sú breyting á starfi sjómannsins vegna stóraukinnar tækni, bæði mikils vélakosts og fjölbreyttari veiðitækja og veiðiaðferða, að hann þarf að hafa til að bera meiri fjölhæfni en áður til þess að geta talizt fullgildur skipverji, sem hagnýtir af þekkingu og kunnáttu hin dýru og mikilsverðu tæki, sem heyra til sjávarútgerð og siglingum. Á þetta ekki aðeins við um yfirmenn og sérmenntaða menn á skipum, heldur einnig um háseta. Það er því mikils virði frá þjóðhagslegu sjónarmiði, að dýr skip, veiðarfæri og önnur tæki séu jafnan hagnýtt á þann veg, sem bezt má verða, en til þess þarf verulega kunnáttu. Verður það ekki gert með öðru en því að sjá svo um, að sjómannaefni eigi jafnan kost hinnar beztu verkmenntunar, sem völ er á, og að þeir fái þegar á ungum aldri nauðsynlegar leiðbeiningar þar til hæfra manna.

Þetta hafa nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndum skilið, eins og ég áðan sagði, og því hafa þær komið á fót hjá sér mjög vel skipulagðri kennslu sjómannaefna á verklegu sviði. Er mér kunnugt um, að bæði Norðmenn, Svíar og Danir hafa komið sér upp fullkomnum sjóvinnuskólum, þar sem hvorki er sparað til skólahúsa, kennslukrafta né nauðsynlegra tækja, enda telja þeir árangur þessarar fræðslu mjög góðan.

Jafnframt því, sem sjóvinnuskólar veita nemendum nauðsynlega tilsögn í algengum störfum til sjávar, eiga þeir einnig drjúgan þátt í því að vekja og glæða áhuga ungra manna á sjómennsku. Hér á landi virðist þess full þörf, svo mjög sem að því kveður nú hin síðustu ár, að æskumenn veigri sér við að gera hin erfiðu, en karlmannlegu sjómannsstörf að atvinnu sinni, svo sem þjóðinni er þó nauðsyn. Ótrygg og algerlega óviðunandi kjör, einkum á bátaflotanum, eiga að sjálfsögðu mikinn þátt í þessari þróun, þessari öfugþróun, og er knýjandi nauðsyn úr að bæta, þó að ég ætli ekki að fjölyrða um það í þessu sambandi.

Ég vil með flutningi frv. þess, sem hér liggur fyrir, vekja athygli hv. alþm. á þessu nauðsynjamáli. Ég hef við samningu þess haft það mjög í huga að gera ekki meiri kröfur um fjárframlög úr almannasjóði en svo, að ég geri mér vonir um, að hv. Alþingi geti fallizt á, að þar sé varlega í sakirnar farið. Höfuðatriðið er að hleypa þessu máli af stokkunum og láta sjóvinnuskólann síðan þróast smám saman, eftir því sem tök eru á og reynslan sýnir að bezt muni fara.

Ég tel, að þótt frv. mitt verði samþykkt, muni ekki þurfa í upphafi að eyða miklum fjármunum í nýjan húsakost, til þess að hægt sé að hefja sjóvinnukennslu, kleift sé að notast við húsnæði, sem þegar er fyrir hendi, ef til vill með lítilsháttar breytingum. Hér í Reykjavík er hinn veglegi sjómannaskóli ekki notaður til fullnustu. Þar er stór salur, sem sérstaklega er ætlaður til kennslu á verklegu sviði, og er mér tjáð, að auðveldlega megi hafa miklu meiri not af honum en gert er, ekki aðeins þann tíma árs, sem stýrimannaskólinn starfar ekki, heldur einnig á vetrum.

Fari svo, sem ég tel nálega fullvíst, að bæjar- og hreppsfélög, sem byggja afkomu sína að verulegu leyti á sjávarútgerð, vildu töluvert til þess vinna, að upp verði komið þar sjóvinnunámskeiðum, a. m. k. öðru hvoru, þá mundi þeim vafalaust kleift að leysa húsnæðisvandamálið til bráðabirgða. Tel ég eðlilegt, að reynslan verði síðan látin leiða í ljós, hvert gildi slík kennsla sem þessi hefur og hvernig heppilegast er að koma henni fyrir, áður en lagt er í mjög tilfinnanlegan byggingarkostnað.

Ég hef lagt til í frv., að ríkið standi straum af kostnaði við sjóvinnuskóla þann eða námskeið, sem þar er ráðgert að efnt verði til. Hins vegar vil ég geta þess, að ég er fús á að athuga allar till., sem fram kunna að koma um aðra lausn kostnaðarhliðar þessa máls. Mér hafði dottið í hug að taka ef til vill inn í frv. ákvæði um það að leggja á íslenzk skip, t. d. 100 lesta og stærri, vægt gjald, sem rynni til rekstrar sjóvinnuskólans. Má rökstyðja það, að útgerðarmönnum og útgerðarfélögum sé svo mikils virði, að sjómannaefni geti notið sem beztrar verkmenntunar, að ekki sé ósanngjarnt, að þeir aðilar leggi eitthvað af mörkum, til þess að svo geti orðið. Ég hvarf þó frá því að taka ákvæði um þetta inn í frv., en vel má athuga það nánar, ef hv. alþm. sýnist svo. Væri t. d. horfið að því ráði að láta hvert skráningarskylt skip, 100 lestir og stærra, greiða til sjóvinnuskólans árlegt gjald, er næmi til að mynda þrem krónum á hverja rúmlest skipsins, mundu þær tekjur sennilega standa undir $^3/_5$ til $^2/_3$ af rekstrarkostnaði sjóvinnuskólans, eins og hann yrði fyrst í stað. Rekstrarkostnaðurinn virðist mér ekki þurfa að fara fram úr 300 þús. kr. á ári fyrst um sinn.

Ég vænti þess, að þessu frv. verði vel tekið hér á hv. Alþingi. Ég hygg, að mér sé óhætt að fullyrða, að sjómannastéttin hefur verulegan áhuga á því, að eitthvað sé gert í svipaða átt og hér er lagt til. Hafa samtök sjómanna gert samþykktir ýmsar í því efni.

Það gæti verið álitamál, til hvaða nefndar frv. sem þetta ætti að fara, hvort það ætti að fara til sjútvn. eða menntmn. En ég held nú, að eðli málsins sé það, að það eigi fremur heima í sjútvn., en vil þó bera það undir álit hæstv. forseta, en að þessari umr. lokinni óska ég að því verði vísað til nefndar og þá — að ég held — sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 16. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 222, n. 366).

Frsm. (Emil Jónsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft til athugunar frv. til l. um Sjóvinnuskóla Íslands á þskj. 222 og skilað frá sér nál. um það á þskj. 366. Nefndin sendi frv. til umsagnar skólastjóra stýrimannaskólans og Fiskifélags Íslands og fékk svör frá báðum þessum aðilum, sem eru prentuð sem fylgiskjöl með nál., og læt ég mér nægja að vísa til þeirra.

Þessir aðilar báðir voru sammála um nauðsyn þess, að ungum mönnum, sem vildu stunda sjómennsku, hvort sem væri á fiskiskipum eða farskipum, yrði veitt nokkur kennsla í hinum daglegu störfum, sem þessum mönnum er ætlað að fást við. En þá greinir nokkuð á hæði innbyrðis og eins við flutningsmann frv. um það, hvernig þessi kennsla skuli veitt.

Hv. 8. þm. Reykv., sem flytur frv., gerir það að till. sinni, að stofnaður verði í Reykjavík sérstakur skóli, sem hafi það hlutverk með höndum að veita ungum mönnum þessa fræðslu og geri það á þann hátt, að það verði stofnað þar til eins eða fleiri þriggja mánaða námskeiða hvert ár, og síðan verði þessum skóla falið að sjá um kennslu í kaupstöðum og sjávarþorpum, þar sem þess kynni að vera óskað og þörf fyrir þessa kennslu, á þann veg, að það verði a. m. k. haldið eitt námskeið í hverjum landsfjórðungi árlega, eins og komizt er að orði í frv.

Skólastjóri stýrimannaskólans virðist vera nokkuð inni á sömu hugsun og hv. flm. frv., en hefur sitt hvað við frv. að athuga, og hans meginmál í svarinu er að gera grein fyrir þeim breytingum, sem hann telur æskilegt að gerðar verði á fyrirkomulagi skólans, ef að því ráði verði horfið að stofna til hans eins og frv. gerir ráð fyrir eða í svipuðu formi.

Hins vegar bendir fiskimálastjóri, sem svaraði fyrir hönd Fiskifélagsins, nokkuð á annan veg. Hann lýsir því, hvernig Fiskifélagið hefur haft uppi viðleitni í þessu skyni á undanförnum árum, eða eins og hann segir í svari sínu, með leyfi hæstv. forseta, að Fiskifélagið hafi „mörg undanfarin ár haldið svo nefnd sjóvinnunámskeið í fjölmörgum veiðistöðvum, eftir því sem óskir hafa fram komið, en takmörkuð geta fjárhagslega hefur þó á stundum sett þessari starfsemi þrengri skorður en æskilegt hefði verið. Hefur starfsemi þessi verið mjög vel séð af þeim, sem hér hafa átt hlut að máli, og munum vér að sjálfsögðu halda henni áfram," segir fiskimálastjóri.

Hans till. í málinu eru þess vegna þær, að möguleikar Fiskifélagsins til þess að auka þessa starfsemi verði styrktir og að Fiskifélagið fái tækifæri til þess að halda starfseminni uppi öllu meira en gert hefur verið á undanförnum árum. Enn fremur bendir hann á í lok bréfsins, og undir það hefur sjútvn. einnig tekið, að hann telur rétt og eðlilegt, að þessu verkefni verði meir sinnt en áður hefur verið gert í verknámsdeildum gagnfræðaskólanna víðs vegar um landið, enda virtist n., að það væri hinn æskilegasti vettvangur til þessarar kennslu. Þar er verið að byrja að kenna ýmis hagnýt störf, og að sjálfsögðu koma þar í fyrstu röð til greina þau verkefni, sem hér er lagt til að hafin verði kennsla í, þ. e. kennsla í ýmiss konar sjóvinnu.

Niðurstöður fiskimálastjórans, sem sjútvn. hefur einróma fallizt á, eru því þær, að auknir verði möguleikar Fiskifélagsins til að halda uppi námskeiðunum í svipuðu formi og það hefur gert, en sú starfsemi verði aukin og fræðslumálastjórnin geri sitt til að hrinda í framkvæmd öflugri kennslu í sjómennsku og vinnubrögðum í því sambandi í verknámsdeildum gagnfræðaskólanna. Sjútvn. leggur því til, að þetta frv. verði afgr. með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Í trausti þess, að Fiskifélagi Íslands verði gert kleift að halda framvegis uppi sjóvinnunámskeiðum sínum og auka þau, og enn fremur í trausti þess, að fræðslumálastjórnin vinni að því, að kennsla í sjóvinnu verði upp tekin í sem flestum verknámsdeildum gagnfræðaskólanna, svo víðtæk sem við getur átt á hverjum stað, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Og um þetta stendur, eins og ég sagði áðan, sjútvn. einhuga. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara út í að ræða einstök atriði frv., þar sem það hefði ekki þýðingu, ef hin rökstudda dagskrá verður samþykkt. En það eru ýmis atriði í frv., eins og skólastjóri stýrimannaskólans hefur bent á, sem mundu þurfa allmikillar lagfæringar við, ef að skólastofnun yrði horfið, og eins eru það nokkur atriði, sem komu í ljós við umr. í sjútvn., að ef horfið yrði að þeirri leiðinni, þá mundi þurfa að gera á frv. nokkrar breytingar. En sem sagt, ég tel það ekki tímabært á þessu stigi, þar sem n. er einhuga um að leggja til, að frv. verði afgr. með hinni rökstuddu dagskrá.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Mér þykir leitt, að ég skuli ekki hafa fengið ástæðu til að þakka hv. sjútvn. fyrir það, hvernig hún leggur til, að afgreitt verði frv. mitt á þskj. 222 um Sjóvinnuskóla Íslands.

Þó að mér þyki líklegt, að sýnt sé, hver verða örlög þessa máls að sinni, og langar ræður fái engu þar um breytt, þá sé ég ástæðu til að fara nokkrum orðum um nál. og þá till. sjútvn. að afgreiða það með rökstuddri dagskrá.

N. hefur, eins og frsm. gat um, sent frv. til tveggja aðila, Fiskifélags Íslands og skólastjóra stýrimannaskólans. Þetta var í alla staði eðlilegt og gott að fá umsögn þessara aðila, þótt ég hefði einnig talið vel við hæfi, að leitað væri álits Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, svo og þeirra sjómannafélaga, sem auðveldlega varð til náð. Það hefur hins vegar ekki verið gert, og tel ég það heldur miður farið. Um afstöðu Farmannasambandsins er vitað, að það hefur margsinnis gert samþykktir um nauðsyn stóraukinnar kennslu í sjóvinnu, og margar hvatningargreinar um það mál hafa verið birtar í blaði sambandsins.

Álit þeirra tveggja aðila, sem hv. sjútvn. sendi frv. mitt til umsagnar, er prentað hér sem fskj. með nál., og þarf ég því ekki að fjöl-

yrða um þau álit. Skólastjóri stýrimannaskólans mælir með frv., bendir að vísu á nokkrar breytingar, eins og frsm. gat um, og þær eru aðallega í því fólgnar að takmarka nokkru meira en ráð var fyrir gert í frv. námsefnið. Skólastjóri stýrimannaskólans kemst svo að orði m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Á því er enginn vafi, að vinnuskóli fyrir unglinga, sem ætla að gera sjómennsku að atvinnu sinni, væri hin þarflegasta stofnun hér á landi. Það mun vera svo um flesta, sem ráðast í skiprúm í fyrsta sinn, að þeir kunni lítið sem ekkert til algengrar sjóvinnu, og algengt er einnig, að jafnvel eftir tveggja til þriggja ára siglingartíma á skipum sé kunnáttu þeirra enn mjög ábótavant í þessum greinum. Að nokkru leyti getur það stafað af skorti á áhuga hjá þeim sjálfum, en oft stafar það af vöntun á tækifærum til æfinga, því að þegar nóg er að starfa fyrir alla, eru hin vandasamari störf, svo sem smeygingar á köðlum og vírum, netabætingar og vinna við segl og reiða falin vönum mönnum, og unglingarnir koma þar þá lítið nærri.

Á stýrimannaskólanum er á hverjum vetri haldið uppi nokkurri kennslu í verklegum efnum, og var sú kennsla á sínum tíma tekin upp fyrir áeggjan Sveinbjarnar heitins Egilssonar og af brýnni nauðsyn á að bæta um hirðusemi og verkkunnáttu skipstjórnarmanna, einkum á fiskiskipaflotanum. Nú er vitað, að ekki fer nema minni hluti íslenzkra sjómanna á stýrimannaskólann, en hins vegar æskilegt, að sem flestir læri þessi störf. Á stýrimannaskólanum eru heldur ekki tök á að kenna nema takmarkaðan hluta þess, sem t. d. fiskimenn þyrftu að kunna í gerð alls konar veiðarfæra, og væri starfandi skóli, sem veitti ungum sjómönnum alhliða kennslu í verklegum efnum, mætti að mínum dómi leggja niður þessa kennslu við stýrimannaskólann, en krefjast í þess stað af nemendunum kunnáttuvottorðs í þessum fræðum frá sjóvinnuskólanum. Þá sæi ég heldur ekkert því til fyrirstöðu, að námstími ásamt prófi frá sjóvinnuskólanum yrði látið gilda sem hluti af þeim siglingatíma, sem krafizt er til inngöngu í stýrimannaskólann. Ég tel því, að frv. þetta stefni í rétta átt, en að á því þurfi að gera breytingar, áður en það verður að lögum."

Þetta eru ummæli Friðriks Ólafssonar skólastjóra stýrimannaskólans. Fer hann síðan nokkrum orðum um þær breytingar, sem hann telur æskilegt að gerðar verði á frv.

Hv. sjútvn. hefur valið þann kostinn að ganga gegn áliti skólastjóra stýrimannaskólans, sem telur sjóvinnuskóla nauðsynlegan, en hallast hins vegar eindregið að áliti fiskimálastjóra. Fiskimálastjóri viðurkennir að vísu í svari sínu til n., að sú grundvallarhugsun, sem fram kemur í frv., sé rétt. Hins vegar lítur hann svo á, að Fiskifélag Íslands geti með sjóvinnunámskeiðum í verstöðvum veitt þá fræðslu, sem nauðsynleg er í þessu efni, jafnframt því sem verknámsdeildir gagnfræðaskólanna þurfi að auka kennslu þá í sjóvinnu, sem tekin hafi verið upp á fáeinum stöðum. Þetta tvennt telur hv. sjútvn. þá lausn, sem æskileg sé í sambandi við sjóvinnukennslu. Við þetta vil ég leyfa mér að gera fáeinar athugasemdir.

Að því er varðar sjóvinnunámskeið Fiskifélagsins, sem fiskimálastjóri gerir allmikið úr, vil ég segja þetta: Slík námskeið hafa að vísu verið haldin á nokkrum stöðum, en ég hygg, að ég geri engum rangt til, þó að fullyrt sé, að þau hafi verið haldin við erfið skilyrði og af töluverðum vanefnum. Viðurkennir fiskimálastjóri einnig, að takmörkuð fjárhagsgeta hafi sett þessari starfsemi þrengri skorður en æskilegt hefði verið. Það er vafalaust rétt, að fjárskortur til starfseminnar hefur háð þessari viðleitni, en hitt er jafnvíst, að fleira hefur orðið henni fjötur um fót, og þá einkum það, að enginn ábyrgur aðili hefur sinnt þessu sem aðalstarfi. Því hefur skipulag allt verið í molum.

Að því er varðar aukna sjóvinnukennslu við verknám gagnfræðaskólanna er það að segja, að hún er að sjálfsögðu mjög æskileg, en virðist eiga töluvert langt í land og getur engan veginn komið í staðinn fyrir sjálfstæðan sjóvinnuskóla. Hitt þykir mér sennilegra, að því aðeins eigi slík verknámskennsla gagnfræðaskólanna eftir að þróast í æskilegt horf, að til sé sérstakur aðili, sem hafi það verkefni með höndum að skipuleggja alla kennslu í sjóvinnu og veita þá fyrirgreiðslu um kennslukrafta, kennslutæki og annað, sem nauðsynleg er. Slíkur aðili á einmitt sjóvinnuskólinn að vera.

Ég er sannfærður um það, að stóraukin kennsla í sjóvinnu er svo brýnt nauðsynjamál, að það verður ekki stöðvað til langframa. Svo mun fara hér á landi eins og í nágrannalöndunum, að um þetta efni verður vafalítið sett sérstök löggjöf og óháðri stofnun falið að hafa forustu um framkvæmdir. Við það verður ekki unað til langframa, að forstaða sjóvinnunámskeiða sé tiltölulega lítilsvirt hjáverk manna, sem eru önnum kafnir við önnur störf og geta því ekki, þótt þeir gjarnan vilji, sinnt þessu umfangsmikla verkefni sem skyldi. — Þó að þessu frv. mínu um sjóvinnuskóla verði nú vísað frá, eins og hv. sjútvn. leggur til, þá er ég sannfærður um, að hugmyndin um sjálfstæðan sjóvinnuskóla verði tekin upp aftur og hlýtur að ná fram að ganga í einni eða annarri mynd.

Ég þykist naumast þurfa að taka fram eftir það, sem ég hef nú sagt, að ég get á engan hátt fellt mig við þá till. hv. sjútvn. að vísa málinu frá með rökstuddri dagskrá, sem ég að vísu tel miður vel rökstudda, og mun ég því greiða atkvæði gegn dagskrártillögunni.

Frsm. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er nú sjálfsagt þýðingarlítið, að við hv. flm. förum að rökræða þetta mál miklu meira en gert hefur verið, enda fáir hér til þess að hlusta á okkar málflutning, svo að einnig af þeim ástæðum sé ég ekki ástæðu til þess að vera mjög langorður.

Það, sem okkur ber á milli í meginatriðum, er það eitt, hvernig kennslunni skuli hagað. Við erum sammála um, að það sé æskilegt, að þessi kennsla sé veitt, en hann telur æskileg-

ast, að hún verði veitt á þann hátt, að stofnaður verði í þessu skyni í Reykjavík sérstakur skóli, þar sem haldið sé eitt þriggja mánaða námskeið á ári og ef til vill nokkur önnur námskeið víðs vegar um land. Við aftur í sjútvn. höfum talið, að á meðan málið er á því tilraunastigi, sem það er enn þá óneitanlega, þá sé ekki ástæða til slíkrar skólastofnunar eins og sakir standa, heldur sé það æskilegast, að Fiskifélagið sé styrkt til þess að geta aukið þá starfsemi sína, sem fer nákvæmlega í sömu átt og flm. frumvarpsins vill fara með flutningi málsins á þann hátt, sem hann gerir.

Hv. þm. undraðist, að það skyldi hafa verið leitað umsagnar Fiskifélags Íslands frekar en t. d. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, en ástæðan fyrir því, að umsagnar Fiskifélags Íslands var sérstaklega leitað, var sú, að Fiskifélagið hafði haft þessa starfsemi með höndum. Það hafði haldið námskeið og hafði þess vegna væntanlega fengið nokkra reynslu á þessu sviði, og Fiskifélag Íslands er eini aðilinn á þessu landi, sem hefur nokkra reynslu í þessu efni, því þótt samþykktir hafi verið gerðar um málið á þingum Farmanna- og fiskimannasambandsins, sem ég engan veginn geri lítið úr út af fyrir sig, þá er þar með ekki fengin nein reynsla um það, hvernig þessu máli skuli hagað. Eina reynslan, sem fengizt hefur, og eini aðilinn, sem fengið hefur nokkra reynslu í þessum efnum, er þess vegna Fiskifélag Íslands, sem hefur haft þessa starfsemi með höndum.

Hv. þm. sagði, að sjútvn. hefði kosið að ganga gegn tillögum skólastjóra stýrimannaskólans í þessu máli. Ég hef lesið vandlega umsögn skólastjóra stýrimannaskólans um málið, og sannast sagna finnst mér hann ekki taka ýkja djúpt í árinni í því að mæla með stofnun skólans. Ég viðurkenni að vísu, að það má fá það út úr hans umsögn, að hann mæli með því, að til skólans sé stofnað, en hann hefur ýmislegt við fyrirkomulagið að athuga, og ég er ekki viss um, að hann telji það form, sem sjútvn. leggur til, neitt lakara en það, sem lagt er til í frv.

Það, sem mér finnst vera kjarni þessa máls, er, að fræðslan sé veitt, en hitt, hvernig hún er veitt, sé miklu minna atriði. Hvort það er stofnað eitthvert sérstakt embætti hérna suður í Reykjavík eða skóli í þessu skyni, er ekki aðalatriðið í málinu. Aðalatriðið í málinu er, að fræðslan nái til þeirra ungmenna, sem þurfa á henni að halda, hvort sem það verður gert í skólaformi eða Fiskifélag Íslands og gagnfræðaskólarnir sjái um kennsluna. Þetta er eingöngu mat á því, á hvorn háttinn hægara verði að ná hinum tilætlaða árangri.

Hv. þm. fann nú ástæðu til þess í ræðu sinni að fara heldur óvirðulegum orðum um viðleitni Fiskifélagsins á þessu sviði, sem það hefur haft uppi. Hann sagði, að þeirri starfsemi hefði verið haldið uppi við erfið skilyrði og af vanefnum, og mátti út úr orðunum lesa það, að þess vegna hefði nú kannske ekki allt verið eins og skyldi, þ. e., að námskeiðin hefðu ekki náð tilætluðum árangri. Mér er nú að vísu ekki nákvæmlega kunnugt um þetta, en ég hygg, að hafi þar eitthvað verið af vanefnum gert og skilyrðin til námskeiðahaldsins verið erfið, þá væri hægara úr því að bæta og mundi kosta ríkið minni fjármuni og jafnvel eins góður árangur nást eins og þó að til sérstaks skóla í Reykjavík væri stofnað í þessu skyni.

Annað atriði, sem fyrir mér er líka talsvert mikið atriði, er það, að verknám gagnfræðaskólanna verði fært yfir í það hagrænasta form, sem hægt er að fá. Og það er enginn vafi á því, að þessi verkefni, sem hér eru til umræðu, eru eitt af því allra nauðsynlegasta fyrir unga pilta að læra. Þess vegna hefði ég haldið, að það væri mjög æskilegt, að eins mikið af þessari kennslu yrði einmitt upp tekið í verknámsdeildum gagnfræðaskólanna og mögulegt væri að koma þar fyrir, fyrir þá nemendur, sem þess kynnu að óska.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að kennslan verði þriggja mánaða námskeið á ári, og mér skilst, að þegar því þriggja mánaða námskeiði sé lokið, þá sé nemandinn þar með útskrifaður og þurfi ekki að koma þangað aftur. Nú er komið á í gagnfræðaskólum landsins, annaðhvort öllum eða þá a. m. k. velflestum, skyldunám í tvö ár, og ég efast ekkert um, að á því tveggja ára tímabili væri hægt að veita fræðslu í þessum efnum, ef vel væri á haldið, sem jafnaðist á við þriggja mánaða námskeið haldin hér suður í Reykjavík. Ég veit, að í velflestum verstöðvunum a. m. k. eru til kennslukraftar, sem gætu vel séð fyrir þessum málum, og það er trúa mín, að árangurinn af þessari starfsemi muni á þann hátt ekki verða lakari en þó að til sérstaks skóla yrði stofnað.

Ég vil undirstrika það, að till. sjútvn. er ekki af neinni andúð við málið sjálft, heldur er hún sprottin af því, að við teljum, að ekki lakari árangur mundi fást, ef farin væri sú leið, sem hér hefur verið lagt til að farin verði af n. og Fiskifélagið hefur þegar prófað nokkuð, og sérstaklega þegar þar við bætist, að kennslan yrði tekin upp í gagnfræðaskólunum. En við erum hins vegar ekki þeirrar skoðunar eða þeirrar trúar, að sérstakt skólahald í þessu skyni mundi betrumbæta nokkuð þá kennslu, sem veitt yrði á þann hátt.

Umr. frestað.

Á 49. fundi í Nd., 18. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja mikið umræður um þetta mál. Það voru aðeins tvö eða þrjú atriði í ræðu hv. frsm. sjútvn., þeirri er hann flutti síðast um málið, þegar það var hér á dagskrá í fyrradag, sem ég vildi gera athugasemdir við.

Hann lét orð falla eitthvað á þá leið, að ég hefði látið í ljós undrun yfir því, að Fiskifélagi Íslands hefði verið sent frv. mitt til umsagnar. Þetta er ekki rétt hermt. Ég lét enga undrun í ljós yfir því, að Fiskifélagið skyldi hafa fengið þetta mál til umsagnar, heldur sagði ég þvert á móti, að ég teldi það hafa ver-

ið eðlilegt og raunar sjálfsagt, að þeim tveim aðilum, sem málið var sent til athugunar, Fiskifélagi Íslands og skólastjóra stýrimannaskólans, hefði verið sent það. Hins vegar benti ég á, að fleiri aðilar hefðu sýnt áhuga á þessu máli og væru að vissu leyti því nákomnir, og benti ég þar m. a. á Farmanna- og fiskimannasamband Íslands svo og þau sjómannafélög, sem tök hefði verið á að senda þetta til umsagnar, eins og Sjómannafélag Reykjavíkur. En um þetta er nú ástæðulaust að hafa mörg orð.

Þá sagði hv. frsm. sjútvn., að ég hefði sneitt að Fiskifélaginu og farið hálfóvirðulegum orðum um viðleitni þess í þá átt að koma á fót sjóvinnunámskeiðum í verstöðvum. Ég minnist þess nú ekki, að ég hafi gert þetta. Hitt mun ég hafa sagt og get endurtekið það hér, að þessi viðleitni Fiskifélagsins hefur verið af nokkrum vanefnum ger, og hygg ég, að fleiri verði til þess að staðfesta það heldur en ég. Meðal annars get ég í því efni vitnað til sjálfs framkvæmdastjóra Fiskifélagsins, fiskimálastjórans, sem segir í því áliti, sem prentað er sem fskj. með nál. sjútvn., að fjárskortur hafi háð þessari starfsemi Fiskifélagsins.

Þá held ég, að þarflaust sé að deila mikið um afstöðu skólastjóra stýrimannaskólans til þessa máls. Hv. frsm. dró það nokkuð í efa, að hann væri því fylgjandi, að sjóvinnuskóla væri komið á fót, en mér virðist af umsögn hans, að á því geti enginn vafi leikið, að hann sé því hlynntur, að einmitt þessi leið sé farin, að stofnaður verði sjálfstæður skóli til að kenna sjóvinnu og hafa leiðbeiningar um þau mál með höndum, þó að hann hins vegar geri nokkrar athugasemdir við frv. og æski eftir breytingum á því. Það er í alla staði eðlilegt. En hitt verður ekki dregið af umsögn hans, að hann sé ekki fylgjandi hugmyndinni að stofnun sjóvinnuskóla.

Þá vil ég taka fram, þó að ég hafi að vísu gert það áður, bæði í grg. og framsöguræðu fyrir þessu máli, að nágrannaþjóðir okkar, sumar hverjar a. m. k., hafa valið þessa eða svipaða leið og ég legg hér til með þessu frv. og talið þá leið hentugasta til þess að leysa þennan vanda.

Það, sem aðallega er um deilt og er aðalatriðið í málinu, er þetta: Með hverjum hætti er líklegt, að hægt sé að láta í té þá kennslu í sjóvinnu, sem allir telja að æskileg sé? Með hverjum hætti er líklegast, að það verði bezt gert? Þar greinir mig á við hv. sjútvn. Hún telur, að Fiskifélagið hafi einna bezt skilyrði til þess að sjá um þessa kennslu með sjóvinnunámskeiðum, en ég tel, að heppilegra muni vera til góðs árangurs, að þarna verði komið upp sjálfstæðri stofnun, sem hafi þetta verkefni með höndum. Sú stofnun mundi svo að sjálfsögðu hafa mjög góð skilyrði til þess að aðstoða og leiðbeina einmitt þeim gagnfræðaskólum í sjávarþorpum og kaupstöðum, sem vildu koma upp hjá sér sjóvinnunámskeiðum í sambandi við verknámið. Ég held, að það mundi einmitt ýta þessu máli töluvert áfram, ef sjóvinnuskóli yrði stofnaður, eins og ég legg til. Hins vegar sé ég ekki ástæðu til þess að karpa öllu meira um þetta mál við hv. frsm. sjútvn. og læt þessi orð mín nægja.

Frsm. (Emil Jónsson): Herra forseti. Út af þeim þrem atriðum, sem hv. flm. þessa frv. gerði hér að umtalsefni, skal ég leyfa mér að segja nokkur orð.

Þegar frv. var sent Fiskifélaginu til umsagnar, þá byggðist það, eins og ég sagði áður, á því, að Fiskifélagið hefur haft þessa starfsemi með höndum, en aðrir aðilar raunverulega ekki. Ýmsir kunna að hafa gert um það ályktanir, það má vel vera, en það er hins vegar ekki það sama og að hafa haft með höndum þau námskeið, sem hér um ræðir. Og svo má náttúrlega alltaf deila um það, hverjum á að senda og hverjum ekki eða hversu viðtækra umsagna á að leita um öll þau mál, sem frá Alþ. eru send til upplýsinga. Hins vegar fer það ekki fram hjá mér, að hv. flm. gerir í þessu máli á ýmsan hátt nokkurn mun á Fiskifélagi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Kemur það t. d. fram í því, að hann gerir í frv. ráð fyrir, að einn maður skuli tilnefndur í stjórn þessa skóla, ef stofnaður verði, frá Farmanna- og fiskimannasambandinu, sem þó hefur ekki haft önnur afskipti af málinu en á pappírnum, en enginn frá Fiskifélaginu, sem þó hefur haft þau raunverulegu afskipti af málinu, sem lýst hefur verið. Munurinn á okkar afstöðu, sjútvn. annars vegar og hv. flm. hins vegar, er sá, að við vildum fyrst og fremst leita til þess aðilans, sem haft hefur málið raunverulega með höndum og þekkir það þess vegna bezt, en ekki leita til annarra aðila, þótt einhverjar samþykktir kunni að hafa um það gert.

Það var líka í þessu sambandi, sem mér fannst eins og hv. flm. léti liggja að því í sinni ræðu, þegar málið var hér til umr. síðast, að námskeið Fiskifélagsins hefðu nú kannske ekki verið eins góð og æskilegt hefði verið. En ef það hefur verið misskilningur hjá mér, þá skal ég ekki fara um það fleiri orðum, því að það má náttúrlega vel vera, að námskeið Fiskifélagsins hefðu getað verið betri, en það hefur þá fyrst og fremst verið vegna þess, að til þess skorti fé að halda þeim í því horfi, sem æskilegt hefði verið, en úr því mætti að sjálfsögðu bæta, og það væri hægara úr því að bæta heldur en að stofna til sérstaks skólahalds, eins og hér er gert ráð fyrir.

Um afstöðu skólastjóra stýrimannaskólans get ég verið stuttorður. Það er rétt, eins og ég hef alltaf sagt í þeim ræðum, sem ég hef haldið um málið, að skólastjórinn virðist vera þeirrar skoðunar, að skólann bæri að stofna, en það eru nánast öll atriði frumvarpsins, sem skólann snerta, sem hann gerir till. um breytingu á, bæði um kennarahald og námsefni. En það er óþarfi að fara lengra út í það. Ég er hins vegar sammála flm. um, að aðalatriðið í þessu máli er það, hvernig bezt verði kennt, og ég hef ekki heyrt borin fram af honum né annars staðar nein rök fyrir því, að því takmarki ætti að vera náð betur eða auðveldar með skólastofnun heldur en eftir þeim leiðum, sem

sjútvn. leggur til að farnar verði, þ. e., að kennslan verði tekin upp í gagnfræðaskólum annars vegar og með námskeiðum hins vegar. En hins vegar er það augljóst, að það fyrirkomulag verður miklu kostnaðarminna en það, sem hv. flm. gerir ráð fyrir.

ATKVGR.
Rökst. dagskrá á þskj. 366 samþ. með 20:5 atkv.

4. Félagsheimili.

Á 2. fundi í Sþ., 5. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili [30. mál] (þmfrv., A. 30).

Á 6. fundi í Nd., 9. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 7. fundi í Nd., 13. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Eins og lögin um félagsheimili bera með sér, er gert ráð fyrir stuðningi þess opinbera við ýmis virðingarverð menningarfélög til þess að koma sér upp ákveðnum samastað fyrir starfsemi sína. Þessi aðstoð ríkisvaldsins hefur mælzt mjög vel fyrir, og ber áreiðanlega að þakka henni hin fjölmörgu og glæsilegu samkomuhús, sem risið hafa víða úti um land frá setningu laganna. Það getur því tæpast verið nein goðgá að álykta, að rétt sé og skylt, að fjölmennustu félagssamtök landsins og um leið þau áhrifamestu séu einnig aðnjótandi þessara fríðinda. Þetta frv. á þskj. 30 fær þó enn betri grundvallarröksemdir, þegar tekið er tillit til þess, að flest hinna smærri verkalýðsfélaga, sem eru fjárhagslega verst stæð, eru á algerðum vergangi með starfsemi sína. Þessi tilfinnanlegi skortur húsnæðis háir mjög eðlilegri starfsemi verkalýðsfélaganna og alls konar fræðslustarfsemi þeirra, sem er nánast óframkvæmanleg sökum húsnæðisskorts. Þar af leiðir alls konar los í félagsstarfinu vegna þess öryggisleysis, sem ávallt er samfara húsnæðisleysinu, jafnt hjá einstaklingum sem félögum. Það ætti að sjálfsögðu að vera óþarft á þessu stigi málsins að halda um það ýtarlega framsöguræðu, svo augljós er tilgangur þessa frv.

Það, sem farið er fram á í frv., er einungis, að hv. Alþ. viðurkenni sama rétt verkalýðsfélaganna til aðstoðar af hálfu ríkisvaldsins og hinna virðingarverðu félaga, sem upp eru talin í 1. gr. frv. Það er vissulega erfitt að hugsa sér, að mikil andstaða geti orðið við svo sjálfsagða leiðréttingu. Því verður a. m. k. ekki trúað að óreyndu.

Að svo mæltu vil ég óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 27 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 30, n. 456 og 473).

Frsm. meiri hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Tekjur þær, sem renna í félagsheimilasjóð, eru hluti af skemmtanaskatti. Sá hluti, sem félagsheimilasjóði er ætlaður, hefur verið skertur nokkuð frá því að lög um félagsheimili voru sett 1947, með því að brýna nauðsyn þótti bera til, að stærri hluti af skemmtanaskattinum rynni til þjóðleikhússins heldur en þá var gert ráð fyrir. Tekjur félagsheimilasjóðs eru þar af leiðandi mjög takmarkaðar ár hvert.

Þegar lögin um félagsheimili voru sett, var nokkurt vandamál, hvernig ætti að haga reglum um það, hvaða félög væru styrkhæf og hvaða félög ekki. En ekki þótti kleift að veita úr sjóðnum styrk til allra félaga í landinu, sem hug hefðu á því að reisa félagsheimili ein út af fyrir sig. Niðurstaðan varð sú, að reglan var miðuð við það, að þau félög, sem hefðu menningarstarfsemi að aðalviðfangsefni, væru styrkhæf, en önnur félög, sem hefðu önnur verkefni að aðalviðfangsefnum, þótt þau styddu menningarstarfsemi öðrum þræði, gætu ekki fallið í þennan flokk.

Af þessu leiðir, að eins og lögin eru nú, þá hafa stéttarfélög, t. d. stéttarfélög iðnaðarmanna, verzlunarmanna og ýmissa annarra stétta, ekki rétt til þess að fá styrk úr félagsheimilasjóði, þótt þau reisi félagsheimili fyrir starfsemi sína. Hið sama gegnir í þessu efni um samvinnufélög, af því að svo er litið á, að aðalviðfangsefni þeirra sé á viðskiptasviðinu, en ekki menningarstarfsemi. Samvinnufélög hafa því ekki fengið styrk úr félagsheimilasjóði, þó að þau hafi reist félagsheimili fyrir starfsemi sína. Nefna má búnaðarfélög í þessu sambandi, og fleiri félög mætti nefna, sem þannig er ástatt um. Í framkvæmdinni er þetta líka þannig, að í flestum sveitarfélögum er það fullnægjandi að reisa eitt félagsheimili í sveitarfélagi, og þau hús, sem reist eru og styrkt úr félagsheimilasjóði, þurfa að vera vönduð að öllum frágangi og vel séð fyrir rekstri þeirra og viðhaldi. Þetta verður á allan hátt auðveldara, ef fleiri en eitt félag stendur að byggingu félagsheimilisins og félög í hlutaðeigandi sveitarfélagi slá sér saman og annast reksturinn og viðhaldið í sameiningu. Þess vegna hefur verið kostað kapps um að fá félög til þess að sameinast um slíkt átak sem það er í hverju byggðarlagi að reisa vandað félagsheimili til þeirrar starfsemi, sem þau eru ætluð til. Framkvæmd félagsheimilalaganna hefur verið hagað þannig samkv. áliti, sem stjórn félagsheimilasjóðs gaf heilbr.- og félmn., að þar sem verkalýðsfélög óska þess að eiga þátt að stofnun og rekstri félagsheimila í samvinnu við önnur félög innan sama sveitarfélags, þá hefur leyfi verið veitt til þess. Eru nokkur dæmi um það hér á landi, m. a. í Bolungavík og Sauðár-

króki, að ég ætla. En meiri hl. stjórnar félagsheimilasjóðs lítur ekki þannig á, að lögin heimili að veita verkalýðsfélögum styrk, ef þau reisa félagsheimili ein út af fyrir sig.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, stefnir að því að veita verkalýðsfélögum þennan rétt til þess að fá styrk, þótt þau reisi félagsheimili ein út af fyrir sig. Meiri hl. heilbr.- og félmn. telur, að það yrði miklum vandkvæðum bundið að marka skýra reglu í þessu efni gagnvart öðrum félögum, ef frv. það, sem hér liggur fyrir, yrði lögfest. Ef stéttarfélag af einu tagi, eins og stéttarfélag verkamanna, fær ótvíræðan rétt í þessu falli, þá fær ekki meiri hl. heilbr.- og félmn. séð, að það yrði auðið að synja stéttarfélögum verzlunarmanna, iðnaðarmanna og ýmissa annarra stétta um sambærilegan rétt. En ef þessi réttur yrði færður til flestra eða allra félagssamtaka í landinu, sem hug hefðu á því að reisa félagsheimili, þá mundi það takmarkaða fé, sem félagsheimilasjóður hefur til umráða, hrökkva harla skammt til að fullnægja þeim umsóknum, sem fyrir liggja, og verða af því minni not heldur en á þann hátt, sem nú er, að reyna að þrýsta félögunum saman og stuðla að því, að hvert byggðarlag um sig reisi sem vandaðast félagsheimili innan sinna takmarka. Meiri hl. heilbr.- og félmn. telur því ekki fært að lögfesta þetta frv. eins og það liggur fyrir, nema séð sé um það jafnhliða að auka tekjur félagsheimilasjóðs frá því, sem nú er, en engar till. eru uppi um það. Meiri hl. n. leggur því til, að frv. verði afgr. með þeirri rökstuddu dagskrá, sem prentuð er í áliti meiri hlutans.

Frsm. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Árið 1947 voru sett merk lög um félagsheimili, þar sem svo er kveðið á, að ríkisvaldið skuli styðja ýmis almenningsfélög, sem hug hafi á því að koma upp samkomuhúsi fyrir starfsemi sína, og eru félagsheimilasjóði ætlaðar sérstakar tekjur af skemmtanaskatti til þess að standa undir þeim styrkveitingum. Úthlutun úr félagsheimilasjóði annast íþróttanefnd og fræðslumálastjóri.

Það hefur komið í ljós í störfum stjórnar sjóðsins, að hún telur verkalýðsfélög ekki vera styrkhæfa aðila í þessu sambandi, þ. e. a. s., vilji verkalýðsfélög koma upp félagsheimili yfir starfsemi sína, eiga þessi félagssamtök ekki kost á styrk úr félagsheimilasjóði til byggingar samkomuhússins. En í þessu frv. er lagt til, að þessu verði breytt, þannig að verkalýðsfélög verði styrkhæfir aðilar til jafns við þau almenningsfélög önnur, sem þar eru nefnd, en það eru ungmennafélög, íþróttafélög, lestrarfélög, bindindisfélög, skátafélög, kvenfélög og hvers konar önnur menningarfélög, sem standa almenningi opin án tillits til stjórnmálaskoðana. Verkalýðsfélögin eru almenningsfélög, standa almenningi opin án tillits til stjórnmálaskoðana. Þau eru að vísu fyrst og fremst hagsmunafélög, en þau hafa gegnt og gegna jafnframt mjög mikilvægu menningarhlutverki. Og það er einmitt brýn þörf á því, að verkalýðsfélögin auki þá starfsemi sína stórum, sem lýtur að eflingu menntunar og sannrar menningar meðal félagsmanna sinna, en á því eru nokkur tormerki einmitt sökum skorts á samkomuhúsum og félagsheimilum. Það mundi auðvelda verkalýðsfélögum mjög að koma upp fyrir sig hentugu húsnæði og þar með auðvelda þeim að rækja umræddan þátt starfsemi sinnar, menningarhlutverkið, ef þau yrðu viðurkenndur í lögum fullgildur aðili til styrks úr félagsheimilasjóði.

Þess er rétt að geta, að n. fékk upplýst, að í íþróttanefnd er nokkur ágreiningur um það, hvort verkalýðsfélög séu styrkhæfir aðilar eða ekki. Meiri hl. íþróttanefndar hefur litið þannig á, að verkalýðsfélög eigi rétt á því að gerast meðeigendur að félagsheimilum í héraði sínu, en eigi hins vegar ekki rétt á styrk til byggingar félagsheimilis ein sér. Minni hl. íþróttanefndarinnar lítur hins vegar þannig á, að samkv. lögunum eins og þau eru séu verkalýðsfélög fullgildir styrkaðilar í þessu sambandi. En meiri hl. hefur ekki viljað viðurkenna þetta sjónarmið, og tel ég því til þess bera brýna nauðsyn, að það sé lögfest með skýlausu lagaákvæði, svo sem lagt er til í þessu frv.

Þess er rétt að minnast, að verkalýðsfélögin eru ein elztu og fjölmennustu félagssamtök, sem nú starfa hér á landi, þau félagssamtök, sem einna mest hafa látið til sín taka og án efa einna mest og bezt starf hafa innt af höndum til bætts hags og menningarauka fyrir alþýðu þessa lands. Ég tel þess vegna ekki við það unandi, að þessi félagssamtök, sem nú telja um 26 þús. manns, séu ekki viðurkennd jafnrétthár aðili við t. d. ungmennafélög, íþróttafélög og bindindisfélög, að því er tekur til rétts til styrks úr ríkissjóði til þess að koma upp samkomuhúsi fyrir starfsemi sína. Þess vegna hef ég leyft mér í nál. mínu að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt og vænti stuðnings við það frá hv. þingdeildarmönnum.

Eggert Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hef að vísu ekki miklu við álit minni hl. heilbr.- og félmn. að bæta umfram það, sem ég sagði í minni framsögu, þegar málið var lagt fyrir. Það er aðeins út af þeirri athugasemd frsm. meiri hl., að það væri miklum vandkvæðum bundið að marka línuna við önnur félög, ef verkalýðsfélögin fengju aðild að þessum styrktarsjóði félagsheimila, og benti þar m. a. á iðnaðarmenn og verzlunarmenn, sem stæðu þá mjög nálægt því. Ég vil aðeins benda frsm. og hv. meiri hl. n. á það, að iðnaðarmenn eru að meginhluta, allt að 80—90%, innan verkalýðssamtakanna, að verzlunarmenn undirbúa nú óðum komu sína í þessi samtök og hafa gert ítrekaðar tilraunir til að komast þangað, og stendur aðeins á formsatriðum, að þeir eru ekki innan verkalýðssamtakanna í dag. Þetta, sem bent var á af hv. frsm., eru þess vegna ekki röksemdir með því að fella málið, nema síður sé.

Ég vil ítreka þau ummæli minni hl. n., að frv. verði samþ. í þeirri mynd, sem það var lagt fram, og tel þá röksemd lítils virði, að verkalýðsfélögin séu, eins og frsm. sagði, ekki ein-

vörðungu menningarfélög, eins og gert er ráð fyrir í hinum upphaflegu lögum, það sé a. m. k. að jöfnu menningaratriði í baráttu verkalýðsfélaganna eins og hitt, að hún sé eingöngu hagsmunabarátta. Ég legg því eindregið til, að farið verði að niðurstöðu minni hl. og frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 456 samþ. með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KJJ, PÞ, PO, SkG, ÁB, BÓ, EI, EirÞ, GíslG, GTh, BFB, IngJ, JPálm, JR, JörB, SB.

nei: KGuðj, LJós, SG, BergS, EggÞ, EOl, EmJ, GilsG, GJóh, GÞG, HV.

8 þm. (MJ, ÓTh, SÁ, StgrSt, EystJ, HÁ, JóhH, JS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Sigurður Bjarnason: Ég vil láta þá grg. fylgja atkv., að ég tel, eins og kemur fram hjá hv. meiri hl., að verkalýðsfélög geti verið aðilar að byggingu félagsheimila og hafi verið það. Ég leyfi mér að benda á, að fæst verkalýðsfélög mundu hafa bolmagn til þess af eigin rammleik að byggja einsömul félagsheimili. Þess vegna hygg ég, að hagsmunir þeirra, sem eru í verkalýðsfélögunum, séu tryggðir með þeim skilningi, sem er á lögunum um félagsheimili nú, og með þeirri framkvæmd, sem á þeim hefur verið, og segi þess vegna já við hinni rökstuddu dagskrá.

Lagafrumvörp, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Lax- og silungsveiði.

Á 12. fundi í Sþ., 28. okt., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði* [72. mál] (þmfrv., A. 95).

Á 13. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Telja má, að það sé eðlilegt framhald af þeim umr., sem hér hafa fram farið um friðun rjúpunnar, að nú sé rætt lítils háttar um friðun laxins, en sá er munur á þessu tvennu, að því er haldið fram, að dráp rjúpunnar hafi engin áhrif á viðgang hennar, en hitt er ljóst og verður ekki mótmælt, að laxstofninn minnkar því meira sem hann er veiddur. Það er af þeirri ástæðu, sem ég hef lagt hér fram frv. um það, að laxveiðilögin frá 1941 nái þeim tilgangi sínum, sem þau greinilega stefna að, að ofveiði á laxi í net eigi sér ekki stað. En einu meginatriði þessara l. frá 1941 var breytt með dómi hæstaréttar, nr. 34 frá 1949, þar sem dæmt var um lögmæti veiðilagnar á veiðisvæði í Hvítá í Borgarfirði. Veiðibóndi einn hafði lagt net sín lengra út í ána en eftirlitsmenn laganna töldu, að rétt væri. Þetta mál fór fyrir dóm og síðan fyrir hæstarétt, og hæstiréttur dæmdi það, að bóndinn mætti leggja net sín út í miðja á. Þessi dómur byggist á því, að í l. eru tvær gr., sem nokkuð stangast á, þ. e. 31. gr. og 34. gr. l. Andi l. er sá, að laxveiðinet megi leggja frá bakka árinnar nokkuð í hlutfalli við það bil, sem er á milli lagnanna eftir endilangri ánni. En í umræddu máli var það svo, að bóndi við Hvítá lagði net út í ál í miðri á, — lögnin var að vísu ekki nema 20 metrar, en hún var talin lögleg, þó að hún væri lögð út frá eyri í ánni, vegna þess að í 34. gr. stendur, að með kvíslar í á skuli fara sem sérstök á væri. Þetta varð þess valdandi, að veiðibændur við Hvítá gátu eftir þetta lagt net sín um leirur árinnar í allar stórar kvíslar, þannig að svo að segja mátti þvergirða fyrir ána um allar leirurnar.

Ég hygg, að nokkuð sérstöku máli skipti um Hvítá í Borgarfirði í þessu efni, og það munu ekki vera aðrar ár hér á landi, sem líkt stendur á um.

Þetta varð svo til þess, að um ána voru lögð net þvert og endilangt, eins og ég hef tekið fram, og reynslan hefur raunverulega orðið sú, að stórlaxinn kemst ekki upp í bergvatnsárnar nema aðallega fyrri hluta vors, en smálaxinn kemst upp að sumrinu til, vegna þess að hann smýgur möskvana. Þetta er ákaflega varhugavert, vegna þess að þroskaði laxinn fær ekki tækifæri til að komast upp í bergvatnsárnar, þar sem hann á að hrygna.

Þessi breyting á l., sem hér er lögð fram, gengur í þá átt að breyta skilningi hæstaréttar, sem byggist á 34. gr. l., en stangast aftur á móti við 31. gr. l. Þetta er lagt fram til þess, að farið sé eftir upphaflegum anda l., eins og gert var ráð fyrir í fyrstu, að net sé lagt út frá föstum árbakka. Sú eina breyting, sem hér er gerð að þessu leyti, er sú, að netalögnina skuli reikna frá föstum árbakka, en ekki frá kvíslum úti í miðjum ám. Ég hygg, að það geti ekki verið mikil deila um þennan skilning og að þessu beri að fylgja.

17. gr. l. kveður svo á um, að friða skuli lax og silung fyrir allri veiði annarri en stangaveiði 60 stundir á viku, frá föstudagskvöldi til mánudagsmorguns. Þetta er að sjálfsögðu gert til þess að hindra ofveiði í net í ánum. En þegar athuguð er sú veiði, sem fram fer í Hvítá, þá er sýnilegt, að þar er um mjög mikla ofveiði að ræða. Í Hvítá renna nokkrar af beztu bergvatnsveiðiám landsins. Til þess að laxinn komist upp í þessar veiðiár, þarf hann að fara gegnum Hvítá, og sú ofveiði, sem á sér stað að mínu áliti, fer fram áður en laxinn kemst í bergvatnsárnar og fær tækifæri til að hrygna.

Samkv. upplýsingum frá veiðimálastjóra, sem fylgja í grg. með frv., sést, að í net veiðist 57—65% af öllum laxi, sem veiðist í Borgarfirðinum, og það er ekki nokkur vafi á því, að með þessu móti er mjög gengið á rétt þeirra bænda, sem hagsmuna eiga að gæta í bergvatnsám. En eins og kunnugt er, eru bergvatnsárnar í Borgarfirðinum nú leigðar út fyrir stórfé og að sjálfsögðu talsvert mikil tekjulind fyrir marga bændur í Borgarfirðinum. Það ber líka á því, að laxinn gengur talsvert mikið til þurrðar í sumum ánum í Borgarfirðinum og einmitt þeim, sem beztar hafa verið taldar, og get ég þá helzt rætt um þá á,

sem ég þekki bezt, Þverá í Borgarfirði, sem um eitt skeið var talin einhver bezta veiðiá í heimi. Laxinn þar hefur minnkað frá ári til árs s. l. 10 ár, þ. e. a. s., laxafjöldinn í ánni hefur greinilega minnkað og hefur aldrei verið minni en nú síðustu 2—3 árin. Ég er ekki í nokkrum vafa um, að ástæðunnar til þessa er að leita í þeirri miklu veiði, sem á sér stað í Hvítá í net og aðrar veiðivélar.

Ég álít þess vegna, að ekki sé neitt áhorfsmál, að nauðsynlegt er að friða laxinn lengur en nú er gert. Ég legg til, að í staðinn fyrir, að nú er hann friðaður í 60 stundir á viku, verði hann friðaður í 84 stundir á viku fyrir allri annarri veiði en stangaveiði. Þá hefur laxinn frið helming vikunnar til að komast áfram til hrygningarstöðvanna. Ég tel, að ekki megi skemmra ganga en þetta, ef laxinn, sérstaklega í Borgarfirðinum, einu bezta veiðisvæði landsins, á ekki að ganga til þurrðar.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til allshn.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Þegar laxveiðilöggjöfin var sett á sínum tíma, þessi hin nýrri, sem ég ætla að hafi verið um 1932, þá var höfuðmarkmiðið með henni verndun hlunnindanna, verndun veiðinnar, að hún héldist við og heldur ykist. Var það gert með það fyrir augum, að hér væri svo mikilvæg hlunnindi um að ræða, að sjálfsagt væri af hálfu löggjafarvaldsins að reyna af sinni hálfu ekki eingöngu að tryggja viðhald þessara hlunninda, heldur, ef verða mætti, að auka þau.

Hjá okkur, sem undirbjuggum þá löggjöf og að henni stóðum, var þetta höfuðsjónarmið okkar, og það vildum við rækja með því frv., sem undirbúið var og var flutt hér á Alþ. Og hvað áhrærir, hverjir skyldu njóta hlunnindanna, þá held ég, að mér sé óhætt að fullyrða, að af okkar hálfu þriggja, sem undirbjuggum löggjöfina, var það fyrst og fremst fyrir þá menn, sem komu til með að búa á jörðunum, nytja þær og eiga eða þá leigja um tíma og fara þá með jarðirnar eins og sína eign að mestu leyti, eftir því sem landslög ákveða, — að það kæmi yfir höfuð þeim, sem búa á jörðunum, að notum. Það var ekki eingöngu fjármunanna vegna, sem þetta var af okkar hálfu lagt til, heldur líka vegna þeirrar hollustu, sem þessi hlunnindi veita þeim, er nýtur þeirra. Fyrst og fremst var það kannske einmitt vegna þessa atriðis ekki sízt, sem við vildum reyna að gera löggjöfina þannig úr garði, að þessi hlunnindi héldust við, og helzt af öllu, ef hægt væri að auka þau. En þar að auki kemur vitaskuld einnig til greina, þar sem góð skilyrði eru til fyrir veiði, án þess að of langt sé þó gengið í því efni, að þá er líka um mikil verðmæti að ræða og af sumum jörðum hefur verið um langa tíð mikil tekjulind auk þeirra nota af hlunnindunum, sem eru fyrir fólkið og heimilishald.

Nú er það hægara sagt en gert með einni allsherjarlöggjöf að gera hana þannig úr garði, að hún sjái fyrir því, að ekki geti orðið eitthvað ábótavant í framkvæmd að rækja þetta sjónarmið, sem ég hef nú hér minnzt á, og þannig hefur það líka farið, hvað mikið treysti ég mér ekki til þess að segja um, en hitt er víst, að að öllu leyti hefur ekki náðst sá tilgangur, sem við höfðum með undirbúningi laganna og vafalaust hefur vakað fyrir Alþ., þegar löggjöfin var sett.

Til enn frekari tryggingar því, að þetta tvíþætta hlutverk yrði rækt, voru sett ný ákvæði inn í þessa löggjöf um félagsveiði, þ. e. a. s. um samtök við ár- eða vatnahverfi hjá þeim mönnum, sem veiðirétt áttu og notuðu jarðirnar eða þá höfðu not veiðiréttarins, og þá á ég fyrst og fremst við ábúendur jarða, hvort sem jarðirnar voru í sjálfsábúð eða í leiguábúð. Fram til þess tíma hafði þess ekki gætt svo mjög, að stangaveiði væri stunduð hér á landi í neitt stærri stil eða almennt. Það var að vísu þekkt, að útlendingar höfðu stundað hér við örfáar ár stangaveiði, sem sé Englendingar, en sú stangaveiði hjá þeim flestum eða öllum fór víst þannig fram, eftir því sem ég hef haft beztar fregnir af, að ekki var talið, að veiðinni stafaði nein hætta af því eða of langt væri í því gengið að draga fiskinn á land. Ég ætla þvert á móti, að það hafi verið álit manna, að Englendingar stunduðu þannig stangaveiðina, að hún væri meira þeim til gamans, að fást við laxinn, verða hans varir á stönginni ofur lítið daglega, en ekki með það fyrir augum að draga sem mestan fisk á land, og þegar það var ekki almennt, ekki nema við fáar ár og örfáir menn, þá gat tæpast verið um það að ræða, að af slíkri veiðiaðferð stafaði nokkur hætta.

Hvað þetta atriði áhrærir, þá er mjög breytt frá því, sem var áður. Íslendingar hafa nú leigt ár til stangaveiði víðs vegar um landið, og mjög margir hafa þeir með sér félagsskap, sem ekkert er nema gott um að segja í sjálfu sér, og í honum eru nokkuð margir menn. En ég býst við því, að stangaveiði sé stunduð af þeirra hálfu með nokkuð öðrum hætti en var hjá Englendingunum, það sé lögð meiri áherzla á veiðiskapinn með stönginni, og það sjónarmið áreiðanlega ríkjandi hjá sumum þeirra að ná sem mestum fiski, hafa hagnað af því, og nokkurn veginn er það þá víst, að þá er ekki haft svo sérstaklega í huga um viðhald fiskistofnsins.

Ég held, að það sé ekki skakkt álitið, að frá því, þótt ekki sé lengra vitnað aftur í tímann, að veiðilöggjöfin var sett, hafi orðið mjög mikil breyting einmitt í þessu efni. Vera má, að þar við bætist og, að veiðivélarnar séu nokkuð öðruvísi úr garði gerðar nú en var, en þó veit ég ekki, hvort á því er mikill munur. Ég veit reyndar vel, að um það bil er laxveiðilöggjöf sú, sem ég hef nú verið að gera að umtalsefni, var sett, áttu sér stað, eins og t. d. austur í Árnesþingi við Ölfusá, fastar veiðivélar, og lengd þeirra mun hafa numið mörg hundruð metrum, 1300, 1400, 1500 metra langar girðingar, sem settar voru í Ölfusá. Þeir, sem veiðiréttinn áttu neðst í ánni, Eyrbekkingar, höfðu leigt nokkrum Reykvíkingum veiðina, og þeir settu þessar föstu veiðivélar niður. Þess varð

og fljótt vart eystra, hver áhrif slíkur útbúnaður hafði, því að á beztu veiðijörðunum rétt fyrir ofan ósa Ölfusár var að kalla nærri orðið veiðilaust, þegar þessar veiðivélar höfðu staðið þarna nokkur ár. Til þess að koma í veg fyrir framhald á slíkum aðförum var veiðifélagsskapur myndaður í Árnessýslu ánum til verndar, og þá var um líkt leyti tekin upp stangaveiði við bergvatnsárnar, því að talið var hyggilegra að leyfa ekki aðra veiði í þeim, nema þá silungsveiði í lagnet, og ætla ég, að sú veiði yfirleitt í vatnahverfinu eystra hafi ekki gert mikinn usla, sízt í laxinum, þó að vafalaust komi það fyrir, að lax ánetjast lítið eitt í silunganetjum, en mikil brögð hygg ég að geti ekki orðið að því.

Nú verð ég að segja það, að því miður hefur nú þannig tekizt til hjá okkur eystra, að við höfum orðið of lítið varir við fiskiaukningu á okkar vatnasvæði. Félagið eitt hefur stundað lagnetjaveiði á laxi, aðeins eitt, og á einum til tveim stöðum á sumri hverju, að undanskildum — að ég ætla — tveim sumrum, sem engin veiði var stunduð. Nú er þessi aðferð hjá okkur búin að standa milli 10 og 20 ár, komin nokkuð á annan áratuginn, og því miður er ekki að sjá neina aukningu á laxi hjá okkur. Veiðiskýrslurnar, sem koma um þetta efni, benda ekki til þess, og verð ég að segja, að eftir því sem félagið sjálft hefur veitt lítinn lax, þá er þetta hálfraunalegt, því að ef allt hefði verið með felldu, hefði veiði átt að vera í þessu vatnahverfi nú orðin afar mikil eða fiskigengd réttara sagt. Það er nú kannske rétt að orða það svo, að fiskigengdin hefði átt að vera afar mikil, en mér hefur skilizt á þeim mönnum, sem mestan kunnugleika hafa, að því sé ekki til að dreifa. Veit ég vel, að það grípur þarna inn í eitt atriði, sem vel má vera að hafi valdið meiri spjöllum en nokkurn órar fyrir. Eitt er fullvíst, að það hefur valdið stórtjóni, en hvað mikilvægt það er, getur vitaskuld enginn sannað, og það er virkjun Sogsins. Sogið er einhver bezta fiskiá, sem þekkist hér á landi. Það er lygn á, kemur úr Þingvallavatni. Það má reyndar segja svipað um Brúará. Í hvorugu þessu vatnsfalli er mikið rót. Í báðum þessum vötnum eru beztu hrygningarhylir, og eru báðar árnar því vel til þess fallnar einmitt, að þar fari fram mikið laxaklak. Hvað Brúará áhrærir, þá var það alveg vitanlegt fyrr á tímum, áður en þessi félagsskapur var myndaður um gæzlu veiðinnar, að henni var stórspillt með ádrætti og sérstaklega á einum stað ofarlega í ánni. En ég álít, að það sé tæpast um slíkt að ræða þar nú. En hvað Sogið áhrærir, þá hefur það gerzt nokkrum sinnum við virkjanirnar, sem þar hafa farið fram, að lokað hefur verið algerlega fyrir vatnsrennslið við virkjanirnar í sex klukkustundir og jafnvel lengur, eftir því sem mér hefur verið sagt. Þetta veldur því, að farvegurinn í Soginu þornar alveg niður undir Álftavatn, og í vatninu grynnist auðvitað stórkostlega og kemur á það mikið fjöruborð. En í farveginum fyrir ofan Álftavatn eru hrygningarslóðir laxins í stórum stíl. Þar er góður malarbotn víða og klappir, sprungur og rifur í klappirnar, sem síli haldast við í á sinu fyrsta æskuskeiði. Það þarf ekki að gefa svo frekari skýringu á, hvernig þetta muni hafa farið með ungviðið. Það hefur fjarað uppi og auðvitað drepizt í stórum stíl, enda hafa menn gengið um farveginn og séð, hvar síli hafa legið á mörgum stöðum í hrúgum. Fullorðinn laxinn bjargar sér oftast að mestu eða öllu leyti. Hann finnur, þegar er að fjara, og syndir út í dýpið. En síli hafa sumpart ekki getu til þess og ekki heldur þá vizku til að bera að forðast hættuna. Hvað þetta kann að hafa verkað mikið á veiðina eystra, getur enginn sagt um, hitt er víst, að það hefur verkað til stórspillis.

Ég vil í sambandi við þetta frv. taka fram, að ég álít í raun og veru, að fara þurfi fram ýtarleg athugun á þessari löggjöf, og setning löggjafar um þetta efni er allt annað en vandalaus. Sennilegast þykir mér, eftir þeim kunnugleika, sem ég hef af vatnsföllum í landinu, að með einni allsherjarlöggjöf sé ómögulegt að gera hana þannig úr garði, að séð sé fyrir öllum þeim atriðum, sem gæta þarf við framkvæmd eftir slíkri löggjöf. Þess vegna getur hún ekki raunverulega orðið öðruvísi en heildarrammi, sem heimild verður að vera til af hlutaðeigandi héraðsstjórnum að fylla upp í eftir staðháttum og þeirri þekkingu, sem menn hafa innan héraðanna til þess að ganga vel frá slíkum ákvæðum. Því nauðsynlegra er líka að hafa þennan hátt á, álít ég, vegna þess að hér eiga héraðsbúar, víðs vegar um land, svo margvíslegra og mikilla hagsmuna að gæta, að óhjákvæmilegt er, að slíkt fyrirkomulag verði. Hv. flm. þessa frv., hv. 3. þm. Reykv., leggur til, að friðunartíminn í viku hverri verði aukinn, og annað atriði í þeim breyt. við löggjöfina er, að sett verði skýlaus ákvæði um það, við hvað skuli miða veiðivélina.

Hvað friðunina áhrærir, þá vil ég segja það, að ef nauðsynlegt er vegna fiskstofnsins, þá er vel þess vert, að það sé gert, en þó því aðeins, að annarra atriða gagnvart veiðinni sé gætt um leið. Og það verð ég að segja, að þá þykir mér óvarlega farið, — ég ætla nú ekki að orða það sterkara, þó að það væri ef til vill réttmætt að gera það, — ef á að leyfa aðgæzlulitla eða aðgæzlulausa stangaveiði. Nú veit ég vel, að einstöku menn, þeir er árnar leigja til stangaveiði, hafa ákvæði í samningum um árnar, hvað margar stangir megi vera flestar í ánni á hverjum tíma og hve lengi megi standa á hverjum sólarhring við stöngina eða stengurnar, sem leyfðar eru. Sumir þeirra hafa áskilið sér rétt til þess að takmarka þetta enn meira, ef það sýndi sig, að of nærri veiðinni væri gengið. Ég held, að það sé alveg sjálfsagt, að löggjöfin láti einmitt þetta atriði ekki alveg afskiptalaust og að það séu reistar einhverjar skorður við þessu. Hv. flm. vikur að því í greinargerðinni, að laxinn, sem gengur upp eftir ánum og veiddur er í net neðan til, komist aldrei á hrygningarsvæðin til þess að hrygna eins og eðli hans stendur til. Þetta er vissulega rétt. En laxinn, sem á stöng er veiddur í bergvatnsánum, þótt kom-

inn sé hann þangað til þess að hrygna, hrygnir ekki heldur, og það verður að hafa í huga. Það, sem veitt er á stöngina, lýtur sömu lögum og það, sem veitt er í netin. Þar er enginn munur á. Laxinn mun ekki fara að hrygna fyrr en eftir að veiðitími er úti og hvorki er heimilt að veiða í net eða á stöng.

Um hitt atriðið, við hvað skuli miðað, þegar talað er um lengd veiðivélar, þá má vera, að við, sem undirbjuggum löggjöfina fyrst, höfum haft nokkuð í huga að miða við bakka, því að víðast hvar á það við, en þó getur þannig staðið á, að tæpast sé hvorki rétt né sanngjarnt að miða lengd veiðivélar við bakka. Við skulum segja, að á falli þannig á löngu svæði fyrir einhverri jörð, að grynningar séu langar leiðir út frá bakka eða jafnvel þurrt langar leiðir út frá bakka. Nú eru áraskipti að þessu. Við vitum, að vatnsföllin okkar breyta sér frá ári til árs. Á þá fyrir þessar sakir einar að svipta jörð rétti til þess að veiða nokkurn hlut, aðeins fyrir það, hvernig áin fellur fyrir landi jarðarinnar? Fyrir fram getur maður ekki endilega verið viss um, að þetta sé sanngjarnt eða réttmætt, svo að varúðar þarf að gæta um þetta efni eins og margt annað, og það verður að vera komið undir áliti þeirra manna, sem til þess eru settir eða kvaddir að gefa umsögn um slíkt. Nú veit ég til þess, að stangaveiðimennirnir líta hornauga til silungsveiðinnar og telja, að hún muni sumpart verða til hindrunar laxgöngu og jafnvel að eitthvað af laxi kunni að festast í netjunum. Og því er ekki að neita, að af hálfu þeirra, sem með þessi mál hafa farið undanfarið hvað áhrærir mitt hérað, Árnesþing, hefur verið lögð nokkur hindrun í veg fyrir, að menn gætu lagt silunganet, þó að lögum samkv. hefðu þeir rétt á því. Þar sem ár falla þannig, að það eru sjálfgerðar lagnir, eins og sums staðar háttar til, hafa menn getað lagt net sín allan veiðitímann, sem lög heimiluðu, og ekkert verið hægt um slíkt að segja. Aðrir hafa aftur þurft á nokkurri fyrirstöðu að halda, vötnin hafa fallið þannig fyrir landi slíkra jarða. En þá hefur af hálfu þeirra stjórnarvalda, sem með þessi mál hafa farið, verið lögð þannig löguð hindrun, að menn hafa verið sviptir hálfum veiðitímanum og sagt, að þeir mættu ekki setja niður fyrirstöðu í árnar t. d. fyrr en um miðjan júlí, þá mættu þeir það, og svo er ákveðinn bæði fjöldi — látum það nú vera, ef það væri á einhverju viti byggt — og lengd veiðivéla. Þetta hefur gerzt hjá þeim sumpart af litlum kunnugleika eða þá jafnvel inni í skrifstofum og boðskapurinn svo gengið út þaðan, en það er bara ekki svona einfalt í framkvæmd, ef það á að vera á sanngirni og viti byggt. Ég tók á sinni tíð þátt í undirbúningi löggjafarinnar og hef ekki almennilega áttað mig á því, hvaðan þetta er komið, réttlætisins hjá þessum mönnum, sem með málin hafa farið, til að hindra það hjá þessum mönnum, sem þurftu á fyrirstöðu að halda, þó að hún væri ekki nema lítilvæg, að hún væri sett niður fyrr en hálfnaður væri veiðitíminn. Ég hefði gaman af, ef einhver benti mér á þann lagastaf í þessari löggjöf, sem heimilaði slíkt. Ég held, að sú ákvörðun sé meira en hæpin. Þetta hefur líka verkað illa, og það var illa farið, og ég hef haft mikil leiðindi einmitt út af þessu atriði. Menn hafa talið, að það hafi verið brotinn á sér réttur, miðað við aðra, og talið, að þetta væri farið lengra en lög heimiluðu. Þetta hefur valdið miklum ágreiningi og óánægju og orðið málinu í okkar héraði áreiðanlega til skaða, og bótalaust er ekki hægt að taka svona eignir af mönnum og allra síst þegar það er gert eitthvað út í loftið, að manni virðist, eða af handahófi og engrar sanngirni gætt.

Ef gerð er ráðstöfun í þessa átt til þess að auka fiskigöngu eða koma í veg fyrir ofveiði, þá verður slíkt að ganga jafnt yfir alla, en ekki að seilast til þeirra manna, sem þegar hafa litið er á möguleikana til veiði hafa versta aðstöðu til þess að hafa nokkra veiði, a. m. k. hvað áhrærir tilkostnað við útbúnað á veiðitækjunum og annað þess konar. Að dómi þeirra, sem kunnugleika hafa á vatnsföllum, hvernig þau falla og hver munur er á, þar sem er búin til fyrirstaða eða gildra og aftur þar sem náttúran sjálf hefur tilbúið fyrirstöðuna, þá er enn meiri hætta einmitt á þeim stöðum, að það hindri frekar en nokkurs staðar annars staðar fiskinn í göngu sinni upp í árnar. Ég dreg þetta atriði fram, til þess að vekja athygli hv. þdm. á því, hver vandkvæði eru á löggjöf um þetta efni og hve margs þarf að gæta, svo að vel sé séð fyrir hag manna og þá þeirra fyrst og fremst, sem veiðiréttindin eiga eða þeirra eiga að njóta, og þá tel ég fyrst og fremst þá, sem búa á jörðunum, hvort sem þeir eru nú sjálfseignarbændur eða ekki. Svo geta þeir, ef þeir vilja, farið með þennan rétt sinn þannig að leigja ár eins og gert er og ég býst við að verði gert áfram. En það ættu þeir þá jafnan að hafa í huga, að líka með því móti er hægt að ganga of langt í veiði og getur orðið til tjóns, og í því sambandi vil ég þá líka drepa á það, að sú tækni, sem komin er á þar, gengur miklu lengra en áður var, og það hef ég eftir fróðum mönnum um þá hluti. Mér er sagt, að þegar svo ber undir, þá geti menn með veiðiagni tínt upp hvern fisk úr hyljum í bergvatnsánum, ef þeir vilja það við hafa. Eins ber líka að gæta í þessu sambandi, sem er mikilvægt, og það er, að það þarf vafalaust athugunar við um ákvæðin í löggjöfinni viðvíkjandi ósum yfirleitt og ekki síst við sjóinn. Við Íslendingar vorum það lánsamir eftir minni meiningu, að þegar þessi löggjöf var sett, þá var á mjög fáum stöðum farið að veiða í sjó, og það vil ég vona, að Íslendingar haldi fast við að láta það ekki aukast, því að það hefur orðið öðrum þjóðum til stórtjóns upp á viðhald þessara hlunninda í fiskiánum. En þess þarf að gæta við árósana í sjónum, að þeir séu taldir það langt sem nauðsynlegt er vegna fiskigöngunnar, og eins að fyllsta aðgæzla sé höfð um veiðivélarnar í námunda við þá.

Ég vil nú mæla með þessu frv., að það verði tekið til rækilegrar athugunar og veiðilöggjöfin yfirleitt, og vil mega vænta þess, að

hv. landbn. íhugi málið mjög gaumgæfilega, en hæpið tel ég, að unnt sé að taka þessa löggjöf fyrir eins og þarf, svo að vel sé, öðruvísi en að leita álits manna víðs vegar um landið, áður en löggjöfin er tekin öll til endurskoðunar, ef það á að gera hana rækilega, til þess að fá umsögn og upplýsingar um ýmis atriði, sem snerta þessa löggjöf. Það held ég að sé alveg nauðsynlegt. Ég skal svo ekki tefja umr. frekar að þessu sinni.

Pétur Ottesen: Ég get um margt skírskotað til ræðu hv. 1. þm. Árn. að því er snertir athugasemdir hans og ummæli um ýmis ákvæði laxveiðilöggjafarinnar og þá reynslu, sem hefur fengizt af þessari löggjöf. En með tilliti til þess, að hv. flm. þessa frv., 3. þm. Reykv. (*BÓ*), skírskotar svo mjög til aðstæðna í Borgarfjarðarhéraði hvað þetta snertir, þá vildi ég gera nokkrar athugasemdir við þetta mál og grg. þessa frv. og ummæli hv. þm. í þeirri ræðu, sem hann flutti hér áðan, er hann reifaði málið.

Það er alþekkt reynsla um áratuga skeið í Borgarfirði, að laxgengd er þar mjög mismunandi frá ári til árs. Orsakir þess hafa frá öndverðu fyrst og fremst verið raktar til þess, að það er ákaflega mikill áramunur að því, hvernig tekst með klakið í ánum. Stundum koma þar fyrir þau fyrirbrigði í vatnavöxtum, jakaburði og öðrum aðstæðum, að klakið fer ákaflega mikið til spillis. Á öðrum tímum er það svo, að þessara hamfara í náttúrunni gætir minna, og þá gengur þetta allt saman miklu betur. En þegar svo vill til, að mikið misferli verður í klakinu, þá gætir þess í laxagengdinni, þegar þeir aldursflokkar fara að ganga í árnar, í því, að gengdin verður þá miklu minni en annars, og það getur varað um nokkurt árabil, að lítið gangi af laxi í árnar af þessum sökum. Þegar klakið aftur á móti gengur vel, kemur það fram í mikilli laxagengd í árnar.

Svo er hinn þátturinn í þessu máli, og það er veiðin. Hv. flm. þessa frv. leggur á það mikla áherzlu, að netjaveiðin, sem fram fer í ánum, eigi ákaflega mikinn þátt í því, hvað lítið gengur upp í árnar af laxi. Hann sagði í ræðu sinni hér áðan, að nú væri svo komið, að allur stórlax væri hættur að ganga í árnar í Borgarfirði. (*BÓ:* Ég sagði það ekki.) Jú, að það hefði ekki a. m. k. á s. l. sumri gengið neinn stórlax, því að hann væri allur tekinn í netin, sagði hv. þm. Mér þykir gott, ef hann vill strax leiðrétta það, að hann hafi ofmælt hér, því að það mun hann hafa gert.

Ef við athugum aðstæðurnar í Hvítá í Borgarfirði, þá er það svo, að meginhlutinn af allri netjaveiði fer þar fram á því svæði, sem sjór fellur á eða sjávarfalla gætir meira eða minna. Það er aðeins lítill hluti netjaveiðanna, sem fram fer í Hvítá fyrir ofan það svæði, sem sjór í stórstraumum fellur á inn í árnar. Þá er það svo um flæðar, að svæðið þarna upp eftir ánum er ákaflega breitt og mikið, og það er ákaflega einkennilegt, ef slíkt fyrirbrigði væri, að laxinn á þessu breiða svæði, sem þarna er, héldi sig svo fast við þau svæði, sem netin liggja á úti í þessum djúpa og breiða firði, að engum yrði uppkomu auðið í árnar af þessum sökum. Auk þess er það svo samkvæmt núgildandi löggjöf um þetta efni, að það eru 60 stundir á viku hverri, sem engin netjaveiði fer fram. Ég vildi aðeins benda á þetta í sambandi við það, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði um það, að nú væri svo komið, að enginn stórlax gengi upp í árnar, aðeins smálaxinn, sem slyppi í gegnum netin eða girðingarnar, sem í ánum eru.

Ég skal ekki dóm á það leggja út af fyrir sig, hvað mikil áhrif netjaveiðin hefur á göngu í árnar, hitt er vitað, að í netin veiðist allmikið á þessu svæði og sá lax endar náttúrlega göngu sína í þessum netjum. Það er vitað mál. En ég vil mjög taka undir það, sem hv. 1. þm. Árn. sagði hér áðan, að það getur verið mjög réttmætt að takmarka netjaveiðina eins og gert er í núgildandi löggjöf, en jafnframt því má ekki algerlega loka augunum fyrir þeirri hættu, sem getur verið á leið laxins, eftir að hann er kominn upp í bergvatnsárnar. Það hefur breytt mjög til batnaðar, með því að nú hefur víðast hvar verið lögð niður og tekið fyrir ádráttarveiði í bergvatnsánum, sem var mjög hættuleg fyrir laxinn, þannig að mikið af laxi var dregið upp með þeim hætti. Fyrir þetta hefur verið tekið, a. m. k. alls staðar þar, sem samþykktir hafa verið gerðar á félagslegum grundvelli um veiði í ánum, því að í þeim samþykktum er öll ádráttarveiði bönnuð. En hitt er og alkunnugt, að í stangaveiði hefur orðið mikil tæknileg breyting og aukin þjálfun þeirra manna, sem þessar veiðar stunda, þannig að nú er aðstaðan orðin gerbreytt að þessu leyti frá því, sem áður var, að hægt er að draga upp miklu meira af laxi með þessum hætti en áður var, meðan tæknin var miklu ófullkomnari í þessu efni og þjálfun innlendra manna um þessa hluti engan veginn neitt svipuð því, sem nú er orðið. Það var lengi vel svo, að aðalstangaveiðarnar í laxveiðiánum á landi hér voru framkvæmdar af útlendingum, sem leigðu árnar og gerðu þetta sér meira til gamans heldur en hitt, að bera mikinn feng frá borði. Síðan Íslendingar tóku til við þessar veiðar, sem hefur verið í mjög vaxandi mæli hin síðari ár, hefur komið í ljós mjög berlega, að jafnframt því, sem þeir gera þetta sér til ánægju, þá gera þeir það líka í von um nokkurn ávinning, og það er alkunnugt um Íslendinga, sem sækja fast veiðar í hvívetna, bæði á sjó og landi, að þeir ganga mjög fast fram sumir hverjir einmitt við þessar stangaveiðar og nota alla þá tækni í því efni, sem þekkt er, og leggja sig mjög fram um að þjálfa sig til þess að neyta þessarar tækni sem allra bezt í von um aukinn aflafeng. Ég býst satt að segja við því, að það sé svo komið hjá okkur nú, að það sé ekki lengur hægt að loka augunum fyrir því, að laxveiðunum í ám landsins geti nú orðið stafað nokkur hætta af stangaveiðinni, og þess vegna beri að gefa gætur að því, þegar þessi löggjöf verður tekin til meðferðar að nýju, að þar sé nokkuð reist rönd við eins og um netjaveiðina eða sýnd viðleitni til þess að koma í veg fyrir þá hættu, sem getur stafað

af of mikilli stangaveiði. Henni er í löggjöfinni haslaður völlur án allra takmarka, þ. e. a. s. á því tímabili, sem annars er heimilt að veiða lax, frá 20. maí til miðs september, að ég ætla, en þó nokkur heimild til þess að lengja þetta eitthvað fram eftir mánuðinum. Þess vegna held ég, að það sé fullkomin ástæða til þess, að jafnframt því, sem sjálfsagt er að gera nauðsynlegar takmarkanir eða ráðstafanir gagnvart ofveiði í net, þá verði einnig höfð opin augu fyrir þeirri hættu, sem getur stafað af beitingu hinnar nýju tækni einmitt við stangaveiðarnar. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, skýtur alveg fram hjá markinu að því leyti til, því að þar er ekki farið fram á eða lagt til, að neinar slíkar ráðstafanir séu gerðar, heldur miðast þær eingöngu við að takmarka enn þá meira netjaveiðina og máske undir sumum kringumstæðum, að því er snertir breyt. í 2. og 3. gr., að útiloka hana alveg gersamlega, eins og hv. 1. þm. Árn. benti hér á að gæti orðið á sumum stöðum. Það er þess vegna till. mín og bending til hv. n., sem fær málið til meðferðar, að um leið og hún athugar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að draga nú enn úr þeirri hættu, sem gæti stafað af of mikilli netjaveiði, að þá athugi hún einnig og ekki síður þá hættu, sem nú getur vofað yfir af of mikilli stangaveiði. ..

Hv. 1. þm. Árn. benti á það, að nokkurs ósamræmis gæti í því, sem hér er sagt í grg., að sá lax, sem veiddur er í net, auki ekki kyn sitt í ánum, en hins vegar ekkert á það minnzt, að sá lax, sem veiddur er á stöng, er sömu örlögum háður, því að sá veiðiskapur fer fram eins og netjaveiðin áður en laxinn fer að hrygna í ánum. Þess vegna stendur að þessu leyti alveg jafnt á um þessar veiðiaðferðir báðar. Ég vil enn fremur benda á það, að sú er kenning fræðimanna, að ekki nema nokkuð af þeim laxi, sem gengur upp í árósana, haldi áfram göngu sinni á því ári upp í árnar, heldur snúi aftur til hafs. Nú er það svo, eins og ég tók áðan fram, um netjaveiðarnar í Hvítá í Borgarfirði, að þær fara að langsamlega mestu leyti fram einmitt á þeim svæðum, sem sjór fellur inn á, svo að einhver hluti — ég náttúrlega veit ekki, hve mikill hluti — þeirra veiða, sem fara þar fram í net, er einmitt af laxi, sem ekki gengi upp í árnar á því ári, heldur sneri til hafs aftur, ef þessi kenning er rétt. Aftur er vitað um þann lax, sem veiðist uppi í ánum á stöng, að hann er kominn þangað og kominn þar í hylji og grynningar í þeim tilgangi að hrygna þar og auka kyn sitt. Þetta ber líka að athuga í sambandi við netjaveiðar, þar sem svona stendur á. Ég þarf svo ekki að fara fleiri orðum um það.

Ég get mjög tekið undir það með hv. flm. þessa frv., að Íslendingar eiga mikil verðmæti í laxám sínum, og þess vegna ber okkur að gæta allrar varúðar í því að vernda árnar og halda þar við eðlilegri þróun í hrygningu, sem er undirstaða þess, að laxinn gangi í árnar og stofninn haldist við. Um þetta erum við alveg sammála. En við þurfum líka að vera sammála um að reisa skorður við hverri þeirri hættu, sem á vegi okkar verður, svo að nauðsynlegs öryggis sé gætt í þessu efni, og þá alveg eins og ekki síður þeirri hættu, sem getur stafað af ofveiði uppi í bergvatnsánum, eins og þeirri hættu, sem getur stafað af ofveiði við árósa og neðar í ám.

Hv. 3. þm. Reykv. er hér með allmikla útreikninga, sem veiðimálastjóri hefur látið honum í té, og skal ég ekki á nokkurn hátt bera brigður á þá að öðru leyti en því, að sá samanburður, sem hér er gerður, — enda viðurkennir hv. flm. þessa frv. það, — hann vitanlega getur ekki staðizt, af því að annars vegar eru lögð til grundvallar framtöl á laxi, sem veiddur er í net, og samkv. lögum á að telja það allt fram, og byggt á þeim veiðiskýrslum, en hins vegar er ekki um að ræða nema hluta af þeirri stangaveiði, sem fram fer á þessu sama svæði. Þess vegna er af eðlilegum ástæðum ekki hægt að nota þennan samanburð nema að mjög takmörkuðu leyti. Þetta benti hv. flm. raunar á hér, en ég vil vekja frekar athygli á því.

Ég skal nú ekki fara lengra út í þetta mál; það er nú komið bráðum að fundarlokum. Ég tók svo eftir, að hv. flm. legði til, að þessu máli yrði vísað til allshn., var það ekki rétt hjá mér? (Gripið fram í.) Já, þá vil ég benda á það, að slík mál, breyt. á laxveiðilögunum, hafa ávallt verið í landbn. á þingi, svo að þar væri brugðið út af fastri venju, ef sá háttur yrði upp tekinn að vísa þessu máli til annarrar n. en landbn., og með skírskotun til þess vil ég gera það að minni till., að málinu verði vísað til landbn., svo sem ævinlega hefur verið gert um slík mál eins og þetta.

Flm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja mikið þessar umr. Mér virðist, að við, sem höfum talað um þetta mál, séum nokkurn veginn sammála í aðalatriðum, þó að nokkuð vilji brenna við, eins og við er að búast, að hv. þm., sem talað hafa, renni blóðið til skyldunnar, þegar um þau vatnasvæði er að ræða, sem eru í þeirra kjördæmi.

Ég ætla að svara nokkrum atriðum, sem fram komu í ræðum hv. þingmanna, og skal þá minnast fyrst á það, sem hv. 1. þm. Árn. gat um, að nauðsyn væri að gefa því gætur, að ekki yrði um ofveiði að ræða á stöng eða óhóflega stangaveiði. Ég er alveg á sama máli og hv. þm., og hv. þm. Borgf. snerti þetta atriði líka. Ég tel, að það sé nauðsynlegt að setja einhverjar skorður við því, að ekki sé um óhóflega veiði að ræða á stöng, ekki síður en í net. Það hefur viljað brenna við nú á síðari árum, eftir að innlendir menn hafa farið að sækjast meira eftir laxveiði en verið hefur, að hlaðið hefur verið veiðimönnum á árnar, án þess að hófs væri gætt. Árnar eru nú einu sinni þannig, að þeim má líkja við hljóðfæri. Ef illa er farið með það, gefur það ekki lengi þá tóna, sem það á að gefa. Eins er með árnar, þær eru misjafnlega viðkvæmar. Sumar eru svo viðkvæmar, að það má ekkert misbjóða þeim til þess, að það geri ekki vart við sig í laxgengd-

inni. Og það skal ekki standa á mér, að einhverjar skorður séu settar í þessu atriði.

Hv. 1. þm. Árn. gat um það, að verið gætu mismunandi aðstæður um netalagningar, eins og t. d. það, ef á rynni lengra frá bakka eitt árið en annað. Það má nú kannske segja, að ekki sé hægt að taka tillit til sérkenna hverrar veiðiár í landinu með lögum eins og laxveiðilögunum, þótt reynt sé að komast fyrir verstu annmarkana. En ég get nú ekki annað séð en að slík atriði mætti leiðrétta með því að gefa því yfirvaldi, sem að öllum líkindum yrði þá veiðimálastjóri, heimild til þess að gefa undanþágu, ef sérstaklega stendur á. Hv. þm. gat þess í sambandi við stangaveiði, að sér heiði verið sagt, að með agni mætti veiða svo á stöng, að hægt væri að tína upp hvern fisk í hyl. Þetta held ég sé orðum aukið. Mér er ekki kunnugt um það. Einstakir menn eru mjög lagnir veiðimenn, lagnari en aðrir að veiða fisk. Það er alveg eins með laxveiði og aðra fiskveiði, — en að menn geti með agni, ef þeim býður svo við að horfa, tínt upp hvern fisk úr hyljunum, held ég að geti ekki verið rétt. Mín reynsla er allt önnur eftir margra ára kynningu af þessu máli.

Hv. þm. Borgf. sagði, að ég hafi sagt, að stórlaxinn væri hættur að ganga í árnar í Borgarfirði. Hann hefur vafalaust tekið rangt eftir því, sem ég mælti. Ég sagði, að stórlaxinn kæmi upp í bergvatnsárnar fyrri hluta sumars eða vors. Það stafar af því, að stórlaxinn gengur yfirleitt upp í bergvatnsárnar áður en netjaveiðin hefst. Þegar netjaveiðin er svo byrjuð fyrir alvöru, byrjar smálaxinn að koma í árnar, hálfum mánuði eftir að stangaveiði byrjar í ánum. Og þegar komið er fram í júlí, þá er meginið smálax, og hið athyglisverðasta við þennan smáa lax er það, að annar og þriðji hver lax, sem veiðist, er með netjaförum. Þó eru margir af þessum löxum svo smáir, að þeir smjúga gegnum möskvana. Stærð laxins hefur farið minnkandi ár frá ári síðustu árin, þannig að það eru mörg tilfelli nú á þessu ári, að tveggja punda laxar veiðist í stóránum, sem mér vitanlega hefur sjaldan komið fyrir áður. Ég veit um það, að fyrir 10 árum var laxstærðin í Þverá í Borgarfirði að meðaltali 10—11 pund yfir sumarið. Nú er laxstærðin að meðaltali 4—5 pund yfir sumarið. Þetta getur ekki verið eðlilegt. Það þarf enginn að segja mér, að þetta sé eðlilegt. Þverá í Borgarfirði, sem var ein bezta áin í Borgarfirði, — og má nú kannske segja, að hún sé það enn, — er allt önnur en hún var. Þar fiskaðist aðallega stórlax hér um bil allt sumarið, þó að smálax kæmi einstaka sinnum inn á milli.

Hvort laxinn snúi aftur, þegar hann er kominn upp á leirurnar í Hvítá, skal ég ekki segja. Mér þykir það heldur ólíklegt, vegna þess að laxinn er þarna á göngu sinni upp í a. m. k. þrjár stórár og fleiri smáár, sem mikil laxgengd hefur jafnan verið í. Mér þykir ekki líklegt, að mikið af þeim laxi, sem kemur upp í Hvítá, snúi aftur á haf út. (Gripið fram í.) Já, ég er nú að tala um Hvítá vegna þess, að það hagar til misjafnlega með hverja á fyrir sig. Hvítá er sérstök í sinni röð, hygg ég, af veiðiám hér á landi, nema ef til vill að Ölfusá kæmi til greina. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að laxveiðibændur við Hvítá taka miklu stærra hlutfall af laxveiðinni í Borgarfirðinum en þeim ber, og sú veiði hlýtur að bitna á hagsmunum þeirra mörgu bænda, sem jarðir eiga að bergvatnsánum, og í þær ár verður laxinn að ganga í gegnum Hvítá.

Það er alveg rétt, að veiðimálastjóri getur þess, að veiðiskýrslur séu ekki yfir allar veiðarnar. Þó hefur hann réttar skýrslur um meginhluta veiðanna, og hann ætlast á um þann hluta, sem hann telur að skýrslur komi ekki frá. Hins vegar vil ég benda á, að það eru líka vanhöld með netjaveiðiskýrslurnar, svo að þar getur hvað mætt öðru.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 14. fundi í Nd., 30. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 95, n. 390).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Landbn. hefur haft þetta frv. til meðferðar nokkuð lengi, og hefur dregizt, að nál. væri gefið út, af ástæðum, sem ég kem nánar að.

Í þessu frv. á þskj. 95 eru tvö meginatriði, tvær till. til breytinga á núverandi lögum. Í fyrsta lagi er lagt til, að lax og göngusilungur verði friðaður fyrir annarri veiði en stangaveiði í 84 klst. á viku í stað 60 stunda eins og nú er. Í öðru lagi er svo lagt til, að notkun veiðivéla verði einnig takmörkuð að öðru leyti þann tíma, sem þær eru leyfðar, og skal ég ekki tilgreina það nánar. Takmarkanirnar eru í 2. og 3. gr. frv.

N. hefur, eins og ég sagði áður, haft þetta mál nokkuð lengi til meðferðar. Það kom í ljós, að um málið er mikill ágreiningur milli þeirra, sem hlut eiga að máli, a. m. k. í því héraði, sem þetta mál mun einkum taka til, þ. e. í Borgarfirði. Nefndinni hafa borizt undirskriftir margra manna, sem veiðirétt eiga, og skiptir þar mjög í tvö horn. Sumir mæla með frv., en aðrir á móti. Þeir eigendur veiðiréttar, sem einkum stunda netjaveiði, eru þessu frv. andvígir, því að hér er um að ræða takmörkun á netjaveiðinni, en þeir, sem stangaveiði stunda eða leigja árnar út til stangaveiði, eru frv. hlynntir. Nefndin hefur orðið greinilega vör við þennan ágreining í þessum undirskriftaskjölum, sem henni hafa borizt, og þess má einnig geta, að sumir af þeim, sem hér eiga hlut að máli, hafa komið á fund n. og rætt málið við hana.

Hinn 4. nóv. s. l. ákvað nefndin að senda frv. til umsagnar veiðimálastjóra og veiðimálanefnd, en það er skemmst af því að segja, að enda þótt nokkuð langt sé liðið, hefur nefndinni engin umsögn borizt frá þessum aðilum.

Þeir virðast ekki hafa verið reiðubúnir til þess, þessir aðilar, sem einkum fjalla um veiðimálin af hálfu hins opinbera, að láta uppi að svo stöddu sitt álit um það deilumál, sem hér er um að ræða.

Að þessu athuguðu, að engin umsögn hefur enn legið fyrir, og vegna þess, sem fram hefur komið í málinu að öðru leyti og ég hef nú getið um, þá hefur það orðið niðurstaða nefndarinnar — og hún er um það sammála, að hún telur ekki tímabært að taka afstöðu til frv. nú á þessu þingi og leggur því til, að málinu verði vísað til ríkisstj. Ég skal taka það fram, að einn nm. var sakir sjúkleika fjarstaddur, þegar ákvörðun var tekin í n., og er þess getið í nál.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég tel rétt að segja nokkur orð um þetta frv., sem hér liggur fyrir, og þó einkum um það nál., sem hv. frsm. landbn. var nú að lýsa hér. Hann gat þess í sinni framsöguræðu, að snemma í nóvember hefði frv. á þskj. 95 verið sent til umsagnar veiðimálastjóra og veiðimálanefndar og svar hefði ekki komið. Ég tel rétt að upplýsa það, að þetta er rétt, en það er ekki af því, — enda sagði nú frsm. það ekki beint, en mátti þó skilja það, — að nefndin hefði algerlega stungið þessu máli undir stól án þess að athuga málið, en því var alls ekki þannig varið. Ég held, að n. hafi rætt þetta mál á einum þremur fundum og veiðimálastjóri verið þar viðstaddur, en sannleikurinn er sá, að það náðist alls ekki samkomulag innan veiðimálanefndar um afgreiðslu málsins. Bæði voru skiptar skoðanir um þau ákvæði, sem eru í frv., og í öðru lagi voru sumir nm. á því, að það væru aðrir ágallar á lögunum um lax- og silungsveiði, sem væru engu minna áberandi en þeir, sem þarna væru teknir til meðferðar, og yrði því að gera miklu róttækari breytingar á löggjöfinni en þarna væri stungið upp á, ef ætti að fara að hrófla við henni nú á annað borð. Þetta vil ég taka fram varðandi afstöðu veiðimálanefndar og veiðimálastjóra um þetta mál. Og það, sem ég mun segja hér á eftir, er í raun og veru það, sem veiðimálanefnd leggur til málanna, eins og þetta horfir nú við. En ég tel rétt að hafa nokkurn inngang að þessu, ekki síst vegna þess, að það má heita, að á hverju Alþingi séu nú bornar fram brtt. við löggjöfina um lax- og silungsveiði. Oft hafa verið samþykktar breytingar, en oft hafa líka þessi mál dagað uppi.

Þessi löggjöf um lax- og silungsveiði er nú orðin meira en 20 ára gömul. Löggjöfin var afgreidd á þinginu 1932. Það var annað þingið, sem ég sat á, og ég minnist þess sérstaklega, því að ég var framsögumaður landbn. þá í þessu máli. Það voru miklar umræður um þetta mál og erfitt að ná samkomulagi um mörg atriði. Í raun og veru var um frumlöggjöf að ræða að mestu leyti, sem þarna var sett. Frv. var samið af mþn., sem starfaði árin 1928 og 1929, og í henni áttu sæti Ólafur prófessor Lárusson, Jörundur Brynjólfsson, nú forseti sameinaðs Alþingis, og Pálmi Hannesson rektor. Það er óhætt að fullyrða, að það var mjög vandað til þessarar löggjafar, og hún er mjög merk og verður ávallt talin mjög merkileg í sögu löggjafar okkar Íslendinga. Áður voru aðeins mjög lítilfjörleg ákvæði til um lax- og silungsveiði, slitur, ég held allt aftur frá Jónsbók, og alls konar mjög ómerkileg ákvæði, en þarna heppnaðist að setja heildarlöggjöf um lax- og silungsveiði, og er enginn vafi á því, að það var mikil framför. Árið 1941 voru tekin saman í eitt frv., með nokkrum breytingum að nýju, þær breytingar, sem gerðar höfðu verið á laxveiðilöggjöfinni frá því að hún var sett í fyrstu, 1932, og til þess tíma, og gefin út sem heildarlöggjöf, en síðan hafa svo verið samþ. margar breyt., — ég veit ekki hvað margar, ég hef ekki tekið það saman, — á laxveiðilöggjöfinni, svo að enn eru orðin mörg lög um sama efni, sem hafa ekki verið sameinuð að nýju. En mér er óhætt að fullyrða það, að síðan 1942 hafa nær árlega legið fyrir Alþingi brtt. um lax- og silungsveiðilöggjöfina og á líklega fleiri þingum verið samþ. einhverjar breyt. á henni.

Nú er ekki minnsti vafi, að þessi löggjöf er mjög merkileg og það á ýmsan hátt. Hér er um mjög viðkvæm mál að ræða, merkileg og mikil hlunnindi, sem eru þess eðlis, að þetta hlýtur mjög að snerta fjölda manna og það á þann hátt, að alltaf getur verið mikil hætta á, að hagsmunir sumra verði fyrir borð bornir og aðrir aftur hljóti meira en eðlilegt og rétt er. Löggjöf um slíka hluti eins og þessa er því alltaf mjög vandasöm. Það út af fyrir sig gerir mjög eðlilegt, að eftir meira en 20 ár verði löggjöf eins og löggjöfin um lax- og silungsveiði tekin til algerrar endurskoðunar að nýju. Ég álít, að það sé kominn tími til þess og saga undanfarinna ára sýni greinilega, að það sé það eina rétta, sem beri að gera í málinu. Ég ætla að rökstyðja þetta, eftir því sem ég get, og tek þá til meðferðar þær miklu breytingar, sem orðið hafa á viðhorfi manna til löggjafar um þetta efni frá því að lögin voru í fyrstu sett, 1932. En þær breytingar eru í ýmsum atriðum svo miklar, að segja má, að það nálgist byltingu í skoðunum manna varðandi það, hvernig eigi að vinna að þessum málum á ýmsan hátt, og skal ég nefna nokkur atriði þetta varðandi.

Það fyrsta, sem ég vil nefna, eru breyttar veiðiaðferðir. Þegar lögin voru sett í fyrstu, 1932, þá var lax og silungur að mestu veiddur, eins og við vitum, í net. Veiðin í ám og vötnum hafði þá víða breytzt úr því að vera miðuð fyrst og fremst við heimilisþarfir bænda í það að verða ætluð fyrir markað í fjölbýli, en af því leiddi að sjálfsögðu kapphlaup um að ná sem mestri veiði. Þessi breyting á tilgangi veiðanna orsakaðist að sjálfsögðu af bættum samgöngum, sem leiddi af sér, að það opnaðist markaður til þeirra staða, þar sem þéttbýli var mest og hægt að koma laxinum nýjum þangað. Þegar frv. var samið í öndverðu, þótti ískyggilega horfa um framtíð veiðanna, ef ekki yrði gripið í taumana, og var því miðað að því í löggjöfinni að takmarka mikið

netjaveiðina frá því, sem áður var. Veiðifélögin, sem stofnuð hafa verið á grundvelli lax- og silungsveiðilaganna, hafa komið til vegar breytingu á veiðiaðferðum, þar sem þau hafa langflest fellt niður netjaveiði, sumpart algerlega og sumpart að miklu leyti, en leigt þess í stað árnar til stangaveiði. Nú eru t. d. starfandi veiðifélög við flestar laxveiðiár í landinu eða a. m. k. við flestar aðallaxveiðiár í landinu, og stangaveiðin er orðin mjög útbreidd, en hið breytta ástand í veiðinni frá setningu laganna í öndverðu, bæði með tilliti til stangaveiði og hinnar öru tæknilegu þróunar netjaveiðinnar, veldur því, að sumt af því, sem sett var inn í lögin þá, hæfir alls ekki lengur og það þarf að bæta einnig inn í þau nýjum ákvæðum varðandi þetta. Þetta hygg ég að allir sérfróðir menn á þessum sviðum viti að þurfi að gera, raunverulega að taka öll þessi ákvæði til rækilegrar endurskoðunar í ljósi þeirrar reynslu, sem fengizt hefur undanfarna áratugi um þetta.

Þetta var fyrsta atriðið, sem ég vildi nefna, en það annað, sem ég vil nefna, er mjög breytt félagsleg aðstaða varðandi veiðarnar. Það hafa nú verið stofnuð hér eitthvað í kringum 50 fiskiræktar- og veiðifélög víðs vegar um landið. Það hefur komið í ljós á þessu tímabili, að það eru mjög miklir gallar á ákvæðum í veiðilöggjöfinni um fyrirkomulag félaganna. Þá hefur einnig aðstaða breytzt svo í sveitum, þar sem ýmsar jarðir hafa farið í eyði og aðrar nýjar verið byggðar upp aftur, og breytzt mikið á jörðunum, hvort þar er fjölbýli eða ekki, að ákveða verður nánar um atkvæðisrétt í félögunum en gert er í umræddum lögum, og það þarf áreiðanlega töluvert mikilla breytinga við. Fleira mætti telja varðandi hina breyttu félagslegu afstöðu, þó að ég láti þetta nægja.

Það þriðja, sem ég vil nefna, er breytt viðhorf til fiskræktarinnar sjálfrar. Á síðasta aldarfjórðungi eða á því tímabili, sem þessi laxveiðilöggjöf hefur staðið, hafa farið fram mikilvægar rannsóknir víða erlendis og nokkuð hér einnig heima um gildi klaks til fiskræktar, og hafa niðurstöðurnar sýnt, að gildi þess er mjög takmarkað miðað við það, sem áður var haldið. Menn trúðu á klakið, jafnvel svo mikið á tímabili, að með því væri alveg hægt að tryggja, að nægileg gengd yrði í árnar og nægjanlegt viðhald yrði á stofninum. Reynsla manna í þessum efnum hefur leitt í ljós, að hér hafa menn áreiðanlega að miklu leyti verið á villigötum og klakið hefur ekki reynzt neitt svipað því eins vel til viðhalds fiskistofninum og til fiskræktar og á tímabili var haldið fram. Þetta er orðin skoðun vísindamanna erlendis, og þeir menn hér, sem fróðastir eru í þessum efnum, álíta einnig, að þetta sé algerlega rétt.

Nú er lögð miklu meiri áherzla en áður á aðrar fiskræktarráðstafanir, svo sem umbætur á lífsskilyrðum fiskanna í veiðivötnunum sjálfum, hvort sem eru ár eða önnur vötn, á seiðaeldi, ala upp seiðin, en sleppa þeim ekki strax og kviðpokinn er horfinn, eins og áður var álitið að hægt væri að gera varðandi klakræktina, og svo með veiðieftirliti og ýmsum öðrum ráðstöfunum. Það er mjög nauðsynlegt að bæta inn í lögin mjög mörgum ákvæðum varðandi þessar breyttu skoðanir, sem skapazt hafa vegna fenginnar reynslu. Menn hafa fengið reynslu fyrir því, að fyrri skoðanir voru ekki réttar, og álíta, að nú séu ýmis önnur atriði en hér eru nefnd, sem þurfi að taka til athugunar og breytinga.

Þá vil ég einnig nefna eitt atriði enn, sem gerir það að verkum, að ég lít svo á, að mikil nauðsyn sé á endurskoðun löggjafarinnar í heild, og það eru dómsúrskurðir, sem fallið hafa varðandi laxveiðilöggjöfina. Það er t. d. varðandi það, hvernig mæla skuli lengd veiðivélar frá árbakka, og fleira slíkt, sem fallið hafa fleiri en einn hæstaréttardómur, en þeir féllu á allt annan veg en þeir, sem undirbjuggu löggjöfina í fyrstu, og flestir þeir, sem mest hafa haft með þetta að gera, álitu að mundi verða. Og þegar það sýnir sig, að þarna er um ákvæði að ræða, sem halda ekki fyrir dómstólum á þann hátt, sem löggjafinn mun hafa gert ráð fyrir í upphafi, þá er einnig full ástæða til þess að endurskoða löggjöfina í ljósi þeirrar reynslu, sem þarna hefur fengizt.

Ég vil nefna enn fleiri atriði. Það er nú að vakna hér á landi nokkur áhugi um álaveiðar. Áður vissu menn vart, að þessi skepna væri til hér hjá okkur, a. m. k. datt engum í hug, að það gæti verið nytjafiskur, og í laxveiðilöggjöfinni eru ekki nokkur ákvæði varðandi álaveiðar eða neitt í sambandi við það. Nú er vitað, að í sumum héruðum hér í landi er töluvert af ál og miklar líkur til, að hægt sé að veiða hann með nokkrum árangri. Sjálfsagt er, að inn í löggjöf eins og þessa, sem á að vera heildarlöggjöf um veiði í fallvötnum og vötnum, verði sett ákvæði um þetta. Má vel vera, að með ýmsum ráðum megi gera álaveiðar hér að einhverri dálítilli tekjulind, þótt það sé náttúrlega ekki reynsla um það enn. Álaveiðarnar eru mest stundaðar í svonefndar álagildrur, og það eru alveg ný veiðitæki, sem ekki þekkjast hér.

Ég vil svo að lokum nefna eitt atriði enn þá, og það er lagasetning um alifiskahald. Það hefur á síðustu árum vaknað áhugi hér á landi hjá vissum framkvæmdasömum mönnum um að ala upp í þar til gerðum „dömmum“ eða smátjörnum fisk, þangað til hann sé orðinn nothæfur sem markaðsvara. Það er hér í nánd við Rvík ein slík stöð, sem áhugasamur maður, Skúli Pálsson, hefur sett á stofn og kostað miklu fé til og hefur nú fullvaxna fiska, eða nægilega vaxna til átu, í þessum tjörnum. Þetta var lítt þekkt eða ekki fyrir aldarfjórðungi og alls ekki að neinum dytti í hug, a. m. k. hér á landi þá, að þetta gæti orðið nokkur atvinnugrein hjá okkur. Við skulum taka þjóð eins og Dani. Þetta er stórt útflutningsverðmæti orðið hjá þeim að flytja út fisk, sem þannig er alinn upp í smátjörnum. Og ýmsir danskir bændur hafa sem aukaafurðir við bú sín að hafa nokkuð slíkt. Annars staðar eru svo stærri fyrirtæki, sem rekin eru í einu. Alveg er víst, að kominn er tími til, og má segja, að það sé orðið heldur seint, að setja löggjöf um

þessa hluti, hvað rétt gæti verið að styrkja þá, sem vilja leggja þetta fyrir sig, og önnur ákvæði, sem þyrfti þá að setja í sambandi við það. Það hefði náttúrlega mátt hugsa sér að setja einhver sérstök lög um þetta, en að mínum dómi eiga slík ákvæði heima í heildarlöggjöf um lax- og silungsveiði.

Allt þetta, sem ég hér hef fram tekið, og fleira mætti nefna, gerir það að verkum, að ég lít svo á og vil taka fram, að það er skoðun veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, að tímabært sé nú að taka þessa löggjöf til endurskoðunar í heild. Þess vegna vil ég taka það fram út af þeirri till. hv. landbn. að vísa þessu frv. til ríkisstj., að ef sú till. verður samþ. hér í hv. Nd., þá mun ég hlutast til um, að sett verði nefnd til þess að taka laxveiðilöggjöfina til endurskoðunar að öllu leyti. Ég vil láta þetta koma fram, þannig að það greiði þá ekki aðrir atkvæði með þessari till. um að vísa málinu til ríkisstj. en þeir, sem álíta rétt, að um endurskoðun verði að ræða á löggjöfinni og að n. verði sett til þess að framkvæma það verk nú hið fyrsta.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Hin ýtarlega ræða hæstv. landbrh. hefur brugðið nýju ljósi yfir málið eins og það stendur nú. Ég hefði nú haft tilhneigingu til að átelja veiðimálastjóra og veiðimálanefnd fyrir það að hafa ekki svarað n. þrátt fyrir bréf hennar og tilmæli, en ég tek skýringu hæstv. ráðh. fullkomlega gilda í þessu efni og tek því bæði nefnd og veiðimálastjóra undan öllu ámæli í þessu eins og það nú stendur.

Eins og fram kemur í nál., þá hefur risið upp talsvert mikill ágreiningur um mál þetta í Borgarfirðinum, eins og við var að búast, því að það snertir þetta hérað mest. Hv. frsm. gat ekki þess, hversu margir hafa sent áskoranir til nefndarinnar með og móti, en ég skal gjarnan upplýsa, að það eru 37 bændur í Borgarfirði, sem eru eigendur að bergvatnsám, er hafa skorað á Alþingi að samþ. frv., og 24 bændur, sem netjaveiðirétt eiga í Hvítá, er hafa sent áskorun um, að frv. verði ekki samþ. Af þessu er sýnilegt, að mikill ágreiningur er þar í héraði um málið og talsverð átök. Ég get því vel skilið, að nefndin hafi ekki viljað taka afstöðu til málsins eins og það liggur nú fyrir og sérstaklega af þeim sökum, að ég hygg, að henni hafi verið kunnugt um hina deildu afstöðu veiðimálastjóra og veiðimálanefndar til málsins.

Ég tel engan vafa á því, sem var frekar skýrt í ræðu hæstv. ráðh., að það er mikil nauðsyn á að athuga fleiri atriði í lögunum en þau, sem tekin eru fram í frv., þótt að mínu áliti séu það þau atriði, sem mest nauðsyn er að fá leiðréttingu á. Skal ég í því efni aðeins benda á þá staðreynd, að stærð laxa í Borgarfirði, sem veiðast í bergvatnsánum, hefur farið stöðugt minnkandi s. l. 10 ár. Þetta segir sína sögu. Fyrir 10 árum mun meðalþungi laxa hafa verið 9—10 pund. Nú er þessi meðalþungi kominn niður í 4—5 pund í bergvatnsánum.

Mér þótti vænt um að fá yfirlýsingu hæstv. ráðh. um það, hvað hann mundi gera, ef þessu máli yrði vísað til stjórnarinnar. Ég hafði að vísu hugsað mér að bera fram rökstudda dagskrá til þess að ákveða nánar um það, hvernig með þetta mál yrði farið, en úr því að hæstv. ráðh. hefur gefið þessa yfirlýsingu, að hann muni skipa nefnd í málið til þess að endurskoða lögin í heild, þá tek ég það fyllilega gilt og mun ekki bera fram þá rökstuddu dagskrá, er ég hafði hugsað mér. En til hins vildi ég mælast af hæstv. ráðh., og þætti mér vænt um, ef hann sæi sér fært að lýsa yfir einhverju í því efni, að væntanlegar breytingar á lögunum yrðu lagðar fyrir næsta Alþingi.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Út af fsp. 3. þm. Reykv. um, hvort ég gæti gefið yfirlýsingu um það, að fyrir næsta Alþingi lægju endurskoðaðar till. um breytingar á laxveiðilöggjöfinni, þá þori ég ekki beint að lofa því, en hinu skal ég lofa að flýta þessu sem mest, þannig að hægt verði að taka til starfa við endurskoðunina sem fyrst. Þá vil ég einnig taka það fram, að ég mun hafa samráð við ríkisstj. um það, hvernig þessi n. verði skipuð, og leitast við að velja hana þannig, að hinar mismunandi skoðanir, sem eru um ýmis atriði þessarar löggjafar, og þá ekki síst varðandi þá togstreitu, sem er milli þeirra, sem búa að netjaveiði neðan til við ýmsar stórár, og hinna, sem aftur eru ofar í ánum, eigi báðar fulltrúa í nefndinni.

ATKVGR.

Till. frá landbn. á þskj. 390 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 25 shlj. atkv.

2. Bifreiðaskattur o. fl. (frv. VH og JK).

Á 72. fundi í Ed., 29. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 25. maí 1949, um bifreiðaskatt o. fl. [187. mál] (þmfrv., A. 566).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það er víst ekki ofmælt, að fáar þjóðir búi við hlutfallslega dýrara samgöngukerfi en Íslendingar. Því veldur fámenni, strjálbýli og landshættir. Vegakerfið hefur verið tengt um flest byggðarlög landsins. Það er að vísu ófullkomið, en hefur kostað mikið fé á okkar mælikvarða, ekki síst brýrnar.

Þegar fyrst var tekið í lög, að tiltekinn hluti af benzínskatti skyldi renna í sjóð, er varið yrði til byggingar hinna stærstu brúa, þá var mönnum ljóst, að eitthvað varð að gera til að örva framkvæmdir á þessu sviði. Síðan hafa tekjur brúasjóðs aðeins hækkað lítillega að krónutölu vegna aukinnar benzínnotkunar í landinu, en kostnaður við brúargerðir vaxið mjög. Verkefnin fram undan eru nærri tröllaukin. Það

nægir í því sambandi að minna á frv. það til brúalaga, sem nú er til meðferðar í hv. Nd., en þar eru taldar eigi færri en 135 brýr á þjóðvegum, er byggja þarf á næstunni á 10 metra hafi eða meira, og er kostnaður við þær áætlaður 50 millj. kr. En þá er ótalinn mikill fjöldi smærri brúa. Frv. því, er hér liggur fyrir, er ætlað að greiða nokkuð fyrir þessum lífsnauðsynlegu framkvæmdum. Ég vil leyfa mér að leggja til, að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. samgmn.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að vekja athygli hv. dm. á því, og sérstaklega flm., að með því samkomulagi, sem gert var milli verkalýðsfélaganna og atvinnurekenda í desember 1952, var samið um, að nokkur verðlækkun yrði á benzíni. Það var einn liður í því samkomulagi. Og ef ég man rétt, þá lá þar einnig fyrir yfirlýsing frá hæstv. ríkisstj. um, að hún hygði ekki á hækkanir á tollum eða sköttum til ríkissjóðs. Ég veit ekki betur en að þetta samkomulag sé enn í gildi. Að vísu hefur sú breyting á orðið að því er benzínverðið snertir, eftir að þetta samkomulag var gert, að samþ. var hér á Alþingi verðjöfnun á benzíni, sem leiddi til þess, að benzínverð á vissum stöðum á landinu, sérstaklega hér í Reykjavík og nágrenni, hækkaði nokkuð til þess að bæta upp lækkun annars staðar á landinu.

Ég vil mega vænta þess, að sú n., sem þetta frv. fer til, leiti álits fyrst og fremst ríkisstj. og annarra aðila að þessu samkomulagi frá 1952, sem ég hef drepið á, um það, hvort þetta frv. geti samrýmzt efni þessa samkomulags.

Ég mun greiða þessu frv. atkv. til 2. umr. í trausti þess, að þetta atriði verði sérstaklega athugað, og geymi mér þangað til síðar að ræða frekar um efni frv. að öðru leyti.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég hef ekki gert mér neina grein fyrir afstöðu minni til þessa frv. og vil því hvorki mæla með því né móti á þessu stigi málsins. Hins vegar tel ég, að það sé ekki hægt að færa á móti því þau rök, sem hv. 4. þm. Reykv. (HG) flutti hér. Það samkomulag, sem gert var haustið 1952, miðaðist auðvitað við tilteknar ráðstafanir, sem þá voru gerðar til lækkunar, og í því samkomulagi felst ekki meira en að staðið sé við og ekki haggað þeim ráðstöfunum, sem í þessu skyni voru gerðar. Þó að hins vegar af allt öðrum ástæðum þyki ástæða til þess að breyta sköttum og tollum, sem kunni svo að hafa einhver verðhækkunaráhrif í för með sér, þá kemur það samkomulaginu frá 1952 að mínu viti ekkert við. Það getur auðvitað ekki hafa átt sér stað, að ríkisstj. hafi getað né viljað binda sig með slíku móti. Ég er síður en svo á móti því, að það sé athugað frekar, eins og hv. 4. þm. Reykv. sagði, því sé vísað til umsagnar ríkisstj. og annarra aðila, sem hér áttu hlut að máli, en ég vildi ekki láta bíða að koma þessari athugasemd að um minn skilning og því fremur, sem nokkur deila hefur orðið út af hækkunum á kaffiverði, sem sumir hafa talið að bryti í bága við þetta samkomulag.

Þá vil ég skýra frá því, og það var aðalástæðan til þess, að ég stóð hér upp, að ég vildi nota þetta tækifæri til þess að skýra frá því, að þegar fulltrúar Alþýðusambandsins komu til ríkisstj. til að ræða um það mál ekki alls fyrir löngu, þá lét ríkisstj. uppi þá skoðun, að ríkissjóður væri ekki bundinn af þessu samkomulagi til þess að halda kaffiverðinu niðri. Það var einungis skoðun okkar, sem við létum uppi, en við bættum því við, að við værum mjög fúsir til þess að leggja það mál í gerð einhverra hlutlausra aðila, til þess að úr því væri skorið, hvað fælist í þessu samkomulagi. Orðalagið er ekki svo ljóst sem skyldi, það skal játað, og þess vegna er tvenns konar skilningur kominn upp, og þá er langeðlilegast, að tækifærið verði notað til þess að fá hlutlausa aðila, gerðardóm, félagsdóm eða einhvern annan aðila, sem menn koma sér saman um, til þess að skera úr þessu í eitt skipti fyrir öll, til þess að það hafi ekki áhrif á úrlausn annarra gersamlega óskyldra mála.

Haraldur Guðmundsson: Það er alls ekki ætlun mín að taka upp neinar deilur um þetta atriði hér. Það er rétt að fá umsögn um þetta frá þeim aðilum, sem málið beinlínis snertir, og ég þakka hæstv. ráðh. fyrir undirtektir hans um það atriði, að leitað sé álits þeirra um efni frv.

En mér þykir rétt að taka það fram, að ég get ekki fallizt á skilning hæstv. ráðh. á því, að það komi ekki í bága við samkomulagið í desember 1952, þó að verðlag á þeim vörum, sem þar hefur verið samið um, sé síðar hækkað í öðrum tilgangi og með sérstökum ráðstöfunum, eins og með tollahækkunum. Það liggur í augum uppi, að ef slíkum skilningi væri slegið föstum, þá væri þess háttar samkomulag sem gert var 1952 einskis virði. Þetta er á engan veg sambærilegt við það, hvort ríkissjóði beri skylda til að halda niðri verði á kaffi, sem hefur hækkað mjög verulega í innkaupi síðan samkomulagið var gert. Hér er um að ræða, ef þetta frv. verður samþ., einhliða ráðstöfun Alþ. til þess að hækka verð á benzíni frá því, sem nú er, með sérstöku gjaldi í ríkissjóð.

Forseti (GíslJ): Ég vil benda hv. 1. flm. á, að hér er um raunverulega nýja skatta að ræða og málið ætti þar af leiðandi miklu frekar að fara í fjhn. en í samgmn., alveg sérstaklega með tilliti til þeirra upplýsinga, sem fram hafa komið hér, að það gæti verið, að það þyrfti að athuga það í samræmi við önnur mál, sem einnig hefur verið fjallað um í fjhn. Ég vil því spyrja, hvort hv. flm. vildi ekki falla frá því að láta málið fara í samgmn. (Gripið fram í.) Mér finnst eðlilegra, að það fari í þá nefnd. Ég veit, að hv. form. þeirrar n. mun taka málið fyrir og tefja ekki afgreiðslu þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 78., 79., 80. og 83. fundi í Ed., 6., 7., 8. og 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 84. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 566, n. 664, 713).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Fjhn. hefur tekið þetta frv. til athugunar og rætt það töluvert ýtarlega. Hún er alveg sammála hv. flm. frv. um þann tilgang, sem þeir hafa með því að flytja frv. Hún viðurkennir fúslega, að þörf sé á því að auka brúasjóð, og hún er því einnig sammála, að samgöngumálum okkar á landi verði tæplega komið í viðunandi horf, því að þjóðin er lítil, en landið stórt, nema með því móti, að samgöngurnar eða samgöngutækin leggi meira fé fram til þess heldur en enn er. Aftur á móti þótti nefndinni varhugavert að mæla með þessu frv. eins og það liggur fyrir, að hækka einhliða benzínskatt til þess að efla brúasjóð. Það mundi án efa hafa einhverja dýrtíðaraukningu í för með sér, því að ýmis atvinnufyrirtæki þurfa á ökutækjum að halda, sem brenna benzíni. Og í annan stað er það, að farið er að nota ökutæki, sem brenna ekki benzíni, en slíta þó að sjálfsögðu vegunum alveg eins og þau, sem benzíninu brenna. Nefndinni þykir því varlegra, að þetta mál sé athugað nánar, hvernig því verði bezt fyrir komið, að samgöngurnar og samgöngutækin leggi fram meira fé í brúasjóð en nú er og þá einna helzt svipaða upphæð og farið er fram á í frv. Þess vegna er það, að n. leggur til, að þessu frv. verði vísað til ríkisstj., ekki í þeim tilgangi, eins og oft er nú talið að sé, þegar málum er vísað til ríkisstj., að það sé til að svæfa málið og sama sem fella það, heldur þvert á móti, eins og nál. ber með sér, er það í þeim tilgangi gert, að því er beint til ríkisstj. að athuga, á hvern hátt því verði bezt fyrir komið að efla brúasjóð.

Hv. flm. frv. hafa borið fram brtt. um, að frv. komi því aðeins til framkvæmda, að þessi hækkun á benzíntollinum verði ekki til þess að hækka útsöluverð á benzíni, sem vel mætti hugsa sér, ef innkaupsverð á benzíni lækkaði, en eins og ég hef áður sagt, telur n., að það séu fleiri hliðar á þessu máli, sem þurfi að athuga, og þar af leiðandi hefur n. ekki hvikað frá till. sinni um, að málinu sé á þessu stigi vísað til ríkisstj., þrátt fyrir það þótt þessi brtt. sé fram komin.

Ég skal svo að lokum taka það fram, af því að það var orðað við 1. umr. málsins, að þetta kynni að vera brot á þeim samningum, sem gerðir voru í verkfallsdeilum nú fyrir skömmu, að þá lítur n. svo á, a. m. k. meiri hl. hennar, þeir sem skrifað hafa undir nál., að slíkt komi auðvitað ekki til greina. Þeir samningar hafa vitanlega ekki bundið hendur Alþingis um löggjöf um ótiltekinn tíma, enda hefði auðvitað engin ríkisstj. vald til þess að gera slíkan samning, sem bindur hendur Alþingis.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég get fyrir hönd okkar flm. þakkað hv. fjhn. fyrir tiltölulega skjóta afgreiðslu á þessu máli. Hins vegar þykir mér miður, hvað það hefur dregizt, að það kæmi hér til 2. umr. í hv. d. Ég get þó ekki ásakað hæstv. forseta í því sambandi, því að svo mikið hefur annríkið verið hér þessa daga.

Nú hafa verið samþ. á Alþ. ný brúalög. Þar er talin 141 óbyggð brú á þjóðvegum á 10 metra hafi og lengra. Í þessum l. eru ekki taldar sérstaklega þær brýr, sem koma mundu á brúasjóð, en með sömu venju og ríkt hefur undanfarið, þá er augljóst mál, að kostnaður við þær nemur mörgum milljónatugum. Tekjur brúasjóðs eru nú um 2 millj. á ári. Með sömu tekjum er alveg sýnt, að það mun taka marga áratugi að ljúka þeim verkefnum, sem brúasjóði eru ætluð nú. Þetta telja flm. þessa máls með öllu óviðunandi.

Ég er sjálfur nákunnugur aðstæðum við þrjú þeirra stórvatna, sem nú eru talin í fremstu röð. Ég skal ekki fara að rekja þá sögu neitt, ég get aðeins nefnt þetta: Á Jökulsá í Axarfirði er gömul hengibrú, sem tvímælalaust er orðin stórhættuleg, og fyrir kemur, ef vindur er, að bílar sitja fastir, þannig að þeir klemmast milli handriða, og er sýnt af því, hversu hugguleget þar er umferðar. Önnur er Lagarfljótsbrúin, sem er geysilega mikilvægur tengiliður og tengir Austurlandið við akvegakerfi landsins, auk þess sem hún tengir saman tvo hluta Fljótsdalshéraðs, sitt hvorum megin við fljótið. Þetta er gömul timburbrú á járnbitum, sem er orðið mjög aðkallandi að endurnýja. Hún þolir ekki eins og stendur vaxandi þunga umferðarinnar. Þriðja stórvatnið, sem ég þekki sérstaklega vel til, er svo Hofsá í Álftafirði. Hún er alveg brúarlaus, og er víst enginn vafi á því, að hún er versta brúarlausa vatnsfallið núna á alfaraleið, fyrir utan stórvötnin í Skaftafellssýslum, sem enn þá þykir tvísýna á að hægt sé að brúa.

Þetta er nú það, sem ég þekki sjálfur vel, en ég get svo sem gert mér í hugarlund, að það sé víðar þannig ástatt. Ég lít svo á, að hv. alþm. verði að horfast í augu við þetta og að það sé alveg fráleitt að aka sér undan því að gera ráðstafanir til að efla brúasjóðinn nú þegar.

Mér sýnist einkum koma fram tvenn rök gegn þessu frv. Í nál. hv. fjhn. er því varpað fram, að það þurfi að endurskoða l. um brúasjóð, m. a. vegna tilkomu dieselvagna og vegna þess, að benzínskatturinn leggist jafnt á atvinnu og lúxus. Nú neita ég því ekki, að það þurfi að endurskoða brúasjóðslögin í heild, eða þau l., sem fela í sér ákvæði um brúasjóð. Það er sjálfsagt alveg rétt. En ég get bara ekki séð, að það breyti nokkru um afgreiðslu þessa litla frv. Þörfin er jafnrík. Í annan stað er því haldið fram, að frv., ef að l. yrði, væri brot á verkfallssamningnum. Ég vil aðeins minna á þau mjög svo glöggu rök, sem hæstv. dómsmrh. setti fram við 1. umr. þessa máls, enda virðist mér það liggja í augum uppi, að það sé alveg fráleitt, að nokkur hæstv. ríkisstj. geti eða vilji binda þannig hendur Alþ. langt fram í tíma.

En til þess nú að koma til móts við þá, sem af ýmsum ástæðum geta ekki fallizt á neina þá hækkun benzínskattsins, sem gæti leitt til hækkaðs benzínverðs, þá höfum við flm. þessa

frv., hv. þm. V-Sk. (JK) og ég, lagt fram brtt. á þskj. 713. E. t. v. má vera, að menn efist um, að það yrði nokkurn tíma hægt að ná fé til brúasjóðs á þann hátt, án þess að benzín hækki beint í verði. Það er þó svo, að stjórnarvöld landsins hafa verulega íhlutun um farmgjöld og álagningu á þessum vörum, og það kynnu að skapast þær aðstæður, að þetta væri hægt, og ég get ekki séð, að það væri neitt á móti því að gefa ríkisstj. með þessu tækifæri og hvatningu til þess að ná fé í brúasjóðinn á þennan hátt. Ef málið fengist afgr. á þann hátt, sem við leggjum til með brtt., þá væri það að vísu ekki fullur sigur í málinu, en það gæti þó verið verulegt spor í rétta átt, og ég get ekki séð annað en að þetta sé hættulaus afgreiðsla. Og ég verð að segja það, að ég tel þetta það minnsta, sem hv. þm. geti gert til að koma til móts við þær þúsundir manna í landinu, sem enn eiga yfir óbrúuð stórvötn að fara eða búa við brýr, sem þegar eru orðnar stórhættulegar umferðinni.

ATKVGR.

Till. frá fjhn. á þskj. 664 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 9:4 atkv.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Firmu og prókúruumboð.

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um firmu, skráningu þeirra og um prókúruumboð [2. mál] (stjfrv., A. 2).

Á 5. fundi í Nd., 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta frv. var lagt fyrir síðasta Alþingi og var þá til athugunar hér í hv. d. hjá allshn. Það stendur í nánu sambandi við frv. til l. um hlutafélög, sem ekki entist þá tími til að afgr. og ég hafði ekki heldur búizt við að hægt væri að afgr. á fyrsta þingi, sem málið var lagt fram á, svo umfangsmikið sem frv. er. Nú hafði hv. allshn. málið langan tíma til meðferðar í fyrra og mun hafa aflað sér umsagnar frá einhverjum aðilum um það, og vildi ég því mega vænta, að bæði þessi mál gætu í höfuðatriðum óbreytt fengið framgang á þessu þingi, því að menn munu vera sammála um, að sú löggjöf, sem um þessi efni fjallar, sé orðin ærið úrelt.
Ég vil leyfa mér að leggja til, að málið gangi til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 205, 199).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað þetta frv. um firmu, skráningu þeirra og um prókúruumboð og hefur eina meginbreytingu á því að gera. N. er sammála um að gera þessa breytingu, en hún er ekki sammála um, hvernig því skuli fyrir komið, sem breyta á. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir, að stofnað sé sérstakt embætti, embætti skráningarstjóra, er skuli hafa þessi mál með höndum. N. telur ekki þörf á því, að stofnað sé sérstakt embætti í þessu skyni, og vill þess vegna gera breytingu á þessu atriði frv. Meiri hl. n. hefur lagt fram brtt. um þetta á þskj. 205 og leggur til, að þessi skráning fari fram í dómsmrn., en hún sé falin sérstökum fulltrúa í ráðuneytinu, er nefnist skráningarstjóri. Minni hl. n. vill hins vegar, að skráningin sé falin þeim embættismönnum, sem nú fara með þessi mál, þ. e. lögreglustjórum og bæjarfógetum, og skulu þeir hver í sínu umdæmi sjá um skráninguna. Meiri hl. n. taldi þó tilgang frv. svo mikilsverðan, að öll skráningin fari fram á einum stað, að ekki kæmi til mála að breyta þar um.
Ég held, að menn séu yfirleitt sammála um, að það sé nauðsynlegt að hafa mjög nákvæmt eftirlit með skráningu þeirra félaga, sem í frv. greinir. Án þess að bera nokkrar sakir á þá embættismenn, sem með þessi mál fara nú, er það álit manna, að betur fari á því, að þetta sé á einum stað, einn embættismaður hafi með höndum athugun og eftirlit með þessum málum, því að mjög er undir því komið, að félögin séu rekin á þeim grundvelli, sem frv. gerir ráð fyrir, og sinni þeim skyldum, sem á þau eru lagðar.
Nefndin er sammála um aðrar breytingar, enda eru þær flestar smávægilegar. Ég tel ekki ástæðu til að fara nánar út í þær. Þær skýra sig sjálfar. Ég vil þó taka fram um breyt. við 49. gr., að n. þótti eðlilegt, að gefin væri út skrá árlega um hin skráðu félög, þar sem greint væri stofnár hvers fyrirtækis, upphæð hlutafjár og nöfn stjórnenda, og að þessi skrá væri afhent þeim aðilum, sem skráðir eru, um leið og þeir greiða það árlega gjald, sem gert er ráð fyrir í frv.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Það er von á brtt. af hálfu okkar tveggja manna í n., sem ekki erum sammála um breytinguna á fyrstu greinum frv., þ. e. frá mér og hv. þm. Dal. (ÁB). Við vorum að vísu búnir að gera brtt. um þetta atriði, sem á milli ber, en sakir þess, hvernig orðaðar eru fyrstu brtt., sem hv. meiri hl. n. stendur að, leizt okkur sem það mundi vera ljósara fyrir hv. þm., en er aðallega vegna atkvgr. reyndar, að við orðuðum okkar brtt. við brtt. meiri hl. Það er undir 1. tölul., stafl. a og b, sem hér er um að ræða, að nokkuð ber á milli hjá okkur, sem erum í minni hl. Reyndar vantreysti ég alls ekki hæstv. forseta til þess að bera þessar till. upp þannig, að þær njóti sín fullkomlega, og efni þeirra stangast að engu leyti á hvorki við brtt. meiri

hl. né frv., — það er síður en svo, — og að því leyti kemur þetta ekki að sök. En það er máske auðveldara samt fyrir hv. þm., sem sérstaklega hafa ekki sett sig inn í þetta atriði, sem okkur greinir á um, að þessar till. okkar hefðu legið fyrir sem brtt. við brtt. meiri hl. Nú er þetta í prentun, og ég veit ekki almennilega, hvað þeim líður. Ég veit ekki, hvort hæstv. forseti vildi nú aðeins fresta umr. og sjá, hvort þessar till. kæmu ekki fljótlega. Meining okkar var, ef þær væru komnar fram, að taka aftur brtt. okkar, sem eru á þskj. 199. En ég vil nú ekki gera það að svo komnu, meðan hitt þskj. er ekki komið fram, fyrr en ég heyri, hvað hæstv. forseti álítur um þetta, hvort hann telur sér fært að fresta umr. eða ekki.

Ég ætla ekki að gera að umtalsefni þær brtt., sem n. stendur öll að, þ. e. tölul. 2 og út. Hv. frsm. n. er búinn að gera grein fyrir þeim, og ég þarf þar ekkert um að bæta, en aðeins ætla ég að lýsa þessum brtt. okkar eða því, sem á milli ber innan nefndarinnar.

N. er öll sammála um það, að ekki sé vert að stofna nýtt embætti til þess að annast skráningu á firmum og prókúrum, og ef það á að vera starfsmaður í Reykjavík, sem annist einn um þetta, þá nægi, að það sé fulltrúi í ráðuneytinu. Ég fyrir mitt leyti er ekki viss um, ef það verður stofnað sérstakt embætti, nema þá kunni um leið að koma sérstök skrifstofa með öllu því, sem því fylgir, og af því gæti leitt nokkra fjármunaeyðslu umfram það, sem nokkur þörf er á. En við í minni hl. sjáum enga nauðsyn á því, að þessi skráning sé dregin hér á einn stað. Hingað til hafa sýslumenn og bæjarfógetar úti um landið annazt þessa skráningu, og ég ætla yfirleitt, að það fari vel úr hendi. Og þó að breyt. verði nú nokkur samkvæmt þessu frv., sem fyrir liggur, og því frv., sem er nú um annað efni, þ. e. um hlutafélög, frá löggjöfinni, sem er, þá vantreysti ég ekki sýslumönnum og bæjarfógetum að setja sig inn í þá löggjöf það vel, að þeir geti annazt þessa skráningu og séð um, að ákvæði laganna verði uppfyllt, þeir gæti þess, að það reki sig ekki á við lögin um þetta efni. Og fyrst svo er, að maður er þess fullviss, að þeir bæði geta og mundu gera þetta, þá sé ég enga ástæðu til þess að fara að draga af öllu landinu þetta starf undir einn mann í ráðuneytinu.

Hvað áhrærir samningu firmaskrár og annað þess konar, sem hér ræðir um, þá er vandalaust verk að uppfylla það, — og við í minni hl. erum fylgjandi því, — því að tilkynningar um birtingu eru sendar hingað, og er þá hægur hjá fyrir rn. að draga þær saman og annast slíka skráningu um landið allt. Þessar birtingar verða sendar Lögbirtingablaðinu og birtar þar, og það getur einhver starfsmaður í rn. passað upp á að taka þær allar, halda þeim til haga, svo að unnt sé að senda þessum embættismönnum eða mönnum úti um landið, sem þetta mál snertir, slíkt yfirlit árlega, og þá er ákvæðum laganna að þessu leyti fullnægt.

Það er annað og meira verk í þessu heldur en aðeins að birta. Það er gagnvart þeim mönnum, sem mynda þennan félagsskap, sem það er auðveldara, að yfirvald í hverju lögsagnarumdæmi, sýslumaður og bæjarfógeti, annist þetta, svo að þeir menn, sem standa að þessum félagsskap, geti leitað til þeirra og fengið hjá þeim ýmsar upplýsingar, sem þurfa að fylgja, þegar slíkur félagsskapur er stofnaður, svo að löglegt verði. Þá er það ólíkt handhægara fyrir menn úti um landið að geta leitað til yfirvalds, geta leitað til sýslumanns eða bæjarfógeta til þess að fá þessar upplýsingar og hvernig þetta skuli gert úr garði. Það munu þeir góðfúslega láta í té. En ef þeir nú eiga að gera það, og það mun enginn fría þá vafalaust undan því, þá verða þeir líka hvort sem er að setja sig svo inn í lögin, að þeir geti gefið þeim, sem til þeirra leita, fullnægjandi upplýsingar um, hvernig þetta skuli vera úr garði gert. Ef þeir, sem ætla sér að mynda svona félög, ætla sér upp á eigin hönd að ganga frá því, sem til þess þarf, og senda það hingað til Reykjavíkur, þá tel ég mjög hæpið, að þeim heppnist það, og þá verður þetta nokkuð þungt og erfitt í vöfum, ef þeir eiga svo að fá frá embættismanni hér til baka alls konar bendingar um, að það sé ekki fullnægt þessu og hinu, sem áskilið er í lögunum, og úr því verði þeir að bæta. Þetta mun verða nokkuð tímafrekt og alls ekki fyrirhafnarlítið. Af þessu gæti því leitt óþarfa tímatöf og fyrirhöfn hjá þeim mönnum, sem ætla að mynda hlutafélög og fá þá starfsemi gilta. Vel gæti þetta fyrirkomulag líka orðið til þess, að menn þættust þurfa að eiga í Reykjavík einhvern að annan en þennan embættismann til þess að annast þetta fyrir sig, sem þeir fengju til þess að líta á plöggin, mundu senda honum þau, hann síðan gefa bendingar um, ef eitthvað væri áfátt, og annast fyrir þá alla fyrirgreiðslu. Þetta mundi nú verða tímafrekt og jafnvel kosta nokkra peninga, enginn veit fyrir fram hvað mikla. Allt þetta tel ég óþarft og algerlega órétt að vera að stofna til þessara vafninga, sem þetta fyrirkomulag gæti leitt af sér. Ég held þess vegna, að það sé í alla staði æskilegast að hafa þann háttinn á, sem verið hefur, að sýslumennirnir úti um landið og bæjarfógetarnir annist þetta verk. Það mun verða liðlegast í framkvæmd, og ég hef það traust til sýslumanna og bæjarfógeta úti um land, að þeir sjái um það af sinni hálfu að ákvæðum laganna, hvernig sem þau kunna að verða, verði fullnægt og þeirra fullkomlega gætt. Ég vil því vona, að hv. d. fallist á brtt. okkar um þetta atriði.

Um önnur atriði í þessu máli ber okkur ekkert á milli og þarf ekki að fjölyrða um það.

Ég hef nú hér þessa brtt. okkar minni hl., en hún er vélrituð, og ég mun afhenda hæstv. forseta hana. Hann mundi þá leita afbrigða fyrir henni, þó að ég hefði talið æskilegra, að hv. þm. hefðu getað haft það fyrir sér. En verði nú afbrigði veitt fyrir þessari brtt. okkar og hún komi hér til atkvæða, þá tökum við aftur brtt. okkar á þskj. 199. Efni þessa máls er ákaflega einfalt. Það er meira formið, sem

grípur inn í. Efnið er einfalt, og því hef ég nú gert grein fyrir, hvað hér er um að ræða, svo að að því leyti til vita hv. dm. mjög greinilega, þó að þeir hafi ekki meira fyrir sér, hvað þeir eru að greiða atkv. um, það sem sé, hvort á að vera einn embættismaður, sem hafi þetta hér í Reykjavík, eða embættismennirnir annist þetta úti um landið eins og verið hefur.

Forseti (HÁ): Það hefur verið lögð fram brtt. í málinu. Hún er skrifleg og of seint fram borin og þarf því tvöfaldra afbrigða við.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 216) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég er ekki alveg sammála hv. 1. þm. Árn. í þessu máli, eins og líka kemur fram af nál., sem lagt hefur verið fram. Hann telur, að það sé ekki nauðsynlegt, að skráning allra félaga í landinu sé dregin saman á einn stað, heldur sé skráningin höfð í hverju umdæmi, eins og nú er. Eins og ég gat um í minni fyrri ræðu, þá er það meginstefna frv. að draga þessa skráningu saman í einn stað, til þess að hægt sé að beita meiri aðgæzlu um rekstur félaga en verið hefur með þeirri skipun, sem nú er á þessum málum. Ég vil benda hv. þingmönnum á, að frv. um hlutafélög, sem nú liggur fyrir þinginu, er miklu margþættara en þau lög, sem nú gilda, og ekki er nokkur vafi á því, að mjög mikla aðgæzlu þarf og þekkingu á sjálfu frv. til þess að vera vel að sér í öllum greinum þess. Það, sem hefur vakað fyrir þeim, sem frv. sömdu, er vafalaust það, að einn maður geti sett sig svo vel inn í þetta mál, að hann hafi í fullu tré við það, en ekki ráðlegt, að framkvæmd þess sé lögð undir fjölda embættismanna úti um allt land. Ég vil benda á, að stofnun hlutafélags er mjög vandasöm og það er mjög vandasamt að ákveða um, að hlutafélag sé rétt stofnað samkv. lögum. En að líta eftir þessu er að sjálfsögðu skylda þeirra manna eða þess manns, sem um skráninguna á að sjá. Í lögum er ákveðið visst eftirlit með rekstri félaga. Ég tel, að það eftirlit verði miklu betur rækt, ef sérstakur maður í dómsmrn. hefur þessi mál með höndum, heldur en ef það er sett undir fjölda embættismanna úti um land. Nú þarf líka að fylgjast með, að arðsráðstöfun hlutafélaganna sé ráðstafað samkvæmt því, sem væntanleg lög mæla, og í öðru lagi þarf að fylgjast með reikningsskilum félaganna.

Ef það hefur vakað fyrir hv. minni hl. að spara útgjöld við að hafa skráninguna hjá sýslumönnum og bæjarfógetum, þá er ekki mikill sparnaður, sem þar kemur fram, því að embættismaður í dómsmrn., sem hefði þessi mál með höndum, mundi starfa að öðrum málum líka, auk þess sem hann starfar að þessum málum í rn., svo að kostnaðurinn við þetta út af fyrir sig yrði ekki ægilegur. Auk þess gerir frv. ráð fyrir því, að hvert félag, sem skráð er, borgi árlega gjald til ríkissjóðs, sem að sjálfsögðu er ætlað að standa undir kostnaðinum.

Ég álít og við í meiri hl. n., að eftirlitið með félögunum yrði stórbætt með því að hafa þetta á einum stað, þar sem það er aðgengilegt fyrir alla. Nú er ákaflega erfitt að leita upplýsinga um félög með því að þurfa að fara í allar sýslur og kaupstaði landsins til þess að fá slíkar upplýsingar. Ef sú skipun kæmist á, sem meiri hl. leggur til, þá eiga menn aðgang að einni stofnun hér í Rvík eða einu embætti, þar sem allar slíkar upplýsingar liggja fyrir. Ég tel þetta út af fyrir sig mikils varðandi, en þó tel ég mestu varða hið bætta eftirlit með félögunum, sem á þann hátt yrði. Og ég vænti þess, að hv. d. fallist á þessa till. okkar og samþykki hana.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Hv. frsm. sagði, að meginstefnan í frv. væri að draga skráninguna á einn stað. Hann átti nú við aðeins um þetta atriði auðvitað. Það dylst náttúrlega ekki, því að það er berum orðum sagt, að það er meiningin. Þótt frv. sé auðvitað að aðalefni um allt annað, þá er þetta eins og annað atriði, sem því verður nú að fylgja, en það er einmitt þetta atriði, sem ég tel að ekki sé rétt, og þar ber okkur á milli.

Hv. frsm. segir, að það sé mikill vandi eftir því frv., sem nú liggur fyrir Alþingi, að stofna hlutafélög og það þurfi margs að gæta, þess vegna sé auðveldara, að einn maður setji sig inn í efni málsins til þess að hafa fullkomna aðgæzlu með því, að allt fari löglega fram. Þetta viðurkenni ég að er rétt. Það kostar færri fyrirhöfn að setja sig inn í efni málsins, ef einn maður á að annast um það, þ. e. a. s. fyrir utan þá, sem ætla sér að mynda hlutafélag. Þeir verða að gera það. En ég bara geri ekki mikið úr þessu atriði eða við í minni hl. Við teljum, að sýslumenn og bæjarfógetar standi eins vel að vígi einmitt að setja sig inn í málið eins og þessi eini maður. Ég get reyndar sagt, að það er náttúrlega undir því komið, hvað vel það fer úr hendi hjá þessum eina manni, hvernig valið verður, en sleppum því nú. Við skulum segja, að það verði lögð áherzla á það og það val takist vel. En þá gildir það sama um það, að ég tel ekki, að sýslumönnum eða bæjarfógetum sé á nokkurn hátt ofvaxið að setja sig inn í málið og gæta þess, að það fari allt löglega fram, því að ég ber ákaflega gott traust til þeirra, — það veit hv. meðnm. minn, þm. Siglf., þó að hann reyndar sé ekki sammála mér um þetta atriði, sem mér þykir auðvitað mjög mikið fyrir. Ég ber fyllsta traust til þeirra, að þeir geri þetta vel, og það er líka sakir þess, að ég veit alveg, hvernig þetta verður framkvæmt. Menn leita til þeirra sem eðlilegt er sem embættismanna úti um landið og leiðbeinandi manna einmitt á því sviði, sem þetta efni fyrst og fremst er, hvað áhrærir reglur og hvað löglegt er og ekki löglegt, og þá verða þeir að setja sig inn í það til þess að geta greitt úr erindum manna í héruðunum. Þeir hafa þess vegna eftir sem áður alla fyrirhöfn. En fyrir þá menn, sem að fé-

lagsskapnum ætla að standa, þá, sem ætla að mynda hlutafélög eða þann félagsskap, sem kemur til með að falla undir þessi lög, verður miklu auðveldara, að þetta fyrirkomulag verði, eins og gilt hefur hjá okkur hingað til, að sýslumenn og bæjarfógetar annist það úti um landið. Þó að vandasamara sé og þurfi að hafa betri aðgæzlu um myndun félagsskaparins en hingað til hefur verið sakir þess, hvað þessi löggjöf, eins og frv. bendir til, sem nú liggur fyrir þinginu, er miklu fullkomnari, margbrotnari, þá er engin ástæða til þess að láta það hindra sig í því að fela þeim þetta starf. Það er fyrst og fremst af þeim ástæðum, sem ég hef nú drepið á, að þeir komast ekki hjá því, það er ég alveg sannfærður um, þannig verður það, og þá gildir þetta einu, þeir verða að vinna að því.

Ef maður ætti að láta þetta atriði ráða, sem hv. frsm. er að tala um núna, að það er vandasamt, er þá ekki einfaldast til þess að vera alveg viss að láta lögin ákveða, að slíkur félagsskapur sem þessi skuli ekki vera úti um landið, menn skuli ekki mynda hlutafélög og annan félagsskap, sem þessari löggjöf er ætlað að fjalla um, úti um land, hafa það aðeins hér í Reykjavík, fyrst það er svona vandasamt og úr því að talið er hæpið, að nokkur geti gætt þess, að allt fari löglega fram, nema embættismaður hér í bænum? Ja, er þá ekki einfaldast, til þess að engin verði mistökin og allt gangi eftir beinni braut, að segja bara: Enginn má mynda hlutafélag eða hefja aðra starfsemi, sem löggjöfin á að ná til, nema í Rvík. — Þá er víst öllu fullnægt og séð vel fyrir því, að ekki verði nein mistök.

Nú veit ég reyndar, þótt ég varpi þessu fram út af því, sem fram kom hjá hv. frsm. n., að þetta meinar hann ekki. En það er í framhaldi samt sem áður af hans röksemdafærslu, að þannig væri langsamlega bezt séð fyrir því, að allt væri í stakasta lagi, að þessi starfsemi yrði líka á einum stað. Það væri líka vafningaminnst og hægast fyrir þennan embættismann að ná til manna hér til þess að hafa það í reglu.

Hvað áhrærir eftirlit og aðgæzlu með reikningsskilum og annað þess konar, þá felst það í frv. eftir sem áður, ákvæði verða um það ósnert. Skráningarstjóranum, hver sem hann er, á að senda reikningana, og hann á að gefa því gætur, að allt fari löglega fram, og einnig að vera trúnaðarmaður ríkisstj. um það, að þessi starfsemi sé löglega rekin, og gefa gætur, þegar honum berast reikningar fyrirtækjanna í hendur, bæði um meðferð á arði og annað, að það fari fram eftir því, sem lögin ákveða, þannig að það rýrir á engan hátt það eftirlit, sem þarf að vera með þessari starfsemi. Það grípur ekkert inn í það.

Hv. frsm. sagði, að með þessu fyrirkomulagi, sem meiri hl. leggur nú til, að það verði sérstakur maður í rn., þá sé ekki stofnað nýtt embætti, svo að kostnaðinum verði stillt í hóf. (Gripið fram í.) Ja, það er að vísu ekki hugsað sjálfstætt embætti á þann hátt, sem frv. gerir upphaflega ráð fyrir, eftir till. meiri hl., en mundi ekki verða skipaður nýr fulltrúi í rn. til að annast þetta? Ég er alveg sannfærður um það. Hann hefur kannske ekki eins mikið um sig — ég er sammála hv. frsm. meiri hl. n. um það — eins og ef stofnað væri nýtt embætti á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir, en þetta mundi verða eigi að síður nýr starfi og bætt þarna nýjum starfsmanni við.

Og þá er eftir ótalið, sem ég vék að áðan, ef þetta fyrirkomulag verður tekið upp, hvað það kann að kosta þá menn, sem eru búsettir úti um landið, ef þeir eiga að sækja undir starfsmann hér í Rvík og aðeins hér allt það, sem þeir þurfa á að halda í sambandi við hlutafélagastarfsemi eða annað, sem lögin nú ræða um og þeir ætla að taka upp. Það er ekki lítils virði, álít ég, að taka fullt tillit til þegnanna og spara þeim líka útgjöld í þessum efnum, og það álítum við, sem að þessum till. stöndum, svo mikið atriði, að rétt sé, að það ráði, fyrir nú utan hvað þetta verður langtum einfaldara fyrir menn úti um landið og á allan hátt eðlilegra heldur en að draga þetta saman hingað allt á einn stað.

Ég vil biðja hæstv. forseta, áður en gengið yrði til atkv., að gera mönnum grein fyrir forminu. Efnið í till. er það sama og er prentað á þskj., en það er aðeins formið, hvernig það kemur nú heim við brtt. (Gripið fram í.) Nú, er búið að útbýta því? Ég bið afsökunar, ég vissi það ekki. Þá hafa hv. þm. þetta fyrir sér, og þá er ég nú nokkuð öruggur um afgreiðsluna.

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Mér er nú ekki grunlaust, að hið mikla kapp, sem hv. 1. þm. Árn. leggur á þetta mál, byggist á því, að honum finnist gengið á rétt dreifbýlisins í þessu máli og að honum finnist, að verið sé að draga öll bönd til Reykjavíkur frá landsbyggðinni. En ég get fullvissað hann um, að það vakir ekki fyrir meiri hl. n. að setja dreifbýlið nokkuð niður í þessu efni, heldur eingöngu hitt, sem ég tók fram, að meiri hl. n. telur, að það sé miklu betur og öruggar um hnútana búið með þessu móti heldur en á þann hátt, sem nú er og hv. þm. vill vera láta. Ef hins vegar hv. þm. þætti nokkru varða, að þessi mál færu í gegnum hendur sýslumanna og bæjarfógeta, þá skal ég fyrir mitt leyti með mestu ánægju fallast á, að ákveðið sé, að þeir taki við þessum plöggum, athugi þau og líti eftir, að þau séu rétt úr garði gerð, en svo sendi þeir plöggin til skráningarstjórans í Rvík, sem um leið verður eini skráningarstjórinn á landinu, þar sem allir þræðirnir koma saman. Ég geri ráð fyrir því, að þetta sé nokkuð líkt og tíðkast annars staðar, að skráning á félögum í landinu sé höfð á einum stað, þótt skráningin að vissu leyti fari fram úti í héruðunum. Ef sjónarmiði hv. þm. væri fullnægt með þessu, að plöggin væru látin til umræddra embættismanna og þeir svo afgreiddu þau frá sér til hins sameiginlega skráningarstaðar í Rvík, þá mun ég fyrir mitt leyti fylgja því, að sú breyting sé gerð. En ég legg mikla áherzlu á það, að hafður sé einn skráningarstjóri í land-

inu, sem hefur sérstakt eftirlit með því, að form og rekstur félaga sé eins og lög mæla.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Eftir þessu var ég einmitt að bíða. Hv. frsm. meiri hl. er nú búinn að viðurkenna þörfina á því, að sýslumenn taki þessi plögg, fari í gegnum þau og annist þau, og trúir þeim bezt til, að þá verði vel greitt fyrir þeim, sem erindi eiga um þessar félagsstofnanir, ef þeir annast það, en þá vil ég, að þeir hafi þetta óskorað að öllu leyti í sínum höndum. Ég skil ekkert í þessu vantrausti, sem kemur fram hjá hv. frsm. til sýslumanna og bæjarfógeta um ekki margbrotnara framkvæmdaratriði heldur en þetta þó er, því að há-júridiskt er það þó ekki nema á smápörtum, að hann skuli ekki treysta þeim að annast þetta, svo að allt sé löglegt. Og nú fer mig að undra, ef hv. þm. Siglf., minn góði samnefndarmaður, þolir öllu lengur, að það sé hallað svona á hróður sinnar eigin stéttar.

Ég þarf nú ekki að fjölyrða um þetta. Ég veit, að hv. þdm. gæta þess, að sýslumannastétt landsins og bæjarfógetum verði sýnd fyllsta tiltrú í þessu máli.

Hannibal Valdimarsson: Mér finnst nú málið ekki stórt mál, þó að hv. frsm. séu búnir langt til að tala sig dauða um það. Ég vil aðeins láta í ljós þá skoðun mína, að heldur kann ég betur við, að skráning atvinnufyrirtækja fari fram í viðkomandi lögsagnarumdæmi og sé framkvæmd af sýslumanni þess umdæmis. En hitt þætti mér ekki óeðlilegt, að sýslumönnum væri gert að skyldu samkv. lögum að senda þegar í stað, er skráning hefði farið fram á nýju fyrirtæki, samrit af skráningunni í það ráðuneyti, sem málið heyrir undir, og fengist þá hvort tveggja, að skráning færi fram úti um byggðir landsins, þar sem til félagsskaparins væri stofnað, og hitt, að ráðuneytið fylgdist jafnan með því, hvað gerzt hefði í þessum efnum.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umræður mjög. Það er dálítið erfitt að ræða þetta mál eitt út af fyrir sig, þar sem það grípur mjög inn í annað frv., sem hefur verið lagt hér fram að þessu sinni og er um hlutafélög, því að það er gert ráð fyrir því, að skráningarstjóri hafi með höndum bæði skráningu á firmum og einnig félögum, eins og segir í 3. gr. þessa frv. Mér skilst, að í rauninni sé eina deilan í sambandi við þetta mál það, hvernig skráningunni skuli hagað, þ. e. a. s., hverjir eigi að annast skráningu firma og hlutafélaga og samvinnufélaga, enda er kannske ekki við því að búast, að miklar umr. séu um önnur atriði þessa frv., þar sem þetta er undirbúið af mjög sérfróðum mönnum og er að verulegu leyti lögfræðilegs eðlis.

Það hefur verið minnzt á það hér af hv. 1. þm. Árn., að með þeirri tilhögun, sem hér er tekin upp, væri í senn verið að skapa erfiðleika fyrir eigendur firma og fyrir hlutafélög og samvinnufélög úti á landsbyggðinni, og einnig það, að því er mér skilst, að það sé verið að sýna sýslumönnum og bæjarfógetum vantraust með því að taka þessa tilhögun upp, sem hér segir í frv. Það kann mjög vel að vera, að þetta skapi á einhvern hátt erfiðleika fyrir aðila utan Reykjavíkur, sem þurfa að senda þessar tilkynningar allar hingað, og virðist mér það mjög athugandi, sem hv. frsm. allshn. benti hér á, að þeim yrði gefinn kostur á, sem þess óskuðu, að hafa milligöngu sýslumanna og bæjarfógeta um þetta efni. Hinu er ekki að neita, að skráningu firma og félaga er mjög ábótavant, og skal ég ekki í því efni kasta neinum steini að þeim aðilum, sem það eiga að annast. Þeim hefur verið ætlað það sem aukastarf algert, og það hefur leitt til þess, að því hefur ekki allajafna verið sinnt svo sem vera skyldi, og stafar það enn fremur af því, að lögin hafa ef til vill ekki verið svo ljós um þetta atriði sem nauðsynlegt hefði verið. En það er staðreynd, og á það ekki hvað sízt við eða öllu fremur um félögin, t. d. hlutafélög, að það eru mjög mikil vanhöld á því, að nauðsynlegar skráningar fari þar fram, og er það sérstaklega tilfinnanlegt oft og tíðum, að þess er mjög lítið gætt að skrá breytingar á félagsstjórnum, breytingar á félagssamþykktum og ýmis önnur atriði, sem máli skipta, og kemur þetta iðulega fyrir og veldur erfiðleikum í sambandi við ýmiss konar málarekstur á hendur hlutafélögum, sem allir þeir kannast við, sem einhverja slíka málfærslu stunda. Það er því alveg tvímælalaust, að það er mjög mikil nauðsyn að ganga betur frá þessum málum en verið hefur. Og eftir þeim frumvörpum, sem hér hafa verið lögð fram, bæði um firmu og um hlutafélög, er augljóst, að það mundi leggja mjög aukin störf á herðar sýslumanna og bæjarfógeta og auknar kvaðir, þar sem ætlazt er til, að fram fari mjög ýtarleg athugun á rekstri þessara fyrirtækja, það sé fylgzt með bókhaldi þeirra og öðru slíku, sem starfsemi þeirra varðar, sem er vitanlega mjög mikilvægt, ekki hvað sízt hvað félögin snertir, sem hafa takmarkaða ábyrgð, og er því mjög mikils um vert, að þess sé jafnan gætt, að félögin uppfylli þau skilyrði, sem þeim ber að uppfylla samkv. lögum. Þetta er mjög mikið atriði fyrir alla þá, sem einhver skipti eiga við félög. En það hefur því miður komið fyrir, og menn muna það kannske, að fallið hafa dómar um það atriði, að menn hafa lent í miklum erfiðleikum og vandræðum vegna þess, að þegar til kom, höfðu félögin alls ekki verið skráð, og höfðu því viðsemjendur þeirra alls ekki þá aðstöðu til þess að sækja sitt mál gegn viðkomandi félagi eins og ella hefði verið, ef nægilega vel hefði verið með þessum málum fylgzt. Ég get því ekki fallizt á það, að þó að ætlunin sé að gera breyt. á þessari tilhögun, þá feli það í sér neitt vantraust á sýslumenn eða bæjarfógeta. Hér er um að ræða að hafa heildareftirlit með þessari mikilvægu starfsemi í þjóðfélaginu, sem bæði snertir firmu og hlutafélög og samvinnufélög, og það er, eins og ég sagði, mjög mikils um vert fyrir ekki eingöngu þessa aðila, heldur miklu fremur alla þeirra viðsemjendur, að þess sé jafnan gætt, að öll

þessi starfræksla sé í lagi og þessir aðilar uppfylli þau skilyrði á hverjum tíma, sem lögin gera til þeirra.

Ég ætla ekki að öðru leyti að fara út í einstök atriði þessa máls eða um það, hvort rétt væri að fela það sérstökum fulltrúa eða hafa sérstakan embættismann í því efni. Um það skal ég ekkert segja, en vildi aðeins láta fram koma þessa skoðun mína á meginatriði málsins og nauðsyn þess, að það sé einhver viss aðili, sem hefur alla ábyrgð á þessu máli og fæst ekki við annað en að sjá um, að þessir hlutir séu í lagi.

Eggert Þorsteinsson: Herra forseti. Það hafa orðið allmiklar deilur, eins og vænta mátti, um skipun þessa nýja embættis og hvert hlutverk þess ætti að vera eða hvort það ætti á annað borð að vera til.

Ég átti þess kost undir þeim umr., sem fram fóru í allshn. um þetta mál og afstöðu n. til þess, að leita álits þeirra manna, sem um þetta hafa fjallað áður, þ. e. a. s. þeirra, sem ég náði til, sýslumanna og bæjarfógeta, og bar þeim öllum saman um, að reynslan hefði glögglega sýnt, að þess væri enginn kostur að framfylgja þessum gömlu lögum svo, að eins væri um allt land, hvað þá þessum nýja, mikla lagabálki, sem nú er kominn fram um þetta mál og er reyndar kominn fram vonum seinna. Það var þess vegna álit meiri hl. n., eins og hér hefur verið bent á áður, — og einn í þeim meiri hl. er einn af starfandi bæjarfógetum í landinu, — og telur hann þess mikla nauðsyn, að um þetta verði einn ábyrgur aðili, sem sé fulltrúi í dómsmrn.

Höfuðsmiðir þessa frv. og reyndar hlutafélagalaganna, sem seinna munu koma hér til umr., hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason og Þórður Eyjólfsson, segja svo um þetta mál, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér eru ákvæði um skráningarstjóra ríkisins, skrár þær, sem halda ber um atvinnufyrirtæki, um birtingu þess, sem skrásett er, og um þýðingu hennar. Eru ákvæði þessi að verulegu leyti í samræmi við núgildandi lög, að því undanskildu, að ætlazt er til, að skráning fari fram á einum stað, en ekki í hverju lögsagnarumdæmi, eins og nú er. Á þetta að tryggja samræmi í framkvæmd og gera þeim, er þarfnast vitneskju um þessi efni, auðveldara um að afla hennar. Eins og samgöngum er háttað nú á dögum, á breyting þessi ekki að valda neinum örðugleikum.“

Það verður að ætlast til, að þessir menn hafi vel vitað, hvað þeir voru að segja um þetta atriði, enda er hlutafélagastarfsemin í landinu orðin það mikilvægt atriði, að það verður að tryggja með opinberri umsjón, að þarna sé nokkurt samræmi á. Hafi verið einhverjar vafasemdir á því, að samræmi hafi verið í gömlu lögunum, þá er þess vissulega þörf, að hafðar séu nánari gætur á þeim mikla lagabálki, sem hér hefur verið lagður fram og er að sjálfsögðu miklu umfangsmeiri heldur en hin gömlu lög, þó að hann sé að ýmsu leyti í sumum greinum nokkru gleggri. Ég er því á því, að það beri að hafa um þetta einn ábyrgan aðila, þótt að sjálfsögðu verði ekki flúin sú staðreynd, að menn í viðkomandi héraði munu sækja að meira og minna leyti undir sýslumenn síns héraðs til leiðbeiningar um útfyllingu þessara skjala, sem tilheyra stofnun hlutafélaga. Ég held því, að það sé jafnvel tilgangslítið að setja hér upp mikinn og góðan lagabálk, að því er verður að ætla, um stofnun hlutafélaga og umsjón með þeim, ef enginn sérstakur ábyrgur aðili er til, en sýslumenn viðkomandi héraðs eigi að gera þetta hver á þann hátt, sem þeir líta sjálfir á lögin.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 32. fundi í Nd., 3. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 199 teknar aftur.

Brtt. 216 samþ. með 14:7 atkv.

Brtt. 205,1 (tvær nýjar gr., 1.—2. gr., í stað 1.—3. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

4.—5. gr. (verða 3.—4. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

6.—9. gr. (verða 5.—8. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

10.—16. gr. (verða 9.—15. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 205,2 samþ. með 20 shlj. atkv.

17. gr. (verður 16. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

18.—22. gr. (verða 17.—21. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

23.—38. gr. (verða 22.—37. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 205,3 samþ. með 23 shlj. atkv.

39. gr. (verður 38. gr.), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

40.—46. gr. (verða 39.—45. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

47.—48. gr. (verða 46.—47. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 205,4 samþ. með 20 shlj. atkv.

49. gr. (verður 48. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 205,5 samþ. með 21 shlj. atkv.

50. gr. (verður 49. gr.), svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

51.—52. gr. (verða 50.—51. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., 14. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 232, 297).

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Eftir þær breyt., sem frv. þetta tók við 2. umr. málsins, hélt allshn. fund um málið aftur og var sammála um að bera fram brtt. við 2. gr., sem er á þskj. 297. N. var sammála um það, að

mjög væri æskilegt, að allsherjarskráning á skráðum félögum í landinu gæti verið á einum stað, án þess að til þess þyrfti sérstaklega að bera kostnað. Þess vegna leggur hún til, að skráningarstjórum sé skylt að senda dómsmrn. afrit allra skjala, um leið og þau eru send Lögbirtingablaðinu til birtingar. Er rn. ætlað að hafa eftirlit með því, að skráningarskjöl fullnægi ákvæðum laga, og halda skrá yfir öll firmu í landinu, sem skráð eru samkv. lögum þessum.

Í 48. gr. frv., eins og það er eftir 2. umr., er enn ákvæði um það, að þau fyrirtæki, sem skráningarskyld eru eða skráð samkv. lögum þessum, skuli greiða árlega gjald til ríkissjóðs, 100—300 kr. Það var ekki athugað, þegar breyt. var gerð, að þetta ákvæði kemur ekki heim við lögin eins og þau eru nú, sökum þess að ákvæðið er beint sett inn í lögin til þess að standa straum af kostnaði, sem gert var ráð fyrir að yrði við embætti skráningarstjóra ríkisins. Við breytinguna, sem orðið hefur við 2. umr., er ekkert nýtt embætti stofnað, heldur eru það sýslumenn og lögreglustjórar, sem hafa skráninguna á hendi, svo að n. telur, að það sé hvorki nauðsynlegt né rétt, að þetta ákvæði standi áfram í frv., þar sem niður er fallin ástæðan fyrir kvöðinni. N. vill því leggja til, að þessari gr. verði breytt, og hefur leyft sér að leggja fram skriflega brtt. til þess að tefja ekki framgang málsins. Ætla ég að lesa till., með leyfi hæstv. forseta. Hún hljóðar svo:

„Við 48. gr. Greinin orðist svo:

Dómsmrn. skal árlega gefa út prentaða skrá um öll skrásett atvinnufyrirtæki í landinu, flokkuð eftir atvinnu. Skal á skránni greina stofnár hvers fyrirtækis, upphæð stofnfjár eða hlutafjár og nöfn stjórnenda."

48. gr. breytist þá þannig, að fyrri málsgr. greinarinnar fellur niður, en síðari málsgr. stendur eftir svo að segja orðrétt.

N. er sammála um báðar þessar till. og væntir þess, að þær nái samþykki deildarinnar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 317) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hv. d. hefur gert veigamikla breyt. á þessu frv., þar sem ákveðið hefur verið að hætta við, eins og í frv. er lagt til, að stofna sérstakt starf skráningarstjóra, og er í þess stað ætlað að láta þetta heyra undir yfirvöld í hinum ýmsu umdæmum landsins. Miðað við þessa breytingu er sú skriflega brtt., sem nú var borin fram, sjálfsögð og eðlileg, og er þess vegna eðlilegt, að hún verði samþ., úr því sem komið er. Hins vegar þykir mér rétt að skýra hv. d. frá því, að þeir fræðimenn, sem hafa samið þetta frv., hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson dr. og Árni Tryggvason forseti hæstaréttar, telja þessa breytingu á 1. gr. frv. vera mjög til hins verra. Sama er um skrifstofustjórann í atvmrn., sem hingað til hefur farið með þessi mál, að hann telur einnig, að breytingin geri frumvörpin, bæði þetta frv. og frv. um hlutafélagalögin, tiltölulega þýðingarlítil.

Það kemur fram í álitsgerð hæstaréttardómaranna skriflegri, sem þeir hafa sent mér um þessa breytingu, að hér sé um svo flókin málefni að ræða og þurfi slíka sérþekkingu, einkum í félagarétti, raunar einnig í bókhaldi, að mjög hæpið sé að ætlast til þess, að venjulegir sýslumenn og lögreglustjórar hafi slíka þekkingu, og þess vegna verði það aukna eftirlit, sem á að stofna til með þessum frv., bæði þessu frv. og frv. um hlutafélagalögin, hreint pappírsgagn, en muni ekki koma að raunverulegum notum.

Ég hef nú ekki með mér þessa álitsgerð dómaranna og tel raunar, að úr því sem komið er sé eðlilegast, að þetta mál verði nú látið ganga til hv. Ed. með þeirri breytingu, sem hv. n. leggur til, en mundi þá láta hv. n. í hv. Ed. fá þessa álitsgerð, og ef hún teldi það gefa efni til breytinga, þá mundi málið koma að nýju til athugunar hér við eina umr. En eins og sakir standa, þá finnst mér eðlilegt, að þessi d. haldi við þá meginákvörðun, sem búið er að taka, þangað til sýnt er, hvort Ed. sér ástæðu til breytingar. Ég taldi engu að síður rétt að láta þessar athugasemdir koma fram, vegna þess að þær varða meginefni málsins og af því að ég mun hafa samráð við hv. n. í Ed. um það, hvort ástæða sé til að breyta frv. á ný og þá hvort það eigi að fara í sama horf og lagt var til eða reynt sé að finna nýja lausn á þessu máli. En ætlunin var sem sé, að þetta nýja eftirlit, sem talin er þörf á, gæti komizt á ríkissjóði að kostnaðarlausu með þessu aukagjaldi, sem átti að leggja á aðila sjálfa, en n. leggur nú með eðlilegum hætti til að fellt sé niður.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. hefur vikið að þessu máli og gert athugasemdir um það, að það muni hafa farið miður, að ráðgert er eftir þessu frv., að skráningu annist sýslumenn og bæjarfógetar úti um landið, sakir þess að málefni, sem þeir koma til með að hafa með höndum, geti orðið það margbrotin og flókin, að þeim sé tæpast ætlandi að afgreiða þau svo, að í lagi sé. Hæstv. dómsmrh. getur þess, að hæstaréttardómararnir, skildist mér, sem hafa undirbúið málið, séu þeirrar skoðunar, að ekki sé vel séð fyrir þessu með öðru móti en að einn maður annist þetta, eins og gert var ráð fyrir upphaflega í frv.; enn fremur sé atvmrn., sem hefur auðvitað mikil kynni af þessum málum frá fyrri tíð, þeirrar skoðunar.

Í umræðunum, þegar þetta var til meðferðar hér, var vikið af hálfu meiri hl. allshn. að því, að það mundi betur verða séð fyrir því, að farið væri eftir lagafyrirmælum um þetta efni og samræmi yrði í þessu, að einn maður annist það. En ég ætla, að ég muni það rétt eða að ég hafi tekið rétt eftir því, að svo djúpt var þó ekki tekið í árinni af hv. meiri hl., að þessi löggjöf, hlutafjárlöggjöfin yrði, ja, ef það verður nú að lögum það frv., sem liggur fyrir og allshn. hefur nú mælt með að samþ. yrði að kalla óbreytt í höfuðatriðum, — það

eru smávægilegar breyt. aðeins, sem n. leggur til, að gerðar verði, — þá mun nú engum nm. hafa dottið í hug, að þetta væri þannig viðfangs, að fyrir þessar sakir, að það væru fleiri en einn, sem ættu að annast skráninguna, yrðu lögin pappírsgagn.

Það liggur þá eiginlega næst að ályktа: Er þessi eini maður til, sem er fær um að annast þetta verk? Er hann fæddur, fyrst þetta er svona óskaplega flókið og vandasamt? Lögreglustjórarnir hafa að baki sér fjögurra, fimm og sex ára nám, einmitt til þess að vita, hvað lög eru, skerpa þeirra skilning og möguleika á að búa sig undir að sjá og skilja lagastaf. Ef einhver nýmæli eru í þessu, mundi ekki vera möguleiki á því að kynna þeim þetta viðfangsefni? Mér finnst einhvern veginn eins og þeirra mikla nám ætti að gera þeim mögulegt að setja sig inn í þessar ástæður, svo að allt yrði í lagi af þeirra hendi, þó að þeir önnuðust skráninguna. En vel má vera, að þetta sé skakkt á litið og að það þurfi eitthvað alveg sérstakt til, meira nám en þeir hafa, viðtækari þekkingu, máske skarpari skilning og yfir höfuð miklu fleiri kosti en maður getur búizt við, að sýslumenn og bæjarfógetar almennt hafi. Þó eru þetta dómarar þjóðarinnar, sem menn eiga nokkuð mikið undir að skilji rétt og grundi rétt sín viðfangsefni. Ég ætla ekki að fjölyrða um það atriði frekar, en þetta skil ég ekki almennilega, og ég ætla, að þarna sé gert of mikið úr þessum atriðum.

Hvað mig persónulega áhrærir, þá vildi ég sízt verða til þess, að lögin yrðu þannig úr garði gerð af hálfu þingsins, að þau kæmu ekki að sem beztum notum og að tilætluðum notum gagnvart þjóðinni, bæði vegna þess, hvað löglegt er, og að eftirlit verði sem bezt. Því get ég lýst yfir, og mér datt ekki í hug annað en að það mundi vera hægt að sjá því atriði borgið. En nú koma þessir menn, sem undirbjuggu lögin, og yfirlýsing þeirra er sú, að það muni mislukkast, nema þetta sérstaka form, sem þeir lögðu til, verði haft á þessum hlutum. Og hvað áhrærir mann til að gegna þessu, þá liggur næst að álíta, að það væri annar hvor þessara hæstaréttardómara, án þess að mér detti í hug að vera þeirrar skoðunar, að það geti ekki verið um aðra að ræða til þess. En það liggur næst að ályktа, að það væri þá annar hvor hæstaréttardómarinn, og þá hef ég í huga frv. um hlutafélögin; það er vel og rækilega undirbúið. Það ber það vissulega með sér.

En svo er annar aðili í þessu máli heldur en aðeins sá, sem á að hafa með höndum skráningu og aðgæzlu, að allt fari vel og löglega fram, og það er fólkið í landinu, sem kynni að vilja notfæra sér þessi lög. Fyrst það er nú svona margbrotið að uppfylla þá skilmála, er l. setja, mundi þá ekki réttmætt að ályktа sem svo, að það kynni að vera nokkuð torvelt fyrir fólkið að sjá, hvernig fyrirkomulagið á þeirri starfsemi á að vera, sem á að vera rekin eftir fyrirmælum laganna, svo að undirbúningurinn af þess hálfu verði löglegur og að það taki ekki mikla fyrirhöfn eða tíma að koma því öllu í lag, sem áfátt kann að verða hjá mönnum, sem hugsa sér að mynda hlutafélög og koma á þess konar starfsemi? Það býst ég við að liggi nokkuð nærri að álíta, og kemur þá að því, sem ég hafði orð á við 2. umr. málsins, að það mundi leiða til þess, að fólk úti á landi a. m. k., sem vildi notfæra sér þá starfsemi, sem lögin heimila, yrði að hafa mann hér fyrir sig — og þá mundi það auðvitað valda mikilli fyrirhöfn og kostnaði — til þess að sjá um þetta og koma því í kring, sem þyrfti að vera, svo að löglegt væri, til þess að fullnægja ákvæðum laganna og því, sem tilskilið væri fyrir það, að félagsskapurinn öðlaðist fullt gildi. Þessu atriði finnst mér nú að maður megi ekki gleyma, og ætla ég, að það sé fullupplýst með þessu, hvað miklu auðveldara væri fyrir fólkið úti um landið að geta snúið sér til hlutaðeigandi sýslumanns eða bæjarfógeta til að koma þessu í kring. Það er vitaskuld miklu auðveldara í framkvæmd að koma á svona centraliseringu eins og frv. gerir ráð fyrir upp á framkvæmdina eina út af fyrir sig. Það viðurkenni ég. En það er þá miklu minna tillit tekið til fólksins, sem þarf að vinna eftir þessum lagafyrirmælum, og það er engan veginn lítilvægt atriði.

Ég ætla nú ekki að fjölyrða um þetta frekar. Mér þykir vænt um, að hæstv. dómsmrh. skyldi vekja máls á þessu, af því að hann hefur nú fengið vitneskju um það, hvernig til þessa máls er hugsað, og hv. d. getur þá jafnvel búizt við, á hverju hún á von frá Ed. Er þá vel, að menn hafa tíma til þess að kynna sér þetta nánar og íhuga, hverjir málavextir eru.

En það liggur nærri við, að maður hefði gaman af að sjá þessa álitsgerð, til þess að þurfa ekki að vaða í villu og svíma um það, hvað ægilegt mál þetta kann að vera, ef ekki er farið eftir áliti þeirra, sem hafa náttúrlega mikinn kunnugleika á því og hafa haft afskipti af undirbúningi málsins.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég flutti á sínum tíma till. til þál. um, að stofnað skyldi til endurskoðunar á gildandi lögum um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð og gildandi lögum um hlutafélög. Þessi till. var samþ. í einu hljóði, að því er ég bezt man, af hinu háa Alþingi, — það mun hafa verið 1949 eða 1950, — og var síðan samkvæmt henni efnt til þeirrar endurskoðunar, sem farið hefur fram undanfarin ár og hinir sérfróðustu menn voru kvaddir til þess að framkvæma. Niðurstaðan varð svo sú, að lagt hefur verið fyrir hið háa Alþingi nýtt frv. um firmu, skrásetningu þeirra og prókúruumboð og frv. til laga um hlutafélög. Þegar gildandi lög um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð voru sett árið 1903, voru þau mjög fullkomin, höfðu verið rækilega undirbúin og voru í fullkomnu samræmi við það, sem bezt þekktist í þessum efnum á Norðurlöndum. Gildandi lög um hlutafélög voru hins vegar, er þau voru sett 1921, þegar orðin úrelt, miðað við gildandi löggjöf í nágrannalöndunum. Þótt firmaskrárlögin hafi

verið góð fyrir um það bil aldarhelmingi, má geta nærri, að svo margt hefur breytzt í atvinnuháttum landsmanna, að þau eru að ýmsu leyti orðin úrelt nú, og sama gildir þó í enn ríkari mæli um hlutafélagalögin.

Eitt af því, sem reynzt hefur mjög óheppilegt varðandi framkvæmd laganna um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð, var einmitt að hafa skráningu firmanna á jafnmörgum höndum og hún hafði verið. Eitt af því, sem reynzt hafði mjög óheppilegt, var einmitt að hafa skráninguna í höndum lögreglustjóranna, því að reynsla hafði sýnt, svo að ekki varð um villzt, að á þessu varð margs konar misferli, ekki sökum þekkingarskorts eða hæfileikaleysis þeirra embættismanna, sem hér var um að ræða, heldur vegna hins, að hér er um að ræða að ýmsu leyti mjög vafasöm og flókin atriði, þar sem tillit þarf að taka til mjög margs, sem hlutaðeigandi lögreglustjórar eiga ekki alltaf aðgang að á því andartaki, sem skráning þarf að fara fram. Ég tel því tvímælalaust, að í frv., eins og það var lagt fyrir, hafi það verið mikið framfaraspor að sameina skráningu allra firma á einn stað og að í því mundi vera mjög aukið öryggi fyrir fyrirtækin sjálf og fyrir þá, sem þurfa að nota þær upplýsingar, sem skráðar eru. Það er einmitt gott, að skráningin sé ávallt framkvæmd af sama aðila, sem tryggt sé að hafi fyllstu sérþekkingu á þeim málum, sem hér er um að ræða, og þekki alla málavöxtu, sem til greina geta komið.

Um önnur atriði frv. skal ég ekki ræða. Þar, sem um breytingar á annað borð er að ræða, eru þær til hinna mestu bóta frá því, sem verið hefur, og þess vegna harma ég það fyrir mitt leyti, að þessi hv. d. skuli hafa tekið þá afstöðu við 2. umr. málsins að breyta þessu atriði í það horf, sem nú er.

Þessi mál snerta eina af kennslugreinum mínum við háskólann, og þess vegna hef ég orðið að kynna mér þau nokkuð, og reynslan er tvímælalaust sú um þetta efni, að núgildandi fyrirkomulag hefur ekki gefizt vel. Er þar engan veginn um að kenna þekkingarleysi eða hæfileikaleysi þeirra manna, sem skráninguna eiga að annast lögum samkvæmt, heldur beinlínis því, að málavextir eru oft og einatt þannig, að aðilum er vorkunn að haga ekki skrásetningunni að öllu leyti á þann hátt, sem réttast væri. Það er nauðsynlegt að hafa fjölda atriða til samanburðar, sem ekki er hægt að kveða skýrt og greinilega á um í lögum, og það er ekki hægt að tryggja, að skráning verði ávallt í samræmi við þær kringumstæður og þær réttarreglur, sem skapazt hafa af kringumstæðunum, nema því aðeins að einn aðili hafi skráninguna í höndum, sem tryggt sé að hafi þekkingu á öllum þeim aðstæðum, sem um hefur verið að ræða, og hafi þá reynslu til að bera, sem löng skráningarstörf ein geta fært þeim aðilum, sem þessi vandasömu embættisstörf eiga að annast.

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ummæli hæstv. dómsmrh. hafa vakið hér nokkrar umr. í sambandi við þær breytingar, sem gerðar hafa verið á frv. frá því, sem það var, er það var lagt fram.

Eins og kunnugt er, var meiri hl. allshn. því fylgjandi að halda að mestu leyti því formi, sem frv. upphaflega gerði ráð fyrir. En n. var öll þeirrar skoðunar, að ekki bæri að stofna nýtt embætti í sambandi við þetta mál. Og það vorum við einnig, sem mynduðum meiri hl. n. Við vorum á þeirri skoðun, að ekki bæri að mynda nýtt embætti, heldur ætti þessi framkvæmd að vera í dómsmrn. og falin þar sérstökum fulltrúa. Ég vil aðeins taka þetta fram til þess að vekja athygli á, að það er ekki líklegt, að þessi hv. deild vilji samþ. frv. óbreytt eins og það var í byrjun, enda hefur d. þegar sýnt, að hún vill ekki ganga eins langt og meiri hl. n. vildi, heldur virðist deildin vilja hafa frv. í því formi, sem það nú er. Þó að ég sé ekki fyllilega ánægður með þetta form, eins og ég skýrði frá við 2. umr., þá tel ég, að ef sú brtt. verður samþ., sem hér liggur fyrir á þskj. 297, sé mikið bætt úr þeim annmarka, sem ég tel, að hafi verið gerður á frv., með því að í till. er beinlínis lagt fyrir, að afrit skráningarplagga skuli öll send til dómsmrn. Þar skal svo litið eftir, að þau séu útbúin samkvæmt lögum, og haldin sérstök heildarskrá. Það kann að vera, að eftirlitið á þennan hátt verði ekki fyllilega í eins góðu lagi og væri, ef einn maður sæi um þetta. En ef þetta eftirlit er vel rækt í rn., hygg ég, að þetta ætti að koma að sömu notum og upphaflega tillagan gerði ráð fyrir.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Í heilagri ritningu segir frá því, að fyrir um það bil 2000 árum hafi jarðnesk yfirvöld þeirra tíma látið boð út ganga um það, að taka skyldi manntal um allan heim. Aðferðin, sem þá var höfð við að skrá alla heimsbyggðina, var sú, að hver maður átti að taka sér ferð á hendur og fara til sinnar ættborgar, því að þar og ekki annars staðar átti að færa hann á manntalið. Síðan þetta gerðist hefur margt breytzt. Oft eru tekin manntöl hér á landi og annars staðar, en nýjar aðferðir hafa verið fundnar upp við þau. Nú þurfa menn ekki lengur að ferðast hver til sinnar ættborgar, heldur erum við skráðir á okkar heimilum, og hefur gengið allsæmilega að fá yfirlit um mannfjöldann með þessum nýju aðferðum.

En þegar þessu frv. var útbýtt hér í hv. d. og ég hafði lesið það, þá þóttist ég sjá, að höfundar þess, þessa stjórnarfrv., hefðu nú talið rétt að hverfa aftur að þessari 20 alda gömlu aðferð við skráningu, því að samkvæmt frv. áttu allir þeir, sem ætluðu að stofna félög, hvort það voru hlutafélög eða samvinnufélög eða til einhvers atvinnurekstrar, sem skráningarskyldur er samkv. lögum, að taka sér ferð á hendur, náttúrlega til höfuðborgarinnar, því að annars staðar var ekki hægt að fá laganna stimpil á þeirra skjöl. Þessu hefur nú verið breytt í þessari hv. d., eins og kunnugt er, og ég hélt, að málið væri úr sögunni hér. En nú koma menn upp aftur hér við síðustu umr. málsins, hæstv. dómsmrh. sem og hv. 1. landsk.,

og harma það, að þessi breyting skyldi vera gerð.

Ég er á því eins og fleiri, að ritningin sé okkar bezta bók, en nokkuð finnst mér það mikil bókstafsdýrkun að halda því fram, að það sé nauðsynlegt að hverfa aftur með skráningaraðferðir til þeirra tíma, sem hún segir frá. Ég held sem sagt, að sýslumönnum og bæjarfógetum úti um allt land sé vel treystandi til að gera þetta sómasamlega, eins og þeir hafa gert að undanförnu, og ég sé það á þeirri brtt., sem hv. allshn. leggur hér fram, að hún ætlast til, að settir verði yfirskoðarar á þeirra verk, náttúrlega hér í höfuðstaðnum, og held ég, að við það mætti bjargast.

Fleira var nú nýtt í þessu frv. og er enn þá. Það er talað um það af ýmsum, að skattar séu hér háir. Ekki hefur þeim, sem stóðu að þessu frv., þótt þeir um of, því að það var lagt til að leggja nýjan árlegan skatt á þá menn, sem þurfa að láta skrá sinn atvinnurekstur, frá 100—300 kr. á ári. Þetta eru ekki býsna miklar fjárhæðir á nútímamælikvarða, en nokkuð var það óljóst af frv., hverjir ættu nú að verða þeirrar náðar aðnjótandi að sleppa með 100 kr. og hverjir mundu hafa verið krafðir um 300, ef þetta væri í lög leitt. Mér þykir vænt um, að hv. n. leggur til, að þessi gr. verði niður felld, og ég vildi nú vænta þess, að við sjáum þetta frv. ekki aftur í þessari d. í sama formi og það var, þegar það kom frá hæstv. stjórn hingað fyrir deildina.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Athugasemdir mínar hafi vakið furðulega miklar umr., þar sem leitað er allt til upphafs kristindómsins og sagan rakin meira og minna síðan út úr þessu máli, og skal ég ekki fara svo langt aftur.

En ég get ekki varizt því út af ummælum hv. 1. þm. Árn., að mér komu þau nokkuð ókunnuglega fyrir sjónir, og má segja, að misvitur sé Njáll, því að enginn maður ætti að vita betur en hann, að til þess eftirlits, sem mikla þekkingu þarf til, eru sérstakir menn fengnir. Svo er t. d. með eftirlit með sparisjóðum. Það væri vel hugsanlegt að láta sýslumenn og bæjarfógeta annast það eftirlit. Það er talið, að þeir hafi ekki bókhaldsþekkingu eða reikningsþekkingu til þess að gera það, og þess vegna var til þess valinn nú síðast einn bezti reikningskennari landsins, sem uppi hefur verið á þessu tímabili, maður, sem hafði samið mjög góða bók í þeim efnum og bar af öðrum mönnum. Ég tel, að það hafi verið mjög vel valið. En það sýndi þó, að til var sá maður í landinu, sem hægt var að velja til þess sérstaka starfs, jafnvel þó að það væri ekki falið sýslumönnum og bæjarfógetum, sem sannast sagt hefði mátt gera, alveg eins og að fela þeim það sérstaka eftirlit, er hér um ræðir.

Það er engin ástæða til þess að vera að gera lítið úr þekkingu þessara embættismanna úti um land, þó að það sé sagt, að þeir hafi ekki aðstæður eða sérþekkingu til þess að annast einhver sérstök störf. Ég minni á þetta sérstaka eftirlitsstarf, sem ég gat um áðan. Þá er talið alveg sjálfsagt, að læknar hafi sérþekkingu í ýmsum greinum, og það er ekki hallað á héraðslækna, þó að það starfi einn eða tveir sérfræðingar í landinu að lækningu ýmiss konar sjúkdóma, sem hinir almennu læknar hafa hvorki tíma né tækifæri til þess að kynna sér þau læknisráð við, sem á þarf að halda í þeim tilfellum. Alveg það sama er, eftir því sem þjóðfélagið stækkar og þjóðfélagsfyrirbrigðin verði fleiri, í öðrum greinum, þ. á m. í lögfræðinni.

Um lagabálk eins og hlutafélagalögin — og það er í raun og veru miklu frekar í þessu sambandi um að ræða eftirlitsstarf með þeim heldur en sjálft frv. um firmu og prókúru, sem við erum að ræða — er það að segja, að ekki er hægt að ætlast til þess, að almennir lögfræðingar, hversu vel sem þeir eru að sér, sýslumenn og bæjarfógetar, hafi færi á að kynna sér allar þær sérreglur, sem gilda um þau sérstöku efni. Það er sérstök stór fræðigrein innan lögfræðinnar, sem fjallar um þau efni, og það er alveg rétt sem hv. þm. Árn. sagði, að eins og sakir standa, hygg ég, að enginn maður sé á lausum kjala, sem sé sérstaklega vel að sér í þeim. En ef þörf skapast fyrir hann, með því að þetta verði, eins og menn segja, „centralizerað", þá mundi einhver ungur maður sjálfsagt fara og leggja sérstaka stund á það, eins og menn fara nú til útlanda og leggja sérstaka stund á að kynna sér hin ýmsu fyrirbrigði sjúkdómanna. Það er því ekki á neinn hallað með þessu í lögfræðistétt, þó að sagt sé, að til þessa þurfi sérstaka þekkingu, þ. e. meiri þekkingu en hægt er að búast við, að lögfræðingar almennt hafi.

Auk þess er mjög mikið ofgert úr því, að allur almenningur þurfi dags daglega að hafa samband við yfirvöld út úr þessum efnum. Hér er um að ræða fyrst og fremst menn, sem stunda ýmiss konar viðskipti og vilja þá sérstaka vernd, í mörgum tilfellum sérréttindi, í sérstöku félagsformi, með sérstökum heitum á sínum félögum, og það er eðlilegt, að þeir lúti alveg sérstöku eftirliti og þurfi að gjalda nokkurt sérgjald til þess að fá þau sérréttindi, sem fylgja því að reka atvinnu með þeim sérstaka hætti, sem ætlað er t. d. í hlutafélagalögunum. Meginhlutinn af því, sem skráð er, verður svo birtur t. d. bæði í Lögbirtingablaði og sumpart í stjórnartíðindum og liggur þar almenningi opið fyrir.

Menn verða að átta sig á, að það tjáir ákaflega lítið að setja stóra lagabálka eins og hlutafélagalögin með mörgum greinum og flóknum, svo flóknum, að erfitt er satt að segja að átta sig á, hvað í þeim felst, fyrir aðra en þá, sem hafa á því grundvallaða þekkingu, — það gagnar lítið að setja slíka lagabálka, ef ekki er gerð sérstök ráðstöfun til þess, að eftir lagabálkunum sé farið, og það er meiningarlaust að veita mönnum t. d. þau sérstöku hlunnindi að reka fyrirtæki sín sem hlutafélög, nema einhver aðili í landinu hafi til þess ekki aðeins skyldu, heldur einnig aðstöðu og þekkingu að fylgjast með því, alveg eins og nauðsynlegt er, að einn slíkur sérstakur aðili sé til þess að

fylgjast með sparisjóðum landsmanna, þannig að eftir því sé litið, að þetta líti ekki aðeins vel út á pappírnum, heldur sé raunveruleiki á bak við þær yfirlýsingar, sem gefnar eru. Og ég legg áherzlu á, að það er ekki til þess að færa neitt að hv. 1. þm. Árn., heldur vegna þess, að það er fullkomin hliðstæða milli þess sérstaka eftirlits, sem menn hafa talið sig neydda til að koma upp varðandi sparisjóðina, og þess eftirlits, sem hér er ætlað ekki fyrst og fremst til þess að skrá, — það er algert aukaatriði og gamanmál eins og hjá okkar fyndna hv. þm. V-Húnv. að tala hér fyrst og fremst um þetta sem skráningarmál og jafna því við manntal, — hér er fyrst og fremst um það að ræða, að það sé komið á raunhæfu eftirliti með þessum fyrirtækjum og fylgzt með því, að raunveruleikinn sé í samræmi við þær yfirlýsingar, sem þessir aðilar gera og ætlaðar eru til þess, að þær megi taka trúanlegar í viðskiptalífinu.

Þetta er ekki í eðli sínu pólitískt mál á neinn veg, og getur í sjálfu sér ekki verið kappsmál annað en að benda á það, sem rétt er, og leiðrétta misskilning, sem fram hefur komið. En ég vil geta þess, að ég hef nú með höndum þessa álitsgerð hæstaréttardómendanna, sem samið hafa frv., og þeir segja í henni, með leyfi hæstv. forseta:

„Lögreglustjórum er að vísu treystandi til að kynna sér viðkomandi lög og beita þeim, en þess er að gæta, að þessi löggjöf er svo sérfræðileg, að lögreglustjórarnir mundu áður þurfa að leita sér sérþekkingar í félagarétti og bókhaldi. Framkvæmd þessarar löggjafar mundi því verða miklu öruggari og samræmdari í höndum eins embættismanns, sem hefði nauðsynlega sérþekkingu í þessum málum. Hann mundi einnig fljótt fá mikla reynslu í framkvæmd þessara mála, sem hins vegar yrði í höndum margra embættismanna alger aukaverk. Í félagalöggjöfinni eru og ýmis ákvæði, sem ekki verða samræmd, nema þau séu framkvæmd á einum stað."

Þetta eru ummæli þessara sérfróðu manna, og álitsgerð þeirra lýkur með þessu:

„Samkvæmt framansögðu er það eindregið álit okkar, að þær umbætur, sem frv. um firmu og hlutafélög eiga að hafa í för með sér, mundu koma að litlu haldi, ef ekki er tryggð örugg og samræmd framkvæmd þeirra mála í höndum eins sérfróðs embættismanns."

Ég tel skyldu mína að láta menn vita um þetta álit, sem er í samræmi við álit skrifstofustjóra atvmrn., sem fram að þessu hefur haft yfirstjórn eftirlits í þessum málum. Hér talaði prófessor úr viðskiptadeild háskólans, sem lét uppi sama álit, og mér hefur verið sagt, án þess ég hafi sjálfur átt kost á því að kanna það, að sá maður, sem lengst hefur kennt félagarétt við Háskóla Íslands og hefur bezta þekkingu í þeim efnum af hérlendum mönnum, prof. Ólafur Lárusson, sé sömu skoðunar. Og get ég fullvissað menn um það, að þetta er ekki vegna þess, að menn séu gírugir í að stofna nýtt embætti eða þetta sé hugsaður sem bitlingur handa einum eða neinum, heldur vegna þess, að það er þýðingarlítið að vera að setja upp stóra lagabálka með ákaflega flóknum fyrirmælum, ef jafnframt yrði ekki gerð ráðstöfun til þess, að einhver maður í landinu hafi til þess næga þekkingu og tóm að fylgjast með því, að raunverulega sé eftir þeim farið. Og það þarf ekki frekar að gera gabb að því, að sérþekkingar þurfi til athugunar á þessu, heldur en sérþekkingar þarf fyrir búnaðarráðunauta til þess að vera í ýmsum sveitum landsins. Með því er ekki verið að gera lítið úr bændunum. Þeir hafa sína reynslu og miklu þekkingu, en þeir eiga ekki kost á því að setja sig svo inn í öll mál, að þeir þurfi ekki á að halda leiðbeiningum og að vissu leyti eftirliti með þeim nýjungum, sem þeir eru að gera. Það er því, hvað sem menn að öðru leyti álíta um þetta, ástæðulaust að taka þessu með háði um það, að verið sé að gera lítið úr lögreglustjórum landsins með því að leggja þetta til. Því fer fjarri. Það verður einungis að athuga, að til nýrra verkefna þarf meiri og betri þekkingu en menn áður hafa haft.

Umr. frestað.

Á 40. fundi í Nd., 17. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 297 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 317 samþ. með 19 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Sþ., 18. des., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 337).

Á 41. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

2. Hlutafélög.

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um hlutafélög [3. mál] (stjfrv., A. 3).

Á 5. fundi í Nd., 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég get látið mér nægja að vísa til þess, sem ég sagði um frv. hér á undan [firmu og

prókúruumboð], og vil eindregið mælast til þess við hv. allshn., að hún reyni að hraða meðferð sinni á málinu svo nú, að frv. geti fengið afgreiðslu í þessari d. nægilega tímanlega til þess, að líkur séu til, að það nái fram að ganga á þinginu.

Ég legg til, að frv. gangi til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., 16. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 3, n. 298).

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Allshn. deildarinnar, sem fjallað hefur um þetta frv., hafði hugsað sér að reyna að afgreiða það svo snemma á þinginu, að tími gæti unnizt til þess fyrir þingið að ganga frá frv., ef það vildi svo vera láta. Nál. var að vísu lagt fram fyrir jól, en af ýmsum ástæðum hefur dráttur orðið á því, að málið kæmi til umr. í deildinni.

Lög um hlutafélög, sem nú eru í gildi, eru frá árinu 1921. Þau l. voru að mestu sniðin eftir dönskum hlutafélagalögum frá 1917. Síðan hafa orðið miklar breytingar á sviði atvinnurekstrar og efnahagsmála, sem hafa gert nauðsynlega endurskoðun laganna í ljósi þeirrar reynslu, sem fengizt hefur undanfarna þrjá áratugi, sem lögin hafa staðið. Tveir hæstaréttardómarar, þeir Árni Tryggvason og Þórður Eyjólfsson, voru fengnir til þess að endurskoða lögin. Hafa þeir gert það af mikilli alúð og gaumgæfni, og er frv. það, sem hér fyrir liggur, árangurinn af starfi þeirra. Segja þeir í athugasemdunum við frv., að þeir hafi aðallega miðað það við sænsku hlutafélagalögin frá 1944, sem eru mikill og ýtarlegur lagabálkur, og einnig hafi þeir haft til hliðsjónar lagafrv. að dönskum hlutafélagalögum, sem lagt var fram 1941, en hefur, að því er ég bezt veit, ekki náð staðfestingu enn. Auk þess hafa þeir að sjálfsögðu haft til hliðsjónar hlutafélagalög ýmissa annarra þjóða.

Stofnun hlutafélaga hefur farið mjög í vöxt hér á landi á síðari árum. Stafar það aðallega af tvennu: annars vegar, að hlutafélagaformið er þægilegt og hentugt félagsform til atvinnurekstrar, og hins vegar, að einkarekstrinn hefur orðið að þola miklu þyngri búsifjar af skattheimtunni en hlutafélagarekstrinn. Því hefur atvinnureksturinn í landinu í vaxandi mæli á síðari árum leitað í þetta félagsform.

Samkv. lögunum er hlutafélögum heimilað að hafa með höndum atvinnurekstur sem ábyrgum aðila, þótt ábyrgð þeirra gagnvart lánardrottnum takmarkist við hlutafé þeirra og aðrar eignir. Auk þess eru félögunum veitt nokkur skattfríðindi með það fyrir augum að vísu að binda fjármuni þeirra við áframhaldandi rekstur. En fyrir þessi réttindi gerir svo hið opinbera kröfu til að setja ákvæði um rekstrarform félaganna og kröfu til eftirlits með þeim á ýmsan hátt. Eftirlit hins opinbera liggur aðallega í því, að félögin séu í föstu formi og að fullnægt sé þeim kröfum, sem til þeirra eru gerðar, m. a. til þess að koma í veg fyrir, að svik geti átt sér stað undir fölsku yfirskini. Hlutverk hins opinbera er því að tryggja hagsmuni þeirra, sem við félögin skipta, og vernda rétt þeirra, sem leggja fé til rekstrarins. Til þess að sinna þessu hlutverki hafa því flestar menningarþjóðir sett mjög ýtarleg hlutafélagalög, og frv. það, sem hér liggur fyrir, er viðleitni í þá átt að endurbæta þau lög, sem nú hafa staðið um þrjá áratugi.

Frv. er miklu lengra og ýtarlegra en þau lög, sem nú eru í gildi. Meginbreyt., að mínu viti, á lögunum samkv. frv. eru í fyrsta lagi fjölgun stofnenda úr fimm í sjö, í öðru lagi aukið eftirlit með rekstri félaganna og í þriðja lagi ákvæði um svonefnda samstæðu hlutafélaga, sem er nýmæli í þessum lögum. Auk þess eru ýmsar breytingar, eins og þær, að stofnendur hlutafélaga geti verið félög og stofnanir, sem ekki er heimilað núna, og að hjón skuli teljast einn aðili, nema þau leggi í félagið hvort af sinni séreign, — þetta er líka breyting frá því, sem nú er, — og að félög megi ekki kaupa eigin hlutabréf, en nú mega þau kaupa allt að 10% af hlutafénu fyrir eigið fé.

Nefndinni er ljóst, að hér er um mjög mikilsvarðandi lagafrv. að ræða, sem er nauðsynlegt að athugað sé af sérstakri gaumgæfni. Um frv. hefur verið fjallað á tveimur þingum. Um það hafa verið haldnir margir nefndarfundir, og frv. hefur verið sent til ýmissa aðila til athugunar, eins og venja er til um mikilsvarðandi frumvörp. Litlar leiðbeiningar hafa þó fengizt frá þessum aðilum, sem frv. var sent til umsagnar. Aðeins þrír af þeim hafa svarað, og eru þeir háskólinn, verzlunarráðið og borgarfógetinn í Reykjavík. Háskólinn segir í þessu bréfi, sem er dags. 29. okt. í fyrra, að hann óski ekki að bæta neinu við frv. eins og það þá lá fyrir, enda hafi einn próf. lagadeildarinnar, próf. Ólafur Lárusson, sent álitsgerð um frv., áður en það var lagt fyrir þingið, og segir í bréfinu, að flestar af ábendingum hans hafi verið teknar til greina og þess vegna hafi háskólinn ekki neinar frekari athugasemdir að gera við frv. Verzlunarráð Íslands skrifar aðeins nokkrar línur og óskar eftir fresti til að svara fyrirspurninni. Það svar er ekki komið enn. Að vísu kom munnlegt svar frá þeim fyrir nokkrum dögum um það, að þeir óskuðu lengri frests til þess að athuga málið, en ég, sem varð fyrir svörum, sagði þeim, að það mundi ekki vera hægt að tefja málið lengur af þeim sökum. Þriðji aðilinn, sem svaraði, er borgarfógetinn í Reykjavík, og er hans svar ýtarlegast og fer í meginatriðum í sömu stefnu og álit nefndarinnar. Ég ætla, með leyfi forseta, þess vegna að lesa hér

nokkra kafla úr bréfi borgarfógetans. Hann segir:

„Með frv. þessu, ef að lögum verður, er einstaklingum gert mun erfiðara fyrir með að stofna hlutafélag en nú er svo og kostnaðarsamara. Um fyrra atriðið má vísa til þess, að stofnendur skulu vera fæstir sjö eftir frv. þessu og gert er ráð fyrir, að skráning fari fram aðeins á einum stað á landinu. Um síðara atriðið má vísa til ákvæða frv. um mat það, sem fyrirskipað er, ef hlutafélag á að taka við atvinnu annars manns eða eignun öðrum en í reiðu fé.“ — Hér er átt við það, að frv. kveður á um, að það skuli vera sjódómsréttur Reykjavíkur, sem framkvæmir slíkt mat, þó að um eignir úti á landinu sé að ræða. En n. hefur lagt fram brtt. um þetta efni. — Svo segir hann enn fremur:

„Tala skráðra félaga í Reykjavík er svo sem hér segir: Félög með ótakmarkaðri ábyrgð 813. Hlutafélög 701. Samvinnufélög 53. Önnur félög með takmarkaðri ábyrgð 29. Félög með takmarkaðri ábyrgð eru samkv. þessu 783, og af þeim eru hlutafélög 701. Af þessum hlutafélögum eru 15 félög, sem ekki verður séð, hve marga stofnendur hafa, enda eru þau stofnuð fyrir 1922. Af þeim 686 hlutafélögum, sem þá eru eftir, eru 158 hlutafélög með sjö stofnendum eða fleiri. Það eru því 528 skráð hlutafélög í Reykjavík, sem ekki fengjust skráð sem ný hlutafélög samkv. frv. því, er fyrir liggur, þegar af þeirri ástæðu, að stofnendur eru færri en sjö. Frv. þetta virðist eiga við um félög, sem hafa með höndum meiri háttar atvinnurekstur, en vera fjötur um fót þeirra einstaklinga, sem vilja stofna hlutafélag um minni háttar starfsemi.

Í 1. gr. frv. og athugasemdum um þá gr. virðist frv. þetta útiloka, að menn geti stofnað félag með takmarkaðri ábyrgð, ef það er stofnað með fjárframlögum skiptum í fyrir fram ákveðna hluta og í því skyni að afla ágóða til skiptingar milli félagsmanna, nema fullnægt sé öllum skilyrðum þessa lagafrv. Með þessum skilningi á greininni tel ég, að ákvæði frv. um tölu stofnenda í hlutafélagi geti ekki samrýmzt hagsmunum þjóðarinnar. Sé ég ekki ástæðu til að gera í nokkru strangari kröfur um stofnun hlutafélaga heldur en nú er, og sérstaklega vil ég taka það fram, að ástæða hefði verið til í svo litlu þjóðfélagi sem voru að leyfa fremur einstaklingum að stofna hlutafélög og styðja þar með að smáatvinnurekstri, sem sjálfsagt mun verða landi voru og þjóð drýgstur um nálæga framtíð, en hlutafélagsformið má telja mjög að skapi einstaklinga þessa þjóðfélags við hvers konar starfrækslu sem er.“

Mér þykir rétt, að þessi ummæli borgarfógetans í Reykjavík komi fram, vegna þess að hér er um að ræða það atriði frv., sem mestri breytingu veldur frá núgildandi lögum.

N. hefur lagt fram álit á þskj. 298 og borið fram tillögur um ýmsar breytingar. Stærsta breyt., sem skiptir máli, er breyt. á 5. gr., þar sem n. leggur til, að stofnendur séu fimm hið fæsta í stað sjö, eins og frv. leggur til. Telur meiri hl. n., að það sé ástæðulaust að gera erfiðara en nú er um stofnun slíkra félaga að þessu leyti. Hér eru stofnuð eingöngu lítil félög, sem fáir eru þátttakendur í, og það er engin ástæða til, þar sem stofnun hlutafélaga er atvinnuleg nauðsyn, að torvelda stofnun þeirra. Til samanburðar má geta þess, að tala stofnenda í hlutafélögum í ýmsum löndum er mjög mismunandi. Á Norðurlöndum, í Sviss og Póllandi þurfa þeir ekki að vera fleiri en þrír, í Hollandi tveir, í Þýzkalandi fimm, í Englandi og Frakklandi sjö. Má af þessu sjá, að það virðist ekki nein ástæða fyrir okkur frekar en flestar aðrar þjóðir að hafa stofnendurna fleiri en fimm, og ef farið væri eftir till. frv., þá mundi það aðeins torvelda stofnun slíkra félaga, og væri það mjög illa farið.

Önnur breyting er í 5. gr. frv. Þar stendur, að hjón skuli teljast einn aðili, nema hvort um sig leggi til hlutafé af séreign sinni. N. þykir ekki ástæða til að meina hjónum að taka þátt í hlutafélagi, nema bæði leggi til af séreign sinni, og þykir nægilegt að gera að skilyrði, að fé konunnar sé séreign hennar, til þess að hún geti talizt sérstakur aðili. Hins vegar má að mörgu leyti telja rétt, ef hjón hafa algera sameign, að þau geti ekki hvort um sig verið sérstakur hluthafi í félaginu. Annars má deila um slíkt atriði. Og segja má, að það hefur ekki vitanlega komið að sök hjá okkur þessi 30 ár, sem hlutafélagalögin hafa staðið, þó að konur hafi getað verið sjálfstæðir aðilar í hlutafélögum, sem menn þeirra hafa verið hluthafar í.

Þá er breyting við 9. gr. Breytingin á þessari gr. er sú, að í staðinn fyrir, að gert er ráð fyrir, að sjó- og verzlunardómur Reykjavíkur tilnefni matsmenn til að meta verðmæti, sem hlutafélög taka við af öðrum aðilum, þá er till. sú, að héraðsdómari, þar sem matið á að fara fram, tilnefni mennina. Er þetta gert til þess að auðvelda framkvæmdina fyrir þá, sem búa utan Reykjavíkur og stofna slík félög.

Þá er 3. brtt., við 54. gr. Þar er ákveðið í frv., að kveðja skuli til fundar með 14 daga fyrirvara hið skemmsta. N. fannst ástæðulaust að lögbjóða svo langan fyrirvara hið skemmsta. Það er öllum félögum innan handar að hafa svo langan fyrirvara sem þeim þykir henta, en hins vegar má telja rétt, að einhver minnsti fyrirvari sé settur, og telur n. hæfilegt, að það sé ekki lengri fyrirvari en sjö dagar í stað fjórtán.

4. brtt. er við 55. gr. Svipað er að segja um þessa breytingu, sem ákveður, með hversu löngum fyrirvara skuli leggja fram dagskrá félagsfunda.

Svo er 5. brtt. Hún er við 56. gr. Það er enginn efnismunur í þeirri breytingu, en n. þykir orðalag gr. fara betur með þeirri breyt., sem hún leggur til.

Þá er 6. brtt., við 58. gr. Samkv. þessari gr. frv. er ekki að dómi n. trygging fyrir því, að hægt sé að halda lögmætan aðalfund. Hluthafar, sem ráða yfir meiri hl. fjárins, geta, ef þeir vilja slíkan hátt á hafa, hindrað, að hægt sé að ná saman löglegum aðalfundi, þannig að

ekki er séð að áliti n. fyllilega fyrir rétti minni hl. í þessu efni. Þess vegna telur hún rétt, að tekin sé inn í 58. gr. brtt., sem hún leggur til sem nr. 6 í nál.

Þá er 7. brtt., við 84. gr. Þessi brtt. fer í sömu átt og þær brtt., sem ég hef minnzt á og miða að því að auðvelda mönnum framkvæmdina og sneiða hjá óþarfa tímabindingum.

Þá er 8. brtt., við 89. gr. Samkv. frv. er skylt að verja ákveðnum hluta af arði í varasjóð, en þegar hann hefur náð 50% af hlutafénu, mega framlögin falla niður. Þá eru ekki lengur lögbundin framlög. En þrátt fyrir það, þótt þessu ákvæði sé fullnægt, má ekki samkv. frv. verja úr sjóðnum meira en 20%. N. finnst, að hér sé nokkuð skorið við nögl sér réttindi manna að mega ráðstafa úr varasjóði umfram það, sem lögboðið er, og telur hæfilegt, að þetta sé hækkað upp í 50%, og út á það gengur till. nefndarinnar.

Þá er það 9. brtt., við 93. gr. Það er aðeins kvöð, sem lögð er á skráningarstjóra, að farið sé með allar upplýsingar, sem skráningarstjóri fær, sem trúnaðarmál. En samkv. lögunum er gert ráð fyrir, að skráningarstjóri fái reikninga félaganna og hafi öll þeirra plögg. Mörgum er illa við að láta slík plögg fara frá sér í marga staði, en n. var sammála um það, að ekki mundi vera hægt að standa gegn því, að hinn opinberi aðili, sem á að hafa talsvert mikið eftirlit með rekstri félaganna, geti haft ársreikning þeirra til þess að ganga úr skugga um, að fullnægt sé þeim greinum laganna, sem fjalla um greiðslu í varasjóð og annað þess háttar. Hins vegar er sjálfsagt, að sú kvöð sé lögð á skráningarstjórann sem opinberan embættismann, að farið sé með þessar upplýsingar sem trúnaðarmál.

10. brtt. er aðeins í samræmi við breyt. á 5. gr., að þar koma fimm í staðinn fyrir sjö.

11. brtt. n. er við 21. gr., og sú brtt. er í raun og veru ekkert annað en skýrara orðalag á því, hvað samstæða hlutafélaga er, eins og segir í frv., en á því er enginn efnismunur. Annars vil ég taka fram um þetta nýmæli, samstæðu hlutafélaga, að sumum nm. þótti heldur tilgangslítið að fara að setja lög um móðurfélög og dótturfélög, eða réttara sagt að heimila félögum að eignast meiri hluta í öðrum hlutafélögum. Þetta er alls ekki bannað í núverandi hlutafélagalögum og mönnum því heimilt að eignast meiri hluta í slíkum félögum. Þá virðist það í fljótu bragði einnig tilgangslítið að vera að setja lög um þessi móður- og dótturfélög og heimila beinlínis, að móðurfélagið megi eiga meiri hlutann í dótturfélaginu, þó að móðurfélagið samt sem áður hafi engan meiri rétt til þess að ráðstafa dótturfélaginu eftir sem áður. Móðurfélag, sem á 70% í dótturfélagi, getur ekki ráðið félaginu, heldur þau 30%, sem utan við standa, vegna þess að móðurfélagið fær ekki að fara með nema 20% af atkvæðamagni félagsins. Er þeim því ekki gefinn neinn meiri réttur, þótt þeim sé heimilað að eignast meiri hluta í félögunum. Hins vegar er gefið í skyn af þeim, sem um frv. fjölluðu, að þetta mundi koma af sjálfu sér, með því að vitað væri, að þau ættu meiri hluta í félögunum. — Ég skal taka fram, að n. fékk nýtt álit hæstaréttardómaranna um þetta atriði laganna, og að athuguðu máli féllst n. á þau rök, að rétt sé, að félög, sem leggja undir sig önnur félög, séu háð sérreglum í viðskiptum sínum við dótturfélagið, þótt þau hafi ekki formlegt einræðisvald yfir þeim og ekki annað en valdið sem vitundin um meiri hluta þeirra gefur. N. hefur því ekki borið fram neina brtt. um þennan kafla laganna og telur rétt að sjá, hvernig þetta reynist í framkvæmdinni.

Þá er 12. brtt., við 28. gr., en þar kemur „skráningarstjóri" í stað „skráningarstjóri ríkisins". Það er af þeirri einföldu ástæðu, að ekki er til og verður enginn skráningarstjóri ríkisins, vegna þess að þessu atriði var breytt í frv. um skráningu hlutafélaga.

Þá er 13. brtt., við 133. gr. Hér er um að ræða sérstök skráningargjöld o. fl. Hér er nú í raun og veru mjög einkennilegt nýmæli í skattheimtu, þar sem farið er inn á þá braut að leggja til, að fyrir munnlegar skýrslur skráningarstjóra um einstakt hlutafélag skuli greiða 20 kr. M. ö. o., ef maður hringir til skráningarstjóra eða talar við hann, þá má hann ekki opna munninn til að svara, nema honum séu greiddar 20 kr. fyrir. Okkur þykir heldur langt gengið í slíkri skattheimtu. Einnig vill n. fella niður tvo aðra liði, þ. e. 1. og 2. tölul. 1. tölul. er um gjald fyrir rannsókn og staðfestingu stofnskjala, 200 kr., og 2. tölul. fyrir staðfestingu útboðsskrár, þegar hlutafé er hækkað, 100 kr. Nefndinni þykir ekki ástæða til, að menn borgi þetta til viðbótar þeim skatti, sem þeir eiga að borga fyrir að skrá hlutafélagið, en meiri hl. n. féllst þó á að hækka þær 500 kr. fyrir skráningu nýs hlutafélags, sem lagt er til í frv., upp í 600 kr., og er það 13. till., að 500 kr. hækki upp í 600 kr., en 1. og 2. töluliður falli burt og eins krafan um gjald fyrir munnlegar upplýsingar.

Að lokum skal ég taka þetta fram til þess að skýra ákvæði 75. gr. laganna: Greinin hljóðar svo:

„Félagsstjórn er óheimilt, nema að fengnu samþykki hluthafafundar, að kaupa eða selja fasteignir, skip og önnur atvinnutæki eða verðmæti, ef eignir þessar eru notaðar eða á að nota í rekstri félagsins og mega teljast þýðingarmiklar í því sambandi."

Í athugasemdum frv. er skýrt frá því, að talið sé nauðsynlegt að hafa slíka kvöð, að félagsstjórnir geti ekki ráðstafað fasteignum og öðrum mikilsvarðandi atvinnutækjum félaganna. Nú er það hins vegar vitanlegt, að samkv. hlutafélagalögum er undir flestum kringumstæðum heimilt fyrir stjórnina að ráðstafa slíkum eignum. Við skulum taka félag eins og Eimskipafélagið, sem hefur selt sín skip án þess að bera það í hvert skipti undir félagsfund, enda væri í raun og veru ógerningur fyrir félagið að ná saman löglegum félagsfundi nema með löngum fyrirvara. Nefndin telur rétt að skýra frá, hvernig hún lítur á

framkvæmd þessarar greinar. Hún lítur svo á, að hægt sé að setja í samþykktir félaga á löglegum hluthafafundi heimild fyrir félagsstjórnina til að kaupa eða selja fasteignir, skip og önnur atvinnutæki, þannig að ekki sé nauðsynlegt fyrir félagsstjórnina að afla slíkrar heimildar í hvert skipti, ef hluthafar vilja hafa þann hátt á. Vegna þessa skilnings hefur n. ekki borið fram brtt., en henni er ljóst, að það getur reynzt nokkuð stirt í vöfunum og jafnvel óframkvæmanlegt hjá sumum félögum að ná saman löglegum hluthafafundi á skömmum tíma til þess að fá heimild til að selja skip eða fasteign, sem félaginu er eðlilegt og kannske undir mörgum kringumstæðum nauðsynlegt að selja. Það má segja, að þessi kvöð sé ekki á neinn hátt nauðsynleg, en hins vegar gerir hún mönnum ekki sérstaka erfiðleika, ef þessi skilningur nefndarinnar er lagður til grundvallar fyrir greininni.

Ég skal taka fram að síðustu, að það hefði verið rétt að breyta 26. gr. í samræmi við breyt. á 5. gr., en verði sú breyt. samþykkt, breyt. á 5. gr., þá verður 26. gr. að sjálfsögðu að breytast í samræmi við það.

Eggert Þorsteinsson: Herra forseti. Þegar frv. það um hlutafélög, sem hér er til 2. umr., var rætt í allshn., komu fram ýmsar brtt. við frv., þ. á m. sú að fækka stofnendum hlutafélaga frá því, sem frv. gerði upphaflega ráð fyrir, úr 7 í 5, og hlaut hún meirihlutafylgi í nefndinni, 3 atkv. gegn 2. Ég og hv. þm. Dal. vorum andvígir þessari breyt., eins og segir á þskj. 298. Því, að ég var andvígur þessari fækkun stofnenda, vildi ég færa nokkru frekari orð að.

Það er álit mitt, að sú aukning stofnenda, sem frv. gerir ráð fyrir og hefur að beztu manna yfirsýn verið talin rétt, muni torvelda stofnun hlutafélaga um raunveruleg einkafyrirtæki einungis til þess að njóta þeirra friðinda um skattaálögur og varasjóðstillag, sem þau hafa umfram einkafyrirtæki. Það er vitað, að fjöldi slíkra fyrirtækja er nú rekinn á þennan hátt, og er að sjálfsögðu talið óeðlilegt og óréttlátt. Hæstv. ríkisstj. fól hæstaréttardómurunum Árna Tryggvasyni og Þórði Eyjólfssyni að endurskoða núgildandi lög um þetta efni 13. maí 1948 og gera till. um breytta löggjöf, og niðurstöður þeirra eru það frv., sem nú liggur hér fyrir hv. þd. Varðandi þá breytingu, sem hér um ræðir, að auka stofnendafjöldann, segja þeir í athugasemdum sínum orðrétt á þessa leið, með leyfi forseta:

„Með hlutafélagaformi er ætlazt til, að hagnýtt sé talsvert fjármagn frá mörgum aðilum. Stofnendur bera ríka ábyrgð, bæði gagnvart hinu opinbera og viðskiptamönnum, og er þá heppilegra, að þeir séu fleiri en færri. Auk þess er hagkvæmt, að þeir hafi sem mest aðhald hver af öðrum, og þá ekki hvað sízt, þegar svo er háttað, að einn fjársterkur aðili hefur sérstaka aðstöðu til yfirráða. Af þessum ástæðum þykir tala stofnenda ekki mega vera lægri en sjö."

Það verður að álíta, að ríkisstj. hafi vandað val manna til undirbúnings þessu máli, enda er það álit flestra þeirra, sem kunnugastir eru þessum málum, að frv. sem heild sé til mikilla bóta frá eldri lögum, en með því að fækka á ný tölu stofnenda er stigið spor aftur á bak. Þess vegna legg ég til, að brtt. meiri hl. um þetta atriði verði felldar og hið upphaflega ákvæði frv. um þetta efni verði samþykkt.

Jafnframt samþ. n. einnig að breyta síðari málsl. fyrri málsgr. 5. gr., sem hljóðar svo í frv.: „Við ákvörðun þeirrar tölu teljast hjón einn aðili, nema hvort um sig leggi til hlutafé af séreign sinni." Talið er ósanngjarnt að krefjast þinglýstrar séreignar konu til framlags í viðkomandi hlutafélagi. Ég gerði ekki sérstakan ágreining í n. um þetta atriði, en tel hins vegar, að hér sé einnig stefnt í öfuga átt, að sama marki og hin fyrri breyting um lækkun stofnendafjöldans, og þar með sé gert mun auðveldara fyrir fjársterka einstaklinga að mynda hlutafélög með fjölskyldu sinni um raunveruleg einkafyrirtæki. — Flestar aðrar brtt., er samþ. voru í n., eru hins vegar að mínu áliti til bóta.

Ég tel, að með þessum fáu orðum mínum hafi ég gert nokkra grein fyrir sérstöðu minni og í hverju hún felst, en að sjálfsögðu mun ég gera frekari grein fyrir því, ef tilefni gefst.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að gera þetta frv. í heild að umræðuefni í þetta skipti. Þetta er, eins og tekið hefur verið fram, ákaflega mikill lagabálkur, og ég hef nú ekki sett mig svo vel inn í hann allan, að ég treysti mér til þess að svo stöddu, en það er eitt sérstakt atriði, sem ég vildi ræða og vildi beina til hv. n., hvort hún vildi ekki taka betur til athugunar.

Í 4. gr. laganna er sú breyting gerð frá því, sem verið hefur, að einstakar stofnanir, félög og aðrir ópersónulegir aðilar fá rétt til þess að vera stofnendur hlutafélaga, sem ekki hefur verið hingað til. Mér sýnist, að þessi viðurkenning, sem stefnt er að með þessari breytingu á hlutafélagalögunum, miði að því að staðfesta þá venju, sem orðin er, að ópersónulegir aðilar, bæjarfélög, samvinnufélög og önnur slík, geti orðið stofnendur og þar með aðalmenn eða aðalstofnar í viðkomandi fyrirtæki. Raunverulega hefur þetta verið þannig hingað til, að þetta hefur verið hálfgert vandræðaástand. Ef einhverjar slíkar stofnanir hafa viljað hafa eitthvað af sínum rekstri í hlutafélagsformi, þá hefur orðið að fara alls konar krókaleiðir til þess, og ég fæ ekki betur skilið en að löggjafinn með þessari breyt. á 4. gr., sem samkomulag er um, bæði hjá hv. allshn. og ríkisstj., stefni að því að lögleiða og viðurkenna þetta fyrirkomulag, þannig að það sé rétt, að hlutafélagsformið sé opnað, líka samkvæmt lögunum, alveg að fullu fyrir þessum aðferðum, sem tíðkazt hafa undanfarið, að bæði bæjarfélög, samvinnufélög og önnur slík hafa myndað svona hlutafélög um sinn rekstur. En í sambandi við það álít ég, að það ætti að athuga, hvort ekki bæri að gera breyt. á 60. gr. Í 60. gr. er ákveðið, eins og verið hefur hingað til, eða þau ákvæði látin standa, að

enginn getur á hluthafafundi farið með fyrir sjálfs sín hönd og annarra meira en ⅕ hluta samanlagðra atkvæða í félaginu. Þetta ákvæði er beinlínis hugsað og upphaflega sett inn í lög til þess að koma í veg fyrir, að af svo og svo mörgum einstaklingum, sem eru hluthafar í félagi, geti einstaklingur haft öll völd gagnvart hinum. Og hvað einstaklinga snertir er þetta eðlilegt og sjálfsagt ákvæði. Hins vegar verð ég að segja það, að mér finnst, að það gegni allt öðru máli, þegar um er að ræða bæjarfélög, samvinnufélög eða önnur slík, sem álíta af einhverjum ástæðum eðlilegt að hafa ákveðinn rekstur, sem þau hafa með höndum, í hlutafélagsformi.

Við skulum taka sem dæmi bæjarfélög. Það hefur t. d. tíðkazt þó nokkuð nú upp á síðkastið, að bæjarfélög hafa stofnsett bæjarútgerðir, að bæjarfélög hafa reynt að leggja fram jafnvel 40—50% af hlutafé í slíkar bæjarútgerðir. Bæjarfélagið er þá undir þessum kringumstæðum fulltrúi fyrir mörg þúsund einstaklinga, og það er fé mörg þúsund einstaklinga, sem bærinn er þarna að leggja fram. Er nú ekki eðlilegt og sanngjarnt og raunverulega sjálfsagt, að bæjarfélagið sem fulltrúi þessara mörg þúsund einstaklinga, sem það leggur fé fram fyrir, sé undanþegið slíkum ákvæðum eins og þeim, að það geti ekki farið með meira en ⅕ hluta samanlagðra atkvæða í félaginu? Þetta virðist vera alveg óeðlilegt, og sannleikurinn er, að það er viðbúið, ef þetta ákvæði er látið haldast áfram, að þá fari bæjarfélögin á landinu að grípa til alls konar hálfleiðinlegra ráðstafana til þess að geta gert sinn rétt gildandi hvað þetta snertir. Við vitum, að nýlega hefur fallið dómur t. d. út af hlutafjáreign Akureyrarbæjar í bæjarútgerðinni þar, í hlutafélaginu, sem um hana er, og byggðist á því, að bæjarstjórnin hafði skipt á milli hafnarsjóðs og bæjarsjóðs hlutafénu og það var álitið, að það væri einn og sami aðilinn. Auðvitað er enginn vandi út af fyrir sig að fara í kringum svona hluti fyrir eitt bæjarfélag. Það er náttúrlega eins hægt fyrir eitt bæjarfélag að skapa sér leppa eins og aðra aðila, en þá er ástandið orðið ákaflega leiðinlegt, ef bæjarfélög yrðu að fara að afhenda formlega og gera kannske samninga við einstaklinga til þess að geta átt og ráðið yfir eigin hlutabréfum og haft áhrif í samræmi við þau í hlutafélögum. Ég álít þess vegna, að fyrst við á annað borð göngum inn á það sem form, að þessar stofnanir geti verið stofnendur og aðalaðilar í hlutafélögum, þá beri okkur að breyta þessari grein hvað snertir slíkar stofnanir eins og t. d. bæjarfélögin, og ég álít, að ef það ástand, sem nú er, verður látið haldast, þá leiði það til leiðindaklúðurs í þessum efnum, eða þá, ef ekki væri hægt að leppa þetta á einhvern hátt, þá mundi það leiða til mjög ósanngjarnrar meðferðar á hlutafé flestra einstaklinganna, því að bærinn er, þegar svona er, venjulega einmitt fulltrúinn fyrir langflesta einstaklingana, sem í slíkum félögum eru.

Í öðru lagi skulum við taka sem dæmi samvinnufélögin. Við vitum t. d., að ýmis samvinnufélög á landinu og þeirra aðalsamband, Samband ísl. samvinnufélaga, hafa þó nokkuð haft þann hátt á að hafa hlutafélög um sumt af sínum atvinnurekstri, og ég býst við, að það hafi verið gert af ástæðum, sem geri það að öllu leyti hagfelldara fyrir þessi félög að hafa þetta sem hlutafélagsrekstur. En eftir því sem ég þekki til í þessum félögum, en það er að vísu ekki mikið, þá er ekki meiningin hjá samvinnufélögunum, að einstaklingar, sem í þessum hlutafélögum eru, séu neinir raunverulegir eigendur eða eigi að vera neinir sérstakir ráðamenn í þessu efni. Venjan er, að samvinnufélagið sem slíkt á svo að segja öll hlutabréfin. Er það nú eðlilegt fyrirkomulag í svona hlutafélögum, að við skulum segja eitt samvinnufélag eða samvinnusamband á máske 99% af hlutafénu og svo eru hafðir kannske fjórir eða fimm einstaklingar eins og hálfgerðir leppar, kannske einhverjir starfsmenn þess sambands, og eftir formi laganna eru það þessir menn, sem ráða á hverjum einasta hluthafafundi, ráða því, hvað gert er, ráða eignunum, vegna þess að sjálft getur t. d. Samband ísl. samvinnufélaga undir engum kringumstæðum farið með fleiri atkvæði en ⅕ hluta? Við skulum bara hugsa okkur eitt hugsanlegt júridiskt dæmi, — það hefur komið fyrir í samtökum hér eins og fulltrúaráði verkalýðsfélaga eða slíku, — við skulum hugsa okkur, að samband eins og Samband ísl. samvinnufélaga klofni á einhvern hátt, það séu þar uppi háværar deilur og sambandið klofni á aðalfundi og það standi í alls konar málarekstri út af slíku. Hvernig er þá um svona hlutafélög? Sannleikurinn er, að ef það eru nokkuð jafnir partar í svona sambandi, sem hafa sinn hvora skoðunina, þá hafa kannske fjórir starfsmenn möguleika á svona millibils- og óstjórnarástandi að gera það, sem þeim þóknast í sambandi við svona hlutafélag, í skjóli hlutafélagalaganna, a. m. k. getur alls konar ringulreið af því stafað.

Ég álít, að fyrst á annað borð er heimilað og jafnvel gengið út frá því í þessum lögum að ganga lengra en áður hefur verið gert, að leyfa stofnunum, bæjarfélögum, samvinnufélögum og öðrum slíkum heildum einstaklinga, að hafa hlutafélagsformið, þá sé rétt að taka tillit til þess í 60. gr. laganna. Og ég vil benda á, að þegar ríkið, þegar Alþingi sem fulltrúi allrar þjóðarinnar, flestra einstaklinga í landinu, setur hlutafélagalög, þar sem það er sjálft með, þá undanþiggur ríkið sjálft sig þessum ákvæðum. Þegar Útvegsbanki Íslands h/f er stofnaður, þá setur Alþingi þar inn í ákvæði, að eignir ríkisins þar í skuli undanþegnar öllum þessum ákvæðum hlutafélagalaganna. Þegar rekstrarfélagið Áburðarverksmiðjan er stofnsett, þá er sett þar inn í ákvæði, sem undanþiggur hlutafé ríkisins þessum ákvæðum laganna, og mér skilst, að ríkið geri þetta út

frá því sjónarmiði, að það áliti, að það sem fulltrúi margra einstaklinga eigi að hafa þarna annan rétt en einstakir hluthafar. En þann rétt, sem ríkið ætlar sjálfu sér, á það líka að gefa fjölmennum bæjarfélögum, stórum samvinnusamtökum eða öðrum slíkum fulltrúum fjölmargra einstaklinga. Ég held þess vegna, að það væri mjög æskilegt, að hv. allshn. vildi athuga það mál, hvort ekki væri rétt að breyta þessu ákvæði í 60. gr. eitthvað á þá leið, að ef stofnanir eins og ríkið, bæjarfélög, samvinnufélög eða önnur slík eru stofnendur og meðlimir svona hlutafélaga, þá skuli þessi ákvæði um ⅛ samanlagðra atkvæða ekki gilda viðvíkjandi þeirra hlutafjáreign. Ég held, að ef við ætlum að halda hlutafélagsforminu eins víðtæku og hefur þótt hentugt að hafa það undanfarið og ef þessi að mörgu leyti mjög merkilega framkvæmd á bæjarrekstri og einstaklings- og samvinnurekstri, sem framkvæmd hefur verið í formi hlutafélaganna, á ekki að leiða til neins klúðurs og vandræða og að farið sé í kringum lögin eða þá að stærstu aðilunum þarna í sé gert órétt, þá sé nauðsyn á að breyta þessu. Ég hef ekki útbúið neina brtt. viðvíkjandi þessu, en vildi aðeins koma þessu máli hér til umræðu, því að mér finnst ákaflega margt mæla með því, að þessi breyt. væri gerð.

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Hv. 7. landsk., sem er í allshn. og hefur fjallað um frv. þetta, var því andvígur, að lækkuð væri stofnendatala félaganna frá því, sem lagt er til í frv. Sagði hann nú við þessa umr., að með þessu væri stigið spor aftur á bak. Mér finnst nokkuð djúpt tekið í árinni hjá honum hvað það snertir, því að engin reynsla er fengin fyrir því, að nokkur nauðsyn sé til, að sjö menn séu stofnendur í hlutafélagi, eða það gefi meiri tryggingu en að fimm menn séu stofnendur, því að í fámenninu hér er einmitt hlutafélagaformið notað sem hið algengasta atvinnurekstrarform. Og hvers vegna skyldum við þá vera að reyna að gera mönnum torveldara að hafa atvinnureksturinn í þessu formi heldur en að fara að knýja þá inn í annað form, sem ekki hentar þeim og mundi verða þess valdandi, að færri atvinnufyrirtæki risu upp en ella? Þó að till. komi frá tveimur hæstaréttardómurum, sem ég met mjög mikils og tel að hafi unnið mikið og gott verk með samningu þessa frv., þá vil ég ekki viðurkenna, að þeir séu hæfastir til að dæma um þetta atriði, hvort okkur sé nauðsyn að hafa sjö menn hið fæsta sem stofnendur að hlutafélagi eða fimm. Ég tek ekki síður mark á manni eins og borgarfógetanum í Reykjavík, sem hefur miklu meiri reynslu í þessum efnum heldur en hæstaréttardómararnir. Og hann er á gersamlega öndverðum meið við þá í þessu máli. Ég geri ráð fyrir því, að hávaði manna, sem nokkur skipti hafa af þessum lögum og nokkuð hafa um þau hugsað, sé á þeirri skoðun, að ekki beri að knýja það fram að hafa stofnendurna fleiri en þeir eru nú. Það sýnir m. a. þróunin í löndunum í kringum okkur. Þau hafa talið nauðsynlegt að greiða fyrir stofnun slíkra félaga með því að heimila mönnum að hafa jafnvel tvo eða þrjá stofnendur og telja það alveg fullnægjandi. Það eru tvö lönd af þeim, sem ég taldi upp, England og Frakkland, sem hafa sett í sín lög að hafa sjö stofnendur. Öll hin löndin, sem ég taldi upp, eru með færri stofnendur.

Út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. gat um, þá er ég honum sammála um, að það er mjög eðlilegt, að ópersónulegir aðilar geti orðið stofnendur hlutafélaga. Samkv. gildandi lögum geta þeir ekki verið stofnendur, en þeir geta orðið hluthafar. Ég tel, að þetta sé sjálfsögð breyting og að reynslan sýni, að engin ástæða er til að halda ópersónulegum aðilum utan félaganna sem stofnendum, ef þeir á annað borð mega vera hluthafar. En í kaflanum um samstæðu hlutafélaga er það formlega heimilað í raun og veru, að ópersónulegir aðilar eða hlutafélög geti eignazt meiri hluta í öðrum hlutafélögum. En ég er nú smeykur um, ef till. hv. 2. þm. Reykv. gengi fram um það, að opinberir aðilar, t. d. bæjarfélög, fengju annan rétt en aðrir hluthafar í hlutafélögum, þá mundi mörgum öðrum hluthöfum félaganna þykja verða þröngt fyrir dyrum. Ef bæjarfélögum, sem eignast hluti í hlutafélögum, er veittur slíkur réttur, þá er auðvitað ekki hægt að synja um slíkan rétt þeim félögum, sem fjallað er um í kaflanum um samstæðu hlutafélaga. Þá væri það að sjálfsögðu eðlilegt, þegar félag hefur eignazt meiri hl. í einu félagi, að það geti farið með meira en 20% af atkvæðamagninu. Segja má, að rétt sé, að þegar einhver aðili, hvort sem það er opinber aðili eða einkaaðili, hefur eignazt yfirráð í félagi, þá megi hann fara með atkvæði í félaginu sem svarar til hans hlutaeignar. En hér er hið opinbera að vernda rétt minni hlutans. Og ég hygg, að það sé ekki síður nauðsynlegt að vernda rétt minni hlutans gagnvart bæjarfélögunum, ef þau eru hluthafar í slíkum félögum, heldur en gagnvart einkaaðilum. En ég skal ekki fara lengra út í þetta að sinni. Um þetta má að sjálfsögðu ræða og gera sér grein fyrir, hvernig verkanir þetta hefur, en það þarf þá líka um leið að gera sér grein fyrir því, hvernig séð verður fyrir hagsmunum minni hlutanna í félögunum.

Eggert Þorsteinsson: Herra forseti. Mig og hv. 3. þm. Reykv. greinir á um það, hvorum á að treysta betur í sambandi við tölu stofnenda hlutafélaga, borgarfógetanum í Reykjavík eða hæstaréttardómurunum, sem hæstv. ríkisstj. hefur falið að semja drög að þeim lögum, sem hér liggja fyrir til umr.

Ég get að sjálfsögðu ekki fremur en hann skorið úr um það, hvorum þessara manna sé betur treystandi til að fara hér með það rétta.

Reynsla hinna nýju laga verður að sjálfsögðu að skera úr um það. En eins og ég sagði í n. og hv. 3. þm. Reykv. er vel kunnugt um, þá taldi ég þau rök, sem hæstaréttardómararnir færa fyrir hækkun stofnendanna, svo mikilvæg, að fram hjá þeim yrði ekki gengið, það væru möguleikar á því með fimm manna stofnendafjölda að reka raunverulegt einkafyrirtæki í skjóli hlutafélags, eins og þeir benda skilmerkilega á í sinni grg., og ég held fast við þá skoðun mína enn. Ég tel, að með því að hækka þetta, þótt ekki sé nema um tvo, eins og frv. gerir ráð fyrir, þá sé það til mikilla bóta, og vænti þess, að þingmenn verði við þeim óskum, sem hæstaréttardómararnir leggja fram og færa hin skilmerkilegustu rök fyrir. Það hafa ekki komið af hálfu hv. frsm. og formanns n., 3. þm. Reykv., þau gagnrök gegn rökum hæstaréttardómaranna, að það geti á nokkurn hátt hafa verið hrakin þeirra rök. Ég held því enn þá, eins og ég sagði í upphafi, fast við þá skoðun mína, að hæstaréttardómararnir og smiðir þessa frv. hafi hér mun sterkari rök fyrir sínu máli heldur en færð hafa verið fyrir lækkun stofnendafjöldans í fimm.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 49. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Nd., 19. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 298,1 felld með 14:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BÓ, EI, HÁ, IngJ, JPálm, JR, MJ, PO, SÁ, SB.
nei: SG, SkG, StgrSt, ÁB, BergS, EggÞ, EirÞ, EmJ, EystJ, GilsG, GÞG, HV, BFB, PÞ.
11 þm. (EOl, GíslG, GJóh, GTh, JóhH, JS, JörB, KGuðj, KJJ, LJós, ÓTh) fjarstaddir.
5.—8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 298,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
10.—25. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
26.—34. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
35.—38. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
39.—46. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
47.—51. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
52.—53. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 298,3 samþ. með 18:2 atkv.
54. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 298,4 samþ. með 17:3 atkv.
55. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 298,5 samþ. með 19 shlj. atkv.
56. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
57. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 298,6 tekin aftur.
58.—69. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
70.—82. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
83. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 298,7 samþ. með 20 shlj. atkv.
84. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
85.—88. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 298,8 samþ. með 16:4 atkv.
89. gr., svo breytt, samþ. með 19:1 atkv.
90.—92. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 298,9 samþ. með 19 shlj. atkv.
93. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
94.—100. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
101. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 298,10 tekin aftur.
102.—120. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 298,11 samþ. með 18 shlj. atkv.
121. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
122.—127. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 298,12 samþ. með 22 shlj. atkv.
128. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
129.—132. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 298,13.a felld með 12:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngJ, JPálm, JR, LJós, MJ, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SB.
nei: SG, SkG, StgrSt, ÁB, BergS, EggÞ, EirÞ, GilsG, GÞG, HÁ, HV, BFB.
EI, EystJ greiddu ekki atkv.
11 þm. (BÓ, EOl, EmJ, GíslG, GJóh, GTh, JóhH, JS, JörB, KGuðj, KJJ) fjarstaddir.
Brtt. 298,13.b felld með 15:4 atkv.
— 298,13.c samþ. með 24 shlj. atkv.
133. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
134.—143. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
144.—150. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 298,14 samþ. með 23 shlj. atkv.
151. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
152.—155. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 389).

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Hv. d. hefur samþ. þær till., sem allshn. lagði fram við frv. þetta, að undanteknu einu atriði, þar sem d. hefur gengið gegn till. n., en það er, að vera skuli 7 menn hið fæsta sem stofnendur að hlutafélagi í stað fimm.

Ég tel nú þetta mjög illa farið af þeirri einföldu ástæðu, að hlutafélagsformið er hið handhægasta og kannske það eina form fyrir atvinnurekstri, sem nú er hægt að nota í þessu landi. Einstaklingsatvinnureksturinn er að gefast upp af þeirri einföldu ástæðu, að skattarnir ganga of nærri honum. Og þegar svo er búið að einstaklingsrekstrinum eða einstaklingunum, að þeir geta ekki haft neinn rekstur á hendi nema sem einyrkjar, ef svo mætti segja, þá fer að verða erfitt fyrir atvinnureksturinn í landinu að starfa, ef svo á að gera honum eins erfitt og hægt er með það form, sem hann neyðist til þess að hverfa í. Ég geri

ráð fyrir því, að margir hv. þm. viti, að það er fjöldi manna, er fást við alls konar atvinnurekstur í þessu landi, sem vildi helzt hafa þann atvinnurekstur sem einstaklingsrekstur, en ekki í formi hlutafélaga, standa ábyrgur fyrir sínum rekstri og þurfa ekki að leita til annarra til þess að fá það form fyrir rekstrinum, sem hentar bezt. En af því, hversu skattarnir ganga nærri þessum mönnum, og ekki hefur fengizt breyting í þá átt að veita þeim slík hlunnindi, að þeir gætu rekið sína atvinnu, þá hafa þeir neyðzt til í mjög vaxandi mæli að fara inn í þetta form, sem löggjafinn hefur nú heimilað mönnum að hafa á atvinnu sinni. Þess vegna segi ég: Það á ekki að gera mönnum erfiðara en nauðsyn krefur að nota þetta form. Það er mesti misskilningur í sjálfu sér, að ákvæðið um 7 stofnendur hindri menn í að stofna fjölskylduhlutafélög, eins og það er kallað. Mönnum er innan handar að stofna félög með sinni fjölskyldu, jafnvel þó að þátttakendur eigi að vera sjö. En það á ekki að hindra menn í því að geta stofnað smáfélög með fjölskyldu sinni, ef þeim býður svo við að horfa. Og ef menn halda, að þeir geti gert hinum ríku erfitt fyrir að stofna félög með því að hafa sjö menn sem stofnendur, þá er það mjög mikill misskilningur. Þeir ríku geta stofnað sín félög, þó að það væru 20 menn, sem þeim væri sagt að hafa sem stofnendur í félaginu; þetta hindrar þá ekki á neinn hátt. Þetta hindrar aðeins eðlilegt form. Það er til t. d. í Englandi tvenns konar form fyrir hlutafélög. Það er form fyrir opinber hlutafélög, og það er form fyrir einkafélög, sem ætlazt er til að menn geti stofnað með fjölskyldu sinni. Hin félögin, sem allur almenningur tekur þátt í, eru háð öðrum reglum, sem við er að búast, því að þar þarf hið opinbera að vernda almenning, er leggur smáupphæðir í félögin til þess að fá hagnað eða vexti af fé sínu.

Hv. 3. landsk., sem er ritstjóri Alþýðublaðsins, hefur slegið því upp með stórri fyrirsögn í blaði sínu, að þetta sé mikill ósigur fyrir mig, að gengið var gegn till. n. og samþ. að hafa sjö menn í staðinn fyrir fimm. Þetta er mjög mikill misskilningur hjá hv. þm. Það er ekki ósigur fyrir mig, og það er ekki ósigur fyrir meiri hl. n., en það er ósigur fyrir heilbrigða skynsemi. En hv. þm. á stundum í höggi við þann andstæðing, og sem betur fer ber hann sjaldan sigur af hólmi í þeirra viðskiptum.

Síðan frv. fór til 2. umr., hefur komið erindi með till. um ýmsar breytingar á lögunum frá fjórum félagasamtökum; þ. e. frá Félagi ísl. iðnrekenda, frá Sambandi smásöluverzlana, frá Verzlunarráði Íslands og frá Vinnuveitendasambandi Íslands. Ég vildi nú fara fram á við hæstv. forseta, að þessari umr. yrði frestað og n. fengi tíma til þess að athuga till., sem þessi félagasamtök hafa lagt fram, ef henni þætti eitthvað í þeim vera, sem nauðsynlegt þætti að taka inn í lögin, og fengi n. þá tækifæri til þess að bera fram um það brtt.

Umr. frestað.

Á 63. fundi í Nd., 18. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 389, frhn. 470).

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Allshn. neðri deildar hefur á ný tekið til athugunar frv. til l. um hlutafélög með tilliti til þeirra tillagna, sem komu fyrir nokkru frá fjórum félagasamböndum hér í Reykjavík, en þau eru: Verzlunarráð Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Félag ísl. iðnrekenda og Samband smásöluverzlana. Að þessari athugun lokinni hefur n. sent frá sér framhaldsnál. á þskj. 470. Ég skal með fáum orðum skýra þær brtt., sem n. leggur til að samþ. verði.

1. brtt. er við 26. gr., og er lagt til, að fyrri málsl. orðist svo: „Í hlutafélagi skulu jafnan vera sjö skráðir hluthafar hið fæsta, er fullnægi ákvæðum 4. gr.“ — Þessi brtt. er til komin vegna þess, að í lögunum er gert ráð fyrir, að hægt sé að hafa nafnskráð og ónafnskráð hlutabréf í félögunum. En þeir menn, sem eiga ónafnskráð bréf, hafa ekki réttindi í félögunum til stjórnarkosninga og annarra slíkra ráðstafana, en hafa hins vegar fjárhagsfríðindi sem aðrir hluthafar. Nú er það svo, ef öll bréf í hlutafélagi væru ónafnskráð, þá væri hlutafélagið óstarfhæft. Þess vegna þarf að setja einhverjar skorður við því, að félag verði óstarfhæft, þó að þessi hvor tveggja heimild sé til í lögunum. Þetta atriði var borið undir hæstaréttardómarana, sem frv. sömdu, og lögðu þeir til, að þessi breyt. yrði gerð á 26. gr., sem hér um ræðir, þar sem tekið er fram, að það skuli vera sjö skráðir hluthafar í hverju félagi hið fæsta.

2. brtt. er við 41. gr., 1. málsl. 1. málsgr. orðist svo: „Ef hluthafar geta eigi komið sér saman um skiptingu hinna nýju hluta, skal áskrift gerð á áskriftarlista.“ En í frv. stendur: „Ef hluthafar hafa eigi komið sér saman um skiptingu allra hinna nýju hluta sín á milli, skal gerð áskrift á áskriftarlista.“

Þessi ábending kom frá áður nefndum félögum, sem vildu skilja þetta ákvæði þannig, að ef hluthafarnir kæmu sér ekki saman um að skipta hlutabréfunum sín á milli, þá skyldi áskrift gerð á áskriftarlista. En n. þótti betur fara á því, að hluthafarnir fengju heimild til þess að skipta hlutunum, hvort sem það væri á milli þeirra sjálfra eða annarra, sem þeir sjálfir kæmu sér saman um. Hygg ég, að það sé réttari og skynsamlegri aðferð.

3. brtt. er við 56. gr. Hún gengur út á það, að stjórnum félaga sé gefinn nokkur frestur til þess að boða til fundar, ef skráningarstjóra þykir ástæða til þess að ýta undir, að aðalfundur sé haldinn í félagi. Er þá lagt til, að hann gefi stjórnendum eins mánaðar frest til þess að inna þessa skyldu af hendi, en ef þeir verða

ekki við þeirri málaleitun skráningarstjóra, þá geti hann séð um að kalla saman fund.

4. brtt. er við 72. gr. Hún hljóðar svo í frv.: „Ef félagsfundur hefur ekki ákveðið, hver vera skuli formaður félagsstjórnar, kjósa stjórnendur hann úr sínum hópi. Formaður má hvorki vera framkvæmdastjóri né starfsmaður félagsins." Síðasta málsgr. greinarinnar leggur n. til að verði felld niður, þar sem lagt er bann við, að formaður megi vera framkvæmdastjóri eða starfsmaður félagsins. Þetta ákvæði mundi valda miklum óþægindum hér, þar sem flest hlutafélög eru smáhlutafélög, og ég get trúað, að í yfirgnæfandi hluta þeirra sé framkvæmdastjóri og formaður sama persónan, enda verður að telja, að í slíkum smáfélögum sem hér eru sé eðlilegt, að slíkur háttur sé á hafður. Hins vegar mun það vera undantekning, ef í stærri félögum er formaður jafnframt framkvæmdastjóri.

5. brtt. er við 76. gr., 1. málsgr., sem hljóðar þannig: „Félagsstjórn ræður framkvæmdastjóra í samræmi við ákvæði félagssamþykkta. Ráða má fleiri en einn framkvæmdastjóra, ef telja verður einum manni ofvaxið að rækja starfið." — Nefndin telur ekki rétt, að lagt sé á vald skráningarstjóra, hvort félag hefur einn eða fleiri framkvæmdastjóra. En ef gr. hljóðaði eins og hún er nú í frv., þá væri full ástæða til þess að ætla, að skráningarstjóri hefði fulla heimild til þess að blanda sér í slík mál, þó að vafasamt mætti telja, að hann hefði fulla þekkingu á því að meta, hvort félag ætti að hafa einn eða fleiri framkvæmdastjóra.

6. og síðasta brtt. er um að veita þeim félögum, sem eiga eigin hlutabréf, hæfilegan frest til þess að koma þessum bréfum af höndum sér til þess að fullnægja ákvæðum 27. gr., en hún er um það, að hlutafélög megi ekki eiga eigin hlutabréf.

N. hefur ekki fleiri athugasemdir að gera við frv. Hins vegar er henni ljóst, að frv. sem þetta er mjög margþætt og það er miklum vandkvæðum háð að ganga svo frá frv., að ekki sé neitt, sem út á það má setja. Og ég verð að segja það, að það er mikið athugunarmál, sem lagt hefur verið til af áður greindum félagaheildum, að hafa hlutafélögin í tvenns konar formi, þ. e. a. s. sérstakar reglur fyrir lítil félög og sérstakar reglur fyrir stærri félög. Til þess að athuga slíkt efni frekar en orðið er mundi að sjálfsögðu ekki vera tími nú á þinginu, ef þetta frv. ætti fram að ganga. En eins og nú er komið telur n. rétt, að d. afgreiði frv. frá sér.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það var eitt atriði, sem ég hafði minnzt á hér við 2. umr. þessa máls og beðið þá hv. n., sem þetta mál hefur til meðferðar, allshrn., að athuga, hvort hún gæti í sambandi við sína athugun á frv. frekar á milli umræðna tekið nokkurt tillit til. Það var um breyt. á 6. gr. laganna, þar sem svo mælir fyrir, að enginn geti á hluthafafundi farið með fyrir sjálfs sín hönd og annarra meira en ⅛ hluta samanlagðra atkvæða í félaginu.

Ég benti á, að með þessum lögum væru gerðar nokkrar prinsipialar breytingar á hlutafélögunum, þannig að það væri gengið út frá því í 4. gr., að ekki aðeins einstaklingar, heldur líka félög, stofnanir og aðrir ópersónulegir aðilar, gætu orðið stofnendur hlutafélaga. Þetta hefur ekki verið hingað til. Með þessu er sem sé í sjálfri löggjöfinni verið að ganga út frá því að veita þessum aðilum meiri rétt en verið hefur hingað til. Við vitum, að meira að segja þegar hið svo kallaða hlutafélag Áburðarverksmiðjan á Íslandi er stofnað, þá getur ríkið ekki verið stofnandi, þótt það með lögum stofni áburðarverksmiðjuna, heldur eru til kallaðir nokkrir menn utan úr bæ, setjast á skrifstofu úti í bæ og stofna áburðarverksmiðjuna og eru síðan tilkynntir í Lögbirtingablaðinu sem stofnendur, en ríkið sjálft ekki einu sinni sem stofnandi.

Þegar okkar hlutafélagalög voru upphaflega mynduð, voru þau vafalaust, eins og margt af okkar löggjöf, sniðin eftir þeirri löggjöf, sem tíðkast erlendis, sem sé löggjöf um hlutafélög í venjulegum kapitalistiskum löndum. Hér heima hjá okkur á Íslandi hefur hins vegar þróunin í þessum efnum orðið ákaflega ólík því, sem er í öðrum löndum, eða a. m. k. öðrum löndum, sem teljast annars hvað efnahagsgrundvöll snertir kapitalistisk. Hér á Íslandi hefur þátttaka ríkisins, bæjarfélaganna og jafnvel samvinnufélaganna í almennum atvinnurekstri og verzlun orðið miklu meiri en tíðkast í okkar nágrannalöndum. Og það er enginn efi á því, að þessi þróun er heilbrigð, að þessi þróun hefur verið lyftistöng undir atvinnuvegina á Íslandi, og aldrei hefur þó kveðið meira að einmitt þessari þróun, að bæjarfélögin, samvinnufélögin og önnur slík reyndu í samstarfi við einstaklinga að koma á nýjum atvinnugreinum, stofna ný félög til verzlunar og atvinnurekstrar, heldur en á nýsköpunartímabilinu. Þau togarafélög, sem þá voru mynduð víða úti um land til þess að gera fjöldanum öllum af bæjum mögulegt að hafa þau stóru framleiðslutæki sem togararnir eru, voru mestmegnis ýmist beinlínis bæjarútgerð eða eign hlutafélaga, sem bæjarfélagið sjálft, venjulega kaupfélagið á staðnum og einstaklingar voru sameiginlega eigendur í og hluthafar. Þetta form var mjög eðlilegt, og það var að mörgu leyti heppilegt. Og það er æskilegt að geta stutt að þessu samstarfi. Hins vegar fer svona samstarf þó nokkuð langt út fyrir það venjulega form, sem hlutafélögin hafa. Og þegar maður ætlar að viðurkenna svona samstarf hér á Íslandi, ýta undir það og stuðla að því, þá verður maður að taka tillit til þess í löggjöfinni líka. Þarna rekst hins vegar á þetta ákvæði um, að enginn megi á hluthafafundi fara með meira en ⅛ hluta sam-

anlagðra atkvæða í félaginu. Út frá hvaða sjónarmiði er þetta sett upphaflega í löggjöfina? Þetta er sett frá því sjónarmiði upphaflega í löggjöfina að hindra, að einstakur ríkur maður geti sölsað undir sig allt vald í viðkomandi hlutafélagi, þannig að þó að einhver efnaður eða auðugur maður eigi meira en ⅛ hluta hlutafjár, þá skuli hann ekki njóta þess hvað hlutafélagið snertir að eiga svo mikið. Hann fer kannske stundum í kringum það með því að skipta því niður á sína fjölskyldu eða annað slíkt, en hugsunin, sem liggur á bak við, er að hindra yfirráð einstakra, auðugra einstaklinga. Hvernig kemur þetta hins vegar út, þetta ákvæði um ⅛ hluta, að enginn megi fara með meira, þegar átt er við félög, þar sem bærinn sjálfur, samvinnufélög eða ríkið eru eigendur að máske helmingi hlutafjárins? Hvað er bæjarfélagið eða samvinnufélagið undir slíkum kringumstæðum? Bæjarfélag — við skulum taka hvort heldur væri t. d. í útgerðarfélagi Akureyrar eða hvaða öðru útgerðarfélagi úti um land sem er — er fulltrúi fyrir mörg þúsund einstaklinga, fyrir allan fjöldann í þessu hlutafélagi. Það þýðir m. ö. o., að bæjarfélagið er í þessu sambandi raunverulega mörg þúsund einstaklingar. Sama gildir um samvinnufélögin. Hvað þýðir þess vegna ákvæðið um að takmarka áhrif hlutafjárins, sem bæjarfélagið eða samvinnufélagið hefur á hendi? Það þýðir að rýra áhrif fjöldans í viðkomandi fyrirtækjum, þ. e. rýra áhrif þeirra mörgu hluthafa, sem bæjarfélagið eða samvinnufélagið raunverulega er fulltrúi fyrir, m. ö. o.: það gengur þvert á móti anda þess, sem vafalaust hefur vakað fyrir þeim, sem upprunalega settu ákvæðið um ⅛ hlutafjár inn í hlutafélagalögin. Þegar þessu ákvæði er beitt gagnvart bæjarfélögum, samvinnufélögum eða ríkinu, þá þýðir það beinlínis að draga úr og minnka áhrif fjöldans, en hjálpa til að auka áhrif þeirra einstaklinga og þá sérstaklega þeirra voldugu einstaklinga, sem þarna eiga í hlut. Þetta hefur líka sýnt sig að verka alveg í þá átt. Og þetta verður til þess meira að segja sums staðar, þar sem bæjarfélög eiga máske helminginn af hlutafé í viðkomandi fyrirtæki, að bæjarfélagið hefur alls ekki áhrif að sama skapi, sem sé fjöldinn fær alls ekki áhrif að sama skapi.

Ég álít þess vegna, að þarna eigi að gera breytingu á. Ég álít, að þessi ákvæði megi halda sér eins og þau eru, þegar um er að ræða hina einstöku hluthafa, einstaklinga, sem eiga meira en ⅛ hluta hlutafjárins, — þá sé ekki rétt að gefa þeim þetta vald, — enda vitum við, hvernig þeir fara oftast í kringum það. En ég álít, að þegar um er að ræða bæjarfélög og samvinnufélög, sem sé fjöldann allan, er sem heild leggur þarna fram hlutafé, þá eigi að undanþiggja þá undan þessu ákvæði. Ég vil þess vegna leyfa mér að bera fram brtt. þess efnis við 60. gr., að aftan við 3. málsgr. bætist þessi orð: „nema eigendur hlutabréfanna séu ríkið eða ríkisstofnanir, bæjar- eða sveitarfélög og samvinnufélög.“ Þá yrði gr. þannig í heild: Enginn getur á hlufundi farið með fyrir sjálfs sín hönd og annarra meira en ⅛ hluta samanlagðra atkvæða í félaginu, nema eigendur hlutabréfanna séu ríkið eða ríkisstofnanir, bæjar- eða sveitarfélög og samvinnufélög.

Nú má vel vera, að í sumum af þeim útgerðarfélögum, sem ég sérstaklega hef hugsað um í þessu sambandi og þegar eru til, séu ákvæði í stofnsamningi, sem séu samkomulag á milli stofnenda um einhvern annan hátt á, og að svo miklu leyti sem slíkur háttur brýtur ekki í bága við lög, getur slíkt máske haldizt. Hins vegar, að svo miklu leyti sem ný félög yrðu mynduð með þessu fyrirkomulagi sem hlutafélög, þá mundi þetta ákvæði gilda, ef þetta væri samþykkt. Og ef til vill yrði á ýmsan hátt hægt að laga þetta með góðu samkomulagi, ef lögunum yrði breytt eins og ég legg til, í þeim félögum, sem nú þegar eru starfandi.

Ég vil jafnframt benda á það, að ríkið sjálft, þegar það gerist þátttakandi í hlutafélagi, áskilur sér þann rétt, sem ég hér fer fram á að bæjarfélög og samvinnufélög hafi. Ríkið, þegar það stofnar Útvegsbanka Íslands h/f eða rekstrarfélagið um áburðarverksmiðjuna, áskilur sér með lögum, að það skuli ekki bundið af þessu ákvæði hlutafélagalaganna, að þess atkvæðisréttur og hlutabréfa ríkisins takmarkist við ⅛. M. ö. o.: Ríkið, af því að það er um leið aðilinn, sem setur lögin, undanskilur sjálft sig, þegar það tekur þátt í hlutafélögum. En um hinar smærri heildirnar á Íslandi, bæjarfélögin, er ekki hugsað í þessu efni. Það álít ég hins vegar að við eigum að gera, þegar við erum að afgreiða þetta mál.

Þá vil ég enn fremur benda á annan hlut í þessu efni, sem ég líka minntist á við 2. umr. málsins. Það er viðvíkjandi samvinnufélögunum og S. Í. S. og þeim hlutafélögum, sem forráðamönnum Sambandsins hefur þótt skynsamlegt að láta Sambandið stofna á undanförnum árum. Það er vitanlegt, að í þessum hlutafélögum, sem S. Í. S. hefur stofnað og er stærsti eigandinn í, mundi lögfræðilega séð ríkja ófremdarástand, svo framarlega sem kæmi til einhvers háttar klofnings í S. Í. S. eða innbyrðis deilna þar, þar sem væru viðriðnir þeir menn, sem nú teljast hluthafar í hlutafélögum Sambandsins til þess að fullnægja hlutafélagalögunum. Það er hreinasta vandræðaástand, þegar ástandið er þannig, að það eru fimm hluthafar eða sex, fimm af þeim eru einhverjar persónur, máske starfsmenn t. d. Sambandsins, og sjötti aðilinn, sem ekki er stofnandi, er Samband ísl. samvinnufélaga, og síðan eru það þessir hluthafar, sem raunverulega geta ráðið að svo og svo miklu leyti, ef þeir vildu það við hafa, á ýmsum hluthafafundum, og ekki sízt mundu þeir skipa stjórn slíks sambands. Þó að það geti að vísu nokkuð lagazt með þeim breytingum, sem hér yrðu

gerðar á, að aðrir en einstaklingar geti verið beinir stofnendur, þá yrði það þó ekki lagað í þeim, sem þegar hafa verið stofnuð. Við skulum segja, að klofningur væri í Sambandinu eða eitthvað slíkt, t. d., — án þess að ég sé að spá slíku eða óska slíks, — að Sjálfstfl. væri að taka meiri hluta í S. Í. S. og Framsfl. væri ekkert ánægður með það og vildi gera ýmsar breytingar. Það hefur komið fyrir, að það hafa viljað verða pólitískar breytingar á ýmsum sviðum. Við þekkjum það t. d. í sambandi við eign fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna hér í Reykjavík á alþýðuhúsunum hér. Þá þótti þeim, sem í augnablikinu höfðu völdin, skynsamlegt að breyta þeim í hlutafélög. Þá átti þetta nú að vísu að vera til þess að tryggja yfirráð Alþfl. yfir þeim, en svo sýnir sig áratug seinna, að jafnvel þó að Alþfl. vilji fara að ráða yfir slíku hlutafélagi, þá eru það raunverulega að mestu leyti einstakir menn, sem geta ráðið yfir hlutafélaginu. Ég er nú ekki að minnast á þetta með Sambandið vegna þess, að ég telji yfirvofandi hættu á því, að Sjálfstfl. taki þar meiri hluta, eða út af því, að það geti neinar breytingar þannig orðið. En ég minnist á þetta frá hinu sjónarmiðinu, að þegar lög eru sett, þá á löggjafinn að sjá fyrir þær hugsanlegar breytingar, sem gætu orðið, og þau vandræði, sem kynnu að myndast, svo framarlega sem lögin gerðu ekki ráð fyrir því. Undir svona kringumstæðum gæti ég vel hugsað mér, að það yrði hreinasti glundroði viðvíkjandi slíkum hlutafélögum, ef t. d. S. Í. S. á einhvern hátt væri að klofna eða einhver átök væru þar í, án þess að ég búist við slíku eða óski þess. Þetta er þess vegna alveg óviðunandi fyrirkomulag, að svo framarlega sem samvinnufélögum, sambandi samvinnufélaga eða slíkum þykir nauðsynlegt að hafa hlutafélagsform af einhverjum ástæðum á sínum fyrirtækjum eða fyrirtækjum, sem það tekur þátt í, þá sé það ekki að öllu leyti jafnréttháir aðili og aðrir.

Ég skal svo aftur minna á í þessu sambandi, — mér er að vísu ekki kunnugt, hvernig hlutafjárskiptingin er t. d. í Olíufélaginu, en allir vita, að Sambandið er þar stór hluthafi, og Sambandið, sem í slíku sambandi er fulltrúi yfir 20 þús. einstaklinga, á náttúrlega að geta fyllilega notið síns réttar í hlutfalli við sitt hlutafé.

Ég álít þess vegna, að ef við viljum reyna að halda áfram því formi, sem verið hefur hér á Íslandi, þessu sérkennilega formi á margan hátt, sem verið hefur fyrir kapítalismann hér heima, að þátttaka opinberra stofnana og samvinnufélaga sé þar meiri en annars tíðkast í hinum kapitalistiska heimi, þá sé rétt fyrir okkur að gera ráð fyrir þessu. Ég álít, að við eigum að ýta undir það, að bæjarfélögin og samvinnufélögin geti tekið þátt í svona atvinnurekstri og geti notið sín sem sá fjöldi, sem stendur á bak við hann. Ég álít, að þessi ákvæði hafi upprunalega verið sett til verndar gegn auðvaldi, til verndar gegn yfirgangi einstakra auðmanna. En ég álít, að með því að beita þeim gagnvart bæjarfélögum og samvinnufélögum notist þetta ákvæði til þess að minnka rétt fjöldans, til þess að minnka rétt fjöldasamtakanna. Mér þykir leitt, að hv. allshn. skuli ekki hafa getað orðið við þeim tilmælum að athuga þetta eða verða mér sammála um það, en ég mun þá leggja þessa brtt. mína fram nú skriflega og biðja hæstv. forseta að leita fyrir henni afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 484) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 64. fundi í Nd., 19. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 470,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 470,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 470,3 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 484 felld með 15:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KGuðj, SG, BergS, EggÞ, EOl, EmJ, EystJ, GilsG, GJóh, GÞG, HV.

nei: KJJ, MJ, PÞ, PO, SÁ, StgrSt, ÁB, BÓ, EI, EirÞ, GTh, BFB, IngJ, JóhH, JPálm. JörB, SB greiddu ekki atkv.

7 þm. (LJós, ÓTh, SkG, GíslG, HÁ, JS, JR) fjarstaddir.

Brtt. 470,4 samþ. með 17:1 atkv.
— 470,5 samþ. með 19:1 atkv.
— 470,6 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 65. fundi í Ed., 22. marz, var frv. útbýtt eins og það var afgr. við 3. umr. í Nd. (A. 491).

Á 66. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

3. Kristfjárjarðir o. fl.

Á 17. fundi í Nd., 5. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign [91. mál] (stjfrv., A. 134).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það eru nokkrar jarðir hér á landi, sem hafa algerlega sérstöðu hvað snertir afstöðu þeirra yfirleitt til þjóðfélagsins og þeirra, sem á jörðunum búa. Það eru þessar svonefndu kristfjárjarðir eða aðrar jarðir í fátækraeign, jarðir, sem í fyrstu hafa verið gefnar af einhverjum góðum borgurum þjóðfélagsins fyrir mörg hundruð árum til framfærslu einhverra fátæklinga, stundum miðað við ákveðna menn í bili, og þannig hafa svo jarðirnar gengið áfram. Þótt hér sé ekki nema um nokkra tugi jarða að ræða í landinu, þá hefur þó að vissu leyti skapazt þjóðfélagslegt vandamál í sambandi við þessar jarðir. Það má ekki veðsetja þessar jarðir, og yfirleitt með þeirri aðstöðu, sem nú er í þjóðfélaginu, hefur oft farið svo, að það hefur verið ómögulegt að byggja þær upp og fá fé til umbóta og verið ýmiss konar vandræði í sambandi við þetta.

Þetta vandamál varð til þess, að árið 1950 var samþ. þál. á Alþ., þar sem ríkisstj. var falið að láta fara fram athugun á eignar- og umráðarétti yfir kristfjárjörðum og svipuðum jarðeignum hér á landi og gefa Alþingi skýrslu um niðurstöðu þeirrar athugunar eins fljótt og unnt væri. Það kom í hlut félmrn. að láta framkvæma þessa rannsókn. Gerði rn. það, og var gerð allýtarleg skýrsla um þessar jarðir eins og þær eru nú, hve margar þær eru og hvernig ástatt er með þær að öðru leyti. Jafnframt var svo samið yfirlit um sögulega þróun þessara mála frá fornu fari og til þessa tíma, og þessari skýrslu var útbýtt á Alþ. í fyrra.

En félmrn. hefur nú gert frv. varðandi þetta mál, og það er það frv., sem hér er fram borið á þskj. 134 og heitir frv. til l. um kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign. Með þessu frv. er heimilað í vissum tilfellum að selja þessar jarðir, þegar nauðsyn krefur að dómi rn. Þetta hefur verið gert í einstökum tilfellum áður, án þess að nokkur heimild væri til þess. Það hefur verið gert til þess að forðast, að þessar jarðir færu algerlega í eyði, sem þær annars hefðu gert. En með þessu frv., eins og það hér liggur fyrir, er ætlazt til, að þegar svo stendur á með einhverja af þessum jörðum, þá sé hægt á lögformlegan hátt að leyfa sölu á henni. Þó er þessu haldið innan eins þröngra takmarka og hægt er, vegna þess að það orkar nú nokkuð tvímælis, að hægt sé að breyta ráðstöfunum eins og þessum, sem gerðar hafa verið undir allt öðrum kringumstæðum, en hins vegar má náttúrlega ganga út frá því sem gefnu, að þeir ágætu og víðsýnu menn, sem á þeim tíma lögðu fram eigur sínar til þess að létta undir með fátækustu þegnum þjóðfélagsins, mundu að sjálfsögðu sætta sig við, að þessu yrði komið í hæfilegt horf, miðað við nútímaskipulag í þessum efnum. Það er af þessum ástæðum, sem Alþ. mun hafa óskað eftir skýrslu um þetta mál, af því að orðið var ljóst, að hér var um vandræðamál að ræða út af fyrir sig, sem þurfti að leysa í þessum tilfellum á einn eður annan hátt. Þess vegna taldi ég rétt, að á grundvelli þeirrar skýrslu, sem gerð var, væri leitað eftir því, hvort Alþ. vildi ekki fallast á nýja skipun þessara mála. Það er skrifstofustjóri félmrn., sem hefur samið þetta frv. Til öryggis hefur þetta verið borið undir Ólaf prófessor Lárusson, sem er allra manna kunnugastur þessum málum öllum, og eins og fram er tekið í grg. frv., þá fellst hann á það, að hér sé farið rétt að, eins og ástatt er um þetta, og er frv. borið fram í samráði við hann.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Málið liggur ljóst fyrir, það sem hér er um að ræða. Auk þess er allar upplýsingar að finna í þeirri skýrslu, sem útbýtt var hér á síðasta Alþ., varðandi þetta mál. Ég leyfi mér því að leggja til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. Það gæti náttúrlega nokkuð orkað tvímælis, til hvaða n. þetta ætti að fara. Væri þó ekki að ræða um annað en félmn. og landbn. Ég tel eðlilegra, að þetta fari til landbn., af því að hér er um meðferð á jörðum að ræða, og að því leyti er það hreint landbúnaðarmál, þó að þetta sé einnig félagsmál öðrum þræði, og ég leyfi mér því að gera það að minni till., að því verði vísað til landbn. að lokinni þessari umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er ekki í fyrsta skipti, sem við deilum um þetta mál, sem hér liggur fyrir, þó að það sé að vísu flutt nú í öðru formi en verið hefur undanfarið og auðsjáanlega í formi, sem á að gera ómögulegt, að héðan af hafi Alþingi nokkuð meira um þessar jarðir að segja.

Ég skal taka það fram, að ég efast ekki um, að þeir, sem undirbúið hafa þetta frv., hafi gert það vel, og sízt vil ég draga úr því, að þar sem rn. hefur beðið próf. Ólaf Lárusson að athuga þetta frv., þá hafi verið leitað til þess manns, sem tvímælalaust hefur langmesta þekkingu af öllum þeim, sem nú eru uppi — býst ég við — á þeim sögulegu aðstæðum þessa máls. Þó verð ég að segja það, að þrátt fyrir mína miklu virðingu fyrir þeim mönnum — og honum sérstaklega — get ég ekki verið sammála þessu frv. og ekki heldur þeim ástæðum, sem settar eru fram í sambandi við það. Ég vildi satt að segja eindregið mælast til þess, að þetta frv. verði athugað mjög gaumgæfilega í þeirri n., sem það fer til. Og ég vildi leyfa mér strax í byrjun að óska þess, að hægt væri að ná samkomulagi við hæstv. ríkisstj. um, að þetta mál færi heldur til félmn., vegna þess að mér þykir alveg auðsýnt, að svo framarlega sem þetta mál fer til landbn., fái það fyrst og fremst einhliða athugun á þessu máli frá sjónarmiði þeirra manna, sem fyrst

og fremst vilja koma þessum jörðum í einstakra manna eign, en hins vegar yrði þá ekki tekið það tillit, sem að sumu leyti yrði máske frekar í félmn., til þess félagslega eðlis, sem þessar jarðir hafa. Það er þá í fyrsta lagi viðvíkjandi því, að héðan af skuli lagðar niður allar þær jarðir á Íslandi, — það skuli ekki vera lengur til jarðir, sem séu kristfjárjarðir eða jarðir í fátækraeign. Það er nú vafalaust, að hvorki mun Kristur sem landsdrottinn eiga hér marga málsvara né heldur fátækir, þannig að það er að öllum líkindum tiltölulega auðvelt fyrir hæstv. ríkisstj. að reyna að pína þetta fram, enda hefur þetta verið tilgangurinn með þeim ályktunum, sem undanfarið hafa verið hér.

Ég verð að segja, að ég sé nú satt að segja ekki, af hverju á nú endilega að fara að ágirnast þetta litla, sem eftir er frá gömlum tíma, þótt það sé ekki nema heitin á þessum jörðum, svo að ég tali nú ekki um, hvernig þær eru til komnar, sem öllum hv. þm. er vitanlegt. Þessar jarðir eru búnar að vera kristfjárjarðir eða jarðir í fátækraeign frá því á 14.—15. öld, jafnvel sumar lengur. Nú eru að vísu þjóðfélagshættir, eins og drepið var á, gersamlega ólíkir þeim, sem þá voru. Tilganginum, sem þá vakti fyrir mönnum, er að sumu leyti og á sumum sviðum fullnægt með öðrum lögum, en þó lögum, sem engin trygging er fyrir að standi. Þótt maður voni það bezta um fátækraframfærslu og annað slíkt, þá er engin trygging fyrir því. Við skulum bara hugsa okkur t. d., að þau amerísku áhrif ættu eftir að verða dálítið ríkari hér á Íslandi en þau eru núna og félagsmálalöggjöf á Íslandi að þróast eitthvað dálítið í ameríska átt. Þá yrði þess ekki langt að bíða, að svo og svo mikill hluti af mönnum hér á Íslandi byggi við slíka neyð, að þau gjafabréf, sem gefin voru fyrir 600 árum, mundu koma mönnum að notum. Það er þess vegna a. m. k. ekki fyrirliggjandi nú nein ákvörðun, sem tryggi það næstu áratugi og aldir, að þeim tilgangi, sem var með þessum gjafabréfum upphaflega, þurfi ekki að fullnægja með slíkum ráðstöfunum eins og upprunalega var gert með þessum jarðeignum. Ég held þess vegna, að það sé ekki hægt að fullyrða neitt viðvíkjandi því, að það geti aldrei orðið nein þörf fyrir tilganginn lengur, sem upprunalega var með þessum jörðum, þó að það sé lítil þörf — til allrar hamingju — eins og nú standa sakir.

Þá er í öðru lagi: Hvað er með eignarréttinn á þessum jörðum? Hæstv. landbrh. sagði, að þeir ágætu menn, sem hefðu upprunalega gefið þessar jarðir, mundu tvímælalaust sætta sig við þessa ráðstöfun. Hver segir, að þeir mundu tvímælalaust sætta sig við það? Ég held, að það sé ekki nokkur rök hægt að færa fram fyrir því, og um það má náttúrlega deila endalaust. En við skulum bara strax gera okkur ljóst, að með því að kippa þessum jörðum burt úr þeirri eign, sem þær nú eru í, og úr þeim tilgangi, sem eignarrétturinn á þeim átti að þjóna, þá er verið að ræna þarna ákveðna aðila, — hvort það er Jesús Kristur eða fátækir eða hverjir sem það eru, sem þarna er um að ræða, það kemur raunverulega í sama stað niður, — en það er verið að taka eignarréttinn af þessum jörðum úr hendi þeirra sjóða eða þess tilgangs, sem þær áttu að þjóna, og setja það í hendur annarra og það raunverulega án nokkurra bóta. Ég held, að það sé ekki hægt að gera þetta. Ég held, að það séu ekki neinar siðferðislegar forsendur fyrir því, að það sé hægt að gera þetta. Og ég held, að það sé að eyðileggja ráðstafanir, sem gerðar hafa verið fyrir löngu og hingað til hafa staðizt tímans tönn, þannig að út frá þeim venjulegu hugmyndum, sem við höfum um slíkt, sé þetta ekki hægt. Ég verð að segja: Það er oft ýmislegt skynsamlegt, sem mælir með því, að slíkt sé gert. Ég skal bara benda á öll þau ósköp af sjóðum, sem hér eru til, upp á marga tugi eða hundruð þúsunda, jafnvel milljónir, sem margir hverjir eru búnir að liggja langa lengi, gefnir í einhverjum sérstökum tilgangi upphaflega, en koma að litlum notum, þegar búið er að gera peningana lítils virði og annað slíkt. En það fer enginn fram á að gerbylta ákvæðum þeirra manna, sem hafa gefið þetta upphaflega. Ég held sem sé, að frá almennu sjónarmiði sé ekki hægt að ráðstafa þessu svona, það sé ekki rétt.

Þá kemur að hinum röksemdunum, sem eru þær sterku röksemdir hjá hæstv. ríkisstj.: Eignarrétturinn á þessum jörðum á ekki við í okkar kapitalistiska þjóðfélagi, og það, að þessar jarðir skuli vera í fátækraeign eða kristfjárjarðir, getur ekki samrýmzt þeim skyldum, sem lagðar eru á hendur landsdrottnum nú sem stendur og þeim, sem með landareign fara. Þeir eigendur þessara jarða geta ekki fullnægt þessum skyldum. M. ö. o.: Þó að Jón gamli Hreggviðsson segði, að Kristur væri góður landsdrottinn, þá fer hann ekki að þeim lögum, sem nú hafa verið lögð á, sem landsdrottinn.

Hvað eigum við nú að gera í þessu sambandi? Það er búið að flytja margsinnis þau rök hér, og ég veit, að það eru höfuðrökin, sem þeir menn, sem mest berjast fyrir þessu, flytja fram, að þetta sé algerlega óhæft, það sé ekki hægt að byggja á þessum jörðum, það sé ekki hægt að sjá um, að mennirnir, sem eru ábúendur þar, geti almennilega notfært sér þær, og það sé stór hætta á, að þessar jarðir fari í eyði. Þetta er alveg rétt, og þetta veit ég, að þeir, sem standa með þessum málum, muni mjög skarplega undirstrika. Jörð eins og Reynir, sú gamla góða kristfjárjörð rétt hjá Akranesi, er sem sé í hættu út af þessu. Og þetta er alveg rétt. Úr þessu þarf að bæta. Og þá er tvennt til. Önnur leiðin er sú, sem hér er lögð til, og við skulum alveg gera okkur ljóst, hvaða leið það er, sem þarna er lögð til. Þarna er lagt til, að það sé heimilað að selja þessar

jarðir. Það er gert í 3. gr. Þar er að vísu sagt, að sveitarstjórn sé óheimilt að selja, en það er sagt, að ráðh. megi leyfa sveitarstjórn sölu slíkra jarða, þegar sérstakar ástæður séu fyrir hendi. M. ö. o.: Með leyfi ríkisstj. er hægt að selja allar þessar jarðir. Síðan á að vísu að leggja peningana, sem fást fyrir jarðirnar, inn í banka, og árlegir vextir af því eiga að renna í viðkomandi sveitarsjóð — og þar með er það búið. M. ö. o.: Jörðunum er ráðstafað fyrir peninga, og þar með er búið að gera allan tilganginn, sem upprunalega var með gjafabréfum þessara jarða, að engu. Við vitum, hvað það þýddi, þegar jarðir voru seldar t. d. um 1900, andvirðið af þeim lagt inn á sjóð hér, þeir peningar orðnir að svo að segja engu og tilganginum með viðkomandi sjóðum ekki fullnægt. Ég hef nefnt áður í þessum umr. dæmi um það, þegar eignir hérna í Rvík, ekki langt frá okkur, sem tilheyrðu samt þannig gjafasjóðum, hafa verið seldar á slíkan hátt, eignir, sem máske hefðu verið mörg hundruð þús. kr. eða milljóna kr. virði nú, en nú eiga þeir sjóðir, sem upprunalega áttu þetta, bara smápeningafúlgu, sem er lítils virði í samanburði við, ef upphaflegar eignir hefðu verið. M. ö. o.: Leiðin, sem hæstv. ríkisstj. leggur til að farin sé, er sú, að það megi selja þessar jarðir, peningarnir í sveitarsjóðinn, og þar með sé það búið. Ég álít, að þetta sé ófær leið, hún sé ósæmileg gagnvart þeim raunverulegu eigendum þessara jarða og gagnvart þeim gefendum, sem upprunalega gáfu þær, og hún sé í öðru lagi óþörf að fara, vegna þess að við höfum aðra möguleika, sem meira að segja geta átt við í okkar kapitalistiska þjóðfélagi.

Sú leið, sem ég álít að þarna ætti að fara, er eftirfarandi: að með sérstökum lögum — og það væri hægt að breyta þessum lögum bara í það — sé ríkinu gert að skyldu að fullnægja öllum þeim lagaboðum, sem hvíla á og ella mundu hvíla á eigendum slíkra jarða, m. ö. o., að ríkið skuli byggja á þeim jörðum, sem eru kristfjárjarðir eða í fátækraeign, það skuli taka að sér að uppfylla þessar kröfur, sem lögin gera til landeigendanna; að svo miklu leyti, sem þeir þurfi að láta veð, þá skuli ríkið koma þarna í staðinn fyrir þá, sem eru hugsaðir sem eigendur. Kirkjan er nú talin ríkiskirkja, og ríkið gæti nú ósköp vel tekið að sér þetta litla hlutverk fyrir eigendur kristfjárjarðanna, og ég held, að ríkinu væru ekki bundnir neinir óbærilegir baggar með þessu. Ég veit að vísu, að það verður vitnað í, að ríkið þyki ekki góður landsdrottinn, þar sem ríkið á jarðir, og hugsi ekki sérstaklega vel um að byggja þær upp. Það er alveg rétt, og ég skal alveg taka undir með þeirri gagnrýni. Þar fyrir álít ég nú ekki, að gefast ætti upp við það um alla eilífð að gera ríkið að dálítið betri landsdrottni en það er. Ég gæti nú trúað t. d., að það væri meira að segja hægt að fela einhverri stofnun umsjón eða framkvæmd með slíku, sem mundi hugsa dálítið betur um hag ábúenda heldur en t. d. ráðuneytin sjálf virðast gera, við skulum segja t. d. Búnaðarfélaginu. Ég held þess vegna, að við eigum að láta halda sér kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign og ríkið eigi að taka að sér að annast þær skyldur, sem mundu hvíla á þessum landsdrottnum, þessum sjóðum. Ég held, að þetta sé engan veginn ófært. Þetta eru ekki sérstaklega margar jarðir, sem þarna er um að ræða, og það er ekki til sérstaklega mikils mælzt. Ég verð að segja, að þrátt fyrir allan þann áhuga, sem menn yfirleitt virðast hafa fyrir því að eyðileggja allar gamlar minjar, sem til eru hér heima, þá held ég, að við eigum ekki endilega að vera að leggja okkur í framkróka með það. Og ég sé ekkert á móti því, að þetta fái að halda sér, og ég sé ekki betur en við getum fullnægt bæði tilgangi gjafarans upphaflega og hagsmunum ábúandans núna með því, að ríkið taki að sér að fullnægja þessum skyldum. Enn fremur verð ég að segja það, að með því móti tryggðist þó betur sá tilgangur, sem ætlazt var til upprunalega að náð væri með þessum jörðum. Við skulum hugsa okkur: Eignarrétturinn á þessum jörðum helzt í eigu þessara svo kölluðu sjóða, eða hvað við viljum nú kalla það, undir umsjón ríkisins, og þessar jarðir gætu máske ýmsar komið einmitt að notum í samræmi við þann upphaflega tilgang, í sambandi við kannske ýmiss konar hæli og slíkt, sem á þeim kynni að verða reist.

Svo er annað, sem ég vil benda á. Ég hef fyrir mitt leyti þá trú á þróun atvinnulífs á Íslandi, að allar jarðir eigi eftir að hækka stórlega í verði með vaxandi ræktun, stórlega fjölgandi íbúatölu í landinu, og ég álít óheppilegt fyrir framtíðina, að það sé verið að ráðstafa öllum þessum jörðum í einstakra manna eign. Við þekkjum alveg dæmin um, hvernig jafnvel stofnanir, sem eru einmitt að vinna að hag almennings, verða að kaupa ýmsar jarðir við uppsprengdu verði, og ég gæti ákaflega vel hugsað mér, að það væri í góðu samræmi við þann upphaflega tilgang ýmissa þessara jarða, ef seinna meir, þegar verður farið að gera meira að því en núna að byggja alls konar hvíldarheimili, sjúkraheimili og hæli og annað slíkt á ýmsum jörðum, þá væri gott að eiga aðgang að slíkum jörðum sem þessum. Ég vil vekja athygli þeirra manna, sem vildu að einhverju leyti, að gildi þeirra sjóða, sem í þessu fælust, fengi að halda sér, á breytingunni á jarðaverðinu bara á þessari seinustu hálfu öld hérna á Íslandi, og vonandi verður ekki hægari þróunin hjá okkur á síðari helmingi þessarar 20. aldar. Ég sé þess vegna ekki, af hverju við ættum nú um miðja öldina að vera að ráðstafa jörðum, sem haldizt hafa á þennan máta í 400—500—600 ár, og gera verðmæti þeirra að engu, eins og verður gert, um leið og búið er að selja þær og setja þær í peninga. Ég sé ekki, af hverju menn um árið 2000 eða jafnvel fyrr mættu ekki hafa þann möguleika að ráðstafa þessum jörðum meira í samræmi við þann upphaflega tilgang.

Ég álít þess vegna, að við höfum ekki siðferðislegan rétt til þessarar ráðstöfunar. Ég álít, að við getum fullnægt þeim upprunalega tilgangi góðra gjafara á hátt, sem samrýmist alveg okkar nútíma þjóðskipulagi, með því að láta ríkið taka að sér þær skyldur, sem lagðar eru landsdrottnunum á herðar. Og ég álít, að það sé fyrir okkur viðkunnanlegt og skemmtilegt að geyma séreinkenni þessara jarða hvað eignarrétt snertir áfram, á sama máta og verið hefur, en tryggja hins vegar óhjákvæmilega hagsmuni ábúendanna á þessum jörðum, þannig að þær leggist ekki í eyði. Og ég álít, að ríkinu sé skylt að gera það.

Ég vil þess vegna fyrir mitt leyti eindregið mælast til þess, að sú n., sem fær þetta til meðferðar, sem ég legg til, að sé félmn., athugi þetta frv. grandgæfilega með það fyrir augum að breyta því í þá átt, sem ég hef nú minnzt á. Það hafa verið þó nokkrar deilur um þetta frv. á undanförnum þingum. Þá hefur ríkisstj. ekki verið búin að móta sína stefnu í þessu. Nú er hún búin að móta hana, og mér þykir mjög leitt, að þetta skuli hafa orðið ofan á, sem hér er. En ef til vill er ekki endilega um það að ræða, að hæstv. ríkisstj. sæki fast að fara þessa leið, heldur mundi hún, ef bent er á aðrar, geta líka fallizt á það.

Ég mun svo að svo stöddu ekki segja fleira um þetta mál, en þætti mjög vænt um, ef hv. n. gæti tekið þessar athugasemdir mínar til greina og a. m. k. til athugunar.

Pétur Ottesen: Það má segja, að þetta frv. sé eðlilegt áframhald af fyrri aðgerðum Alþingis í þessu máli. Eins og hæstv. landbrh. hefur lýst hér, þá voru fyrstu upptök þess, að Alþingi lét þetta mál til sín taka, sú þáltill., sem flutt var hér á þingi 1950 og hann vitnaði til. Í áframhaldi af þeirri till. var samþ. á síðasta þingi breyting eða viðauki við lög um eftirlit með opinberum sjóðum, þar sem tekin eru fyrir nokkur atriði þessa máls, og m. a. var nokkrum aðilum, sem falin hafði verið forsjá slíkra jarða, þessara kristfjárjarða, heimilað að selja viðkomandi jarðir. Mér skilst, að það séu þrír aðilar, sem þar var um að ræða. Það var stjórn legatssjóðs Jóns Sigurðssonar á Böggvisstöðum, og forráðamaður kristfjárjarðarinnar Reynis í Innri-Akraneshreppi og enn fremur hreppsnefnd Fljótsdalshrepps. Þessum aðilum var heimilað að selja þær jarðir, sem þeir höfðu yfirráð yfir, með nánar tilteknum skilyrðum, sem sé þeim, að eftirlitsmenn opinberra sjóða mæltu með sölunni og samþykktu söluverð jarðanna. Nú mun framkvæmd þessa máls vera komin nokkuð áleiðis, og ég geri ráð fyrir því, að þó að þeim málum verði ef til vill ekki að fullu lokið, ef þetta frv. næði fram að ganga, þá raski það ekki þeirri heimild, sem hér er um að ræða, því að það er ekki í þessu frv. gert ráð fyrir, að neitt af þessum ákvæðum falli úr gildi, þó að það verði samþykkt og hljóti staðfestingu. Og náttúrlega kemur undir engum kringumstæðum til mála annað en að þessi heimild um sölu þessara jarða, sem ég nefndi, sé í fullu gildi nú, eða þangað til önnur ákvörðun yrði tekin um ráðstöfun þessara jarða. — Þetta vildi ég nú taka fram í sambandi við það atriði.

En um frv. að öðru leyti vildi ég segja, að mér skilst, að ef það væri nú svo, að samþykkt og staðfesting laga um þetta raskaði ekki þeim leigumála, sem er á sumum þessum jörðum, þá muni viðkomandi hreppsfélagi verða mjög erfitt að taka á móti jörðinni, af því að það á svo að byggja hana samkv. ábúðarlögum, en með því tekur viðkomandi hreppsfélag vitanlega á sig skylduna um að inna af hendi framlag til endurbyggingar á húsum, en það á jarðareigandi að gera samkvæmt ábúðarlögum. En það er þannig ástatt, að því er sagt er, um margar þessara jarða, að þar hefur lítið verið að gert, húsakostur lélegur og þess vegna þörf skjótra aðgerða í því að byggja þar upp, svo framarlega sem á að koma í veg fyrir, að jarðirnar fari í eyði.

Ég vildi aðeins benda á þetta og biðja þá n., sem fær þetta, að athuga, hvort samkv. frv. sé hægt að breyta leigumála og ákveða að nýju afgjald miðað við breyttar aðstæður. — Þá vil ég og í þessu sambandi benda á það, að mér er t. d. kunnugt um jörð, sem oft hefur verið nefnd hér, þ. e. Reyni á Akranesi, að þar er í gjafabréfinu svo ákveðið, að það eru fleiri hreppsfélög en eitt, sem geti komið til með að njóta góðs af eftirgjaldinu. Samkv. þessu frv. er það hreppsfélag, sem jörðin er í, sem á við henni að taka og njóta eftirgjaldsins og ráðstafa því samkv. þeim ákvæðum, sem í frv. felast. Ég býst nú við, að þetta vandamál verði leyst þannig, að jörðin verði seld ábúandanum, sem hefur bundið mjög mikla fjármuni í jörðinni, byggt upp á henni, og eiginlega afrakstur af lífsstarfi þeirrar fjölskyldu, sem þar hefur verið nú um tugi ára, er allur bundinn í endurbótum og uppbyggingu þessarar jarðar, sem var mjög lélegt býli að öllum húsakosti, þegar þetta fólk fluttist þangað. En nú má segja, að þetta sé orðin allstór og nokkrum kostum búin jörð, miðað við þær miklu ræktunarframkvæmdir og aðrar umbætur, sem þar hafa verið gerðar. Og það leiðir alveg af sjálfu sér, að þar sem svo stendur á og enginn höfuðstóll er til til þess að leysa út slík mannvirki, þá er ekki undankomu auðið með það annað en það, ef þetta fólk á ekki að ganga slyppt og snautt frá jörðinni, að það fái jörðina keypta og þannig uppbætt það mikla fé, sem það hefur lagt í jörðina, og fái endurgreiðslu fyrir það þjóðfélagslega starf, sem þar hefur verið innt af hendi með því að rækta og byggja þar upp og búa þannig í haginn fyrir framtíðina. Sú breyting, sem hefur orðið á jarðarverðinu, er fyrst og fremst fólgin í þeim stórvægilegu endurbótum, sem gerðar hafa verið á jörðinni, og þeirri auknu framleiðslu, sem þar hefur fengizt fyrir þessar miklu endurbætur.

Ég vildi aðeins benda á þetta fyrir þá n., sem fær þetta, og ég vil mjög taka undir það með hæstv. landbrh., að það sé eðlilegt, að þetta mál fari til landbn., því að þau lög, sem

ég benti á, eða það frv. til þeirra laga, sem lá hér fyrir á síðasta þingi, var lagt fyrir landbn. og falið þeirri n. til meðferðar, og er það alveg hliðstætt við þetta frv., og þess vegna skilst mér, að þetta mál eigi að fara til landbn.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð, sem ég óskaði að láta fylgja þessu frv. og hefði í raun og veru ekki tekið til máls, ef það væri ekki komin fram tillaga um það eða uppástunga um að vísa málinu til annarrar n. heldur en landbn. Þá tel ég rétt, ef svo skyldi fara, að málinu yrði vísað til félmn., að láta koma fram athugasemd við frv., og ég tel nú raunar viss atriði þess þannig úr garði gerð, að það sé ekki hægt að samþ. það eins og það liggur fyrir.

Ég get tekið undir þau atriði, sem þm. Borgf. benti á, en til viðbótar vil ég benda á, að með ákvæðum 2. og 3. gr. er í raun og veru í ýmsum tilfellum verið beinlínis að taka frá einum hreppi og gefa öðrum. Skal ég nefna hér dæmi, sem er nærtækt, það er gjöfin Utanverðunes í Rípurhreppi, sem er gefið með gjafabréfi, dags. 7. maí 1839, til uppeldis munaðarlausum börnum í Skagafjarðarsýslu og þá einkum í Hólahreppi, en þessi jörð liggur í Rípurhreppi. Eftir þessu frv. hættir Hólahreppur að njóta nokkurs af þessu, en Rípurhreppi er afhent jörðin til eignar og umráða og allra afnota. — Þegar ég lít yfir aðrar kristfjárjarðir, sé ég, að þar muni einnig líkt standa á. Önnur jörð í Skagafjarðarsýslu, sem þetta gildir um, er jörðin Ytra-Vallholt í Vallhólmi. Sú jörð var gefin af Þórði biskupi Þorlákssyni og er gefin fátækum guðsþurfamönnum, einkum munaðarlausum börnum, í Hegranesþingi. Þessi jörð liggur í Seyluhreppi, og eftir ákvæðum frv. á Seyluhreppur einn að njóta. Þetta sýnist mér vera þannig, að ekki komi til mála að fara svo gersamlega í bága við hugsun gefandans og það í raun og veru alveg að tilefnislausu, því að það er engin nauðsyn, sem knýr á um að gera slíka hluti. Vil ég fyrst og fremst benda á þetta, sem gerir það að verkum, að óhjákvæmilegt er að breyta frv. verulega að þessu leyti.

Ég ætla ekki, af því að það er búið að ræða nokkuð um málið og benda á ýmislegt í þessu sambandi, að ræða um þetta frekar að sinni og það því frekar, ef málið kæmi til landbn.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Mér þykir ekkert undarlegt, þó að það komi fram einhverjar aths. við frv., því að þetta frv. er þannig, að hér er verið að ræða um mál, sem er að vissu leyti viðkvæmt á ýmsan hátt. En það, sem hv. alþm. verða fyrst að gera sér grein fyrir, er það, að þessar jarðir, sem hér um ræðir, eins og þær eru nú, eða sá höfuðstóll, sem í þeim er bundinn, er svo lítill, að þær eru orðnar alveg gagnslausar í því augnamiði, sem þeim var ætlað að vera í upphafi. Afgjaldið af þessum jörðum er af mörgum þeirra innan við 100 kr., af öðrum milli 100 og 200 kr. o. s. frv., og sjá allir, hvað hægt er að gera með slíkt fé núna. Hér er um gamalt framfærsluskipulag að ræða, sem hefur algerlega dagað uppi og ekki orðið að neinu. Það hefur verið gripið til þess að brjóta þessar skipulagsskrár eða þessi gömlu boðorð hvað eftir annað. T. d. hafa tveir af hv. alþm., sem hér hafa talað, bæði hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. Borgf., talað um þá frægu jörð Reyni á Akranesi, nefnt hana í þessu sambandi. Það er ein af kristfjárjörðunum, en það er búið að margbrjóta hin upphaflegu ákvæði einmitt gagnvart þeirri jörð. Það hefur verið veitt veðleyfi, til þess að hægt væri að byggja upp á jörðinni. Ég var að fá upplýsingar um það hjá hv. þm. Borgf., að að vísu væri nú borgað upp það lán, en það breytir ekki því, að á sínum tíma hefur verið brotið það ákvæði um þessa jörð með því að veita veðleyfi. Það hafa verið veitt leyfi til að selja jarðir, án þess að nokkur heimild væri til þess í lögum, og þetta sýnir greinilegast, hvernig þetta skipulag hefur algerlega dagað uppi, og það er það, sem gerir að verkum, að ég tel ekki sæmandi að hafa þetta þannig áfram. Það verður að gera einhverja aðra skipun á málinu.

Það væri hægt að segja, að það mætti fara þá leið, sem hv. 2. þm. Reykv. lagði til, að ríkið tæki að sér allar þessar jarðir, byggði upp á þeim o. s. frv., en ég held nú, að ríkið hafi nóg með þær jarðir, sem það á að sjá um, þó að það taki ekki á sig þá bagga líka.

Að mínum dómi er langeðlilegast, að þessar jarðir séu í höndum sveitarfélaganna, og ef sveitarstjórnir leggja til af einhverjum ástæðum, að jarðirnar verði seldar ábúendum, þá sé heimilt að gera það. Með þessu er hægt að tryggja, að þessar jarðir verði sæmilega setnar. En ef við förum umferð núna um þessar kristfjárjarðir, þá eru margar þeirra í geysilegri niðurníðslu, vegna þess að það hafa engir möguleikar verið til þess að fá fé til þess að framkvæma umbætur á jörðunum. Ég reikna með, að það sé alveg rétt athugað samt hjá hv. samþm. mínum, 2. þm. Skagf., að þar sem tveir eða fleiri hreppar eigi að njóta þessara hlunninda sameiginlega, þá þurfi að vera ákvæði um, að því verði skipt. Það er sjálfsagt alveg rétt, og geta verið ýmis fleiri atriði, sem rétt er að athuga í n. varðandi þetta mál. En hitt held ég, að ekki orki tvímælis og sé alveg sjálfsagt að fá nýja skipan á þessi mál á einhvern hátt, því að það er alveg víst, að ýmsar af þessum jörðum eru eðlisgóðar, en hafa lent í vanrækslu vegna þess, hvernig ástatt er í þessu efni.

Ég sé nú ekki, að það sé mikil áhætta, sem hér er lögð á hendur sveitarfélaganna. Hv. þm. Borgf. var að tala um, að það gæti orðið erfitt fyrir þær að byggja upp á jörðunum og standa straum af þeim að öðru leyti, en það er einmitt varnagli við því, þar sem heimilt er að selja ábúendum jarðirnar, ef ráðh. leyfir, og leggst þá endurbyggingarskyldan að sjálfsögðu á hinn nýja eiganda.

Ég lít svo á, að það sé ekki rétt að leggja þetta óhindrað í vald sveitarstjórna. Það verða að liggja fyrir alveg rökstuddar till. um það, að bezt henti fyrir jörðina, fyrir viðkomandi sveitarfélög og sé jafnframt svo nærri þeim upphaflega tilgangi, sem jörðinni var ætlað að vinna að, að á þann hátt sé sjálfsagt að veita heimild til þess að selja viðkomandi jörð.

Mér virtist, að hvorugur þeirra, hv. þm. Borgf. né hv. samþm. minn, væru beint á móti frv. út af fyrir sig, en þeir voru með vissar aths. við það. Ég vil taka fram, að það, að ég legg þetta frv. fram og álít, að þetta, sem hér er sett fram, sé langeðlilegasta leiðin til þess að koma þessum jörðum úr þeirri bóndabeygju, sem þær nú eru í, er ekki að neinu leyti í sambandi við skoðanir mínar að öðru leyti um það, hvernig eignarumráð eigi að vera yfir jörðum yfirleitt, heldur er hér að ræða um alveg sérstakt vandamál á tiltölulega fáum jörðum, sem ég sé ekki að hægt sé að leysa á eðlilegri og betri hátt en hér er lagt til.

Próf. Ólafur Lárusson, sem farið hefur yfir þetta frv. og hefur kynnt sér þessi mál, bæði sögulega og á annan hátt, hefur haft þau ummæli, að hann sæi ekki, að það væri nein ástæða til þess fyrir löggjafarvaldið að hika við að gera slíkar ráðstafanir með — við skulum segja — sjóði eða jarðir, sem gefnar voru í þessu tilfelli, þegar svo sé komið, að auðséð sé, að þær geta ekki á neinn hátt uppfyllt sinn upphaflega tilgang, og þannig er það orðið með þessar jarðir. Eftirgjaldið eftir þær er svo lítið, að þær koma ekki að neinum notum. Það er því í raun og veru algert aukaatriði, hvort afgjaldinu er skipt milli fleiri hreppa, þó að fleiri hreppar standi að upphaflegu gjöfinni, en sjálfsagt er að fullnægja því, eins og hv. 2. þm. Skagf. benti á.

Ég ætla ekki að fara að deila um það, til hvorrar n. þetta skuli fara. Ég trúi bæði heilbr.- og félmn. og landbn. til þess að athuga þetta frv. vel, en held nú við þá fyrri till. mína, að því verði vísað til hv. landbn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég er alveg sammála hæstv. félmrh. um, að það þurfi að koma nýrri skipun á þessi mál, og það held ég að sé alveg tvímælalaust, en spurningin er, hvers konar skipulag það eigi að vera. Eiga þessar jarðir, sem þjónað hafa sérstökum tilgangi um þessar aldir, nú að verða einstakra eign og hætta að þjóna honum, eða á að reyna að finna út nýja skipun, sem tengir þær að einhverju leyti áfram við svipaðan tilgang? Og það kemur nú þegar fram, þegar farið er að athuga þetta, eins og hv. 2. þm. Skagf. benti á, að þessi till. hæstv. ríkisstj. brýtur í bága við tilganginn, sem þarna var miðað við, það er tekið of almennt á þessum málum til þess.

Nú vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj., af því að hér er talað um kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign, hvort þá sé um leið átt við, að þessar svo kölluðu gjafasjóðsjarðir eigi að lenda þarna inn undir. Eftir því sem ég bezt veit, þá eru nú kröfurnar, sem fram hafa komið um endurbætur á þessum hlutum, þó að Reynir standi þar framarlega og þörfin viðvíkjandi umbótunum út af byggingunum þar, ekki síður um jarðirnar í Eyjafjarðarsýslu, en mér skilst, að það mundi nú ekki heyra undir lögin eins og frv. nú er orðið. En þegar þetta hefur verið rætt undanfarið, hafa þessar gjafasjóðsjarðir verið taldar með. (Gripið fram í.) Já, en gjafasjóðsjarðirnar eru í sérstökum kafla, það eru fyrst kristfjárjarðir, svo eru jarðir í fátækraeign. Það eru bara þessir tveir flokkar. Þá sem sé er hér aðeins till. um að bæta úr hvað snertir tvær af þessum tegundum. Það eru alveg nákvæmlega sömu vandræðin, sem reka á eftir og hefur alltaf verið beitt sem röksemdum hér í þinginu viðvíkjandi gjafasjóðsjörðunum.

Strax og þessar jarðir eru athugaðar, kemur þetta sannarlega í ljós víðar, eins og þeir hv. þm., sem hér hafa talað, þegar hafa bent á. Hv. þm. Borgf. minnti á, hvernig væri með Reyni. Í gjafabréfinu þar er ákveðið eftirfarandi: Jörðin er gefin fátækum, en samkvæmt gjafabréfinu skyldi afgjald af jörðinni renna til fátækrar ekkju, sem ætti þrjú skilgetin börn í ómegð og væri búsett á Akranesi, en fyndist þar engin, sem þannig væri ástatt fyrir, skyldi ekkja, sem eins væri ástatt fyrir í Skilmannahreppi, Strandar- og Skorradalshreppi, koma til greina, og þannig eru yfirleitt ákvæðin í sambandi við alla þessa hluti. Það eru venjulega fleiri eða færri sýslur og hreppar, sem þarna koma til. Jörðin Efri-Vaðall í Barðastrandarhreppi, sem er jörð í fátækraeign, gjafabréf frá 1677, er gefin til eignar voluðum og fátækum í Barðastrandar-, Ísafjarðar- og Strandasýslu. Um jörðina Ytra-Vallholt í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu, sem einmitt hv. 2. þm. Skagf. minntist á, stendur í gjafabréfinu:

„Skal jörðin með kúgildum og öllu því, sem henni að réttu tilheyrir, vera ævinlegt kristfé héðan í frá."

Samkv. gjafabréfinu er jörðin gefin fátækum guðs þurfamönnum, einkum munaðarlausum börnum í Hegranesþingi. Ég verð nú að segja, að þrátt fyrir það, þó að við höfum fengið sæmilega fátækralöggjöf — hún er nú ekki meira — og nokkrar alþýðutryggingar, þá eiga mörg munaðarlaus börn enn þá um sárt að binda á Íslandi.

Þannig mætti lengi telja áfram viðvíkjandi þessum ákvæðum. Það eru áreiðanlega til menn á Íslandi enn þá, sem geta haft gagn af þessu, ef þannig væri um búið, og það bendir hæstv. landbrh. alveg réttilega á, að þessar jarðir eru reknar, sæmilega á þeim byggt, sæmilega ræktað, þannig að þær gefi þá eitthvert afgjald líka um leið. Það er alveg rétt, að nýskipun á þessu er óhjákvæmileg.

En svo vil ég minna á í sambandi við þetta, að þegar þetta hefur verið rætt á undanförnum árum, hefur verið rætt um gjafasjóðsjarðirnar alveg jafnt, og það hefur verið talið al-

veg nákvæmlega það sama. Jóns Sigurðssonar legat til þurfamanna innan Eyjafjarðarsýslu hefur hvað eftir annað borið hér á góma í þeim umræðum. Í gjafabréfinu um það legat stendur seinast:

„Jarðirnar mega aldrei seljast eða á neinn hátt lógast."

Við vitum alveg, hvað þeim mönnum, sem yfirleitt gefa þessar jarðir, gengur til, þegar þeir setja þetta. Þeir vita, að verðgildi jarðanna helzt í gegnum aldirnar, en peningarnir breytast. Öll þróun í veröldinni hefur gengið í þá átt að vera alltaf að afskrifa gildi peninganna og alltaf raunverulega að auka gildi jarðanna, þó að sú uppfinning hafi hér á Íslandi fyrst og fremst átt sér stað á síðustu áratugum, síðustu hálfri til einni öld, vegna þeirrar afturfarar, sem átti sér stað um tíma í okkar atvinnuþróun, í okkar landbúnaði í sambandi við alla niðurlægingu okkar lands. En þessar jarðir, sem gjafasjóðurinn á í Eyjafjarðarsýslu, Jón Sigurðssonar, eru: Sílastaðir, Efri-Vindheimar, Neðri-Vindheimar og Laugaland, allar í Glæsibæjarhreppi, Miðland og hálf jörðin Gloppa í Öxnadalshreppi og Kristnes og Hvammur í Hrafnagilshreppi. Þetta eru engar smáræðis jarðeignir, sem þarna er um að ræða viðvíkjandi þessum gjafasjóði. Hins vegar er vitanlegt, eins og sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu bendir réttilega á í bréfinu til fjmrn., sem hér var líka rætt um þó nokkuð í hittiðfyrra, að þrátt fyrir allar þessar miklu jarðeignir standa þær raunverulega þjóðinni fyrir þrifum eins og ástandið er núna. En við getum allir ímyndað okkur, sem trúum á, að það haldi áfram eðlileg atvinnuþróun í Eyjafjarðarsýslu, hvers virði þessar jarðir yrðu þarna í Hrafnagilshreppnum og Glæsibæjarhreppnum með tímanum. Og sé farið inn á það að gera svona ráðstafanir viðvíkjandi kristfjárjörðum og jörðum í fátækraeign, eins og hérna er talað um, þá er náttúrlega enginn munur að fara að gera þær ráðstafanir á eftir viðvíkjandi gjafasjóðsjörðunum, þó að þær séu yfirleitt nýrri. Samt sé ég nú hér, að t. d. einni jörð í fátækraeign er ráðstafað í gjafabréfi 1886, þannig að það er ekki lengra síðan. Hins vegar er t. d. Jóns Sigurðssonar legatið stofnað 1830 af Jóni Sigurðssyni bónda á Böggvisstöðum.

Ég held þess vegna, að ákvæði frv. þurfi miklu betri athugunar við, og mér þykir vænt um þær undirtektir hæstv. félmrh., að hann líti svo á, að ef hægt væri að finna þarna betri tillögur, sem hæstv. ríkisstj. líka gæti sætt sig við, þá hefði hann ekkert á móti því. Hins vegar held ég, að ólöstuðum þeim hv. þm., sem skipa landbn., að félmn. mundi líta meira á það sem sína skyldu að reyna að finna út slíka lagasetningu í þessu efni, að hún samsvaraði meira þeim upphaflega tilgangi, og gæti hún auðvitað um leið haft samvinnu við landbn. um að taka tillit til þeirra breytinga, sem hún kynni að gera, að það tryggði um leið, að hægt væri að reka þessar jarðir og hafa á þeim ábúendur, sem fengju að njóta síns dugnaðar. Þess vegna álít ég, að það væri mjög æskilegt, að þessu frv. væri frekar vísað til félmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 18. fundi í Nd., 6. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 14:8 atkv.

Á 29. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 134, n. 183, 184).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Nefndin hefur athugað þetta frv. allrækilega og auk þess grg., sem félmrn. gaf út 1952 um kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign. Samkvæmt þeirri grg., sem n. kynnti sér nokkuð, hefur þessum jörðum stöðugt verið að fækka og það alveg fram á síðasta ár. Það hefur borið við, að ein jörð hefur t. d. verið seld til þess að byggja upp á annarri, og þannig hefur farið um fleiri jarðir, að það sést í raun og veru lítið eftir. Er þess vegna full þörf að dómi nefndarinnar, að komið sé fastri skipun á umsjón og meðferð þessara jarða, enda er það höfuðtilgangur frv.

N. telur, eftir að hafa kynnt sér þessa grg. félmrn., að þá sé tæplega önnur leið fær en að samþ. þær eignabreytingar, sem orðið hafa, og jarðasölur fram til 31. des. 1952, eða eins og frv. gerir ráð fyrir, og getur þess vegna fallizt á 1. gr. eins og hún er í frv. En á hinn bóginn getur n. ekki fallizt á ýmis ákvæði 2. og 3. gr. frv. N. telur t. d., að það geti ekki komið til mála, að aðrir hafi á hendi umsjón með jörðum eða jarðeignum og ráðstöfun tekna af þeim en þeir, sem það er ætlað samkv. skipulagsskrá eða gjafabréfi, en þar sem hvorugt er fyrir hendi, þar sé það hreppurinn eða sýslan, sem á að njóta tekna af þessum eignum, sem taki við umsjón þeirra, enda hefur það verið svo í framkvæmd undanfarið. Enn fremur telur n., að of lauslega sé gengið frá ákvæðum um sölu þessara jarða og þar af leiðandi of lítil trygging fyrir því, að þær verði ekki seldar, oft kannske að lítið yfirlögðu ráði. Loks telur n., að það sé öruggara, að skýlaust liggi fyrir, hvaða jarðir það eru, sem falla undir þessi ákvæði, og hefur þess vegna, af því að hér var ekki nema um takmarkaða tölu jarða að ræða, tekið þær upp í nýja gr., svo að þar verði ekki um villzt eða þurfi um það að deila síðar, hvaða jarðir það eru, sem hér er átt við. N. hefur reynt eftir föngum að kippa því í lag, sem hún telur að á skorti í frv., og leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem hér liggja fyrir frá nefndinni.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég get þakkað landbn. fyrir afgreiðslu

hennar á málinu. Ég sé, að hún hefur lagt mikla vinnu í að athuga þetta frv. og gert við það allmiklar brtt., sem eru þó að mestu leyti nánari útfærsla á því, sem frv. segir til um. I raun og veru hefur n. algerlega fallizt á, að þá leið verði að fara, sem frv. gerir ráð fyrir, í fyrsta lagi viðurkenna sölu á þeim kristfjárjörðum og jörðum í fátækraeign, sem búið er að selja, og í öðru lagi að leyfa með vissum skilyrðum sölu á þeim jörðum, sem enn eru óseldar eða óráðstafað hvað þetta snertir.

Það var nokkuð talað um ýmis atriði, sem koma fram í brtt. hv. landbn., þegar þetta frv. var samið, og kom þá fram það álit, að það gæti verið eins gott að setja ýmis nánari ákvæði í reglugerð varðandi málið. En hv. landbn. hefur valið þá leið, sem ég álít að sé alveg rétt og góð, þegar um slíkt mál er að ræða og þetta, sem er á mörkum þess — má kannske segja — að Alþingi geti sett löggjöf um það, eins og þetta hefur verið frá upphafi, að taka inn í frv. í raun og veru nákvæm reglugerðaratriði um það, hvernig með þetta skuli farið. Ég skal taka fram, að ég er þessum brtt. og þessari nánari útfærslu á þessu samþykkur í meginatriðum eins og það er sett fram.

Það er í raun og veru — held ég — ekki nema eitt efnisatriði, sem má segja að sé hrein brtt. efnislega frá því, sem er í frv., og tel ég það til bóta. Það er það, að þess skuli gætt fyrst og fremst, að þeir, sem samkv. gjafabréfum eða gömlum ákvörðunum eiga að fara með þessi mál, skuli gera það áfram, þar sem það er hægt. En n. fellst svo á hitt sem sjálfsagt varaúrræði, að það séu hreppsnefndirnar, sem þá taka við, og það mun nú víst vera í mjög mörgum tilfellum, að þannig er ástatt um þetta, að ekki er hægt að vita með vissu, hvaða aðilar það eru, sem með þetta skyldu fara.

Ég þakka landbn. fyrir afgreiðslu málsins og er till. hennar samþykkur og tel, að með þessu sé gengið frá máli, þótt ekki sé neitt stórmál þjóðfélagslega séð, sem nauðsynlegt hafi verið að fá rétta skipun á og losna við það öryggisleysi og réttarleysi í raun og veru, sem yfir þessu hefur hvílt að undanförnu.

Pétur Ottesen: Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi segja í sambandi við afgreiðslu þessa máls og þær brtt., sem hér hafa verið bornar fram við þetta frv.

Ég hreyfði því við 1. umr. þessa máls, að það mundi þurfa að gera nokkrar breyt. á frv., og hefur það nú þegar verið gert í þeim brtt., sem hér liggja fyrir. En ég vildi beina því til landbn. eða frsm. landbn., hvernig hugsuð sé framkvæmdin um ávöxtun kaupverðs þeirra kristfjárjarða, sem hafa verið seldar og söluverð þeirra jarða er nú í vörzlum þeirra umboðsmanna, sem settir hafa verið til þess að gæta þessara jarða samkv. ákvörðun gefandans fyrr og síðar. Hér er nefnilega sagt í brtt. við 3. gr. frv., að þegar kristfjárjörð hafi verið seld, þá eigi félmrn. að annast ávöxtun kaupverðsins. Nú er það vitað, að söluverð þeirra kristfjárjarða, sem seldar hafa verið að undanförnu og sumar nýlega, er undir umsjá hinna ákveðnu umboðsmanna eða eftirlitsmanna jarðanna. Ég vildi spyrja um það, hvort þessi ákvæði tækju einnig til andvirðis þeirra jarða, sem þegar hafa verið seldar, því að það er sjálfsagt að ganga þannig frá því við afgreiðslu þessa máls, að það geti ekki valdið neinni togstreitu eftir á.

Annars finnst mér tilgangurinn að ganga ákaflega vel frá því með ákvæðum 3. gr., að þessar jarðir verði ekki seldar, því að þar virðist mér vera hver rembihnúturinn utan um annan til þess að girða fyrir, að sala á þessum sjö jörðum, sem eftir eru, eigi sér stað. Það er að vísu sagt í upphafi greinarinnar, að heimilt sé að selja þær, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi. En þessar sérstöku ástæður eru svo ákveðnar í framhaldinu, og mér skilst, að sala skuli ekki fara fram fyrr en jörðin er komin í eyði og því ekki neinar tekjur af henni að hafa. Það stendur nú að vísu, að þær séu orðnar svo litlar, að það uppfylli ekki skilyrði eða tilgang gefandans. Nú er í þessu frv. einmitt gert ráð fyrir því, að jarðir skuli leigja upp á gamlan máta, og þar mun vera átt við, að það eigi að leigja þessar jarðir með því, að það sé goldið eftir þær í fríðu, þ. e. a. s. landsskuld í sauðum eða gemlingum, eins og var, en svo leigurnar aftur í smjöri. Þetta er sá gamli leigumáti, sem gilti lengi hér í okkar landi og gildir í einstöku tilfellum enn. Mér skilst, að orðalagið, sem að þessu lýtur, bendi til þess að beina leigumálanum aftur inn á þessa braut til þess vitanlega að tryggja gildi eftirgjaldsins, sem hefur mjög verið á reiki, þegar um peningaleigu er að ræða, sem lýtur að sjálfsögðu gildi peninganna á hverjum tíma. Þegar svona væri komið, þá ætti ekki að vera ástæða til að ætla, að jarðirnar gæfu ekki nokkurn arð, svo að ég sé ekki annað en það beri að skilja þessi ákvæði þannig, að til sölu geti ekki komið, nema því aðeins að jörðin gefi ekki orðið neinar rentur. En umbúnaðurinn er svo rækilegur um söluna, að fyrst á umráðamaðurinn að snúa sér til félmrn. með till. um, að jörðin verði seld hæstbjóðanda, ásamt rökstuddri grg. fyrir því. Hlutverk félmrn. er svo að leita umsagnar eftirlitsmanna opinberra sjóða um þessa till. Samþykki þeir menn, sem hafa eftirlit með opinberum sjóðum, þessa tillögu eða söluna, þá á rn. að leggja þetta fyrir Alþingi. Svo loks á félmrh. að ákveða söluverðið. Mér finnst, að hér sé verið að hlaða upp svo traustan varnargarð um sölu þessara sjö jarða, sem eftir eru, að það hefði eiginlega verið óþarfi að vera að setja annað en einfalt pennastrik um það, að jarðirnar skuli ekki seldar, nema því aðeins að þær séu komnar í eyði.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Hv. þm. Borgf. gerði fsp. til n. eða mín sem frsm. um það, hvern skilning n. hefði á því, hvar skyldi á-

vaxta það fé, sem komið hefði inn fyrir þær jarðir, sem seldar hafa verið á undanförnum árum og falla undir kristfjárjarðir eða jarðir í fátækraeign. Þar til er því að svara, að n. hefur ekki rætt það atriði. Hún hefur ekki tekið neina ákvörðun um það, því að hennar viðfangsefni beindist eingöngu að því að gera ráðstafanir fyrir því, sem hér eftir kæmi. En það skal fúslega játað, að þetta er fullkomið athugunarefni. Ég tel, að það væri rétt, að n. tæki einnig þetta til athugunar í sambandi við meðferð málsins eftirleiðis.

Þar sem liggja fyrir gjafabréf eða reglugerðir, mun svo mælt fyrir, að ákveðnir aðilar hafi umsjón með þessum jarðeignum og þá líka með því, sem inn kemur, og úthlutun þess. En n. var sammála ríkisstj. eða landbrh. um, að það væri eðlilegast þrátt fyrir ákvæði gjafabréfa, að slík sjóðeign væri í vörzlu félmrn., en aftur færu þeir aðilar með úthlutun þessa fjár, sem gjafabréf eða skipulagsskrá mælir fyrir um.

Þá þótti hv. þm. Borgf. n. torvelda sölu á þeim jörðum, sem hér um ræðir. Því skal ekki neitað, að það er gert. Og það er gert með ráðnum hug. N. lítur svo á, að þetta sé allt mjög vafasamt og eiginlega nokkur vafi á, hvort ríkið eða Alþingi hafi rétt til að blanda sér í og taka ákvarðanir um svona löguð málefni. Þess vegna hefur n. valið þann kost, að því aðeins komi sala til framkvæmda, að svo sé komið, að öllum sé augljóst, að vegna þess, hve litlar tekjur þessi eign gefur af sér, sé höfuðtilgangur gefandans með ráðstöfun teknanna að litlu eða engu orðinn, eins og segir í brtt. Þegar svo stendur á, þá telur n. eðlilegt, að leitað sé annarra úrræða, því að vitanlega mundi gefandinn, ef hann stæði ofan moldar, kjósa, að það væru gerðar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar væru, til þess að þessi gjöf kæmi einhverjum að notum, en yrði ekki með öllu gagnslaus. Það liggur í hlutarins eðli. Á hitt er svo aftur að líta, að við lítum svo á, að það sé engin ástæða til að selja jarðeign, sem gefur það af sér, sem ætla má að sé nokkuð eðlilegt. Og það er líka í alla staði í samræmi við það, sem var tilgangur gefandans. Við teljum ekki rétt að ganga í berhögg við vilja eða óskir gefandans og selja þessar jarðir, hvernig sem á stendur.

Þá benti ræðumaður á það, að hér væri vikið að því í till. n., að n. ætlaðist til, að það væri borgað í fríðu. Þetta er nú ekki alveg rétt skilið, því að þar segir aðeins, að það skuli leigja jarðirnar með hliðsjón af gömlu lagi, þ. e. með hliðsjón af því, sem tíðkaðist, þegar borgað var í fríðu, til þess að tekjur af jörðinni rýrni ekki. Það er ekki hugsun n., að það sé farið að taka upp sauðagjald eða smjörleigur, heldur aðeins að það sé haft til viðmiðunar og þá með hliðsjón af gildandi verðlagsskrá á hverjum tíma, eins og nú er gert, þar sem svo er ákveðið, að borgað er í fríðu eða miðað við verðlagsskrárverð.

Ég verð líka að leiðrétta það, að ræðumaður talaði hér um sjö jarðir. Ég sé, að hann hefur ekki flett við blaðinu, því að hérna framan á blaðinu eru sjö jarðir, en hinum megin eru þær miklu fleiri. (*PO:* Þær eru fjórum sinnum sjö.) Þær eru víst 32, svo að þær eru rúmlega það.

Ég held, að ég hafi svo ekki öðru við þetta að bæta, en ég get tekið það fram, að ég tel víst, að n. sé fús til að taka til athugunar það atriði, sem þm. Borgf. vék að sérstaklega, hvernig skyldi eftirleiðis fara með það fé, sem er í vörzlu umsjónarmanna og hefur komið inn fyrir jarðir, sem hafa verið seldar nú á allra síðustu árum.

Pétur Ottesen: Ég vil þakka hv. frsm. fyrir undirtektir hans viðkomandi því atriði, sem ég óskaði eftir að nánar yrði athugað, og ég tel rétt og hyggilegt undir öllum kringumstæðum, að sams konar ákvæði eða svipuð verði látin gilda um ávöxtun þess fjár, sem fengizt hefur fyrir kristfjárjarðir, sem nú er búið að selja, og ávöxtun þess fjár, sem fæst fyrir þær jarðir, sem kunna að verða seldar hér eftirleiðis, þó að ég geri ekki ráð fyrir, að þær muni verða margar, eftir þeim traustu umbúnaði, sem um þetta er hjá landbn. En það má þó út úr þessu draga viðurkenningu nefndarinnar á því, þegar svo er komið um einhverja jörð, sem verið hefur í leiguábúð og orðin er sökum niðurníðslu gagnslaus gjaldstofn, að eina úrræðið til þess að koma þessari jörð aftur í það ástand, að hún geti svarað vöxtum og þar með náð tilgangi gefandans, sé að selja jörðina og koma henni í sjálfsábúð. Þetta er rétt ályktun. Þegar svona er komið, er það vissasta og jafnvel eina leiðin til að rétta við, að jörðin komist í sjálfsábúð. Það var einmitt út frá þeirri hugsun, sem í þessu felst, að mér þótti óþarflega um búið að halda þessum jörðum í þeim gamla farvegi, sem í sumum tilfellum hefur leitt til þess, að þær hafa ekki orðið þjóðfélaginu til neinnar uppbyggingar og ekki heldur orðið til þess að svara til þess tilgangs, sem gefandinn hafði gert ráð fyrir, þegar hann tók sína lofsverðu ákvörðun um að láta einhverja af nauðstöddum borgurum þessa þjóðfélags njóta góðs af afrakstri eignarinnar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil aðeins láta í ljós ánægju mína yfir þeim brtt., sem hv. landbn. kemur með. Ég álít, að allar þessar brtt. leiði í rétta átt. Þó að ég, eins og ég hef minnzt áður á við umræðurnar, hefði gjarnan kosið, að það hefðu enn fremur verið lagðar sérstakar skyldur á herðar ríkisins í þeim efnum að taka að sér að tryggja við í svona jörðum og annað slíkt, þá mun ég ekki bera fram brtt. við þessar brtt. landbn. Það er aðeins eitt atriði, sem ég álít að kæmi máske til mála að gera þarna brtt. um við þessa umr., og það er við sjálfa 1. gr. frv. Með henni er lýst yfir, að raunverulega samþykki Alþingi í eitt skipti fyrir öll þá sölu, sem fram hefur farið hingað til, og það er máske dálítið efasamt, hvort við eigum að gera það, hvort það

sé ekki eins gott, að það verði að fara fram samþykkt á þeim sölum, sem fram hafa farið, að svo miklu leyti sem þær hafa verið gerðar í heimildarleysi, á sama hátt og lagt er til að farið sé að eftir 3. gr., eins og hún nú yrði orðuð, ef till. hv. landbn. verður samþ., að það þurfi raunverulega sérstök lagafrv. um sölu þeirra jarða. Ég verð að segja, að ég álít þó með beztu tryggingum, sem hægt sé að setja, einmitt þá breytingu, sem landbn. hér hefur sett, að það þurfi lagasamþykkt í hvert skipti.

Ég hef þess vegna nokkra tilhneigingu til að flytja þá brtt. hér við 1. gr., að hún sé felld niður, og vildi leyfa mér að leggja hana hér fram skriflega og biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 196) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Út af þessari skriflegu brtt., sem nú er fram borin, vil ég enn taka það fram, að n. leggur til, að 1. gr. verði samþ. óbreytt, og styðst í því efni við það, að augljóst er af þeim gögnum, sem fyrir liggja, að ýmsar þessar eignabreytingar, sem hér er leitað staðfestingar á, eru orðnar harla gamlar og hafa verið viðurkenndar af opinberum aðilum bæði með stimplun skjala og þinglestri og auk þess átt sér stað margvíslegur tilflutningur, svo að það er í mörgum tilfellum, hygg ég, nærri ókleift að ætla að fara að rifta slíkum margra ára gerningum um jarðir, sem kannske hafa síðan gengið fleiri manna á milli. Ég tel tillöguna þess vegna alveg fráleita. Það er eingöngu út frá þessu sjónarmiði, sem stjórnarráðið eða landbrn. hefur lagt til og talið, að ekki væri um annað að gera en að staðfesta þessar ráðstafanir eins og komið væri. Þess vegna telur n. það vera óráð að fara að grauta upp í þessu og það geti aldrei orðið annað en til þess að skapa endalausa vafninga og hálfgerð vandræði, sem kannske bitna á þeim, sem sízt skyldi. En það mundi leiða af því, ef ætti að hafa þá aðferð, sem mér skildist að hv. 2. þm. Reykv. legði til, að leita yrði staðfestingar Alþingis á hverri einstakri sölu kristfjárjarða eða jarða í fátækraeign, sem fram hefur farið.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér var ljóst, að það mundi ýmislegt af þessu vera orðið nokkuð gamalt. Og það, sem gerði, að ég flutti þessa brtt., var, að ég áleit, að það gæti verið varasamt fyrir okkur að vera að slá föstu samþykki okkar á þessu í heild. Það er rétt, að þetta hefur verið gert, ég býst við raunverulega í heimildarleysi, að selja þessar jarðir. En er nokkur ástæða fyrir Alþingi til þess að vera að slá því föstu eftir á, að allt þetta, sem gert hefur verið í heimildarleysi, sé hér með orðið löglegt?

Ég býst við, að það sé alveg rétt, eins og hv. frsm. landbn. sagði, að það væri mjög erfitt að fara nokkuð að grauta í þessu héðan af, enda hef ég ekki flutt neina till. um það. Svo framarlega sem einhverjir vildu fara að flytja till. um það, þá yrði að koma fram lagafrv. hér á þinginu um, að þessi og þessi jörð, sem seld hafi verið fyrir svona og svona mörgum árum, skuli hér með skoðast löglega seld o. s. frv. Það býst ég nú satt að segja við að fæstir færu að gera. Ég býst ekki við, að það yrði farið að rugla neitt í þessu. En einmitt út frá því sjónarmiði, að þetta hafi einu sinni verið gert í heimildarleysi, án þess að það verði farið að rífast nokkuð út af því hér eftir, þá kann ég næstum því ekki við að slá því föstu, að hér með skuli allt saman vera löglegt.

Ég fellst alveg á það, að þessi till. hefur ekki neina verulega praktiska þýðingu. Það er aðeins það prinsipiella í því að vera raunverulega ekki að viðurkenna eftir á, að það skuli allt vera löglegt, sem einu sinni var gert í lögleysu. Þess vegna legg ég ekki mikið upp úr þessu út af fyrir sig, þótt ég hafi komið hér með þessa till., því að ég álít, að þýðingarmesta breytingin, sem hv. landbn. hefur gert á þessu frv., sé sú, að það þurfi samþykki Alþingis héðan af til hverrar sölu.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Eftir því sem mér skildist á ræðu síðasta ræðumanns, þá greinir okkur ekki mikið á. En það, sem ég vil leggja áherzlu á, er, að það sé bezt að koma þessu út úr heiminum. Sumar þær jarðir, sem hafa verið seldar, eru enn færðar jafnvel á opinberum skýrslum sem kristfjárjarðir eða jarðeignir í opinberri eigu eða undir þann flokk, og einhverjar deilur kunna að vera um það. Þess vegna er þessi grein til öryggis þeim mönnum, sem hafa keypt þessar jarðir í góðri trú. Það er því ekki alveg einskis virði, hvort þetta er ákveðið og gert hreint borð um þessa hluti eða ekki. Það er vegna þessa atriðis ekki sízt, sem ég tel það sé rétt, sem landbn. hefur lagt til, að samþ. 1. gr. eins og hún liggur fyrir.

ATKVGR.

Brtt. 196 felld með 15:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, GJóh, KGuðj, LJós.

nei: BFB, EggÞ, EI, GíslG, GÞG, HV, IngJ, JPálm, JS, KJJ, MJ, PÞ, SÁ, ÁB, HÁ. BergS, GilsG, SkG greiddu ekki atkv.

13 þm. (BÓ, EirÞ, EmJ, EystJ, GTh, JóhH, JR, JörB, ÓTh, PO, SB, SG, StgrSt) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 15:4 atkv.

Brtt. 184,1 (ný 2. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

— 184,2 (ný 3. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 184,3 (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

5. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 197, 202, 204).

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef hér leyft mér að leggja fram brtt. við frv. á þskj. 202. Fyrri brtt. er við 2. gr. Í þeirri grein segir, að þær jarðir, sem frv. fjallar um, skuli byggðar samkv. ábúðarlögum. Ábúðarlögin kveða svo á, að jarðir skuli byggja ævilangt. Ég legg til, að ákveðið verði, að jarðirnar skuli byggðar samkvæmt ábúðarlögum eða á erfðaleigu samkv. lögunum um ættaróðal og erfðaábúð. Óhaggað stendur í frv., þó að brtt. mín verði samþ., að jarðirnar skuli byggðar með hliðsjón af gömlu lagi, svo að tekjur af þeim rýrni ekki.

Síðari brtt. er við 3. gr. frv. Í þeirri gr. segir, að forráðamaður eða forráðamenn jarðar skuli senda félmrn. tillögu um sölu á jörð, er þannig sé komið, að jörðin gefi svo litlar tekjur, að höfuðtilgangur gefandans með ráðstöfun tekna af jörðinni sé að litlu eða engu orðinn. Brtt. mín er um það, að því aðeins skuli gera tillögu um sölu, að ekki hafi tekizt að byggja jörðina samkv. ákvæðum 2. gr., annaðhvort samkvæmt ábúðarlögum eða á erfðaleigu. Þegar gjafabréf um jarðir mæla svo fyrir, að jarðirnar megi ekki selja, tel ég, að ekki eigi að víkja frá þeim eða öðrum fyrirmælum slíkra bréfa, nema nauðsyn krefji. Ég tel því skylt að leigja jarðirnar eins og gefendur hafa til ætlazt, sé þess kostur. Hitt skal viðurkennt, að sé það ekki mögulegt, má segja, að nauðsyn brjóti lög og þá eigi að leyfa sölu á jörðunum fremur en að láta þær vera í eyði. En sé um byggilegar jarðir að ræða, tel ég víst, að auðvelt sé að byggja þær, a. m. k. ef ábúendur eiga þess kost að fá þær á erfðaleigu. Ábúendur ættu þá að fá heimild til að veðsetja jarðirnar fyrir lánum til húsagerðar og annarra umbóta eftir þeim reglum, sem gilda um slíkar lánveitingar almennt, á sama hátt og bændur á ríkisjörðum, sem hafa þær á erfðafestu. Slík heimild til veðsetningar er nú í 2. gr. frv. Um leið væru að sjálfsögðu þeir sjóðir, sem eiga þessar jarðir, leystir undan þeirri kvöð, sem hvílir á jarðeigendum samkvæmt ábúðarlögum, að leggja fram fé til bygginga á jörðum.

Víða um land er nú allmikil eftirspurn jarðnæðis. Það er auðveldara fyrir frumbýlinga að byrja búskap, ef þeir geta fengið jörð á erfðaleigu með sanngjörnum kjörum, heldur en ef þeir þurfa að kaupa jörðina auk bústofns og annars, sem til búrekstrar þarf. Með því að ráðstafa þessum jörðum á þann hátt er hægt að gera hvort tveggja, að fylgja fyrirmælum gefendanna um að byggja jarðirnar, en ekki selja, og tryggja það, að jarðirnar verði nytjaðar. Og engin ástæða er til að ætla, að erfðaleigujarðir verði verr setnar en þær, sem eru í sjálfsábúð.

Á síðasta þingi voru samþ. lög um viðauka við lög frá 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum. Þau viðaukalög snertu sjóði, sem stofnaðir höfðu verið með jarðagjöfum. Í þeim segir, að heimilt sé að selja jörð þrátt fyrir bann við því í gjafabréfi eða skipulagsskrá, en því aðeins sé þó heimilt að auglýsa jörð til sölu eða selja, að hún hafi áður verið auglýst laus til leiguábúðar og þeim, sem vill taka jörðina á leigu, sé gefinn kostur á erfðaábúð. Brtt. þær, sem ég flyt hér, eru því í samræmi við þau ákvæði, sem sett voru í lög á síðasta þingi og ég hef hér nefnt. Ég vænti þess, að hv. landbn. sem og aðrir hv. þdm. geti fallizt á þessar brtt. mínar.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Það er út af þessari síðari brtt., sem hv. þm. V-Húnv. (SkG) flytur. Nefndin hefur ekki athugað það nægilega, og okkur skilst jafnvel, að hún geti í ýmsum tilfellum raskað alveg tilgangi gefandans með gjöfinni, og vildum þess vegna mælast til, að málið verði tekið út, svo að nefndin hafi tóm til að athuga þetta nánar.

Umr. frestað.

Á 32. fundi í Nd., 3. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 197, 202, 204, 207, 221).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Það eru hérna nokkrar brtt., sem landbn. flytur við frv. og ég vildi aðeins gera stutta grein fyrir. Í fyrsta lagi er það á þskj. 204. Fyrri brtt. þar hljóðar um það, að um þær jarðir, sem hafa verið í fátækraeign og hafa verið seldar áður en lög þessi öðluðust gildi, skuli sömu reglur gilda um meðferð þess fjár, sem inn fyrir þær kemur. Er þar gengið á móti óskum þm. Borgf., sem einmitt hreyfði því, að það vantaði ákvæði um þetta atriði. — Þá er hér lítils háttar breyting á 4. gr. Það er engin efnisbreyting, en aðeins orðalagsbreyting, sem er gerð til þess að færa þessa gr. til samræmis við 2. og 3. gr., eins og þær eru nú orðnar. Í frv., eins og það var upphaflega, og við það er 4. gr. orðuð, þá var svo til ætlazt, að það væru sveitarstjórnir einvörðungu, sem hefðu umráð og úthlutun fjárins. Með þeirri breytingu, sem hv. Nd. hefur gert á þessu, eru það einnig aðrir aðilar, og því þarf að breyta orðalagi gr. til samræmis við það. — Þá er á sama þskj. lagt til, að bætt sé inn í ákvæðum um að fella úr gildi lagaákvæði, sem kunna að fara í bága við ákvæði þessara laga.

Enn fremur hefur n. flutt hér brtt. á þskj. 217, sem er aðeins orðalagsbreyting og eingöngu til þess að færa upphaf 5. gr. til betra máls.

Loks er hér brtt. á þskj. 221, í tilefni af brtt. hv. þm. V-Húnv., fyrri lið. Þar leggur n. til, að á eftir orðunum „ábúðarlögum" komi „eða á erfðaleigu", en svo ekki frekar, og mér hefur skilizt, að hv. þm. V-Húnv. teldi sínum óskum fullnægt með því og mundi taka fyrri lið sinnar brtt. aftur.

Um síðari liðinn í brtt. hv. þm. V-Húnv. skal

ég aðeins geta þess, að n. telur, að þessi brtt. sé óþörf, þar eð ákvæðin í 2. gr. segja alveg skýlaust, að jarðir skuli byggja, annaðhvort samkv. ábúðarlögum eða á erfðaleigu, og það sýnist því ekki ástæða til þess að taka það fram á nýjan leik, en getur á hinn bóginn valdið því, ef menn lesa 3. gr. með þeirri brtt., sem þm. V-Húnv. leggur til að sé sett inn, þá mætti skilja greinina út af fyrir sig þannig, að það mætti ekki bjóða jörð til sölu, ef það hefði tekizt að byggja hana fyrir hvað lítið sem væri. En það er eitt af því, sem fyrir n. — og ég hygg deildinni — vakti, að koma þessu í það horf, að tilgangi gefandans verði náð með því, að vextir af þeim höfuðstól, sem hann hefur lagt fram, svari til þess, sem hann ætlaðist til. En þó að hægt væri að byggja jörð — við skulum segja fyrir 50—100 kr. — þá er það vitanlega ekki til þess að ná tilgangi gefandans, ef hægt er með sölu að fá miklu hærri upphæð til frambúðar heldur en yrði með byggingu jarðarinnar. Það verður þess vegna að vera undir dómi þeirra, sem með þetta fara, og þá að lokum Alþingis, ef kæmi til sölu, hvort þarna væri rétt stefnt eða ekki.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það er viðkomandi brtt. mínum á þskj. 202, sem ég hef áður lýst.

Ég get fallizt á að taka aftur fyrri liðinn í von um það, að brtt. hv. landbn. á þskj. 221 verði samþ. Ég get fallizt á, að tilvitnun í lögin megi falla niður.

Hins vegar sé ég mér ekki fært að taka aftur 2. brtt. mína, sem er við 3. gr. Ég tel, að það sé rétt að hafa þetta ákvæði í þeirri gr., og ég get ekki fallizt á með hv. frsm. n., 2. þm. Skagf., að þó að þetta ákvæði sé, þá sé skylda umráðamanna að byggja nefndar jarðir fyrir hvað lítið sem er, því að það stendur í minni brtt.: „enda hafi ekki tekizt að byggja jörðina samkv. ákvæðum 2. gr.“ — og 2. gr., með þeirri breytingu, sem væntanlega verður við hana samþ., verður þannig, að það skuli byggja jarðirnar samkvæmt ábúðarlögum eða á erfðaleigu, en með hliðsjón af gömlu lagi, svo að tekjur af jörðunum rýrni ekki. Ég tel, að það sé réttara að hafa þetta ákvæði til þess að tryggja, að jarðirnar verði ekki boðnar til sölu eða farið fram á heimild til að selja þær, nema liggi ljóst fyrir, að það sé ekki hægt að byggja þær eins og gefendur hafa upphaflega til ætlazt, og ég vil benda á það, að þetta ákvæði er í fullu samræmi við það, sem samþ. var á síðasta þingi, þegar breytt var l. um eftirlit með opinberum sjóðum að því er þetta varðar. Þar var skýrt tekið fram, að því aðeins mætti bjóða jörð till sölu eða selja, að ekki hefði tekizt að leigja hana, eins og þeir, sem gáfu jörðina upphaflega, höfðu ætlazt til.

ATKVGR.

Brtt. 221 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 202,1 tekin aftur.
— 202,2 felld með 12:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SG, SkG, StgrSt, BergS, EggÞ, EOl, EirÞ, GilsG. GJóh, GÞG, BFB.

nei: PÞ, ÁB, BÓ, EI, HV, IngJ, JPálm, JS, JR, KGuðj, KJJ, SB.

EmJ, EystJ greiddu ekki atkv.

10 þm. (LJós, MJ, ÓTh, PO, SÁ, GíslG, GTh, HÁ, JóhH, JörB) fjarstaddir.

Brtt. 204,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 204,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 217 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 204,3 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., 4. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 236).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

4. Olíuflutningaskip (stjfrv.).

Á 58. fundi í Nd., 5. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast lán til kaupa á tveimur olíuflutningaskipum [163. mál] (stjfrv., A. 437).

Á 59. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Eins og hv. þdm. er kunnugt, þá eru mjög miklir flutningar á olíum og benzíni til landsins árlega. Það eru geysihárar fjárhæðir, sem greiddar eru árlega út úr landinu fyrir flutningsgjöld í sambandi við þessa flutninga. Mér er tjáð, að á árinu 1953 hafi um 29 millj. kr. verið greiddar erlendum skipum í sambandi við flutninga þessa.

Það hefur komið fram áhugi fyrir því að eignast olíuskip, tankskip, til þess að Íslendingar gætu tekið þessa flutninga í sínar hendur. Nú hafa þeir aðilar, sem í frv. greinir, snúið sér til ríkisstj. og farið fram á að fá aðstoð ríkisvaldsins til þess að eignast olíuskip. Þessir aðilar eru, eins og frv. ber með sér, á öðru leitinu Samband ísl. samvinnufélaga og Olíufélagið h/f sameiginlega og á hinu leitinu Eimskipafélag Íslands og hin tvö olíufélögin, Shell og Olíuverzlun Íslands. Þessi félagasamtök hafa farið fram á, að greitt yrði fyrir því, að þau gætu eignazt olíuskip, með

því að ríkissjóður tæki á sig ábyrgð á lánum, sem tekin væru til kaupa á slíkum skipum, allt að 50 millj. kr. til kaupa á hvoru skipi.

Það leikur ekki á tveim tungum, að félagasamtök þau, sem hér eiga hlut að máli, eru það sterk, að það er engin áhætta fyrir ríkissjóð að ábyrgjast fyrir þau slíkar fjárhæðir, þótt stórar séu. Skipin mundu að sjálfsögðu standa þar til tryggingar, en þessi félagasamtök eru þar að auki það fjárhagslega öflug, að fjárhagsáhætta er engin. Á hinn bóginn getur það alveg ráðið baggamuninn um það, hvort hægt er að koma þessum stórvirkjum í framkvæmd, hvort þessi ábyrgð fæst eða ekki. Það gæti vel farið svo, að hægt væri að fá fjármagn til þessara skipakaupa með ríkisábyrgð, en ekki hægt með öðru móti, jafnvel þó að hér eigi sterkir aðilar í hlut.

Ríkisstj. vill gera það, sem með sanngirni verður af henni vænzt, til þess að Íslendingar geti eignazt olíuskip, og leggur því til, að hv. Alþingi heimili að ganga í ábyrgðir fyrir þessi félagasamtök fyrir þeim fjárhæðum, sem tilgreindar eru í frv.

Ríkisstj. telur mjög þýðingarmikið fyrir Íslendinga, að þessar siglingar gætu orðið innlendar, og telur, að fjárhagsáhætta sé engin í þessu sambandi fyrir ríkissjóð, eins og ég þegar hef greint.

Það er alveg áreiðanlega óhætt að gera ráð fyrir, að þau félagasamtök, sem hér eiga hlut að máli, mundu ekki vilja ráðast í kaup á þessum skipum, nema þau tryðu því sjálf, að hægt væri að reka skipin hér með sæmilegum árangri. Þau eru sem sé þannig sett, félögin, að ef hér yrði um fjárhagslegt tjón að ræða, þá skylli það tvímælalaust á þeim, en ekki á ríkinu eða neinum öðrum. Þess vegna er áreiðanlega óhætt að treysta því, að þau mundu ekki ráðast í þetta, ef þau teldu þetta ekki skynsamlegt frá sínu sjónarmiði. Og ef það er skynsamlegt frá þeirra sjónarmiði að eignast þessi skip, þá virðist mér það líka skynsamlegt frá sjónarmiði heildarinnar.

Nú hafa heyrzt raddir um, að það mundi kannske hyggilegra að stíga ekki tvö skref í einu, ef svo mætti segja, heldur stíga aðeins eitt skref í einu og gefa aðeins kost á því að greiða fyrir um útvegun á einu skipi, en ekki tveimur. Þær röksemdir hafa verið færðar fyrir þessu, að tvö skip mundu geta flutt miklu meira af olíu og benzíni en Íslendingar þurfa að flytja til landsins eins og nú standa sakir, jafnvel þó að það sé tekið með, sem þeir nú flytja hingað til landsins fyrir aðra. Það er alveg rétt, að þessi skip mundu geta flutt bæði saman miklu meira samtals en Íslendingar nota eins og nú standa sakir. Í mínum augum er það þó ekki rök fyrir því, að ekki sé rétt að greiða fyrir því, að hingað komi tvö skip, og það er vegna þess, að menn verða að venja sig af þeim hugsunarhætti, að Íslendingar eigi aðeins að sigla fyrir sjálfa sig, en eigi ekki að keppa að því að flytja vörur eða sigla í þjónustu annarra.

Ég álít, að Íslendingar eigi að keppa að því að koma hér upp öflugum kaupskipaflota og hafa að atvinnugrein að annast siglingar fyrir aðra, hliðstætt því, sem Norðmenn og fleiri gera nú. Það er engum vafa undirorpið, að Íslendingar hafa góð skilyrði á margan hátt til þess að takast slíka þjónustu á hendur og gera siglingar fyrir aðra að atvinnugrein. Landið liggur mjög heppilega til þess, og Íslendingar eiga nú þegar áreiðanlega óvenjulega vel menntaða og dugmikla sjómannastétt, en á því veltur ákaflega mikið í sambandi við slíkan atvinnurekstur. Ég álít því, að hiklaust eigi að keppa að því, að hér komi upp kaupskipafloti, sem geti siglt fyrir aðra, og ef tekst að eignast þessi tvö olíuskip, þá eiga þau að geta siglt talsvert mikið fyrir aðra. Þá væri einmitt merkilegt spor stigið í siglingasögu landsins, því að fram að þessu höfum við þó aðallega eða jafnvel alveg eingöngu annazt siglingar fyrir okkur sjálfa.

Það er svo annað atriði, sem ekki kemur þessu beint við, en gaman er þó að minnast í sambandi við mál þetta, að auk þess, sem við auðvitað eigum að hafa óvenjulega góða aðstöðu til þess að verða siglingaþjóð á þennan hátt, þá hljótum við að hafa einnig óvenjulega góða aðstöðu til þess að gerast loftsiglingaþjóð, enda þegar góð reynsla í því efni. Eigum við hiklaust að keppa að því að auka þann atvinnurekstur sem allra mest.

Það er auðvitað mjög fjármagnsfrekt að koma upp stórum kaupskipastól og flugvélaflota, og við höfum sjálfir ekki nema lítið fjármagn til þess að leggja fram í því skyni og verðum því að reyna að fá að láni það, sem unnt er, til þess. Ég tel það mjög ánægjulegt, þegar sterkir aðilar í landinu vilja gerast til þess að taka frumkvæði í þessu og taka á sig þá áhættu, sem auðvitað hlýtur alltaf að vera einhver. Ég tel því fullkomlega réttmætt, að ríkisvaldið komi til stuðnings og greiði fyrir á þann hátt, sem það getur, ekki síst þegar þannig stendur nú á, eins og í þessu falli, að það er nokkurn veginn alveg augljóst mál, að það verður að útlátalausu fyrir ríkið og þjóðfélagið í heild sinni, þannig að þjóðin og ríkið hefur allt að vinna í þessu sambandi, en engu að tapa.

Nú gætu menn spurt, og það kemur kannske í hug sumum, hvort svona stórar lántökur til kaupa á skipum mundu ekki koma í bága við aðrar fyrirætlanir, sem ríkisstj. og Alþingi hafa um útvegun lánsfjár til annarra framkvæmda. Um þetta er ekki hægt að fullyrða neitt, en ég vil benda á, að það stendur stundum þannig á, að hægt er að útvega fé til þess að kaupa skip og jafnvel flugvélar og slík farartæki, sem ekki eru staðbundin, þótt ekki sé hægt að útvega það hið sama fé til annars. Þess vegna þarf þetta engan veginn að reka sig á aðrar fyrirætlanir, þótt gefinn væri kostur á þessari ríkisábyrgð og þessar lántökur ættu sér stað, enda verður náttúrlega að hafa það atriði í huga við framkvæmd málsins. Lán til þess að kaupa skip og flugvélar eru í allt öðrum flokki en þau lán, sem tekin eru til þess

að koma upp fyrirtækjum, sem eru föst og óhreyfanleg.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér datt eiginlega í hug, að það væri nú alveg sérstaklega ánægjulegt fyrir okkur að sjá þetta frv. og hlusta á ræðu hæstv. fjmrh., og það frá tvennu sjónarmiði, svo að maður taki nú ekki máske alvarlegustu hlutina í málinu. Við munum máske eftir, að fyrir kosningar varð dálítið ósamkomulag á milli þessara félaga, sem þarna eru að sækja um að fá ríkisábyrgð. Þessi olíufélög voru að bera hvert á annað hinar mestu vammir og skammir. Núverandi stjórnarflokkar notuðu það sem eitt aðalatriðið í öllum sínum kosningaáróðri, hvað þessi olíufélög og flokkarnir, sem stæðu í sambandi við þau, væru vægðarlaus í því að reyna að fléfletta þjóðina. En nú eru kosningar liðnar, og nú sjáum við þetta allt saman hér í einingu andans og bandi friðarins og hæstv. ríkisstj. koma hér fram með stjórnarfrv. um ábyrgð til handa þessum olíufélögum, sem áttu svona bágt með að sitja á sátts höfði fyrir kosningarnar. Svo heyrum við hæstv. fjmrh. lyfta sér ofur lítið upp af jörðinni, aldrei þessu vant, og tala um, að við Íslendingar ættum að fara að verða siglingaþjóð og loftsiglingaþjóð og sigla fyrir aðra, bæði á legi og í lofti. Öðruvísi mér áður brá, þegar hæstv. fjmrh. óttaðist mest um, að togararnir, sem við keyptum hér á árunum, væru eintómt gums, sem aldrei kæmi neinum að gagni, og það er þó olían til þeirra, sem nú á að flytja inn og nú á að græða á, og okkar sjávarútvegur verður eftir sem áður undirstaðan að öllu því, sem við leggjum til viðvíkjandi flutningaflota og loftsiglingaflota. En m. ö. o.: Batnandi manni er bezt að lifa, bæði hæstv. fjmrh. og þeim olíufélögum og þeirra flokkum, sem skarpast voru að berjast fyrir kosningarnar.

Sósfl. undirstrikaði mjög í sínu kosningaprógrammi þá stefnu sína að vilja stuðla að því, að Íslendingar gætu eignazt olíuflutningaskip og gætu komið upp *loftsiglingaflota*, og ég er fyllilega sammála því, sem hæstv. fjmrh. kom fram með um, að það ætti okkur sannarlega að vera mögulegt.

Í þessu frv. er farið fram á, að ríkið veiti um 100 millj. kr. ábyrgð fyrir þrjú olíufélög í landinu, Sambandið og Eimskipafélagið. Og ég vil strax taka það fram, að ég álít það stórt spor í framfaraátt, að við Íslendingar getum sjálfir eignazt olíuflutningaskip og getum sjálfir flutt okkar olíu til landsins og jafnvel líka að einhverju leyti flutt fyrir aðra, þó að *hins vegar fyrst og fremst munum* við verða að geta staðið undir því fjárhagslega sjálfir að bera þessi skip uppi. Og það er þá strax ein spurning, sem ég vildi leyfa mér að bera fram til hæstv. fjmrh. í sambandi við þessi mál, og það er, af því að ekki er tekið greinilega fram í þessari 1. gr., hvenær eigi að kaupa þessi skip, hvort um sé að ræða skip, sem þegar eru tilbúin, eða hvort eigi að fara að smíða þessi skip. Ég held, að það sé nefnilega enginn efi á því, að svo framarlega sem við getum fengið skip, sem nú eru tilbúin, þá mundi það koma allt öðruvísi út en ef nú á að ganga í ábyrgð fyrir að gera samning, við skulum segja hjá Burmeister & Wain eða einhverjum, um skipasmíði, sem mundi taka nokkur ár. Ég vildi þess vegna leyfa mér að bera fram þá fsp. til hæstv. fjmrh., hvort þessir aðilar, sem hugsa sér að kaupa olíuflutningaskipin, hafi nú þegar í huga ákveðin skip eða hafi tilboð um ákveðin skip, sem nú þegar eru nokkurn veginn fullbúin eða kannske komin í siglingu, eða hvort meiningin er að láta smíða skip. Ég vil vekja eftirtekt á muninum, sem á því mundi vera fjárhagslega fyrir ríkissjóð og Alþingi. Ef á að semja um að smíða skip, sem kann að taka 2—3 ár, þá geta á þeim tíma orðið ýmiss konar breytingar, m. a. líka hugsanlegar breytingar til hækkunar, og það mundi þýða, að ábyrgðin yrði þá máske mun hærri, þegar allt *kæmi til alls*, því að við *þekkjum þess dæmi*, að flest frv. til laga um heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast lán hafa orðið þannig, að það hefur verið komið einu, tveim, þrem þingum seinna með frv. um viðbótarlán. Það er þess vegna *mjög mikill munur*, ef það *liggur* nú fyrir tilboð um ákveðið skip, sem yrði tekið um leið og búið væri að veita þessa ríkisábyrgð, og þessi skip gætu byrjað nú þegar að vinna fyrir landið með því að flytja olíu. Það gerir ákaflega mikinn mun eða hvort við ættum að verða að bíða 2 eða 3 ár, á meðan verið væri að smíða svona skip. Vildi ég óska, að gefnar væru upplýsingar um þetta nú þegar, því að það er áreiðanlega mjög þýðingarmikill þáttur þarna í.

En þá vil ég um leið spyrja, hvort hér sé gengið út frá *eins stórum skipum* og a. m. k. rætt hefur verið um í blöðunum. Það er nú ekki tekið fram hér, hvað stór skipin eiga að vera, en ég býst við, að það sé jafnvel átt við allt upp í 18 þús. tonna skip, sem þarna hefur verið rætt um, og það vildi ég líka mjög gjarnan fá upplýsingar um, því að það er náttúrlega heldur ekki alveg þýðingarlaust. Þótt þarna standi „allt að 50 millj. kr.“, þá getur það leikið á mörgum tugum millj., og það væri þess vegna ekki óeðlilegt að vita í þessu sambandi, hvaða stærð af skipum hugsað er um. Vildi ég vona, að hæstv. fjmrh. gæfi okkur upplýsingar um það. Ég þykist vita, að einmitt slík stærð af skipum er líka sú, sem er ódýrust í rekstri. Það mun þurfa rúmlega 40 manns á slíkt skip. Það er ekki miklu meira en á *togara*, og eru það *gífurlegir yfirburðir* yfir smáu skipin, sem þurfa upp undir það eins margt fólk, en flytja miklu minna. Það hefur þess vegna mikla þýðingu fyrir okkur að vita í þessu sambandi, hversu stórt skip er þarna verið að hugsa um, vegna þess að undir því er það að miklu leyti komið, hve miklir rekstrarmöguleikarnir eru. Ég álít sem sé vera verið að stíga alveg rétt spor með því að tryggja, að Íslendingar geti eignazt skip og flutt alla sína olíu sjálfir og jafnvel búið sig undir að flytja líka fyrir aðra, og þegar það væri gert,

þá er bezt, að lagt væri út í það strax og skipin væru til undireins.

En um leið og við gerum svona ráðstafanir, ekki sízt þegar um er að ræða einkafélög, þá verðum við að athuga fleiri hliðar á þessum málum, þó að við séum sammála um sjálft prinsipið, að Íslendingar eignist olíuflutningaskip. Í fyrsta lagi verður að tryggja það, að eigendurnir geti ekki selt skipin úr landi. Ef ég man rétt, þá eru þau lög, sem nú banna að selja skip úr landi, frá 1917, og er það þó hægt með leyfi ríkisstj. Það þarf enga lagabreytingu til. Hins vegar, ef þeim lögum hefur ekki verið breytt, þá er ekki nema um 200 þús. kr. hámarkssekt við að selja skip úr landi, þannig að þegar um væri að ræða skip, sem kosta 50 millj. og þar í kring, gerir það hvorki til né frá. *Ég álít því rétt, að sú nefnd, sem fær* þetta til athugunar, hv. fjhn., athugi um að setja inn í þessi lög ákvarðanir um, að það megi ekki selja þessi skip úr landi, — algert bann við því, — og enn fremur, að ef selja eigi þessi skip innanlands, þá hafi ríkið forkaupsrétt. Það er það minnsta, sem hægt er að tryggja sér í þessu sambandi, og það vildi ég mjög mælast til að hv. fjhn. athugaði.

Þá er spursmálið um eignarréttinn í þessu sambandi. Það er sem sé af hálfu ríkisstj. lagt til, að það sé ekki ríkið, sem eigi þessi skip. Þó vil ég nú segja það, að það hefði verið að öllu leyti æskilegasti og eðlilegasti hluturinn og frá hagsmunasjónarmiði þjóðarinnar það bezta. Það er svo, að megininu af öllum olíuflutningunum til Íslands er ráðstafað af ríkisstj. Það er ríkisstj. nú sem stendur, sem kaupir inn alla olíu til Íslands. Það er ríkisstj., sem ræður því þess vegna, hvaða aðilar fá að flytja olíuna til Íslands. Og það er þess vegna líka að öllu leyti eðlilegast, að það væri ríkið, sem ætti olíuskipin, sem flytja þessa olíu. Þetta vil ég taka fram sem okkar afstöðu til málsins, að við álítum, að þetta væri það bezta. Það þýðir hins vegar ekki, að við leggjumst á móti málinu, þótt það væru aðrir aðilar.

En þá er rétt að athuga nokkuð um, hvaða aðilar það séu, sem fái leyfi til þess að kaupa þessi skip og fái ríkisábyrgð til þess og fái úthlutað frá hálfu ríkisstj. einkarétti til þess *að flytja olíu til landsins, olíu ríkisstj., olíuna,* sem ríkisstj. kaupir inn og úthlutar til ákveðinna aðila hér á Íslandi.

Það er í fyrsta lagi lagt til, að Samband ísl. samvinnufélaga og Olíufélagið h/f fái að kaupa annað olíuflutningaskipið með ábyrgð ríkisins. Ég verð nú að segja, að það er ekki eiginlega mjög nákvæmlega tekið fram í þessum tölulið, hvers konar fyrirkomulag eigi að vera á því samfélagi Sambandsins og Olíufélagsins. Á að mynda nýtt hlutafélag um þetta olíuflutningaskip, eða á þetta að vera eins konar sameignarfélag, eða hvers konar rekstrarfyrirkomulag á að vera á þessu? Það er ekki alveg þýðingarlaust. Ég álít nú satt að segja, að fyrst á annað borð ríkið á þetta ekki, þá hefði þó verið að ýmsu leyti nær að Samband ísl. samvinnufélaga sjálft hefði átt þetta skip. En ég býst við, að það sé ekki meiningin eftir þessu, heldur sé meiningin að mynda hér eitt af þeim hlutafélögum enn þá, sem eru orðin ákaflega tíð í sambandi við allan rekstur Sambandsins og ég tel að sumu leyti ekki sem heppilegust. Ég held, að það væri þess vegna mjög æskilegt að fá betri upplýsingar um, hvers konar fyrirkomulag þarna er hugsað.

Þá er viðvíkjandi hinum olíufélögunum og Eimskipafélagi Íslands. Þar kemur ekki heldur fram, hvers konar fyrirkomulag þessi félög hugsa sér, hvort það eigi að vera hlutafélag, sem þau eigi t. d. jafnt í, eða hvort það eigi að vera sameignarfélag milli þeirra eða hvað það sé. Þetta finnst mér líka eðlilegt að komi í ljós, jafnvel þó að það sé tekið fram á eftir, að félögin skuli hvert um sig ábyrgjast þetta eitt fyrir öll og öll fyrir eitt. En hvað snertir það, sem talað er um í öðrum liðum, þ. e. þann svo að segja privat-kapitalistiska þátt hvað olíuflutningaskipin snertir, — hví er þetta bundið fyrst og fremst við þessi þrjú félög? Fyrst farið er inn á þá braut að gefa auðmönnum landsins eða öðrum, sem vilja leggja fé sitt í olíu*flutningaskip, aðstöðu til að fá þarna sérstaka* ríkisábyrgð, hví er þá eingöngu verið að binda þetta við þau þrjú félög, jafnvel þótt tvö af þeim séu sjálf olíufélög og selji hér olíu og Eimskipafélagið sé hið stóra flutningaskipafélag? Hví er ekki fleirum gefinn réttur til þess að vera þarna með? Hví er ekki myndað *um þetta almennt hlutafélag?*

Ég minnist ekki á þetta vegna þess, að ég sé svo sérstaklega fylgjandi slíkum félögum, heldur hins, að mér sýnist stefna í nokkuð óheillavænlega átt um þau afskipti, sem ríkisstj. hefur af þessum efnahagsmálum yfirleitt. Mér sýnist stefna í þá átt, að það eigi svo að segja að löggilda hér á Íslandi tvenna aðila, tvo hringa, sem skuli hafa einokunaraðstöðu í öllu okkar efnahagslífi, það skuli vera alveg afmarkaðir ákveðnir aðilar og þar út fyrir skuli ekki fara. Þetta virðist greinast svo, að annars vegar er S. Í. S. og Olíufélag Íslands og nokkrir fleiri, sem fá af náðinni að vera þar með, hins vegar skuli vera Eimskipafélag Íslands, olíufélögin og nokkrir fleiri aðilar, sem standa sérstaklega í sambandi við Sjálfstfl. Og prinsipið, sem ríkisstj. virðist vera að innleiða, er þetta: Það skal skipta á milli þessara tveggja aðila jafnt öllu því, sem ríkið hefur með að gera. Og svo framarlega sem þessir tveir aðilar, þessir tveir hringar, koma sér ekki saman um að skipta á milli sín gróða af einhverjum ákveðnum hlut á Íslandi, þá skal ekki vinna þann hlut, þá skal ekki gera þann hlut, þá skal ekki leggja í þetta og þetta fyrirtæki. Ég held, að það sé fyllilega tími til kominn, — og ég hef raunar áður minnzt á það hér, — að það sé athugað alvarlega af hálfu Alþ., hvert stefnir með þessum aðferðum. Ég held, að það sé engan veginn heilbrigð þróun, jafnvel fyrir þá, sem annars vildu stuðla að því að flýta fyrir myndun auðvaldsskipulags á Íslandi, að ríkið sem slíkt, að Alþ. og ríkisstj. leiði myndun auðvalds á Íslandi inn á þá braut

að skipta svo að segja öllu efnahagslífi landsins á milli tveggja einokunarhringa.

Ég hef tekið eftir því, að þessi skipting gengur eins og rauður þráður í gegnum alla pólitík hæstv. ríkisstj., enda þræðirnir nokkuð nærtækir frá þeim flokkum, sem í ríkisstj. eru, og út til þeirra hringa í efnahagslífi þjóðarinnar, sem þarna ráða. Ég skal bara minna á nokkur dæmi.

Þegar tilraunin var gerð til að taka áburðarverksmiðjuna úr ríkiseign og ákveðið að mynda hlutafélag, sem skyldi smám saman eignast að áliti framsóknarráðherranna $^4/_{10}$ hluta úr henni, þar sem einstaklingar lögðu fram 4 millj. kr., þá kom strax upp deila í stjórnarflokkunum um, hvernig þessar 4 millj. kr. skyldu skiptast, og til þess að tryggja, að ekki stöðvaðist allt saman, var ákveðið af hálfu stjórnarflokkanna að skipta þessu þannig, að annars vegar fengi S. Í. S. helminginn, hins vegar ýmsir einstakir atvinnurekendur í Reykjavík hinn helminginn, svo að ekki hallaðist á. Síðan var svo, eins og menn muna, á síðasta þingi gerð tilraun til þess að taka alla áburðarverksmiðjuna eins og hún lagði sig, selja þær 6 millj. kr. af hlutafé, sem ríkið átti eftir, líka til einstakra aðila. Ég þarf ekki að efast um, að hefði það fengizt í gegn, eins og var í stjfrv. upprunalega, þá hefði því verið skipt bróðurlega á milli þeirra einokunarhringa, sem alls staðar eru að sölsa undir sig úr okkar atvinnu- og efnahagslífi allt, sem einhver gróði er af. Það mistókst þá, þrátt fyrir það að greinilegt væri, að ríkisstj. var því fylgjandi, en hún þorði ekki fyrir kosningar að ganga svo í berhögg við almenningsálitið og hlýða þeim fyrirmælum, sem komu frá Framkvæmdabankanum og Ameríkönum, að gefa Benjamín leyfi til að selja þetta hlutafé ríkisins upp á 6 milljónir króna fyrir nafnverð.

Sama og skeði viðvíkjandi áburðarverksmiðjunni og í öllu því hneykslismáli, öllu því ránsmáli, hefur skeð viðvíkjandi olíuinnflutningunum til Íslands. Þegar ríkið kaupir alla olíuna, þá skiptir það olíunni á milli olíufélaganna. Það er ekki, eins og greinilega hefur komið fram, verið að hugsa um, hver trygging sé fyrir því, að sjómenn og útvegsmenn geti fengið olíuna ódýrt. Olíufélögunum er gefin alger einokun. — Sama er, eins og hefur verið sýnt fram á, þegar ríkið kaupir inn allt sementið til landsins. Því er skipt á milli tveggja aðila, annars vegar nokkurra stærstu byggingarvöruinnflytjenda íhaldsins í Reykjavík, hins vegar S. Í. S. Það er sama skiptingin, og það er ekki neinn smáræðis gróði, sem tekinn er af þessum aðilum, hvort heldur olíufélögunum eða við sementsinnflutninginn, bæði í fragtinni og álagningunni hér á Íslandi. Við skulum bara taka dæmi um sementið. Það er vitanlegt, að sementið kostar, þar sem ríkisstj. kaupir það, um 200 kr. tonnið fob., fragtin, sem tekin er, hvort heldur með skipum S. Í. S. eða annarra, er yfirleitt 100 kr. á tonnið, verðið hingað komið rúmar 300 kr. á tonn, en útsöluverðið 500 kr. á tonn. Það er lagt eins mikið á það hérna heima eins og það kostar úti.

Nú er mér spurn, og það væri gott, ef hæstv. fjmrh. vildi leysa úr því fyrir okkur: Er það ekki eitt af því, sem stendur í veginum fyrir samkomulagi við Ameríkanana núna um, að Hamilton fari burt af landinu, að stjórnarflokkarnir séu ekki búnir að koma sér saman um, hver eigi að taka við, ef Íslendingar eiga að sjá um? Það má nú mikið vera, ef það væri ekki einhver ágreiningur í ríkisstj. um það, hvort það ætti heldur að vera t. d. Sameinaðir verktakar eða hvort það ætti að vera S. Í. S. og máske gegnum ríkið, sem tæki að sér að stjórna hernámsvinnunni þar suður frá. A. m. k. hefur það vakið eftirtekt manna, að S. Í. S. hefur komið sér upp alveg sérstakri skipulagningu til þess að taka að sér slíka vinnu og er farið að gerast alltilþrifamikið viðvíkjandi því að flytja hingað inn til landsins útlend hús, sem vakið hefur mikil mótmæli, eins og eðlilegt er.

Meðan deilt er innan ríkisstj., hvernig skipta skuli þessum hluta, hvernig skipta skuli arðráninu á Íslendingum, fáum við lítið að heyra, en þegar hæstv. ríkisstj. er búin að koma sér saman um hlutina og búið að skipta jafnt á milli þessara tveggja, sem virðast líta á landið og efnahagslíf þess eins og bráð, þá eru frumvörpin lögð hér fyrir okkur. Og mér er spurn: Hvað er um sementsverksmiðjuna? Hvaða snurða er það, sem hlaupin er á þráðinn þar? Er máske verið að undirbúa að fara sömu leiðina með hana eins og með áburðarverksmiðjuna? Sementsverksmiðjan er samkv. lögunum ríkisfyrirtæki eins og áburðarverksmiðjan var, þegar Framsfl. lagði hana fyrst fyrir þingið. Hvað er með sementsverksmiðjuna? Á að fara að taka hana úr ríkiseign líka? Á það sama að gerast í því efni eins og ríkisstj. hefur verið að reyna að framkvæma viðvíkjandi áburðarverksmiðjunni? Hafa Ameríkanarnir gert sömu kröfuna viðvíkjandi sementsverksmiðjunni, að hún væri ekki ríkisfyrirtæki, eins og þeir hafa gert viðvíkjandi áburðarverksmiðjunni og eins og Framkvæmdabankinn hefur verið að framkvæma hér á Íslandi? Er það ein fyrirskipunin enn þá frá Ameríkönum um, hvers konar fyrirkomulag eigi að vera á okkar efnahagsmálum? Það er eftirtektarvert atriði, að hér kemur fram að vísu mjög nytsamlegt mál, till. um ríkisábyrgð fyrir 100 millj. kr., en á sama tíma er því lýst yfir af hálfu ríkisstj., að það sé hlaupin snurða á þráðinn viðvíkjandi sementsverksmiðjunni og það sé ekki að búast við neinu frv. viðvíkjandi henni. Hvað er þarna að gerast? Hér eru það einstaklingsaðilar, stór ákveðin hlutafélög, einkaaðilar, eins og það er orðað í frv. um Framkvæmdabanka Íslands, sem eiga hlut að máli, — þá er undireins hægt að rjúka til, þá er undireins hægt að ganga í 100 millj. kr. ábyrgð, þegar það eru einkaaðilar, en ef það er ríkið sjálft, eins og sementsverksmiðjan, nei, takk, þá hleypur snurða á þráðinn, — og hvers konar snurða er það? Er ekki bezt, að við

förum að fá að vita eitthvað um þetta, áður en við fáum frv. um, að það eigi að skipta áburðarverksmiðjunni á milli einhverra — við skulum segja þeirra byggingarvöruinnflytjenda, sem hafa núna fengið sementið? Mig langar til þess, að við fáum dálitlar upplýsingar um þetta hér á Alþ., áður en hlutirnir eru lagðir fram eins og ríkisstj. er búin að koma sér saman um það.

Ég held, að það sé engum efa bundið, enda er það í samræmi við alla þá stefnu, sem þessir tveir stjórnarflokkar hafa framfylgt nú undanfarin ár, að reyna að taka sem mest úr ríkiseign eða hindra, að það verði ríkiseign, og koma því í eign einkaaðila. Og það er alveg vitanlegt mál, að þetta er gert samkvæmt beinum fyrirmælum, sem gefin voru í sambandi við Marshalllánin og Marshallgjafirnar, enda engin tilviljun, að í sambandi við Framkvæmdabankann, — og frv. um hann var útbúið af amerískum sérfræðingum, eins og menn muna, — þá var beinlínis lögð á það áherzla, að í lánveitingapólitík bankans og þar með í eftirlitinu með allri fjárfestingarpólitík ríkisstj. skyldi hlynna að því, að það væru einkaaðilar, sem legðu í fjárfestinguna, eignuðust féð og fengju gróðann. M. ö. o.: Ameríska auðvaldið hefur beinlínis verið að vinna að því að mynda sterka kapitalistiska stétt hérna á Íslandi, — ekki þar sem væru í margir kapitalistar, heldur þar sem væru í fáir kapitalistar, þar sem væri lítil einokunarklíka, sem réði, og það er sú pólitík, sem ríkisstj. er að framfylgja.

Ég skil það vel, að það kann að standa ofur lítið í hæstv. ríkisstj. að fallast á þær kröfur Bandaríkjanna, að sementsverksmiðjan verði einstaklingseign. Ég get vel skilið, að ríkisstj. hiksti dálítið á þessu, vegna þess að við urðum varir við það í fyrra, þegar hún ætlaði að ræna úr ríkissjóði því, sem eftir var af áburðarverksmiðjunni, þá hikstaði hún, þegar komið var fyrir þingið. Hún lagði til að selja öll hlutabréfin, eða gefa Benjamíni Eirikssyni heimild til þess, en hún afnam það úr lögunum á leiðinni í gegnum þingið, eða hér í Nd. Ég held þess vegna, að það sé ekkert fjarri lagi, að hæstv. fjmrh., svo varkár og gætinn fjármálamaður sem hann er, noti tækifærið, þegar hann biður þessa hv. d. um 100 millj. kr. ábyrgð, að segja okkur ofur lítið frá, hvernig þessi mál standa.

Það er ekkert undarlegt fyrir okkur, sem höfum hlustað á yfirlýsingar hæstv. ríkisstj., þegar hún tók við völdum, að hún ætli að setja 100 millj. kr. í ýmis nytsamleg raforkufyrirtæki á landinu, hún ætli enn fremur að útvega upp undir 100 millj. kr. til sementsverksmiðjunnar og þetta tvennt skuli ganga fyrir öllu, þó að við, sem höfum hlustað á svona yfirlýsingar, viljum gjarnan fá að vita, þegar ein 100 millj. kr. ábyrgðin kemur fram til handa ýmsum sterkum einstaklingum og einkaaðilum í landinu og í mjög þörfu og nauðsynlegu skyni, hvað líður því, sem ríkisstj. sagði að ætti að sitja fyrir öllu. Ég skil það vel, og það mun vera alveg rétt hjá hæstv. fjmrh., að það að veita þessa ábyrgð, sem hérna er lagt til, þarf ekkert að rekast á við hinar ábyrgðirnar. Ég geri ráð fyrir því, að það sé fyllilega mögulegt, að þessir sterku aðilar, sem þarna er um að ræða, geti keypt þessi skip erlendis nú, ef þeir fá þessa ríkisábyrgð, og það minnki ekki neitt lánstraust ríkissjóðs. En ég vildi gjarnan, að hæstv. fjmrh. myndi eftir þessu, þegar kæmi að því að ræða till. t. d., sem við höfum verið að leggja hérna fyrir um ríkisábyrgðir í sambandi við að kaupa nýja togara og annað slíkt. Ég vildi gjarnan, að hæstv. fjmrh. myndi eftir því, að það má vel veita ríkisábyrgð til þess að kaupa togara eða til þess að kaupa vélbáta, án þess að það reki sig nokkuð á sementsverksmiðjuna eða raforkufyrirtæki. En það er hins vegar ekkert óeðlilegt, þó að við spyrjum: Hvað líður þessum fyrirtækjum, sem áttu að vera númer eitt hjá ríkisstj.? Ekki sízt af því, að það eru hvort tveggja ríkisfyrirtæki. Raforkuverin á Austurlandi og Vesturlandi eru ríkisfyrirtæki. Sementsverksmiðjan er enn sem komið er ríkisfyrirtæki. En þetta eru einkafyrirtæki, og yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar frá því í fyrra, þegar hún var að pína Framkvæmdabankann hér í gegnum þingið, var að stuðla að eflingu einkaaðilanna í landinu. Ég veit, að hæstv. fjmrh. man, hvað ríka áherzlu ég lagði á það, og margar spurningar, sem ég kom fram með til hans í sambandi við einmitt þann þátt. Nú kemur það svo í ljós, að frv., sem snerta einkaaðilana, ganga glatt. Hér eru 100 millj. í dag, og ef það kemur eitthvert gott fyrirtæki á morgun, þá býst ég við, að þeir samþykki það máske líka. Eitt fyrsta lán Framkvæmdabankans, ef ég má trúa því, sem stendur í Morgunblaðinu, er að veita 2 millj. kr. lán til eins einkafyrirtækis, sem vafalaust ýmsir góðir og gegnir sjálfstæðismenn standa að, en hefur þó ekki nema 100 þús. kr. hlutafé. Það er mjög ríflegt, en er náttúrlega líka til að styðja einkaaðilana í landinu, á sama tíma sem bæjarfélögin úti á landi eru að drepast úr peningaleysi, þau bæjarfélög, sem eiga að standa undir togararekstrinum og standa undir því að borga þá olíu, sem olíufélögin græða á. Ég held þess vegna, um leið og við nú sláum því föstu, að svo framarlega sem ekki er hægt að fá það í gegn, að það sé ríkið, sem kaupir þessi skip inn og eigi þau, þá sé hér um mjög nauðsynlegt og þarflegt mál að ræða, og um leið og við gagnrýnum það, að það skuli bara vera hinir útvöldu, sem að því sitja, sem sé klíkur stjórnarflokkanna sjálfra, innstu hringar þeirra sjálfra, þessir tveir hringar, sem ríkisstj. er að láta einoka smám saman atvinnulíf Íslands, þá vil ég hins vegar minna á, að ef svona á að halda á spilunum, ef það á að vera svona góður við þá sterku aðila, við þá auðugu aðila í landinu, þá verður að fara að hugsa betur en gert er um þá, sem standa undir þessu öllu saman, og það er fyrst og fremst togaraútvegurinn og vélbátaútvegurinn íslenzki. Vélbátaútveginn er að vísu nokkuð hugsað um núna með þeim undarlegu aðferðum, sem ríkisstj.

hefur haft viðvíkjandi bátagjaldeyrinum. En með togaraútveginn er það þannig, að ríkisstj. er að drepa hann með sinni pólitík, með sinni bankapólitík og með sinni verzlunarpólitík. Ekki sízt af því, að enn þá liggur fyrir frv., sem við sósialistar höfum flutt hér á Alþ. um kaup á 10 nýjum togurum og ríkisábyrgð til þeirra, og fæst ekki afgreitt, þá held ég, að ég verði að nota tækifærið til að minna hæstv. ríkisstj. á: Til hvers ætlar hún að láta flytja alla þessa olíu inn í landið, svo framarlega sem togaraútgerðin stoppast? Ég er hræddur um, að allur gróðinn og allt öryggið, sem hæstv. fjmrh. talaði um áðan að væri í sambandi við kaupin á þessum olíuflutningaskipum, byggist fyrst og fremst á því, að íslenzkir togarar og íslenzkir vélbátar hafi efni á því að kaupa þessa olíu og borga hana áfram.

Þá kom hæstv. fjmrh. að fjármálahliðinni í þessu máli, og hann var að fullvissa okkur um, að þetta væri áreiðanlega mjög skynsamlegt fyrirtæki, sem hérna væri lagt í, og þessi félög, sem þarna ættu hlut að máli, þessi olíufélög þrjú og Sambandið og Eimskipafélag Íslands, væru félög, sem vissu, hvað þau gerðu, þau væru ekki að leggja í svona hluti, ef þetta væri einhver bölvuð vitleysa, við skulum segja, að það væri t. d. togaraútgerð eða eitthvert svoleiðis gums. Ég býst við, að þetta sé alveg hárrétt hjá hæstv. fjmrh. Þessi félög, sem eru að kaupa þessi olíuflutningaskip, vita áreiðanlega, hvað þau eru að gera. En á hverju byggist það, hvort þessi olíuflutningaskip borga sig, hæstv. fjmrh.? Það byggist á því, hvaða fragtir þau fá fyrir olíuna hingað til Íslands, hvaða verðlag er sett á þessar fragtir. Hvaða aðili er það, sem ræður því, hvaða verðlag er sett á flutningsgjald fyrir olíu hingað til Íslands? Er það ekki m. a. ríkisstj. og verðlagseftirlit hennar, þegar henni þóknast að hafa það í gangi, sem getur ráðið því, hvaða verðlag er á flutningi á olíu til Íslands, og það, hvort gróði er að flytja þessa olíu til Íslands, fer það ekki eftir því, hvers konar pólitík viðkomandi ríkisstj. hefur um það, hve mikið skuli græða á því að flytja olíu til Íslands? Og hæstv. fjmrh. og hans blað var nú fyrir kosningarnar — það er nú langur tími liðinn síðan — alveg sérstaklega að deila á það, að það væru meira að segja til vond félög í landinu, sem væru að leggja jafnvel óhóflega á flutninga bæði á olíu og öðrum hlutum til Íslands. Jafnvel Sjálfstfl., sem sjaldan deilir á slíkt, var að deila á það, að það væru til önnur vond félög á Íslandi, sem tækju jafnvel óhóflegan gróða af því að flytja olíu til Íslands. Og jafnvel eru enn þá fyrir hæstarétti mál um, að það væru jafnvel líka til félög, sem legðu nokkuð mikið á olíu, þegar hún væri komin til Íslands. M. ö. o.: Það, hvort skapaður er gróði af olíuflutningunum til Íslands, er á valdi ríkisstj. Það er hægt að láta flytja alla olíu til Íslands án þess, að nokkur maður græði á því. Svo framarlega sem maður áliti til dæmis, að það, sem Ísland þyrfti á að halda, væri að fá sem ódýrasta olíu til handa vélbátaútveginum og togaraútveginum, þá væri hægt fyrir þá stjórn, sem sæti að völdum á Íslandi, að ákveða, svo framarlega sem landið á sjálft olíuflutningaskip, að flutt sé til Íslands olía án þess, að það sé nokkuð verulegt upp úr því að hafa, það rétt svaraði kostnaði. Það fer alveg eftir því, hvers konar pólitík er rekin í landinu, hvort þetta er gott fyrirtæki eða ekki.

Hæstv. fjmrh. sagði, að það væri engin áhætta í þessu og þetta væri þjóðinni alveg að úttlátalausu. En má ég spyrja: Hver borgar gróðann af olíunni og olíuflutningunum, ef hann er? Er það ekki m. a. sérstaklega útvegurinn? Hver borgar tapið á útgerðinni, tapið, sem útvegurinn hefur vegna þess m. a., hvað olían er dýr? Það borgar alþýðan með bátaútvegsgjaldeyrinum og öðru slíku. Hæstv. ráðh. segir, að það sé þjóðinni alveg að útlátalausu, þessi félög fái sinn gróða og þar með sé þetta allt saman í lagi. Þetta er nokkuð skammt hugsað. Það er alveg að útlátalausu, svo framarlega sem sú pólitík er rekin áfram, að allir, sem selja útgerðinni, skuli græða, útgerðin ein skuli tapa. Það er að útlátalausu, svo framarlega sem það ástand á að haldast, að lítill hópur einokunarauðmanna í landinu fái ýmist sérleyfi til flutninganna til landsins eða einokunaraðstöðu um að eignast samgöngutækin og atvinnutækin og þannig aðstöðu til þess að græða á þeim, sem halda þjóðfélaginu uppi með sínu starfi, og þá fyrst og fremst sjávarútveginum. Þessu vil ég vekja eftirtekt hæstv. ráðh. á.

Ég efast ekki um eftir þeim upplýsingum, sem stjórnarflokkarnir gáfu í sumar og stjórnarblöðin voru full af í sumar, að það sé gróði á olíuflutningum til Íslands. En ég vil efast um hitt, að það sé rétt pólitík að halda því áfram að láta vera slíkan stórgróða á olíuflutningum til Íslands, að stjórnarflokkarnir þurfi að fara í hár saman fyrir hverjar kosningar til þess að bera hvor öðrum á brýn og reikna út milljónatugina, sem klíkur þeirra græði hver um sig á því að flytja olíu til Íslands og selja hana sjávarútveginum íslenzka og öðrum. Ég held þess vegna, að það hefði verið heppilegt, um leið og undirbúið var að leggja frv. fyrir um, að Íslendingar eignuðust olíuflutningaskip, þá hefði ofur lítið verið hugsað um það líka að ná til landsfólksins sjálfs þeim gróða, sem er að olíukaupum, olíuflutningum og olíusölu. Það er að vísu gott, að sá gróði komi inn í landið, en þá fer skörin að færast upp í bekkinn, ef það á að vera sérstaklega hlutverk einnar ríkisstjórnar að sjá um, að allur slíkur gróði í fyrsta lagi verði til, í öðru lagi, að hann lendi á þá réttu staði, tvær einokunarklíkur, sem fjármálalega séð standa á bak við stjórnarflokkana sjálfa. Það hefði þess vegna verið æskilegt, að það hefði komið fram einhver viðleitni í þessu frv. um að ná þessum gróða beint til þjóðarinnar sjálfrar og ekki bara til einstaklinga.

Hæstv. fjmrh. minntist á, að eitt af því, sem gerði það að verkum, að það væri betra að fá lán til skipa heldur en t. d. raforkuvera eða

sementsverksmiðju, væri, að skipin væru ekki staðbundin. Rétt er það. En það þýðir m. a., að það þarf að sjá um, að þó að skipin séu ekki staðbundin, þá sé ekki hægt að selja þau úr landinu. Við höfum nú fyrir okkur dæmi um það, að menn hafa siglt sínum skipum burt af Íslandi og Íslendingar ekki séð þau meir. Ég held þess vegna, eins og ég minntist á fyrst í minni ræðu, að þá megi þarna gjarnan og þurfi að bæta við skarpari ákvæðum um bann gegn sölu úr landi og hindrun á því. Er ég þar með ekki að neinu leyti að segja, að þessi félög hefðu sérstaka löngun til þess, en við vitum bara, að svo framarlega sem efnahagspólitík ríkisstj. yrði það vitlaus, að hún t. d. léti þá kreppu, sem nú er byrjuð að gera vart við sig í Bandaríkjunum, skella hér yfir Ísland, þá væri hætta á, að olíuflutningaskipum yrði lagt upp víðar en í Bandaríkjunum. Og ég vil minna hæstv. fjmrh. á það, að í þeim Marshallsamningi, sem hann gerði, var eitt af þeim ákvæðum, a. m. k. þegar sá samningur var gerður við önnur ríki Evrópu, að helmingurinn af öllum þeim flutningum, sem færu fram á vörunum samkvæmt Marshallgjöfunum, væri fluttur með amerískum skipum. Það er ómögulegt að segja, þegar út í kreppu væri komið, hvers konar ráðstafanir slík lönd gerðu eins og t. d. Bandaríkin, ef við verzlum við þau, og það gæti komið hart niður á íslenzkum eigendum, en hins vegar má vel svo vera, að okkur takist að bjarga okkur út úr þeirri kreppu, sem þar er að dynja yfir, a. m. k. er sem stendur með þeirri stefnu, sem höfð er hvað snertir t. d. olíuinnkaupin, ekki hætta á því, að aðrir en við þyrftu að ráða því, með hverra skipum olía til okkar lands væri flutt.

Ég vildi svo aðeins að síðustu minna á, að þetta frv., sem hvað það snertir að tryggja það, að Íslendingar eignist sjálfir olíuflutningaskip, stefnir í rétta átt, og aðstoð ríkisins við það, að Íslendingar eignist olíuflutningaskip, stefnir líka í rétta átt, þó að ég, eins og ég hef lýst greinilega, áliti, að það hefði átt að líta nokkuð mikið öðruvísi út. Þá vil ég minna á það, að allar þessar ákvarðanir viðvíkjandi olíuflutningunum og öðru slíku byggjast á einu, og það er, að framleiðsla okkar sjávarafurða geti haldið áfram eins og verið hefur af fullum krafti. Og sú ríkisstj., sem ber svona mikla umhyggju fyrir því að kaupa olíuflutningaskipin, mætti gjarnan fara að sýna það hér á Alþ., að hún bæri einhverja umhyggju fyrir því, að okkar togaraútgerð geti haldið áfram, sú útgerð, sem framleiðir upp undir helminginn af öllum okkar fiski og þar með því, sem við flytjum út. Ég vil sem sé mjög eindregið æskja þess, að hv. fjhn., sem fær þetta til meðferðar, reyni að laga þetta frv. þannig, að tryggilega sé frá því gengið, og að hæstv. fjmrh. gefi okkur þm. nokkru nánari upplýsingar, sem ég hef farið fram á í minni ræðu.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Hér er nú fram komið stjórnarfrv. um heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast lán til kaupa á tveimur olíuflutningaskipum til handa þeim aðilum, sem þar segir, annars vegar til handa Sambandi ísl. samvinnufélaga og Olíufélaginu og hins vegar til handa Eimskipafélagi Íslands og tveimur olíufélögum, Shell og Olíuverzlun Íslands. Það er út af fyrir sig mjög ánægjulegt, að nokkur skriður skuli vera að komast á þetta mál, kaup á olíuflutningaskipum. Það blandast víst engum hugur um það, að við Íslendingar verðum að stefna að því meir en gert hefur verið að koma hér upp kaupskipaflota, sem í fyrsta lagi nægi algerlega landsmönnum sjálfum til að flytja þær afurðir frá landinu, sem við framleiðum, og þær vörur til landsins, sem við þurfum að kaupa. Það er einnig rétt að mínum dómi, sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, að við eigum að stefna hærra en þetta í þessum málum. Við eigum að stefna að því að geta tekið að okkur flutninga fyrir aðrar þjóðir.

Það hefur verið sýnt fram á það með miklum rökum, að fátt mundi vera vænlegra fyrir okkur í þessum efnum heldur en kaup á olíuflutningaskipum. Flutningaþörfin á olíum hefur vaxið svo gífurlega undanfarin ár, að nú er það mjög mikið magn, sem við flytjum til landsins á hverju ári, svo að þarna er um að ræða alveg fast verkefni fyrir a. m. k. eitt stórt skip og mundi sennilega á allra næstu árum verða nóg verkefni fyrir tvö skip af þeim stærðum, sem um er talað, sem mun vera einhvers staðar á milli 15 og 18 þúsund tonn.

En í sambandi við þetta mál eru skiptar skoðanir um það, hvaða aðilar eiga að hafa eignar- og yfirráðarétt þeirra skipa, sem keypt mundu verða. Ég vil í sambandi við þetta mál minna á það, að ég og hv. 8. landsk. þm. höfum snemma á þessu þingi flutt á þskj. 113 frv. til l. um kaup á tveimur olíuflutningaskipum, þar sem lagt var til, að ríkisstj. væri heimilað að kaupa eða láta smíða á kostnað ríkissjóðs tvö olíuflutningaskip og heimilað jafnframt að taka lán erlendis til þessara framkvæmda.

Hæstv. fjmrh. sagði hér í ræðu sinni áðan, að þeir aðilar, sem hér um ræðir og ríkisstj. leggur til að fái þessa ábyrgðarheimild og þar með möguleika á að kaupa olíuflutningaskip, mundu ekki hafa hug á þessum skipakaupum, ef þeir teldu það ekki ábatavænlegt. Þetta er áreiðanlega satt og rétt. En fyrst það er fullyrt af hæstv. ráðh. og styðst þar að auki við allar líkur, að þetta muni vera mjög ábatavænlegt fyrir þá aðila, sem hér um ræðir, hví þá ekki að láta ríkissjóð njóta þessa ábata eða í öðru lagi að láta ríkissjóð hafa það í hendi sinni að halda verðinu á flutningunum á olíunni niðri til þess að auðvelda sjávarútveginum, sem notar nú mikinn hluta af þessari olíu, þann erfiða róður, sem hann stendur nú í? Sjávarútvegur okkar, og þá alveg sérstaklega togaraútvegurinn, er nú vissulega svo aðþrengdur, að það væri ekki vanþörf á að létta af honum t. d. okrinu í sambandi við þennan stóra útgjaldalið, olíuna. Það hefur komið í ljós, að einmitt flutningarn-

ir á olíu hafa valdið því, að orðið hafi þyngra fyrir fæti hjá togaraútgerðinni, sem nú berst mjög í bökkum. Það er ekki líklegt, að þeir olíuhringar eða þau skipafélög, sem hér um ræðir, mundu létta mikið þessar álögur, en væri hér um ríkið sjálft að ræða, þá hefði það að sjálfsögðu í hendi sér að haga flutningsgjöldunum með tilliti til þess, að skipin bæru sig, en ekki öllu meira.

Ég vil leyfa mér að fara fram á það, að sú hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, hv. fjhn., taki nú rögg á sig og afgreiði það mál, sem til hennar var vísað fyrir nærri 4 mánuðum, og á ég þar við frv. okkar hv. 8. landsk. um heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast lán til kaupa á olíuflutningaskipum, sem ríkissjóður keypti. Ég vildi vænta þess, að þetta frv., sem hæstv. ríkisstj. hefur nú borið fram, verði ekki afgreitt fyrr en hitt frv. kemur úr nefnd og hægt er þá að taka einnig afstöðu til þess.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Efni þess frv., sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt hér fram, er það, að veitt verði ríkisábyrgð til kaupa á tveimur olíuflutningaskipum. Í fyrsta lagi sé gengið í 50 millj. kr. ábyrgð fyrir Samband ísl. samvinnufélaga og Olíufélagið h/f, sem ætli sér að kaupa sennilega 16—18 þús. tonna olíuflutningaskip, og í öðru lagi sams konar ríkisábyrgð, allt að 50 millj. kr., fyrir Eimskipafélag Íslands, Shell h/f og Olíuverzlun Íslands. Alls eru þessar ábyrgðir 100 millj. kr. Mundi með þessu hækka mjög upphæð þeirra ábyrgða, sem ríkissjóður á að standa straum af.

Nú er það upplýst í málinu, að það er langt síðan Samband ísl. samvinnufélaga fór að undirbúa það mál að kaupa stórt olíuflutningaskip og fór að leita heimilda hjá fjárhagsráði til þess að mega ráðast í slíkt fyrirtæki. Á því var einhvern veginn mikil tregða, og málið náði ekki fram að ganga, og er mér ekki grunlaust um, að aðallega hafi strandað á því, að aðrir aðilar hafi viljað fá sams konar aðstöðu, fá einnig heimild til að kaupa olíuflutningaskip til landsins, þó að vitað væri, að eitt slíkt skip gæti annað öllum olíuflutningum til landsmanna. Það hefur ekki verið hrakið, að eitt 18 þús. tonna skip getur farið 12 ferðir frá Íslandi og til hinna fjarlægustu hafna, sem olía hefur verið keypt til landsins frá, og gæti þannig flutt til landsins um 216 þús. tonn af olíu, en olíunotkun Íslendinga er nú um 150 þús. tonn, eða miklu minna en eitt olíuflutningaskip getur annað. Ef samningar takast svo við setuliðið, meðan það hefur dvöl hér í landinu, þá er olíunotkun þess nú um 50 þús. tonn og samtals olíunotkun landsmanna og herliðsins 200 þús. tonn, eða verulega innan við það, sem eitt 18 þús. tonna olíuflutningaskip annar, þó að það þurfi að annast flutningana frá hinum fjarlægustu höfnum. Það er því alveg sýnilegt, enda ekki mótmælt af hæstv. fjmrh., að eitt skip mundi rúmlega geta annazt alla þá olíuflutninga, sem þörf er á nú til landsins. Til þess að greiða fyrir kaupum slíks skips hefði ríkið ekki þurft að ganga í nema 50 millj. kr. ábyrgð, eða helming af því, sem hér er beðið um. En vegna þess reiptogs, sem er milli hagsmunaafla innan stjórnarflokkanna, þarf að hafa þetta tvöfalt, og það er það, sem hér er að gerast. Það eru enn á ný pólitískar hallamælingar milli stjórnarflokkanna til þess að vernda gróðaklíkurnar. Það er alveg greinilegt, og það skal gerast almennt á kostnað landsmanna.

Nú er sagt sem svo: Við gerum þetta til þess að taka í fyrsta lagi í hendur íslenzkra aðila alla olíuflutninga til landsins. Það eru allir sammála um að sé sjálfsögð ráðstöfun. En við stefnum hærra. Við ætlum að fara að flytja olíu fyrir aðrar þjóðir. Þess vegna höfum við skipin tvö.

Það er ekki að neinu leyti hugsjónalegs eðlis, að skipin eru tvö og beðið er um ríkisábyrgð vegna tveggja skipa, það eru allt aðrar ástæður. Það er það, sem ég er búinn að gera grein fyrir. En til þess að gefa hæstv. fjmrh., sem hefur nú mál fyrir þessum hugsjónamönnum, kost á því að skýra það nánar fyrir okkur, þá vil ég skýra frá því, að á olíuflutningaskipum annarra þjóða munu yfirleitt vera Kínverjar og Suður-Ameríkumenn, sem eru á mjög lágu kaupi, og við þessar skipshafnir yrðu íslenzku olíuflutningaskipin að geta keppt til þess að geta tekið upp olíuflutninga fyrir aðrar þjóðir. Er það grundvölluð skoðun hæstv. fjmrh., að það sé bezt að byrja á flutningastarfsemi fyrir aðrar þjóðir með því að taka einmitt að sér þessa flutninga, sem hér er um að ræða og eru framkvæmdir á þennan hátt, sem ég hef nú gert grein fyrir? Er það álitlegast, að íslenzka þjóðin nemi þarna land fyrst í að gerast siglingaþjóð fyrir aðra? Ég held, að það væri heppilegra að byrja á að taka upp vöruflutninga á einhverju öðru sviði en olíuflutningasviðinu, þar sem svona hagar til. — Nei, það er ráðizt í kaup tveggja olíuflutningaskipa, af því að Eimskipafélag Íslands, Shell og Olíuverzlun Íslands vilja ekki sætta sig við það, að Samband ísl. samvinnufélaga eignist skip, sem annist olíuflutninga fyrir þjóðina.

Tvö 18 þús. tonna olíuflutningaskip geta flutt til landsins 430 þús. tonn af olíu, þegar íslenzka þjóðin notaði aðeins 150 þús. tonn. Það er því talsvert meira en helmingur af olíumagninu, sem slík tvö skip geta flutt, er íslenzka þjóðin ætlar að taka að sér að flytja fyrir aðrar þjóðir í samkeppni við Kínverja og Suður-Ameríkumenn. Ég hefði talið, að það lægi eitthvað nær hæstv. ríkisstj. að sjá um, að íslenzkur sjávarútvegur, togararnir og vélbátaútvegurinn, fengi olíuflutningana og olíudreifinguna með raunverulegu kostnaðarverði sem ágóðalausa þjónustu við atvinnulífið, og það er ekki nokkur vafi á því, að ef hæstv. ríkisstj. leysti málið á þann veg, þá væri hægt að breyta þannig kjörum á íslenzku togurunum, að það væri hægt að manna þá með Íslendingum, og þá væri ekki komið svo, að það þyrfti að flytja inn útlendinga til þess að halda

skipunum úti. Það væri verkefni fyrir hæstv. ríkisstj. Með því að taka þann gróða, sem hægt er að taka og réttmætt er að taka frá einstaklingum og einstaklingsfyrirtækjum í sambandi við dreifingu olíu, verzlun með olíu og flutninga á olíu til landsins, þá væri hægt að bæta kjörin svo, að Íslendingar fengjust til þess að stunda þennan undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar. Íslenzka ríkið, sem kaupir nú inn olíurnar, ætti auðvitað að sjá um, að þjóðinni væri fært að flytja þær til landsins, og enn fremur gera þá breytingu á íslenzkum l., að dreifingarkerfið væri líka í höndum samlagsfélaga útgerðarinnar sjálfrar, þannig að þetta allt saman gæti orðið til þess að efla atvinnulífið í landinu með eðlilegum hætti. Ef ríkisstj. hefði í hyggju að byrja á þessu, þá hefði hún auðvitað átt að bera hér fram frv. um það, að íslenzka ríkið keypti eitt 18 þús. tonna olíuflutningaskip, sem svo annaðist þessa þjónustu ágóðalaust fyrir atvinnuvegina. En það er eitthvað annað en slíkt mál sé hér á ferðinni.

Það má vel vera, að það sé rétt, að þessi 100 millj. kr. ríkisábyrgð torveldi ekki hæstv. ríkisstj. að útvega fé til raforkumálaframkvæmdanna og til sementsverksmiðjunnar, en áreiðanlega verður þetta á engan hátt til þess að greiða fyrir því. Fyrr var þó lofað, að útvegun lánsfjár til sementsverksmiðju og raforkumálaframkvæmda skyldi ganga fyrir öllu öðru, og ég tek undir það, sem hér var áður sagt, að það væri mjög æskilegt að fá að vita, hvaða erfiðleikar það eru, sem hæstv. ríkisstj. stendur í, hvaða snurða það er, sem er hlaupin á þráðinn, eins og það hefur verið orðað, að ekkert virðist ganga eða reka um útvegun fjár til raforkuframkvæmda. Ég tek það líka sem góða og gilda vöru, að ríkið stofni sér kannske ekki í mikla áhættu með því að ganga í þessa ábyrgð, þar sem Samband ísl. samvinnufélaga, Olíufélagið h/f, Eimskipafélag Íslands, Shell h/f á Íslandi og Olíuverzlun Íslands eiga öll að standa í ábyrgð fyrir þessum 100 millj. Og af hverju er það ekki áhættusamt? Af því að þessir aðilar eru búnir að fá í skjóli aðstöðu sinnar að raka saman mörgum hundruðum millj. kr. á þeirri aðstöðu, sem þeir hafa haft í landinu, og er vitanlegt, að þau eiga að fá að maka krókinn áfram. Af því er það, að þetta er ekki áhættusamt. En það væri áreiðanlega miklu betri þjóðfélagsráðstöfun, að það væri tekið fyrir þessa gróðamöguleika og okkur Íslendingum gert fært að veita íslenzkri sjómannastétt þau kjör, að menn fengjust til þess að stunda íslenzkan sjávarútveg, því að það verður hvorki gróði af olíuverzlun né öðru hér á landi, ef sjávarútvegurinn fer í rúst.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Hv. 2. þm. Reykv. spurði, hvort það mundi vera hægt að ganga frá kaupum á skipum strax, ef þetta frv. yrði samþ. og ábyrgðir veittar. Það liggur ekkert fyrir frá þeim, sem hér eiga hlut að máli, um það, að þeir geti gert þetta strax, heldur mundi verða undirbúningur að því, og mundi sá undirbúningur verða gerður í samráði við ríkisstj. — Þá spurði hv. þm., hve stór skip hér mundi verða hugsað til að fá. Það munu vera frá 15—18 þús. tonna skip, sem aðilar hafa í huga.

Allir hv. ræðumenn hafa talið sig fylgjandi því, að Íslendingar eignuðust olíuflutningaskip. Þó að einn af hv. ræðumönnum hafi talið, að það væri alveg nóg að eignast eitt skip og meira að segja hættulegt að eignast tvö, þá hafa þeir þó allir sagt, að þeir væru hlynntir því, að Íslendingar eignuðust olíuskip.

Tveir af hv. ræðumönnum, 8. þm. Reykv. og 3. landsk. þm. (HV), hafa lýst yfir þeirri skoðun sinni, að ríkið ætti að eignast olíuflutningaskip og reka það eða þau. En mér var ekki alveg ljóst, hvað hv. 2. þm. Reykv. (EOl) vildi í því sambandi, en þó var hann a. m. k. ekki ánægður með, að þeir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, yrðu eigendur að skipum og fengju ríkisábyrgð. Það kom glöggt fram af því, sem hann sagði. Ég er nú þeirrar skoðunar, að það mundi ekki vera heppilegt, að ríkið færi að kaupa og reka olíuflutningaskip, og tel heppilegra, að þeir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, gerist eigendur olíuskipa og reki þau. Ég vil út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði um þetta efni, og raunar því, sem hinir hv. ræðumenn sögðu einnig, spyrja: Ef ríkinu er sleppt, hvaða aðilar standa þá nær því að hafa þennan rekstur með höndum en einmitt þeir, sem hér er gert ráð fyrir í frv.? Annars vegar er Samband ísl. samvinnufélaga og Olíufélagið h/f, sem starfar að verulegu leyti á vegum Sambands ísl. samvinnufélaga. Þarna er um að ræða langstærstu almannasamtökin í landinu til þess að annast verzlun og siglingar, og ég segi það hiklaust, að engum treysti ég eins vel og þessum samtökum til þess að annast þennan þátt í viðskiptunum eins og aðra þætti. Á hinn bóginn er svo Eimskipafélag Íslands aðaldriffjöðrin með olíufélögin tvö með sér, en Eimskipafélag Íslands er það félag, sem hefur hér með höndum langmestan atvinnurekstur í þessari grein, siglingunum. Og ég vil benda þessum hv. þingmönnum á það, að hvað sem hægt er að segja um Eimskipafélagið, þá er það þó víst, að þeir, þessir hv. þm., hafa á undanförnum árum hvað eftir annað samþykkt skattfrelsi, sem er miklu stórkostlegri fríðindi til handa Eimskipafélaginu en ábyrgð fyrir olíuskipi. Hvernig er hægt að koma því heim og saman, að þeir á öðru leitinu hafa samþykkt skattfrelsi fyrir Eimskipafélagið til þess að annast siglingar almennt, en sýna því nú tortryggni, þegar stendur til, að Eimskipafélagið taki að sér að verða forustufélag í samtökum, sem ætla að eignast og reka olíuflutningaskip?

Þá sagði hv. 3. landsk. þm., að það væri meira en lítið vafasamt að kaupa tvö skip og mundi geta farið illa með rekstur á þeim, vegna þess að þar þyrfti að keppa við skip, sem væru mönnuð Kínverjum og Suður-Ameríkumönn-

um, því að þess háttar menn, sem hefðu lítið kaup, væru aðallega settir á olíuflutningaskip. Mundi því verða örðugt um vik að keppa við slíka flutninga. Ég held, að þetta sé nokkuð úr lausu lofti gripið hjá hv. þm., a. m. k. er ástæða til þess að benda á það í þessu sambandi, að Norðmenn hafa stóran tankskipaflota og hafa mjög lagt sig eftir því upp á síðkastið að eignast tankskip til þess að flytja olíur og benzín, ekki fyrir sjálfa sig fyrst og fremst, heldur fyrir aðra. Þar sem Norðmenn geta með árangri keppt við aðrar þjóðir í þessu tilliti, þá ættum við að geta það líka og verðum að geta það, ef við ætlum að verða siglingaþjóð, og það ætlum við okkur að verða, — siglingaþjóð í þeim skilningi að annast ekki aðeins siglingar fyrir okkur sjálfa, heldur einnig fyrir aðra.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég tel, að með frv. því, sem hér liggur fyrir, sé hreyft mjög merkilegu máli, þó að ég áliti, að því sé hér hreyft mjög á annan veg en æskilegt væri og á annan veg en ég álít að ástæður liggi til einmitt í þessu máli.

Það er öllum kunnugt, að verið hafa allharðar deilur á undanförnum árum um olíusöluna hér á Íslandi. Það er alveg ómótmælanlegt, að hér á landi hefur verðlag á olíu alltaf verið miklum mun hærra en í öllum nálægum löndum. Skýringar á þessum mikla verðmun á olíu hafa yfirleitt ekki fengizt. Það er líka kunnugt, að þeir aðilar, sem eru fyrst og fremst umboðsaðilar erlendra olíuhringa, sem hér hafa með innflutning og sölu á olíu að gera, hafa hvað eftir annað orðið uppvísir að því að hafa í frammi óleyfilega álagningu í sambandi við olíuverzlun sína. Í því efni nægir að minna á atriði eins og það, sem lítillega hefur borið hér á góma núna, þegar einn af þeim aðilum, sem hér er nú verið að óska eftir að fái allstóra ríkisábyrgð, varð sannur að sök um að hafa verðlagt einn olíufarm, sem fluttur var til landsins, um það leyti sem gengisbreytingin var gerð á árinu 1950, um rösklega 1,6 millj. kr. of hátt og var dæmdur í undirrétti í sambandi við þessa verðlagningu. Það nægir líka að benda á atriði eins og það, þegar olíufélag eitt varð að skila aftur röskum 700 þús. kr. vegna innflutnings á einum olíufarmi á s. l. ári, vegna þess að það sannaðist, að félagið hafði gefið upp til verðlagsyfirvaldanna í landinu rangar tölur í sambandi við fragt á olíu. Atriði eins og þessi eru vitanlega þess eðlis, að það er alveg furðulegt, að stjórnarvöld landsins skuli geta látið þetta viðgangast án þess að aðhafast eiginlega nokkuð að ráði. Og þá verður það þó enn þá furðulegra, að stjórnarvöld landsins skuli bregðast þannig við nú að óska eftir heimild á Alþ. til þess að mega ábyrgjast allt að 100 millj. kr. fyrir þessi sömu félög sem þannig hafa á málunum haldið á undanförnum árum. En það eru í rauninni ekki einu viðbrögðin, sem fram hafa komið hjá hæstv. ríkisstj. í sambandi við olíufélögin og eru í augum almennings í landinu alveg furðuleg. Það var í rauninni alveg hið sama, sem gerðist nú á s. l. ári, þegar ríkisstj. samdi við Ráðstjórnarríkin um kaup á nærri öllum olíum, sem landsmenn þurftu, og ríkisstj. stóð þá ekki frekar að þeim samningi en svo, eftir að hún hafði gert samning um innkaup á öllum olíum, að hún sá ekki um innflutninginn til landsins, heldur afhenti samninginn þessum olíufélögum og þau gátu þá haft það eftir sinni hendi, hvernig þau vildu flytja olíuna til landsins og með hvaða verðlagningu.

Ég vil í sambandi við þetta svara því, sem hér kom fram nú síðast í ræðu hæstv. fjmrh., þegar hann þóttist undrandi á því, hvað þeir, sem hér hefðu gert athugasemdir við þetta frv., í rauninni meintu, þegar þeir væru því andvígir, að slík samtök eins og þau, sem hér ættu hlut að máli, annars vegar Samband ísl. samvinnufélaga með Olíufélagið h/f, sannarleg fjöldasamtök manna og félaga í landinu, og hins vegar m. a. Eimskipafélag Íslands, — þegar slíkir aðilar ættu hlut að máli, hvers vegna menn væru þá að amast við ábyrgðum í þessu skyni, og hann spurði: Hvaða aðilum vilja þessir menn helzt treysta til þess að hafa með höndum flutning olíunnar til landsins, ef ekki þessum? Ég segi alveg hiklaust: Reynslan af því að láta m. a. Olíufélagið h/f, Shell og Olíuverzlun Íslands hafa með höndum innflutninginn á öllum olíum til landsins er svo dýrkeypt, að það getur enginn maður í fullri alvöru óskað eftir því að veita þeim í rauninni einkaaðstöðu til þess að halda áfram innflutningi þessarar vöru. Þegar slíkt liggur alveg ótvírætt fyrir, að þessir aðilar hafa brotið settar reglur og ekki getað staðizt samkeppnina í sambandi við verðlagningu á þessum vörum, þá samkeppni, sem þeir verða að reyna sig við og er verðlagningin í nálægum löndum, þá er ekki ástæða til þess að tylla sérstaklega undir þessa aðila. Auk þess má svo benda á það, að þáttur Sambands ísl. samvinnufélaga og Eimskipafélags Íslands — en um báða þessa aðila má margt gott segja — í því að flytja vörur til landsmanna og vörur út frá landinu aftur er þess eðlis, að þeir hafa ábyggilega meira hugsað um að hagnast vel á rekstrinum sjálfir heldur en hitt, að veita landsmönnum eins ódýra þjónustu og þeir hefðu annars getað. Um það liggja reikningar þessara aðila alveg ótvírætt til sönnunar.

Það hefur komið glögglega fram í þessum umræðum, að olíuflutningarnir til landsins eru ábatavænlegir. Það er ekki um það deilt, að þeir munu skila drjúgum hagnaði. En eigi að síður getur fjármálaráðherra landsins sagt hér, að hann geti ekki mælt með því, að ríkið taki að sér þessa ábatavænlegu flutninga, án þess þó að skýra það nokkuð frekar.

Ég er þeirrar skoðunar, að það væri mjög eðlilegt, að ríkið tæki þessa flutninga í sínar hendur, en ef ekki ríkið, þá á líka að gefa samtökum útvegsmanna í landinu kost á því að njóta þessara ríkisábyrgða og yfirtaka þessa flutninga. Samtök útvegsmanna hafa þegar

myndað allöflugt fyrirtæki um innflutning á nauðsynjavörum útvegsins. Þetta fyrirtæki gæti ábyggilega auðveldlega tekið að sér olíuflutningana til landsins. Og nú vildi ég m. a. spyrja hæstv. fjmrh. að því: Vill hann athuga þá möguleika, að samtök útvegsmanna fái þá ríkisábyrgð, sem hér er um að ræða, og þannig aðstöðu til þess að sjá um innflutning á olíum til landsins? Þá ætti þó að vera nokkur trygging fyrir því, að langsamlega stærsti kaupandinn að öllum olíum, sem er sjávarútvegurinn, héldi niðri flutningsverðinu á nokkuð eðlilegum grundvelli.

En það er nú svo, að það virðist æði oft liggja þannig fyrir, að þegar um ríkisrekstur er að ræða í atvinnulífinu, þá þyki ekki rétt, að ríkið taki að sér neinn þann þátt úr slíkum rekstri, sem er nokkurn veginn öruggt að geti skilað hagstæðri útkomu.

Ríkið rekur eitt lítið olíuflutningaskip. Ríkið rekur skipið Þyril. Í nokkur ár hefur rekstur þessa skips sýnt það, að ríkið hefur grætt rösklega eina millj. á ári á þessum olíuflutningum, og þó hafa þeir olíuflutningar með þessu litla skipi innanlands verið aðallega fólgnir í því að flytja olíu héðan frá aðalstöðvunum við Faxaflóa, við Reykjavík, og til hinna dreifðu smástöðva úti um allt land. Þyrill hefur hvergi nærri haft undan í sambandi við þessa olíuflutninga, og það hefur verið innt eftir því, hvort ríkið ætli ekki að bæta við sig öðru slíku skipi, sem sé rekið með þetta góðum árangri. Það hefur ekkert orðið úr framkvæmdum. En Olíufélagið h/f hefur hins vegar keypt álíka stórt skip til þessara flutninga nú nýlega eins og Þyrill er.

Það er svo, að þar sem ríkisrekstur er tvímælalaust þess eðlis, að hann getur auðveldlega borið sig vel, þar þykir ekki rétt að taka hann upp — og þarf ekki frekari skýringa við. En hins vegar þykir rétt að afhenda það einhverjum þeim félögum, sem hafa góða aðstöðu til þess að koma þessu fé til þeirra velþóknanlegu aðila. Það er mín skoðun, að það sé hneyksli, að ríkissjóður fari nú að veita olíuhringunum, sem raunverulega eru umboðsmenn erlendra olíuhringa og hafa haft út úr landsmönnum ótaldar milljónir króna á undanförnum árum í verzlun á olíu, þessa miklu ríkisábyrgð til þess að gefa þeim í rauninni einkaaðstöðu yfir öllum olíuflutningi til landsins, þegar það er líka vitað, að það væri auðvelt mál fyrir ríkisstj. fyrir hönd ríkissjóðs að eignast þessi sömu skip og taka upp virkilega þjónustu fyrir landsmenn eða koma þeim jafnframt í hendurnar á þeim aðilum, sem réttasta aðstöðu eiga til þess að njóta bættrar afgreiðslu í þessum efnum.

Ég vil fyrir mitt leyti skjóta því að þeirri nefnd, sem nú athugar frv. þetta, að í fyrsta lagi verði athugað til hlítar, hvort ekki er rétt, að ríkið eignist skipin, og þá í annan stað, hvort ekki er tiltækilegt að gefa útvegsmönnum kost á því að njóta þessarar ríkisábyrgðar og taka þá yfir olíuflutningana til landsins.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. síðasti ræðumaður var að segja hér kosningasögu gamla, sem ég hélt nú satt að segja að hann væri orðinn dauðleiður á að kingja, og hún var um það, að Olíufélagið h/f hefði, eins og hann orðaði það, orðið að skila aftur 700 þús. kr., sem það hefði ætlað að draga sér — að því er manni skildist óleyfilega — í flutningsgjöldum. Það er rétt, að það komi hér fram, að hið rétta í þessu máli er, að það er hægt að hafa tvenns konar samninga um leigur á olíuflutningaskipum, annars vegar að hafa samninga til langs tíma með fastri fragt, hins vegar að semja um skip fyrir hverja ferð. Olíufélagið h/f komst að þeirri niðurstöðu í fyrra, að það mundi vera heppilegra að segja upp samningi, sem áður hefði verið um „langa fragt", og semja um hverja ferð til þess að fá þannig lægri fragtir. Félagið sótti um að fá að leggja þann mismun, sem við þetta sparaðist, til hliðar til að reyna að eignast olíuflutningaskip. Á meðan á afgreiðslu á þeirri umsókn stóð, kom eitt skip, og mismunurinn, sem sparaðist á þeim farmi, var í kringum 700 þús. kr. Þessu fé var svo ráðstafað til olíukaupendanna, af því að ekki var búið að fá leyfið til þess að leggja féð til hliðar. Þetta er það rétta um málið, og þetta veit hv. 11. landsk. þm. mjög vel.

Þá sagði hv. þm. enn fremur, að Olíufélaginu h/f væri ekki vel treystandi, því að það hefði fallið dómur um, að það hefði lagt meira en einni milljón of mikið á einn olíufarm. Málavextir í því máli eru kannske nokkuð flóknir, en reyna má að gera málið einfalt. Þegar gengisbreytingin varð, skuldaði Olíufélagið mikið fé fyrir olíu. Annað félag, sem hefur nokkurt samstarf við Olíufélagið, átti á hinn bóginn kröfur óinnheimtar á útlendinga fyrir selt benzín og seldar olíur. Þegar Olíufélagið gerði upp þessi viðskipti við verðlagsyfirvöldin, áleit það, sem rétt var, að hinn umdeildi farmur væri ógreiddur, enda var hann það, og að þær kröfur, sem hitt félagið átti á útlenda aðila, væru eins og hver annar óinnkominn gjaldeyrir þessu óviðkomandi. Verðlagsyfirvöldin lýstu því yfir, að þau teldu þetta rétt uppgert. Síðar var þetta mál tekið upp af öðrum aðilum, og undirdómur féll og komst að annarri niðurstöðu en verðlagsyfirvöldin, — komst sem sagt að þeirri niðurstöðu, að gengishagnaður á þessum útistandandi óinnkomnu kröfum ætti að renna inn í verðlagningardæmið, þegar olíufarmurinn var verðlagður, þótt hjá öðru félagi væri. Ég skal ekki fara að ræða þennan dóm hér, en það, sem hér hefur í raun og veru gerzt, er það, að það hefur verið dæmt ólöglegt, að H. Í. S. fengi gengishagnað af útistandandi kröfum í erlendum gjaldeyri. Óneitanlegt er samt, að allir aðrir, sem áttu óinnkominn gjaldeyri, og það meira að segja þótt menn ættu hann í erlendum bönkum og væru ekki búnir að skila honum í íslenzku bankana fyrir gengislækkunina, hafa alveg óátalið tekið sinn gengishagnað, hvað þá að nokkrum

hafi dottið í hug, að þeir, sem áttu óinnheimt andvirði útflutningsvara, þegar gengislækkunin varð, skuli skila gengishagnaði sínum. — Ég vildi bara segja þessi orð til skýringar út af því, að hv. 11. landsk. þm. var að blanda þessu hér inn í, sem er vitanlega málinu algerlega óviðkomandi.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér þykir nú hæstv. fjmrh. vera viðkvæmari, þegar rætt er um Olíufélagið og dóma, sem hafa fallið um það, heldur en hvað hann er fús á að fara að verja gerðir ríkisstj. hér frammi fyrir Alþingi í þeim lánsfjárútvegunarmálum, sem við hér höfum verið að spyrja um. Mér skildist nú jafnvel helzt á ræðu hæstv. ráðh. áðan, að það væru bara hálfgerðar ofsóknir í gangi á móti því ágæta félagi, Olíufélaginu, af hálfu dómstólanna í landinu, og það væri eiginlega ósköp ljótt, hvernig verið væri að fara með svona góð félög, og það væri ákaflega hart, ef einstakir aðilar í landinu mættu ekki fá leyfi til þess að láta þjóðina borga það mikið fyrir olíu, að þeir gætu keypt sér olíuflutningaskip og þyrftu helzt ekki að vera að bíða eftir svörum frá hinum og þessum aðilum ríkisins til þess að fá að leggja í svo ágæt fyrirtæki eins og að græða á almenningi og kaupa sér skip fyrir. En við skulum nú láta það eiga sig. Ég ætla hins vegar að minnast nokkuð á þau svör, sem hæstv. ráðh. var að gefa við mínum fyrirspurnum.

Hann svaraði því fyrst til, hvort þessi olíuflutningaskip væru til nú þegar eða ekki, að það lægi ekkert fyrir um það. Undarlegt er það nú, ef hæstv. ríkisstj., áður en hún tekur að sér að leggja fram stjfrv. um 100 millj. kr. ábyrgð, hefur ekkert spurt þessa aðila um, hvernig þetta standi, hvort það sé um að ræða að gera samning í dag, t. d. við Burmeister & Wain eða einhvern, um að fá olíuflutningaskip eftir 2—3 ár með því viðhorfi, sem þá verði, eða hvort er um það að ræða að kaupa nýtt skip, sem byrjar undireins að vinna fyrir sér. Ég vil vekja eftirtekt hæstv. ráðh. á, að það er gífurlegur munur, hvort er gert, og ég segi þetta vegna þess, að ég veit ósköp vel, að það hefur verið áhugi, og það hjá ýmsum mönnum öðrum en þeim, sem hérna eru nefndir, fyrir að kaupa olíuflutningaskip, og það hefur verið rætt um það meira að segja í blöðum, að það hafi legið fyrir tilboð í slík skip og það skip, sem Ísland gæti fengið keypt strax. Og ég vil segja, að ég álít rétt, að það liggi alveg hreint fyrir, og vil skjóta því alvarlega til hv. fjhn., að hún gangi úr skugga um það, hvort heldur sé þarna um að ræða.

Ég held, að svo framarlega sem um það er að ræða að kaupa t. d. olíuflutningaskip, sem nú þegar séu til og hægt sé að byrja að láta vinna strax á morgun fyrir okkur, þá sé það allt annað mál en að fara að leita fyrir sér á skipasmíðastöðvum úti um heim nú og semja um skip, sem verði til eftir 2—3 ár. Þetta held ég þurfi alvarlega að ganga úr skugga um.

Hæstv. ráðh. gat um, að það væru 29 millj. kr. í gjaldeyri, sem við hefðum greitt erlendum skipum síðasta ár, og það hefur þó nokkra þýðingu fyrir okkur, ef við ráðstöfum 100 millj. kr. ábyrgð svona, hvort við getum byrjað á árinu 1954 að spara okkur að miklu leyti þessar 29 millj. kr. eða ekki, eða hvort við erum að gera ráðstafanir fyrir árið 1956 eða 1957. Ég verð að segja, að hæstv. ríkisstj. hefur þá varið alveg undarlega litlum tíma í að sætta sína tvíbura, sína stríðandi bræður, ef hún hefur ekki einu sinni hugsað svo mikið um þetta mál eins og að spyrja þessi félög að því, hvort fyrir liggi tilboð hjá þeim í skip, sem þeir ætla að kaupa nú þegar, eða ekki. Og þetta held ég að hæstv. ríkisstj. ætti nú, þótt seint sé, að ganga í og spyrja að, láta fjhn. vita, því að það mundi ábyggilega flýta fyrir afgreiðslu þessa máls hér í þinginu, ef menn vissu, hvað ætti að gera í þessum efnum. Svo vil ég líka benda á hitt, að ef um er að ræða að kaupa skip núna, sem ætti að verða til eftir nokkur ár, þá kaupum við köttinn í sekknum, þá vitum við ekkert, hvaða upphæð það verður endanlega. Ég vil bara minna hæstv. ráðh. á, að þegar Sogsvirkjunarheimildin var samþ. fyrst og áætlanir gerðar um hana, þá var það 61 millj. ísl. kr. Þegar Sogsvirkjunin var komin upp, var það 165 millj., án þess að nokkuð hafi farið fram úr áætluninni, sem gerð hafði verið. Það er eingöngu gengisfellingin í millibilinu, sem veldur skaðanum, veldur því, hvað það verður miklu dýrara. Alveg sama hefur orðið upp á teningnum bæði viðvíkjandi áburðarverksmiðjunni, — ég man nú ekki nákvæmlega, hvort það voru 30 eða 40 millj., en er komið a. m. k. yfir 100 núna, þannig að það hefur þó nokkuð að þýða, hvort hæstv. ríkisstj. er hér að tala um, að við megum ganga út frá því, að þetta verði ekki meira en 100 millj. kr. og það sé hægt að kaupa skipin fyrir þetta nú þegar, eða hvort við eigum það á hættu, að ríkisstj. máske felli gengið á næsta ári og skipin séu bara í smíðum erlendis og kosti svo máske 200 millj. kr., þegar allt kemur til alls. Þess vegna finnst mér það ákaflega eðlilegt, að Alþ. fái að vita, hvað þarna er um að ræða, að það sé gengið alveg úr skugga um það. Ég vil þar að auki segja, að ef það er einhver innbyrðis togstreita á milli þessara eigenda, sem ríkisstj. ætlar að velja þarna úr af öllum aðilum á Íslandi til að eiga þessi skip, um það, hvort heldur eigi að gera, þá held ég, að það sé rétt, að Alþingi kveði á um það, hvort þetta skuli vera. Og ég er ekki fjarri því, að svo kunni máske að vera.

Þá er viðvíkjandi stærðinni. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri hugsað um 15—18 þús. tonn. Ég er hræddur um, að 18 þús. tonna skip kosti meira en 50 millj. sem stendur. Ég býst við, að tonnið í þessum skipum kosti um 3000 kr., þannig að það mundi fara fram yfir það, svo að það væri a. m. k. rétt að athuga alvarlega, hvað það er, sem kann að liggja fyrir nú um þetta, þannig að það væri þá ekki takmarkað við það, þó að það færi 2 eða 3 millj. kr. fram úr því.

Þá kom hæstv. ráðh. að spurningunni um eigandann og virtist ekki alveg hafa skilið mína afstöðu. Ég sagði það skýrt og skilmerkilega, *að ég áliti, að það væri bezt, að ríkið ætti þau*, það er tvímælalaust það rétta í þessu efni. Það, sem ég hins vegar var að átelja, var, að þarna væri skipt á milli tveggja hringa, sem tilheyra svo að segja innstu klíkum stjórnarflokkanna efnahagslega, og það er alveg auðséð, hvaða prinsip það er, sem ríkisstj. hefur í þessum efnum. Ef það er hlutur, sem á að græða á, þá skulu einkaaðilarnir, sem stjórnarflokkarnir hafa svo náið samband við, taka gróðann. Ef það er tap, þá skal ríkið og almenningur bera það. *(Gripið fram í:* Er þm. þá ekkert hræddur við Kínverjana, eins og aðrir?) Ég er ekkert mjög hræddur við Kínverjana, svo framarlega sem við erum að flytja fyrst og fremst fyrir okkur sjálfa og höfum sæmilega stjórn í landinu, sem hugsar um, að menn hafi sæmileg laun á skipunum. *En ég er hins vegar alltaf dálítið hræddur, ef* það er stjórn í landinu, sem hugsar um það eitt að hlynna að því einokunarauðmagni, sem er til hjá okkur, á kostnað þeirra manna, sem **vinna. Þá veit** maður aldrei, hvar þetta endar.

Það var núna nýlega verið að ræða um hér í þinginu, hvort ætti að taka Skipaútgerð ríkisins og setja hana í einkaeign, og mér virtist Framsfl. vera tiltölulega mjög ákveðinn á móti því, *og samt er tap á Skipaútgerð ríkisins.* Framsfl. var mjög harður, að það skyldi reka þetta áfram sem ríkisfyrirtæki, jafnvel þótt tap væri á því. En af hverju má nú ekki reka þetta sem ríkisfyrirtæki, t. d. eins og Skipaútgerð ríkisins, þegar það er eins gott fyrirtæki og olíuflutningar og þegar það gefur svona góðan gróða eins og hæstv. fjmrh. er viss um? Er það vegna þess, að Olíufélagið, sem hæstv. fjmrh. *er svona viðkvæmur fyrir, standi svona* anzi nærri hjarta hans? Og ef Framsfl., sem er svona mikið á móti auðvaldi, er nú svona viðkvæmur fyrir, ef það er rétt auðmagn, hvað gæti maður þá búizt við að Sjálfstfl. sé, sem Framsfl. lýsir alltaf sem þeim ægilega auðmannaflokki í landinu? Ég held þess vegna, að þessi stjórnarsamvinna Framsóknar- og Sjálfstfl. sé að leiða í mjög vaxandi mæli til þess, *að þessi ágæti Framsfl. sé að smitast* meir og meir í þessum efnum, og ég er hræddur um, að meginið af þeirri smitun stafi frá þeim sem ráða Sambandi íslenzkra samvinnufélaga.

Ég veit nú ekki, hvort hæstv. fjmrh. er formaður þar enn þá, — það mun kannske ekki vera, — en ég veit a. m. k., að hann ber það anzi mikið fyrir brjósti, og væri út af fyrir sig ekki mikið við því að segja, ef það væri eingöngu um samvinnuhreyfinguna að ræða. En við verðum bara að gera okkur ljóst, að þróunin, sem orðið hefur í landinu nú upp á síðkastið, er sú, að Samband ísl. samvinnufélaga, hvað stjórnarframkvæmd á því snertir, er meir og meir að breytast í eins konar auðhring, og það, hvernig Sambandið hefur tengzt m. a. amerísku olíufélögunum einmitt í gegnum sín olíusambönd hérna heima, hefur haft spillandi áhrif í þessum efnum, og ég efast um, að Framsfl. hefði komið fram með svona till. eins og hérna liggja fyrir, svo framarlega sem Samband ísl. samvinnufélaga hefði ekki haft neitt samband og nein umboð fyrir Standard Oil og ekki verið stærsti aðilinn í Olíufélaginu.

Ég held, að við verðum alveg að gera okkur ljóst, að það er stór hætta á ferðum í öllu okkar atvinnulífi, grundvöllurinn undir því er að brotna vegna þess, hvernig hlaðið er ofan á hann, grundvöllurinn, sem er sjávarútvegurinn, togaraútgerðin og vélbátaútvegurinn, er að brotna saman vegna þess, hvernig einokunarauðvaldið hérna í Reykjavík rakar að sér öllum gróðanum, sem sjávarútvegurinn gefur af sér, og þess vegna hlýtur sú spurning alltaf að koma upp í hvert skipti, sem við erum að gera ráðstafanir í þessum efnum, hvort á að gera ráðstafanirnar með það fyrir augum, að þær létti undir með almenningi og með útveginum, eða gera á þær með það fyrir augum að viðhalda eða *jafnvel auka gróðann, sem einka*aðilarnir hafa. Þess vegna álít ég, að það sé ríkið, sem eigi að eiga og reka svona skip. En hins vegar tók ég það greinilega fram, að ég er með því að fá skipin til landsins, jafnvel þótt aðrir eigi þau, en ég álít, að við þurfum þá að ganga mjög vel frá öllum tryggingum viðvíkjandi svona skipum, og það er t. d. tvennt strax í því, sem ég vil minna hæstv. fjmrh. á. *Í fyrsta lagi:* Hver er aðilinn, sem ræður um verðlagið á olíuflutningunum? Venjulega er það svo, að þessu ræður ráðherra eða m. ö. o. ríkisstj. á einn eða annan hátt. Það þýðir, að það er ríkisstj., sem ræður því, hvort það er gróði eða hvort það er tap eða hvort það rétt ber sig að flytja olíu til landsins. Það er á valdi ríkisstj. Ég veit ekki, hvort það er nokkur ósvífni að spyrja að því: Hafa þessi félög, sem ætla að eignast *þessi olíuflutningaskip*, fengið nokkra tryggingu hjá ríkisstj. um, hvers konar pólitík yrði rekin í þessu máli, t. d. ef ríkisstj. lofaði því, að að svo miklu leyti sem verðlag kæmi undir opinbert eftirlit hér á Íslandi, verðlag á flutningafrögtum, þá yrði alltaf haldið sér við heimsmarkaðsverð? Er einhver trygging þarna fyrir?

Við skulum hugsa okkur, að ríkisstj., sem sitji *hér* að völdum, væri á móti dýrtíð. Við skulum hugsa okkur annað eins, — ég veit, að það þykir hæstv. fjmrh. voðalegt, — en við skulum segja, að hún tæki upp á þeim fjanda að lækka fragtina. Það væri ægilegt ástand, ef hún tæki upp á þeim fjanda að lækka fragtir t. d. með olíuflutningaskipum. Og við skulum segja, að þeir, sem eiga olíuflutningaskipin, segðu: Ja, það borgar sig ekki að vera að flytja upp á þessar fragtir — og álitu, að þeir ættu ekki að flytja upp á þær spýtur, sem Skipaútgerð ríkisins gerir, jafnvel að taka tap, þó að þeir gætu borið það vel, af því að þeir hefðu haft gróða áður, og við skulum segja, að þeir hótuðu að leggja skipunum *vegna þess*. Það er ýmsum olíuskipum lagt víða um heim. Hvað gerir ríkisstj. þá? Mundi ríkisstj. horfa upp á það, að hægt væri að leggja svona skipum, sem ríkið er í 100 millj. kr. ábyrgð fyrir?

Hvernig yrðu þeir samningar, sem hæstv. ríkisstj. mundi gera við svona skipaeigendur? Mundi hún tryggja sér það, að svo framarlega sem þessir eigendur skipanna ætluðu af einhverjum ástæðum að leggja þeim, þá gæti ríkisstj. samstundis yfirtekið flutningana? Ég vil minna á, að það hefur meira að segja komið fyrir, að Eimskipafélagsskipunum hefur verið lagt, sem sé í verkföllum, og Eimskip með sínar 150 millj. kr. skuldlausar eignir hefur ekki álitið, að það gæti gengið að kröfum sjómanna; það hefur ranglega álitið það. Ég býst við, að slíkt gæti ef til vill komið fyrir eigendur olíuflutningaskipa líka. Hvað hefur ríkisstj. tryggt sér í slíku sambandi, og hvernig mundi hún ganga frá samningum um svona olíuflutningaskip?

Ég vil vekja athygli hæstv. ráðh. á því, að ef við látum einn eða tvo einkaaðila fá öll völdin með allan flutning á olíu til landsins, þá erum við líka á vissan hátt að ofurselja okkur í hendur slíkum einkaaðilum. Það er þess vegna rétt frá upphafi, að við tryggjum mjög vel okkar aðstöðu hvað þetta snertir, að við tryggjum það, svo framarlega sem eigendurnir af einhverjum ástæðum, hvaða ástæðum sem er, kynnu að stöðva rekstur svona skipa, þá hafi ríkið rétt til þess samstundis að yfirtaka reksturinn á þeim, og það virðist ekki vera neitt óeðlilegt fyrir ríkið, sem gengur í 100 millj. kr. ábyrgð, að tryggja sér slíkt. Þá eru komin þarna tvö ákvæði, annað um verðlagið á fragtinni, hitt um trygginguna fyrir að yfirtaka þetta, og ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Mun verða gengið þannig frá því í samningnum við þessa tilvonandi skipaeigendur, í þeim skilyrðum fyrir ábyrgðunum, sem ríkisstj. í þessum lögum fær heimild til að setja, að þetta tvennt verði gert? Því þætti mér vænt um að fá svar við.

Svo kom hæstv. ráðh. með þá fsp. til mín, að ef það nú ekki fengist í gegn, að ríkið ætti þessi skip og ræki þau, hver ég áliti þá helzt að ætti að eiga svona skip. Ég minntist satt að segja einmitt á það í minni ræðu, að ég gæti vel hugsað mér almennari samtök, annars vegar t. d. Samband ísl. samvinnufélaga og hins vegar almennari samtök með hin. En ég vil líka benda hæstv. ráðh. á, að þarna kæmi ákaflega vel til mála líka, að bæirnir ættu að sínum hluta eitthvað í svona fyrirtækjum eins og þessum. Líka kæmi vel til mála að hafa almennt útboð viðvíkjandi hlutafé, og náttúrlega kæmu alveg sérstaklega til greina allir þeir, sem á einhvern hátt nota eða hafa hagsmuna að gæta af olíu, benzíni og öðru slíku, þar með bæði útvegsmenn landsins, sjómenn, bílstjórar og aðrir slíkir. Það er engum efa bundið, að því almennari sem svona samtök eru, því meira sem fjöldinn í gegnum sín samtök eða sem einstaklingar er þarna aðili að, því minni hætta er á, að þetta verði einokunarklíka, sem á þetta og ræður því, og það var sú hætta, sem ég var að benda á. Og þegar sú einokunarklíka er þar að auki svona skyld stjórnarflokkunum, sjálfu stjórnarvaldinu í landinu, og ráðherrarnir svona viðkvæmir fyrir þessum einokunarklíkum, þá getur einmitt verið hætta á ferðum.

Hæstv. fjmrh. talaði með dálitlum þjósti um, af hverju menn væru svona hikandi að heimila Eimskipafélaginu eða öðrum slíkum að eiga þarna í. Það hefur nú ekki komið neitt sérstaklega mikið hik fram í sambandi við það, ef það væri á annað borð ekki ríkið, sem ætti þetta. En ég býst við, að að svo miklu leyti sem menn hafi verið eitthvað hikandi, þá hafi það nú kannske meðfram verið af því, að þeir væru ekki alveg búnir að gleyma því, sem stjórnarblöðin sögðu í sumar. Stjórnarblöðin, Framsóknar og íhaldsins, vöruðu þjóðina beinlínis við því, sitt í hvoru lagi, og eitt fyrir bæði og bæði fyrir eitt, að það væri alveg stórhættulegur hlutur að láta olíufélögin og þá, sem þar kæmu nálægt, hafa mikið með olíuflutninga að gera, og Framsfl. og hans blað sáu alveg sérstaklega tækifæri til þess að sýna fram á, hve ægilegt það væri að láta Eimskipafélagið koma nærri flutningunum. Sem sé, stjórnarflokkarnir og stjórnarblöðin voru að afhjúpa hvort annað á víxl um, hvílík uppgrip það væru, sem þessi félög og þeir, sem eitthvað kæmu nærri flutningum, hefðu af þjóðinni, hvernig þau rökuðu peningum af henni með þessum flutningum. Og þó að hæstv. fjmrh., Framsfl. og Sjálfstfl. og stjórnin séu búin að gleyma öllu, sem þau sögðu í sumar, og allt sé fallið í ljúfa löð og fullkomin sætt orðin á kærleiksheimilinu, þá er ekki alveg víst, að allir aðrir séu búnir að gleyma því, sem þeir sögðu hver um annan þá.

Hæstv. fjmrh. talaði hins vegar mjög lítið um sementsverksmiðjuna og þau hliðstæð dæmi, sem ég nefndi um tvískiptinguna á íslenzku atvinnulífi og milli stjórnarklíknanna. Ég verð nú að segja, að mér finnst það hart, þegar maður ber það á ríkisstj. hér, að hún sé að gugna á því að útvega lán til sementsverksmiðjunnar, að líkindum vegna þess, að ameríska auðvaldið samkv. þess stefnu í Marshallmálunum og samkv. yfirlýstri stefnu, sem það knúði ríkisstj. til þess að ganga inn á í fyrra í sambandi við Framkvæmdabankann, heimti, að sementsverksmiðjan sé ekki ríkiseign, og ég spyr hæstv. ríkisstj., hvort hún ætli að láta undan þessum kröfum, á svipaðan hátt og hún hefur verið að láta undan og tvístíga í sambandi við áburðarverksmiðjuna, og hæstv. fjmrh. fæst ekki til að svara. Hæstv. fjmrh. hefur heimild frá Alþingi til að taka lán til sementsverksmiðjunnar, og ég býst við, að það lán sé einhvers staðar á milli 50 og 100 millj. kr., — man það nú ekki lengur, það breytist nú svo verðlagið á þessu frá því að það er samþykkt, — og við erum að ræða um aðra 100 millj. kr. ábyrgð og 100 millj. kr. lán og vildum fá að vita, hvernig gengi með þetta. Er það nokkuð undarlegt, þó að við komum fram með fsp.? En ég þykist hins vegar vita, að það er bara ein ástæða til þess, að hæstv. fjmrh. svari ekki. Þögn hans er alveg ótvíræð. Ef þetta væri eitthvað ósatt, sú tilgáta, sem ég kom með, að Ameríkanarnir vildu fara sömu leiðina með sementsverksmiðjuna

og með áburðarverksmiðjuna, þá mundi hæstv. ráðherra áreiðanlega hafa sagt, að það væri ekki fótur fyrir þessu, sem ég hefði sagt, og þetta væri bara venjuleg illmælgi um ríkisstj. Ég býst við, að hans þögn þýði — (Gripið fram í.) Ég skil. Hæstv. ríkisstj. hefur náttúrlega enn þá ekki gengið inn á að taka sementsverksmiðjuna úr ríkiseign, hún hefur enn þá ekki beygt sig. Ég skil, hvað hæstv. ráðh. á við. Hann ætlast þá til, að ég fari að hrósa hæstv. ríkisstj., hún standi sig sem sé skrambi vel. Ameríkanarnir hafa heimtað, að sementsverksmiðjan verði eign einstaklinga, eins og Framsfl. er að reyna að gera áburðarverksmiðjuna að, en ríkisstj. hefur bara alls ekki gengið inn á það. Ég skil alveg, hvað er á bak við hjá hæstv. ráðh. Það má vel vera, að það sé rétt af mér, að ég skammi bara Ameríkanana fyrir að heimta þetta af ríkisstj., og ef ráðherrann segði mér nú virkilega sannleikann í þessu máli, þá mundi ég tvímælalaust hæla ríkisstjórninni, ef hún stæði nú betur í ístaðinu þarna heldur en hún gerði í áburðarverksmiðjumálinu; eins og ég skammaði hana fyrir það, eins skal ég með mestu ánægju hæla henni fyrir þetta, ef það kemur í ljós, — það getur hæstv. ráðherra verið viss um, — og það munu fleiri úr stjórnarandstöðunni gera.

En það, sem mér finnst það alvarlegasta í sambandi við öll þessi mál, er prinsipið um tvískiptinguna viðvíkjandi einokunarauðmagninu hér í Rvík og þjónusta ríkisstj. við það. Ég sé alveg á hæstv. ráðh., að hann er sjálfur farinn að finna til þess, hvað þetta er áberandi, að hann vill helzt ekki fara inn á að ræða þau mál. Sannleikurinn er sá, að hæstv. ríkisstj. er hvað efnahagsmál snertir meir og meir opinberlega að verða eins konar sameiginleg framkvæmdastjórn fyrir einokunarauðmagnið á Íslandi og meginið af öllum hennar tíma fer í að vera eins konar sáttanefnd, þegar þær tvær klíkur einokunarauðmagnsins hér á Íslandi, sem hafa lagt landið undir sig atvinnulega og efnahagslega, eru að deila og rífast sín á milli. Svo sjáum við árangurinn af sáttunum í frv. eins og þessu hérna, þegar búið er að rífast marga mánuði, þegar einokunarauðmagnið að lokum kemur sameinað fram í gegnum sína framkvæmdastjórn, ríkisstj., hvort sem það er það heppilegasta, sem hægt er að finna út fyrir þjóðina, eða ekki. Ég held það væri ákaflega heppilegt, þegar ríkisstj. væri að sætta í þessum efnum þessa tvo varga, sem eru að rífast þarna innan hennar, að hún myndi stundum eftir því, að hún væri stjórn í ríki, að hún myndi eftir því, að hún ætti að stjórna ríki, sem sjálft getur átt þessi tæki, sem þessir tveir vargar eru að rífast um, og hún þurfi ekki endilega alltaf að skipta bráðinni á milli þeirra beggja. En hún virðist muna betur eftir því, að hún sé framkvæmdastjórn fyrir þessar tvær auðmannaklíkur, heldur en að hún sé stjórn ríkisins.

Ég held þess vegna, að þegar þetta mál nú fer til nefndar, þá ætti hv. fjhn. að athuga mjög greinilega þessi atriði, sem ég hér hef minnzt á, bæði viðvíkjandi skipunum, hvort sé um að ræða skip, sem nú þegar séu til og hægt sé að byrja að láta vinna strax, og þar með sé tryggt, að ábyrgðin fari ekki upp fyrir þetta, í öðru lagi, hvernig gengið sé frá réttinum viðvíkjandi verðlagi á olíuflutningunum, og í þriðja lagi, hvaða trygging sé fyrir því, svo framarlega sem eigendurnir af einhverjum ástæðum stöðva svona skip, að ríkið geti tafarlaust yfirtekið rekstur þeirra. Þegar ríkið gengur í 100 millj. kr. ábyrgð til þess að tryggja þjóðinni skip, en lætur það — þ. e. ef meiri hl. Alþingis vill það — vera í eigu einstaklinga, þá verður að vera gengið þannig frá þessum hlutum, að það sé ekki hægt að setja þjóðinni stólinn fyrir dyrnar af hálfu þessara einkaaðila. En hins vegar álít ég, eins og ég hef áður tekið fram, heppilega og rétta fyrirkomulagið, að ríkið ætti þetta og ýmist ríkið tæki þann gróða, sem af því yrði, eða þá léti hann ganga til þeirra atvinnuvega, sem mest þurfa hans með.

Ég vil svo eindregið óska þess, að hv. fjhn. athugi mjög alvarlega skilyrðin í sambandi við þetta. Þar með er ég ekki að leggja til að neinu leyti, að þetta mál sé tafið, annaðhvort sé þetta gert strax eða ekki En það þarf að vera gengið örugglega frá því, að það sé ekki verið að búa sér til svo að segja hengingaról með þessu.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð í sambandi við ræðu hæstv. fjmrh. Ég sé, að hann er ekki mættur hér. Ætli hann hafi vikið alveg af þingfundi? *(Forseti:* Mér er ókunnugt um það.) Ég ætlaði eingöngu að svara nokkrum atriðum, sem fram komu í ræðu hans. Ja, það skiptir kannske ekki verulegu máli, ég mun gera mínar athugasemdir eftir sem áður, sé ekki ástæðu til þess að vera að fresta þeim, fyrst hann hefur vikið af fundi.

Ég tók eftir því, að hann vék sér með öllu undan að svara þeirri aðalspurningu minni, hvort hann vildi ljá því lið að veita samtökum íslenzkra útvegsmanna þá ríkisábyrgð eða hliðstæða ríkisábyrgð við þá, sem hér er gert ráð fyrir að veita olíufélögunum í sambandi við kaup á olíuskipi, svo að samtök útvegsmanna gætu tekið að sér olíuflutningana til landsins. Hæstv. fjmrh. sá ekki þörf á því að svara þessu, og hygg ég, að fleiri þingmönnum hafi farið líkt og mér að undrast, að hann skyldi ekki víkja að þessu, svo sjálfsagt sem það virðist vera að gefa þeim aðilanum, sem mest á hér undir, tækifæri a. m. k. til jafns við olíuverzlanirnar til þess að eiga kost á að taka þessa flutninga að sér. En hann valdi þann kostinn að vilja ekki ræða það mál. Það eina, sem hann kaus að ræða, var að gera hér tvær athugasemdir í sambandi við það, sem ég sagði hér um rekstur Olíufélagsins h/f og rekstur olíufélaganna almennt. Hann reyndi að afsaka það, þegar Olíufélagið h/f á sínum tíma í sambandi við gengisbreytinguna verðlagði einn olíufarm, sem þá kom til landsins, rösklega 1.6 millj. kr. of hátt að dómi undirréttar, sem

hafði fjallað um málið. Skýringar hæstv. ráðh. á þessu atriði voru þess eðlis, að ég hygg, að flestir, sem á hlýddu, séu nokkurn veginn jafnnær eftir þær skýringar, nema þá helzt um það, að dómstólarnir séu farnir að leggja þetta olíufélag alveg sérstaklega í einelti og vilji ekki heimila því þann rétt, sem öllum öðrum hafi verið heimilaður í sambandi við gengisbreytinguna. Þessar skýringar hæstv. ráðh. eru vitanlega með öllu ófullnægjandi. Það liggur alveg ótvírætt fyrir, að þetta olíufélag, sem flutti stóran olíufarm til landsins um það leyti, sem gengisbreyting var samþ., taldi sig hafa greitt þann olíufarm, sem þarna kom til landsins, með hinu nýja gengi, eftir að gengisbreytingin hafði verið gerð, þó að ótvíræð sönnunargögn lægju fyrir um, að það hafði greitt olíufarminn áður en gengisbreytingin var gerð og því átti að selja olíuna á því lægra verði, sem áður gilti. Það var aðeins um þetta deilt, og alveg ótvíræð gögn lágu fyrir um það, að olíufarmurinn hafði verið greiddur áður en gengisbreytingin var gerð, og það var þetta, sem réð úrslitum, og því var það, að dómur undirréttar féll á félagið í þessu efni. Og það er, eins og ég sagði, furðulegt, að ráðherra á Íslandi skuli leyfa sér að ætla að halda uppi vörnum fyrir þetta, sem liggur svona skýrt fyrir, og vilja jafnvel verðlauna þau félög, sem svona haga sér, með stórfelldri ríkishjálp til *þess að taka að sér einokunarvald í sambandi* við flutninga á olíum.

Það sama er um hitt atriðið, sem hann reyndi að afsaka í sambandi við verzlunarhætti Olíufélagsins h/f, það sem gerðist á s. l. sumri. Það er líka alveg óumdeilt atriði, að Olíufélagið h/f varð þá að skila aftur til viðskiptamanna sinna um 700 þús. kr., sem var of hátt reiknuð fragt á einum tilteknum olíufarmi. Hæstv. ráðh. reynir að afsaka þetta með því, að félagið hafi að vísu samið um nokkra lækkun á frögtum frá því, sem þá var mjög algengt að taka, og það má vel vera, en svo hafi félagið einnig sótt um leyfi til þess að mega taka þessa lækkun, sem það náði á fragtasamningi sínum, og leggja féð í sjóð í því skyni að kaupa fyrir það olíuskip, en hins vegar hafi þetta leyfi ekki fengizt og þá hafi félagið aftur skilað upphæðinni. Það liggur þá alveg glöggt fyrir, að olíufélagið, — hann viðurkennir það auðvitað, sem er ekki hægt í rauninni að bera á móti, — að það hefur tekið þessari upphæð of mikið og segist að vísu hafa gert það í þessari góðu meiningu. En það er hitt, sem liggur líka jafngreinilega fyrir, að það skilaði ekki þessari upphæð fyrr en búið var að kæra félagið. Það kom ekki af sjálfu sér og skilaði upphæðinni. Það var búið að kæra félagið fyrir, að það hefði tekið of háa fragt. Það var búið að standa í blaðaskrifum hér um þetta mál í langan tíma, og þeir, sem olíuna höfðu keypt, höfðu þurft að borga hana á hærra verði en verðlagsákvæðin leyfðu að selja olíuna á, þær reglur höfðu því verið brotnar, og það mátti til með að skila hverjum einum, sem olíuna hafði keypt, þessum fjármunum aftur. Þetta eru staðreyndir, sem ekki er hægt undan að hlaupa þrátt fyrir allar ráðherraskýringar á þeim.

Nú vil ég engan veginn halda því fram, að þetta olíufélag, sem þetta hefur hent, sé í eðli sínu neitt verra en hin olíufélögin, því að þau hafa staðið yfirleitt saman að því að reka olíusöluna þannig á Íslandi, að hún hefur verið útvegsmönnum hér alltaf miklu óhagstæðari en olíusala í nálægum löndum. En þetta er aðeins dæmi um það, hvernig þessi stóru samtök hafa notað sér einkaaðstöðu sína, því að þau hafa fylgzt svo að, að það má tala þar um einkaaðstöðu til olíuverzlunar á Íslandi. Og vegna þess að þessi dæmi liggja ótvírætt fyrir, þá er ég því gersamlega andvígur, að ríkissjóður sé nú að ábyrgjast allt að 100 millj. kr. til þessara aðila til þess að gefa þeim alveg ótvíræðan einokunarrétt til flutninga á allri olíu til landsins. Ég veit líka, að það eru til möguleikar bæði fyrir ríkissjóð og eins fyrir samtök útvegsmanna að taka þessa þjónustu að sér án þess að þurfa að fara þessa nauðungarleið, og ég vil vona, að sú n., sem nú fær mál þetta til athugunar hér í d., athugi einmitt um þær leiðir, til þess að hægt sé að koma þessu nauðsynjamáli betur fyrir en lagt er til í frv. ríkisstjórnarinnar.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. fór ekkert inn á að gera athugasemdir við það, að tvö 18 þús. tonna olíuflutningaskip gætu flutt hingað til landsins um 430 þús. tonn á ári, en olíunotkun landsmanna sjálfra mundi vera um 150 þús. tonn. Síðan heldur hann fast við það, að það olíumagn, sem þessi tvö olíuflutningaskip geti flutt, auk þess sem þau þurfi að flytja fyrir Íslendinga, ætli þau að flytja fyrir aðrar þjóðir og hefja þannig siglingar á olíuverzlunarsviðinu fyrir aðrar þjóðir. Hann vildi bera brigður á, að það væri mikið um, að Kínverjar og aðrir, sem ynnu fyrir lágt kaup, væru á olíuflutningaskipaflota heimsins, en hann má alveg trúa því, ef hann hefur ekki aflað sér upplýsinga um það, að það er rétt. Meginhlutinn af skipshöfnum þessara skipa er Kínverjar og Suður-Ameríkumenn, sem vinna þar fyrir mjög lágu kaupi, svo að það er næsta ólíklegt, að íslenzkir aðilar, sem ræku slíka flutninga í gróðaskyni, tækju upp slíka samkeppni.

En kæmi það þá okkur Íslendingum nokkuð við, ef þessi tvö skip, sem íslenzka ríkið hefði hjálpað til þess að einkaaðilar eignuðust, væru rekin með hálft verkefni? Eru ekki allar líkur til þess, að þó að þau hefðu ekki verkefni nema fyrir hálft árið, þá yrðu þau látin hafa það ríflega álagningu á olíuna, að þau yrðu látin bera sig? Og á hvern kæmi sú byrði? Hún kæmi á íslenzkan sjávarútveg. Það er þess vegna mál, sem okkur kemur við, ef þarna er verið að kaupa tvö skip, þegar ekki þarf nema eitt, ef það skyldi reynast svo, að þau treystu sér ekki til að fara út í hina erlendu samkeppni, heldur láta sér nægja hið hálfa verkefni og sulla þess vegna meiri álagningu á vöruna, *sem þau flytja, og láta það bitna á* íslenzku atvinnulífi, sem er í nauðum statt. —

Hæstv. ráðh. hafði engin rök í þessu önnur en þau að segja: Norðmenn eru mikið komnir út í olíuflutninga fyrir aðrar þjóðir, og úr því að Norðmenn geta það, þá eigum við líka að geta það. — Eftir sömu röksemdafærslu ættum við líka að geta haft olíu til sölu hér á sama verði og Norðmenn, en það höfum við ekki getað. Það er þess vegna hætt við því, að okkur takist ekki það, sem Norðmönnum kann að takast á þessu sviði.

Hæstv. ráðh. spurði, hvort mönnum fyndist þetta ekki nokkuð eðlilegir aðilar, S. Í. S., sem á flutningaskipastól, og Olíufélagið h/f og svo Eimskipafélag Íslands með sinn myndarlega skipastól og Shell og Olíuverzlun Íslands. Jú, það má segja það, að ef þessi starfsemi er á höndum einstakra aðila, þá sé það ekkert fráleitt, að slíkir aðilar fari með þetta hlutverk. En það er búið hér eftir góðum heimildum að upplýsa, hvernig olíufélögin hafa reynzt í þessari þjónustu. Það eru stjórnarblöðin, sem eru heimildirnar. Það er álíka góð heimild og þetta stjfrv., sem hérna liggur fyrir. Morgunblaðið upplýsti, að mörg hundruð þús. kr. gróði væri tekinn umfram það, sem þyrfti, af einum olíufarmi. Tíminn upplýsti alveg á sama hátt, að það væri milljónagróði, sem Shell og BP styngju í sinn vasa af olíuflutningunum til landsins. Og þó að Olíufélagið h/f yrði að skila til sjómanna 700 þús. kr. mismun á þeirri fragt, sem það vildi reikna sér og taldi normalfragt, jafna þeim frögtum, sem Shell og BP bjuggu þá við, þá varð bara eftir skuturinn hjá Shell og BP að skila samsvarandi upphæðum, sem þau hefðu átt að geta skilað alveg eins.

En það er einn aðili enn, sem á myndarlegan skipastól á Íslandi. Það er Skipaútgerð ríkisins. Og Skipaútgerð ríkisins á meira að segja tankskip, sem annast olíudreifingu með ströndum landsins og gerir það í samkeppni við skip, sem Shell h/f á. Nú hefur verið upplýst hér á Alþ., að Þyrill, tankskip skipaútgerðar ríkisins, hefur sömu taxta á olíuflutningum til Faxaflóahafna eins og Skeljungur hefur, en Þyrill hefur aftur lægri taxta á olíuflutningum en Skeljungur, þegar kemur til Vestfjarðahafna, Norðurlandshafna og Austfjarðahafna. En er þá ekki þetta skip rekið með tapi? Nei, þrátt fyrir það þó að skipaútgerð ríkisins spari landsmönnum, sem fá flutta olíu með Þyrli, hundruð þús. kr., þá er samt 600 eða 700 þús. kr. gróði á rekstri Þyrils. Þegar svo hæstv. ráðh. talar um það, hvort hann telji heppilegt, að íslenzka ríkið gerist nú kaupandi að olíuflutningaskipi og taki þannig að sér olíuflutninga til landsins, þá segir hann: Ég tel ekki heppilegt, að ríkið kaupi olíuflutningaskip, en leiði hjá mér að rökstyðja það. — Af hverju er nú hæstv. ráðh. að hlífast við að rökstyðja þetta? Þetta er mikils vert atriði. Hann hefur þó vitneskju um það, að skipaútgerð ríkisins, það hreina ríkisfyrirtæki, á litið tankskip og græðir á því hundruð þúsunda og hefur þó taxta sína lægri en skip einkaframtaksins. Það eru líkur til, að skipaútgerð ríkisins gæti grætt margar milljónir á því að fá þá ríkisábyrgð, sem hér er lagt til, 100 millj. kr. ríkisábyrgð til þess að kaupa — við skulum segja tvö tankskip. Ég held, að það væri miklu eðlilegra, og ég er nærri því sannfærður um, að það væri hægt að fá þingvilja fyrir því, að þessu frv. væri breytt í það form í n., að skipaútgerð ríkisins fengi ábyrgð ríkisins til þess að kaupa tvö tankskip til þess að annast alla olíuflutninga til landsins og þá að taka upp samkeppni, sem hæstv. ráðh. gerir sér vonir um að sé fært að taka upp, við olíuflutningaskip annarra þjóða. En í sambandi við það langar mig til að spyrja um eitt, og það er þetta: Að vissu leyti er praktiskara, að aðili, sem annast olíuflutninga, hafi tvö olíuflutningaskip heldur en eitt, og það er vegna þess, að ef olíuflutningatankskip hefur flutt hráolíu í einni ferð og á svo að flytja benzín í þeirri næstu, þá þarf að kosta geysilega miklu til til þess að hreinsa tanka skipsins, svo að hægt sé að skipta þannig um vörutegund í sama skipi. Það þarf fleiri dælukerfi og skipið verður dýrara, ef þetta á að geta gerzt, án þess að flutningar tefjist, og hreinsunin þarf að vera mjög vandlega framkvæmd og kostar ærið fé. Er hæstv. ráðh. kunnugt um, að það eigi að vera samvinna milli eigenda þessara tveggja tankskipa, sem hér er um að ræða, um það, að annað skipið skuli standa í stöðugum flutningum með hráolíur og hitt skuli taka að sér benzín- og steinolíuflutninga, eða einhver slík samvinna, sem komi í veg fyrir þá örðugleika, sem eru á því að skipta um eina olíutegund og til annarrar? Ef slík samvinna er til milli þessara fyrirtækja, sem ríkið ætlar sér að ganga í ábyrgð fyrir, þá er það til bóta og hefur verulega þýðingu fyrir það verðlag, sem atvinnulífið kæmi til með að njóta á olíunum. En ég held, að til þess að ná þessum ávinningi væri miklu hentugra, að einn aðili, eins og t. d. skipaútgerð ríkisins, ætti bæði skipin og mundi þá alveg tvímælalaust taka upp þá hagkvæmustu rekstraraðferð, að því er þetta snerti, að hafa verkaskiptingu með skipunum, sem ég tel að mjög sé ólíklegt að verði gert hjá hinum tveimur eigendum, því að ég hef ekki fengið neinar upplýsingar um, að nein skynsamleg samvinna sé tryggð fyrir fram þarna á milli.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en aðeins láta í ljós, að ég tel heppilegra en það, sem ætlazt er til með þessu frv., að skipaútgerð ríkisins fengi 100 millj. kr. ríkisábyrgðarheimild til þess að kaupa tvö tankskip, og ég tel líka heppilegra, ef ríkisábyrgðin yrði veitt olíusamlögum útvegsmanna og sjómanna. Ég tel þess vegna, að hæstv. ríkisstj. hafi eins og oft áður hitt á óheppilegustu leiðina í málinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. fjhn., á þskj. 818, var útbýtt 12. apríl, og brtt. við frv. barst á þskj. 508, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

Stimpilgjald (heildarlög).

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um stimpilgjald [10. mál] (stjfrv., A. 10).

Á 3. fundi í Ed., 6. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv. er samhljóða frv., sem lagt var fram á síðasta Alþ., en varð ekki útrætt. Frv. er undirbúið af n., sem skipuð var til þess að endurskoða lög um stimpilgjald. Þau l., sem nú gilda um stimpilgjald, eru frá 1921, en ýmsir viðaukar hafa verið lögleiddir á þau gjöld. Margt hefur breytzt í landinu síðan 1921, og er því orðin nokkuð mikil ringulreið á stimpilgjöldunum. Sum þeirra eru tiltekin með ákveðnum hundraðshluta, en önnur í krónutölu, og má nærri geta, hvernig samræmi er orðið nú, miðað við það, sem löggjafinn ætlaðist til að væri, þegar gjöldin voru sett þannig með tvennu móti.

Það er ekki ætlazt til, að þetta frv. verði til þess að auka ríkinu tekjur, heldur var fyrir n. lagt að reyna að stilla svo til, að tekjur yrðu svipaðar og af gildandi lagaákvæðum. Þetta á sem sagt að vera til þess að samræma gjöldin og færa þau í raun réttri sem næst því, er í öndverðu var ætlazt til.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni umræðu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 258).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Snemma á þessu þingi var vísað til fjhn. tveimur frv., sem nú eru á dagskrá, því, sem nú er til umr., og frv., sem er næst á dagskránni. Þetta frv. er um stimpilgjöld, en hitt um aukatekjur ríkissjóðs. Þessi tvö frv. eru svo svipuð að efni, að n. taldi frá upphafi sjálfsagt að láta þau fylgjast að. Það má segja, að þessi frv. hafi lengið lengi hjá n., en bæði var það, að n. leit svo á, að þau þyrftu ýtarlegrar athugunar við, og eins hitt, að ýmis sjónarmið komu fram í n., sem langar umræður urðu um. N. hefur því fyllilega sinnt þessum málum og rætt þau á mörgum fundum, þó að nál. um þau komi ekki fyrr en nú.

Hv. 4. þm. Reykv. var ekki við, þegar n. afgreiddi þessi mál, og veit ég því ekki um afstöðu hans. Það, sem ég segi hér, er því aðeins fyrir hönd okkar fjögurra nm., sem undirskrifa nál. á þskj. 258. Við fjórir nm. lítum svo á, að þessi frv. bæði stefni í rétta átt og því sé rétt að samþ. þau.

Í fyrsta lagi er hér um heildarlöggjöf að ræða, sem er miðuð við nútímann. Framlenging ár eftir ár á viðaukum við þessi gjöld ætti því að geta horfið úr sögunni. Þetta tel ég fyrir mitt leyti mikinn kost og tel, að svo ætti að fara um fleiri lög, sem framlengd eru ár eftir ár og hægt er að sjá nú þegar, að ekki muni verða komizt hjá í framtíðinni að fara eftir að meira eða minna leyti. Ég tel því rétt, að um þau yrðu gerðar svipaðar ráðstafanir, ýmis þeirra, eins og hér er lagt til með þessum frv., að í staðinn fyrir þessar framlengingar kæmi löggjöf, sem ætti við nútímann.

Í öðru lagi hafa undanfarið bæði stimpilgjöld og ýmis föst gjöld, svo sem leyfisgjöld ýmiss konar og gjöld fyrir tiltekin embættisverk, verið hækkuð um vissar prósentur jafnt. Þetta er að áliti n. ranglátt, því að prósentgjöldin hækka af sjálfu sér með hækkuðu verðlagi, en þessi föstu gjöld, sem ég minntist á, hafa ekki hækkað svipað því í hlutfalli við verðlag þrátt fyrir þá viðauka, sem á þau hafa verið sett.

Þessi tvö frv., sem fyrir liggja, lækka yfirleitt prósentgjöldin, en hækka verulega hin föstu gjöld, og þetta álítur n. rétta stefnu. N. hefur ekki enn tekið afstöðu til nokkurra atriða, sem til orða hafa komið undir meðferð málsins og mjög mikið hafa verið rædd, en við 4 nm., sem að nál. stöndum, höfum þegar orðið ásáttir um að bera nú við þessa umr. aðeins fram þær brtt., sem við erum allir sammála um. En n. í heild sinni og einstakir nm. áskilja sér rétt til að bera fram frekari brtt. við 3. umr.

Skal ég svo víkja að brtt. n. með fáum orðum, þær eru samtals tíu.

1. brtt. er við 5. gr. frv., og er þar lagt til að fella niður 4. tölul., en hann er um stimplun á útlendum hlutabréfum, skuldabréfum og öðrum slíkum skjölum, sem flutt eru hingað, annaðhvort sem eign manna eða félaga, sem eiga hér heimili. N. telur ekki rétt, að þessi bréf séu yfirleitt stimpilskyld hér á landi, þar sem þau að sjálfsögðu hafa verið stimpluð í heimalandinu, þar sem þau eru gefin út.

2. brtt., við 12. gr., er aðeins orðabreyting, sem ekki þarf skýringar við. Ég vil ekki segja, að þessi orðabreyting sé endilega sjálfsögð, það er smekksatriði, en n. telur nú þetta réttara orðalag.

3. brtt. er við 13. gr., sem er um það, hverjir hafi rétt til að stimpla skjöl, og þar er m. a. tekið fram, að einstökum mönnum er óheimilt að stimpla skjöl. Þó getur stjórnarráðið veitt félögum og stofnunum rétt til þess gegn tryggingu, er það setur um reikningsskil og bókfærslu. Hér virðist það vera fellt niður, sem gilt hefur undanfarið, að málflutningsmenn hafa haft rétt til þess að stimpla skjöl samkvæmt sérstöku leyfi ráðuneytisins. N. finnst rétt, að það sé heimilt að veita slíkum mönnum þennan rétt, og er 3. brtt. um það, og er lagt til, að síðasti málsl. gr. orðist svo: „Þó getur rn. veitt félögum, stofnunum og einstökum mönnum rétt til þess gegn tryggingu, er það setur um reikningsskil og bókfærslu."

4. brtt., við 15. gr., er orðabreyting, sem er sams konar og í 1. brtt. og þarf ekki nánari skýringar við.

5. brtt. er um það, að 30. gr. frv. falli niður, en hún hljóðar svo: „Framsal á skuld stimplast eftir reglum 27. gr.“ N. álítur, að framsal á skuld, sem venjulega mundi þá verða þannig, að skuldabréf er framselt, eigi ekki að vera stimpilskylt, því að slík bréf hafi auðvitað verið stimpluð áður.

Þá er töluverð breyt., sem n. vill gera við 31. gr. Er það 6. brtt. hennar í tveimur stafliðum. Það er svo ákveðið fyrr í frv., að lægsta stimpilmerki skuli vera 5 kr. Það var nú uppi óánægja í n. út af þessu ákvæði, að hafa lágmark stimpilgjalds svo hátt. Nú munu vera til 5 aura stimpilmerki, en þó gerir nú n. ekki brtt. við það, en í 31. gr. er svo ákveðið, að víxlar verði aldrei stimplaðir með lægri upphæð en 10 kr. Þetta finnst n. allt of hátt. Það eru til lágir víxlar, og á lægstu víxlum mundi stimpilgjaldið hækka gífurlega, ef frv. yrði að þessu leyti samþ. óbreytt. N. vill því halda sig við það, að víxla megi stimpla með lægsta stimpilmerkinu, sem frv. gerir ráð fyrir að sé til, en yfirleitt á að stimpla víxla með 2‰. En þó að þetta verði nú samþ., þá er það ekki nægilegt. Ég fyrir mitt leyti veit t. d. um fimmtíu króna víxil. Það yrði nokkuð hátt stimpilgjald á honum að hafa það 5 kr. Enn fremur veit ég um 75 kr. víxil og svo ýmsa víxla, sem eru nokkur hundruð. Þess vegna leggur n. til í b-lið 6. brtt., að endurnýjun víxils, sem ekki nemur 1000 kr., skuli vera stimpilfrjáls, og ef þetta verður samþ., þá er það svo, að þessir víxlar sleppa við stimplun, þegar þeir eru framlengdir, og á þeim víxlum, sem eru 1000 og 2000 kr., hækkar aðeins um 20 aura, því að nú er það kr. 4,80. Að öðru leyti, er ofar dregur, lækka stimpilgjöld, eins og ég gat um áðan, yfirleitt um 20%, þó nokkuð mismunandi, en yfirleitt lækka þau.

En það er annað atriði líka í b-lið 6. brtt., og það er um það, að endurnýjun á víxlum, sem bankar eða sparisjóðir hafa keypt og tryggðir eru með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar, skuli vera stimpilfrjáls, ef endurnýjun fer fram innan árs frá gjalddaga frumvíxils, þannig að þótt skuldin standi í 18 mánuði, ef fyrsti víxillinn er tekinn til 6 mánaða, þá verður ekki goldið nema einu sinni stimpilgjald af þessum víxlum. Enn sem komið er er hér aðallega að ræða um svo kallaða fiskvíxla. Þó að í tillögunni sé nefndur bæði landbúnaður og iðnaður, þá munu það hafa verið sjávarafurðir hingað til aðallega, sem hafa haft slíka víxla. Með opinberum ráðstöfunum hefur það fengizt fram, að þessir víxlar eru með lægri vöxtum en aðrir víxlar, og þá virðist rökrétt afleiðing af því, að það opinbera lækki einnig önnur gjöld af slíkum skuldum eða slíkum víxlum. Það mun vera svo, þegar afli er veðsettur, að þá eru þessir víxlar gjarnan til stutts tíma, vegna þess að von er þá um, að aflinn seljist og greiðsla geti farið fram, en svo, þegar þetta dregst, þá verða framlengingarnar margar, og eigendum aflans hefur fundizt þetta mjög tilfinnanlegt, að þurfa að vera að borga stimpilgjöld upp aftur og aftur, og fær n. ekki betur séð en að réttmætt sé að verða við óskum um að létta þessu af, þó ekki lengur en ár frá gjalddaga frumvíxilsins, því að eftir 18 mánuði má undir flestum eða næstum öllum kringumstæðum búast við, að aflinn verði seldur og skuldin greidd.

7. brtt. er um það, að 1. málsgr. 33. gr. falli niður, en hún hljóðar svo: „Ef veð eða ábyrgð er áskilin í víxli, stimplast hann eins og veðtryggt skuldabréf.“ Það kann að vera, að þessi málsgr. sé meinlaus, en allir nm. voru sammála um, að hún væri gagnslaus. E. t. v. er það fyrir vanþekkingu nm., en enginn okkar, sem í n. sitjum, hefur séð slíkan víxil sem hér um ræðir, og ég fyrir mitt leyti hygg, að slíkir víxlar séu ekki til hér á landi. Ef veð er sett með víxli, þá er það venjulega, að honum fylgir tryggingarbréf, og er annars staðar í frv. ákvæði um það, hvernig þá skuli með fara, þannig, að ef víxillinn er stimplaður, þá er slíkt tryggingarbréf ekki stimpilskylt.

8. brtt. er, að því er ég hygg, aðeins leiðrétting á prentvillu, þar sem stendur í till., að í stað 0,25% í 3. tölul. komi 0.25‰. Bæði liggur þetta í hlutarins eðli og auk þess má sjá það á grg. frv., að þeir, sem það sömdu, hafa reiknað með því, að þetta væri 0.25‰.

Þá hefur n. gert allmikla breyt. við 50. gr. frv. Er það 9. brtt., en gr. er um það, hvaða l. falli úr gildi með þessu frv., ef að l. verður. Brtt. er um að fella úr frv. þá liði, sem snerta svo kölluð sérréttindi bankanna um stimplun á eigin skjölum, en samkv. frv. óbreyttu er ætlazt til, að þessi l. falli úr gildi, sem á ýmsum tímum hafa verið sett bæði um bankana og einstaka sjóði, og mundu þá þessi réttindi hverfa, ef frv. væri samþ. óbreytt. N. lítur svo á, að það sé rétt, að bankarnir og aðrar þær stofnanir, sem þessi réttindi hafa haft, haldi þeim áfram, og því leggur hún til, að þau ákvæði í 50. gr., sem nema þau l. úr gildi, verði felld úr frv. Ef frv. væri samþ. óbreytt, þá yrði t. d. að stimpla veðdeildarbréf, ræktunarbréf og ýmis slík bréf, sem bankar og tilteknir sjóðir gefa út, og e. t. v. mætti skilja l. á þann veg, að það þyrfti jafnvel að stimpla sparisjóðsbækur eða venjulegar viðskiptabækur. Þetta virðist óþarfi að ákveða með l. að gert skuli.

10. brtt. n. er þess efnis að fella niður 2. mgr. 1. tölul. ákvæða til bráðabirgða, en sú málsgr. hljóðar svo: „Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða, að margföldunartala fasteignamatsins skuli breytast til hækkunar eða lækkunar í samræmi við verðlagsbreytingar í landinu.“ N. finnst of langt gengið með því, þegar í fyrri mgr. þessa tölul. er heimilað að tífalda fasteignamatið, að gefa þá rn. viðtækari heimild en þar er. Annars er allt fasteignamat, það skal ég viðurkenna, orðið úrelt og leiðinlegt viðfangs. Það er ekki orðið mögulegt, ef um fasteignaveðslán er að ræða, að

fara á nokkurn hátt eftir því löglega fasteignamati nema að margfalda það. Þess vegna er það í lánsstofnunum orðin venja, að í stað þess, að áður var farið eftir fasteignamatinu eins og það lá fyrir í fasteignamatsbók, þá eru nú jafnan dómkvaddir menn eða þá trúnaðarmenn lánsstofnunarinnar, sem verða að meta fasteignina að nýju. Það er alveg víst, að verðlag verður aldrei það sama og það var fyrir stríð og í stríðsbyrjun. Þess vegna er það ákaflega undarlegt, að það skuli ekki vera gerðar nú, þegar verðlag er þó töluvert að festast, ráðstafanir til þess að framkvæma nýtt fasteignamat. Ég býst við, að þetta sé gert — eða réttara sagt, að það sé trassað að gera þetta, að ákveða nýtt fasteignamat, til að hlífa mönnum við fasteignaskatti, en ég sé ekki, að fasteignaskattar þyrftu neitt að hækka, þó að fasteignamatið væri gert svo rétt sem kostur er á, því að auðvitað mætti um leið lækka fasteignaskattana, þegar fasteignamatið hækkaði, lækka þá hlutfallslega, en þetta er nú önnur saga og kemur ekki beinlínis þessu máli við.

Það er þá till. n., eða þess hluta hennar sem afgreiddi málið, að frv. verði nú við þessa umr. samþ. með þeim breyt., sem gerðar eru í þskj. 258, en án efa munu koma einhverjar brtt. fram frá n. eða a. m. k. þá frá einstökum nm. við 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 258,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
6.—10. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 258,2 samþ. án atkvgr.
12. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 258,3 samþ. með 14 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 258,4 samþ. án atkvgr.
15. gr., svo breytt, og 16. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
17.—29. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 258,5 (30. gr. falli niður) samþ. með 13 shlj. atkv.
— 258,6 samþ. með 13 shlj. atkv.
31. gr. (verður 30. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
32. gr. (verður 31. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 258,7 samþ. með 14 shlj. atkv.
33. gr. (verður 32. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 258,8 samþ. með 12 shlj. atkv.
34. gr. (verður 33. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
35.—36. gr. (verða 34.—35. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
37.—49. gr. (verða 36.—48. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 258,9 (ný 50. gr., verður 49. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 258,10 samþ. með 13 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 275, 352).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

6. Ríkisborgararéttur.

Á 59. fundi í Ed., 9. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar [165. mál] (stjfrv., A. 443).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er venja, að árlega berst töluvert af umsóknum um ríkisborgararétt. Um það bil sem Alþ. kom saman í haust og fram eftir vetri hafði þó tiltölulega lítið borizt af slíkum umsóknum nýjum, en fjölgaði mjög þegar á leið, og hefur nú dómsmrn. athugað þær umsóknir, sem fyrir liggja, og valið úr þeim þá umsækjendur, sem hafa dvalizt hér á landi í tíu ár eða lengri tíma. Það er í samræmi við þá meginreglu, sem fylgt hefur verið um alllangt árabil, þótt frá henni séu töluverðar undantekningar. En við vitum, að í þessu eru auðvitað ákaflega mörg vafaatriði, og þess vegna er nauðsynlegt að fylgja einhverri reglu við samningu slíks frv., og þessi gamla regla var tekin til hliðsjónar við samningu frv. Aðrar umsóknir hygg ég að hafi verið sendar eða verði sendar til þeirrar n., sem þetta mál fær til athugunar, og ég tel, að ýmsar þeirra komi til greina, ef menn vilja víkja frá þeirri reglu, sem oft hefur verið fylgt, tíu ára reglunni.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um málið, en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 443, n. 590, 614).

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað frv. það til l. um veit-

ingu ríkisborgararéttar, sem hæstv. ríkisstj. lagði fyrir þessa d. Í sambandi við þá athugun hafa einnig verið athugaðar yfir 50 umsóknir um ríkisborgararétt, sem borizt hafa, en ekki verið teknar upp af stjórninni í frv., sumpart vegna þess, hve seint þær bárust. Enn fremur bárust n. í fyrradag 11 umsóknir til viðbótar, sem ekki verður hægt að athuga til fullnustu fyrr en fyrir 3. umr.

Ég vil taka fram, að það er til mjög mikils baga, að umsóknir koma allt fram á síðustu stundu, og væri sennilega miklu réttara vegna vinnubragða í þinginu að taka alls ekki til greina aðrar umsóknir en þær, sem borizt hafa þegar þing er sett.

Í frv. ríkisstj. eru aðeins teknir upp 7 menn, og það þeir menn, sem hafa dvalizt á Íslandi í 10 ár eða lengri tíma. N. hefur verið að reyna að mynda sér einhverjar reglur, sem henni hefur þótt líklegt, að d. vildi fara eftir við veitingu ríkisborgararéttar nú, eftir að nýju l. um ríkisborgararétt eru komin í gildi. N. er sammála um að vilja taka upp sem aðalreglu þá sömu reglu sem stjórnin hefur fylgt við samningu frv., sem sé að krefjast þess, að menn hafi dvalizt hér á landi í 10 ár til þess að fá ríkisborgararétt. Frá þessari reglu finnst n. þó þurfa að gera nokkrar undantekningar, eins og gert var áður en nýju ríkisborgararéttarlögin gengu í gildi. N. álítur, að það eigi ekki frekar en áður var gert að krefjast svona langs tíma fyrir menn, sem fæddir eru og uppaldir hér á landi og af íslenzku foreldri, þótt þeir hafi farið til útlanda og misst ríkisborgararétt sinn á Íslandi, en komnir eru aftur. Aðallega gildir þetta um kvenfólk, sem missir ríkisborgararétt vegna giftingar og fer af landi burt, en kemur svo heim aftur, t. d. vegna hjónaskilnaðar, og ætlar sér að dveljast áfram hér á landinu.

Áður en l. frá 1952 um ríkisborgararétt gengu í gildi, fengu erlendar konur, sem giftust íslenzkum ríkisborgurum, íslenzkt ríkisfang við giftinguna. Nú er því þannig farið víða, að konur hafa sjálfstæðan ríkisborgararétt og missa því ekki sinn erlenda ríkisborgararétt, þótt þær giftist íslenzkum ríkisborgurum, og eftir nýju lögunum fá þær ekki lengur af sjálfu sér við giftinguna íslenzkan ríkisborgararétt. N. hefur þótt það of ströng regla að krefjast af þessum konum, að þær dveldust hér á landi í 10 ár til þess að geta fengið íslenzkt ríkisfang. Hins vegar áleit n. ekki rétt að veita þeim þegar í stað og athugasemdalaust íslenzkt ríkisfang, þótt þær giftust íslenzkum ríkisborgurum, heldur láta einhvern tíma líða, þannig að það sæist, að þeim væri alvara með hjónabandið, en það væri ekki stofnað í því skyni eingöngu að fá íslenzkt ríkisfang, eins og komið mun hafa fyrir. Í n. voru dálítið skiptar skoðanir um, hvort krefjast ætti 5 ára eða 3 ára dvalar hér á landi, áður en íslenzkt ríkisfang yrði veitt í svona tilfellum, en niðurstaðan varð sú að mæla með því, að íslenzkur ríkisborgararéttur væri veittur eftir 3 ára dvöl í landinu frá stofnun hjónabandsins. Það segir sig sjálft, að þar sem ríkisborgararéttur karla og kvenna er nú jafnt settur, þá verður að láta sömu reglur gilda um menn, sem kvæntir eru íslenzkum konum, sem hafa íslenzkan ríkisborgararétt, til þess að jafnræði verði þar á.

Þeir menn og konur, sem n. hefur lagt til að bætt verði inn í frv. stjórnarinnar og veittur íslenzkur ríkisborgararéttur, falla allir undir þessar þrjár reglur, að undanskildu því, að einn mann vantaði 2 mánuði upp á að hafa verið hér 10 ár, en ekki þótti ástæða til þess að taka það svo stranglega.

Þá vil ég geta þess, að meðal þeirra umsókna, sem ekki fékkst meiri hluti fyrir í n. til að taka til greina, voru umsóknir frá 11 nunnum í Karmelsystraklaustrinu í Hafnarfirði. Áður fyrr hefur þingið látið það viðgangast að veita erlendum nunnum, sem komu hingað upp til þess að hjúkra sjúklingum, íslenzkan ríkisborgararétt, þó að þær hefðu verið styttri tíma en þann, sem venjulega var áskilinn. Ég fyrir mitt leyti vildi halda þessari reglu líka um systurnar í Hafnarfirði, þó að þær séu að vísu ekki hjúkrunarnunnur, en fyrir því fékkst ekki meiri hluti í n. Ef brtt. kemur fram hér í d. um, að þeim verði einnig veittur ríkisborgararéttur, mun ég greiða atkvæði með því.

Eins og ég gat um áðan, hafa borizt 11 nýjar umsóknir, sem verða teknar til athugunar fyrir 3. umr.

Í tilefni af brtt. hv. þm. V-Sk. á þskj. 614 vil ég geta þess, að báðar þær konur, sem þar er um að ræða, giftust árið 1953, þannig að ef d. ákveður að veita þeim ríkisborgararétt, þá verður auðvitað að bæta við öðrum 9 konum, sem við tókum út úr, vegna þess að þær höfðu ekki verið í hjónabandi í 3 ár.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég á hér brtt. á þskj. 614, þess efnis, að tveimur konum, báðum fæddum í Þýzkalandi, verði veittur ríkisborgararéttur.

Á hernámsárunum í síðustu heimsstyrjöld og eins eftir stríðið komst mikið los á allt lausafólk hér á landi. Einkum kom þetta hart niður á sveitunum, þær tæmdust, svo að til stórvandræða horfði. Var um skeið ekki annað sýnna en að heil byggðarlög færu í auðn vegna fólkseklu. Var þá það ráð tekið að leita til Þýzkalands eftir starfsfólki. Það þótti líklegast til árangurs að leita þangað vegna þess neyðarástands, sem ríkti þar í landi eftir styrjöldina, og þetta bar árangur. Á vegum Búnaðarfélags Íslands var flutt til landsins margt fólk frá Þýzkalandi til starfa hér í sveitunum. Einkum voru það þýzkar stúlkur, sem hingað komu. Allmargar þessar stúlkur hafa ílenzt hér, þær hafa gifzt íslenzkum mönnum og stofnað hér heimili og búa nú í sveitunum. Þessar þýzku konur hafa yfirleitt reynzt ágætir borgarar, þær hafa fljótt samlagazt íslenzkum högum og starfsháttum, þær hafa lært málið mjög vel á skömmum tíma, en það er nú

venja Þjóðverja, því að þeir eru miklir málamenn.

Ég kann því illa, að þessar konur, sem vegna neyðarástands yfirgáfu ættland sitt og fluttust hingað fyrir atbeina íslenzkra stjórnarvalda og hafa stofnað heimili hér, séu gerðar að annars flokks borgurum. Ég tel þær vera annars flokks borgara, meðan þeim er synjað um íslenzkan ríkisborgararétt. Ég hef þess vegna leyft mér að flytja hér þessar brtt. um tvær konur, þær Dorotheu Kissmann, húsmóður í Hörgsdal á Síðu, sem er gift Bjarna Bjarnasyni hreppsstjóra þar, og Olgu Meckle, húsmóður á Reynivöllum í Suðursveit, sem er gift Þorsteini Þorsteinssyni, sem er húsbóndi á Reynivöllum og hefur tekið við búsforráðum þar af föður sínum, Þorsteini Guðmundssyni hreppsstjóra.

Ég veit, að það eru margar fleiri þýzkar konur, sem eins stendur á um og þessar, sem ég flyt hér brtt. um. Ég vil þess vegna eindregið mælast til þess við hv. allshn., að hún athugi til 3. umr. og endurskoði afstöðu sína til þessara kvenna, því að ég tel þær hafa algera sérstöðu. Þær eru fluttar hingað til landsins á vegum íslenzkra stjórnarvalda, og þær hafa stofnað heimili hér á landi, og ég tel það ranglæti, að þeim sé synjað um borgararétt.

Ef n. lofar að endurskoða afstöðu sína, þá vil ég taka till. mína aftur til 3. umr.

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Í tilefni af ræðu hv. þm. V-Sk. tek ég fram, að ég geri ráð fyrir, að n. vilji helzt, að atkvgr. fari fram um þetta nú þegar, og hagi svo störfum sínum eftir því. N. er búin að taka sína afstöðu, að vilja ekki veita ríkisborgararétt erlendum konum, sem giftar eru íslenzkum ríkisborgurum, fyrr en eftir a. m. k. þriggja ára hjónaband. Hún telur nauðsynlegt, að það sé einhver frestur þarna á settur, því að henni er kunnugt um a. m. k. eitt tilfelli, ef ekki tvö, þar sem einmitt þýzkar konur giftust mönnum eingöngu til að ná í íslenzkt ríkisfang og skildu svo við þá. Við verðum að athuga, að þetta, að konur hafa fengið sjálfstæðan ríkisborgararétt og verða ekki íslenzkir borgarar við giftingu, er runnið frá þeim sjálfum. Þær hafa krafizt þessa. Það er ein af jafnréttiskröfum þeim, sem þær hafa beitt sér mjög ákveðið fyrir, og ef farið væri inn á þá braut að veita skilyrðislaust og strax erlendum konum ríkisborgararétt, ef þær giftast íslenzkum mönnum, þá verðum við líka að veita erlendum mönnum, sem hafa gifzt íslenzkum konum, ríkisborgararétt, til þess að jafnræði verði á í þessu efni, og þá erum við sannast að segja komnir inn á mjög hála braut. Annars væri fróðlegt að heyra álit hæstv. dómsmrh., sem þessi mál heyra undir, um vinnubrögð n. í þessum efnum og þær till., sem hún leggur fram núna, þegar farið er að veita ríkisborgararétt samkvæmt hinum nýju lögum.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Vegna áskorunar hv. þm. Seyðf. vil ég taka hér til máls, þó að ég hafi ekki ætlað mér það. Ástæðan til þess, að ég þagði, var sú, að mér virtist sem n. hefði leyst starf sitt ágætlega af hendi og er mjög ánægður með hennar till.

Ég tek undir það, sem hv. þm. Seyðf. sagði um till. hv. þm. V-Sk. Mér finnst sanngjarnt, að þessar konur verði að hlíta einhverjum reynslutíma, og það eru einmitt kvennasamtökin, ekki aðeins hér á Íslandi, heldur í heiminum yfirleitt, a. m. k. í vestrænum löndum og norrænum, sem hafa beitt sér fyrir þessu jafnrétti, og það er eðlilegt, að þær verði þá að lúta því, sem af jafnréttinu leiðir, einnig í þessum efnum. — Ég vil mjög taka undir og styðja mál hv. þm. Seyðf.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ég mun setja mína till. undir atkv. í d., fyrst n. vill ekki íhuga þetta nánar. En ég vil, rétt til þess að sýna, hve mikið misrétti kemur hér fram, upplýsa, að á einu og sama heimilinu, á Hörgsdal á Síðu, eru tvær þýzkar konur, önnur giftist á árinu 1952, seinni hluta ársins, en hin í byrjun ársins 1953. Sú, sem giftist á árinu 1952, er búin að öðlast ríkisborgararétt, en hinni er synjað um ríkisborgararétt. Sjáum við af þessu, hve mikið misrétti kemur hér fram. Báðar þessar konur komu hingað til lands á vegum Búnaðarfélagsins og hafa starfað hér og stofnað heimili í sveitunum. Mér finnst þess vegna og held fast við það, að þessar þýzku konur eigi allar að fá ríkisborgararétt af þessari sérstöku ástæðu, að þær eru fluttar inn á vegum íslenzkra stjórnarvalda og notað neyðarástand í ættlandi þeirra til þess að fá þær hingað.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég tók ekki eftir, hvort hv. þm. V-Sk. sagði, að þessar tvær konur, sem hann minntist á, í Hörgsdal, hefðu komið á svipuðum tíma til landsins (*JK:* Á sama tíma báðar.) Þrátt fyrir það, þó að hæstv. ráðh. og n. hafi að forminu til talsvert til síns máls í þessu, kannske mikið, þá er það nú svo, að ég verð nú að láta í ljós þá skoðun, að hv. þm. V-Sk. hefur anzi þungt lóð á metunum, þar sem þessar konur hafa komið hingað til lands að opinberri tilhlutun, vegna þess að hér á landi var svo sár skortur á verkafólki, fólki, sem vildi vinna, og þá ekki sízt í sveitunum. Mér finnst nú satt að segja, að þetta tali talsvert með því, að hæstv. ríkisstj. og n., sem um þetta fjallar, líti á þessar brtt. velvildaraugum, því að í raun og veru ætti frá því sjónarmiði, sem við höfum í atvinnumálum í þessu landi, tæplega nokkur hlutur að teljast meira til verðleika í því fyrir útlending að fá hér ríkisborgararétt heldur en að vera ráðinn hingað að tilhlutun hins opinbera í fyrsta lagi og einmitt taka sér bólfestu í sveitum landsins, þar sem einatt er skortur á fólki, sem vill binda sig við þau störf, og betur geta þessar konur ekki bundið sig við störfin heldur en að kvænast inn á íslenzkt heimili og vinna, eftir því sem hv. þm.

V-Sk. upplýsti, sómasamlega og vel að uppbyggingu íslenzkra sveitaheimila. Ég verð að segja, að það er í mínum augum talsvert mikill munur á svona umsókn, sem kemur frá slíkum konum eins og hér liggur fyrir, búnum að starfa og vinna hér í 5 ár og eru giftar inn í landið íslenzkum mönnum, eiga kannske börn, sem ekki greinir um, en skiptir ekki hér verulegu máli, en þær sem sagt byggja upp íslenzkt heimili, eða hins vegar umsóknum frá því fólki, sem kemur hingað upp á ýmiss konar býti, ef til vill oftast nær af sjálfsdáðum, og starfar að því, sem því þykir bezt, oft og tíðum að verzlun og viðskiptum og þess háttar, og sækir svo og knýr fram að fá ríkisborgararétt á sínum tíma. Þær slógu mig dálítið einkennilega þessar upplýsingar, sem hv. þm. gaf. Hann nefndi tvær húsfreyjur þarna, báðar fæddar í Þýzkalandi, sem höfðu komið til landsins um svipað leyti, en ég tók eftir, að hann segði, að önnur þeirra væri búin að fá ríkisborgararétt, var það ekki rétt? En aftur á móti hangir það á þræði og meira en það, hvort starfssystir hennar, sem líka er húsfreyja og búin að vera jafnlengi í landinu og er gift íslenzkum manni, geti fengið hann. A. m. k. er eðlilegt, að þessu fólki finnist, að hér sé réttlætinu ekki beitt á sama hátt í báðum tilfellum.

Skal ég ekki segja meira um þetta. Ég ætla ekki að gera þetta að neinu kappsmáli, en ég vildi bara — eftir að hafa heyrt röksemdir hv. þm. V-Sk. — láta í ljós þetta, af ef nokkurt fólk á skilið að fá ríkisborgararétt í landinu, þá er það ekki hvað sízt það fólk, sem kemur hingað og sezt að í sveitum landsins fyrir fullt og allt til þess að lifa í þessu landi og starfa.

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Í tilefni af ræðu hv. þm. Vestm. (JJós) vil ég vinsamlega benda honum á það, að ástæðan til þess, að ekki stendur eins á um þær konur, sem hann og hv. þm. V-Sk. (JK) talaði um, er sú, að milli þess, sem þær giftast, komu í gildi ný lög, sem eru öðruvísi en gömlu lögin voru. Eftir gömlu lögunum um ríkisborgararétt varð kona íslenzkur ríkisborgari jafnskjótt og hún giftist íslenzkum ríkisborgara. Þessu hefur verið breytt eftir ákveðnum kröfum kvennasamtakanna, sem kröfðust þess, að konur hefðu sjálfstæðan ríkisborgararétt. Mismunur á afstöðu þeirra er því ekki nema það, sem svo iðulega kemur fyrir, þegar lögum er breytt í landinu. Ég get ekki séð, að það sé hundrað í hættunni, þó að þessar konur verði að bíða í þrjú ár til þess að sýna og sanna, að það sé þeirra ákveðni vilji að staðfestast hér í landinu. Við höfum engin lög, sem leggja haft á fólk við sérstakar sveitir eða þess háttar, og ég get ekki fallizt á, að það eigi að vera einhver sérstök forréttindi, að menn starfi í sveit, fram yfir störf að öðrum nauðsynlegum atvinnuvegum þjóðarinnar.

Það, sem mér virðist vera höfuðatriði þessa máls, er, hvort við eigum að opna flóðgátt, þannig að hver sú kona, sem giftist íslenzkum ríkisborgara, og þá um leið hver sá maður, sem kvænist íslenzkri konu, geti þegar í stað orðið íslenzkur ríkisborgari. Þá er áreiðanlega farið langt út fyrir það, sem hingað til hefur gilt og menn óska eftir að gildi. Þá getum við verið komnir inn á þá braut, áður en við vitum af, sem þekkt er erlendis, t. d. í Englandi, þar sem erlendir flóttamenn kaupa menn eða konur til að giftast sér til þess að fá enskan ríkisborgararétt og skilja svo um leið. Það er ekki vegna þessara kvenna, þessara tveggja eða þessara ellefu sem nú er verið að ræða, að ég er á móti þessu, heldur vegna fordæmisins, sem það gefur yfirleitt í sambandi við afgreiðslu þessara mála framvegis. Ég verð að segja það, að ég tel mjög vægt farið í sakirnar, þegar n. ákvað í þessum tilfellum að sætta sig við, að fólkið hefði ekki verið nema þrjú ár hér á landi eftir stofnun hjónabandsins.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Það er nú alveg óþarft að vera að bæta við það, sem hv. þm. Seyðf. (LJóh) hefur sagt í þessu máli.

Eins og hv. þd. veit, þá var það meginreglan samkvæmt íslenzkum lögum, að menn þurftu að vera hér 10 ár til þess að geta öðlazt ríkisborgararétt. Í annan stað þurfti fimm ár, ef menn voru í opinberri þjónustu. Í þriðja lagi tók konan ríkisborgararétt mannsins, þannig að ef erlend kona giftist íslenzkum manni, varð hún ríkisborgari um leið. Þessi lög voru felld úr gildi, og nú gilda um þetta ný lög. Samt sem áður hefur n. fylgt þessari höfuðreglu, að sá, sem öðlast hér íslenzkan ríkisborgararétt, ógiftur maður og ógift kona, þarf að vera hér í 10 ár, en ef kona giftist manni, sem hefur íslenzkan ríkisborgararétt, þá höfum við sett upp aðra reglu, sem hv. þm. Seyðf. benti á. Hún er sú, að hún þarf að hafa verið gift manninum í þrjú ár, og þá verði þeirri reglu fylgt, að hún fær íslenzkan ríkisborgararétt. Við gerum ráð fyrir, að svipuð regla verði látin gilda um karlmenn einnig; þegar maður hefur verið giftur íslenzkri konu í þrjú ár, þá fái hann íslenzkan ríkisborgararétt, þó að þeirri reglu sé ekki slegið fastri í þessu tilfelli, sem hér liggur fyrir, því að ég held, að það standi ekki þannig á. Spurningin er bara þetta: Vill hv. þd. fallast á þessar reglur?

Vegna þess hefur það ákvæði verið numið úr lögum, að erlendar konur öðlist ríkisborgararétt af sjálfu sér, um leið og þær giftast íslenzkum manni, að Alþ. hefur ekki viljað láta þá reglu gilda. Þess vegna var hún numin úr lögum, skyldi maður gera ráð fyrir. Ég verð að benda á það, að maður hefur ekki nokkra minnstu ástæðu til þess að halda, að það standi þannig á með neitt af þessum hjónaböndum, að þau séu miðuð við það að ná í íslenzkan ríkisborgararétt; það er síður en svo. En við vitum aldrei, hvenær það getur komið fyrir í framtíðinni, og þess vegna verða að gilda um þetta reglur. Ég hygg, að ég fullyrði ekki of mikið, þó að ég segi, að íslenzkur ríkisborgararéttur sé eins mikils virði og rík-

isborgararéttur nokkurrar annarrar þjóðar fyrir þá, sem vilja fá að flytjast inn í lönd, sem er mjög erfitt að komast inn í, og má benda þar á Vesturheim. Þar er tekið með opnum örmum á móti Norðurlandabúum, og líklega eru þeir þar í fremstu röð. Það er a. m. k. enginn framar, og þennan kvóta, sem við höfum inn í ýmis lönd, notum við ekki og erum meðal þeirra örfáu þjóða, sem ekki nota hann. Þess vegna er geysileg eftirsókn hjá þjóðum, sem ekki fá að flytjast inn í þessi lönd, eru búnar að biðja um 4—5 sinnum meiri innflutning til þessara landa heldur en þessar þjóðir fá, og fjöldi manna alltaf á biðlistum. En hjá okkur er það þannig, að við notum ekki þennan kvóta, þannig að hver Íslendingur, sem vill, getur núna komizt inn í þessi lönd, því að ég held, að kvótinn hafi aldrei verið fullnotaður nokkurt ár. Það er þess vegna ekki lítið eftirsóknarvert að ná í þennan ríkisborgararétt, og þess vegna er hugsanlegt, að það geti farið svo, að það verði reynt að misnota þetta. (Gripið fram í.) Það kann að vera, að það hafi verið gert. Mér finnst þess vegna, að þessi þriggja ára regla sé ekki ósanngjörn og það sé ekki ósanngirni gagnvart þessum ágætu konum, sem hafa flutzt upp í sveit og gifzt þar, þó að þær þurfi að sætta sig við þessa þriggja ára reglu vegna þess, hvað það er mikils virði að fá íslenzkan ríkisborgararétt, og vegna þess, að við verðum að vera á verði í þessu efni af þeim sökum. Það hefur verið misnotað annars staðar að ná í ríkisborgararétt, sem er mikils virði, og það getur komið að því líka, að það verði misnotað hér. Við þetta miðar n. sínar reglur, en vitanlega er það á valdi hv. þd. að ákveða, hvort þessar reglur eiga að gilda eða eitthvað annað.

ATKVGR.
Brtt. 614,1 felld með 9:3 atkv.
— 614,2 tekin aftur.
— 590 (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 653, 658).

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Ég tók það fram við 2. umr. þessa máls, að allshn. hefðu þá nýlega borizt 11 umsóknir, sem yrðu teknar til meðferðar í n. fyrir 3. umr.

N. hefur athugað þessar umsóknir og borið fram brtt. á þskj. 658, þar sem hún leggur til, að teknir verði til viðbótar inn í frv. 4 menn. Þessir 4 menn uppfylla allir þau skilyrði, sem n. setti sér og lagði til að þd. samþ. Það er því engin breyting gerð á því, sem samþykkt var við 2. umr., með því að leggja til, að þessir menn verði felldir inn í frv.

ATKVGR.
Brtt. 658 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 78. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 683).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 90. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 683, n. 808, 717, 742, 783, 791, 807, 809, 812, 813, 822).

Brtt. 822 of seint fram komin. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að fjölyrða mjög um þetta mál. Nefndin leggur til einróma, að bætt verði inn á frv. þeim umsækjendum um ríkisborgararétt, sem skráðir eru á þskj. 809.

Okkur var tjáð í allshn., að hv. allshn. Ed. hefði lagt til grundvallar fyrir till. sínum um veitingu ríkisborgararéttar, að ef um erlenda einstaklinga væri að ræða, þá hefðu þeir átt heima og dvalið hér á landi í 10 ár, en ef um hjón væri að ræða, útlenda karlmenn, sem hefðu kvænzt íslenzkum konum, eða útlendar konur giftar íslenzkum karlmönnum, þá hefðu þeir átt hér heima í þrjú ár frá giftingu hið minnsta, hvað sem dvöl þeirra leið svo að öðru leyti. Þetta sjónarmið hefur ráðið till. okkar í allshn. þessarar hv. deildar. Við töldum rétt, að það væri samræmi í gerðum eða samþykktum deildanna um þetta efni, og á þessum grundvelli eru okkar till. byggðar.

Ég vil svo í sambandi við þetta mál taka það fram, að allshn. þessarar hv. d. er þeirrar skoðunar, að sýna beri nokkra varúð í veitingu ríkisborgararéttar, að þegar Alþ. veiti hann, þá séu allmiklar líkur fyrir því, að hlutaðeigandi fólk, hvort sem um einstaklinga eða hjón eða fjölskyldur er að ræða, ætli að setjast hér að, hafi tekið sér bólfestu fyrir fullt og allt, og að sjálfsögðu séu uppfyllt önnur þau skilyrði, er þessi löggjöf setur fyrir veitingu ríkisborgararéttar, svo sem að maðurinn hafi, hvort sem það er karl eða kona, getið sér góðan orðstír, sé útlit fyrir, að þar sé um góðan og gegnan mann og trúan þegn að ræða; þess vegna sé óvarlegt að veita ríkisborgararéttinn, nema menn hafi um nokkurt skeið a. m. k. haft kynni af þessu fólki, sem um hann sæk-

ir. Á þessum grundvelli eru till. nefndarinnar byggðar.

Eg skal svo geta þess, að ég hef tekið eftir því á einni umsókn frá útlendingi, sem hér á hlut að máli og n. leggur nú til að öðlist ríkisborgararétt, að kona hans, sem er íslenzk, hefur síðan giftingin fór fram tapað sínum ríkisborgararétti, og vera má, að þannig sé ástatt um einhverja fleiri, ég hef ekki haft tóm til þess að aðgæta það. Þetta er auðvitað fyrir hlutaðeigandi fólk ákaflega auðvelt að fá leiðrétt. Samkvæmt hinum almennu lögum um veitingu ríkisborgararéttar þurfa menn ekki annað en að sækja um slíkt til ríkisstj., og þá verður þeim látinn ríkisborgararétturinn í té.

Hér liggja fyrir allmargar till. frá einstökum þm. Við höfum tekið til greina nokkuð af þeim. Þannig er um till., sem hv. 2. þm. Rang. hefur flutt, enn fremur um till., sem hv. þm. Ak. hefur flutt, og aðra till. hv. 2. þm. Eyf.; við höfum tekið hana til greina, en hina ekki, því að þar skortir á, að uppfyllt væru þau skilyrði, sem n. lagði til grundvallar fyrir till. sínum.

Um aðrar till. hv. þm. hirði ég ekki að svo komnu að fjölyrða. Ég get sagt almennt, að það fólk skortir allt skilyrði til þess að öðlast íslenzkan ríkisborgararétt eftir þeim grundvelli, sem n. hefur haft til þess að byggja till. sínar á.

Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt fjórum hv. þm. að flytja hér brtt. í sambandi við frv. um ríkisborgararéttinn, og ég ætla, að hv. allshn. hafi ekki haft tíma til þess að athuga þessa till. vegna þess, hversu seint hún er fram komin. Hún var prentuð í morgun og útbýtt á fundinum í dag, og ég geri ekki ráð fyrir, að hv. n. hafi athugað þessa till., og dreg ég það af tveimur ástæðum, bæði af því, hversu tíminn hefur verið naumur, og eins vegna þess, að ég hygg, að hefði hv. n. athugað þessa umsækjendur hér og skjöl þeirra, þá hefði hún mælt með þeim.

Hér er um tvær konur að ræða, sem eru giftar íslenzkum mönnum. Önnur heitir Körner, Anneliese, og er gift Ólafi Þorkelssyni bifvélavirkja á Hellu á Rangárvöllum. Þau hafa búið saman í fjögur ár og eiga tvö börn, en að vísu munu ekki vera nema tvö ár síðan þau giftust. Ég sé ekki, að það sé ástæða til að neita um ríkisborgararétt konu þessari, sem hefur dvalið hér á landi 5—6 ár, búið með íslenzkum manni í 4 ár, verið gift þeim sama manni í 2 ár og hefur eignazt með honum tvö börn. Hv. frsm. allshn. lýsti því hér áðan, að n. hefði tekið upp aðila, sem væru giftir fyrir þremur árum. Ég ætla, að bæði hv. frsm. og aðrir hv. allshn.-menn séu það sanngjarnir að vilja mæla með þessari konu ekki síður en öðrum, sem þeir hafa tekið upp.

Þá er það önnur kona, frú Martha Emma Johanna húsfrú að Neðra-Seli í Landmannahreppi. Hún er að vísu nýgift, giftist á s. l. sumri Guðmundi Loftssyni bónda í Neðra-Seli, en hún hefur verið í Neðra-Seli bústýra í þrjú eða fjögur ár, og má þess vegna ætla, að henni hafi líkað vel í Neðra-Seli, úr því að hún giftist bóndanum þar eftir að hafa verið þar í langan tíma, og þess vegna lítil ástæða til þess að ætla, að hún strjúki. En það virðist vera forsendan fyrir því að neita útlendum konum, sem giftar eru íslenzkum mönnum, um ríkisborgararétt, sú hættan, að þær staðfestist hér ekki, enda þótt þær séu giftar. Þessi hjón eiga eitt barn, og ég hef þann kunnugleika af þessum hjónum, að mér þykir ákaflega ólíklegt, að konan dvelji ekki hér á landi, það sem hún á eftir að lifa.

Ég vænti þess, að þessar tvær ágætu frúr verði nú teknar í tölu íslenzkra ríkisborgara. Mér finnst annað alveg ósæmandi. Þær eru mæður íslenzkra barna og hafa setzt hér að, og mér virðist þær skipa húsfreyjustöðuna með ágætum. Finnst mér alls ekki sæmandi, að þeim verði neitað um þessi réttindi.

Einar Ingimundarson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við frv. um veitingu ríkisborgararéttar á þskj. 791 þess efnis, að Reidar Kolsoe stýrimanni í Reykjavík verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur. Umsækjandi er fæddur 28. sept. 1902 í Osló. Hann er kvæntur íslenzkri konu, Hallveigu Jónsdóttur, og gengu þau í hjónaband 1. maí 1943. Umsækjandi hefur dvalið í Reykjavík, þegar hann hefur verið hér á landi, en hefur annars verið í siglingum þess á milli. Á árunum 1946—'49 var hann í siglingum við Ameríku á amerískum skipum, og var fjölskyldan því lengst af þvi tímabili búsett í New York. Síðan í maí 1949 hefur fjölskyldan verið í Reykjavík að undanskildum nokkrum mánuðum, sem hún dvaldi í Noregi árið 1950, en umsækjandi hefur að verulegu leyti haft atvinnu sína á erlendum skipum og því verið fjarverandi um lengri og skemmri tíma. Umsókn þessari fylgja vottorð fjögurra valinkunnra manna um, að þeir hafi fylgzt með hegðun hans og telji ekkert athugavert við hana. Frammi liggur líka með umsókninni vottorð frá dómsmrn. þess efnis, að samkvæmt heimild í lögum nr. 100/1952 hafi kona umsækjanda, sem er íslenzk, eins og ég gat um áður, öðlazt staðfestingu rn. á íslenzkum ríkisborgararétti hennar. Þá fylgir og vottorð sakadómarans í Reykjavík, þar sem vottað er, að umsækjandi hafi hvorki sætt ákæru né refsingu, og einnig vottorð borgarstjórans í Reykjavík, þar sem segir, að umsækjandi hafi verið skráður í manntal Reykjavíkur 1943 til í janúar 1946, er hann fór af landi brott, hann skuldi ekki bæjargjöld og hafi ekki þegið hér framfærslustyrk.

Ég mælti með því við allshn. Nd., þegar hún hafði þetta frv. til meðferðar, að n. gerði till. um, að manni þessum yrði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur, en ekki náðist samkomulag í n. um það, þrátt fyrir það að einstakir nm. væru því hlynntir og teldu alla sanngirni mæla með því, að þessi maður öðlaðist ríkisborgararétt.

Ég á dálítið erfitt með að skilja, hvers vegna þessi maður skuli ekki eiga rétt á að öðlast borgararéttindi hér á landi, þegar þeirri reglu hefur verið fylgt bæði undanfarin ár og nú í þetta sinn, að þeir útlendingar, sem kvæntir eru íslenzkum konum og eru búnir að vera giftir þeim í þrjú ár, skuli öðlast ríkisborgararétt. En þessi maður hefur verið kvæntur íslenzkri konu í 11 ár og talið heimili sitt hér í 4—5 ár. Það er að vísu rétt, að umsækjandi hefur ekki dvalið langdvölum hér á landi upp á síðkastið, en þess er að gæta, að hann hefur haft atvinnu við siglingar, lengst af verið skipstjóri eða stýrimaður á stórum skipum, en þau sigla sem kunnugt er um heimshöfin fjarri Íslandi, og hefur hann þess vegna ekki átt þess kost að dvelja hér nema að litlu leyti, og um það mundi náttúrlega gegna sama máli, í hvaða landi sem hann hefði ríkisborgararétt, að hann gæti ekki nema að mjög litlu leyti dvalið á heimili sínu. Hins vegar ber þess að gæta, að síðan 1949 hefur hann talið heimili sitt vera hér í Reykjavík og kona hans og fjölskylda öll — hjónin eiga þrjú börn á misjöfnum aldri — hefur dvalið hér óslitið frá 1949, og þar með hafa bæði þau og hann sýnt í verki, að þau kjósa að eiga hér heimili, og eðlilegt er, að umsækjandinn vilji þá fá íslenzkan ríkisborgararétt. Ég vil einnig benda á það, að umsækjandinn hefur alltaf dvalizt hér á heimili sínu, þegar hann hefur komizt höndum undir vegna starfa síns, en það hefur, eins og ég tók fram áður, verið nokkuð sjaldgæft, að hann gæti það, vegna þess að hann hefur atvinnu við að sigla um fjarlæg höf. Ég vil einnig benda á, að ef manni þessum yrði ekki veittur íslenzkur ríkisborgararéttur, mundi hann aldrei fá tækifæri til að dvelja hér stundinni lengur, því að þá mundi hann neyðast til að halda áfram að sigla á erlendum skipum um fjarlæg heimshöf, en fengi hann hins vegar íslenzkan ríkisborgararétt, mundi honum opnast leið til að afla sér atvinnu við sitt hæfi hér á landi og ætti þess kost eftir það að dvelja oftar og ef til vill lengur hér á landi heldur en hann hefur átt kost á fram að þessu.

Ég vil að lokum geta þess, að umsækjandi er nú gersamlega slitinn út tengslum við sitt upprunalega heimaland, Noreg, og mun ekki hafa komið þangað í mörg ár. Þannig er því ástatt með hann, að hann er raunverulega heimilislaus, þó að hann eigi að heita að eiga ríkisborgararétt enn þá í Noregi. En kona hans hefur verið hér búsett í mörg ár, eins og ég gat um áður, og er þegar orðinn íslenzkur ríkisborgari. Mér finnst því öll sanngirni mæla með því, að hv. alþm. stuðli ekki beinlínis að hjónaskilnaði með því að halda þessum manni svo langt frá heimili sínu, að hann geti ekki atvinnu sinnar vegna dvalið hér nema einstöku sinnum, og vona ég mjög eindregið, að hv. þdm. sýni þessu máli skilning og styðji þessa till. mína.

Bergur Sigurbjörnsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér eina brtt. við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar. Er sú brtt. prentuð á þskj. 742 og er þess efnis, að inn í 1. gr. frv. bætist Lydia Niclasen húsfrú hér í Reykjavík, fædd í Færeyjum. Ég sé á till. hv. allshn., að hún hefur ekki viljað fallast á að taka þessa till. mína til greina, og þykir mér því hlýða að fara um þetta örfáum orðum.

Frú Lydia Niclasen er gift íslenzkum manni, Stefáni Þorlákssyni. Að vísu gengu þau í hjónaband nú á yfirstandandi ári, en frúin hefur verið búsett hér í Reykjavík samkvæmt vottorðum frá því á árinu 1946 og stundað hér hjúkrunar- og líknarstörf, að því undanskildu, að hún skrapp til Noregs á árunum 1949 og 1950 í nokkra mánuði til frekara náms þar. Hér er um að ræða hjúkrunarkonu, sem hefur hér eingöngu stundað slík störf þar til nú, að hún er gift og setzt að hér í bæ.

Mér er fyllilega ljóst, að það geti verið rétt, sem hv. allshn. heldur fram, að í ýmsum tilfellum geti verið ástæða til fyrir okkur að fara varlega í sakirnar með að veita mönnum ríkisborgararétt. Því er borið við, sem er og rétt, að það geti komið fyrir þau tilfelli, að útlendingar óski eftir því, ef það væri mjög auðvelt að fá ríkisborgararétt hér, aðeins til bráðabirgða til þess að eiga hagkvæmara með að flytja síðan til annarra landa og fá búsetu þar. Í þessu tilfelli, sem hér er um að ræða, getur ekkert slíkt átt sér stað. Það væri engu hagkvæmara fyrir þessa frú að flytja til neins lands í veröldinni með íslenzkan ríkisborgararétt heldur en þann ríkisborgararétt, sem hún hafði áður í Færeyjum. Það er og ljóst, að regla sú, sem hv. allshn. fer eftir um þriggja ára búsetu hér á landi, eftir að viðkomandi aðili hefur gengið í hjónaband, er náttúrlega enginn Salómonsdómur í þessum málum, því að það mætti eins segja, að ef svo háttaði, að einhver væri að útvega sér hér ríkisborgararétt til þess að komast eitthvað annað, þá mundi hann nú eins reyna það, þó að hann þyrfti að þreyja í þrjú ár til þess að sleppa héðan úr prísundinni, ef því væri að skipta. Hins vegar hefur frú Lydia, sem hér er um að ræða, sýnt það nú þegar með því, hve lengi hún hefur búið hér, að það er hennar ætlun að setjast að hér á landi, svo og er hennar hjónaband frekari undirstrikun í því efni. Með umsókn hennar um ríkisborgararétt fylgja vottorð frá ýmsum aðilum, þ. á m. frá lögreglustjóranum í Reykjavík um óaðfinnanlega hegðun umsækjanda, frá borgarstjóranum í Reykjavík um það, að umsækjandi hafi borgað öll opinber gjöld, sem áskilið var, og frá sakadómaraembættinu sömuleiðis um það, að umsækjandi hafi hvorki sætt ákæru né refsingu þann tíma, sem hún hefur dvalið hér á landi.

Ég vil einnig geta þess hér, að Ísland hefur á síðustu árum gert ýmsa samninga við Norðurlönd í félagsmálum og öðrum slíkum málum, þar sem mönnum er gert auðveldara fyrir með að neyta réttar síns, hvar sem er á Norðurlöndum, og öðlast sama rétt í ýmsum félagslegum málum á öllum Norðurlöndunum. Ég tel því í beinu framhaldi af þessu, að í sambandi

við veitingu ríkisborgararéttar hljóti að gegna nokkuð öðru máli, hvort umsækjandi er Norðurlandabúi eða ekki. Norðurlandabúar hafa enga sérstaka ástæðu til þess að sækja fyrst um ríkisborgararétt á Íslandi til að komast eitthvað annað. Þeir geta það frá sínu heimalandi, með sínum ríkisborgararétti, og þess vegna sýnist mér, að reglur þær, sem hv. allshn. vill í þessu tilfelli beita, séu allt of einstrengingslegar. Vil ég því vænta þess, að hv. þm. sýni meiri lipurð og meiri skilning í þessu máli að því er snertir þá brtt., sem ég hef hér flutt.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég hef flutt hér á þskj. 783 till. um, að veittur verði ríkisborgararéttur tveimur mönnum. Hv. allshn. hefur tekið annan þennan aðila inn í sínar till., og er ég henni þakklátur fyrir það, en eftir atvikum mun ég taka till. um hann til baka og einnig hina fyrri till., þannig að þskj. í heild er tekið aftur.

En ég vildi hins vegar leyfa mér að flytja hér brtt. um nýjan aðila, þýzka konu, sem gift er íslenzkum ríkisborgara, og ég verð að bera hana fram skriflega, þar sem ekki hefur unnizt tími til að ganga frá henni í tæka tíð, en hún er um það, að frú Friede Gertrud Block Jónsson, húsfrú í Reykjavík, sem er fædd í Þýzkalandi 1. ágúst 1920, verði bætt við 1. gr. frv. Kona þessi mun ekki uppfylla þá kröfu, sem hv. allshn. vill gera til erlendra kvenna, sem giftast íslenzkum ríkisborgurum, um að hafa verið gift í 3 ár.

Ég viðurkenni það fúslega, að það er eðlilegt, að hv. n. reyni að leita sér að einhverri reglu til að fara eftir, en ég held satt að segja, að þessi þriggja ára hjúskaparregla sé nokkuð óeðlileg og það sé ekki raunverulega hægt að segja, að það sé neitt meiri ástæða til að halda, að konan dvelji hér á landi áfram, þó að hún hafi verið gift hér í þrjú ár, heldur en hafi hún dvalið kannske 4—5 ár ógift, ef hún á annað borð er gift, þegar um það er að ræða, hvort hún fær ríkisborgararétt eða ekki.

Eins og hv. þm. er kunnugt, þá hefur það verið meginreglan, þangað til hin nýju l. um ríkisborgararétt gengu í gildi, að erlendar konur, sem giftust íslenzkum ríkisborgurum, öðluðust af sjálfu sér ríkisborgararétt, án þess að þurfa sérstaklega um hann að sækja. Þessi breyting, sem gerð var á l., hefur í för með sér margvíslega erfiðleika fyrir þær konur, sem giftast íslenzkum ríkisborgurum, bæði fyrir þær sjálfar og menn þeirra, þar sem konur þessar eru réttlausar varðandi þau hlunnindi, sem íslenzkar konur njóta, á meðan þær hafa ekki fengið ríkisborgararétt. Það kann að vera full ástæða til þess, að löggjafinn ákveði, að breytt sé þeirri reglu, sem áður gilti um, að kona fái ríkisborgararétt, ef hún giftist íslenzkum ríkisborgara. En ég held nú samt, að það eigi að sýna nokkurt frjálslyndi í þessum efnum, ef ekki eru einhverjar sérstakar ástæður fyrir hendi, sem benda til þess, að það sé af tylliástæðu einni, sem konan hafi gengið í hjúskap og ætli sér með því einu að ná ríkisborgararétti, sem hún geti að einhverju leyti haft gagn af á öðru sviði.

Kona sú, sem hér um ræðir, hefur dvalið hér á Íslandi svo að segja óslitið síðan snemma árs 1949, hún hefur að vísu ekki verið gift nema í eitt ár, en það standa þannig sakir, að það er áreiðanlega engin ástæða til þess að halda, að hún muni á næstunni flytja af landi brott eða hafa nokkra sérstaka ástæðu til þess að sækjast eftir íslenzkum ríkisborgararétti af tylliástæðum, þannig að það sé þörf á að gjalda varhug við að veita henni þessi réttindi. Hún hefur ekkert af sér brotið hér, — það liggja fyrir vottorð um það, — og ekkert bendir til þess, að hún geti ekki verið fullgildur og góður íslenzkur borgari.

Ég orðlengi ekki frekar um þetta, en vildi aðeins leyfa mér að vænta þess, að hv. d. sæi sér fært að veita konu þessari ríkisborgararétt.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. (sjá þskj. 834) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Á þskj. 813 er till., sem ég flyt um það, að Meckle, Olga, húsmóðir á Reynivöllum í Austur-Skaftafellssýslu, fái íslenzkan ríkisborgararétt. Þessi kona kom hingað til landsins að ég ætla árið 1947 í allstórum hóp af þýzku fólki, sem þá kom til þess að vinna landbúnaðarstörf hér í sveitum landsins. Hún kom þá beint á þetta heimili, að Reynivöllum í Austur-Skaftafellssýslu, og hefur dvalið þar samfleytt síðan. Nú er hún fyrir nokkru gift manni, sem hefur alizt upp á þessu heimili, og mér er ekki kunnugt um, að þessi hjón hugsi til bústaðaskipta framvegis. Þessi kona hefur því valið sér stöðu húsmóðurinnar á þessu sveitaheimili og getið sér góðan orðstír í hvívetna, bæði sem húsfreyja á heimilinu og í viðskiptum öllum innan sveitarinnar.

Jónas Rafnar: Herra forseti. Ég flutti á þskj. 717 brtt. þess efnis, að Niels Marinus Hansen vefara á Akureyri yrði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur. Nú hefur hv. allshn. fallizt á að mæla með því, að þessum manni verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur. Ég vil þakka n. fyrir þessa afgreiðslu og tek jafnframt aftur brtt. mína á þskj. 717, þar sem hún er tekin upp á þskj. 809.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Það er ekki ástæða til þess að fjölyrða mikið um þessar till., sem fyrir liggja. Ég gerði grein fyrir því af hálfu n., hvaða reglum hún hefði fylgt í till. sínum, og þarf ekki að endurtaka það. Þær till., sem fyrir liggja og fluttar eru af hv. þm., uppfylla allar eða nær allar a. m. k. ekki þau skilyrði, sem n. setti sér, og þess vegna getur n. ekki mælt með því við hv. d., að þær verði samþ.

Ég skal lítillega minnast á brtt. hv. þm. Siglf., sem er á þskj. 791. Það kom mjög til

orða um þennan umsækjanda í n., og verð ég að láta það í ljós, að nm. ýmsir, máske allir, höfðu í sjálfu sér samúð með að veita þessum manni þegnrétt, og stafar það af því, að hann er búinn að vera hér nokkuð lengi búsettur, er kvæntur íslenzkri konu, og þau giftust 1943, eiga 3 börn, sem eru hér með móður sinni, og þegar maðurinn hefur nokkurt frí frá störfum, þá dvelur hann hér með fjölskyldu sinni, en hann hefur verið í siglingum, eins og hv. þm. Siglf. réttilega drap á, og mun nú vera slitinn úr tengslum gersamlega við sitt heimaland, svo að í raun og veru er líklega þannig ástatt um hann, að hann á nú ekkert föðurland. Það er þess vegna erfitt í raun og veru að geta ekki orðið við óskum þessarar fjölskyldu, og ég verð nú að láta það í ljós, — það segi ég nú persónulega fyrir mig, — að þó að þessi till. hv. þm. Siglf. yrði samþykkt, þá mun það nú tæpast geta talizt mikið frávik frá því, sem n. setti sér með sínum till., og það er sakir þess, hve maðurinn er búinn að vera hér lengi öðru hverju og fjölskylda hans er hér. Hingað kom hann 1942 og hefur í raun og veru ekki verið síðan í sínu heimalandi. Hans atvinna hefur verið í siglingum viðs vegar um höfin, en fjölskyldan verið lengi búsett hér. Þetta eru nokkuð sérstakar ástæður og því í raun og veru margt, sem mælir með því, að þessi till. yrði samþ. En það er þá líka eina till. af þeim, sem fyrir liggja, sem þannig er ástatt um.

Hv. 1. þm. Rang. (IngJ) minntist hér á brtt. þær, sem hann flytur hér á þskj. 822. Það eru tvær till. Körner, Anneliese Ruth, húsfrú, kom hingað 1949 um vorið, giftist árið sem leið, eftir því sem skjölin herma, en þau hjón eiga víst tvö börn. Um nr. 2 á þessu sama þskj., Warncke, Martha Emma Johanna, húsfrú, þá kom hún hingað einnig 1949, hefur verið við landbúnaðarstörf og giftist í vetur. (Gripið fram í.) Nei, það er nú í sjálfu sér ekki, en í skjölunum stendur, að þau hafi gift sig í febrúar. Ég þarf ekki að fjölyrða um þetta; það er svo langt frá því, að þetta fullnægi því, sem við höfum haft að leggja til grundvallar, að n. getur ekki mælt með slíku.

Þá er till. frá hv. 8. landsk. Ég vil taka það fram í eitt skipti fyrir öll, af því að hann lagði einna mesta áherzlu á það, að þetta væri mjög vönduð og góð kona, að það efast ég ekkert um. En við viljum gersamlega leiða hjá okkur að dæma nokkuð um slíkt og hafa af þeim ástæðum á móti fólkinu. Við einmitt vonum, að svo sé, og þá munu þær innan ekki mjög langrar stundar, ef fylgt verður þessari reglu, sem nefndirnar hafa nú sett sér, öðlast ríkisborgararétt. Þessi kona kom hingað 1946, giftist árið sem leið, að haustinu. Hún var við nám 1949—'50, eftir því sem skjölin sýna, og þá hefur hún slitið í sundur sína dvöl hér eða heimilisfang, og ekki styrkir það vitaskuld aðstöðuna til þess að öðlast réttinn. Hv. þm. drap á, að það þyrfti ekki að óttast, að þessi kona notaði sinn ríkisborgararétt, þó að hún fengi hann nú, landinu til óhagræðis; það efast ég ekki um. Hennar ríkisborgararéttur, sem er núna í Noregi, hefur sitt fulla gildi, þó að hún hugsaði sér að fara til dvalar eitthvað annað, og um það þarf vafalaust ekki að fjölyrða.

Hv. þm. Ak. tók sína till. aftur, þar sem n. líka hafði tekið hana upp.

Hv. þm. A-Sk. (PÞ) mælti með sinni brtt. og gaf þessari húsmóður hið bezta orð. Það efast ég ekkert um, að þannig sé það. Hún kom hingað 1949, eins og ég ætla að hann hafi tekið fram, en giftist í fyrra, og fyrir þá sök hefur n. ekki getað mælt með samþykkt þeirrar till.

Hv. 11. landsk. hefur ekki mælt neitt með sinni brtt., en það er eins ástatt með þá konu. Hún kom hingað til lands í fyrra og giftist á árinu og uppfyllir því hvergi nærri þessi skilyrði.

Þá var hv. 2. þm. Eyf. (MJ) með skrifl. brtt. Hann gat þess, að sú kona, sem hér á hlut að máli, hafi aðeins verið gift í eitt ár, kom hingað 1949, og stendur því eins á um hana og ýmsar aðrar, að hún uppfyllir ekki þessi skilyrði. Hv. þm. sagði, að sér fyndist, að þetta ætti ekki að vera algild regla, hún gæti verið ósanngjörn, væri tæpast vert að halda sér mjög fast við hana. Ég skal ekki bera á móti því. En ég vil beina því til hv. þm., að það getur verið það alvarlegur hlutur, að það sé full ástæða til þess að gæta varúðar í þessum efnum. Einhverja reglu verða menn að hafa, og þó að segja megi, að reynslutíminn sé ekki langur, þrjú ár, þá gefur þó sá tími nokkra hugmynd um, hvernig háttað muni vera um þetta fólk, sem sækir þá um íslenzkan ríkisborgararétt, og vissulega er nokkru meiri trygging fyrir því, að það taki sér bólfestu til frambúðar, að það stofnar til fjölskyldu og myndar heimili, og er það engan veginn lítilvægt, þegar nokkur stund er liðin. Hitt höfum við vitneskju um, að það er til, að erlent fólk, sem hingað hefur komið, hefur ætlað sér að fá ríkisborgararétt til þess að auðvelda sér leiðina til annarra landa. Og þess ber okkur að gæta að fara varlega í þær sakir, því að ríkisborgararéttur okkar og það álit, sem þjóðin kann að fá frá þeim þegnum sínum, er engan veginn lítilvægt, hvernig það kann að gefast.

N. getur því ekki mælt með þessum brtt. hv. þm. En ég get lýst yfir fyrir mitt leyti, ég geri það ekki f. h. nefndarinnar allrar, að helzt væri það þá till. sú, er hv. þm. Siglf. flytur.

Björn F. Björnsson: Herra forseti. Ég flutti hér brtt. við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar á þskj. 807. Var sótt þar um ríkisborgararétt fyrir Oðni Gærdbo klæðskeranema, færeyskan, sem á heima hér í Reykjavík. Nú sé ég, að hv. allshn. hefur tekið þessa till. mína í sínar till., og tek ég því till. aftur, en þakka jafnframt fyrir góða afgreiðslu á þessari till. minni af hálfu allshn.

ATKVGR.

Brtt. 809 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 717 tekin aftur.
— 742 samþ. með 14:8 atkv.

Brtt. 783 tekin aftur.
— 791 samþ. með 17:5 atkv.
— 807 tekin aftur.
— 812 samþ. með 14:9 atkv.
— 813 samþ. með 14:7 atkv.
— 822 samþ. með 14:7 atkv.
— 834 samþ. með 14:8 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16:4 atkv.
3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 836, 837, 850, 853).

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég vil fara fram á það við hæstv. forseta, að þetta mál verði að þessu sinni tekið út af dagskrá. Við síðustu umr. þessa máls í d. voru margir umsækjendur settir inn í frv., sem uppfylltu ekki þau skilyrði eða þær reglur, sem farið hefur verið eftir í þinginu undanfarið. Eins og hv. frsm. hér í deildinni gat um, hafa báðar deildir þingsins undanfarið farið eftir föstum reglum um veitingu ríkisborgararéttar, og ef út af þeim reglum á að bregða, þýðir ekki að vera að setja þetta mál í nefnd og láta nefndirnar aðskilja umsækjendur samkv. þeim reglum, sem þingið hefur sett í þessu máli. N. vill því fá tíma til þess að athuga málið frekar, hvort hún vill breyta afstöðu sinni í samræmi við þann vilja, sem hefur komið fram í d. Um það get ég ekkert sagt. En hvað sem því líður, þá mun hún óska að fá að athuga málið betur, áður en það fer út úr deildinni.

Ríkisborgararéttur er talinn af flestum mjög dýrmætur réttur, og það er víst engin þjóð í heiminum, sem lætur hann á mjög auðveldan hátt. Ríkisborgararéttur hér á Íslandi er að sumu leyti verðmætari fyrir marga en borgararéttur ýmissa annarra ríkja, þar sem t. d. íslenzkir borgarar eiga tiltölulega auðvelt með að fá aðgang að borgararétti í Bandaríkjunum og Kanada. Það verður því að gjalda varhuga við því, að útlendingar, sem hér sækja um borgararétt, fái hann alveg að óathuguðu máli og dvelji hér kannske í eitt, tvö eða þrjú ár og fari svo í burtu héðan, en slíks munu dæmi. Ég veit, að hv. þm. eru sammála mér um, að slíkt beri að forðast.

Forseti (SB): Áður en orðið verður við ósk hv. form. allshn. um að taka málið út af dagskrá, vil ég aðeins vekja athygli hans á því, að síðasti fundur hv. þd. verður haldinn í dag. Ég vildi vekja athygli hv. n. á því, að ef málið á að fá þinglega afgreiðslu á þessu þingi, þá verður hv. n. að ljúka athugun sinni á því á örskömmum tíma.

Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er rétt, sem tekið var fram, að þingfundum í þessari hv. d. er nú að ljúka, og að biðja um frest á einu máli nú er það sama og að biðja um, að málið verði ekki afgr.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir um veitingu ríkisborgararéttar, hefur verið til umr. og athugunar hér í þessari hv. d. og hjá hv. allshn. Hv. allshn. bar hér fram till. í gær um að bæta nokkrum mönnum við frv. Hins vegar voru teknir nokkrir fleiri inn í frv. en þeir, sem allshn. vildi mæla með. Sé þetta nú athugað, þeir ágætu menn, sem n. mælti með, og hinar heiðvirðu húsfrúr við vegar í sveitum landsins, sem voru teknar inn í frv. þrátt fyrir mótmæli allshn., þá geri ég ráð fyrir því, að þessi hv. d. hafi ekki breytt um skoðun síðan í gær og hún vilji, að þessar konur, sem voru teknar hér inn, verði áfram á frv. og fái sinn borgararétt afgreiddan á yfirstandandi þingi.

Það er alveg rétt, að íslenzkur ríkisborgararéttur er mikils virði. Það mun einnig vera rétt, sem hv. form. allshn. sagði hér áðan, að það má benda á dæmi þess, að íslenzkur ríkisborgararéttur hafi verið misnotaður þannig, að einstaklingur eða einstaklingar, a. m. k. örfáir, hafi, eftir að þeir hafi fengið íslenzkan ríkisborgararétt, notað sér hann til þess að komast til Bandaríkjanna eða annarra landa, sem þeir hefðu ekki getað, ef þeir hefðu ekki áður öðlazt íslenzkan ríkisborgararétt. En nú vil ég spyrja hv. þm.: Dettur þeim í hug, að þessar konur, sem voru teknar hér inn í frv. í gær og eru búsettar úti í sveitum landsins, giftar íslenzkum mönnum og farnar að ala börn þar, fari nú að taka sig upp og strjúka til Bandaríkjanna? Ég held, að slíkt komi alls ekki til greina. Þær eru þegar fastar hér og eiga ekki heimangengt. Ég vil þess vegna mótmæla því, að þetta frv. verði stöðvað. Ég sé ekki ástæðu til þess að mótmæla því, að hv. n. taki frv. til athugunar, ef hún lofar því, að sú athugun taki stuttan tíma og að frv. geti orðið til umr. og afgreiðslu á næsta fundi þessarar d., sem sennilega verður í kvöld.

Forseti (SB): Það verður orðið við ósk hv. n. um að fresta umr. um málið nú. Ég vil aðeins beina þeim tilmælum til hennar að vinna það hratt að málinu, að unnt verði að veita því þinglega afgreiðslu frá hv. þd., áður en fundum hennar lýkur.

Umr. frestað.

Á 93. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 95. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 836, 837, 850, 853, 864).

Björn Ólafsson: Herra forseti. N. hefur athugað frv., eins og það liggur nú fyrir, milli funda, og eins og ég gat um í dag við fyrri umr. málsins, þá telur hún, að frv. eigi ekki að ganga fram eins og það er nú, vegna þess að til eru um tuttugu umsækjendur, sem líkt stendur á um og þá, sem komizt hafa inn á frv. nú, en hafa ekki verið teknir með. N. hefur þó ekki viljað gera þetta mál erfiðara með því að leggja til, að þessir umsækjendur yrðu settir inn á frv., og mun láta afskiptalaust, að frv. gangi áfram til Ed.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 837 brtt. við 2. gr. frv., en í 2. gr., eins og hún er í stjórnarfrv., er gert ráð fyrir því, að þeim sið skuli haldið, sem tekinn var upp fyrir einum tveim árum, að gera að skilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttar, að hinir erlendu menn, sem borgararéttinn hljóta, skipti um nafn og taki upp íslenzkt nafn í stað hins erlenda, sem þeir hafa borið. Ég legg til í þessari till., að hinum erlendu mönnum verði aðeins gert skylt að taka upp íslenzkt fornafn, en þeir fái að halda ættarnafni sínu, meðan þeir lifa. Börn þeirra skulu einnig verða að taka sér íslenzkt fornafn, en þau skulu kenna sig við föður sinn eða móður að íslenzkum sið og samkvæmt íslenzkum nafnalögum.

Ég hygg, að þess finnist engin dæmi í nokkru nágrannalandi, að það sé gert að skilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttar, að umsækjandi skipti um nafn. Mér er ekki kunnugt um annað en að almennt sé litið þannig á, að nafn það, sem maður ber og hefur hlotið í skírninni, sé orðið hluti af persónuleika hans og þess vegna sé algerlega óviðeigandi að skylda mann með lagasetningu til að segja skilið við nafnið og taka upp annað nafn. Hitt er annað mál, að þar sem svo stendur á eins og hér hjá okkur, að nöfn flestra þeirra manna, sem um ríkisborgararétt sækja, eru mjög frábrugðin íslenzkum nöfnum og íslenzkri málvenju, lúta e. t. v. ekki beygingarreglum íslenzkrar tungu, þá er hér vissulega um mikið vandamál að ræða. En aðalatriðið er auðvitað, að það sé tryggt, að hin erlendu nöfn, sem ríkisborgararéttar-umsækjendurnir bera, festist ekki í íslenzku máli og ílendist ekki í landinu eða með þjóðinni. Það er auðvitað algerlega tryggt með því móti, að umsækjendurnir séu aðeins látnir taka upp íslenzkt fornafn og hið sama gildi um börnin og þau síðan látin kenna sig við nafn föður síns, svo sem venja er hér á Íslandi. Með því móti mundu öll börn umsækjendanna bera alíslenzk nöfn og hin erlendu nöfn þeirra, sem nú fá ríkisborgararétt, verða úr sögunni, um leið og þeir falla frá. Hér tel ég vera um hyggilega millileið að ræða og finnst, að báðir aðilar geti vel við unað, þ. e. þeir, sem bera með réttu þá umhyggju fyrir íslenzkri tungu, að hún þurfi ekki að spillast af erlendum mannanöfnum, og þá einnig hinir erlendu umsækjendur um ríkisborgararéttinn, þar eð þeir þurfa þá ekki að láta af því nafni, sem þeir hafa borið frá fæðingu og er þeim að sjálfsögðu verðmætt, allt að því heilagt, því að það má fara nærri um það, að ekki er sársaukalaust fullorðnu fólki að verða að segja skilið við það nafn, sem fjölskylda þess kann ef til vill að hafa borið um aldaraðir. — Ég tel sem sagt, að í slíkri till. sem þessari felist millileið, sem báðir aðilar, bæði hinir erlendu umsækjendur og málverndunarmennirnir, eigi að geta sætt sig við.

Ég vil einnig leyfa mér að benda á, að það er mjög óeðlilegt í raun og veru að amast við erlendum ættarnöfnum á umsækjendum um ríkisborgararétt, meðan íslenzk nafnalög að öðru leyti eru þannig, að þau heimila íslenzkum mönnum að bera ættarnöfn og það meira að segja erlend. Með þessu móti er verið að gera íslenzkum ríkisborgurum mjög mishátt undir höfði, sem er mjög óeðlilegt.

Ég hef áður flutt í sambandi við frv. um ríkisborgararétt brtt. sama efnis og þessa. Á síðasta þingi var sú till. samþ. í Ed., en felld í Nd., samþ. aftur í Ed., ef ég man rétt, þannig að málið kom að síðustu fyrir Sþ., og þá felld þar með mjög litlum atkvæðamun. Nú hefur nýtt þing verið kosið, og nú þykir mér rétt að freista þess, hvort hinir nýkjörnu þm. vilja ekki taka öðruvísi á þessu máli en síðasta þing gerði, og hef því leyft mér að flytja þessa brtt. nú við 3. umr. málsins. Ég skal ekki orðlengja um þetta frekar, þótt vel væri hægt að flytja fyrir þessu meiri og ýtarlegri rök, þar sem þingið er nú að ljúka störfum.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 837, 850, 853 og 864, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég flyt hér brtt. á þskj. 850 um það, að Ursula Häfner húsfrú á Útibleiksstöðum fái ríkisborgararétt. Þessi kona er fædd í Þýzkalandi árið 1922, fluttist hingað til lands í júnímánuði 1950 og giftist í ágústmánuði 1953 Gunnlaugi Björnssyni bústjóra á Útibleiksstöðum. Hv. allshn. hafði ekki séð sér fært að gera till. um, að þessi þýzka kona fengi hér ríkisborgararétt. En við 2. umr. voru samþ. hér nokkrar brtt. við frv., m. a. um að veita þýzkum konum, sem hafa verið hér á landi tiltölulega fá ár, en giftar eru íslenzkum mönnum, ríkisborgararétt, og ég tel, að þessi kona eigi þá einnig eins og hinar að fá hér borgararétt. Ég skal geta þess, að umsókninni um ríkisborgararéttinn fylgir fæðingarvottorð, hjónavígsluvottorð og einnig fylgja hér með meðmæli frá sýslumanni Húnavatnssýslu.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Mig furðar nokkuð á því, að hv. 1. landsk. skuli bera fram þessa till. nú, þegar búið er í raun og veru að fella till. í d., áður en hún kemur fram. Hv. þm. bað um, að atkv. væru greidd sérstaklega um þá gr. frv., sem fjallar um þetta, og var hún samþ.

Ég vil vekja athygli á því, að samþ. hafa nú verið á tveim þingum frumvörp um ríkisborgararétt með þeim ákvæðum, sem nú eru í 2. gr. frv., og ég tel, að mjög væri óviðeigandi að fara að breyta þessu á þriðja ári og heimila þeim, sem nú sækja um ríkisborgararétt, að halda sínum erlendu nöfnum. Það væri ranglátt gagnvart því fólki, sem þegar hefur fengið íslenzkan ríkisborgararétt samkvæmt þessu ákvæði.

Hv. þm. sagði, að sín till. væri góð millileið. Við þurfum enga millileið í þessu máli. Þessir menn, sem eru að biðja hér um borgararétt,

eiga ekki að setja okkur kostina. Það erum við, sem eigum að setja þeim kostina fyrir því, að þeir fái að verða íslenzkir ríkisborgarar. Það eru mikil friðindi að fá íslenzkan ríkisborgararétt, eins og margoft hefur verið tekið fram, og ef þeir vilja ekki verða íslenzkir ríkisborgarar að nafninu til líka, þá er sýnilegt, að þeir vilja ekki mikið vinna til þess að verða íslenzkir ríkisborgarar, og þá eiga þeir ekki heldur að fá borgararéttindin.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta mál, enda hef ég ekki haft mikil afskipti af því.

Ég mun að sjálfsögðu greiða atkvæði með till. hv. 1. landsk., þótt hún gangi ekki alveg eins langt og ég hefði óskað. Ég hef verið á móti þessu tildri með nöfnin, sem hv. 3. þm. Reykv. hefur nú gert að sínu stóra baráttumáli á þessu þingi og fleirum. Mig langar að spyrja hann alveg sérstaklega, hvað muni henda þann ógæfusama mann, ef hans till. nær nú fram að ganga eins og hún er, sem er hér nafngreindur nr. 5 í 1. gr. frv. og ber það ógiftusamlega nafn að heita Clausen. Mundi hann mega kalla sig Thors t. d. eða eitthvað svoleiðis til að fá að vera borgari? Ég spyr. Annar, nr. 12, heitir Jensen, það er nú það, sem ég hét, áður en ég hét Thors. Hvað á nú að koma fyrir þann ógæfusama mann? Hann á kannske að kalla sig Ólafsson? Þetta er of broslegt allt saman, til þess að menn geti tekið það hátíðlega. Ég skal þó játa, að ef hingað streymdu menn þúsundum saman, sem hétu þessum erlendu nöfnum, væri kannske ástæða til að athuga það eitthvað. En það minnsta, sem hægt er að gera nú til réttlætis, er að samþ. till. hv. 1. landsk. Það er það minnsta tillit, sem hægt er að taka til þessara manna, sem hér vilja leita skjóls og vinna okkar fósturjörð, leggja henni til sín efnilegu afkvæmi, eins og dæmin sanna að útlendir menn gera stundum. Þetta er það minnsta, sem við getum gert fyrir þá, lágmarkstillit til þeirra og þeirra tilfinninga — og málvenju og mannasiða, að mennirnir fái að halda sínum nöfnum. Það skeður engin þjóðarógæfa með því. Hitt er siðleysi. Og það er dæmalaus sálrænn misskilningur hjá hv. 3. þm. Reykv., ef hann heldur, að það sé aðeins ein hlið á þessu máli og hún sé sú, að það sé okkar að setja þeim kostina. Að sönnu er það rétt, að það er fengur frá margra sjónarmiði og væntanlega þeirra, sem hingað leita, að fá að vera íslenzkir borgarar; ég dreg það ekki í efa. En margir þeirra manna, sem hér hafa eignazt íslenzkan borgararétt, gera það ekki af því, að þeir óski heldur að vera á Íslandi en á sinni ættjörð, ef þeir mættu eiga þess kost. Örlögin hafa fært þeim þá ógæfu að höndum að þurfa að flytja sig af sinni fósturjörð, og það er alveg óþarfi að vera að leika sér að þeirra tilfinningum á þennan hátt, sem hér er gert, og ég vil mælast eindregið til þess, að menn sýni þó það brot af sanngirni að samþ. till. hv. 1. landsk.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr., var lagt fram í hv. Ed. Við það voru fluttar nokkrar brtt. þar í deild og allmargar þeirra felldar. Nú hefur svo skipazt, að þessi hv. d. hefur samþ. inn í frv. allmargar brtt., sem hér voru fluttar, og m. a. nokkrar þeirra, sem fluttar voru upphaflega í hv. Ed. Meðan málið var til umr. í hv. Ed., flutti hv. þm. V-Sk. (JK) till. um það, að Kissmann, Dorothea, húsmóðir í Hörgsdal á Síðu, fengi íslenzkan ríkisborgararétt. Ég hef leyft mér að taka þessa till. upp, svo að hún komi einnig til atkv. hér í þessari hv. d.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 864 að bera fram brtt. við frv. til l. um ríkisborgararétt, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Í 1. gr. bætist í stafrófsröð:

1. Fick, Maria Luise, húsfrú í Hrísdal í Miklaholtshreppi, fædd 19. febr. 1925 í Þýzkalandi.

2. Mikulcak, Miroslav Randolph, forstjóri í Reykjavík, fæddur 10. sept. 1927 í Tékkóslóvakíu.

3. Levermann, Klaus Ernst, trésmiður í Reykjavík, fæddur 28. febr. 1929 í Þýzkalandi."

Frú Maria Fick fluttist hingað til landsins 1. okt. 1949. Hefur hún dvalið hér síðan, fyrst í Rvík í eitt ár, á Vífilsstöðum í rúmt 1½ ár og s. l. 2 ár vestur í Miklaholtshreppi í Hnappadalssýslu. Þau 2½ ár, er hún dvaldi hér í Rvík og á Vífilsstöðum, vann hún sem ráðskona og hjúkrunarkona og stundaði jafnframt nám í læknisfræði einn vetur í Háskóla Íslands. Er hún flutti vestur á Snæfellsnes sumarið 1952, var hún ráðskona hjá Kristjáni Einarssyni forstjóra, en flutti að Hrísdal í september sama ár. 25. jan. 1953 giftist hún eiginmanni sínum, herra Kristjáni Sigurðssyni bónda í Hrísdal, og hafði þá eignazt einn erfingja. Ég tel allt mæla með því, að þessari ágætu húsfreyju verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur.

Miroslav Randolph Mikulcak forstjóri í Rvík er fæddur í Tékkóslóvakíu 1927, en flutti hingað til lands 2. jan. 1947 og hefur átt heimili hér á landi í rúm 8 ár. Hann er giftur íslenzkri konu, giftist henni 7. júní 1952, og hafa þau eignazt eitt barn. Mikulcak óskar eindregið eftir að dvelja hér á landi til frambúðar, og af þeirri ástæðu óskar hann eftir því að fá íslenzkan ríkisborgararétt. Hann er forstjóri við Spánsk-íslenzka verzlunarfélagið hér í Rvík, en fyrstu árin, sem hann dvaldi hér á landi, vann hann hjá herra Óla J. Ólasyni skókaupmanni í Rvík. Vil ég eindregið mæla með því, að honum verði veittur ríkisborgararéttur.

Klaus Ernst Levermann fluttist til Íslands í júní 1949 og hefur því dvalið hér á landi í nær 5 ár. Fyrsta árið, sem hann var hér, dvaldi hann á Skálpastöðum í Lundarreykjadal, næstu þrjú ár á Staðastað á Snæfellsnesi og nú í tæpt ár í Rvík. Á Skálpastöðum og á Staðastað vann hann við landbúnaðarstörf, en í Reykjavík við trésmíðar. Þar sem Levermann hefur dvalið, hefur hann áunnið sér traust húsbænda

sinna fyrir dugnað og alúð í öllum störfum. Tel ég því rétt, þó að hann hafi aðeins dvalið hér í fimm ár, að honum verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur.

Björn Ólafsson: Hæstv. forsrh. mælti hér af miklum innileik fyrir till. hv. 1. landsk. Ég vænti þess, að það gangi ekki of nærri honum að vera í fylgd með hv. 1. landsk.

Gylfi Þ. Gíslason: Hv. 3. þm. Reykv. virðist hafa sviðið eitthvað undan höggunum, sem hæstv. forsrh. veitti honum í ræðu sinni áðan, og það get ég vel skilið, það mátti vel undan þeim svíða.

Ég tek algerlega undir þau skörulegu ummæli, sem hæstv. forsrh. viðhafði í sinni ræðu áðan um þetta mál. Það er rétt, að þessi hugmynd hv. 3. þm. Reykv. um að skylda menn til þess að skipta um nöfn er einhver alfáránlegasta hugmynd, sem fram hefur komið á þingi langa lengi og hlotið hefur staðfestingu í lögum. Þess eru engin dæmi í löggjöf nágrannalanda, að slík og þvílík ákvæði séu sett. Það eru engin dæmi þess meðal þjóða, sem á annað borð hylla lýðræðishugsjónina, að svo nærri sé gengið persónuleika manna eins og gert er með því að skylda þá til þess að afsala sér nöfnum sínum, sem þeir hafa borið frá því að þeir hlutu skírn. Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að slíkt er siðleysi, fullkomið siðleysi. Það minnsta, sem hægt er að gera í þessu máli, er að leyfa mönnum að halda ættarnöfnum sínum, meðan þeir lifa, en tryggja það, að tungan sé ekki skert, á þann hátt, að fornöfnunum sé breytt og niðjarnir kenni sig við þessi fornöfn áfram. (*BÓ:* Hver tryggir það?) Það á ríkisvaldið að tryggja. Sé misbrestur á því, getur hv. þm. átt það við sjálfan sig. Hann hefur verið menntmrh. í þrjú ár, og hafi nafnalögunum verið illa framfylgt, þá hefur hann gerzt þar brotlegur við skyldu sína. (*BÓ:* Það heyrir undir dómsmálin.)

Hv. þm. sagði, að það væru mikil rangindi, ef þessum reglum yrði nú breytt, vegna þess að þær hefðu gilt um tvo flokka nýrra ríkisborgara. Það er auðvitað alger misskilningur, að til mála geti komið að halda endalaust í vitleysu, sem einhvern tíma kann að hafa slæðzt inn í lög. Því fyrr sem hún er aftur numin úr lögum, því betra.

Ég leit yfir þau 37 nöfn manna, sem nú er gert ráð fyrir að hljóti íslenzkan ríkisborgararétt. 8 af þessum nöfnum eru þannig, að þau eru þegar borin af tugum ef ekki hundruðum manna, sem eru íslenzkir ríkisborgarar. Þau eru m. ö. o. algerlega lögleg samkv. íslenzkum nafnalögum og öðrum íslenzkum rétti. Þetta eru eftirfarandi nöfn, með leyfi hæstv. forseta: Christensen, Clausen, Hansen, Jacobsen, Jensen, Jörgensen, Petersen, Thorberg. M. ö. o.: 8 af 37 nöfnum — eða meira en fimmta hvert nafn á skránni — eru þegar lögleg íslenzk nöfn. Hvernig getur nú hv. þm. rökstutt, að það sé fjarstæða að heimila þessu fólki að halda nöfnum sínum til dauðadags eins og öðrum íslenzkum borgurum, sem nú njóta fulls réttar í þessu þjóðfélagi? Sjá ekki allir hv. þm., að hér er fjarstæða á ferðinni? Hvernig geta nöfnin Christensen, Clausen, Hansen, Jacobsen verið stórhættuleg á 8 nýjum íslenzkum ríkisborgurum, ef þau eru ekki hættuleg á hundruðum manna, sem nú þegar bera þau? Hér er um þvílíka fjarstæðu að ræða, að ég satt að segja furða mig á því, að jafnvel hv. 3. þm. Reykv. skuli gerast málsvari annars eins og þessa. Ef hann teldi þessi nöfn stórskaðleg, þá ætti hann auðvitað að beita sér fyrir því, að alls enginn íslenzkur ríkisborgari bæri þau. Hann ætti að bera fram brtt. við nafnalögin um það, að allir, sem nú bera útlend nöfn, skuli skipta um nöfn. Það hefur honum aldrei dottið í hug, því að það væri fullkomin ókurteisi og siðleysi gagnvart þeim borgurum, sem borið hafa nöfnin langa lengi. Hitt finnst hv. þm. sæmandi, að svo að segja niðast á þeim mönnum, sem sækja um íslenzkan ríkisborgararétt, nota það, að þeir eiga undir löggjafarvaldið að sækja, til að skylda þá til þess að segja skilið við þennan helga rétt, sem í eiginnafninu felst. Ef hv. þingmaður ber eins mikla umhyggju fyrir íslenzkri tungu og hann vill vera láta, hví stingur hann ekki upp á því, að ríkisborgarinn skuli kunna íslenzku? Það er ekkert ákvæði í frv. eða nokkrum lögum, sem tryggir það, að ríkisborgararnir kunni íslenzka tungu, og vissulega væri meiri hætta af því fyrir tunguna, ef þeir fengju ríkisborgararéttinn og gætu ekki talað mál sinnar þjóðar, heldur en þótt þeir fái að halda nafni sínu til dauðadags.

Ég orðlengi þetta ekki frekar, þótt margt fleira mætti um þetta segja, til þess að tefja ekki afgreiðslu málsins, en ég vil undirstrika það, — þó að um stór orð sé að ræða, — sem hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni áðan, að það eru engir mannasiðir að samþ. lög eins og þau, sem hér er um að ræða.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Það er nú illt að þurfa að verða til þess að tefja tíma, eins og nú er á skipað um verkefni þingsins, en þó getur það borið að, sem gerir óhjákvæmilegt fyrir mann a. m. k. að gera grein fyrir atkvæði sínu.

Ég verð að segja það út af ræðum og till. hv. 1. landsk. (GÞG), að það á við hann, að engum er viðleitnin bönnuð. Mér þykir leiðinlegt, hvað þessi hv. þm. leggur mikið kapp á það, að inn í tunguna komist ótal útlend nöfn. Hv. þm. segir: Þau eru í tungunni fyrir — og það er honum nóg. Hvað mundi það þá þýða, að fjöldi útlendra manna kemur með útlend nöfn, heldur ættarnöfnum sínum og þeirra börn og svo maður eftir mann af þeirri kynkvísl? Eitt atriði get ég tekið undir í ræðu þessa hv. þm., og það er um ættarnöfnin, sem Íslendingar bera og þær ættir hafa nú reyndar borið lengi, að langsamlega væri réttast og hreinast vegna tungunnar, að það góða fólk legði ættarnöfnin niður. Það væri það allra æskilegasta, til þess að í nöfnum á Íslendingum eða íslenzkum ríkisborgurum fyrirfyndist ekki erlent nafn. En þetta hefur verið látið

íhlutunarlaust af hálfu þingsins nú um skeið og stafar af því, að þetta fólk var lengi búið að bera sín nöfn hér heima á Íslandi og það ættfólk þekkt undir þeim nöfnum.

Hv. þm. sagði, að það væri fullkomið siðleysi að setja slíkt ákvæði sem þetta, að skylda þessa útlendinga til að leggja niður nafn, sem þeir bera þegar þeir koma hingað, og taka hér upp íslenzk heiti. Ef þetta væri í heimalandi mannanna, þar sem þeir eru þekktir undir nafninu og þar sem nafnið á við og er komið af þeirra tungu, þá væri nokkuð annað, ef þeir ættu þar að leggja það niður. Okkur þætti hart, ef einhver fyndi, skulum við segja, upp á því að banna — ja, við getum tekið hvaða nafn sem vera skal, það er talið hart nafn Jörundur (*Gripið fram í:* og Gylfi til dæmis?) — það er nú langtum mýkra, eins og maðurinn sennilega er, a. m. k. gagnvart erlendri tungu. Og vegna hvers þótti okkur það? Vegna þess að það er af norrænum stofni, hljómar vel í tungunni og á þar heima. Ég verð að segja, að ef það bæri fyrir mig, að ég þyrfti að setjast að hjá erlendri þjóð og vildi afla mér þar ríkisborgararéttar, þá kæmi það miklu minna við mig, þó að ég skipti um nafn og tæki upp nafn, sem hljómaði í þeirri tungu, þar sem ég væri setztur að. (*Forsrh.:* Það er mikil mýkt við forfeður sína!) Það væri bara allt annað mál. — Það er alveg misskilinn heiður gagnvart forfeðrunum að ætla nú að fara að færa inn í þetta land erlend nöfn, sem hljóma jafnvel í íslenzku tungunni sem hrein skrípi.

Eftir vitnisburði hv. 1. landsk. er það ekki fagur vitnisburður, sem þeir menn fá, sem stóðu að setningu íslenzkra laga um mannanöfn, sem því miður hefur í framkvæmdinni ekki verið eins í heiðri haldið og hefði átt að vera. Hvers vegna skyldu þeir menn, sem fyrir því gengust á sinni tíð, hafa sett lög um íslenzk mannanöfn? Ætli það hafi verið af fordild? Og hvernig voru þau lög sett? Þau lutu ekki aðeins að heitum útlendinganna, sem hingað komu; það var líka til varnar gegn því, að menn af fávizku einni eða hégómafullir menn færu að taka upp erlend nöfn og blanda inn í tunguna.

Nú er ekki hægt að fara langt út í þessar sakir, vegna þess að tíminn er naumur, en ég hafði hreina raun af að heyra til hv. 1. landsk. Mér finnst, að hann meini það, sem hann segir, og því tekur mig það enn sárar. Hv. þm. verður að gá að því, að þó að hann hafi fullkomna tilfinningu með þessu fólki, sem þarf nú að skipta um nafn, — ef það kemur við eitthvað af því, sem vel má vera, það þekki ég ekki og vil ekkert staðhæfa um, — þá ber honum þó skylda til þess að láta sér enn annara um sitt móðurmál og vera á verði fyrir því, að það spillist ekki. Til þess hefur hann skyldu sem íslenzkur þegn — og tvöfalda skyldu, þar sem hann er talinn menntaður maður, og það er hann vafalaust líka, og fulltrúi þjóðarinnar hér í Alþingi.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta frekar. Það er auðvitað í mesta máta óviðurkvæmilegt, að þingið sé að hringla með þetta ákvæði fram og aftur. Mönnum, sem hafa fengið ríkisborgararétt á síðustu árum, hefur verið gert að skyldu að taka upp íslenzk heiti, og fólkið hefur gert það. Svo á að nema þetta úr lögum nú eftir örfá ár, og nú á að gefa þetta alveg frjálst. Komið hefur fram hér, að síðar meir væri hægt að setja bann við þessu, þegar þeim færi að fjölga. En er betra, að tungan hafi fengið svo og svo mikil spjöll af því, áður en þetta er leiðrétt? — Mig furðar annars stórkostlega á þessum umr. Ég get vafalaust ekki státað af neinni manngæzku hjá mér eða mannkærleika umfram aðra menn, — það dettur mér ekki í hug, — en þó fer ég nokkuð að efast um skilning manna á því, hvaða skyldur þeir hafi mestar gagnvart eigin feðratungu. Það held ég við ættum að leggja ríkar á hjarta heldur en það, sem nú er flaggað með.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég skal ekki verða langorður, herra forseti, enda hef ég ekki ástæðu til þess. Ég heyrði hæstv. forseta sameinaðs þings, næstelzta þm. að þingatölu, elztan að aldri, flytja hér sína skeleggu ræðu, sem honum var lík. Þetta er mikill ættjarðarvinur og málhreinsunarmaður. En þá hvarflaði að mér nafn elzta þm., sem heitir nú Ottesen og situr þarna og virðist ekkert skammast sín fyrir það. Einn af þeim elztu heitir Thors. Einhver er borgarstjóri, æðsti borgari þessa bæjar; hann heitir Thoroddsen; svo að maður sleppi nú smákörlum eins og venjulegum þm., sem heita Flygenring. Ætli það sé ekki mjög raunalegt, að þetta slys skyldi hafa hent þjóðernið og tunguna, að hafa á Alþingi Íslendinga slíka menn? En svolítil bót fannst mér þeim, sem hafa valið þessa gallagripi inn á Alþingi, að minnast manns, sem heitir Steingrímur Thorsteinsson, manns, sem heitir Bjarni Thorarensen, manns, sem heitir Benedikt Gröndal, og svo nokkurra höfðingja í voru þjóðfélagi, sem heita Stephensen. Þetta mætti kannske verða huggun hæstv. forseta sameinaðs þings á þeirri andvökunótt, sem hann hlýtur nú að hafa, þegar hann loksins kemst úr þessum sölum og fer að hugsa um þetta ræðuhald sitt.

Ég vil svo segja mínum góða vini, hv. 3. þm. Reykv. (BÓ), sem ég að vísu tel mjög náinn vin minn, að ég vil í þessu máli heldur eiga samfylgd með hv. 1. landsk. Þó að ég telji ekki til jafngóðrar vináttu við hann eins og við hv. 3. þm. Reykv., þá vil ég langtum heldur vera í samfylgd með hv. 1. landsk. um réttlætismál heldur en um slíkt mál sem þetta með hv. 3. þm. Reykv. Það veit ég, að hann skilur; hann þekkir mig svo vel.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Hv. 1. þm. Árn. sagði, að sig stórfurðaði á þessum umr. Ég vil aðeins segja, að mig stórfurðaði á ræðu hans, því að hún hvíldi bókstaflega öll á algerum misskilningi á þeirri till., sem ég hef flutt. Annaðhvort virðist hv. þm. ekki hafa lesið till. eða hann hefur lesið hana þannig, að hann hefur ekki skilið efni hennar. Hann sagði, að nú ætti samkvæmt

minni till. að gefa nöfnin algerlega frjáls. Sá, sem les till., sér, að umsækjendurnir eiga að taka nýtt fornafn og sömuleiðis börn þeirra og börnin síðan að kenna sig við fornafn föður síns að íslenzkum sið. Það eina, sem ég legg til að fái að haldast, er það, að sjálfir umsækjendurnir þurfi ekki að skipta um nafn, um leið og þeir fá ríkisborgararéttinn, að enginn fullorðinn maður þurfi á fullorðinsaldri að taka sér algerlega nýtt nafn. — Hv. þm. sagði einnig, að nú ættu hinir nýju ríkisborgarar að fá að halda áfram að nota ættarnöfn sín og niðjar þeirra. Þetta er alger misskilningur. Þeir sjálfir eiga að fá að nota ættarnöfn sín áfram, en niðjarnir ekki, og með því tel ég alveg nógu vel séð fyrir tungunni, að það sé tryggt, að nöfn þessara manna haldi ekki áfram í fjölskyldum þeirra, þótt ég hins vegar sjái ekki, að tungunni geti stafað meiri hætta af þeim í þessum fjölskyldum heldur en þeim mörgu fjölskyldum öðrum, sem mega fá að nota algerlega löglega nákvæmlega sömu nöfn. — Skal ég svo ekki orðlengja um þetta frekar.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Hv. 1. landsk. taldi, að ég mundi hafa misskilið till. hans eða ekki lesið hana. Ég veit, hvað fyrir hv. þm. vakir. Hann telur, að því sé borgið, ef börnin skírist að einhverju leyti íslenzku heiti, þá nái það ekki lengra og ættarnafn foreldra haldi ekki áfram. Hann þarf ekki annað en kynna sér ofur lítið, hvernig farið hefur um framkvæmd nafnalaganna íslenzku. Mundi reyna minna á að halda þessu í réttu horfi, þar sem útlendingar eiga í hlut með útlendum heitum, heldur en með Íslendingana? Hann veit ofur vel, að það hefur ekki einu sinni verið farið nærri nógu vel eftir þessari löggjöf um íslenzk mannanöfn. Svo býst ég við, að það kunni að verða fleiri líkrar skoðunar og fram hefur komið hjá hv. þm. um það, að það væri ekki um að sakast, þó að niðjarnir tækju upp ættarnöfnin og héldu þeim áfram. Meira að segja þessi hv. þm. lét það í ljós áðan, að það væri eiginlega ómynd að amast við ættarnöfnum þeirra, þó að þeir hefðu þau, honum fannst það engin goðgá; það kom fram í ræðu hans áðan.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. forsrh. sagði, hvort ég teldi ekki tiltekna menn eins góða Íslendinga og aðra, og nefndi þar til okkar fornu skáld eins og Bjarna Thorarensen, Steingrím Thorsteinsson, Gröndal, Laxdal og fleiri, þá voru það vissulega góðir þegnar. En þess ber að gæta, að á þeirri tíð, er þau nöfn eru tekin upp, var alls ekki skoðuð nein goðgá að taka upp slík heiti, því miður, og það var á þeirri tíð miklu minni hætta á, að það festi rætur hér í íslenzkunni, eins og ástatt var um samgöngur milli landa og fólksflutninga þá, borið saman við það, sem nú er orðið. Við erum nú enn meir berskjaldaðir fyrir þessu, eins og í mörgum öðrum efnum, heldur en áður var. Viðvíkjandi þessu verð ég þó að segja það, að enn skemmtilegra hefði mér þótt það, að þessir menn hefðu kennt sig að íslenzkum hætti við feður sína, en ekki tekið upp þessi erlendu heiti, og það veit ég að hæstv. forsrh. finnst líka.

ATKVGR.

Brtt. 850 samþ. með 14:8 atkv.
— 853 samþ. með 17:4 atkv.
— 864,1 samþ. með 19:5 atkv.
— 864,2—3 felld með 10:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BFB, KGuðj, KJJ, ÓTh, PO, SÁ, EI, EirÞ, GJóh, GTh.

nei: IngJ, JPálm, JS, PÞ, SkG, ÁB, EOl, EystJ, GilsG, GíslG.

JR, JörB, MJ, SG, BergS, BÓ, EggÞ, EmJ, GÞG, HÁ, HV, SB greiddu ekki atkv.

3 þm. (JóhH, LJós, StgrSt) fjarstaddir.

Brtt. 837 felld með 17:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngJ, JóhH, JPálm, JR, KJJ, ÓTh, SÁ, SG, BergS, EI, EirÞ, GilsG, GTh, GÞG, HV.

nei: BFB, JS, JörB, KGuðj, LJós, PÞ, PO, SkG, ÁB, BÓ, EggÞ, EmJ, EystJ, GíslG, GJóh, HÁ, SB.

MJ greiddi ekki atkv.

2 þm. (StgrSt, EOl) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 19:7 atkv. og endursent Ed.

Á 52. fundi í Sþ., 14 apríl, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 874), en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

7. Háskóli Íslands (prófessorsembætti í læknadeild o. fl.).

Á 43. fundi í Sþ., 31. marz, var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um stofnun prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands og starfrækslu rannsóknarstofu í líffæra- og lífeðlisfræði [189. mál] (stjfrv., A. 604).

Á 74. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér er lagt fram, hefur verið fyrir Alþ. tvisvar sinnum áður í nokkuð breyttri mynd, en er nú borið enn fram í þeirri von, að það geti náð fram að ganga, þó að áliðið sé orðið þingtíma. Af þeirri ýtarlegu grg., sem frv. fylgir, er óumdeilanlegt, að óviðunandi er núverandi aðstaða til kennslu í þeim greinum við háskólann, sem frv. fjallar um, og skal ég ekki rekja það frekar. Það er á sannfærandi hátt gerð grein fyrir því í umsögn eða grg. prófessorsins í líffæra- og lífeðlisfræði.

Til viðbótar því, sem áður hefur fylgt þessu máli, er nú gert ráð fyrir, að sett verði lög um starfrækslu rannsóknarstofu í líffæra- og lifeðlisfræði við háskólann. Slík stofa hefur verið starfrækt undanfarin ár, en a. m. k. um skeið að nokkru leyti fyrir reikning prófessorsins sjálfs, og varð árangurinn um fyrirkomulag stofunnar og tekjur af henni til þess, að þetta frv. var ekki flutt eins fljótt á þessu þingi og ella hefði orðið. Nú er hins vegar búið að finna, að því er talið er, viðunandi lausn í því máli, og þykir þá rétt, að um það séu sett bein lög, til þess að ekki geti vafi leikið á, hvernig þessu skuli fyrir komið, og er þá enn brýnni ástæða en ella til þess að fá frv. samþykkt einmitt nú. Annars er ekki ætlazt til, að maðurinn taki við starfi fyrr en eftir rúm tvö ár, þ. e. 15. sept. 1956, en þá hefji hinn nýi prófessor starf sitt, en það er talið, að svo langan tíma muni taka fyrir mann að afla sér sérfræðimenntunar í þessum greinum, að ef þetta á að verða mögulegt, sé nauðsynlegt að fá lögin nú í vor.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Eins og segir í grg. fyrir þessu frv., hefur málið legið fyrir þessari hv. d. og raunar fyrir Alþ. öllu fyrr. Ég held, að það hafi verið á árinu 1951, sem flutt var í fyrra sinni frv. til l. um stofnun prófessorsembættis í líffæra- og lifeðlisfræði. Þessi hv. d. samþ. þá eftir till. frá mér, að prófessorsembætti skyldi stofna samtímis í röntgenfræðum, og fór frv. þannig frá þessari hv. d. til Nd., en í það sinn reyndist það ekki verða útrætt þar.

Ég hef því hugsað mér að bera fram brtt. við frv., sams konar og þá, sem hv. Ed. samþ. á árinu 1951, en get bætt því við, að hvað röntgenfræði snertir, þá er ekki lengur, eftir því sem mér er hermt, um það að ræða, að nokkur kostnaðarauki verði af stofnun þess embættis umfram það, sem er af þeirri kennslu, sem nú er haldið uppi í röntgenfræðunum. Sá yfirlæknir, sem hefur með þá kennslu að gera, er líklegur til þess að verða skipaður prófessor, ef þetta yrði fært í l. Og mér finnst, að þar sem prófessorsnafnbót er tengd við aðra lækna, sem stunda kennslu í háskólanum og hafa sérgreinar, ýmist skurðlækningar eða meðalalækningar, með höndum að öðru leyti á landsspítalanum, þá sé ekki nema rétt og sanngjarnt, að röntgendeildin og röntgenfræðin og sá, sem stendur fyrir þeim fræðum, njóti sömu aðstöðu og sömu virðingar og þeir, sem eru ýmist orðnir prófessorar eða lagt er til að verði það. — Ég mun því flytja þessa brtt. og vonast til, að hv. n., sem fær þetta mál, athugi það með vinsemd og kynni sér þá málavexti, sem að því liggja, að farið er fram á, að yfirlæknirinn, sem kennir röntgenfræðina, hljóti og prófessorsnafnbót.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Auðvitað get ég ekki meinað hv. þm. Vestm. að flytja slíka brtt., en ég mundi telja það mjög miður farið. Hér er um sérstakt vandamál að ræða, og það er, að kennslan í þeim efnum, sem þetta frv. fjallar um, virðist vera orðin og enn þá frekar verða á allra næstu árum einum manni ofvaxin, svo að brýn þörf er á að bæta úr því og gera nú þegar ráðstafanir til þess, að hæfur maður taki að sér að nema þessi fræði, þannig að hann geti tekið við kennslunni áður en langt um líður. Enn fremur þarf að setja lög um þessa rannsóknarstofnun, sem í frv. greinir og heppilegt er fyrir alla aðila, að ákveðnar reglur gildi um. Þarna er um raunveruleg vandamál varðandi kennsluna að ræða, sem ekki er ástæða til að blanda saman við annað, er mönnum kann að koma miður saman um.

Varðandi það atriði, sem hv. þm. Vestm. gat um, þá er það svo, að þó að prófessorsembætti yrði stofnað í þeirri grein, sem hann gat um, þá mundi það ekki auka kennslukrafta við háskólann og ekki leggja meiri kennsluskyldu á þann mann, sem nú gegnir kennslunni, heldur en hann hefur þegar. Hv. þm. Vestm. skýrði okkur einnig frá, að það mundi ekki verða til þess að auka kostnað, og í því felst, að þá á maðurinn ekki að fá hærri laun fyrir starf sitt en hann fær nú þegar. Það, sem um er að ræða, hlýtur því að vera annars vegar það, sem hv. þm. raunar gat um, að hann vill útvega þessum ágæta lækni vegtyllu, — og sízt skyldi ég hafa á móti því, að hann fengi titilinn prófessor, ef hann langar til. En það er ekki eingöngu um það að ræða, heldur einnig um réttarstöðu þessa manns innan háskólans, og ég sé heldur ekkert athugavert við það í raun og veru, að hann fengi þar fullkomið jafnrétti við aðra kennara í læknadeild. En þar komum við að miklu viðtækara máli. Það eru sem sagt miklu fleiri menn en þessi kennari einn, sem eru fyrst og fremst forstöðumenn ýmiss konar læknisfræðilegra stofnana og kenna við háskólann án þess að bera prófessorstitil og hafa prófessorsréttindi innan háskólans, og ég efast mjög um, að það sé frekar ástæða til þess að taka þennan mann þar út úr heldur en ýmsa aðra. Mér koma þegar í stað í hug a. m. k. tveir, ef ekki þrír læknar, sem munu gegna ámóta miklu kennslustarfi og væri þá jafnrík ástæða til þess að láta fá þessa prófessorsaðstöðu eins og þann ágæta mann, sem hv. þm. Vestm. talaði um. Þetta er einmitt atriði, sem ég hef lítillega hugleitt og mun athuga betur, áður en langt um líður, en ég er ekki reiðubúinn til þess að gera tillögu um það nú þegar, að allir þessir menn fái prófessorsréttindi fullkomin. Það er hins vegar ekki séð, að það sé ástæða til eða verjandi að taka þennan mann einan út úr. Undir öllum kringumstæðum er aðstaða þessara — ef svo má kalla — aukakennara við læknadeildina allt annars eðlis en það, hvort menn vilja bæta við nýjum kennara til þess að kenna fræðigreinar, sem nú þegar eru orðnar svo yfirgripsmiklar, að hinn gamli kennari kemst ekki einn yfir, þannig að þarf að fá til viðbótar mann, sem gerir að sínu höfuðstarfi að verða kennari. Þarna er um tvö ólík atriði að ræða, og hv. þm. mundi gera þessu máli bjarnargreiða og ekki leysa vandamál síns skjólstæðings með því að reyna að

blanda því inn í þetta tiltölulega einfalda mál, sem hér liggur fyrir. Ég vildi þess vegna mælast til þess við hann, að hann léti kyrrt liggja á þessu stigi að flytja þessa brtt., en ef hv. n. óskar að taka það mál allt upp til athugunar, þá verði það gert á breiðari grundvelli en varðandi aðeins einn mann, þá verði tekið upp að athuga í heild aðstöðu allra aukakennaranna við læknadeild háskólans.

Jóhann Jósefsson: Ég sé nú ekki, að það sé neinn skaði skeður, þó að deildinni sé gefið tækifæri til þess að halda sinni fyrri stefnu í þessum málum, og treysti því fyrir mitt leyti, að hv. n., sem fær málið, muni hlusta á öll rök í því, ásamt því, að hún hefur haft tækifæri til þess að heyra ræðu hæstv. ráðh. um þetta mál. Ég mun fyrir mitt leyti gera ráðstafanir til þess, að fram komi meiri rök og kannske betri en ég hef fram að færa í þessu, vegna þess að ég hef ekki neina sérþekkingu á þessum málum. En ég veit, hvað skeð hefur í máli þeirrar greinar, sem ég hef hér talað fyrir, og sé þess vegna ekki ástæðu til þess að láta kyrrt liggja að leggja fram þessa brtt. Það fer þá um hana sem verða vill, en ég treysti hv. n. til þess að líta á málið jafnt frá þeirri hliðinni, þó að málfærslan sé hér í hv. d. nokkuð einhliða í málinu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Frv., að nokkru leyti um sama efni og þetta, hefur legið fyrir tveim undanförnum þingum og ekki náð afgreiðslu. Það fjallar um stofnun prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands í lífeðlis- og lífefnafræði. Það var í bæði skiptin samþykkt hér í þessari hv. d., en fékk ekki afgreiðslu í Nd.

Þegar rætt var um stofnun prófessorsembættis við lagadeildina í þessari d. hér fyrr á þinginu, þá hafði ég orð á því í sambandi við það mál, að ég teldi ekki síður nauðsynlegt að fjölga prófessorum í læknadeildinni. Nú er komið fram frv. um þetta efni, og hefur n. fallizt á einróma að mæla með frv. í þeirri mynd, sem það er. Í frv. eru nú þau ákvæði, sem voru í fyrra frv., um að bæta við einum prófessor í læknadeildina í þeim greinum, sem ég hef nú skýrt frá. En til viðbótar því er lagt til í 2. gr. frv., að við Háskóla Íslands skuli starfrækja rannsóknarstofu, sem vinni að rannsóknum í líffæra- og lífeðlisfræði og öðrum skyldum verkefnum. Skal hún heita Rannsóknarstofa háskólans í líffæra- og lífeðlisfræði og lúta læknadeildinni. Þetta er veruleg breyting frá því, sem verið hefur. Það hefur verið talið nauðsynlegt og er það sjálfsagt í sambandi við kennslu stúdenta í þessum fræðum, að rannsóknarstofa væri til, sem starfaði í sambandi við háskólann. Þessi rannsóknarstofa hefur verið rekin af próf. Jóni Steffensen, sem hefur séð um rekstur hennar og forstöðu á eigin ábyrgð. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því, að horfið verði frá þessu fyrirkomulagi og deildin sjálf taki nú að sér rekstur rannsóknarstofunnar. N. er sammála um, að það sé eðlilegra, að þessi háttur sé á hafður, og ég veit ekki annað en að fullkomið samkomulag sé um það milli þeirra, sem starfa við deildina, og hjá háskólaráði í heild sinni, að þessi breyting sé gerð. Og eins og áður er sagt, mælir n. með því, að frv. verði samþykkt.

Í bréfi frá próf. Steffensen, sem hefur rekið rannsóknarstofuna til þessa, er þess getið, að megintekjur rannsóknarstofunnar hafi til þessa komið frá Tryggingastofnun ríkisins og sjúkrasamlögum á landinu, en mjög litlar aðrar tekjur af þessu orðið. Þetta er rétt, og það er sjálfsagt eðlilegt, að samið verði framvegis um þessi störf milli læknadeildarinnar annars vegar, sem nú annast reksturinn, og tryggingaanna og samlaganna hins vegar. Hér stendur í bréfi prófessorsins um þetta efni, sem fylgir sem greinargerð með frv., með leyfi hæstv. forseta: „Eðlilegast finnst mér, að sjúkrarannsóknirnar greiddu allan kostnað utan húsnæðis, ljóss og ræstingar, nýrra áhalda og viðhalds ... en væntanlega yrði þetta reglugerðaratriði.“ Ég vil taka það fram, að ég er ekki alls kostar samþykkur því, sem þarna er sagt. Það fer eftir því, hvert verkefni rannsóknarstofunnar verður og að hve miklu leyti hún vinnur fyrir tryggingarnar, og hlýtur að sjálfsögðu að fara eftir samningum milli þessara aðila, en verður ekki ákveðið einhliða með reglugerð. Mér þótti rétt að taka þetta fram, vegna þess að þetta stendur í bréfi prófessorsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mig langar til að gera fyrirspurn. Ég veit ekki hvort hægt er að svara henni núna, en sé það ekki hægt, þá vildi ég beina því til manna, sem þar eiga hlut að máli, að hún verði athuguð, þótt síðar væri.

Er ekki hægt og betra upp á vinnubrögð og fjárhagsútgjöld að sameina rannsóknarstofu háskólans, sem próf. Dungal veitir forstöðu núna, og þessa? Hefur það verið athugað? Ég held, að það sé töluvert mikið af kostnaði við þær hvora um sig, sem sé sameiginlegur og mundi hverfa og minnka um helming, ef þær væru sameinaðar.

Það mun ekki leika á tveim tungum, að það liður ekki langt þangað til við verðum að fara að skoða nánar niður í kjölinn ríkisútgjöldin yfirleitt og hvað við getum sparað, og þá er ég alveg viss um, að þarna er ein leiðin, sem

hægt er að spara töluvert á, og sá sparnaður kemur fram bæði á ríkissjóði og eins á þeim, sem þurfa að nota þessar stofnanir báðar. Þetta vildi ég láta koma fram frá minni hálfu, án þess að ég sé að leggja á móti frv. Ég býst ekki við, að það sé hægt að svara þessu núna af neinum, sem hér er inni, a. m. k. ekki fullkomlega, en ég vil óska ákveðið eftir því, að þetta verði athugað af þeim, sem hlut eiga að máli.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Fsp. hv. þm. N-M. viðvíkjandi rannsóknarstofunni get ég ekki svarað nema að örlitlu leyti. Þetta er að sjálfsögðu rannsóknarefni, eins og hann benti á. En ég hygg, að eins og nú standa sakir sé ákaflega torvelt að sameina þetta. Fyrst og fremst er það, að húsnæði er á hvorugum staðnum nægilegt fyrir báðar stofurnar, eins og nú standa sakir. Að öðru leyti eru þetta næsta óskyld verkefni, því að rannsóknarstofan, sem er byggð á lóð landsspítalans og er undir stjórn próf. Dungals, hefur aðallega vefjarannsóknir, líkskoðanir, krufningu og annað þess háttar, en blóðrannsóknir hafa til þessa verið aðalstarfsemin í rannsóknarstofunni, sem próf. Steffensen hefur rekið til þessa. Þetta eru býsna óskyld verkefni og sitt í hvorri fræðigrein. Auk þess er svo húsnæðisatriðið, sem ég nefndi í upphafi. Að öðru leyti get ég ekki upplýst þetta nánar.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 84. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

8. Orlof (frv. KGuðj og GJóh).

Á 2. fundi í Sþ., 5. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 16 26. febr. 1943, um orlof [22. mál] (þmfrv., A. 22).

Á 5. fundi í Nd., 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Það er langt síðan orlofsréttur komst á að einhverju leyti með þjóð okkar. Algengt var, löngu áður en nokkur orlofslög voru samþykkt, að fastráðnir starfsmenn hefðu launað sumarleyfi. Algengt var 10 daga til hálfs mánaðar leyfi, og hafði svo staðið lengi, þegar verkalýðsfélögin tóku upp baráttu fyrir því, að daglaunamenn fengju einnig orlof, sem greitt væri. Árangur af þeirri baráttu verkalýðshreyfingarinnar náðist verulegur á árinu 1942. Var þá samið um 12 virkra daga orlof verkamanna. Og strax árið eftir, árið 1943 í febrúarmánuði, samþykkir Alþingi orlofslögin, sem enn eru í gildi óbreytt. Þau gera ráð fyrir orlofsgreiðslum til daglaunamanna, 4% af kaupi, en það svarar nokkurn veginn til 12 virkra daga orlofs.

En þó að Alþingi samþ. orlofslögin, þá hætti þróunin ekki að halda áfram. Það lá ljóst fyrir, að með aukinni tækni og auknum framförum á fjölmörgum sviðum þjóðlífsins gerðu launastéttirnar kröfu til þess að fá orlofsréttinn rýmkaðan, og nú hefur svo verið um allmörg undanfarin ár, að fastlaunamenn hafa yfirleitt notið þriggja vikna orlofs, og í desemberverkföllunum á s. l. hausti, eða s. l. vetri, fengu verkalýðsfélögin samið um 5% orlofsgreiðslur, en það svarar nálægt því til 15 virkra daga orlofs.

Hér í þessu frv. er lagt til, að Alþingi staðfesti í lagasetningu það, sem þarna hefur áunnizt, og ögninni meira, því að það er ekki heppileg þróun, að Alþingi sé alltaf síðast af öllum til þess að viðurkenna rétt hins vinnandi fólks. Þar sem það hefur að undanförnu verið krafa verkalýðsfélaganna, að þriggja vikna orlof komist á, þá er líklegt, að ekki verði látið staðar numið við það, sem þegar hefur áunnizt, heldur verði baráttunni haldið áfram, og það væri óviturlegt af Alþingi að gera ekki sitt til þess að forðast það, að til jafnkostnaðarsamra og þjóðfélaginu mjög óhollra árekstra komi eins og t. d. desemberverkföllin voru árið 1952.

Þessar breyt., sem hér eru lagðar til í frv. á 22. þskj., eru fæstar alveg nýjar af nálinni. Árið 1948—49 fluttu tveir af þm. Sósfl. mjög svipað frv. til breyt. á orlofsl., og því hefur raunar verið haldið fram síðan, síðast af Magnúsi Kjartanssyni og Sigurði Guðnasyni á þinginu 1952, en þær hafa sem sé ekki fengizt samþykktar.

Aðalefnið í breyt., sem lögð er til í þessu frv., er í fyrsta lagi það, að orlofsrétturinn hækki úr 12 virkum dögum í 18 virka daga, þ. e. a. s. úr hálfum mánuði í þrjár vikur. Í öðru lagi geri lögin ótvíræðari en áður var rétt hlutarsjómanna til orlofs. Það mun nú að sjálfsögðu ekki vera neinn ágreiningur um það, að hlutarsjómenn eigi orlof til jafns við annað launafólk, en breytingin er nauðsynleg vegna þess, að það hefur tíðkazt fram til þessa, þótt það fari nú æ minnkandi, að hlutarsjómenn taki einhvern — oft mjög litinn — þátt í útgerðarkostnaði, og það gerir rétt þeirra til orlofs vafasaman. Um þetta hafa orðið málaferli, og er allt, sem mælir með því, að tekin séu af öll tvímæli í orlofsl. um þetta, enda er hér lagt til, að það liggi alveg hreint fyrir, að hlutarsjómönnum beri orlofsréttur eins og öðrum launþegum. En hins vegar liggur að sjálfsögðu

í hlutarins eðli, að ef hlutarsjómaður er útgerðarmaður um leið, þá ber hann auðvitað skyldu til orlofsgreiðslu sem slíkur, eins og aðrir atvinnurekendur.

Ég veit hins vegar ekki til, að það hafi áður komið fram till. um að breyta orlofsl. að því er snertir næturvinnu, eftirvinnu og helgidagavinnu, en það er alkunna, að eftirvinna er yfirleitt greidd með 50% hærra kaupi en dagvinna og nætur- og helgidagavinna með tvöföldu dagvinnukaupi. Hins vegar kveða orlofslögin svo á, að orlof skuli greitt af þessum vinnuflokkum, næturvinnunni og eftirvinnunni, eins og um dagvinnu væri að ræða, en hér er lagt til, að orlofsgreiðslurnar fylgi launagreiðslunni og séu í öllum tilfellum 6½ af hundraði.

Enn fremur er hér gert ráð fyrir í þessu frv., að kröfur vegna orlofs eða orlofsfjár fyrnist ekki jafnfljótt og lögin gera ráð fyrir, heldur fyrnist þær með sama hætti og kröfur til almennra vinnulauna.

Að öðru leyti tel ég, að grg. frv. skýri nægilega það, sem við er átt, og legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. félagsmálanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

9. Hámark húsaleigu o. fl.

Á 2. fundi í Sþ., 5. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 4. febr. 1952, um hámark húsaleigu o. fl. [24. mál] (þmfrv., A. 24).

Á 5. fundi í Nd., 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja tvö frv., sem bæði snerta ástandið í húsnæðismálunum og till. til úrbóta á þeim. Þetta frv., sem hér er til umr., 24. mál þingsins á þskj. 24, fjallar einvörðungu um að reyna að bæta til bráðabirgða úr þeim sárustu vandræðum, sem nú eru. Annað frv., miklu veigameira, sem síðar mun koma hér til umr., á þskj. 26, fjallar hins vegar um tillögur um varanlegar endurbætur á þessum málum. Ég mun þess vegna í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, einvörðungu ræða um það neyðarástand, sem nú ríkir, og hvað hægt væri að gera til þess að reyna að einhverju leyti að bæta úr því í svip. Ég vil, að það sé algerlega ljóst, að þær till., sem í þessu litla frv. felast, ná þess vegna ákaflega skammt og úr þessu verður ekki bætt, svo að varanlegt sé, nema með miklu meiri aðgerðum, eins og felst í því frv., sem ég gat um áðan á þskj. 26.

Ég býst við, að flestallir hv. þm., a. m. k. þeir, sem þekkja til eða kynna sér húsnæðisástandið hér í Reykjavík og í bæjunum við sunnanverðan Faxaflóa, hljóti að vera sammála um, að það sé slíkt neyðarástand, að þannig geti ekki gengið áfram. Ég veit, að t. d. hér í Reykjavík hefur þetta verið rætt allýtarlega í bæjarstjórninni, og þó að engin rannsókn hafi þar enn þá farið fram á því, hve slæmt ástandið væri, þá upplýsti borgarstjórinn í Reykjavík á bæjarstjórnarfundi nýverið, að það hefðu hátt á annað hundrað eða 176 fjölskyldur, sem þeir vissu af, verið í húsnæðisvandræðum, um hundrað hefðu leitað aðstoðar, það hefði verið hægt að veita 58 af þeim nokkra úrlausn, sumpart máske til bráðabirgða, en 42 höfðu enga úrlausn fengið. Þessar litlu upplýsingar voru þó aðeins byggðar á því, sem einn starfsmaður bæjarins hafði getað grennslazt eftir, án þess að nákvæm heildarrannsókn á ástandinu hefði enn þá farið fram. Það er þess vegna vitað, að skipta munu hundruðum þær fjölskyldur hér í Reykjavík, sem nú eru í vandræðum, og ástandið, þar sem ásóknin hefur verið hvað mest eftir atvinnu, í stöðum eins og Njarðvík, Keflavík og öðrum slíkum, er þannig, að tiltölulega enn þá meiri skortur mun vera þar fyrir hendi. Þetta hefur allt saman leitt til þess, að ekki aðeins skortir svo og svo mikið af fólki húsnæði, heldur hefur líka verð á því húsnæði, sem til leigu er, þotið upp úr öllu valdi.

Það hefur oft af hálfu þeirra flokka, sem nú ráða hér ríkjum, verið talað um það, að þeir hafi skapað alveg sérstaklega fram úr skarandi ástand í verzlunarmálum, það sé nú einhver munur eða áður hafi gilt, framboð og eftirspurn hafi nú fengið að ríkja og njóta sín og frelsi í verzlun hafi borið alla sína blessunarríku ávexti. En sannleikurinn er, að á því sviði, þar sem fólki ríður hvað mest á að sé virkilegt frelsi um þessi mál, hafa verið sköpuð þau harðvítugustu höft, sem þekkzt hafa á Íslandi, á þeim sviðum hvað húsnæðismálin snertir. Afleiðingin af þeim höftum er, að núna ríkir slíkur svartimarkaður í húsnæði hér í Reykjavík og í bæjunum hér við Faxaflóa, þ. e. yfirleitt í þeim bæjum, sem ríkisstjórnin og stjórnarstefnan er ekki alveg að drepa, þannig að fólkið flýr þaðan, þar ríkir slíkur svartur markaður, að hann hefur aldrei þekkzt neitt svipaður á húsnæði í Reykjavík. Hafi nokkurn tíma verið til svartamarkaðsstjórn á Íslandi, þá er það stj. þeirra flokka, sem núna ráða og ráða þeirri stefnu, sem ber sína ávexti í húsnæðismálunum. Árangurinn af því, hve harðvítug höft hafa verið á byggingum undanfarin ár og hvernig stjórnarflokkarnir hafa fellt niður alla aðstoð við bæina til þess að útrýma heilsuspillandi íbúðum, hefur orðið sá, að það ríkir kolsvartur markaður og neyð í húsnæðismálunum hér í Reykjavík og fleiri þeim bæjum, þar sem sæmileg atvinna er. Þetta hefur gengið það langt, að meira að segja allar skorður, sem að einhverju leyti voru áður reistar við svartamarkaði og húsnæðisvandræðum, hafa beinlínis verið afnumdar af þessum stjórn-

arflokkum. Húsaleigulögin hafa verið afnumin. Þau voru vissulega gölluð, það mælti enginn því mót. Það var margt gallað í þeim. En það var þó viss vernd í þeim húsaleigulögum. Og það var annað, sem átti alltaf að vera samferða þessum húsaleigulögum, ef þau væru afnumin, það voru höftin á byggingunum. Það var bent á það af hálfu Sósfl., þegar verið var að afnema húsaleigulögin hér í þinginu, að það næði ekki nokkurri átt að afnema þau lög, svo framarlega sem þau ákvæði héldust í lögum, að mönnum væri bannað að byggja yfir sig, að menn hefðu ekki fullt frelsi til þess að byggja yfir sig.

Þegar húsaleigulögin voru sett upphaflega, voru þau sett á þeirri siðferðislegu forsendu, að það væri ekki hægt fyrir menn að byggja og vegna þess að ekki væri hægt fyrir menn að byggja, þá væri ekki heldur rétt að leyfa að kasta mönnum út úr íbúðum. Síðan líður rúmur áratugur. Þá eru húsaleigulögin afnumin. En mönnum er ekki veitt frelsi til þess að byggja yfir sig. Höftunum á byggingunum er haldið áfram. Þar með skapast það ástand í þjóðfélaginu, að það er hægt að henda manni út úr íbúð, án þess að hann hafi einu sinni haft rétt til þess af þjóðfélagsins hálfu að reyna að byggja yfir sig. Sem sé: það er hægt að neita mönnum um einföldustu og sjálfsögðustu mannréttindi. Árangurinn af þessu er sá, að þar sem með þessari pólitík ríkisstj. er skapaður skortur á húsnæði, þá þýtur leigan á þeim íbúðum, sem til eru, upp úr öllu valdi, og íbúðum er jafnvel haldið óleigðum og auðum. A. m. k. var svo í september, að það voru yfir hundrað íbúðir hér í Reykjavík auðar, meðfram til þess að geta fengið sem allra hæsta leigu fyrir þær. Þetta ástand er vitaskuld alveg óþolandi, og það er ríkisstj., stjórnarflokkunum og þeirra pólitík að kenna, að til þessa ástands hefur komið. Ríkisstj. og hennar flokkar bera ábyrgð á því, að húsaleigulögin hafa verið afnumin, höftunum á byggingunum haldið áfram, þau enn þá aukin og gerð tilfinnanlegri með lánsfjárkreppunni, og afleiðingin er svo sú, að bæði neyð og svartur markaður eru orðin ríkjandi í húsnæðismálum Reykjavíkur og fleiri bæja.

Ég vil aðeins, ef mönnum er ekki alveg fullkomlega ljóst, hvernig ríkisstj. hefur takmarkað byggingarnar, minna hv. þm. á, hvernig hefur gengið til hér í Reykjavík á síðustu 7—8 árum. Á tímabili nýsköpunarstjórnarinnar, 1945, var byggð hér í Reykjavík eða fullgerð á því ári 541 íbúð. 1946 voru fullgerðar 634 íbúðir. Það ár, þ. e. síðara árið, sem nýsköpunarstjórnin sat að völdum, er líklega eina árið, þar sem nokkurn veginn hefur verið haldið í horfinu með byggingar í Reykjavík. Samt skal ég ekki úr því draga, að vissulega hefði þurft að gera meira af skipulögðum byggingarframkvæmdum heldur en þá var gert. En það sýndi sig þó, að með því að veita mönnum sæmilegt frelsi til þess að byggja, þá komust menn mjög nærri því að byggja þannig, að Reykvíkingar hefðu undan að bæta úr sárustu húsnæðisvandræðunum. Strax eftir það ár, eftir að Marshallstefnan og Marshallflokkarnir taka hér við völdum, fer að síga á ógæfuhliðina. 1947 eru fullgerðar 468 íbúðir í Reykjavík, 1948 491, 1949 366, 1950 410, 1951 284, 1952 329. Þá er það komið niður í helminginn af því, sem var á nýsköpunarárunum. Og þetta er skipulagður skortur, sem þarna er skapaður. Það eru sjálf stjórnarvöldin, sem setja sérstaka nefnd til þess að skipuleggja þessi vandræði, til þess að hindra menn í því að byggja, til þess að banna mönnum að byggja. Og sú stjórnarstefna, sem þessu veldur, lýkur svo með því að afnema húsaleigulögin um leið.

Það er þess vegna engum efa bundið, að það vandræðaástand, sem nú er skapað, er beinlínis fyrir tilverknað þeirra stjórnarflokka, sem ráðið hafa undanfarið. Ég býst ekki við, að þeir stjórnarflokkar muni reyna að bera af sér, að þetta hafi verið þeirra stefna. Þeir byrjuðu, þegar þeir tóku við völdum, strax með því að eyðileggja lögin um útrýmingu heilsuspillandi íbúða, þau lög, sem nýsköpunarstjórnin hafði sett, þau lög, sem bæirnir raunverulega fyrst og fremst hlutu að byggja á, svo framarlega sem þeir ættu að geta útrýmt því ægilega ástandi, sem var í húsnæðismálunum víða. Síðan hefur hæstv. ríkisstj. gert þetta ástand enn þá verra með því að kalla hér inn í landið erlendan óþjóðalýð, sem Íslendingar nú þegar verða að þola þungar búsifjar af, og nú upp á síðkastið kemur það alveg greinilega fram, að Ameríkanarnir, sem hér dveljast, eiga ekki hvað sízt þátt í því að sprengja upp úr öllu valdi húsnæðið hér í Reykjavík og annars staðar og gera Íslendingum ókleift að búa í eigin íbúðum. Það er vitað mál, að það þarf ekki nema að líta í Morgunblaðið, aðalmálgagn ríkisstj., til þess að sjá, hvernig Ameríkanarnir, sem skoða sig sem herraþjóð hér í landinu, krefjast þess daglega í krafti peningavaldsins að fá íbúðir, sem íslenzkar fjölskyldur þurfa á að halda, og hvernig Morgunblaðið kemur fyrirskipunum þessarar herraþjóðar fram með því að auglýsa, að þeir óski eftir íbúðum, og svo sýnir það sig, þegar farið er að reyna að ná í íbúðir, að eðlilega eru Ameríkanarnir þar hlutskarpastir. Þeir fyrirskipuðu stjórnarflokkunum að lækka gengi íslenzku krónunnar, til þess að þeirra dollar skyldi verða þrefaldur á við íslenzka krónu á móts við það, sem hann áður var, og eftir að hafa þannig fyrirskipað Íslendingum, hvaða gildi skyldi skráð á þeirra dollar, og hækkað hann þannig í verði, þá standa þeir eðlilega tiltölulega miklu betur að vígi heldur en Íslendingar, sem verða að búa við einn þriðjung upp í helming þeirra launa, sem Ameríkanarnir hafa suður á Keflavíkurflugvelli, til þess að ná húsnæði af Íslendingum, meðan það eru peningarnir einir, sem gilda. Það var sagt nýlega í Alþýðublaðinu frá konu, sem hafði verið að reyna að ná saman fé til þess að borga 25 þús. kr. fyrir húsnæði í fyrirframgreiðslu. Þegar hún hafði komið með peningana, verið búin að fá hjá sínu frændfólki að lokum þessa upphæð, þá hafði verið kominn einn Ameríkani í spilið, einn af þessum herrum, sem Alþfl., Sjálfstfl. og Framsfl. hafa boðið hingað inn í landið, með 65 þús.

kr. til þess að leggja á borðið. Svona er farið að því að bola Íslendingum út úr því húsnæði, sem til er, og tryggja það fyrir herraþjóðina. Þó munu vera enn þá meiri brögð að þessu suður í Njarðvík og Keflavík heldur en hér í Reykjavík, og mun það samt vera nægilega slæmt hér í Reykjavík.

Nú er það vitanlegt, að allt þetta framferði Ameríkananna er lögbrot. Þeir hafa engan rétt til þess að fá leigt, hvorki hér í Reykjavík, Njarðvík, Keflavík né annars staðar. Það eru alger lögbrot, hvar sem þeir, starfsmennirnir á Keflavíkurflugvelli eða hermennirnir eða aðrir slíkir Ameríkumenn, hafa húsnæði á leigu hér í Reykjavík. Með lögunum um hámark húsaleigu frá 4. febr. 1952, 4. gr. þar í, er öllum utanhéraðsmönnum gert óheimilt að flytja í hús, óheimilt fyrir leigusala að leigja öðrum en heimilisföstum innanhéraðsmönnum íbúðarhúsnæði, en það er bara með þessi lög eins og annað, þar sem Ameríkanarnir eiga hlut að máli, að íslenzk lög eru ekki látin gilda, þegar þeir eiga í hlut.

Það, sem þess vegna er aðalatriðið í þessu litla frv., sem ég hér flyt, er að fyrirskipa, að lög frá 1952 skuli látin koma í gildi. Það virðist ekki farið fram á mikið. En mér sýnist, að til þessa sé full ástæða. Aðalatriði þessarar einu greinar, sem efni frv. felst fyrst og fremst í, er í fyrsta lagi, að bæjar- og sveitarstjórnir skuli láta fara fram rannsókn á tveim atriðum, þ. e. hvaða húsnæði í viðkomandi bæ, ef þar er húsnæðisskortur, kaupstað eða kauptúni, sé ónotað, en nothæft, og í öðru lagi, hvaða húsnæði sé leigt amerískum hermönnum eða útlendingum, sem starfa í þjónustu hersins eða við framkvæmdir vegna hersins.

Það hefur gengið erfiðlega að fá það fram, að svona rannsókn yrði gerð. Það er enginn efi á því, að það er hægt að gera svona rannsókn á mjög skömmum tíma og það er nauðsynlegt að gera svona rannsókn. Ég álít, að ríkisvaldinu sjálfu, sem ber höfuðábyrgðina á því neyðarástandi, sem nú ríkir, beri að fyrirskipa, að slík rannsókn fari fram, og sjá um, að það sé gert. Hér er í þessari 1. gr. settur tveggja vikna frestur til þess að ljúka þeirri rannsókn, eftir að n. hafi verið kosin af viðkomandi bæjar- og sveitarstjórn til þess.

Hvað snertir það ónotaða, en nothæfa húsnæði, þá býst ég við, að það sé mál, sem varla þarf að ræða mikið um. Það mun öllum finnast eðlilegt, að slíkt húsnæði sé tekið til notkunar, þegar neyðarástand er. Sumir munu máske segja, að það sé allmikil skerðing á persónufrelsi fólks að geta ekki fengið að leigja sitt íbúðarhúsnæði sjálft, en sannleikurinn er, að öllum þeim, sem af því vita, að svona lög séu í undirbúningi og séu að komast í framkvæmd, er hægur vandi, ef þeir eru með óleigðar íbúðir, að ráðstafa þeim þá undireins, þannig að húsnæðislaust fólk geti fengið þar inni, það ráði því sjálft og það komi ekki til þess, að það þurfi að taka slíkt leigunámi.

Hvað snertir hins vegar Ameríkanana, þar sem þeir eru í húsnæði, þá er auðséð, að Alþ. þarf þarna að grípa í taumana. Það er auðséð, að bæjar- og sveitarstjórnir, hvort heldur það er í Njarðvíkunum, Keflavík eða Reykjavík, af hvaða ástæðu sem það er, treysta sér nú ekki til þess að eiga við þetta sjálfar. Það er að vísu heimilt að beita ákvæðum gagnvart utanhéraðsmönnum almennt, en það hefur ekki verið gert um mörg ár, og það hefur vafalaust sumpart verið látið niður falla vegna þess, að það eru ákaflega tvísýn fyrirmæli að ætla sér að hindra flutning fólks til eins byggðarlags með því að banna að leigja utanhéraðsmönnum eða banna þeim að kaupa hús. Það er eðlilegt, að það sé litið svo á, að slíkum lagafyrirmælum sé ekki beitt nema í alveg ýtrustu nauðsyn. Og til þessarar eðlilegu tilfinningar, sem hefur valdið því, að bæjar- og sveitarstjórnir hafa ekki farið hart í að framkvæma þennan lagabókstaf, tek ég það tillit, að áður en farið væri að framkvæma að ýmsu leyti allhörð lög, þá álít ég, að það eigi að láta ameríska hermennina og starfsmennina víkja, það sé eðlilegt og sjálfsagt af öllum ástæðum, að af öllum utanhéraðsmönnum séu þeir fyrst látnir víkja. Það er vitanlegt, að þessi herraþjóð hefur haft leyfi til þess að byggja hér á Íslandi. Hún hefur haft fullt frelsi. Hún hefur ekki þurft að spyrja neinn. Á sama tíma sem Íslendingar hafa verið fjötraðir og þeim bannað að byggja yfir sig, sem dönsk einokun aldrei bannaði þeim, meðan hún réð þessu landi, þá hefur Ameríkönunum verið gefið fullt frelsi til þess að byggja hús, byggja heilar húsaraðir, sem væru, ef þær væru notaðar þannig, alveg ágæt íbúðarhús. Og þeir hafa þess vegna enga afsökun. Það er engin afsökun til fyrir því, hvort sem menn annars eru með eða móti hernámssamningnum, að Ameríkanarnir, sem hafa haft nægilegt fé, nægilegt íslenzkt vinnuafl, nægilegt efni og einir ekkert fjárhagsráð þurft að spyrja um leyfi, skuli ekki hafa haft yfirdrifið húsnæði handa sér og sínum. Þeim er engin vorkunn. Og það er sú taumlausasta frekja, sem hægt er að hugsa sér, þegar liðsforingjar og yfirmenn og aðrir slíkir Ameríkanar sunnan af Keflavíkurflugvelli leigja sér fyrir of fjár íbúðir hér í Reykjavík bara til þess að geta sjálfir verið hér um helgar og bægja fátækum íslenzkum fjölskyldum frá því að geta komizt í sómasamlegt húsnæði.

Það má sjá af þessu, að þetta frv. fjallar aðeins um bráðabirgðaframkvæmdir, sem nú tafarlaust yrði að gera. Ég álít, að þær till., sem í þessu frv. felast, séu til l., sem ættu raunverulega að ná fram að ganga nú þegar og vera framkvæmdar í þessum mánuði, og að það sé ekki seinna vænna að gera þessar ráðstafanir, og það er einmitt þess vegna ekki farið þarna lengra í en það, sem ég álít að væri allra eðlilegast og sjálfsagðast. Hitt aftur á móti, hvað snertir varanlegar úrbætur, mun ég ræða, þegar kemur að því frv. Ég vil aðeins taka fram, að ég geri mér auðvitað ljóst, að með þessu litla frv. mínu hér væri ekki bætt nema úr ofur litlu af þeirri neyð, sem hér ríkir, rétt í svipinn til þess að hjálpa þeim, sem allra bágast eiga og bókstaflega að heita má standa á götunni nú eða hafa fengið að dveljast nokkra

daga eða eina eða tvær vikur fram yfir í þeim íbúðum, sem þeir eru í. Ég vildi þess vegna leyfa mér að vona, að hv. þm. taki þessu litla frv. vel, hvernig sem kann svo að fara um það stærra, þegar þar að kemur, og vil gera það að minni till., að því sé vísað nú að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn. og vildi svo mælast til þess við þá hv. n., að hún afgreiddi þetta mál sem allra fyrst, vegna þess að raunverulega hefur þetta mál ekkert gildi nema því aðeins að látið sé rætast fljótt það, sem í því er, og gripið sé til þeirra úrræða nú þegar, sem þar er á bent.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

10. Hvíldartími háseta á togurum (frv. SG o. fl.).

Á 2. fundi í Sþ., 5. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á l. nr. 45 7. maí 1928, um breyt. á þeim lögum [25. mál] (þmfrv., A. 25).

Á 6. fundi í Nd., 9. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Guðnason): Herra forseti. Ég get nú byrjað eins og frsm. að samhljóða frv. byrjaði, að það þyrfti nú ekki að skýra það mikið fyrir hv. alþm., jafnoft og þetta frv. hefur komið til umr. Það er í áttunda sinn, sem það er flutt af Sósfl., og núna fjögur undanfarin þing hafa tvær framsöguræður verið haldnar um málið og því síðan vísað til n., svo að það ætti að vera dálítið ljóst hv. alþm., þótt þeir virðist ekki hafa gert sér grein fyrir þeim aðstæðum, sem til þess liggja, sem farið er fram á í þessu frv. um hvíldartíma háseta á botnvörpuskipum.

Það er dálítið athyglisvert, að í hvert skipti, þegar opinberir samningar eru gerðir núna undanfarin ár og eitthvað hefur komið fram í samningunum, sem snertir aðrar stéttir en verkalýðinn og hans kjör, þá eru gefin út brbl. til þess að leiðrétta þetta, ef það er utan þingtíma, og þegar þingið situr, þá er breytt lögum til þess að samræma þau því, sem verkamenn náðu í samningunum. En varðandi þessi tvö mál, fyrst togaravökulögin og svo orlofslögin, hefur hv. alþm. ekki þótt þurfa að breyta lögunum í samræmi við samningana. Þetta er dálítið einkennilegt, nema menn áliti, að þessar stéttir, sjómennirnir og verkalýðsfélögin, séu í raun og sannleika stéttir, sem ekki séu þess verðar, að Alþingi fjalli um þeirra mál, og er það dálítið hart, þegar tekið er tillit til þess, að á öllum tímum, a. m. k. með sjómannastéttina, er vitanlegt, að hún er talin nauðsynlegasta stétt til þess að halda við þjóðfélaginu. En Alþingi hefur ekki álitið, að sjómennirnir séu þess verðir, að það sé tekið tillit til þeirra, að það sé breytt lögunum í samræmi við þá samninga, sem þeir fá hjá atvinnurekendum. Eftir að skipin stækkuðu og togarar fóru að fara langar veiðiferðir, sem taka kannske upp undir mánuð, á fjarlæg mið, þá mun sú spurning vakna, þegar þetta eru orðnir fastir vinnustaðir og þetta hefur gengið þannig hjá Alþingi, hvort nokkur ástæða sé til annars en þess, þegar þetta er orðið heimili sjómanna um lengri tíma, að þeir hlíti sama lögmáli og landverkamenn, þeir vinni sína 8 tíma fyrir dagkaupi, fái svo eftirvinnu- og næturvinnukaup, rétt eins og mennirnir, sem sitja í landi. Það lítur út fyrir, að hv. alþm. álíti, að þarna sé ekki neinn munur á í þjóðfélagsmeðvitundinni og á mönnunum yfirleitt frá fyrstu tíð, þegar róið var á opnum bátum, það sé háð öðru en önnur vinna, því að það yrði a. m. k. að klára róðurinn. Nú er þetta viðhorf þó algerlega breytt með togarana, þegar skipin eru orðin stór. Það er enginn vafi á því, að ef þetta mál verður látið fara eins í Alþingi og áður, að það sé ekki virt svo mikils, að það sé í rauninni rætt, þá munu þessir menn leita út einhvers staðar annars staðar til að ná sínum rétti í gegnum sína samninga, og þá er ekki eðlilegt, að þeir taki mikið tillit til þess, sem a. m. k. löggjafarvaldið segir um þeirra mál.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

11. Íbúðarhúsabyggingar í kaupstöðum og kauptúnum (frv. EOl).

Á 2. fundi í Sþ., 5. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um rétt manna til byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum og opinbera aðstoð í því skyni [26. mál] (þmfrv., A. 26).

Á 6. fundi í Nd., 9. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Þetta frv., sem ég flyt hér, er raunverulega allmikil breyt. á þeim l., sem nú eru um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Skal ég reyna að gera nokkra grein fyrir þessu frv.

Ég hafði í gær í sambandi við lítið frv., sem þá lá fyrir, um bráðabirgðaúrlausn í mestu

vandamálunum, sem nú liggja fyrir í sambandi við húsnæðismálin, gert nokkra grein fyrir því neyðarástandi, sem ríkti í húsnæðismálunum hér í Reykjavík og bæjunum við sunnanverðan Faxaflóa alveg sérstaklega, en raunar víðar, en í þessu frv. og í sambandi við það vil ég nú fyrst snúa mér að þeim almennu réttindum, sem leitazt er við að slá föstum í 1. gr.

Hingað til held ég það hafi verið álitinn nokkurn veginn eins sjálfsagður réttur manna að geta fengið að byggja yfir sig íbúðarhús — ef þeir væru þess megnugir — eins og að lifa. Og það virðist raunverulega einkennilegt, að það skuli þurfa að fara að slá því föstu í íslenzkum lögum, að menn hafi rétt til þess að byggja þak yfir höfuðið. Það er raunar ekki fyrr en á allra síðustu árum, sem það gerist virkilega nauðsynlegt að fara að setja fram till. um að setja þennan rétt inn í lög. Allan þann tíma, sem okkar land hefur verið byggt, hefur þetta verið álitið sjálfsagt. Það hefur verið álitið sjálfsagt, að ef einn maður gæti, þá mætti hann byggja yfir sig. Það hefur verið álitið sjálfsagt eins og að draga andann, og það hefur meira að segja verið gengið út frá þessu í löggjöf hér á Alþingi. Öll sú húsaleigulöggjöf, sem sett var bæði í styrjöldinni 1914—18 og í síðari heimsstyrjöldinni, hefur gengið út frá því, að þegar slíkt ástand skapaðist, að sakir ytri aðstæðna væri ekki mögulegt fyrir menn að byggja, t. d. af því, að þeir gætu ekki fengið byggingarefni flutt til landsins, þá væri eðlilegt að svipta húseigendur réttinum til þess að geta ráðstafað sínum íbúðum í sínum húsum, og forsendan auðvitað fyrir þessu öllu saman hefur verið sú, að löggjafarvaldið hefur alla tíma álitið, að það væri alveg sjálfsögð krafa hvers manns, að hann annaðhvort hefði íbúð yfir sig eða hefði rétt til þess að byggja íbúð yfir sig, ef hann væri þess megnugur. Og þegar þannig neyðarástand hefur skapazt hjá þjóðinni, að þjóðfélagið hefur ekki getað látið mönnum í té byggingarefni, hefur þess vegna þótt rétt að svipta þá, sem áttu húsnæði, þeim algeru völdum, sem þeir annars höfðu yfir því, til þess að tryggja þeim, sem byggju í leiguhúsnæði, rétt til þess að búa þar áfram. Öll sú umbótalöggjöf, sem sett hefur verið, allt frá því að l. um verkamannabústaðina voru sett, hefur gengið út frá þessari sömu hugmynd, að ríkinu, þjóðfélaginu í heild, bæri að aðstoða einstaklingana til þess að koma sér þaki yfir höfuðið. Hins vegar, þegar húsaleigulögin voru afnumin, þá bregður svo einkennilega við, að þessi réttur manna er traðkaður undir fótum, það er ekki lengur raunverulega viðurkennt með löggjöfinni, að hver maður hafi rétt á því að sitja annaðhvort í því húsnæði, sem hann er fyrir í, eða þá frelsi til þess að mega byggja yfir sig, ef hann getur. Þessi réttur hefur nú á undanförnum þingum hvað eftir annað verið traðkaður undir fótum, þannig að eftir að húsaleigulögin eru afnumin og Sósfl. flytur hér frv. hvað eftir annað, á hverju einasta þingi, um að gefa byggingu íbúðarhúsa frjálsa, þá eru þessi frv. felld og bygging íbúðarhúsa ekki gefin frjáls. Meira að segja þegar frv. um að gefa íbúðarhúsabyggingu frjálsa fara hér í gegnum Nd., þá eru þau stöðvuð með erlendu valdboði í Ed.

Ég álít þess vegna, að það sé nauðsynlegt í löggjöf, sem fjalli um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa, að byrja á því að taka fram rétt manna til þess að mega byggja sér þak yfir höfuðið, og út á það gengur 1. gr., að slá því föstu, að hver íslenzkur ríkisborgari, sem eigi ekki sjálfur íbúð, sem sé hæf til íbúðar, eigi rétt á því að byggja sér íbúðarhús með einni íbúð eða stærra hús, ef hann byggir með öðrum. Og ég verð að segja, að það er hálfljótt dæmi um, hvers konar ástand er að skapast hér í þjóðfélaginu, að það skuli vera nauðsynlegt að koma með svona ákvæði í lagafrv. á Íslandi. Þegar bæirnir voru að byrja að byggjast hér á Íslandi, var það ekki aðeins, að menn hefðu rétt til þess að byggja yfir sig, mönnum voru meira að segja mældar út lóðir og það ókeypis. Það var reynt að hvetja menn til þess að byggja í bæjunum og jafnvel rækta bletti í kringum húsin sín, og til þess voru þeim útmældar lóðirnar, sem þeir fengu til eignar. Nú er þetta þannig, að menn eru settir í tugthús, eða það vofir yfir, ef þeir reyna að bjarga sér með því að byggja yfir sig. Ég vil þess vegna vona, að þó að mönnum virðist undarleg þessi 1. málsgr. í 1. gr. hjá mér, þá skilji menn, að því miður er orðin ástæða til þess að koma fram með svona hluti í íslenzkum lögum.

Í 2. málsgr. hins vegar fer ég fram á, að ekki aðeins þeir, sem eiga ekki neina íbúð, heldur allir íslenzkir ríkisborgarar hafi rétt til þess að byggja íbúðarhús, en bind það þó við það, að innflutningur byggingarefnis sé frjáls. Ég meina þar með, að svo framarlega sem innflutningur byggingarefnis til Íslands sé takmarkaður, þá sé rétt, að þeir séu látnir sitja fyrir þeim innflutningi, sem sjálfir eiga ekki íbúðir, en vilja reyna að byggja yfir sig, hvort sem þeir gera það sem einstaklingar með samtökum eða þeirra bæjarfélög eða annað slíkt. Sé hins vegar innflutningur á byggingarefni frjáls, þá á öllum að vera frjálst að byggja, þá á hvort heldur er framtak fjöldans eða einstaklinga að fá fyllilega að njóta sín. Manni virðist eiginlega, að það ætti ekki að vera erfitt að fá þess háttar hluti fram hjá ríkisstj., sem annars vegar kennir sig alveg sérstaklega við samvinnustefnuna og hins vegar sérstaklega við frjálst framtak einstaklingsins. En það er eins og hvort tveggja, bæði það frjálsa framtak einstaklinga og samvinnuframtakið, eigi við ákaflega þröngar skorður að búa hjá þeim hv. stjórnarflokkum. Ég hef þess vegna leyft mér að leggja þarna til, að öllum íslenzkum ríkisborgurum sé leyfilegt að byggja, svo framarlega sem innflutningur á byggingarefni sé frjáls, og — svo að ég minnist á það um leið — í 46. gr. þessa frv., VI. kaflanum, er mælt svo fyrir, að innflutningur á byggingarefni skuli vera frjáls, svo fremi að innflutningur á nokkurri vöru sé frjáls, m. ö. o., að byggingarefni skuli vera sett með þeim brýnu nauðsynja-

vörum, sem menn þurfa til matar, og það skuli vera sama frelsi til þess að byggja yfir sig eins og t. d. að flytja inn það, sem menn þurfa að borða.

Ég býst við, að fæstir muni neita því, að Íslendingar muni þurfa á því að halda eins brýnt að flytja inn byggingarefni til þess að byggja yfir sig eins og mat. Til allrar hamingju framleiðum við þó allmikið af mat sjálfir, fullnægjum allmiklu af þörfum okkar til matar með eigin framleiðslu, en aftur á móti lítið af byggingarefni enn sem komið er, þó að vonandi verði bráðum bætt úr því, og þess vegna er ekki nema eðlilegt, að þetta tvennt sé sett í sama flokk.

Þá munu menn máske spyrja: En eru nú gjaldeyrislegir möguleikar á því að flytja inn byggingarefni? Er ekki bara vitleysa að vera að tala um það að vera að flytja inn byggingarefni alveg frjálst? Er það ekki út í loftið, vegna þess að möguleikar okkar til framleiðslu á vörum til útflutnings eru svo litlir? — Við skulum rétt athuga það. Nú nýlega var gerður samningur við Sovétríkin um innflutning á 50 þús. tonnum af sementi. Það mun vera með mesta magni, sem við höfum flutt inn á einu ári af sementi. Að vísu mun það sement eiga að notast í fleira en íbúðarhúsabyggingar, en mér reiknast svo til, að helmingurinn af þessu sementi, 25 þús. tonn, mundi nægja í um 1200 íbúðir, miðað við 4 herbergja íbúðir svipaðar þeim, sem eru í verkamannabústöðunum. Er nú ákaflega erfitt fyrir okkur gjaldeyrislega að flytja inn 50 þús. tonn af sementi, sem, ef það væri allt saman notað til íbúðarhúsabygginga, mundi þýða, að við gætum byggt yfir 2000 íbúðir á ári, 2400 jafnvel, en eins og ég tók fram, getum við ekki notað allt sementið í íbúðarhúsabyggingar? Ég hef að vísu ekki fengið nákvæmar upplýsingar um verðið á þessu sementi, en ekki mun vera fjarri því, að það kosti hingað komið kringum 20 millj. kr. Af þeim fiski, sem við flytjum út, — við skulum segja freðfiskinum, — á því verði, sem ég býst við hann sé seldur út úr landinu núna, t. d. í þessum viðskiptasamningum, sem ég nefndi, mun það þýða rúm 3000 tonn af freðfiski, þ. e., fyrir um 3000 tonn af freðfiski, líklega 3¼ þúsund, ættum við að geta fengið um 50 þús. tonn af sementi. Ég verð nú að segja, að þegar við höfum hæglega getað framleitt undanfarið 35 þús. tonn og flutt út af freðfiski og getum, eins og ég hef hvað eftir annað sýnt hér fram á, svo framarlega sem okkar framleiðslugeta, ekki sízt okkar togara, er notuð, leikið okkur að því að framleiða 50—60 þús. tonn af freðfiski, — og markaði er hægt að skapa fyrir það allt saman, — þá er leikur einn að flytja inn 50 þús. tonn af sementi og þó að það væri miklu meira. Þetta er þó eitt grundvallarbyggingarefnið, sem við þurfum. Ég efast ekki um, að með skynsamlegri hagnýtingu þeirra framleiðslutækja, sem við nú höfum, svo að ég tali ekki um, ef haldið er áfram að bæta við þau, er leikur einn að flytja inn yfirdrifið af byggingarefni til þess að byggja yfir Íslendinga og til þess að útrýma algerlega því neyðarástandi, sem núna ríkir í okkar húsnæðismálum.

Ég álít þess vegna og byggi á því í þessu frv., að innflutningur byggingarefnis eigi að vera frjáls, algerlega frjáls, og ég get ekki séð neina skynsamlega ástæðu fyrir því að neita um að hafa byggingarefni frjálst og leyfa byggingar frjálsar á Íslandi. Við höfum verið að byggja upp okkar land, það sem af er þessari öld. Við þurfum að halda því áfram. Okkar feður tóku við þessu landi um aldamótin svo að segja húsalausu hvað snertir varanleg hús. Það hefur verið byggt mikið, það sem af er, en við þurfum líka á því að halda að byggja mikið. Okkar þjóð hefur verið framúrskarandi dugleg við að byggja. Það eina, sem hefur heft hana, eru böndin, sem ríkisstj. hefur lagt á hana. Það væri búið að útrýma húsnæðisleysinu hér á Íslandi með framtaki einstaklinga og samtökum manna, svo framarlega sem þau höft hefðu ekki verið sett á, sem skellt var á 1947, enda var auðséð, hvernig byggingarnar byrjuðu þá að minnka, t. d. hér í Reykjavík, þannig að þær hafa komizt 1952 niður í helminginn af því magni, sem byggt var 1946. Ég held þess vegna, að það, sem hér er sett fram í þessari 1. gr. um rétt manna til þess að byggja, sé í fullu samræmi við okkar afkastagetu til að framleiða vörur, sem við flytjum út úr landinu, og við okkar möguleika til þess að kaupa byggingarefni til þess að flytja inn í landið.

Ég veit ekki, hvað hefur gengið hæstv. stjórnarflokkum til að hafa beitt svona harðvítugum aðferðum til þess að hindra menn í því að byggja, en ég vil vekja eftirtekt á því, að á sama tíma og húsnæðisástandið hefur farið versnandi fyrir Íslendinga, hafa Ameríkanarnir fengið að byggja suður á Keflavíkurflugvelli. Þar er verið að byggja húsaraðir, sem í gætu verið 500 íbúðir, á sama tíma sem takmarkað hefur verið við menn þannig, að það er komið niður í milli 200 og 300 íbúðir, sem byggt er hér í Reykjavík. Ég álít þess vegna, að þessi réttur, sem hér er settur fram í 1. gr., sé réttur, sem nú verði að slá föstum með lögum og verði að halda við og verði að berjast fyrir.

Ég mun láta þetta nægja viðvíkjandi því prinsipiala í þessum málum og ræða nú eins stuttlega og ég get um kaflana sjálfa, sem hér eru.

Strax með I. kaflanum er snúið að því að taka upp að nokkru leyti þau lög, sem fyrir eru um aðstoð þess opinbera í þessum efnum. Það er vitanlegt, að þau hafa ekki öll saman verið gæfurík, afskipti þess opinbera af þessum málum. Fyrstu afskiptin voru þau að banna kjallaraíbúðirnar. Það eru nú komin 24 ár síðan kjallaraíbúðir voru bannaðar hér í Reykjavík. Lögin eru í gildi, það vantar ekki, bókstafurinn stendur. 1928 voru 800 kjallaraíbúðir hér í Reykjavík, og þar með voru þær bannaðar með lögum. Þær eru núna tæp 2000. Lögin hafa aldrei nokkurn tíma verið framkvæmd. Það hefur verið gengið harðar í að framkvæma þau lög, sem banna mönnum að

byggja, heldur en þau lög, sem áttu að útrýma heilsuspillandi íbúðum.

Varðandi þennan I. kafla, um verkamannabústaðina, þá er þar tekinn upp svo að segja óbreyttur sá lagakafli, sem hefur verið í gildi nú síðustu 20 árin, eins og hann var felldur inn í heildarlöggjöfina um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa 1946. Þó voru gerðar á honum tvær breyt., og á það skal ég stuttlega minnast.

Önnur er í 4. gr. Það hefur verið svo á undanförnum árum, að það, sem helzt hefur staðið byggingu verkamannabústaða fyrir þrifum, er fjárskortur. Það er lagt til í 4. gr., 3. undirlið, að bæta nokkuð úr þessu. Þar stendur: „Ríkissjóður leggur árlega í sjóðinn (þ. e. byggingarsjóðinn) helminginn af tekjuafgangi ríkisins af einkasölu á tóbaki.“ — Þegar einkasalan á tóbaki var sett 1931, var ákveðið, að helmingurinn af tekjum tóbakseinkasölunnar skyldi renna til verkamannabústaðanna, hinn helmingurinn til þess að bæta úr húsnæðisástandinu í sveitunum. Þetta er ákaflega oft tiðkað, þegar verið er að leggja nýjar álögur á almenning; þá er tilgangurinn með þessum álögum gerður ákaflega fallegur. Það er rétt eins og þegar söluskatturinn, sællar minningar, var lagður á. Hann var til þess að berjast móti dýrtíðinni og til þess að borga halla á fiskábyrgðinni. Þegar tóbakseinkasalan var sett á, þá áttu sem sé tekjur af henni að renna til þess að bæta úr húsnæðisskortinum. En það leið ekki á löngu, eftir að lögin um tóbakseinkasölu voru sett, þangað til þessum tilgangi var svipt burt með álagningu einkasölunnar. Og verkamannabústaðina og þeirra byggingarsjóð hefur síðan lengst af skort fé til þess að byggja fyrir. Svo framarlega sem þessi till. væri samþ., þá mundi það þýða, að helmingurinn af tekjuafgangi ríkisins af tóbakseinkasölunni rynni nú til byggingarsjóðs verkamannabústaðanna. Það mundi vera 14—15 milljónir kr., og það mundi vera stórkostleg bót fyrir verkamannabústaðina. Það mundi gerbreyta allri aðstöðu byggingarsjóðanna til þess að byggja. Og það væri í samræmi við þann upphaflega tilgang, sem fyrir 20 árum var yfirlýstur og samþykktur af hálfu Alþingis, þegar tóbakseinkasalan var sett á.

Þá er enn fremur hjá mér í þessum kafla nokkur breyt. á 5. gr. Í 1., eins og þau eru nú, er ákveðið, að það skuli einungis vera eitt byggingarfélag í hverjum kaupstað eða kauptúni, og því er að vísu haldið hér, en bætt við, að í Reykjavík megi þó vera tvö byggingarfélög verkamanna, og skuli félög þau, sem nú starfa þar, öðlast viðurkenningu og njóta réttinda samkv. lögum þessum. Þessi brtt. er gerð til þess að bæta úr ranglæti, sem gert var fyrir 14 árum. Byggingarfélag alþýðu, sem hóf starfsemi verkamanna að því að byggja yfir sig samkv. l. um verkamannabústaði og byggði verkamannabústaðina gömlu í vesturbænum, var svipt rétti til þess að starfa áfram með brbl., sem gefin voru út af þjóðstjórninni 1939, og annað félag var sett á laggirnar, sem fann velþóknun fyrir augliti stjórnarflokkanna. Það var raunar félmrh. þáverandi, Stefán Jóh. Stefánsson, sem fannst svona mikið liggja á að svipta gamla Byggingarfélag alþýðu þessum rétti. Ég álít, að það geti ekki verið nema til góðs, að þetta gamla byggingarfélag fái að starfa frjálst áfram að því að byggja yfir verkamenn. Ég get ekki séð nokkuð, sem geti verið á móti því. Ég veit, að þegar þessi brbl. voru sett á sínum tíma og staðfest á Alþingi árið eftir, þá var það með mikilli ólund af hálfu margra þm., sem fylgdu þáverandi þjóðstjórn, svo kallaðri, að þessi l. voru staðfest. Ég held, að það sé tími til þess kominn, að Alþingi bæti úr þessum rangindum og leyfi báðum þeim byggingarfélögum verkamanna, sem nú eru til í Reykjavík, að starfa.

Að öðru leyti eru ekki í kaflanum um verkamannabústaðina brtt. Ég hef yfirleitt viljað forðast að leggja fram breyt. á þeim köflum, sem gætu orðið að ásteytingarsteini. Það er ýmislegt í því, sem ef til vill hefði verið ástæða til þess að athuga betur. En ég hef þó haft það prinsip, um leið og ég hef tekið upp þennan gamla kafla, að reyna að breyta þar sem minnstu.

Í kaflanum um byggingarsamvinnufélögin hef ég engu breytt.

Þá er hins vegar III. kaflinn, um útrýmingu heilsuspillandi íbúða. Hv. þm. mun flestum kunn saga þess kafla. Það voru sett sérstök lög um þetta 1946 af nýsköpunarstjórninni, og þá var hugsað mjög hátt í þessum efnum. Í 30. gr. í þessu frv. minu, sem er tekin upp orðrétt eftir því gamla, er rætt um, að þegar sveitarstjórnir hafi rannsakað, hve mikið sé um heilsuspillandi íbúðir, skuli gerð áætlun um útrýmingu þeirra og hve langan tíma það muni taka og stefnt að því, að þeirri útrýmingu verði lokið á 4 árum. 1946 var meiningin, að allar sveitarstjórnir á Íslandi settu sér það að reyna á 4 árum að ljúka við að útrýma heilsuspillandi íbúðum í kaupstöðum og kauptúnum á Íslandi, og það var álitið þá, að þetta mundi vera fært. Var reiknað út og lá bæði fyrir Alþingi og bæjarstjórnum, held ég, að þá, 1946, mundi þurfa t. d. hérna í Reykjavík að byggja 600 íbúðir á ári, til þess að það hefðist við að fullnægja eðlilegri þörf þeirra manna, sem bættust við í bænum, og útrýma þeim heilsuspillandi íbúðum, sem fyrir væru, og það var komið upp í það með byggingarnar 1946. Það voru byggðar yfir 600 íbúðir í Reykjavík, þótt óskipulagt væri og ýmsir gallar á því hjá okkur, eins og eðlilegt er. Það var þess vegna alveg gefið, að afkastamöguleiki Íslendinga var nægur til þess að byggja, t. d. hvað Reykjavík snerti, 600 íbúðir og meira til, svo að landsmenn gátu orkað því fyllilega. 1947, eftir kosningarnar, var þessi löggjöf hins vegar raunverulega felld úr gildi í reyndinni, þó að lögin væru ekki felld niður. Það var gert undir því yfirskini, sem oft hefur verið tíðkað við góða löggjöf, sem menn hafa verið dálitið smeykir að ráðast beint framan að, að það hefur verið frestað framkvæmd laganna. Það eru gamlar aðferðir, sem gamla þjóðstjórnin tók upp á, þegar hún var að ráða niðurlögum

umbótalöggjafarinnar frá tímunum kringum 1934—37, og síðan var tekin upp af stjórninni 1947 og kom alveg sérstaklega hart niður á þeim bæjum, sem þurftu á aðstoð að halda til þess að útrýma heilsuspillandi íbúðum hjá sér. Það var þá alveg vitanlegt mál, að meira að segja ríkasti bærinn af öllum þessum, Reykjavík, mundi ekki geta unnið að þessu þannig, að öruggt væri, að það kæmi að notum, nema með þeirri aðstoð frá því opinbera, sem gert var ráð fyrir í þessum lögum um útrýmingu heilsuspillandi íbúða. Afleiðingarnar af því, að þessi lög voru þá raunverulega felld úr gildi, urðu þær, að það var fleira og fleira fólk sett inn í gömlu herbúðirnar í Reykjavík. Í staðinn fyrir að útrýma heilsuspillandi íbúðum var aukinn mannfjöldinn í heilsuspillandi íbúðum. Það þótti ægilegt 1946, að það skyldu vera 1300 manns í Reykjavík í bröggunum, gömlu herbúðunum. 1952 var þessi fjöldi kominn upp í 2400. Þetta voru afleiðingarnar af því, að lögin höfðu raunverulega verið felld úr gildi, fólkið ekki aðeins látið vera í þeim heilsuspillandi íbúðum, sem fyrir voru, heldur fleira fólki holað niður í heilsuspillandi íbúðum heldur en áður hafði verið þar. Harðast kom þetta niður á þeim, sem sízt máttu við því. Barnafjöldinn í gömlu braggaíbúðunum í Reykjavík 1946 hafði verið 511. Hann var 1950 kominn upp í 976.

Ég vil hins vegar taka fram, að ég álít, að það hefði verið hægt að útrýma þessum heilsuspillandi íbúðum á þeim fjórum árum, sem liðu frá 1946 til 1950—51, svo framarlega sem þessi löggjöf hefði verið látin vera í gildi og svo framarlega sem þessu hefði verið framfylgt. Það er auðséð, að það er hægt að byggja af fullum krafti, þegar verið er að byggja yfir ameríska hermenn suður á Keflavíkurflugvelli. Og þá eru sett öll nýtízku tæki í gang til þess að gera það. En ef á að byggja yfir íslenzk börn, þá er það bannað. Við höfum ekki aðeins á hverju einasta þingi, sósíalistar, lagt fram brtt. við bráðabirgðabreytinguna á nokkrum lögum, þ. e. til þess að reyna að fella þetta frestandi ákvæði úr gildi. Við höfum líka í hvert skipti í sambandi við meðferð fjárlaganna lagt fram till. um að veita fé á fjárl. til þess að koma lögunum þannig í gildi. Það hefur líka alltaf verið drepið. Þess vegna er svo komið, að ástandið nú er orðið verra en það hefur verið um langan tíma fyrr hjá okkur.

Ég veit, að sumir af fjármálamönnum þessarar hv. d. munu segja, að við höfum ekki peninga til þess að gera þetta. Það er ekki rétt. Það er ekki á því, sem það hefur strandað. Meira að segja einstaklingar hafa verið til í að leggja fram fé til þess að byggja hér í Reykjavík. Þeim hefur verið bannað það. Þeir hafa komizt í gegnum nálarauga fjárhagsráðs og fengið leyfi til að byggja, en þá hefur ríkisstj. gripið í taumana til þess að hindra þá í því. Svona er það viðkvæmt mál að viðhalda húsnæðisleysinu í Reykjavík, að ríkisstj. grípur í taumana, svo framarlega sem hún er hrædd um, að meira að segja fjárhagsráð hafi látið undan kröfu almennings og tilboðum einstaklinga um að byggja. Það er auðséð, að það eru aðrir hlutir, sem þarna eru að verki, hvort sem tilgangurinn er að reka byggingarverkamennina hér í Reykjavík suður á Keflavíkurflugvöll til þess að láta þá byggja yfir Kanann og banna þeim að byggja hér í Reykjavík eða hvort tilgangurinn er að reyna að skapa atvinnuleysi hérna í Reykjavík með því að hindra, að menn hefðu atvinnu við byggingar, eða hvort tilgangurinn er að koma húsaleigunni upp í það okur, sem nú er á henni, og gera þannig þeim, sem braska í húsnæðinu, mögulegt að græða sem mest. Hver sem tilgangurinn kann að vera með þessu, þá er hann jafnósvífinn, sérstaklega af hálfu þeirra manna, sem varla opna sinn munn án þess að tala um frjálst framtak einstaklingsins. En það er ekki aðeins, að margir einstaklingar muni vera reiðubúnir til að byggja, ef þeir hefðu fullt frelsi til þess. Það er heldur engin afsökun fyrir því af hálfu þess opinbera, ríkisins og bankanna, að láta ekki í té þeim einstaklingum, sem hafa ekki efni á því að byggja sjálfir, miklu meiri aðstoð til þess heldur en gert hefur verið.

Ég hef á undanförnum þingum nokkrum sinnum kastað fram þeirri spurningu, hvað lánin til íbúðarhúsa hér á Íslandi væru mikil nú sem stendur. Ég hef aldrei getað fengið neinar upplýsingar hjá hæstv. ríkisstj. um það. Brunabótamat á öllum húsum á Íslandi mun vera yfir 3000 millj. kr., og ég býst við, að þetta brunabótamat muni í allflestum tilfellum vera nærri því að vera söluverð íbúðanna, oftast nær undir því, a. m. k. hér í Reykjavík og á þeim stöðum, þar sem mest eftirspurn er eftir íbúðum. Ef íbúðarhús á Íslandi eru yfir 3000 millj. kr. virði, þá er ekki nema eðlilegt, að það sé spurt, hve mikið sé sem stendur frá lánsfjárstofnununum lánað út á þetta verðmæti. Í veðdeild Landsbankans voru lánin á síðustu reikningum 38 millj. kr. Það eru ekki nema ágizkunartölur að gizka á, hvað muni vera alls lánað út á veðrétti í íbúðarhúsum í okkar bönkum. Ég hef undanfarið gizkað á 70 millj. kr. eða einhvers staðar þar í kring og vildi mjög gjarnan fá upplýsingar um það frá þeim, sem aðstöðu hafa til þess að veita þær, hvað það raunverulega sé. Ég hef stundum verið að spyrja menn, líka menn hér í þinginu, sem að einhverju leyti þekkja til um fjármál hér, hvað hægt væri að gizka á að væri lánað út á íbúðarhús af einstaklingum og væri af slíkum veðlánum í gangi. Það er ákaflega erfitt að gizka á þetta. Það hefur verið talað um, hvort það mundi vera einhvers staðar milli 150 og 200 millj. kr., en mér þætti ekki undarlegt, þó að öll þau lán, sem til eru út á veð í íbúðarhúsum á Íslandi, færu ekki fram úr 300 millj. kr., eða $\frac{1}{10}$ af brunabótamati íbúðarhúsanna á Íslandi. Það þýðir m. ö. o., þar sem svo að segja öll þessi hús eru byggð af núverandi kynslóð eða þeirri síðustu og flest, a. m. k. þau, sem byggð eru upp á síðkastið, það vel byggð, að þau geta vel staðið í 200—300 ár, að það er verið að knýja núverandi kynslóð til þess að borga þessi hús upp sjálf, að mestu leyti máske á 10—15 árum, og beztu lánin eru upp

í 40 ár. Auðvitað væri ágætt, ef ein þjóð hefði efni á því að geta borgað svona fljótt upp. En hvernig kemur það út hjá almenningi, ef á að píska menn til þess að borga svona fljótt niður og gera mönnum annars ómögulegt að byggja? Það kemur þannig út, að þeir, sem lítil hafa efni til þess að byggja þannig, brotna saman efnahagslega undan þessari áreynslu. Það þýðir, að þeir missa íbúðirnar, sem þeir hafa verið að reyna að afla sér, og að íbúðirnar lenda smám saman í hendur nokkurra fárra, auðugra manna, sem kaupa þær upp og leigja þær síðan út seinna meir fyrir of fjár, eins og nú er að verða í Reykjavík.

Sú velmegun, sem skapaðist hjá almenningi á árunum 1942 til 1946—47 og að sumu leyti hélzt við á fyrstu árunum þar á eftir, leiddi til þess, að líklega helmingurinn af t. d. verkalýðnum í Reykjavík mun hafa reynt að eignast eigin íbúðir. Þróunin, sem hefur verið að gerast núna síðustu árin, hefur leitt til þess, að menn eru að missa slíkar íbúðir. Íbúðirnar fara að færast aftur yfir á færri hendur. Það var þróun, sem við kynntumst hérna í Reykjavík líka á árunum eftir styrjöldina, sem lauk 1918, og það er hættuleg þróun. Það er eðlilegt í einu þjóðfélagi að stuðla að því, að menn geti átt sínar íbúðir sjálfir eða þá að það séu mynduð samtök til þess, að menn geti átt slíkar íbúðir sameiginlega, eða þá að bæjarfélögin sjálf sem heildarsamtök almennings komi upp slíkum íbúðum. Það er engan veginn í þágu þjóðfélagsins, að það sé stuðlað að því að koma meira og meira af íbúðum í hendur einstakra braskara. En öll sú lánsfjárpólitík, sem rekin er í landinu, virðist miðuð við þann tilgang, og það er óhæfur tilgangur. Það ástand, sem ríkir í lánsfjármálunum viðvíkjandi húseignum hér á Íslandi, er ekki til neins staðar á Norðurlöndum, svo að ég viti til. Þar þykir mjög eðlilegt fyrir menn að geta fengið veðlán út á sín hús til mjög langs tíma og út á tiltölulega mikið af verðmæti húsanna. Og ég álít, að þarna verði að verða alger breyting á.

Ísland á þarna gífurleg verðmæti, og það er aðeins spursmál um, hvers konar lánsfjárpólitík þjóðin vill reka, hvort almenningi er gert kleift að eiga sjálfur íbúðir sínar og eignast þær. Það er bara spursmál um lánsfjárpólitík. Ég veit, að stjórnarflokkarnir hafa lagzt á móti því, að lán til íbúðarhúsabygginga væru veitt. Ég veit, að ríkisstj. hefur haft þau afskipti af lánsfjármálum að telja úr bönkunum, sem þó hafa verið mjög íhaldssamir í þessum efnum, að auka lán til íbúðarhúsabygginga, og ég hef hins vegar ekki ætlað þeirri ríkisstj., sem sat, það illt, að hún hafi gert það af sjálfsdáðum. Ég hef álitið, að þau fyrirmæli, sem fyrrv. ríkisstj. gaf og ég býst við, því miður, að núverandi ríkisstj. standi við, þar sem lagt var fyrir bankana að draga raunverulega úr lánum til íbúðarhúsabygginga, hafi verið gert samkv. samningum, sem ríkisstj. hefur gert við þá amerísku banka, Alþjóðabankann og slíka, sem ráða raunverulega okkar seðlaútgáfu og lánsfjárstarfsemi, þannig að það hafi verið eitt af þeim ákvæðum, sem hins vegar Alþ. hefur ekki fengið upplýst, í samningunum um mótvirðissjóð, að Ameríkanarnir tryggðu sér yfirráðin um það, hvernig seðlaveltan á Íslandi, seðlaútgáfan á Íslandi og lánsfjárveltan væri. Ég hef oft áður rætt þetta mál hér og hef verið fær um að leggja þar plögg á borðið, sem ekki hefur verið hægt að neita, vegna þess að þau plögg voru frá fjárhagsráði með tilvitnun í afskipti Ameríkananna af þeim málum. Það var vitanlegt, að einmitt þegar það var komið í gegnum Nd. og komið til 2. umr. í Ed. að gefa byggingu íbúðarhúsa frjálsa og um leið verið að ræða um í Sþ. að gefa frjálsan innflutning byggingarefnis, þá skarst fjárhagsráð í leikinn með bréfi, dags. 13. jan. 1951, og sagði þar í eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárhagsráði hefur skilizt, að vegna tilrauna til þess að fá að nota fé úr mótvirðissjóði, verði að takmarka fjárfestingu við ákveðið hámark, og að það sé fullkomlega skilyrði fyrir því, að leyfi fáist til þess að nota mótvirðissjóð. Ef fara ætti eftir till. þessari, mundi það gera ómögulegt að sýna forráðamönnum mótvirðissjóðs fram á, hver fjárfestingin væri, þar sem takmarkanirnar næðu aðeins til hluta hennar."

Fjárhagsráð gaf með þessu bréfi alveg til kynna, hverjir það væru, sem hindruðu, að bygging íbúðarhúsa væri gefin frjáls Íslendingum, það væru þeir, sem fjárhagsráð og ríkisstj. auðsjáanlega álitu að væru forráðamenn mótvirðissjóðs. Forráðamenn mótvirðissjóðs eftir íslenzkum lögum eru Alþingi. Forráðamenn mótvirðissjóðs eftir skilningi fjárhagsráðs og ríkisstj. voru hins vegar Ameríkanarnir. Það varð að skýra fyrir þeim, það varð að skýra fyrir húsbændunum í Washington, hvort einn maður á Íslandi hefði þörf á því að fá að byggja yfir sig hús. Ef hætta var á, að mönnum væri gefið frelsi til þess að byggja yfir sig hús, þá voru yfirráð Ameríkananna yfir okkar efnahagslífi í hættu. Þess vegna varð að grípa inn í. Þess vegna var frv., sem fjhn. Ed. hafði mælt með sem heild, vísað til ríkisstj. við 2. umr. samkv. till. meiri hl. sömu fjhn. Frv. hafði fjhn. Nd. flutt, það verið samþykkt svo að segja einróma hér í þessari hv. d. og nál. gefið út af fjhn. Ed. og tekið þar í sama streng, en þessu var öllu saman gerbylt, þegar Kaninn greip inn í, og frv. drepið á þann hátt að vísa því til ríkisstj. Það var þess vegna auðséð, að ríkisstj. var ekki sjálfráð í þessum efnum. Hún hafði skuldbundið sig til þess að láta aðra hafa yfirstjórnina á okkar seðla- og lánsfjárveltu og þar með á fjárfestingarstarfseminni.

Ég mun nú að síðustu, áður en ég lýk mínu máli, koma nokkru nánar inn á, hvað ég held að ríkisstj. hyggist fyrir í þessum málum nú. En hitt vildi ég aðeins gera ljóst út af spursmálinu um lánsfé, að það, sem stendur því fyrir þrifum, að Íslendingum sé veitt nóg lánsfé af þeirra eigin bönkum til þess að byggja, er einvörðungu útlent eftirlit, útlend yfirstjórn á okkar efnahagsstarfsemi, við Íslendingar höfum næga getu til þess að byggja, nægilegt vinnuafl, getum haft nægilegt efni og þörfin er nóg.

Þá er IV. kaflinn um lánadeild smáíbúðarhúsa. Þar legg ég til, að hækkað sé nokkuð það framlag, sem ríkissjóður leggur til lánadeildarinnar, og breytt nokkuð hennar starfsemi. Ég legg til í 39. gr., að Landsbanka Íslands eða annarri lánsfjárstofnun, sem félmrn. semur við, sé falin framkvæmdin á þessum lánum, úthlutun lánanna, samkv. reglugerð, er ráðuneytið setur. Ég verð að segja, að ég kann illa við það og það hefur viðgengizt of lengi, að formenn hinna pólitísku félaga stjórnarflokkanna í Reykjavík séu settir í n. rétt fyrir kosningar til þess að úthluta smáíbúðum. Það er hneyksli. Það var átalið hér í fyrra á Alþ., og því var ekki sinnt. Því var haldið áfram núna og varð enn þá meira hneyksli en það hafði verið árið áður. Ég álít eðlilegt og sjálfsagt, að smáíbúðarhúsin séu ekki notuð sem neinar pólitískar mútur, heldur sé farið með lánin til þeirra eins og venjulega er farið með lán í lánsstofnunum, og mér finnst það satt að segja orðið hálfundarlegt, ef hæstv. ríkisstj. treystir ekki lengur neinum af þeim opinberu bönkum eða sparisjóðum í landinu til að sjá um þessa hluti og verður að velja menn, sem beinlínis eru valdir með pólitískum sjónarmiðum, til þess að sjá um slíkt.

En hæstv. ríkisstj. hefur ekki aðeins gengið illa að vinna þetta réttlátlega, heldur líka gengið illa að framkvæma þetta í heild. Það var samþykkt á síðasta Alþ., að 16 millj. kr. lán skyldi tekið til þessara smáíbúðarhúsa. Það hefur ekki einu sinni verið tekið allt enn þá. Það af því, sem hefur verið tekið, hefur verið tekið seint og illa. Fólkinu, sem þrælað hefur við að koma upp þessum smáíbúðum, hefur verið gert margfalt erfiðara fyrir en nokkur þörf var á, og þar að auki hefur það ekki fengið nærri því eðlilegt fjármagn. Ég legg til þarna, að þetta sé hækkað upp í 30 millj. kr., býst við, að ekki muni af því veita.

Um leið vil ég átelja þá reglugerð, sem gefin var út af ríkisstj. viðvíkjandi smáíbúðarhúsunum. Sú reglugerð var að miklu leyti í andstöðu við sjálf lögin og þeirra tilgang. Þegar lagafrumvarp ríkisstj. kom hér fyrir Alþ. í fyrra, fyrir þessa hv. d., þá var gengið út frá því, að smáíbúðirnar skyldu allar saman vera einbýlishús, það áttu sem sé að vera smáíbúðarhús, hús, sem væri ein íbúð í. Ég fékk þessu breytt í fjhn. þessarar hv. d. Öll fjhn. féllst á það, þegar við ræddum þetta, að það væri hreinasta fásinna að ætla að binda byggingu smáíbúða við það að vera einbýlishús. Fjhn. gekk þannig frá þessum lögum, að það var fyllilega leyfilegt fyrir menn að byggja þessar smáíbúðir, þó að það væru þriggja hæða hús, samfastar húsaraðir. Það, sem var átt við, var þetta, að það væru smáíbúðir, sem menn væru að byggja, það væru íbúðir, sem t. d. væru ekki stærri en það, sem ætlað er eftir lögunum um verkamannabústaði, m. ö. o., það væri verið að byggja íbúðir fyrir almenning og gera honum kleift að byggja, og auðvitað átti þá að sjá um, að þetta væri byggt á þann hátt, sem það er tæknilega praktiskast. Hins vegar hefur verið farið þarna rangt að, sumpart einmitt vegna vitlausrar reglugerðar, sem ríkisstj. hefur gefið út, og enn þá vitlausari framkvæmdar. Það hefur verið reynt yfirleitt að knýja menn til þess að byggja einbýlishús. Nú vil ég segja í því sambandi, að það hefur verið ákaflega rík tilhneiging hjá mönnum til þess að byggja slík einbýlishús. Sú tilhneiging er að mörgu leyti skiljanleg, og hún er eðlileg í smáum bæjum. Það er eðlilegt úti um land, þar sem litlir bæir eru og lítil þorp, að menn vilji byggja smáíbúðarhús og hafa jafnvel tún þar í kring og annað slíkt. En það er ekki skynsamlegt að ætla að byggja svona í borg. Ef menn ætla að búa í borg, þá mega menn ekki hugsa eins og sveitamenn. Sveitamaðurinn hugsar eðlilega þannig. Hann er vanur að búa á sínum bæ, þannig að það sé langt til næsta bæjar og hann sjái hann jafnvel ekki. Og þegar sveitafólkið flytur til bæja, þá er þessi hugsunarháttur efst í því. Hins vegar er ekki hægt að skapa bæ þannig, að það verði sæmilegt að lifa í honum, ef hann er byggður út frá þessu sjónarmiði. Ég álít það þess vegna ópraktiskt að einbeita allri leyfðri byggingargetu íbúanna svo að segja að því að byggja slík einbýlishús. Það hefur ekki fengizt reiknað út, hvað slíkt kostar bæjarfélagið. En það er dýrt. Það þýðir, að mennirnir, sem í þessum íbúðarhúsum búa, og aðrir, verða að borga í hækkuðum útsvörum kostnaðinn við að byggja ópraktiskt. — Ég tek það fram um leið, að það að byggja þessi einbýlishús eins og byggt hefur verið er t. d. ákaflega stór framför frá því að banna mönnum að byggja, og það er alveg eðlilegt og sjálfsagt að gefa mönnum kost á að byggja svona og eðlilegt að styðja menn til þess, en þá á jafnframt við hliðina á þessu af fullum krafti að skipuleggja íbúðarhúsabyggingar með nútímatækni. Það á ekki að láta staðar numið við það að leyfa fjölskyldum að þræla við það allar helgar, öll kvöld, að byggja yfir sig einbýlishús. Það á samtímis með þeirri miklu tækni, sem við höfum yfir að ráða, öllum okkar steypuvélum og öðru slíku, að leyfa mönnum að byggja heilar húsaraðir og sjá, hvort menn með slíkum byggingum geta ekki keppt fullkomlega við hitt og boðið mönnum mjög sæmilegar íbúðir og jafnvel ódýrari með því móti. Það er allt í lagi að leyfa smáíbúðarhúsabyggingarnar, stuðla að þeim og annað slíkt, en það á ekki að banna hitt um leið, að byggja praktiskar fyrir eina borg. Þess vegna álít ég, að þessir hlutir þurfi að fylgjast að. En hins vegar vil ég á engan hátt draga úr löngun manna til þess að eiga einbýlishús. Ég vil aðeins gefa þeim kost á, að þeir hafi fleiri aðferðir til þess að geta fullnægt sinni þörf fyrir húsnæði.

Í V. kaflanum eru ákvæði um rétt einstaklinga til veðlána. Þar eru fyrirmæli um, að veðdeild Landsbankans skuli starfrækt, bankanum skylt að kaupa bankavaxtabréfin og lánin hækkuð frá því, sem nú er. Það var í fyrra flutt hérna, ef ég man rétt, af ýmsum þm. Sjálfstfl. till. um breytingar á þessu, og gengu sumar, held ég, ekkert skemmra en það, sem ég legg hér til, þannig að maður skyldi nú ætla,

ef það hefur ekki verið vegna kosninganna, sem það var flutt, að þetta ætti að finna góðar undirtektir.

Viðvíkjandi svo síðasta kaflanum, um innflutning byggingarefnis, þá hef ég þegar minnzt á hann, þannig að ég held, að það sé ekki þörf að ræða um 1. og 2. gr. í honum, sem eru breyting frá lögunum, sem nú eru.

En ég vil svo að síðustu aðeins minnast á það, að hæstv. ríkisstj. lofaði því nú fyrir kosningarnar, og hennar flokkar, að gefa byggingar frjálsar. Hún lofaði því, og sérstaklega Sjálfstfl. sagði ákaflega skýrt og greinilega, að fjárhagsráð yrði afnumið og byggingar yrðu gerðar frjálsar, og ég man ekki betur en jafnvel það hafi staðið í stefnuyfirlýsingu ríkisstj., að fjárhagsráð skyldi lagt niður. — Fjárhagsráð hefur fengið að taka á sig ákaflega mikið af þeim óvinsældum, sem Sjálfstfl. og Framsfl. áttu með réttu. Og hæstv. ríkisstj. virðist nú hafa fundið það heillaráð, að það væri alveg hreint upplagt að leggja fjárhagsráð niður, skapa nú eitthvert annað ráð í staðinn til þess að láta það taka við þeim óvinsældum, sem stjórnarflokkarnir virðast vera að hugsa um að baka sér með því að bregðast þeim loforðum, sem þeir gáfu fyrir kosningar um að gefa byggingu íbúðarhúsa frjálsa. Ég vil sem sé taka það fram, að það er út af fyrir sig ekki nokkur meinabót í þessum efnum að afnema fjárhagsráð, svo framarlega sem það er meiningin, sem sérstaklega virðist vera nú eftir blöðum Framsfl. að dæma, að gefa ekki íbúðarhúsabyggingar frjálsar. Það væri nú gott að fá einhverja skýringu hjá hæstv. ríkisstj. á því, hver er meiningin hjá ríkisstj. í þessum efnum. Ég minntist fyrr í minni ræðu á eftirlitið með mótvirðissjóði og hvaða dularfullt og ekki dularfullt samband væri á milli mótvirðissjóðs annars vegar og bannsins á byggingum hins vegar. Mótvirðissjóðurinn var í fyrra færður yfir í Framkvæmdabankann, þegar hann var stofnaður. Bankastjóri Framkvæmdabankans er sá maður, sem fyrir hönd Ameríkana hefur haft eftirlit með því á Íslandi, að það væri byggt sem minnst af húsum, sá maður, sem jafnvel hefur heimtað að fá að sjá víxlana í bönkum landsins til þess að geta grennslazt eftir því, hvort það kynni nú að vera á einhverjum víxli lán út á hús. Og ég lagði hér fram í fyrra till. um rannsókn á framferði þessa manns og hvaða rétt hann hefði til slíkra afskipta, og hæstv. ríkisstj. vildi ekki sleppa þeirri till. til nefndar, kærði sig auðsjáanlega ekki um neina rannsókn á því sambandi, sem væri á milli húsnæðisleysis fjölda Reykvíkinga og versnandi húsnæðisástands og yfirráða Ameríkana yfir efnahagslífi landsins. Mér er spurn: Er það meining ríkisstj. nú að fela Framkvæmdabankanum eftirlit með íbúðarhúsabyggingum? Er það framkvæmdin á því frelsi Íslendinga um íbúðarhúsabyggingar, sem var lofað fyrir kosningarnar, að það eigi sem sé að gera hið útlenda eftirlit enn þá beinna, enn þá ósvífnara, enn þá meira áberandi en það hefur verið fram að þessu? Ég held, að það sé tími til kominn, að Íslendingar fái það staðfest í lögum, að þeir hafi rétt til þess að búa í húsum, að þeir hafi rétt til þess að byggja yfir sig og að þeir hafi rétt á að krefjast aðstoðar hins opinbera til slíks. Þetta lagafrv. mitt gengur út á það, og ég vil vona, þótt erfiðlega hafi gengið undanfarið með samþykkt á því, að einhverjum kunni að hafa snúizt hugur og að það fái betri viðtökur nú en það fékk síðast.

Ég vil leyfa mér að lokinni þessari umr. að óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn., ég tel eðlilegast, að það sé í þeirri nefnd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 30. nóv., utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Fyrir meira en mánuði var vísað til hv. heilbr.- og félmn. frv., sem ég hef flutt hér í deildinni á þskj. 26, frv. til l. um rétt manna til byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum og opinbera aðstoð í því skyni. Það hefur enn þá ekkert heyrzt frá þessari hv. n. um þetta frv., og svo er raunar um fleiri nefndir og fleiri frv. En ég vildi nú alveg sérstaklega, ekki sízt sökum þess, hve brýn þörf er á, að það komi í ljós hér á Alþ., hvað þingið vill gera í þessum málum, og vegna þess að þetta frv. er mjög veigamikið, mælast til þess við hæstv. forseta, að hann sæi til þess, að hv. heilbr.- og félmn. skilaði áliti um þetta frv., en svo framarlega sem hún hefur ekki gert það, við skulum segja í þessari viku, þá verði frv. tekið á dagskrá til 2. umr., án þess að nefndin hafi afgreitt það. Ég veit að vísu, að það hefur nokkuð lengi tíðkazt, að n. hafi unnið slælega í sambandi við þau mál, sem til þeirra hefur verið vísað. En þó að orðhagur maður hafi sagt, að þegar guð gaf mönnum hugsjónirnar, þá hafi djöfullinn fundið upp nefndirnar til þess að eyðileggja þær, þá býst ég ekki við, að það sé sérstaklega hugsað um nefndir á Alþ., og a. m. k. ekki tilgangur hæstv. forseta, sem hér stjórnar vinnubrögðum, að þær hagi sér þannig. Ég vildi þess vegna bera fram þau tilmæli til hæstv. forseta, að hann ýtti við hv. heilbr.- og félmn. um að afgreiða þetta frv., en ella, ef það drægist, að taka þetta frv. á dagskrá til 2. umr.

Forseti (HÁ): Ég mun verða við beiðni hv. þm. og koma þessum tilmælum áleiðis til hv. félmn.

Á 55. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir að hafa tekið þetta mál á dagskrá, áður en heilbr.- og félmn. hefur fundið ástæðu til þess að skila áliti um

það. Þetta frv., sem er allmikið að vöxtum og um eitthvert þýðingarmesta mál, sem Alþ. hefur fjallað um, fór til hv. heilbr.- og félmn. þann 9. okt. á síðasta ári, og hefur þessi hv. n. haft það, sem eftir var af októbermánuði, allan nóvembermánuð, allan þingtíma desembermánaðar og allan febrúarmánuð til þess að athuga þetta frv., en — að því er virðist eftir verkum hennar að dæma — ekki unnizt tími til þess að afgreiða það, eða fundizt þessi mál ekki það þýðingarmikil, að það væri þess vert að skila um þau áliti. Hins vegar álít ég rétt og heppilegt, að slík mál sem þessi komi til atkv. hér í d., hvernig sem skoðanir annars kunna um þau að skiptast.

Ég mun ekki við þessa umr. fara að ræða þetta mál að nýju. Ég býst við, að þeir þm., sem áhuga hafa á, að eitthvað sé reynt að bæta úr því hörmulega ástandi, sem ríkir um íbúðarhúsabyggingar og aðbúnað manna í íbúðarhúsum, ekki sízt í Reykjavík, hafi kynnt sér þetta, og þeim, sem fylgdust með þeirri ýtarlegu framsöguræðu, sem ég hélt um þetta mál, er ljóst, að hverju er stefnt með því.

Ég vildi biðja hæstv. forseta, þegar að því kæmi að greiða atkv. um þetta mál, að láta atkvgr. fara fram þannig, eins þótt menn yrðu ekki sammála um 1. gr., að hinir einstöku kaflar yrðu bornir upp út af fyrir sig. Þótt menn ekki væru sammála um 1. gr., — það hefur ýmislegt breytzt í þeim málum síðan frv. var lagt fram, síðan hafa nefnilega íbúðabyggingar verið gefnar frjálsar, þannig að 1. gr. hefur þess vegna ekki eins mikið gildi og hún hafði, þegar frv. var borið fram, — mundu allir kaflar í frv. út af fyrir sig standast.

Ég veit, að e. t. v. hefur það að einhverju leyti tafið þetta mál í n., að stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. hafa búizt við að heyra eitthvað frá ríkisstj. um þessi mál. Gæti ég meira að segja trúað, að þeir væru sjálfir orðnir nokkuð langeygðir eftir uppfyllingu á þeim loforðum, sem ríkisstj. hefur gefið í húsnæðismálunum. Það bólar hins vegar ekki enn þá á slíkum uppfyllingum, og það litla, sem við heyrum af málum, sem ríkisstj. setti sem númer eitt á sína stefnuskrá, þ. e. rafmagnsmálunum, bendir til þess, að ríkisstj. sé jafnvel eins að hugsa um að fresta þeim málum til haustsins. Og þegar við færum eitthvað að heyra um, hvernig ríkisstj. gengur með íbúðarhúsamálin, þá er þess vegna máske ekki alveg óhugsandi, að eitthvað slíkt kæmi þá líka fyrir, t. d. að það kynni eitthvað að stranda á lánaspursmálinu, eins og virðist vera með rafmagnsmálin. Ég held þess vegna, að hv. stjórnarstuðningsmönnum væri ekki rétt að bíða eftir því, að hæstv. ríkisstj. sýndi sig í því að leggja frv. um íbúðarhúsamálin fyrir þingið. Ég held, að það væri alveg óhætt að láta þetta frv. komast nokkuð áleiðis í þinginu og sjá til, hvað ríkisstj. ætli sér að gera. Ég held sem sé, að það sé alveg nauðsynlegt, líka fyrir þá þingmenn ríkisstj., sem vilja eitthvað láta gera í þessum málum, að ýta á eftir ríkisstj., láta hana vita af því, að Alþ. ætli ekki að skiljast svo við húsnæðismálin, að það verði ekki gerðar verulegar endurbætur í þeim málum. Ég held þess vegna, að það væri heppilegt, líka til þess að reka á eftir ríkisstj., að samþ. nú við 2. umr. þetta lagafrv., sem ég hér legg fram. Ég efast ekki um, að svo framarlega sem það verður gert, þá mundi hæstv. ríkisstj. fara alvarlegar að hugsa sitt mál. Ef hún fyndi alvöru hjá þingmönnum sjálfum, þá mundi hún líka sjálf fara að sýna einhverja alvöru í þessum málum. Ég leyfi mér þess vegna að vona, jafnvel þó að enginn úr hv. heilbr.- og félmn. finni ástæðu til þess að taka undir þetta frv. eða mæla með því, að hv. þm. skilji, hvaða velferðarmál hér er á ferðinni, og standi þess vegna með því, a. m. k. nú við þessa umr., þannig að úr fái skorizt, hvort ríkisstj. ætlar eitthvað að gera í þessum málum á þinginu eða ekki.

Umr. (atkvgr.) frestað, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

12. Áburðarverksmiðja (frv. ÁS og EOl).

Á 2. fundi í Sþ., 5. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju [27. mál] (þmfrv., A. 27).

Á 6. fundi í Nd., 9. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Nd., 13. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Þetta frv., sem ég flyt hér ásamt hv. 2. þm. Reykv., á þskj. 27, um að breyta lögunum um áburðarverksmiðju þannig að fella niður 13. gr. og breyta bráðabirgðaákvæði í samræmi við það, er sannarlega ekki flutt á Alþingi að ófyrirsynju.

Meðferð þessa máls, eins og hún varð í Alþingi við lok málsins, þegar það var lögfest, hefur vakið svo mikla athygli og andúð almennings í landinu, alls þess almennings, sem hefur virkilega fengið að skilja, hvað þar var um að ræða, að samþykkt þessa frv. mundi áreiðanlega vekja mjög mikla ánægju hjá stórum fjölda af almennum kjósendum landsins, vegna þess að ef það væri samþ., þá mundu þeir sjá, að Alþingi hefði þó a. m. k. einhvern vilja til þess að lagfæra það, sem það hefur áður illa gert. En til þess að sýna dálítið betur fram á, hversu óviðfelldin þessi aðferð var, sú breyt. að gera áburðarverksmiðjuna að hlutafélagi, í stað þess að láta hana vera að fullu í eign ríkisins, þá er rétt að rifja ofur lítið upp sögu þessa máls frá byrjun.

Þegar áburðarverksmiðjufrv. var samþ. hér á Alþingi í maímánuði árið 1949, var það búið að vera á dagskrá með þjóðinni í hálfan annan áratug. Í raun og veru var byrjað að ræða um þetta mál fyrir alvöru árið 1934. Þá sat á rök-

stólum nefnd, sem hét skipulagsnefnd atvinnumála, illa séð af sumum og kölluð „rauðka". Hún rannsakaði mjög margt viðvíkjandi atvinnulífi landsmanna og framtíðarhorfum á nýjum framleiðslugreinum, og eitt af því, sem hún rannsakaði mjög ýtarlega, var það, hvort koma mundi til mála, að það borgaði sig að framleiða tilbúinn áburð hér á Íslandi. Niðurstaða hennar, sem birt var í hennar nál., er mjög ýtarleg, og hún var þannig, að þessi framleiðsla væri líkleg til þess að geta borið sig vel.

Það var samt ekki fyrr en árið 1944, sem frv. var flutt á Alþingi af þáverandi ríkisstj., utanþingsstjórninni, rétt áður en hún fór frá, frv. um að byggja aðeins litla áburðarverksmiðju, sem hefði ekki framleitt nema rúmlega 1000 tonn af hreinu köfnunarefni, og eingöngu skyldi hún miðuð við framleiðslu þeirrar áburðartegundar. Það kom fljótt í ljós, að ekki mundu vera tök á því þá fljótlega að byggja jafnvel þessa verksmiðju, vegna þess að ekki væri nægilegt rafmagn til þess að reka hana. Alþingi 1944 gekk því þannig frá þessu máli, að það vísaði frv. til nýbyggingarráðs og fól því frekari rannsókn málsins og athugun.

Ég þarf ekki að fara langt út í það mál næstu árin, nema það er kunnugt, að nýbyggingarráð lét fara fram ýtarlega rannsókn á málinu öllu, í fyrsta lagi því, hversu stóra áburðarverksmiðju þyrfti að reisa, til þess að hugsanlegt væri, að hún gæti borið sig fjárhagslega, enn fremur, hversu mikið rafmagn þyrfti til þess að reka hana, og annað í sambandi við það. Á grundvelli þessara rannsókna var síðan haustið 1948 flutt frv. af þáverandi ríkisstj., þar sem gert var ráð fyrir, að reist yrði áburðarverksmiðja til framleiðslu köfnunarefnis, sem gæti framleitt 2500 tonn af hreinu köfnunarefni á ári. Þetta frv., sem flutt var á þinginu 1948, varð ekki útrætt þá, var flutt aftur um haustið og varð að lögum rúmlega hálfu ári síðar, eða vorið 1949, þar sem það var samþykkt, að reist skyldi áburðarverksmiðja, sem gæti framleitt 5000—10000 tonn af hreinu köfnunarefni á ári. Þá var málið komið á þetta stig, að verksmiðjan skyldi verða 5—10 sinnum stærri en upphaflega var áætlað, og búnar að fara fram mjög ýtarlegar rannsóknir, sem höfðu staðið yfir meira og minna frá því 1934.

Athyglisvert er, að í allri þessari meðferð málsins í 15 ár virtist engum manni hafa komið til hugar annað en að íslenzka ríkið ætti að eiga þetta fyrirtæki, sem allir sáu, eftir því sem leið á rannsóknirnar, að mundi verða eitt stærsta eða jafnvel allra stærsta iðnaðarfyrirtæki á Íslandi, þegar það væri reist. Allan þennan 15 ára tíma virtist engum hafa komið til hugar, að nokkur annar en íslenzka ríkið ætti að eiga þetta fyrirtæki. Frv., sem að lokum varð að lögum, var flutt í Nd. Alþingis, og það var mestallan þann vetur, 1948—49, í meðferð Nd., án þess að nokkur till. kæmi fram um öðruvísi eignarrétt eða öðruvísi rekstrarfyrirkomulag á áburðarverksmiðjunni heldur en það, að ríkið skyldi eiga hana, enda stóð og stendur enn í 3. gr. l., að áburðarverksmiðjan skuli vera sjálfseignarstofnun og lúta sérstakri stjórn. Það er fyrst þegar málið er til 3. umr. í Ed., eftir að vera búið að fara gegnum þrjár umr. í Nd. og samþykkt af henni, síðan samþykkt við tvær umr. í Ed. þannig óbreytt, að flutt var till. af hv. þm. Birni Ólafssyni, þar sem gert var ráð fyrir, að verksmiðjan skyldi gerð að hlutafélagi, eða eins og sagt er, að hún skyldi rekin sem hlutafélag, ef 4 millj. kr. fengjust í hlutafé, og ríkið skyldi þar síðan bæta við 6 millj., til þess að hlutaféð næði 10 millj. Ég er alveg hárviss um það, að a. m. k. allmargir þeirra þm., sem samþykktu þessa till. í Ed. þá, og eins allmargir þeirra þm., sem aftur í önnum síðustu þingdaga í Nd. samþykktu frv. eins og það var komið frá Ed., hafa alls ekki gert sér ljóst, að þarna væri verið í raun og veru að stefna að því, að eignarréttinum yfir áburðarverksmiðjunni yrði náð úr höndum ríkisins yfir í hendur annarra aðila, sem ættu á þann hátt að eignast stóran hlut í fyrirtæki, sem ríkið algerlega reisir og ætti vitanlega að eiga. Ég er sannfærður um það, að meginhluti þm. hefur þá litið á ákvæði 3. gr., sem þar standa enn þá, að verksmiðjan sé sjálfseignarstofnun og lúti sérstakri stjórn, sem hin raunverulegu ákvæði um eignarrétt verksmiðjunnar, sem yrðu látin gilda og skoðuð sem hin einu réttu. Og það er ekki fyrr en þetta allt er um garð gengið, á næstu þingum eftir að þetta hefur gerzt, að þá kemur það fyrir, að ráðherrar fara að gefa hér yfirlýsingar um, að ríkið eigi ekki að eiga verksmiðjuna, hún eigi ekki að vera sjálfseignarstofnun í eigu ríkisins, heldur eigi hún að vera eign þessa hlutafélags, sem stofnað hefur verið samkv. 13. gr. um rekstur hennar.

Það þarf í sjálfu sér ekki að fara mörgum orðum um þetta mál hér, vegna þess að þm. er þetta mál svo kunnugt frá umr., sem hafa verið um það á síðustu þingum. En ég vil benda á, að það er sannarlega farið að færa skörina upp í bekkinn, þegar ráðh. leyfa sér að gefa yfirlýsingar, sem koma beint í bága við ákveðin lagaákvæði, og þegar þær yfirlýsingar eru svo mikils verðar, að þær virðast stefna að því að afhenda fyrirtæki, sem kostar á annað hundrað millj. kr., að verulegu leyti í hendur annarra aðila en ríkisins, þótt ríkið hafi lagt fram svo að segja allt fjármagn til þess að reisa þau og þó að það standi í lögum um stofnun þessara fyrirtækja, að þau séu sjálfseignarstofnanir og lúti þannig sérstakri stjórn, sem ætti að vera kosin af Alþingi. Ef litið er á það, hvernig hér hefur verið farið að, þá er ekki hægt að segja annað en hér hafi verið hafðar í frammi stórkostlegar blekkingar, í fyrsta lagi gagnvart fjölda þingmanna, sem ég er alveg viss um að hafa ekki gert ráð fyrir, að þessi yrði þróun þessa máls, þegar þeir létu sig henda það að samþykkja það ákvæði, að ef tækist að afla 4 millj. kr. hlutafjár, þá skyldi ríkið leggja fram 6 millj. á móti og síðan skyldi verksmiðjan rekin sem hlutafélag, eins og stendur í 13. gr. l. Þetta stangast algerlega við 13. gr. laganna, sem var látin standa þrátt fyrir þetta og kveður

svo á, að verksmiðjan sé sjálfseignarstofnun og lúti sérstakri stjórn. Ég þori að fullyrða, að það hefur ekki verið meining fjölda þeirra þm., að síðan yrðu ráðherrayfirlýsingar látnar nægja til þess að ræna þessu fyrirtæki úr eigu ríkisins.

Ég vil enn fremur benda á, að síðan þessi ákvæði voru samb. hafa gerzt stórar breyt. í verðlagsmálum hér á landi, og t. d. á þessu sviði munar það svo miklu, að áburðarverksmiðjan er meira en helmingi dýrari í reynd heldur en gert var ráð fyrir, þegar lögin um hana voru samþykkt. Nú er fullyrt og hefur raunverulega verið upplýst af þeim, sem þar eru mjög kunnugir, að áburðarverksmiðjan muni kosta ca. 125 millj. kr., og má vafalaust gera ráð fyrir, að það verði ekki minna. Af þessum 125 millj. kr. eiga einstakir hluthafar, sem hafa fengið að kaupa hlutabréf í fyrirtækinu, að leggja fram 4 millj., 121 milljón á ríkið að leggja fram, 6 millj. sem hlutafé og hitt allt, 115 millj., hefur það lagt fram sem lánsfé, sem annaðhvort er fé mótvirðissjóðs eða erlend lán, sem tekin hafa verið utan hans og ríkið stendur í skuld fyrir erlendis. Nú liggur í augum uppi, að eigi að fylgja yfirlýsingum ráðherranna og halda sér við það, að verksmiðjan eigi að vera eign hlutafélagsins, þá þýðir það það, að á 20 árum, en á þeim tíma eiga þessi lán að greiðast upp, þá eiga þeir hluthafar, sem fengu að kaupa 4 millj. kr. hlutabréf í áburðarverksmiðjunni, að eignast hreinlega 50 millj. kr. virði í fyrirtækinu, miðað við kostnaðarverð. Það er því ekki hægt að segja annað en að með þessu sé verið að raka saman fjármunum úr eigu ríkisins yfir í hendur einstaklinga.

Það liggja enn fremur fyrir yfirlýsingar um það, enda beint tekið fram í lögunum, að áburðarverksmiðjan skuli rekin þannig, að framleiðslan geti borið sig, þ. e., að kaupendur áburðarins eiga að greiða bæði lánsféð og vexti þess upp í áburðarverðinu á 20 árum, og þá liggur enn þá ljósara fyrir, hvað hér er um takmarkalausa fjárplógsstarfsemi að ræða, fjárplógsstarfsemi, sem á að réttlæta á þann hátt, að þm. eru í fyrsta lagi blekktir til þess á síðustu stigum málsins hér í þinginu að samþykkja það, að verksmiðjan skuli rekin sem hlutafélag, og síðan koma ráðh. og þm. þar á eftir og gefa yfirlýsingar um, að verksmiðjan sé nú eign þessa hlutafélags, þótt í lögunum standi, að hún sé sjálfseignarstofnun og lúti sérstakri stjórn. Það er þetta, sem er greinilegt dæmi þess, hvernig farið er að því að reka svo takmarkalausa fjárplógsstarfsemi sem þessa.

Ég vil enn leyfa mér að minna á ummæli núv. framkvæmdastjóra Framkvæmdabanka Íslands á síðasta þingi, þegar hann mætti á fundi fjhn. Ed. í sambandi við frv. um Framkvæmdabanka og lýsti þar yfir, að það væri hugmyndin að selja hlutabréf ríkisins í áburðarverksmiðjunni síðar meir. Að vísu var komið í veg fyrir það þá, að þau ákvæði yrðu sett inn í frv. um Framkvæmdabanka, að hann skyldi fá hlutabréf ríkisins í áburðarverksmiðjunni, svo að í bili hefur ef til vill verið komið í veg fyrir þessa hugmynd, en þetta sýnir bara það, að þá var alvarlega farið að ræða þá hugmynd innan stjórnarflokkanna að selja einkaaðilum hlutabréf ríkisins í áburðarverksmiðjunni og láta sér ekki nægja að afhenda einkaaðilum á næstu 20 árum 50 millj. af þeim 125 millj., sem hún kostar, heldur allar 125 millj., sem hún kostar.

Ég hef orðið mjög var við það úti um byggðir landsins, að þar sem almenningur hefur virkilega skilið þær aðferðir, sem hér er um að ræða, til þess að reka fjárplógsstarfsemi á kostnað ríkisins til hagnaðar fyrir vissa einstaklinga, þá hefur fólki almennt blöskrað þessar aðfarir, og ég þori að fullyrða, að það yrði mjög vel séð af almenningi, að þetta frv. yrði samb. Það gerir ráð fyrir, að 13. gr. laganna falli niður, og sömuleiðis, að hlutabréf almennra hluthafa, sem hafa keypt hlutabréf í félaginu, skuli ríkið innleysa.

Ég vil aðeins leyfa mér að minna á það líka, að það hefur verið gerð tilraun til þess að reyna að réttlæta þessar aðferðir með því að fá bændasamtökin til þess að gerast aðili að einhverjum smávegis hlutabréfakaupum og gerast þannig einhvers konar skjöldur fyrir þessa fjárplógsstarfsemi. Í sambandi við það vil ég fyrst og fremst benda á, að þeir aðilar, sem hafa aðallega með mál bændanna að gera, eins og Samband ísl. samvinnufélaga og Stéttarsamband bænda, eða bændasamtökin yfirleitt, hafa sannarlega öðrum og miklu nauðsynlegri verkefnum að gegna í þágu landbúnaðarins heldur en að vera að skipta sér af þessu fyrirtæki, sem komið er í höfn á vegum hins opinbera. Ég vil benda á það, að svo illa stendur á núna, að það vantar svo mikið af geymslum fyrir framleiðslu landbúnaðarins, að við liggur, að hún eyðileggist, svo að milljónum kr. skiptir í verðmætum. Nú er svo komið, að ástandið í afurðasölumálum landbúnaðarins er orðið svo slæmt hvað garðávaxtaframleiðsluna snertir, að það liggur við, að mikið góðæri sé litlu betra fyrir landbúnaðinn heldur en slæmt ár hvað þá uppskeru snertir. Og það er miklu nauðsynlegra verkefni fyrir bændasamtökin og Samband ísl. samvinnufélaga að hugsa um að leysa þessi verkefni heldur en að vera að gerast þátttakendur í að leggja fé í áburðarverksmiðjuna til þess að gerast skjöldur þeirrar fjárplógsstarfsemi, sem um er að ræða í sambandi við þetta mál allt saman.

Ég vil svo leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og landbn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér þykir leitt, að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera staddur hér í deildinni nú. Hann var nýlega að kvarta yfir því í fjárlagaræðunni hjá sér, að hann hefði ekki of mikið af peningum. Og maður gæti nú ætlazt til þess, að hæstv. fjmrh. mundi alveg sérstaklega skoða það sem sitt verkefni að standa vörð um eignir ríkisins og sjá um, að ekki sé stolið af ríkinu alveg vægðarlaust, opinbert og óskammfeilið, og sérstaklega að það sé ekki stolið svo að skipti hundruðum millj. kr. Mér þykir hart, að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera staddur hér, því að á hverju einasta þingi nú, a. m. k. tveim eða þrem undanförnum,

þegar frumvörp um lántöku til áburðarverksmiðjunnar hafa legið fyrir, hef ég við allar umræður þeirra frumvarpa ríkisstj. flutt brtt. eða komið fram með athugasemdir út af eignarréttinum á áburðarverksmiðjunni, og hæstv. fjmrh. hefur í hvert einasta skipti beðið um, að þessi mál væru helzt ekki rædd í sambandi við spurninguna um lántöku til áburðarverksmiðjunnar. Nú gefst hins vegar hæstv. fjmrh. tækifæri til þess að ræða þessi mál og raunar ríkisstj. allri. Þess vegna er ástæða til að hann skuli ekki vera hér viðstaddur, því að ef ég þekki rétt aðferðir stjórnarflokkanna í viðkvæmustu hnevkslismálum þeirra sjálfra, þá verður reynt að hafa það ráð, eftir að þetta mál er komið til nefndar, að láta það aldrei koma fyrir þingið aftur. Ég álít hins vegar, að hér sé slíkt mál á ferðinni, að ríkisstj. beri skylda til þess að láta í ljós við Alþingi, hver sé hennar skoðun á þessum málum. Það voru tveir ráðh. Framsfl. sérstaklega, — annar situr enn þá í stjórninni og er fjmrh., — sem hafa gefið á undanförnum þingum yfirlýsingar út af eignarréttinum á áburðarverksmiðjunni, yfirlýsingar, sem ég veit að stjórnarstuðningsmennirnir yfirleitt hafa ekki tekið gildar, yfirlýsingar, sem ég veit meira að segja að stjórnarstuðningsmenn í fjhn. þessarar hv. d. hafa ekki verið samþykkir. Ég held þess vegna, að þetta mál þurfi að ræðast hér í þinginu, og af því að það verður ekki á okkar valdi að sjá um að koma þessu máli aftur út úr nefnd, þá hef ég þess vegna kosið að segja nokkur orð í sambandi við það hér.

Ég álít, að áburðarverksmiðjumálið sé að verða að einhverju stærsta fjármálahneyksli hér á Íslandi, og mér finnst ákaflega hart, þegar menn eru hér í þinginu að tala um ýmislegt smávægilegt, sem ríkisstj. verður á, — og það er þó kannske rétt að ávíta hana fyrir það, — en sleppa því að ræða um það, svo framarlega sem það skiptir hundruðum millj., sem ríkisstj. raunverulega er að ná af arðbærri eign ríkisins. Ég álít, að það sé á ferðinni samsæri hér í þinginu um að ná áburðarverksmiðjunni úr eign ríkisins, samsæri skipulagt frá upphafi. Það er varla nokkur tilviljun. Eftir að Framsfl. í mörg ár er búinn að tala um ríkisverksmiðju til áburðarvinnslu sem sitt stóra verkefni, og þegar ríkisstj., sem Framsfl. veitir forustu, kemur loksins fram með frv. um þetta, þá er gengið út frá því, að það sé ríkið, sem eigi verksmiðjuna. En svo er, eins og hv. fyrri flm. þessa máls, hv. 11. landsk., gat um, á síðasta stigi málsins í mestu önnum þingsins lögð fram brtt. til þess að gerbreyta eðli þessa máls. Af hverjum var brtt. lögð fram? Hún er þá lögð fram af Birni Ólafssyni, sem að vísu var sjálfur ráðh. og vitað er að hefur alveg sérstakt samband við Vilhjálm Þór, sem nú er formaður áburðarverksmiðjustjórnarinnar, þannig að þessir tveir menn hafa verið höfuðfulltrúarnir fyrir tengslin á milli Framsfl. og Sjálfstfl. í fjárglæframálum á Íslandi. Þetta er sett fram við 3. umr. málsins í Ed., eftir að það er búið að ganga í gegnum 5 umr. þingsins. Hvað gerist svo? Þá gerist það, að málið er samþ. í Nd., án þess að nokkrar umr. fáist um málið, og á næsta þingi á eftir kemur yfirlýsing frá einum ráðh. Framsfl. um, að áburðarverksmiðjan, sem samkvæmt 13. gr., sem bætt var þarna inn í í Ed., á að vera rekin sem hlutafélag, skuli vera eign bessa hlutafélags. Ég mótmælti þá bessari yfirlýsingu og stend á því enn fast, að þessi yfirlýsing styðjist ekki við nein lög og hún geti ekki breytt neinum lögum. En ég vakti eftirtekt á því þá, að þessi yfirlýsing mundi geta kostað ríkissjóð milljónir, vegna þess að þeir hluthafar, sem leggja fram fé til áburðarverksmiðjunnar, eða í hlutafélagið svo kallaða, munu gera kröfur til þess seinna meir, svo framarlega sem áburðarverksmiðjan kemur til með að bera sig, að þetta hlutafélag verði skoðað sem eignarhlutafélag samkvæmt þessari yfirlýsingu ráðherranna, en ekki sem rekstrarhlutafélag samkvæmt skýrum ákvæðum laganna frá Alþingi. Þetta mál hefur ekki fengizt tekið fyrir til umræðu. Þeir ráðh., sem eru sekir um þessar yfirlýsingar, hafa ekki fengizt til þess raunverulega að standa við sín loforð. Þeir hafa látið sitja við þessar yfirlýsingar og ekki treyst sér til að standa fyrir því, þegar málið hefur verið rætt hér á Alþingi. Þarna virðist samspilið koma fram frá hálfu þeirra fjármálaklíkna í Framsfl. og Sjálfstfl., sem hafa samstarf sín á milli um að ná undir sig eignum ríkisins. Síðan á að stiga þriðja skrefið í þessari fjárplógsstarfsemi, þ. e., að ríkisstj. á síðasta þingi flytur hér frv. um Framkvæmdabankann, og þar er ákveðið, að það skuli heimila Framkvæmdabankanum að selja hlutabréf ríkisins, þau sem eftir voru, að upphæð 6 millj. kr., í Áburðarverksmiðjunni h/f. Þar með, ef yfirlýsingar framsóknarráðherranna væru taldar gildar, hefði verið búið að glopra eignarréttinum yfir áburðarverksmiðjunni, 125 millj. kr. fyrirtæki, úr höndum ríkisins í hendur þessa hlutafélags. Það var tilætlun ríkisstj. þá að setja þetta frv. í gegnum Alþ. Það komst upp af tilviljun, þegar Benjamín Eiríksson var yfirheyrður í fjhn. Ed., að meining hans var að selja hlutabréfin á nafnverði. Það var reynt að breyta þessu í Ed., og það var fellt. Þetta varð að hneykslismáli þá, og af því að kosningar voru fram undan, þá tókst að fá breytingu á þessu hér í Nd., þannig að það var þá tekið út. Það tókst ekki í svipinn að framkvæma þetta, en tilgangurinn var alveg nægilega auðsær. Það var samsæri á bak við tjöldin um að ná þessu fyrirtæki úr höndum ríkisins og í hendur nokkurra einstaklinga.

Það hefur lítið verið rætt um áburðarverksmiðjuna. Hún hefur auðsjáanlega orðið eitt af feimnismálum stjórnarflokkanna. Það hefur lítið verið rætt um, hvernig starfað hefur verið að byggingu hennar, hvaða aðilar það eru, sem taka að sér að sjá um bygginguna, hvaða samband er milli þeirra aðila og þeirra, sem stjórna hlutafélaginu, og þeirra, sem koma fram með till. hérna á þinginu. Ég hef í fyrra rakið það samband hér og skorað á viðkomandi aðila að koma fram og standa fyrir sínu máli, því að þeir sátu hér á þingi þá og sitja enn, sumir þeirra. Þeir hafa ekki treyst sér til þess að gera það. Ég álít þess vegna, að þetta sé mál,

þar sem hv. þm., svo framarlega sem þeir skoða sem sitt verkefni að standa þarna vörð um lög og eignir almennings, eigi alla vega að gæta að, hvert þeir eru að fara.

Hvað snertir fjárhagshliðina í þessum málum, þá vil ég taka undir með hv. frsm. um það, að ég býst við, að þær 2 millj. kr., — 1½ eða 2 millj. kr. — sem Samband ísl. samvinnufélaga lagði fram sem hlutafé, væru betur komnar hjá kaupfélögunum og bændum, eins mikið og bændur og kaupfélögin nú skortir rekstrarfé, og um það fé, sem iðnrekendur í Reykjavík voru svo að segja píndir til þess að leggja þarna fram — þessa 1½ eða 2 millj. kr., sem þeir lögðu fram á móti — þá var alveg vitanlegt, hvernig það kom til. Það kom til þannig, að þessum iðnrekendum fannst það ekki vera réttlátt, ef Samband ísl. samvinnufélaga ætti eitt saman að taka að láni úr Landsbankanum alla þá upphæð, sem þyrfti til þess að leggja þarna fram, og þess vegna voru þeir að pína sig til þess að leggja fram þessa 1½—2 millj. kr. Iðnrekendurnir hafa verið að ámálga við okkur nú þing eftir þing að fá 15 millj. kr. starfsfé til Iðnaðarbankans, og það hefur enn þá ekki verið hægt að útvega þeim það. Ég býst við, að þeim muni ekki veita af sjálfum að hafa þessa 1½—2 millj. í sinni veltu, þannig að það væri að öllu leyti sanngjarnt, að þeim væri borgað þetta hlutafé til baka.

Ég held þess vegna, að hér eigi hv. þm. að grípa inn í af fullri alvöru, afstýra hneyksli, sem hér er verið að framkvæma og auðsjáanlega verður framkvæmt, ef Alþingi tekur ekki í taumana. Ef 13. gr. er felld niður, þá koma þessi lög til með að líta út alveg eins og þau voru, þegar ríkisstj. lagði þau fyrir 1948, alveg eins og þau voru í þessari hv. deild þá. Það er þetta ákvæði 13. gr., sem aðeins getur orðið til ills eins, skapað óánægju og spillingu utan um þetta fyrirtæki, skapað tortryggni og það, sem verra er: hættu á, að það sé tekið af ríkinu og sett í hendur einstaklinga. Ég álít, að hv. þm. eigi þess vegna að grípa í taumana með þetta nú. Það er ekki um neitt smáræði að ræða þarna. Þetta er fyrirtæki upp á 125 millj. kr. Þetta er stærsta fyrirtæki, sem til er á Íslandi. Ef þetta á að vera leið ríkisrekstrarins í núverandi þjóðfélagi, að það eigi með svona aðferðum að ná ríkisfyrirtækjunum úr höndum ríkisins og í hendur nokkurra einstaklinga, með því að láta ríkið lána þessum aðilum raunverulega 120 millj. kr., til þess að þeir verði eigendur með því að leggja fram fé, sem þeir taka að láni úr Landsbankanum, upp á 4—10 millj. kr., þá sjáum við, að það er ekkert, sem ríkið á, orðið öruggt fyrir yfirgangi þeirra fjármálaklíkna, sem ráða núverandi stjórnarflokkum. Það er slík spilling að grafa um sig í sambandi við meðferð á máli eins og þessu, að Alþ. á ekki að láta það óátalið. Ég veit, að svo framarlega sem nú verður látið bíða að taka ákvarðanir í þessu máli, þangað til áburðarverksmiðjan er farin að starfa, þá verður miklu erfiðara við þetta allt saman að eiga. Komi áburðarverksmiðjan til með að tapa, og þori hæstv. ríkisstj. ekki að setja áburðarverðið innanlands hærra en bændur geta fengið áburð erlendis frá, þá býst ég að vísu við, að það yrði máske auðveldara að koma áburðarverksmiðjunni algerlega í eigu ríkisins. Komi áburðarverksmiðjan hins vegar til með að græða eða hins vegar áburðarverðið verði sett hærra hér innanlands en erlendis til þess að vega upp ella hugsanlegt tap á henni, þá býst ég við, að það verði harðsóttara að ná hlutabréfum þeirra einstaklinga, sem þá færu að vitna í yfirlýsingar ráðherra Framsfl. um, að þeir væru eigendur verksmiðjunnar. Hvernig svo sem þetta færi, hvort sem hún græddi eða tapaði, þá mundu þeir með tilliti til þeirra yfirlýsinga alltaf reyna að vitna í ákvæðin, sem í lögunum sjálfum eru. Það er þess vegna engum efa bundið, að hér er mál á ferðinni, sem hv. þm. eiga að láta til sín taka. Það er mál, sem annars verður Alþ. til skammar og þm., sem að því standa og ábyrgir verða fyrir því, til leiðinda alla tíma að hafa borið ábyrgð á því að ganga svona frá þessum málum.

Ég veitti því athygli í fyrra, að það voru fleiri en við sósíalistar farnir að standa með því, að hér væri hættulegt mál á ferðinni, og ég vil segja það, að jafnvel þó að stjórnarflokkarnir kynnu að leggjast á þetta mál í n. og ráðherrar þeirra haldi þeim hætti, sem þeir hafa nú, að hafa sem fæst orð um þetta mál, þá verður það ekki þaggað niður á þennan hátt.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þegar áburðarverksmiðjuna hefur borið á góma hér á Alþingi undanfarin ár, hef ég jafnan látið þess getið, að ég tel lagasetningunni um hana vera mjög ábótavant og hér í raun og veru á ferðinni mál, sem algerlega vansæmandi er fyrir Alþingi að taka ekki til gagngerðrar endurskoðunar. Frá lögunum var upphaflega illa gengið. Sú breyting, sem gerð var á frv. við síðustu umr. í Ed., var mjög til hins verra og opnaði leið til mikillar misnotkunar á því skipulagi, sem byggt var upp í lögunum. Þetta hefði þó getað orðið skaðlítið, ef ekki hefði svo farið, að öll skilyrði til misnotkunar á l. hefðu verið hagnýtt út í yztu æsar, þannig að nú hefur skapazt hér í áburðarverksmiðjumálinu þvílíkt ófremdarástand, að alls ekki má við svo búið standa. Vil ég minna hv. þm. í örfáum orðum á það, hvað hér er um að ræða.

Það hefur til skamms tíma verið talið, að stofnkostnaður áburðarverksmiðjunnar yrði um 108 millj. kr. Þar af leggur ríkið fram 104 millj. og einstaklingar aðeins 4 millj., eða aðeins 3—4% af stofnkostnaði verksmiðjunnar. Af þeim 104 millj., sem ríkið leggur fram til verksmiðjunnar, eru aðeins 6 millj. kr. hlutafé. Ríkissjóður eignast aðeins 6 millj. kr. hlutafé fyrir rúmlega 100 millj. kr. heildarframlag. 98 millj. kr. eru lán til verksmiðjunnar. Af þessum 98 millj. kr. hefur ríkið fengið 40 millj. kr. gefnar erlendis, en hitt er lán. Þó að einstaklingar leggi aðeins fram 3—4% af stofnkostnaði verksmiðjunnar, þá hafa þeir samt sem áður 2 menn af 5 í stjórn verksmiðjunnar. En stjórnin er þannig skipuð, að Alþingi kýs 3 af 5

stjórnendum, en einstaklingarnir, sem eru hluthafar, kjósa tvo. Fyrir 3—4% framlag af kostnaði verksmiðjunnar fá einstaklingarnir m. ö. o. áhrif á stjórnina, sem nemur 40%. Þessir 3 menn, sem sameinað Alþ. kýs, eru kosnir hlutfallskosningu, þannig að líklegt er, að stjórnarandstaðan fái einn af hinum þrem kjörnu mönnum. Ef aðstæður í Alþ. væru þannig, að stjórnarandstaðan væri á bandi einstaklinganna í stjórn áburðarverksmiðjunnar, þá gæti þannig farið, að þeir sameinuðust, fulltrúar hinna einstöku hluthafa og stjórnarandstöðunnar, og hefðu þannig meiri hluta í stjórn verksmiðjunnar, þrátt fyrir það að þeir hafi aðeins lagt fram 3—4% af stofnkostnaði verksmiðjunnar. Sjá ekki allir hv. alþm., hvað hér er á ferðinni — að hér er verið að tefla á tæpasta vað um rétt sjálfrar löggjafarsamkomunnar, sjálfs ríkisvaldsins yfir þessu mesta fyrirtæki Íslendinga? Það er fyllsta skammsýni að miða löggjöf um hin mikilvægustu fyrirtæki við þá valdaskiptingu, sem nú er á Alþ., en þannig virðist hæstv. ríkisstj. hafa hugsað. Það kann að koma henni í koll síðar, og fyrir þjóðina, sem á þetta fyrirtæki, er þetta ástand algerlega óviðunandi.

Þetta lýtur að valdahlutföllunum í stjórn þessa mikla fyrirtækis. En hvernig er með fjármálin þar? Hlutafé er aðeins 10 millj. kr., en stofnkostnaður verksmiðjunnar nokkuð á annað hundrað milljóna. Hlutafé hefur auðvitað verið ákveðið svona lítið einvörðungu til þess að geta veitt þeim einstaklingum, sem fé lögðu í verksmiðjuna, tiltölulega mikil áhrif og tiltölulega mikla gróðavon. Í lögum verksmiðjunnar er svo ákveðið, að leggja skuli 3% af kostnaðarverðinu við framleiðsluna í varasjóð, og í grg. frv., þegar það var upphaflega lagt fyrir, var gert ráð fyrir því, að þetta varasjóðstillag yrði ½ millj. kr. á ári. Varasjóðstillag verksmiðjunnar verður m. ö. o. svo mikið, að hlutafé hennar eða eigið fé tvöfaldast á 20 árum, þó að ekkert væri lagt í varasjóð annað en það, sem lögin skylda verksmiðjuna til að leggja í varasjóð. Á 20 árum verður varasjóðurinn m. ö. o. jafnmikill og hlutafé. Gerum ráð fyrir því, að verksmiðjan hagi verðinu á áburðinum þannig, að enginn hagnaður verði. Varasjóðstillögin er engu að síður skylt að leggja á áburðarverðið, og þá verður afleiðingin þessi: Varasjóðurinn verður á 20 árum jafnmikill og hlutabréfin. Varasjóðstillögin eru auðvitað viðbót við hlutafé, þ. e., varasjóðurinn er eign hluthafanna og engra annarra en hluthafanna. Lögin eru þannig úr garði gerð, að gert er ráð fyrir því, að á 20 árum sé hluthöfunum gefið jafnmikið og þeir leggja fram í hlutafé. Ég þori að fullyrða, að Alþ. hefur aldrei áður gengið frá þvílíkri lagasetningu sem þessari. Ef verksmiðjan verður rekin þannig, að hagnaður verði, þá verður varasjóðurinn auðvitað þeim mun meiri og gjöfin til hluthafanna þá um leið þeim mun stærri.

Þessi lagasetning, eins og hún hefur verið framkvæmd, er því þvílíkt hneyksli, að taka verður hana til gagngerðrar endurskoðunar. Þess vegna er ég algerlega fylgjandi því frv., sem hér er komið fram, svo langt sem það nær, en teldi raunar æskilegra, að lögin öll væru tekin til endurskoðunar. En þetta, sem hér er gert ráð fyrir að gera í þessu frv., er alveg sjálfsagt.

Ég vildi ekki láta hjá líða að láta þessar athugasemdir koma fram þegar við 1. umr. málsins, því að mér segir svo hugur um, að þessi ríkisstj. muni enn vera á sama máli og sú, sem sat á síðasta þingi, að hún muni vilja svæfa þetta mál algerlega og láta það ekki koma til umr. aftur. Þess vegna vil ég þegar við þessa 1. umr. taka undir þau orð, sem þegar hafa verið sögð, að hér er réttlætismál á ferðinni, sem Alþ. verður sóma síns vegna og vegna hagsmuna þjóðarinnar að taka til meðferðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Á 63. og 64. fundi í Nd., 18. og 19. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 22. marz, var frv. enn tekið til 2. umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir að taka þetta mál á dagskrána. Það er nú búið að vera eina 4 mánuði á leiðinni hér í þ., og hv. n. hefur ekki enn þá skilað um það áliti. Hún hefur að vísu lofað að gera það nú, er búin að lofa því í nokkra daga, en ég treysti á, að hún geri þetta nú í síðasta lagi á morgun, þannig að það sé þá hægt að halda þessari umr. áfram. Ég skal hins vegar aðeins með tilliti til þess, hvernig á því stendur, að þetta mál hefur verið svona lengi í n., og hvað gerzt hefur á meðan, segja nokkur orð viðvíkjandi því til þess að rifja upp fyrir hv. þm. það vandamál, sem hér liggur fyrir.

Þetta frv. mitt var flutt til þess að reyna að laga áberandi galla á l. um áburðarverksmiðju, galla, sem urðu þess valdandi, að þessi löggjöf raunverulega stangast alveg. Ég hef þing eftir þing bent á það, hvernig 13. gr., sem ég þarna legg til að falli niður, stangist við allar aðrar gr. frv. Og ég hef að lokum ekki verið einn um þetta. Alþfl. hefur tekið undir þetta sama, og fyrir tveim þingum flutti þáverandi form. Alþfl., Stefán Jóh. Stefánsson, þáltill. um að fela ríkisstj. að undirbúa breytingu á þessum l., einmitt vegna þess, að það var auðséð orðið, að þetta ástand viðvíkjandi l. um áburðarverksmiðju var gersamlega óþolandi. En það er meira, sem fyrir mér vakir með þessu frv., heldur en aðeins að laga þá galla, sem eru á l. um áburðarverksmiðju. Ég vil enn fremur reyna að hindra með því eitt það stærsta fjármálahneyksli, sem skeð hefur á Íslandi á þessari öld, sem sé það, að áburðarverksmiðjan, sem samkv. lögunum er eign ríkisins, verði tekin af því, henni verði rænt af ríkinu og fengin í hendur einstökum mönnum.

Þessi 13. gr., sem ég legg til, að felld sé niður, var sett inn í frv., sem varð að l., á síðustu dög-

um þess þings, sem samþykkti það, sögulegs og langs þings. Allan þann tíma frá því fyrst var rætt um áburðarverksmiðju á Íslandi, allt frá 1935 til 1948, hafði aldrei verið talað um áburðarverksmiðju öðruvísi en sem ríkiseign. Það var búið að samykkja stjórnarfrv. um áburðarverksmiðju sem ríkiseign hér í þessari hv. d. Það var búið að samþykkja það við 1. og 2. umr. í Ed., en við síðustu umræðu er þessu breytt og því bætt inn í, að það skuli vera leyfilegt, eins og segir í l., að reka áburðarverksmiðjuna sem hlutafélag, svo framarlega sem það fáist 4 millj. kr. hlutafjár. Stendur greinilega í 13. gr. laganna: „Skal áburðarverksmiðjan þá rekin sem hlutafélag.“ Það var alveg greinilegt að vísu, að þessar 4 millj. höfðu ekki neina fjárhagslega þýðingu upp á það, hvort kleift yrði fyrir íslenzka ríkið að koma upp áburðarverksmiðju eða ekki. Áburðarverksmiðjan kostaði yfir 125 millj. kr., líklega nær 130 millj., en ríkið leggur þar fram allt nema þessar 4 millj., og a. m. k. 2 af þessum 4 millj. munu að mestu leyti lánaðar úr ríkisbönkunum hér heima.

Í 13. gr. er tekið fram, að ríkisstj. sé heimilt þrátt fyrir ákvæði 2. gr. að leita eftir þátttöku félaga og einstaklinga um hlutafjárframlag. 2. gr. kveður svo á, að ríkissjóður skuli leggja fram allt fé til stofnunar verksmiðjunnar. M. ö. o.: Það er aðeins viðvíkjandi framlaginu, sem 13. gr. er að breyta þeim lögum, sem fyrir eru. Í 3. gr. laganna segir hins vegar: „Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun, sem lýtur sérstakri stjórn. Verksmiðjuna má hvorki selja né veðsetja, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi.“ 13. gr. breytir engu í þessari 3. gr. laganna. 13. gr. segir aðeins, að það megi reka verksmiðjuna sem hlutafélag, sem sé að hlutafélagið skuli vera rekstrarfélag, en ekki eignarfélag. 3. gr. ákveður eignarréttinn, að verksmiðjan sé sjálfseignarstofnun, sem er aðeins annað orð fyrir stofnun, sem ríkið á, og það megi hvorki selja hana né veðsetja án heimildar frá Alþingi. M. ö. o.: Þessi grein er alveg ótvíræð, að áburðarverksmiðjan er eign ríkisins, en það er hins vegar myndað hlutafélag til þess að sjá um rekstur hennar.

Eftir að smeygt hefur verið inn litla fingrinum með þessu ákvæði 13. gr., að það skuli mega reka verksmiðjuna sem hlutafélag, og eftir að Framsfl. og Sjálfstfl. hafa að vanda eftir þeirri skiptingu, sem hér fer alltaf fram, skipt á milli sín þessu hlutafé, þessum 4 millj. kr., þá gerist það, næsta stigið, að það er reynt að ræna þessari áburðarverksmiðju úr eign ríkisins og fá hana sem eign í hendur því hlutafélagi, sem samkv. lögunum átti að annast rekstur hennar. Þetta rán á stærsta fyrirtækinu, sem til er á Íslandi, gerist með því einfalda móti, að tveir ráðh. Framsfl. hér á Alþingi lýsa því yfir í ræðu hér úr ráðherrastóli, að áburðarverksmiðjan sé eign þessa hlutafélags. Ég mótmælti strax þessari yfirlýsingu, þegar hún fyrst kom fram hjá þáverandi landbrh. Framsfl., Hermanni Jónassyni, og ég mótmælti henni, þegar hún kom seinna fram, framkölluð af mér, hjá núverandi hæstv. fjmrh., og lýsti því skýrt og skorinort yfir, að ég áliti, að þeir tækju á sig persónulega ábyrgð með þessum yfirlýsingum um eign þessa hlutafélags á áburðarverksmiðjunni og að það ætti að falla á þá allur sá skaði, sem ríkinu yrði valdið með því, að hluthafarnir mundu seinna meir máske vitna í þessi ummæli ráðherranna til þess að reyna að telja sér eign í verksmiðjunni.

Við ræddum þessi mál þá í fjhn. þessarar hv. d. og núverandi forseti Íslands, sem þá var fulltrúi Alþfl. í nefndinni, var mér algerlega sammála um þennan skilning á lögunum, og Alþfl. og þáverandi form. hans, Stefán Jóh. Stefánsson, tók undir þennan skilning minn. Hins vegar hefur aldrei fengizt úr þessum málum skorið hér á Alþingi. Enn stangast 13. gr. við 3. gr. og allar aðrar gr. laganna og yfirlýsingar framsóknarráðherranna við allan anda þessara laga og alla þá venju, sem höfð hefur verið um þessi mál.

Síðan gerist sá hlutur, og það er þriðja stigið í þessum málum, að fyrir síðasta þing er í frv. um Framkvæmdabankann sett inn sú grein, að heimila skuli að selja þær 6 millj. hlutafjár, sem ríkið eigi í þessu hlutafélagi, sem er rekstrarfélag áburðarverksmiðjunnar og ráðherrarnir telja eignarfélag hennar. Það frv. um Framkvæmdabankann, sem þá lá fyrir, var samið að undirlagi ameríska áhrifamanna. Það var Alþjóðabankinn og fulltrúi hans hér á Íslandi þá, sem sá um samninginn á því frv., eins og greint er frá í grg. fyrir frv. um Framkvæmdabankann, þannig að það var alveg auðséð, að það lágu fyrir beinar fyrirskipanir frá þessum Alþjóðabanka, sem er algerlega undir áhrifum ameríska auðvaldsins, um að reyna að ná áburðarverksmiðjunni úr eign íslenzka ríkisins og yfir í eign einstakra auðmanna, yfir í eign einkaaðila. Þessu var mótmælt þá af hálfu sósíalista í Ed., og í þeim yfirheyrslum, sem fram fóru yfir núverandi framkvæmdastjóra Framkvæmdabankans, Benjamín Eiríkssyni, í fjhn. Ed., upplýstist það, þegar fulltrúi Sósfl. í fjhn., hv. 2. landsk. þm. (BrB), spurði hann að því, hver meiningin væri að gera með þessi hlutabréf, að meiningin væri af hans hálfu, þ. e. Benjamíns Eiríkssonar, að selja þessi hlutabréf að líkindum á nafnverði eða á sanngjörnu verði, eins og hann orðaði það. M. ö. o.: Það lá skýrt og greinilega fyrir og tókst ekki að fá því breytt, meðan það frv. var í Ed., að tilgangurinn var að koma áburðarverksmiðjunni sem heild, sem sé líka þessum 6 millj. hlutafjár, sem tryggðu ríkinu þarna meiri hluta, yfir í eign einstaklinga, svo framarlega sem yfirlýsingar framsóknarráðherranna stæðust fyrir dómstólum. Við sósíalistar vöktum eftirtekt á þessu hneyksli, og það tókst hér í Nd. að fá þessa heimild tekna burt, enda voru þá kosningar í nánd.

En það hefur síðar sýnt sig, að það, sem þarna bjó á bak við, var beint samsæri gegn íslenzka ríkinu. Nú hefur það komið í ljós og ekki verið mótmælt, að sá sami Alþjóðabanki sem veitti lánin til áburðarverksmiðjunnar og hefur nú í gegnum sín áhrif í sambandi við Framkvæmdabankann og sín áhrif á ríkisstj. reynt að ná áburðarverksmiðjunni úr eign rík-

isins í eign einkaaðila hefur nú sett það skilyrði í sambandi við lánveitingar til sementsverksmiðjunnar, að sementsverksmiðjan sé tekin úr ríkiseign og gerð að fyrirtæki einkaaðila. M. ö. o.: Það er nokkurn veginn gefið, að það hafa fylgt eitthvað lík skilyrði, þegar áburðarverksmiðjulánin voru veitt, aðeins skilyrði, sem voru ekki eins föst og ákveðin, þannig að það átti að reyna að laumast aftan að Alþingi og smeygja áburðarverksmiðjunni úr eign ríkisins smátt og smátt og yfir í eign einkaaðila til þess að fullnægja þeim kröfum, sem Alþjóðabankinn gerði í þessu sambandi. Það liggur þess vegna alveg greinilega fyrir, að það, sem nú er að gerast viðvíkjandi áburðarverksmiðjunni, er framkvæmd á fyrirætlunum, sem eru upprunnar hjá þeim amerísku auðfélögum, sem ráða Alþjóðabankanum, og verið er að framkvæma smám saman með yfirlýsingum framsóknarráðherranna og með þeirri venju, sem verið er að reyna að koma á um áburðarverksmiðjuna. Ég álít, að hér sé á ferðum eitt mesta hneykslismál, sem komið hefur fyrir Alþingi, og þetta þurfi Alþingi að stöðva.

Í öllum þeim umr., sem fram hafa farið um þetta mál, og ég held ég hafi tekið það fyrir á hverju einasta þingi, hefur enginn þm. Sjálfstfl. og enginn ráðh. Sjálfstfl. nokkurn tíma opnað sinn munn. Ég veit, að enginn þeirra mun treysta sér til þess að verja þetta, sem þarna er að gerast, enda veit ég af einkaviðtölum, að þeim er ljóst, hvað þarna er að gerast. Það eru ráðh. Framsfl., sem hafa gengið fram fyrir skjöldu og reynt að taka áburðarverksmiðjuna — ég vil ekki nota ljótari orð í svipinn — úr eign ríkisins á ólöglegan hátt og koma henni í eign einkaaðila. Ég álít, að Alþingi verði að láta þessa menn nú bera ábyrgð á því, sem þeir eru að gera. Hins vegar ætla ég ekki að draga af Sjálfstfl. þá ábyrgð, sem hann tekur á sig með þögninni, með því að láta þetta viðgangast.

Það hefur verið hljótt um áburðarverksmiðjuna, nema þá sjaldan sem Tíminn er ofur lítið að reyna að þakka Framsfl. hana. Framsfl. er aðeins eitt að þakka í sambandi við áburðarverksmiðjuna, og það er að hafa forustuna í því að ræna henni af ríkinu. Ekkert annað hefur Framsfl. gert í sambandi við áburðarverksmiðjuna. Mér þætti í því sambandi vænt um að fá að vita nú, hver stofnkostnaður áburðarverksmiðjunnar er, hvort hann er 125 millj. eða hvort hann er orðinn meiri. Mig langaði enn fremur til að fá að vita, hvernig núverandi rekstraráætlun verksmiðjunnar lítur út; það hafa ekki fengizt neinar upplýsingar um það fram að þessu. Mig langar enn fremur til þess að fá að vita hér hjá hv. framsóknarmönnum, hvert áburðarverðið á að vera, þegar þessi áburðarverksmiðja byrjar að starfa. Ég vil minna á yfirlýsingarnar frá hæstv. ríkisstj. á síðasta þingi um, að hún telji, að íslenzkir bændur mundu með ánægju borga hærra verð fyrir íslenzka áburðinn heldur en þann útlenda. Ég veit nú ekki, hvort sú ánægja verður að öllu leyti óblandin. Ég álít þess vegna, að nauðsyn beri til, að Alþingi taki hér af skarið. Ég álít, að það verði að knýja fram upplýsingar um, hvað það er, sem knýr íslenzku ráðherrana til þessara aðfara gagnvart ríkiseign. Ég álít nauðsynlegt, að Alþingi taki af skarið um þetta mál.

Ég vil endurtaka þá ákæru mína á Framsfl., að það eina, sem hann hefur gert í sambandi við áburðarverksmiðjumálið, sé að reyna að ræna þessari verksmiðju af ríkinu. Framsfl. sýndi það vítaverða fyrirhyggjuleysi, þegar hann lagði til, að frv. um áburðarverksmiðju yrði gert að lögum, að ætla sér að byggja fyrstu áburðarverksmiðjuna á Íslandi miðað við 1100 tonn af köfnunarefni og byggja hana norður á Akureyri með rafmagninu frá Laxá. Ég veit, að Framsfl., sem eftir á hefur séð, hvers konar asnaskapur og vitfirring það var að láta sér detta í hug að ætla að byggja svo litla verksmiðju, hefur reynt að klóra sig fram úr þessu seinna meir, en ég vil aðeins benda þeim hv. þm. Framsfl., sem skyldu vilja reyna að verja þetta mál nú, á grg. fyrir áburðarverksmiðjumálinu á þinginu 1944, þegar þáverandi utanþingsstjórn lagði málið fyrir og miðaði þá stærð verksmiðjunnar við rúmlega 5 þús. smálesta ársframleiðslu, miðað við innihald 20½% köfnunarefnis, sem þýðir sama sem rúm 1000 tonn af hreinu köfnunarefni. Því var afstýrt, að Framsfl. gæti framið þá vitleysu þá að byrja á að byggja áburðarverksmiðju á Íslandi með rafmagni frá Laxá, sem framleiddi aðeins 1100 tonn, og bakað þannig íslenzkum bændum allan þann kostnað, sem af því hefði hlotizt að byggja svo litla verksmiðju. Það tókst fyrir tilstilli þeirra, sem síðan tóku við að stækka smám saman hugmyndirnar, sem Íslendingar gerðu sér um, hvers konar áburðarverksmiðju þeir yrðu að hrinda af stað, þegar þeir ætluðu að leggja í stóriðju hér heima, þó að það tækist því miður aldrei að fá hana eins stóra og við sósialistarnir lögðum til við meðferðina á því máli á þingi. Því hefur a. m. k. verið komið fram, einmitt vegna þess að ekki var rasað um ráð fram, heldur rannsakað almennilega, að áburðarverksmiðjan, sem nú er byggð, getur, ef annað væri eftir því, máske borið sig og framleitt þannig áburð handa íslenzkum bændum, að ekki verði dýrari en útlendur. En þegar það þykir líklegt, þá er gripið til þess að reyna að ræna þessari áburðarverksmiðju af ríkinu, og ráðherrarnir sjálfir reyna að ræna úr sjálfs sín hendi, gefa yfirlýsingar um, að ríkiseign, sem samkv. lögunum er skýlaus eign ríkisins, sé eign einstaks hlutafélags, og leggja um leið fram frv. fyrir þingið um að selja öll þau hlutabréf, sem ríkið á í þessu hlutafélagi, til þess að koma því þannig alveg í einstakra manna hendur. M. ö. o.: Það er verið að reyna að ræna áburðarverksmiðjunni að undirlagi Ameríkana af íslenzka ríkinu, og þeir, sem reyna þetta, eru ráðherrar íslenzka ríkisins sjálfir. Þeir hafa hér við allar umr. um þetta mál staðið uppi eins og þvara og ekki vitað, hvað þeir hafa átt að segja, og kosið þann kostinn helztan að þegja.

Nú hefur þetta frv. mitt legið hér fyrir nefnd í þingi 3—4 mánuði og n. ekki enn fengizt til þess að láta uppi sitt álit á því. Ég álít,

að hér verði Alþ. að grípa í taumana og að það sé prófsteinn á hv. alþm., hvaða afstöðu þeir taka í máli eins og þessu. Eru þeir hv. alþm., sem eru kosnir á Alþingi til þess m. a. að vernda heildarhagsmuni ríkisins og þjóðarinnar gagnvart ófyrirleitnum einstaklingum, menn til þess að vernda þessa eina af stærstu eignum ríkisins gegn ágangi innlendra og erlendra braskara? Eru þeir menn til þess að koma í veg fyrir mesta fjármálahneyksli þessarar aldar á Íslandi? Ég vil minna á, hvað djarflega Framsfl. talaði hér, þegar átti að breyta Skipaútgerðinni úr ríkiseign í eign annarra aðila, og átti þó að gera það með samþykktum, og hvílíkan sigur Framsfl. fannst hann hafa unnið og hve hann hældi sér af gagnvart Sjálfstfl., þegar sú þáltill., sem lá fyrir um að taka Skipaútgerð ríkisins úr eign ríkisins, var felld. En hér er margfalt, margfalt stærra mál á ferðinni. Hér á að taka eign upp á 125 millj. kr., sem ríkið á og hefur lagt fram allt fé til, ósköp rólega úr eign ríkisins með nokkrum yfirlýsingum, sem stangast við lög. Ég vil þess vegna heita á hv. alþm. að ganga nú þannig frá þessu máli, að komið verði í veg fyrir þetta, að eign ríkisins verði alveg skýlaus á áburðarverksmiðjunni. Það fæst með þeirri till., sem ég er hér með. Ef 13. gr. er felld niður, þá er ekki lengur hægt að efast um það. Sem stendur er auðveldur hlutur að borga til baka þessar 4 millj., sem einstakir aðilar hafa lagt þarna fram, og gæti ekki valdið neinum deilum. Þeim yrðu borgaðir vextir af því, eins og ég legg þarna til. Það gæti ekki valdið neinum deilum, vegna þess að nú í dag veit enginn maður, hvort áburðarverksmiðjan er stórgróðafyrirtæki hvað reksturinn snertir eða tapfyrirtæki. Það gætu þess vegna ekki orðið stórar deilur um þetta né málaferli. Í dag væri auðvelt að gera þetta. En eftir nokkur ár, ef það sýndi sig, að áburðarverksmiðjan yrði það gróðafyrirtæki, sem hún ætti að geta orðið, ef allt væri rétt í pottinn búið, þá verður hér allt erfiðara um að ræða, fyrir utan svo hitt, að sjálf lög áburðarverksmiðjunnar leggja þannig skyldur á herðar um framlög í varasjóði og annað slíkt, að það yrði alltaf stórkostlegur gróði að vera einkaeigandi að henni, hvernig sem hún annars bæri sig. Þess vegna er nú bezt að grípa í taumana og breyta um og borga hverjum, sem þarna hefur lagt fram, sinn hlut af þessum 4 millj. og sjá til þess, að þessi verksmiðja sé algerlega ríkiseign. Það er það, sem mín till. gengur út á. Og ég álít satt að segja, að hv. landbn. hefði átt að geta skilað þessu máli frá sér fyrir alllöngu og það væri það stórt mál, að hún hefði átt að sjá sóma sinn í því. Ég vil þess vegna eindregið leyfa mér að vonast til þess, að hv. alþm. annaðhvort samþykki nú þetta frv. eða hjálpi til að gera þær breytingar þar á, sem ná þeim tilgangi, sem fyrir mér vakir, — en í öllu falli verði gengið þannig frá þessu máli, að sá eignarréttur ríkisins á þessu stærsta stóriðjufyrirtæki á Íslandi, sem er skýlaus í lögum, verði jafnskýlaus í framkvæmd, og helzt þannig, að enginn af þeim einkaaðilum, sem nú máske eftir yfirlýsingar framsóknarráðherranna gera sér von um að vera eigendur þarna í, sé lengur með neinar tálvonir í því sambandi, jafnvel þótt 13. gr. yrði látin standa, að þetta væri annað en rekstrarfélag, sem þeir þar væru að taka þátt í.

Við sjáum á sementsverksmiðjumálinu, hvað stórvægilegt stefnumál það er, sem hér er verið að berjast um. Áburðarverksmiðjan átti að verða það fyrsta af stórfyrirtækjunum á Íslandi, sem átti að taka úr eign ríkisins í eign einkaaðila. Sementsverksmiðjan átti að koma á eftir. Og raforkuverin, bæði þau, sem til eru, og þau, sem reist yrðu, mundu fara sömu leiðina, svo framarlega sem nú væri látið undan. Á skal að ósi stemma. Og hér þarf íslenzka ríkið sjálft, þarf Alþ. sjálft að grípa inn í og sjá um, að stærstu fyrirtæki landsins, þau, sem þegar eru byggð, og þau, sem byggð verða á næstunni, verði áfram eign þjóðarinnar og verði ekki gerð að einkaeign örfárra auðmanna og það á annan eins hátt og reynt er að gera með áburðarverksmiðjuna. Ég heiti því á hv. þingmenn nú — þegar forseti hefur verið svo góður að taka það loks til 2. umr., án þess að nál. lægju fyrir — að taka því vel og samþykkja það í einu eða öðru formi, þannig að þess tilgangi verði náð.

Ég vil svo leyfa mér að biðja hæstv. forseta að fresta þessari umr., þangað til n. hefur komið með sitt álit.

Umr. frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 24. marz, var útbýtt frá Nd. nefndaráliti um frv. frá meiri og minni hl. landbn., á þskj. 522 og 524, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

13. Hvíldartími háseta á togurum (frv. HV o. fl.).

Á 2. fundi í Sþ., 5. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á l. nr. 45 7. maí 1928, um breyt. á þeim lögum [28. mál] (þmfrv., A. 28).

Á 6. fundi í Nd., 9. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það er alveg óþarft að hafa langar umr. á Alþingi til þess að skýra efni þessa frv. fyrir hv. þm.; það hefur verið flutt hér þing eftir þing og liggur hér nú fyrir í sama formi og áður. Efni þess er það, að lögfest verði 12 stunda hvíld á botnvörpuskipum með þeim hætti, að sólarhringnum verði skipt í fjórar 6 stunda vökur og helmingur háseta vinni í einu, en hinn helmingurinn njóti hvíldar. Það hefur áunnizt við baráttu stéttarfélaga sjómanna, að 12 stunda lágmarkshvíld er nú umsamin á saltfisksveiðum, en á öðrum veiðum ekki. Mér er ekki kunnugt

um annað en að útgerðarmenn telji sig hafa hlotið góða reynslu af þessu samningsákvæði og hef a. m. k. ekki heyrt þá kveinka sér undan því á nokkurn hátt, síðan það kom til framkvæmda. Ég get því ekki ætlað annað en að þeir hafi viðurkennt, að hér hafi verið stefnt í rétta átt, og býst þannig ekki við, að málið strandi lengur á andstöðu útgerðarmannanna. Það eru þá einhverjir hér á Alþingi, sem vilja standa betur í ístaðinu fyrir hagsmuni útgerðarmannanna en þeir sjálfir, ef einhverjir fyrirfinnast á Alþingi enn, sem vilja standa í vegi fyrir lögfestingu slíks frv. sem þessa.

Menn segja, að það sé eðlilegra, að þetta atriði sé leyst með samningum milli útgerðarmanna og sjómanna; ég tel það ekki vera, tel það ranga skoðun. Ég tel, að það sé ekki rétt að hafa þetta mál sem stríðs- og baráttumál milli útgerðarmanna og sjómanna. Ég sé ekki annað en að reynslan sé búin að staðfesta það, að rétt hafi verið stefnt með fyrri aðgerðum Alþingis í þá átt að lögfesta hvíldartíma togarasjómanna. Þegar fyrst var farið fram á það við Alþingi, að slíkt væri gert, þá var hamazt á móti því og sagt, að það mundi drepa alla togaraútgerð í dróma og það mundi jafnvel ekki vera hægt að gera út botnvörpuskip á Íslandi. Þá var fyrst farið fram á 6 stunda hvíld til handa togarasjómönnunum. Það þótti of mikið, það þótti stefna togaraútgerðinni í háska. Þá var farið fram á 8 stunda hvíld, og loks fengust svo lágmarkskröfurnar samþykktar, og í lögum landsins er ekki enn þá búið að komast lengra en það, að 8 stunda hvíld er lögfest. Nú hafa aðrar vinnandi stéttir fengið viðurkenningu á því, að vinnutími þeirra þurfi ekki að vera nema 8 stundir, en hvíldartíminn þá þar af leiðandi 16 stundir. Sjómannastéttin ein virðist ekki fá viðurkenningu Alþingis á því, að hún skuli hvílast hálfan sólarhringinn. Mér finnst það stórkostlegur blettur á Alþingi að neita aðalframleiðslustétt þjóðarinnar, sjómannastéttinni, um 12 stunda hvíld, og ég trúi því ekki, að Alþingi, af þrjózku eða einhverjum enn þá röklausari ástæðum, geri það enn á ný. Það á ekki að vera áfram baráttumál, það á ekki að þurfa að vera áfram baráttumál sjómanna að fá löghelgaða 12 stunda hvíld á sólarhring. Það eiga allir Íslendingar að líta á það sem sjálfsagt mál, og Alþingi á auðvitað að lögfesta efni þessa frv.

Það er nýtt vandamál, sem nú blasir við og öll þjóðin, kannske að undanteknum nokkrum alþm., verður áreiðanlega að taka til greina, og það er það, að útgerðarmenn fá ekki lengur menn til starfa á íslenzk fiskiskip. Það hefur margur togari orðið að fara úr höfn á árinu 1953 án þess að vera með fulla áhöfn. Og nú eru útgerðarmennirnir og samtök þeirra farin að biðja um að fá flutta inn útlendinga til starfa á skipunum. Skyldu íslenzkir útgerðarmenn vera þeirrar skoðunar, að þeir geti komizt af án íslenzkra sjómanna? Ég læt mér ekki detta það í hug. Ég veit, að þeim er ljóst, að þeir reka ekki íslenzka togaraútgerð með útlendum hásetum. Það er sama og að stofna þessum atvinnuvegi í fullan háska. Það er stefnt að því að leggja hann niður, ef menn halda áfram að halda svo á málum, að Íslendingar fáist ekki til þess að stunda sjómennsku. Hér er blika komin á loft, sem útgerðarmenn fyrst og fremst og þeir, sem unna þeirra hag, ættu ekki að láta fram hjá sér fara, og það ætti að stuðla að því, að þeir flýttu sér að lögfesta þetta frv. og koma sem allra fyrst til móts við óskir og réttindakröfur sjómanna um bætt kjör.

Svo legg ég til, að málinu verði vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

14. Orlof (frv. EggÞ).

Á 2. fundi í Sþ., 5. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 16 26. febr. 1943, um orlof [29. mál] (þmfrv., A. 29).

Á 5. fundi í Nd., 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Með myndun fyrsta íslenzka félagsmálaráðuneytisins árið 1939 hefst fyrst fyrir alvöru hreyfing í þá átt, að íslenzkir launþegar geti ákveðinn tíma ársins tekið sér frí frá störfum, án þess að laun þeirra séu skert, með landslögum. Ráðuneytið safnaði gögnum og upplýsingum um orlofslöggjöf nágrannalandanna og þó sér í lagi um löggjöf Norðurlandanna í þessum efnum.

Það þótti og rétt í framhaldi þessarar rannsóknar, að Alþingi hæfist handa í þessu máli. Alþfl. flytur árið 1941 þáltill. um undirbúning orlofslöggjafar, og fylgdi till. ýtarleg grg. um framkvæmd laganna á Norðurlöndum, þar sem þá hafði þegar verið samþykkt orlofslöggjöf áður. Þáltill. þessi var samþykkt, og 17. okt. 1941 skipaði þáverandi félmrh., Stefán Jóh. Stefánsson, fimm manna n. til undirbúnings málinu. Nefndin skilaði að loknu starfi frv., sem allir nm. mæltu með, að einum undanskildum. Þannig hafði hæstv. Alþingi sagt sitt fyrsta orð varðandi l. um orlof, og ég minnist á þetta upphaf málsins til þess að sýna, að hæstv. Alþingi hefur þegar tekið afstöðu varðandi þetta mál, sem þó hafði sífellt verið klifað á af hálfu verkalýðsfélaganna í samningaviðræðum við atvinnurekendur. Því hafði þá verið — og heyrist stundum enn haldið fram, að slík mál eigi að vera samningsatriði vinnuþega og vinnuveitenda hverju sinni. Þetta er að mínu áliti röng stefna, þar sem hlutverk hæstv. Alþingis ætti fremur að verða að forða vinnudeil-

um um slík réttlætis- og mannréttindamál eins og orlofslögin og hvíldartíma sjómanna á botnvörpuskipum, á sama hátt og Alþingi hefur talið rétt að setja lögin um almannatryggingar og gildandi lög um orlof frá 26. febr. 1943.

Á fyrra Alþingi 1942 var frv. flutt, eins og meiri hluti fyrr nefndrar milliþn. hafði gengið frá því, og var Sigurjón Á. Ólafsson flm. þess, en frv. dagaði uppi á því þingi. Á Alþingi 1943 var frv. flutt að nýju af Guðmundi Í. Guðmundssyni með lítils háttar breyt. og var þá samþ. sem lög frá Alþingi 10. febr. 1943 með 19:5 atkv. Þannig hafði meiri hluti Alþingis samþykkt íhlutun löggjafarvaldsins um slík mál. Á sama hátt verður að telja, að eðlilegt og sjálfsagt sé, að Alþingi samþykki nú sanngjarna leiðréttingu á þessum lögum, sem farið er fram á með frv. þessu á þskj. 29.

Í framhaldi sinnar fyrri baráttu fluttu þrír af þm. Alþfl. þáltill. á síðasta Alþingi um endurskoðun orlofslöggjafarinnar frá 26. febr. 1943, m. a. með það fyrir augum að lengja orlofsréttinn úr tveim vikum í þrjár. Enn fremur var í till. gert ráð fyrir athugun á hentugum og ódýrum orlofsferðum innanlands og utan. Þáltill. þessi hlaut ekki afgreiðslu þingsins, og ber að harma, að slík rannsókn skyldi ekki fara fram.

Flm. þessa frv. telur það höfuðnauðsyn, í fyrsta lagi að orlofsrétturinn verði færður úr tveim vikum í þrjár og að B-liður 1. gr. laganna verði felldur niður, en þar er m. a. gert ráð fyrir, að hlutarsjómenn njóti ekki að fullu þeirra hlunninda, sem lögin veita öðrum launþegum. Nú hafa þessi mál skipazt þannig við lausn hinnar langvinnu vinnudeilu í des. s. l., að fallizt var í samkomulaginu milli verkalýðsfélaganna og vinnuveitenda á hækkun orlofsfjár og lengingu á orlofsrétti launþega úr 4% í 5%. Þrátt fyrir þennan árangur er vitað af samþykktum fjölmargra verkalýðsfélaga, að þau muni ekki linna baráttunni fyrir framgangi þessara réttinda sinna fyrr en þeim árangri er náð, sem telja verður eðlilegan og sjálfsagðan með tilliti til þeirrar þróunar, sem átt hefur sér stað t. d. á Norðurlöndunum, en þar hefur nú víðast verið lengdur orlofsrétturinn úr tveim vikum í þrjár og tilsvarandi hækkun orlofsfjár. Fullnægjandi réttindi í lögum þessum telja verkalýðsfélögin ekki tryggð fyrr en í fyrsta lagi að orlofsrétturinn hefur verið hækkaður samkv. frv. þessu og í öðru lagi jafnframt tryggt, að þessi mál verði ekki samningsatriði milli vinnuþega og vinnuveitenda hverju sinni, heldur verði gerðar tilsvarandi breytingar á orlofslöggjöfinni, og þá jafnframt í þriðja lagi, að lögin nái til allra launþega. Það er því í senn eðlileg og sjálfsögð þróun þessara mála í nágrannalöndunum og sanngirniskröfur launþegasamtakanna, sem gera það nauðsynlegt, að Alþingi samþykki frv. þetta, um leið og komizt yrði hjá frekari deilum en orðið er um þetta réttlætismál.

Það má og ljóst vera, að framantaldar breyt. eru ekki einhlítar til úrbóta í þessum málum, og með það í huga er 4. gr. frv. sett hér og bráðabirgðaákvæði hennar um, að athugaðir verði möguleikar á, að launafólk geti hagnýtt sér orlofsféð og hvíldartímann á sem heilladrýgstan hátt.

Ég vil að lokum geta þess, að innan þeirra 26 þús. karla og kvenna, sem mynda hin íslenzku verkalýðssamtök, er enginn ágreiningur um framgang þessa máls. Það sýna ljóslega samþykktir undanfarinna alþýðusambandsþinga og einstakra verkalýðsfélaga.

Ég vil svo mega óska þess, að frv. verði vísað til heilbr.- og félmn. og 2. umr. og að afgreiðslu þess verði hraðað svo sem kostur er á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. heilbr.- og félmn., á þskj. 821, var útbýtt 13. apríl, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

15. Landsspítali Íslands.

Á 3. fundi í Nd., 6. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um Landsspítala Íslands [23. mál] (þmfrv., A. 33).

Á 7. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Í flestum læknishéruðum landsins hefur verið komið upp sjúkraskýlum eða slysastofum, þ. e. litlum sjúkrahúsum, þar sem hægt sé að minnsta kosti að veita nauðsynlegustu aðgerðir, ef slys ber að höndum. Slík sjúkrahús og sjúkraskýli eru auðvitað rekin af viðkomandi sveitarfélögum, og má segja, að það sé eðlilegt. Aðrir kaupstaðir, einkum þeir stærri, hafa orðið að byggja sjúkrahús, og með tilliti til þess, að ekki hafa verið oft og tíðum sjúkrahús þar í nágrannahéruðunum, hefur orðið að byggja þau það stór og búa þau fullkomnum tækjum og dýrum, til þess að þau gætu annazt eiginlega flestar sjúkraaðgerðir, annazt heilbrigðisþjónustu í sem allra flestum tilfellum og fyrir stærra svæði. Þessi sjúkrahús, sem þannig annast heilbrigðisþjónustu langt út fyrir það byggðarlag, sem er talið eigandinn og ætlað að kosta þennan rekstur, eru rekin með stórkostlegum halla. Þau fá ekki að ráða sjálf, hvaða daggjald sé tekið fyrir legudag, — það eru hin hærri stjórnarvöld, sem ákveða það, — og þau geta því ekki átt þess kost að undirbyggja fjárhag þessara fyrirtækja á þann veg, að þau standi undir sér. Sum bæjarfélög, sem reka slík sjúkrahús og eiga, verða þannig fyrir mörg hundruð þús. kr. halla af rekstri sjúkrahúsa sinna og það fyrst og fremst vegna utanbæjarsjúklinga. Það er svo komið á nokkr-

um stöðum á landinu, að viðkomandi bæjarfélög rísa ekki undir þessu, og auk þess sjá menn í hendi sér, að af þessu getur, þegar til lengdar lætur, leitt þá hættu, að þessi sjúkrahús verði vanrækt í viðhaldi, hafi ekki efni á að afla sér nauðsynlegra, dýrra lækningatækja og verði þannig alls ekki eins fullkomin og æskilegt væri fyrir þá miklu og gagnlegu þjónustu, sem þau eiga að veita.

Það er vegna þessara vandkvæða, sem ég hef borið fram frv. það, sem nú er til umræðu, á þskj. 33. Efni þess er það, að auk Landsspítalans í Reykjavík skuli ríkið reka fjórðungsdeildir Landsspítalans í öllum landsfjórðungum og tryggja með þessu, að a. m. k. eitt fullkomið sjúkrahús sé til í hverjum landsfjórðungi. Í 1. gr. þessa frv. er ákvæði um, að ríkið skuli reka þessar fjórðungsdeildir Landsspítalans á sama hátt og ríkið rekur nú aðalspítalann í Rvík.

Það er talið sjálfsagt að setja það skilyrði, að þessar fjórðungsdeildir séu búnar fullkomnustu tækjum og séu undir stjórn menntaðra sérfræðinga, fyrst og fremst í skurðlækningum. Einhver þeirra aðalsjúkrahúsa, sem nú eru til úti um land, yrðu ef til vill tekin í þessa þjónustu sem fjórðungsdeildir, og er því ákvæði í frv. um það, að samninga skuli leita við viðkomandi bæjarfélög um yfirtöku slíkra sjúkrahúsa, sem vel þyki sett vegna samgangna og fjölbýlis til þess að verða landsspítaladeild fyrir fjórðunginn, það eigi að semja við slík bæjarfélög um yfirtöku þeirra, en náist samningar ekki, þá megi taka þau eignarnámi.

Þá er í 4. gr. heimild til handa ríkisstj. að fela Tryggingastofnun ríkisins að sjá um hagkvæman rekstur fjórðungsdeilda, ef heilbrmrh. kynni að óska þess.

Þetta er efni frv. Fyrir hinni knýjandi nauðsyn til þessa hef ég þegar gert nokkra grein, skal aðeins bæta því við, að nú virðast vandkvæðin við rekstur hinna stærri sjúkrahúsa úti um land vera orðin heilbrigðisstjórnarvöldunum kunnug, og það er aðallega hið stóra og myndarlega nýreista sjúkrahús á Akureyri, sem virðist hafa opnað augu heilbrigðisyfirvaldanna á þessu. Hæstv. ríkisstj. hefur nú flutt frv. um styrkveitingar til sjúkrahúsa úti um land. Hin smærri, sem hafa 20 sjúkrarúm og færri, eiga að fá 5 kr. styrk úr ríkissjóði á legudag, og þau stærri, sem hafa 20 sjúkrarúm eða fleiri, skulu fá 10 kr. styrk úr ríkissjóði á legudag, en þau, sem hafa 100 rúm eða yfir 100 rúm, skulu fá 20 kr. styrk á legudag og þeim þá gert að skilyrði að vera í tveimur deildum, lyflækningadeild og skurðlækningadeild, og undir stjórn sérfræðinga. Í umr. um það frv. var upplýst, að Akureyrarbær gæti ekki risið undir þeim fyrirsjáanlega halla, sem yrði af rekstri þessa nýja sjúkrahúss. Þar er gert ráð fyrir 36 þús. legudögum, og mundi slíkt leiða til einnar millj. kr. taps fyrir Akureyrarkaupstað, sem bæjarfélaginu væri langsamlega um megn að bera. Á það var líka bent, að það væri ranglátt að ætla Akureyrarbæ að bera slíkan halla, þar sem líkur væru til, að innanbæjarsjúklingar yrðu sennilega ekki nema ⅓ af þeim sjúklingum, sem fengju heilbrigðisþjónustu í þessu sjúkrahúsi, ⅔ utanbæjarmenn. — Þetta sjúkrahús á þá að fá 20 kr. styrk á legudag, eða líklega sem svarar, miðað við 36 þús. legudaga, 720 þús. kr. í styrk. Akureyrarbær ætti þá að bera mismuninn, eða um 10 kr. á legudag, þ. e. 360 þús. kr., en þetta er sjúkrahúsið, sem á að styrkja tvöfalt á við miðlungsstóru sjúkrahúsin og fjórfalt á við hin smærri sjúkrahús.

Það er upplýst, að kostnaður á legudag í sjúkrahúsi er kringum 100 kr. á dag. Landsspítalinn reiknar 70 kr. daggjald, en sjúkrahúsin úti um land fá ekki að ákveða daggjaldið svo hátt, svo að það er milli 30 og 40 kr. á dag, sem þeim er gert að skyldu að bera í halla af hverjum utanbæjarsjúklingi, sem þar fær heilbrigðisþjónustu, og það sýnist vera nokkuð hart aðgöngu. Í þessu sýnist ekki heldur vera neitt jafnrétti. Reykjavíkurbær nýtur Landsspítalans sem bæjarsjúkrahúss að langmestu leyti, að eins miklu leyti og sjúkrahús t. d. Ísafjarðar og Akureyrar eru fyrir bæjarbúa. Á Ísafjarðarsjúkrahúsi hefur stundum verið meira en helmingur legudagafjöldans vegna utanbæjarsjúklinga. Og Ísafjarðarbær hefur mörg seinustu árin haft yfir ¼ millj. í halla af þessari heilbrigðisstofnun og enga vörn getað veitt um að minnka þennan halla, vegna þess að ríkisvaldið hefur sett hámark á daggjaldið og það hámark er fyrir neðan það, sem Landsspítalinn tekur. En auk þeirra daggjalda verður síðan ríkissjóður að borga núna á þriðju millj. kr. vegna halla Landsspítalans og tekur þannig á sig halla hér í Reykjavík bæði fyrir innanbæjarsjúklinga og utanbæjarsjúklinga. Auk þess kostar svo ríkið fæðingardeildina hér í Reykjavík að nokkru leyti. Reykjavíkurbær tekur þar að vísu hlutdeild í, en stofnunin er vitanlega fyrst og fremst fyrir Reykvíkinga, og þó er það nær hálfri millj. kr., sem ríkið borgar með þessari heilbrigðisstofnun í Reykjavík. En þegar ríkið ætlar sér að líta í náð til heilbrigðisstofnana úti um land, þá er náðin sú, að 160 þús. kr. eru á þessa árs fjárlögum til fimm sjúkrahúsa úti um land, sem öll veita heilbrigðisþjónustu langt út fyrir takmörk þess bæjarfélags, sem telst eiga sjúkrahúsin og verður að reka þau. Þetta eru sjúkrahúsin á Ísafirði, á Siglufirði, á Akureyri, á Seyðisfirði og í Vestmannaeyjum. Þau fá öll 160 þús. kr. frá ríkissjóði og verða svo að bera halla af rekstri sínum að öðru leyti.

Ég er þeirrar skoðunar, að það verði að gera kröfu til þess, að í hverjum landsfjórðungi sé til fullkomið sjúkrahús. Það má ekki eiga á hættu, að þau vegna fjárhagslegs getuleysis eigendanna séu með ófullkomin eða vanrækt tæki og veiti þannig ekki örugglega þá heilbrigðisþjónustu, sem er búizt við að þau geti veitt, og þetta verður varla gert með öðrum hætti en að ríkið kosti slík aðalsjúkrahús hvers landsfjórðungs.

Þessi hugmynd er kannske ný, — hún hefur ekki komið fram á Alþ. áður, — og ef til vill þurfa menn tóm til þess að átta sig á henni, en ég fæ ekki betur séð en að hún eigi fullkomlega rétt á sér sem réttlætis- og jafnréttismál, ég sé ekki annað en undir hana falli sterk rök frá heilbrigðislegu sjónarmiði til þess að tryggja

fullkomnari, jafnbetri heilbrigðisþjónustu, og ég sé ekki annað en hún sé fjárhagslega séð nauðsyn fyrir þá bæi, sem hafa komið upp dýrum sjúkrahúsum og veitt árum saman heilbrigðisþjónustu út fyrir takmörk síns bæjarfélags og gert það á sinn kostnað, án þess að fá neina viðhlítandi fjárhagslega aðstoð til þessa starfs frá ríkinu. Það má vel vera, að menn beri því við, að ríkið hafi ekki getu til þess. En ég vil nú segja, að getuleysið má ekki eingöngu bitna á aðilum úti um land, en taka það sem sjálfsagðan hlut, að slíkar heilbrigðisstofnanir hliðstæðar séu kostaðar af ríkinu nálega að öllu leyti hér í Reykjavík. Hin leiðin, sem gæti leitt til jafnréttis, væri þá sú, að Reykjavíkurbær ræki Landsspítala Íslands og fengi til þess hlutfallslega sams konar styrk og hin bæjarfélögin. Það gæti líka leitt til jafnréttis, en ég er hræddur um, að það verði leið, sem hvorki yrði fallizt á af stjórnendum Reykjavíkurbæjar né heldur af heilbrigðisyfirvöldum landsins.

Ég legg til, að frv. verði vísað til heilbr.- og félmn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

16. Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Á 3. fundi í Nd., 6. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins [34. mál] (þmfrv., A. 34).

Á 7. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 34, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, er nú flutt í þriðja sinn. Það var flutt af mér á næstsíðasta þingi og náði þá samþykki hér í þessari hv. d., en var stöðvað í Ed., og þó með nokkrum breyt., sem á því voru gerðar hér í þessari hv. deild. Í fyrra, á síðasta þingi, var þetta frv. flutt af okkur sömu flm. sem flytja það nú, en það náði þá ekki heldur samþykki, þó að undarlegt megi í sjálfu sér virðast.

Ég þarf ekki að fara mjög mörgum orðum um þá þörf, sem hér er farið fram á að gera tilraun til að leysa. Síðan vísitöluskrúfan var innleidd í okkar þjóðfélagi, sem hefur raskað öllu okkar fjármálakerfi, hefur það komið fram m. a. hjá okkur landbúnaðarmönnum, að allur stofnkostnaður til landbúnaðar hefur margfaldazt, og ég hygg, að það sé ekki fjarri lagi, að hann hafi 10—15-faldazt á þessu tímabili, en stofnkostnaður við landbúnað er búpeningskaup, áhaldakaup, jarðakaup og byggingar. Allt þetta gerir það að verkum, að fátækum mönnum er algerlega ofvaxið að stofna til búskapar, eins og nú er komið, nema því aðeins að fá talsvert lánsfé, en aðgangur að því lánsfé er hvergi til. Það eru hvergi, eins og nú standa sakir, fáanleg lán til þess að kaupa fyrir búfé og kaupa fyrir jörð og ekki heldur til þess að kaupa fyrir verkfæri. Þetta gerir það að verkum, að víðs vegar — ég hygg yfirleitt um öll okkar sveitahéruð — eru það stórkostleg vandræði, sem allir þeir menn eru í, sem eru að stofna til búskapar, og þetta gerir það m. a. að verkum, að fjöldi manna, sem gjarnan vilja stofna til búskapar og verða í sveitum landsins, leitar til kaupstaðanna, vegna þess að þar, ef maðurinn fær atvinnu, þá er það þó ekki annað, sem hann þarf í stofnkostnaði, en að útvega sér húsnæði, sem þó er mörgum fullerfitt.

Það, sem hér er farið fram á, er nú ekki meira en það, að ríkissjóður láni til þessarar deildar stofnfé, er nemi 5 millj. kr. í upphafi, og það endurgreiðist á tíu árum. Undanfarið og eins í þessu frv. höfum við flm. farið fram á það, að þessi fyrirhugaða stofnlánadeild hafi tækifæri til þess að taka við sparifé gegn því, að það sé skattfrjálst, og eins og sakir hafa staðið á því sviði, þá má gera ráð fyrir því, að þetta hefði getað orðið talsverð tekjulind fyrir þá deild, sem hefði fengið þau réttindi. Ef nú verður farið, eins og að nokkru leyti er ákveðið með nýjum stjórnarsamningi, að afnema skatta á sparifé almennt, þá getur það orðið til þess, að það verði ekki þessari fyrirhuguðu deild frekar en öðrum lánsstofnunum hagsmunamál að fá þarna fjármuni, og þá gæti þess í stað þurft að auka töluvert mikið framlag frá ríkinu sem lánsfé, til þess að þessi fyrirhugaða lánadeild gæti fullnægt sínu verkefni.

Nú hefur svo atvikazt síðan þetta frv. kom fram, að það hafa tvö önnur frv. í svipaða átt verið lögð fram hér í hv. deild. Annars vegar er flutt af 4 hv. framsóknarmönnum frv. á þskj. 42, og hins vegar er á þskj. 49 flutt frv. af hv. 11. landsk. þm. (ÁS). Bæði þessi frv. ganga í sjálfu sér lengra í kröfum til ríkisins en þetta frv. okkar gerir, sem hér liggur fyrir, og mætti því ætla, að það væri þó a. m. k. hugsanlegt, að þetta litla frv. næði framgangi á þessu þingi. Og náttúrlega er það gefinn hlutur, að við flm. þessa frv. mundum vera mjög ánægðir yfir því, ef þau framlög, sem ákveðin eru og lengra ganga, væru fáanleg nú í þessu skyni. Að vísu er þar um fleiri atriði að ræða í þessum frv., sem gert er ráð fyrir að veita fé í. En sem sagt skal ég nú ekki við þessa umr. fjölyrða meira um þetta mál, en vænti þess fastlega, að það nú, þegar það er flutt í þriðja sinn, fái framgang á því hv. Alþingi, sem nú stendur. — Að lokinni þessari umr. óska ég, að frv. verði vísað til hv. landbn.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég ætla með fáeinum orðum að vekja athygli á mjög annarlegu ákvæði í 5. gr. þessa frv. Þar er gert ráð fyrir því, að auk þess fjár, sem gert er ráð fyrir að ríkissjóður leggi Stofnlánadeild

landbúnaðarins til, þá skuli henni heimilt að afla sér fjár með því að taka á móti sparisjóðsinnlögum, og stendur í greininni, að vextir skuli vera 3½%. Ég veit ekki, hvort hér er um að ræða slæma prentvillu eða hitt, að þetta frv. er meira en ári eða tveimur árum á eftir tímanum. Nú eru vextir, sem kunnugt er, 5% af sparisjóðsinnstæðum. Ég get ekki séð, hvernig þessir ágætu forvígismenn landbúnaðarins hugsa sér að afla fjár í Stofnlánadeild landbúnaðarins með því að heita 3½% vöxtum. Ég geri ráð fyrir, að þær yrðu ekki margar, krónurnar, sem kæmu inn til styrktar landbúnaðinum á þennan hátt.

Kannske er það hugmyndin, að það eigi að teljast svo mikil hlunnindi, að sparifé eigi að vera skattfrjálst, að það nægi til að bæta þennan mikla vaxtamun? Þó held ég, að engum geti dottið það í hug í alvöru. Þau hlunnindi, sem í því fælust, að sparifé væri skattfrjálst, bæði til eignarskatts og tekjuskatts, eru að vísu nokkurs virði, en auðvitað fjarri því að bæta upp það tap, sem af því hlytist, að vextir væru 1½% undir almennum sparisjóðsvöxtum. Um skattfrelsi þessa sparifjár er hins vegar það að segja, að það er auðvitað mjög óeðlilegt að lögleiða skattfrelsi fyrir aðeins eina ákveðna tegund af sparifjárinnstæðum. Annað mál er það, eins og rætt hefur verið hér á Alþ. a. m. k. einu sinni, að lögleiða skattfrelsi fyrir allt sparifé, í hvaða stofnun sem það stendur inni og í hvaða skyni sem það hefur verið lagt inn í stofnunina. Á því máli eru að vísu ýmsir gallar, eins og ég fyrir mitt leyti tók fram, þegar þetta mál var síðast hér til umr. Þó er það mál vel ræðandi. Hitt tel ég ekki koma til nokkurra mála, að lögleiða skattfrelsi fyrir aðeins eina tegund sparifjár í einni lánsstofnun. Þetta ákvæði er því mjög óeðlilegt, en út yfir tekur þó, að gert skuli ráð fyrir því, að vextir skuli aðeins vera 3½%

Mér dettur í hug sú skýring, að þetta frv. hefur verið tvíflutt áður; það eru líklega tvö ár síðan það kom fyrst fram. Þá var ekki óeðlilegt að hafa þetta ákvæði, því að þá munu sparisjóðsvextir almennt hafa verið 3½% eða 4%. En þetta hefur breytzt. Þetta frv. hefur hins vegar ekki tekið þeim framförum með tímanum, sem það hefði átt að taka. Það virðist vera tvö ár á eftir tímanum að þessu leyti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

17. Fiskveiðasjóður Íslands.

Á 4. fundi í Nd., 7. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 34 1943, um fiskveiðasjóð Íslands [36. mál] (þmfrv., A. 37).

Á 7. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Við höfum fjórir þm. leyft okkur að flytja hér á þskj. 37 frv. til l. um breyt. á l. um fiskveiðasjóð Íslands. Þessi breyting er í því fólgin, að starfssvið sjóðsins verði nokkuð víkkað, þannig að honum verði einnig heimilað að lána til verbúða og útgerðarhúsa.

Eins og hv. þingmönnum er kunnugt, þá er svo ákveðið í lögum um fiskveiðasjóð Íslands, að sjóðnum skuli ætlað að veita lán til tiltekinna framkvæmda í sjávarútvegi, og hefur það hingað til verið miðað við annars vegar skipakaup og skipabyggingar og hins vegar jðnað í sambandi við útgerðina, þannig að ekki hefur verið talið heimilt að veita úr sjóðnum lán til húsa í landi í sambandi við útgerðina, nema því aðeins að þar færi fram einhvers konar fiskiðnaður. Auk þess er sjóðnum heimilað að verja lánum til dráttarbrauta og til olíugeyma.

Þannig standa sakir með stofnlánadeildir sjávarútvegsins, að þær eru að vísu tvær: stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands og svo fiskveiðasjóður Íslands. Stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbankann hefur ekki starfað neitt frá þeim tíma, að upphaflega var varið úr henni 100 millj. kr. í sambandi við nýsköpunina. Því fé var þá öllu eytt, og þurfti allverulega upphæð til viðbótar, eða um 25 milljónir, sem ríkissjóður varð að lána þá til þeirra, sem ekki gátu notið hlunninda stofnlánadeildarinnar, og varð að gera um það sérstaka samninga við Landsbankann. Síðan hefur stofnlánadeildin lítið eða ekkert lánað og þar af leiðandi ekki verið möguleiki fyrir útgerðina að leita þangað um stofnlán. Það er því ekki um aðra stofnun að ræða en fiskveiðasjóð Íslands, og þegar hann hefur ekki haft heimild til að lána til þeirra framkvæmda, sem ég hef getið um, verbúða og útgerðarhúsa, þá gefur að skilja, að það hefur verið erfitt um vik fyrir þá, sem hafa þurft að koma upp þessum húsum, að fá til þeirra lán, því að bankarnir hafa verið mjög tregir til að veita almenn lán til þeirra framkvæmda, a. m. k. til svo langs tíma sem nauðsynlegt hefur verið. Það þarf vitanlega ekki að taka fram, að hér er um mjög mikilvægar framkvæmdir að ræða og óumflýjanlegar, enda er það svo, að nú síðustu árin hefur stóraukizt með ári hverju aðsókn á fiskveiðasjóðinn um lán í þessu skyni, ekki hvað sízt til útgerðarhúsanna, sem hefur orðið þeim mun brýnni sem meiri hefur orðið saltfisksframleiðslan, og bátaútvegsmenn víða um land hafa saltað fisk sinn sjálfir og hafa til þess þurft einhverja aðstöðu í landi. En hins vegar hefur verið mjög erfitt eða svo að segja ógerlegt að fá lán, sem til þessa þurfti. Ég ætla því, að það muni naumast geta orðið

ágreiningur um það hér í hv. d., að eðlilegt sé og sjálfsagt að gera þessa breyt. á l. sjóðsins, að honum verði heimilað að verja fé í þessu skyni.

Þá kemur auðvitað hin hlið málsins, að eins og sakir standa er fiskveiðasjóður Íslands mjög fjárvana. Samkv. lögum fær hann vissar tekjur á ári hverju, sem er útflutningsgjald af útfluttum sjávarafurðum. Þó eru þar nokkrar undanskildar, og er þar sér í lagi um að ræða saltfiskinn, sem með sérstökum lögum var undanskilinn fyrir nokkrum árum, þegar erfiðlega horfði með saltfisksframleiðslu. Á síðasta þingi var borið fram hér í hv. d. frv. um það, að greitt skyldi útflutningsgjald af saltfiski sem öðrum sjávarafurðum og það gjald rynni til sjóðsins. Það þótti þá ekki mögulegt vegna erfiðleika saltfisksframleiðenda að leggja á þetta gjald, og frv. var þá vísað frá á þeim grundvelli, en jafnframt tekið fram, að lögð væri áherzla á, að ríkisstj. tæki til athugunar, hvernig unnt yrði að leysa úr fjárhagsvandræðum fiskveiðasjóðs Íslands.

Eins og ég áðan gat um, þá er stofnlánadeildin nú lokuð, og það er því ekki um að ræða til stofnlána sjávarútvegsins nema það fé, sem fiskveiðasjóður hefur á hverjum tíma yfir að ráða, en það munu vera um 5 millj. kr. á ári, sem hann fær, auk vaxta og afborgana af lánum, sem hann hefur áður veitt. En eins og mönnum er kunnugt, þá hafa hinir miklu erfiðleikar útgerðarinnar undanfarið valdið því, að gengið hefur mjög treglega að fá innborguð aftur þau lán, sem veitt hafa verið bæði úr stofnlánadeild og fiskveiðasjóði. Þetta leiðir vitanlega til þess, að mjög miklir erfiðleikar verða af þessum sökum, meira en ella hefði verið hjá fiskveiðasjóði með sitt lánsfé.

Það er svo ákveðið í lögum um fiskveiðasjóð Íslands, að við sjóðinn skuli vera sérstök deild, sem hefur það hlutverk að lána fé út á 2. og 3. veðrétt í fiskiskipum, og á að ganga til þeirrar deildar 33⅓% af tekjum fiskveiðasjóðs af útflutningsgjaldi. Þessi deild sjóðsins mun nú nema allverulegri upphæð, eða um 12 millj. kr. Samt er það svo, að enda þótt gert yrði ráð fyrir að lána allt það fé, sem inni stendur í þessari deild, og allt annað fé, sem fiskveiðasjóður hefur nú yfir að ráða, þá standa sakir þannig, að lánsloforð, sem veitt hafa verið úr sjóðnum, nema allt að þessari upphæð, eða nálægt 16 millj. kr., og er þá svo að segja þrotið algerlega það fé, sem sjóðurinn hefur yfir að ráða að meðtalinni þessari sérstöku deild. Á næsta ári mun því ekki verða um að ræða í sjóðnum nema þessar árlegu tekjur, sem ég áðan gat um og munu nema um 5 millj. kr. Það liggur því í augum uppi, að það ber brýna nauðsyn til þess að gera sérstakar ráðstafanir til þess að efla fiskveiðasjóðinn eða — og þá jafnframt ef til vill — að fara þá leið að efla stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbankann og láta hana halda áfram sinni starfsemi. Með hliðsjón af þeirri mjög brýnu þörf sjávarútvegsins fyrir stofnlán og þeim háu upphæðum, sem menn þurfa þar á að halda, bæði í sambandi við fiskiskipakaup og við að koma upp ýmiss konar fiskiðjuverum, frystihúsum eða öðrum framkvæmdum, sem eru mjög dýrar stofnanir, þá er ljóst mál, að þess er mikil þörf, að ekki aðeins fiskveiðasjóðurinn starfi áfram, heldur einnig að stofnlánadeildin geri það.

Við flm. þessa frv. höfum ekki í því tekið upp neinar till. varðandi fjáröflun til fiskveiðasjóðs, og stafar það af því, eins og bent er á í grg. og ég vék hér að áðan, að þessu máli var í fyrra vísað til hæstv. ríkisstj. og mér er kunnugt um það, að hæstv. ríkisstj. og hæstv. sjútvmrh. munu nú hafa þessi mál í athugun. Er þess mjög að vænta, að af þeirri athugun verði sá árangur, að þessar stofnlánadeildir sjávarútvegsins fái með einhverju móti nauðsynlegt fé til þess að geta staðið undir eðlilegri þróun og eflingu sjávarútvegsins, því að auðvitað erum við allir sammála um, að það má ekki fyrir koma, að komið verði í veg fyrir eðlilega þróun og eflingu sjávarútvegsins af þeim sökum, að ekki sé fyrir hendi nauðsynlegt fjármagn til þess að sú efling hans geti farið fram, þegar svo háttar málum, að meginhluti af öllum okkar gjaldeyristekjum kemur frá sjávarútvegi. — Ég tel ekki ástæðu til að orðlengja þetta meir, taldi hins vegar rétt að ræða nokkuð um fjármál stofnlánadeilda sjávarútvegsins almennt í sambandi við þetta frv., því að vitanlega, þótt menn séu sammála um, að nauðsynlegt sé að lána til þessara framkvæmda, sem hér um ræðir, þá má ekki loka augunum fyrir því, að það eitt út af fyrir sig nægir auðvitað ekki, nema ráðstafanir séu gerðar um leið til þess, að sjóðurinn hafi yfir nauðsynlegu fé að ráða til þess að geta lánað til allra þeirra framkvæmda, sem honum er ætlað að lána til. Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

18. Búnaðarbanki Íslands (frv. JörB o. fl.).

Á 5. fundi í Nd., 8. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands [40. mál] (þmfrv., A. 42).

Á 7. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Við höfum fjórir þm. leyft okkur að flytja þetta mál. Það hefur nú verið flutt hér áður í þingi og ekki hlotið afgreiðslu. Eitt sinn komst það til Ed., en náði þar ekki fram að ganga. Það

er að vísu í nokkuð annarri mynd nú, þ. e. a. s. viðtækara efni þess en áður hefur verið. Það er um eflingu veðdeildarinnar og leiðir til þess að afla fjármuna henni til styrktar.

Það er í 1. gr. þessa frv. að því vikið, að fé opinberra stofnana og sjóða, þ. á m. Tryggingastofnunar ríkisins og Brunabótafélagsins, Söfnunarsjóðs og annarra opinberra sjóða, sé að nokkru varið til að kaupa veðbréf deildarinnar, og er ætlazt til þess, að ríkisstj. á hverjum tíma meti ástæður þessara stofnana og sjóða til bréfakaupanna. Okkur flm. málsins virðist ekki vera hægt að ákvarða, hvað mikið hver einstakur sjóður kaupir í hvert sinn, heldur verði það að ráðast eftir útkomu hjá þessum stofnunum og sjóðum, sem verður árlega, og ríkisstj. eða sá ráðh., sem stofnanirnar heyra undir, verður að meta ástæðurnar, hvað miklu er hægt að verja af fjármunum sjóðanna til bréfakaupanna.

Ég ætla, að flestir hv. þm. geri sér grein fyrir því, hvað mikil fjárþörf er til þessara hluta, sem hér um ræðir. Ætli menn að byggja eða kaupa jörð eða hefja búskap og afla þess, sem til þess þarf, þá er ekki hægt að koma slíku í kring nema með miklum fjármunum. Það er vissulega rétt, sem hv. þm. A-Húnv. (JPálm) tók fram hér, þegar hann mælti fyrir frv. þeirra félaga, sem það flytja, að fjárþörfin er mikil til þessara hluta, og ef menn meina eitthvað meira með því en aðeins að hafa það á orði, að fólkinu sé gert mögulegt að setjast að, hefja búskap og haldast við í sveitum landsins, þá þarf að leysa þessar þarfir þess.

Síðari ár hefur verið nokkuð gert til þess að auka starfsfé Búnaðarbankans, og hefur Alþingi í þeim efnum sýnt lofsverða viðleitni, en hvergi nærri hafa þeir fjármunir hrokkið til þess að geta sinnt þeirri eftirspurn, sem komið hefur úr byggðum landsins til þeirra viðfangsefna, sem bankanum er ætlað að styrkja. Ég ætla, að mönnum sé það enn ljósara en var um skeið, að upp á afkomu þjóðarinnar og öryggi er nauðsynlegt ekki eingöngu að viðhalda byggðinni úti um landið, heldur að hún aukist. Við höfum vafalaust trú á fólksfjölguninni, að þjóðinni haldi áfram að fjölga hér. Við æskjum allir, að hún eigi við velgengni að búa, en öruggast er, til þess að svo megi verða, að þá haldist við blómleg byggð úti um sveitir landsins. Við búreksturinn er ekki fljóttekinn gróði, og hans sterka hlið er vissulega ekki í því fólgin, en nokkuð öruggur atvinnuvegur og afkoma, ef forsjálega er að því verki unnið. Hvað áhrærir sjávarútveginn eða starfið við sjóinn, þá á það vissulega við — og það sýnir okkar saga — að svipull er sjávaraflinn. Þó að svo sé, hefur hann sína miklu þýðingu fyrir þetta þjóðfélag, og vissulega verður að sinna hans málefnum, en svo bezt getur það náð tilgangi sínum og orðið til að auka þrif hjá þjóðinni, að önnur viðfangsefni hjá þjóðinni gleymist ekki. Þá má vissulega — ekki sízt eins og komið er og hlýtur að verða í framtíðinni — einnig minnast á iðnaðinn og þá þann iðnað, er þjóðin sjálf hefur með höndum og hefur vald á.

Ég vil nú mega vænta þess, að hv. Alþingi afgr. þessi mál. Við flm. þessa frv. erum sannarlega til viðtals um breyt. á því og að hægt sé að samræma þær till., sem fram koma um þetta efni. Til þess erum við fúsir, en aðalatriðið er, að þeim verði sinnt og þær verði afgr. á þann veg, að þær geti orðið til styrktar og farsældar því viðfangsefni, sem till. beinast að og ætlazt er til að styrkja.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

19. Jarðræktarlög (frv. JörB o. fl.).

Á 5. fundi í Nd., 8. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 1950 [41. mál] (þmfrv., A. 43).

Á 7. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Við höfum fjórir þm. leyft okkur að flytja þetta frv. Það var flutt á s. l. þingi, en náði þá ekki fram að ganga. Efni þess er að auka styrki til framræslu í landinu, að í stað helmings rekstrarkostnaðar við skurðgröft og þurrkun komi $^7/_{10}$ rekstrarkostnaðar.

Með hinum stórvirku og nýju tækjum, sem nú eru notuð til framræslunnar, hefur heppnazt að þurrka ýmis landssvæði, sem áður var lítt mögulegt að þurrka með handverkfærum einum saman sakir dýrleika. Þessi tæki eru vissulega stórvirk og afkastamikil, en þau þurfa sinna muna með og eru alldýr í rekstri. Reyndar má þó segja um þessa starfsemi, að með öðru móti yrði hún alls ekki framkvæmd en með þessum tækjum. Eigi að síður er það svo dýrt, að efnalitlum mönnum reynist gersamlega ókleift að standa straum af þeim kostnaði, sem því er samfara að þurrka landið. Þetta verður þá til þess, að þótt menn leitist við að þurrka landsspildu, þá verður það miklu minna en annars mundi verða, ef menn hefðu meiri fjárráð og betri möguleika á því að taka meira fyrir í einu. En kostnaðurinn við að færa þessi tæki milli staða, bæði tími og beinn kostnaður, er allmikill, svo að ef verkefnið á hverjum stað er mjög lítið, þá verður enn meiri kostnaður hlutfallslega, og þetta er að nokkru leyti tapað fé. Þess vegna er langsamlega æskilegast við slíkar framkvæmdir, að hægt sé að vinna allmikið á hverjum stað. Þá verður rekstrarkostnaðurinn hlutfallslega minni, miðað við afköstin, og það, sem framkvæmt er, þá

hlutfallslega ódýrara. Þetta er fátækum mönnum alveg gersamlega ómögulegt, og fyrir það hefur svo farið á allmörgum stöðum, að menn hafa tekið lítið fyrir í einu eða það, sem þeir aðeins sáu sér mögulegt að standa straum af, og er þetta í alla staði eðlilegt.

Nú ber þess að gæta í þessu sambandi, hvað þessa vinnu áhrærir, að sá, er hana annast eða ber kostnað af henni, kemur oft til með að njóta lítils hagræðis af þessu verki. Því er þannig varið við þurrkun lands og þá framkvæmd, að ef vel á að vera, þarf landið að standa, áður en kemur nokkur arður af því, ein þrjú, fjögur ár og stundum jafnvel lengur. Þegar mýrar eru þurrkaðar, jörð, sem er blautlend, þá þarf hún fyrst að standa ein þrjú ár og síðan eitt til tvö ár eftir að landið er brotið. Þess vegna er það, að menn verða að bíða lengi eftir arði af þeim fjármunum, sem þeir láta af höndum í slíkar framkvæmdir, og fer oft svo, sem eðlilegt er, að sá, er borið hefur kostnaðinn, hefur annaðhvort engan eða lítinn arð af framkvæmdinni. Þessi framkvæmd er nokkurs konar landnám, sem gerð er fyrir framtíðina miklu meira en þann, sem annast verkið. Eigi að síður er það svo þýðingarmikið, þótt það sé fyrir framtíðina gert, að ekki er áhorfsmál fyrir þjóðfélagið að stuðla að slíkum framkvæmdum. Það hefur sýnt sig, og af þeirri reynslu ættum við að geta lært, að þetta hefur gengið miklu seinna en æskilegt hefði verið við þurrkun landsins og verið á mörgum jörðum í miklu minni stíl en hefði þurft að vera. Hafi menn trú á fjölgun býla og vilji stuðla að því, þá er þessi framkvæmd ein stórvægilegt atriði í því máli.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða um málið frekara að þessu sinni. Ég vona, að hv. þdm. séu mér og okkur flm. sammála um, að úr þessu þurfi að bæta og að málið nái nú fram að ganga. Ég vil óska þess, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

20. Garðávaxta- og grænmetisgeymslur.

Á 5. fundi í Nd., 8. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um garðávaxta- og grænmetisgeymslur [42. mál] (þmfrv., A. 44).

Á 7. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Við höfum fimm þm. leyft okkur að flytja frv. um garðávaxta- og grænmetisgeymslur. Þetta frv. er flutt vegna þeirra aðstæðna, sem nú eru fyrir hendi.

Það er orðið langt síðan menn voru þess fullvissir, að í ýmsum héruðum á landinu væru skilyrði til framleiðslu kartaflna og annarra garðávaxta svo ákjósanleg, að þar mætti hæglega rækta allar þær kartöflur, sem þjóðin þarfnaðist, og spara þannig mikinn erlendan gjaldeyri. Að þetta hefur ekki komizt á, má án efa kenna óhagstæðu tíðarfari núna hin síðari ár, en þó mun sönnu nær, að skortur á góðum geymslum hafi valdið hér mestu. Framleiðendur margir hverjir hafa orðið fyrir svo miklum skakkaföllum af skemmdum á sölukartöflum sínum, að þeim hefur ekki þótt svara kostnaði að leggja fé og vinnu í stórræktun, meðan ekki rættist fram úr í þessu efni.

Óvenjulega hagstætt tíðarfar s. l. sumar átti mestan þátt í því, að nú er kartöfluuppskeran í fyrsta skipti meiri en líkur eru til, að neyzlan verði, og þá kemur það líka fram, sem ýmsir menn bjuggust við, að til vandræða horfir. Það eru ekki til geymslur í landinu fyrir þessa björg, og það er ekki útlit fyrir annað en að mjög mikill hluti af uppskerunni eyðileggist sökum alls ónógra og ófullkominna geymslna.

Það hagar þó þannig til, að nokkur reynsla er þegar fengin um, að hægt er að ráða bót á þessu. Á undanförnum árum hefur verið komið upp nokkrum kartöflugeymslum hér á landi — fullkomnum kartöflugeymslum — og þó að þetta hafi verið á tilraunastigi í fyrstu, þá er nú svo komið, að ef rétt er að farið, þá geymast ósýktar kartöflur þar óskemmdar árlangt eða lengur.

Við flm. teljum því, að nú sé tími til kominn að hefjast handa og koma upp öruggum geymslum, fyrst og fremst fyrir þær kartöflur, sem á að selja, og jafnframt fyrir aðra garðávexti og grænmeti, eftir því sem þörf krefur á hverjum stað, og þó að þessar geymslur komi ekki að gagni í haust eða greiði fram úr þeim vandræðum, sem nú eru, þá er enginn vafi á því, að þær munu síðar verða til þess að bjarga miklum verðmætum frá eyðileggingu og spara þjóðinni mikinn erlendan gjaldeyri.

Að dómi okkar flm. er hér um svo mikið þjóðfélagslegt vandamál og nauðsynjamál að ræða, að við teljum rétt, að ríkið hlaupi undir bagga með því að leggja fram sem svarar ¼ stofnkostnaðar, og er það sami styrkur og mjólkurbú hafa notið til þessa. Jafnframt er í frv. gert að skilyrði fyrir styrk, að tryggt sé, að húsin verði vönduð og framleiðendum tryggð umráð og afnot húsanna. Loks er nokkur kvöð lögð á grænmetisverzlun ríkisins um kaup á kartöflum til þess að greiða fyrir framleiðendum og tryggja um leið rekstur þessara nauðsynlegu geymsluhúsa.

Ég tel rétt í þessu sambandi að geta þess, að þetta mál hefur verið mjög til athugunar og umræðu hjá framleiðsluráði landbúnaðarins, og sömuleiðis hafa aðalfundir Stéttarsambands bænda tekið þetta mál til umræðu og gert um það ítrekaðar samþykktir. Að málið hefur þó

ekki komið fram fyrr en þetta, stafar af því, að það hefur ekki tekizt að fá samkomulag um gagngerðar breytingar við aðra aðila, a. m. k. ekki á þann veg, sem framleiðsluráð hefur talið æskilegt.

Með þessu frv. er leitazt við að leysa þann þátt málsins, sem nú eins og sakir standa er mest aðkallandi, en það, sem við flm. teljum að stefna beri að til þess að tryggja kartöfluframleiðsluna í landinu, er í fyrsta lagi að koma betri skipun á þessi mál með því að tryggja örugga sölu allra sölukartaflna, sem framleiddar eru hér á landi, þannig að þeir, sem framleiða þær, geti lagt þær inn alveg eins og við bændurnir leggjum inn dilkana okkar á haustin, þurfi ekki að sitja með þær kannske í missiri eða til vors, ef svo vill verkast, og eiga þar af leiðandi á hættu í misjöfnum geymslum, að ekki óverulegur hluti af framleiðslu þeirra eyðileggist.

Þá er það, sem fyrir vakir, að koma upp, eins og ég hef getið, kartöflugeymslum, sem séu svo tryggir geymslustaðir, að kartöflur geymist þar meir en árlangt óskemmdar. Þetta er alveg sérstaklega nauðsynlegt vegna þess, hve kartöfluuppskeran er ótrygg hér á landi, eitt árið fá menn fimmfalda uppskeru, næsta ár tuttugufalda eða jafnvel enn þá meira. Þess vegna þarf að koma hér upp geymslu, til þess að við verðum okkur sjálfum nógir, sem sé það góð, að hún geti geymt kartöflur árlangt og meira, geymt þær nokkuð fram á næsta ár óskemmdar, svo að það sé hægt þannig að jafna á milli góðra og lélegra uppskeruára. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að framleiðsluráð hefur látið fagmenn athuga sérstaklega um geymslu kartaflna hér í bæ, og var athuguð geymsla í nokkrum kjöllurum, sem voru taldir sérstaklega góðir hér í bæ, og kartöflurnar skoðaðar í maímánuði. Reynslan varð á þá leið, að þessar kartöflur höfðu rýrnað, þegar allt kom til alls, um milli 50 og 60%. En kartöflur, sem voru geymdar í Jarðhúsunum núna s. l. ár og voru skoðaðar á sama tíma, höfðu rýrnað um 3%. Á þessu sést, hver feiknarmunur er á því að koma upp slíkum geymslum.

Þá verður líka í framtíðinni að leggja áherzlu á, að bændur noti úrgangskartöflur sínar til skepnufóðurs og spari sér þannig fóðurbætiskaup. En nú eru það margir fleiri en bændur, sem eru stórkartöfluframleiðendur, og þess vegna ber að líta á fleira, og er þá næst fyrir hendi, að komið verði upp aðstöðu til þess að vinna t. d. sterkju úr því af kartöflunum, sem ekki selst sem matarkartöflur hverju sinni, og þannig sé gengið frá þessum málum í framtíðinni, að ekkert af kartöfluuppskerunni þurfi að ónýtast og aðstaða verði til þess að nýta hana til fullnustu. Það hlýtur að vera markið, sem fram undan er og verður að stefna að. En eins og nú standa sakir eru kartöflugeymslurnar fyrsta sporið í þessa átt, fyrsti áfanginn, og væntum við, að sú reynsla, sem fengizt hefur nú í haust, verði til þess, að hv. Alþ. taki liðlega á þessum málum.

Ég skal geta þess, að mjög kunnugur maður þessum málum sagði við mig núna fyrir nokkrum dögum, að sér virtust horfurnar þannig í þessum geymslumálum, jafnvel þó að nú væri til meira af kartöflum en líkur væru til, að hægt væri að nota hér í landinu, — þó að allt nýttist, þá væru mestar líkur til þess, að hér væri orðið kartöflulaust af matarkartöflum í júnímánuði, m. ö. o., að það skorti mikið á, að við hefðum nægar kartöflur til ársins, þrátt fyrir þessa geysilegu kartöfluuppskeru, og það eingöngu af því, að tilfinnanlega vantar nauðsynlegar geymslur.

Ég leyfi mér svo að óska eftir, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

21. Bifreiðaskattur o. fl. (frv. PÞ o. fl.).

Á 6. fundi í Nd., 9. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 1949, um bifreiðaskatt o. fl. [43. mál] (þmfrv., A. 45).

Á 8. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Árið 1939 báru þrír þm. Framsfl. í Ed. fram frv. um brúasjóð. Samkv. frv. átti sjóðurinn að fá tekjur af hluta af benzínskatti, er samsvaraði einum eyri af verði hvers benzínlítra, en fé sjóðsins skyldi varið til að greiða kostnað við að brúa hinar stærstu ár í landinu. Flm. þessa frv. færðu skýr rök fyrir því, að ekki mundi takast með fjárveitingum hvers árs að fá nægilegt fé til að standast kostnað við stórbrýr, jafnframt því sem brúaðar væru smærri ár í mörgum héruðum. Rangæingar höfðu þá farið þá leið að safna lánsfé í héraði, svo að unnt yrði að brúa fyrr en ella stórvötn í þeirri sýslu, en ríkissjóður endurgreiddi lánin á næstu árum. Á þann hátt skiptust framlög ríkisins til þeirra mannvirkja á nokkur ár. Augljóst var, að sú leið var ekki fær í öllum héruðum, og mundu þá mörg stórvötn verða óbrúuð næstu áratugi, nema gerðar yrðu sérstakar ráðstafanir í þessu efni. Með stofnun brúasjóðs mundi safnast fé á einu til tveimur árum til að standast kostnað við eina stórbrú í senn. Frv. þetta hlaut ekki afgreiðslu á því þingi. Á þingi 1940 var frv. flutt aftur, en þá var það fellt í Ed. með jöfnum atkv. En árið 1941 tókst að fá lögfest ákvæðið um brúasjóð, og voru tekjur sjóðsins þær sömu og lagt hafði verið til 1939. Var þá jafnframt ákveðið, að fyrst skyldi smíða brú á Jökulsá á Fjöllum fyrir fé sjóðsins.

Á þingi 1943 fluttu tveir þm. Framsfl. frv. um að efla brúasjóð með því að hækka tekjur hans um helming, og var það samþ.

Stóð svo fram á þingið 1945, er þáverandi fjmrh. lagði til, að brúasjóður yrði sviptur tekjum sínum og fénu ráðstafað á annan hátt. Það var samþ. af þáverandi þingmeirihluta, og gekk sú skipun í gildi með lögum nr. 53 1946 og hélzt óbreytt um þriggja ára skeið. En 1949 var aftur lögfest, að hluti af benzínskatti rynni í brúasjóð, og nemur sú fjárhæð 5 aura gjaldi af **hverjum benzínlítra.**

Kostnaður við að brúa hvert stórvatn í landinu skiptir milljónum króna. Reynslan hefur staðfest þau rök, að seint gangi að safna svo miklu fé með hinum venjulegu fjárveitingum til brúagerða í fjárlögum hvers árs, sem þarf til hinna stærstu brúa, jafnframt því sem dreifa þarf brúafé í flest héruð landsins til smærri framkvæmda, sem nauðsynlegar eru. Á árunum 1945—48 var veitt nokkurt fé til brúa á Þjórsá, Blöndu og Jökulsá í Fljótsdal. En engin þessara brúa var byggð á þeim árum, sökum þess að fjárveitingar voru ekki nógu háar.

Fé brúasjóðs var í fyrstu varið til þess að byggja brú á Jökulsá á Fjöllum samkv. ákvæðum l. frá 1941. Og eftir að sjóðurinn fékk að nýju vissar tekjur, hafa verið kostaðar að nokkru leyti af fé hans brýrnar á Þjórsá, Blöndu, Jökulsá á Fljótsdal og Skjálfandafljóti í Bárðardal og að öllu leyti brú á Jökulsá í Lóni. Nú er og hafin brúargerð á Hvítá í Árnessýslu fyrir fé brúasjóðs.

Þrátt fyrir það, sem unnizt hefur, er eftir að leysa af hendi mörg og stór verkefni á þessu sviði. Smíða þarf að nýju stórbrýr á nokkrum stöðum í stað annarra, sem eru að falli komnar. Sem dæmi um það má nefna brú á Lagarfljót og á Jökulsá í Axarfirði, og enn eru stórfljót í sumum landshlutum óbrúuð, enn þá eru þau farartálmi milli héraða eða kljúfa blómlegar byggðir.

Með þessu frv., er ég flyt ásamt hv. 2. þm. N-M. og hv. 1. þm. Árn. og hér er til umr., er lagt til að efla brúasjóðinn með því að auka tekjur hans um helming frá því, sem nú er, í því skyni að hraða meira en ella nauðsynlegum framkvæmdum í brúagerðum. Hér er þó ekki lagt til að hækka benzínskattinn í heild frá því, sem nú er. Það er augljóst, að þær framkvæmdir eru mjög mikilvægar, sem miða að því að tengja sveit við sveit, bæta aðstöðu manna í lífsbaráttu þeirra og skapa skilyrði til aukinnar framleiðslu í ýmsum héruðum.

Ég legg svo til, að frv. verði, þegar þessari umr. lýkur, vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

22. Jarðræktarlög (frv. PO o. fl.).

Á 6. fundi í Nd., 9. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45/1950 [44. mál] (þmfrv., A. 46).

Á 7. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Pétur Ottesen: Íslendingum er það höfuðnauðsyn að efla landbúnað sinn, auka hagnýtingu gróðurmoldarinnar, sem með vaxandi þekkingu og tækni hefur öll skilyrði til þess að gefa góða og örugga yrkju. Það hefur á síðustu árum orðið mikil framför í þekkingu vorri og aðstöðu allri til hagnýtingar jarðargróðans. Misæris og breytilegs árferðis í veðráttufari gætir nú miklu minna í þessu sambandi en löngum var áður. Hafa oss á brautum nýrrar tækni borizt upp í hendurnar margvísleg úrræði, er létta göngu vora í þessu efni. Þeirri vá, að misæri í landbúnaðinum gæti valdið því, að fjöldi fólks kæmist þar á vonarvöl, hefur nú verið bægt frá dyrum þjóðar vorrar. Með hverju árinu, sem líður, eflist þekking vor og þróttur á þessu sviði. Tryggasta og bezta fasteign vor og sparisjóður er vel ræktað land. Það er traustur grundvöllur til þess að byggja á framtíð íslenzku þjóðarinnar. Oss ber því að kappkosta öðru fremur að nema land vort, sem enn er ekki nema að nokkru leyti numið, miðað við þá geysimiklu viðáttu, sem bíður þess, að mannshöndin leggi þar hönd á plóginn. Framtíð vor, hagur og farsæld veltur mikið á því, hversu oss sækjast ræktunarstörfin.

Það ber vott um víðsýni og glöggan skilning á framtíðarmöguleika þjóðar vorrar, að Alþ. hefur hin síðari ár sýnt viðleitni í þá átt að beina fjármagninu í umbætur í sveitum landsins. Jarðræktarlögin eru lofsvert dæmi þess. Þau eru hvort tveggja í senn hvatning og skilningur við þá þjóðfélagslegu nauðsyn að byggja og rækta landið. Þetta hefur borið góðan árangur. Það hefur verið því fólki, sem í sveitunum býr, hvort tveggja stuðningur og uppörvun til umbóta og til öryggis í afkomu þess fólks.

Fólkinu fjölgar. En vér horfumst í augu við þá staðreynd, að ekki fjölgar að sama skapi því fólki, sem tekur sér bólfestu í sveitunum og vinnur þar að nýju landnámi, ræktunarstörfum og uppbyggingu. Þetta er varhugaverð og hættuleg þróun. Þess vegna þarf að kosta kapps um, að á þessu geti orðið breyting og það sem fyrst. Á þetta mál þarf því að líta bæði með viðsýni og raunsæi. Hvatningu og stuðning þess opinbera við aukna ræktun og aðrar undirstöðuumbætur í sveitunum þarf að miða við það, að hinni uppvaxandi æsku í landinu verði sköpuð skilyrði til þess að helga sveitunum krafta sína.

Breyt. þær á jarðræktarlögunum, sem í þessu frv. felast, eru spor í þessa átt. Í frv. því um breyt. á jarðræktarlögunum, sem borið hefur verið fram og var reifað hér áðan, er eingöngu gert ráð fyrir því, að tekinn verði út úr einn liður jarðræktarframkvæmdanna, þ. e. vélgrafnir

skurðir, og framlagið til þeirra hækkað, en með því er rofið styrkhlutfallið milli einstakra jarðræktarframkvæmda, sem hefur verið á síðustu árum. Vitað er, að ekki verður unað við þessa breyt. eina, því að ræktunin og aðrar umbætur þurfa að sjálfsögðu að fylgja sem hraðast eftir landsþurrkuninni, sem er nauðsynlegt undirstöðuatriði. Er því lagt til í frv. þessu, að hinir einstöku framkvæmdaliðir í jarðræktarlögunum verði í heild hækkaðir um 20%. Það frávik er þó gert, að hækkun til grjótnáms verði 50%, og er það gert með tilliti til þess, hve miklum örðugleikum ræktun á grýttu landi er bundin.

Væntum við flm. þessa frv., að fyrir hendi sé nú sem áður á Alþingi skilningur á þörf og nauðsyn þess að rækta og byggja sveitir landsins og því að beina æskunni inn á þá braut, að hún vilji tryggja framtíð sína og staðfestu við landbúnaðarstörf.

Ég vil svo óska þess, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

23. Brúargerðir (frv. PÞ og ÁS).

Á 6. fundi í Nd., 9. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 23. júní 1932, um brúargerðir [46. mál] (þmfrv., A. 48).

Á 8. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Það hefur verið venja hér á hv. Alþ. að taka lög um brúargerðir til endurskoðunar á nokkurra ára fresti í samræmi við þá þróun, sem orðið hefur í framkvæmdum á þessu sviði. Lög um brúargerðir voru síðast til endurskoðunar hér á hv. Alþ. 1947, svo að nú eru orðin um það bil sex ár síðan þau voru endurskoðuð. Á hinn bóginn voru vegalög endurskoðuð fyrir tveim árum, eða á þingi 1951. Það virðist því vera orðið tímabært að taka brúalögin til endurskoðunar. Af þeim ástæðum hef ég leyft mér ásamt hv. 11. landsk. þm. að bera fram frv. á þskj. 48, en það fjallar um að taka inn í brúalög nokkrar ár í Austur-Skaftafellssýslu. Vegna legu sinnar er Austur-Skaftafellssýsla mesta vatnahérað á landinu. Stærsti jökull í Norðurálfu, Vatnajökull, liggur á bak við byggðina, og frá honum renna mjög margar jökulár, sem eru til trafala í samgöngum og skemma víða gróðurlendi. Með þessu frv. er stefnt að því að fá lögfesta áætlun um nokkur framtíðarverkefni á þessu sviði í Austur-Skaftafellssýslu, og væntum við flm. þess, að frv. verði vel tekið hér í þessari hv. deild. Ég mun svo ekki fara um það fleiri orðum, nema sérstakt tilefni gefist, en legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til samgmn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar, en brtt. við það barst á þskj. 79.

---

24. Búnaðarbanki Íslands (frv. ÁS).

Á 6. fundi í Nd., 9. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um útvegun stofnfjár til Búnaðarbanka Íslands [47. mál] (þmfrv., A. 49).

Á 8. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mjög langa framsöguræðu fyrir þessu máli núna, þar sem það var flutt á síðasta þingi og ég gerði þá allýtarlega grein fyrir því og auk þess er aðalefni þess tekið fram í grg.

Ég vil byrja á því að gera grein fyrir því, að frv. er ofur lítið breytt frá því, sem það var flutt á síðasta þingi, og breyt. er í því fólgin, að 5. gr., sem var í frv., þegar það var síðast flutt, er nú felld niður. Ástæðan til þess, að hún er felld niður, er sú, sem reyndar mörgum þm. mun vera kunnugt, að eftir að ég hafði flutt þetta mál í fyrravetur, í byrjun þess þings, þá fluttu þrír þm. Framsfl. í Ed. sérstakt frv., þar sem upp voru tekin aðalákvæði þessarar 5. gr. í mínu frv., og það frv. var síðan gert að lögum í þinglok. Aðalefni þeirrar gr. voru þau, að breyta skyldi í óafturkræf framlög þremur lánum, sem Búnaðarbankinn hafði fengið, í fyrsta lagi láni veittu ræktunarsjóði Íslands af gengishagnaði 1950, 6874000 kr., í öðru lagi öðru láni veittu ræktunarsjóði af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1951, að upphæð 7½ millj., og í þriðja lagi láni veittu byggingarsjóði Búnaðarbankans af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1951, 7½ millj. Þetta voru samtals rúmar 20 millj., sem þarna var um að ræða og bankinn samkv. eldri lögum átti að greiða til baka á 20 árum með 5 eða 5½% vöxtum. Og í 5. gr. frv. voru þau ákvæði að breyta þessu í óafturkræf framlög. Þetta var gert að lögum á þennan hátt í lok síðasta þings, og þess vegna hef ég fellt þessa gr. burt úr frv.

En þrátt fyrir þetta vil ég samt benda á það, að aðalatriði þess máls, sem hér er um að ræða, er að leysa til frambúðar lánaviðfangsefni, lánsfjárskort Búnaðarbankans, það er óleyst enn þá. Að vísu var leyst úr þessu að nokkru með þeirri erlendu lántöku, sem heimiluð var á síðasta þingi og tekizt hefur að útvega á þessu

ári, um 22 millj. kr. Hæstv. fjmrh. tók það fram í framsöguræðu sinni um fjárl. núna fyrir nokkrum dögum hér í þinginu, að þetta lán mundi leysa úr fjárhagsþörf þessara tveggja stofnlánadeilda bankans, byggingarsjóðs og ræktunarsjóðs, þetta ár og líklega næsta ár, a. m. k. langt fram eftir næsta ári. Hann komst þannig að orði, að ef svo færi, að það mundi ekki hrökkva alveg til þess að leysa úr lánaþörf þessara deilda næsta ár, þá yrði að leita annarra ráða. Þrátt fyrir þetta liggur enn þá sú staðreynd fyrir, að þriðja stofnlánadeild bankans, veðdeildin, sem ætluð er til þess að lána til alveg ákveðinna hluta eins og jarðakaupa, er í svo gersamlegri fjárþröng núna, að það má heita alveg útilokað, að nokkurt lán fáist úr henni. Það liggur því alveg ljóst fyrir, að þrátt fyrir þessa úrlausn, sem hefur tekizt að greiða úr með núna í bili með erlendum lántökum, er síður en svo, að búið sé að leysa þetta lánavandamál til frambúðar, og það verður raunverulega aldrei til frambúðar leyst fyrr en þessar stofnlánadeildir bankans, allar þrjár stofnlánadeildir hans, byggingarsjóður, ræktunarsjóður og veðdeild, hafa til samans svo mikið fé til umráða, að það nægi til þess, sem vera þarf í umferð í stofnlánum landbúnaðarins, þannig að vextir þeir og afborganir, sem inn koma árlega, nægi fyrir nýjum útlánum. Til þess að leysa úr þessu betur en enn hefur verið gert hef ég leyft mér að flytja þetta frv., í fyrsta lagi á síðasta þingi og svo aftur núna, þar sem það tókst ekki að fá samþ. nema lítinn hluta af því þá.

Ég býst við því, að það séu ekki margir hér innan þessara veggja, sem neita því, að þessi þörf sé fyrir hendi og hún sé mikil, og dæmi þess eru þau, að önnur frv. tvö, sem þetta mál varða, liggja núna fyrir þessari hv. deild. Það er frv. á þskj. 34, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, frá tveimur þm. Sjálfstfl., og í öðru lagi frv. á þskj. 42, um breyt. á l. um Búnaðarbanka Íslands, frá nokkrum þm. Framsfl. Þessi frv. hafa líka legið fyrir þinginu áður, þau hafa bæði legið fyrir tveimur síðustu þingum án þess að fá samþykki. Í sambandi við það vil ég geta þess, að þessi frv. bæði, sem ég nefndi núna síðast, náðu fyrir tæpum tveimur árum samþykki þessarar deildar, en komust þá ekki lengra. Á síðasta þingi komust þau styttra. Þau náðu þá ekki einu sinni samþykki þessarar deildar. Raunar má segja, að það væri varla von, vegna þess að þau eru þannig vaxin bæði, að það er ekki hyggilegt að fara að samþykkja þau bæði. Þessi lánamál á öllsömun að leysa í einu með því fyrst og fremst að veita þeim stofnlánadeildum Búnaðarbankans, sem nú starfa, nægilegt fjármagn, en það er ekki þörf á að vera að bæta nýjum deildum við bankann. Ég hef margrætt það við bankastarfsmennina sjálfa, og yfirleitt er þeirra skoðun sú, að það, sem vantar í þessum málum, sé fjármagn í þær deildir, sem núna eru starfandi. Samkv. lögum er starfssvið þeirra svo víðtækt, að þær ná yfir þær greinar landbúnaðarins, sem lán þarf að veita til. Það, sem Alþ. þarf þess vegna að gera, er að samþ. eitt lagafrv., fyrst og fremst til þess að bæta til frambúðar úr lánsfjárþörf þessara stofnlánadeilda, sem í bankanum eru núna, því að þá mun þörf landbúnaðarins fyrir stofnlán vera bætt um leið.

Aðalefni frv. er, eins og hv. þdm. sjá, það, að gert er ráð fyrir, að ríkissjóður leggi Búnaðarbankanum til óafturkræft framlag að upphæð 60 millj., sem hann fær að láni hjá Landsbanka Íslands, en leggur hins vegar Landsbankanum að veði á móti þann hluta í jarðeignum ríkisins, sem er utan kaupstaða og kauptúna. Í framsöguræðu minni fyrir málinu á síðasta þingi gerði ég grein fyrir því, hversu eðlileg aðferð þetta væri, að nota þær eignir, sem ríkið á í sveitum landsins, — en þær eru miklar og eru undirstaða verulegs hluta landbúnaðarins, — einmitt sem veð til þess að tryggja lánsfjármöguleika fyrir landbúnaðinn. Ég þarf ekki að fara fleiri orðum um það atriði.

Um nauðsyn málsins þarf ég ekki heldur að fara mörgum orðum. Ég hef bent á það áðan, að það er yfirleitt öllum ljós sú nauðsyn, enda liggur ljóst fyrir, að með því ástandi, sem núna er í landinu, er ekki sízt nauðsynlegt að efla landbúnaðinn í stað þess að láta hann dragast saman, eins og núna virðist liggja fyrir, ef svona heldur áfram. Núna, þegar svo er í stórum mæli, að fólk frá atvinnuvegum landsins, frá hinum gömlu, eldri, eðlilegu atvinnuvegum þjóðarinnar, getur maður sagt, flykkist í þann atvinnuveg, sem nú er hér nýr — það er hernaðarvinna fyrir erlent ríki — þá er sannarlega þörf á að stinga við fótum og reyna að efla þessa eldri atvinnuvegi, sem þjóðin á og byggðir eru á náttúruauðæfum landsins og hinir einu eðlilegu, sem þjóðin á að lifa á. Og því skyldi ekki vera gleymt, að hvert einasta nýbýli, sem reist er og ræktað, getur orðið til þess að forða einni fjölskyldu frá að lenda í þessa vinnu annaðhvort á Keflavíkurflugvelli eða í öðrum þeim vígbreiðrum, sem núna virðist eiga að reisa hringinn í kringum landið.

Ég vildi svo leggja til, að að lokinni þessari umr. yrði málinu vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

25. Almannatryggingar (frv. KS o. fl.).

Á 6. fundi í Nd., 9. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar [49. mál] (þmfrv., A. 52).

Á 8. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Kristín Sigurðardóttir): Herra forseti. Lögin um almannatryggingar eru stórmerk löggjöf og veita þjóðfélagsþegnunum mikið öryggi. Þrátt fyrir það er svo um þau lög sem um önnur manna verk, að þau eru ekki alfullkomin, enda hafa þau verið endurskoðuð og lagfærð í ýmsum atriðum, eftir því sem reynslan hefur leitt í ljós, að með hefur þurft og óhjákvæmilegt hefur verið.

Með frv. því, sem hér liggur fyrir á þskj. 52 og flutt er af fjórum þm. þessarar hv. deildar, er farið fram á dálitla breyt. á bótaflokknum um elli- og örorkutryggingar. Er hún í því fólgin, að 10% af bótafénu sé borgað til bótaþeganna sjálfra, þegar þeir dvelja að staðaldri í sjúkrahúsi.

Í 63. gr. almannatryggingalaganna er svo kveðið á, að Tryggingastofnuninni sé heimilt að lækka eða fella með öllu niður bætur til þessara bótaþega, þegar svo stendur á, að þeir dvelja í sjúkrahúsi eða annarri hliðstæðri stofnun, svo sem elliheimili, þar sem Tryggingastofnunin eða aðrir opinberir aðilar greiða fyrir þá. Hefur þetta oftast verið gert og bæturnar allar teknar upp í sjúkrahúskostnaðinn. Hafa þessir bótaþegar því ekki haft einn einasta eyri til eigin umráða.

Það hefur verið sagt, að mælikvarðinn á menningu hverrar þjóðar væri, hvernig hún byggi að börnum og gamalmennum. Í þessu tilfelli ræði ég aðeins um gamla fólkið, og er ég ekki að halda því fram, að illa sé að því búið, en ósköp held ég að lífið sé orðið ömurlegt og gleðisnautt, þegar ekki er einu sinni hægt að veita sér tóbakskorn í nefið eða annan álíka óþarfa. Um öryrkjana gegnir alveg því sama. Þeir geta ekki svo mikið sem keypt sér frímerki á bréf, langi þá til þess að skrifa kunningjum sínum. Að sjálfsögðu þarf þetta fólk nauðsynlegustu föt utan á sig, þótt það dvelji í sjúkrahúsi. Tilgangur tryggingalaganna er að rétta hlut þeirra, sem erfiðast eiga og við bágust kjör eiga að búa. Þeim tilgangi verður ekki náð, nema tekið sé með skilningi og sanngirni í óskir þeirra, sem minnst bera úr býtum. En hlutur þeirra, sem elli- og örorkustyrks njóta, er ekki stór.

Mér hefur verið bent á, að betur færi á eða réttara væri, að brtt. þessi kæmi við viðaukalögin, viðaukalög sjálfra almannatryggingalaganna. Efnislega breytir það auðvitað engu, en ég vil beina því til þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar, að taka þetta til athugunar. — Að svo mæltu legg ég til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 52, n. 140, 141).

Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í frv. þessu felst það, að dvelji bótaþegi almannatrygginga í sjúkrahúsi, á elliheimili eða í annarri hliðstæðri stofnun, þar sem Tryggingastofnunin eða hið opinbera greiðir fyrir hann að nokkru eða öllu leyti, þá skuli allt að 10% af því bótafé, sem Tryggingastofnunin greiðir vegna hans, greiðast til hans sjálfs, en aðeins 90% til þeirrar stofnunar, sem hann dvelur í. Sú regla hefur hingað til verið í gildi, að dvelji slíkur bótaþegi á sjúkrahúsi, elliheimili eða annarri hliðstæðri stofnun, þar sem Tryggingastofnunin greiðir fyrir hann, þá gangi allt bótafé til greiðslu á dvalarkostnaði hans á elliheimilinu eða á sjúkrahúsinu, þannig að bótaþeginn hefur ekkert fé fengið sjálfur til umráða. Þessu er gert ráð fyrir að breyta þannig, að hann hafi nokkur fjárráð, þótt ekki væru mikil, eftir sem áður, þó að dvalarkostnaðurinn sé greiddur af Tryggingastofnuninni. Þess er að vísu að geta, að sé þannig ástatt, eins og stundum eða oft mun vera, að sveitarfélag greiði þann hluta dvalarkostnaðar, sem ekki fæst greiddur af bótafénu, þá gæti sveitarfélagið, þó að þessi lög yrðu samþykkt, lækkað greiðslu sína vegna bótaþegans sem því svarar, sem Tryggingastofnunin greiðir til hans, þannig að hann væri ekki betur settur en áður. En þess er að vænta, að framkvæmd málsins verði þannig, að þessir bótaþegar fái raunverulega til yfirráða þann tíunda hluta bótanna, sem Tryggingastofnunin mundi ekki greiða sjúkrahúsinu eða elliheimilinu, heldur er ætlaður til þeirra sjálfra. Er það tilætlun n., að framkvæmd málanna verði með þessum hætti.

N. er á einu máli um að mæla með því, að frv. þetta nái fram að ganga. Einn nm., hv. þm. Ak., var að vísu ekki viðstaddur, þegar málið var afgreitt í n. Nefndin taldi þó réttara að breyta formi frv. nokkuð, þ. e. a. s. stíla það við gildandi viðaukalög við almannatryggingalögin, en ekki við almannatryggingalögin sjálf, og er það eitt ástæða til þess, að n. hefur flutt brtt. við frv. á þskj. 141. Efnisbreyting felst engin í þessari brtt. En af því leiðir líka, að breyta verður fyrirsögn frv., þ. e. a. s. stíla fyrirsögnina við viðaukalögin frá 1953, en ekki lögin um almannatryggingarnar sjálf frá 1946. Ég undirstrika, að efnisbreyting er engin í brtt. Þetta er formsbreyting eingöngu.

ATKVGR.
Brtt. 141,1 (ný 1. gr.) samþ. með 17:1 atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 141,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 18 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 1953, um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Á 19. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 150).
Enginn tók til máls.
ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 17. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 18. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

26. Stofnlánadeild sjávarútvegsins.

Á 7. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands [52. mál] (þmfrv., A. 58).

Á 9. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér hér ásamt hv. 9. landsk. og hv. 4. landsk. að flytja frv., sem líka lá fyrir þessari hv. d. í fyrra.

Öllum hv. þm. er kunnugt um, að stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands hefur verið ein af þörfustu lánsstofnunum, sem myndaðar hafa verið fyrir sjávarútveginn, og hefur alveg sérstaklega átt meginþátt í því að gera m. a. fjöldanum af bæjarfélögum á Íslandi mögulegt að afla sér þeirra togara, sem nú eru reknir frá fjöldanum öllum af kaupstöðunum á Íslandi og eru ein aðalframleiðsluundirstaða atvinnulífsins í þeim kaupstöðum. Hins vegar er það svo, að lögin um stofnlánadeildina hafa verið framkvæmd þannig, að jafnóðum sem borgast af togurunum og öðru, sem lánað hefur verið til, er stofnlánadeildin látin endurgreiða seðlabankanum þetta fé. Brtt. okkar við lögin um stofnlánadeild sjávarútvegsins fer fram á, að þessu sé hætt og stofnlánadeildinni sé kippt í sama horf og hún var upprunalega.

Hv. þm. vita, að þegar lögin um stofnlánadeildina voru samþykkt, þá var ákveðið, að hún skyldi vera í tveim deildum, A-deild og B-deild. Til A-deildarinnar var þannig stofnað, að seðlabankinn var skyldaður til þess að lána 100 millj. kr. til þessarar stofnlánadeildar, og skyldi nota það fjármagn til þess að lána út á þau skip, sem keypt væru utanlands frá. Hins vegar átti B-deildin að byggja fyrst og fremst á þeim lánum, sem fengjust hér innanlands, en það varð, eins og kunnugt er, tiltölulega lítið.

Stofnlánadeildin varð í upphafi, hvað A-deildina snertir, um 100 millj., eins og ég hef sagt. Nú mun hún á síðustu reikningum Landsbankans vera komin niður í 71 millj. kr. M. ö. o.: Það er búið að borga milli 25 og 30 millj. kr. af togurunum og öðrum þeim framleiðslutækjum, sem lánað hefur verið til, inn til stofnlánadeildarinnar, en stofnlánadeildin hefur þá jafnóðum verið látin greiða þetta fé til baka til seðlabankans.

Við flm. þessa frv. álítum, að þetta eigi að hætta og seðlabankinn eigi að endurgreiða stofnlánadeildinni það fé, sem hann þegar hefur fengið frá henni, þannig að A-deildin verði 100 millj. kr. eins og hún var í upphafi. Það mundi þýða, að þarna bættust við til stofnlánadeildarinnar milli 25 og 30 millj. króna. Síðan leggjum við til, að þessi skipting í A- og B-deild sé afnumin og þeim lánum, sem nú eru hjá B-deildinni, sé skellt þarna saman við, þannig að þetta verði ein deild héðan af. Við leggjum enn fremur til, að þau ákvæði séu þarna sett, að lán út á fiskiskip, sem byggð séu hér innanlands, skuli ganga fyrir. Þar er í fyrsta lagi náttúrlega um mótorbátana að ræða, en mundi líka koma til mála með togara, sem byggðir væru hér innanlands, sem ég vona að eigi ekki langt í land að farið verði að gera.

Það hafa staðið nokkrar deilur um stofnlánadeildina og lánin til hennar, og ég veit, að hæstv. fyrrv. ríkisstj. var engan veginn ánægð með þá framkvæmd, sem höfð var á þessu af hálfu Landsbankans, og vildi þess vegna gjarnan fá þarna nokkra breytingu á. En eftir því, sem ég bezt veit, þá varð það úr, að ríkisstj. raunverulega samdi við Landsbankann um að taka fé að láni og leggja sjálf fram og borga af því allmikla vexti og lána þeim togurum, sem hefðu raunverulega átt að fá lán úr stofnlánadeildinni. Þetta gerir það að verkum, að slík lán eru dýrari bæði fyrir ríkið og einstaklingana, því að sannleikurinn er sá, að stofnlánadeild sjávarútvegsins var raunverulega eina góða lánadeildin með virkilega góðum lánskjörum á Íslandi, a. m. k. hvað sjávarútveginn snertir. Að vísu hefur fiskveiðasjóður verið nokkuð í sömu áttina og viss lán úr honum meira að segja mjög góð, en þessi 2½%, sem lánað er fyrir úr stofnlánadeildinni, eru hins vegar ásamt beztu landbúnaðarlánunum lægstu vextirnir, sem hér tíðkast.

Svo framarlega sem þetta frv. okkar yrði að lögum, þá mundi þess vegna í fyrsta lagi verða hætt að borga út úr stofnlánadeildinni meira til seðlabankans og enn fremur mundu verða greidd þarna til baka þau lán, sem seðlabankinn áður hefur veitt stofnlánadeildinni, og hún mundi taka til fullra starfa að nýju, í staðinn fyrir að nú er hún raunverulega ekkert nema innheimtudeild. Það hefur oft á þessu þingi verið rætt um lánsþörf sjávarútvegsins, og þetta er ein af þeim aðferðum, sem mundu verulega hjálpa til þess að bæta þar um.

Ég held, að það sé nauðsynlegt í þessu sambandi, ef menn vilja ræða það vandamál, sem liggur þessu til grundvallar, að menn athugi fleira í sambandi við það. Þetta er ekki eina frv., sem fram kemur nú á Alþ. um lán, og var heldur ekki á því síðasta. Það rignir niður frv., bæði frá þm. stjórnarandstöðunnar og

frá fylgjendum stjórnarinnar hér á þinginu, og ég man nú ekki, hvað það var hátt, sem komið var frá fylgismönnum hæstv. síðustu ríkisstj. fyrir síðasta Alþ., en varla misminnir mig, að það hafi verið komið í kringum 100 millj. kr., sem þeir voru búnir að leggja af lánsfrv. hérna fyrir þingið, og þetta hefur ekki verið að ástæðulausu. Það er svo, að lánsþörfin á Íslandi núna er svo geigvænleg, að þjóðfélagið er bókstaflega þjakað af henni. Hins vegar er stjórn lánsfjármálanna á Íslandi hér á Alþ. Það er Alþ., sem með sínum lögum ákveður, hvaða lánsfjárpólitík skuli rekin, og það er raunverulega bara sýndarleikur, a. m. k. af hálfu þeirra þm., sem taka þátt í því að bera ábyrgð á stjórnarfarinu í landinu nú sem stendur, að koma fram með hvert frv. á fætur öðru um lán hér á Alþ. og fást aldrei til þess að ræða raunverulega, hvernig í vandamáli lánsfjármagnsins raunverulega liggur, láta sér alltaf nægja algerðar yfirborðsafsakanir í þeim efnum. Hæstv. ríkisstj. hefur ákaflega mikið hælt sér af því í sambandi við verzlunarmálin, að hún hafi útrýmt hinum svokallaða svarta markaði, hún hafi skapað jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar. En ég vil leyfa mér að halda því fram, að það hafi aldrei í sambandi við fjármál á Íslandi verið annar eins svartur markaður og nú er, það hafi aldrei verið annað eins jafnvægisleysi í sambandi við framboð og eftirspurn eins og nú er á lánsfjármagni á Íslandi. Og það er orsökin til þess, að þm. bæði stjórnarandstöðunnar og hæstv. ríkisstj. koma fram með hvert frv. á fætur öðru og hafa gert það á undanförnum þingum til þess að reyna að bæta úr neyðarástandi, sem þarna er, og laga svartan markað, sem á ekki neinn rétt á sér.

Þessar kröfur um lán eru orðnar svo miklar, að það er farið að fara út í það, að hér á fjárlögunum eru afgreiddar heimildir til ríkisstj. um að veita svo og svo mikið lán, og síðast í gær var í Sþ. verið að ræða og hæstv. ríkisstj. að gefa skýrslu um, hvernig hún ráðstafar fleiri milljónatugum, sem hún lánar út, rétt eins og hún væri einhver bankastofnun, og áður er búið að taka stórfé, sem innheimt hefur verið með sköttum, af þjóðinni til þess að láta í lánsfjárstarfsemi.

Nú vil ég, og það hef ég raunar gert oftar, taka fram, að ég álít, að þetta lánsfjárástand, sem nú er hér á Íslandi, sé algerlega óeðlilegt í fyrsta lagi og í öðru lagi sé þessi lánsfjárkreppa tilbúin, hún eigi engan rétt á sér eins og efnahag Íslendinga er háttað. Það er t. d. nú svo komið, að seðlaveltan sjálf á Íslandi — 250 millj. kr. — er minni en það innstæðufé, sem bundið er í svokölluðum mótvirðissjóði, sem nú er um 289 millj. alls, og það er þá nokkurn veginn gefið, að það seðlamagn, sem núna er í umferð á Íslandi, er langt frá því að fullnægja á nokkurn hátt þeirri lánsfjárþörf, sem hér er. Því hefur verið haldið fram, að það væri ekki hægt að auka lánsféð á Íslandi og það sé ekki hægt af fjárhagslegum ástæðum að auka seðlaútgáfuna, nema því aðeins að fólkið sparaði meira. Þegar talað er um þennan sparnað, þá er alltaf átt við það, að fólk leggi meiri peninga inn í sparisjóðsdeildir bankanna eða sparisjóðina. En ég vil leggja áherzlu á, að það hefur aldrei átt sér stað annar eins sparnaður á Íslandi og á þessum 10 síðustu eyðsluárum, sem oft er verið að tala um með mikilli vandlætingu. Það hefur aldrei nokkurn tíma verið hrúgað saman eins miklum auðæfum hérna á Íslandi, sem þjóðin er búin að borga upp, eins og á þessum undanförnum 10 árum. Ég er búinn að margrekja hér í þessari hv. deild, hvernig er um húsabyggingarnar, verðmæti þeirra og hvað lánin eru hverfandi lítill hluti þar af. Það eru yfir 2000 millj. kr. í verðmætum í húseignum á Íslandi núna, sem engin lán eru út á, og meginið af þessu hefur verið skapað á síðasta áratug, án þess að menn hafi fengið nokkurt lán út á það. Ég skal taka það fram sem dæmi, að ef við hugsuðum okkur t. d., að öll Norðurlönd væru ein fjármálaleg heild, og ef venjulegur eigandi að íbúð eða húsi hér í Rvík ætti undir slíkum kringumstæðum að njóta sama venjulegs réttar og borgari í Danmörk eða Svíþjóð nýtur, þá mundi vera hægðarleikur fyrir íslenzka ríkisborgara, ef þeir notuðu margir slíka heimild, að fá lán svo að skiptir hundruðum millj. kr. út á sínar húseignir. Það þykir eðlilegt ástand í löndum eins og Danmörku, að menn geti fengið veðlán út á sín hús, ekki bara til 40 ára, eins og hérna þykir alveg sérstök friðindi, heldur jafnvel til 70—80 ára, — ég tala ekki um þegar það eru ný hús, sem koma til með standa um aldir, — fá slík lán með vöxtum, sem eru aðeins partur af þeim vöxtum, sem hérna eru, og fá slíkt út á meira en 50% af andvirði húsanna. M. ö. o.: Það er skapað alveg óeðlilegt lánsfjárástand hérna á Íslandi, og þetta lánsfjárástand liggur eins og mara á þjóðinni, skapar svartan markað hvað peningana snertir og er smám saman að féfletta fjöldann allan af þeim mönnum, sem mest hafa sparað á undanförnum áratugum, þeim mönnum, sem hafa skapað verðmæti fyrir þjóðina, sem koma til með að standa í aldaraðir, en fá ekki lánað út á þessi verðmæti, heldur ætlazt til, að þeir borgi þau jafnvel upp á 15—20 árum.

Það er alveg óhjákvæmilegt, að lánsfjármálin í heild séu tekin til umræðu hér á Alþingi. En ég hef tekið eftir því, að hæstv. ríkisstj. kinokar sér við að ræða þessi mál, og hef ég líka sagt það hér oftar en einu sinni, af hvaða ástæðum hún gerir það. Ég veit, að svo framarlega sem þetta frv. okkar væri sent til umsagnar Landsbankans, eins og ég máske býst við að sú hv. n., sem það fær til meðferðar, geri, þá mundi hann vafalaust hafa á móti þessu. Hann mun áreiðanlega færa fram þau rök, að hann hafi ekki peninga til þess að geta snarað út svona miklu. Og hann kemur til með að færa fram þau rök, að nú sé verið að taka af honum allan mótvirðissjóðinn og hann verði að snara honum út til Framkvæmdabankans, mótvirðissjóðinn, sem hann hefur haft sem sérstakan reikning hjá sér hingað til.

Nú vitum við hins vegar, að auðvitað er seðlabankinn ekki í neinum vandræðum með að

láta af hendi fé, hann hefur meiri möguleika á því heldur en nokkur annar aðili í landinu. Og svo framarlega sem stjórn seðlabankans áliti, að henni væri skorinn of þröngur stakkur með núverandi landsbankalögum, þá býst ég við, að það væri hægur vandi að fá hér á Alþingi breytt þeim reglum, sem núna gilda um seðlaútgáfuna, ef stjórn Landsbankans óskaði eftir því, vegna þess að þær reglur eru alveg úreltar. Þær eru ekki í neinu samræmi við þann rekstrarmáta, sem á sér stað í okkar atvinnulífi eins og nú stendur, eins og varla er von, samdar raunverulega á tíma líberalismans fyrir mörgum áratugum. En það er annað, sem ég veit að stendur þarna í veginum, þ. e., að hæstv. ríkisstj. mun vera bundin skuldbindingu, sem hún hefur aldrei fengizt til að gefa upp gagnvart Alþingi, um lánsfjármálin á Íslandi. Ég hef margskorað á hæstv. ríkisstj. að segja til um það, en hún hefur aldrei fengizt til þess.

Það, sem ég hef haldið fram, er það, að um leið og samningarnir voru gerðir um mótvirðissjóðinn og Ameríkönunum gefin heimild til þess að hafa vald til að leggja sitt endanlega samþykki á, hvort veitt skuli úr mótvirðissjóðnum, þá hafi þeir tvímælalaust farið fram á, að þeir fengju að hafa eftirlit með, hve mikil lánsfjárveltan og seðlaútgáfan á Íslandi væri, því að það lá í augum uppi, eins og margoft hefur verið haldið hér fram af mér og ekki mótmælt af öðrum, að það að leggja, þótt það væri 200—300 millj. kr., inn á sérstakan reikning í Landsbankanum, sem kallaður væri mótvirðissjóðurinn, gaf Ameríkönunum engan möguleika til þess að ráða neinu um efnahagsmál á Íslandi, svo framarlega sem viðkomandi ríkisstj. og stjórn Landsbankans notuðu sér sitt vald yfir bankanum til þess að skapa sér aðra reikninga, önnur lán þar og veita úr þeim til þeirra framkvæmda, sem með þyrfti. Við skulum taka sem dæmi: Ríkisstj. vill láta reisa verksmiðju og vill fá fé úr mótvirðissjóði. Hún þarf 100 millj. kr. lán til þess. Ameríkanar segja nei. Í staðinn fyrir að taka þetta úr mótvirðissjóði semur ríkisstj. við Landsbanka Íslands um að veita þetta 100 millj. kr. lán, og mótvirðissjóðurinn er að þessu leyti síðan aldrei notaður. Það var hægt að gera mótvirðissjóðinn og allt kontrol Ameríkananna, sem hann heimilaði, að engu, með því að skaffa bara önnur reikningslán hjá Landsbankanum í staðinn. Við þessum leka hefur áreiðanlega upphaflega verið séð með því móti, að ríkisstj. hefur skuldbundið sig til þess að auka ekki seðlaútgáfuna og sérstaklega ekki almenna lánaveltu í landinu nema með samþykki þeirra fulltrúa, sem Alþjóðabankinn eða ameríska auðvaldið hefði hér, enda var það engin tilviljun, hvernig stöðvað var hér á Alþingi frv. um að gefa frjálsar byggingar húsa og hvernig sá maður, sem ríkisstj. mun nú ætla sér að láta fá enn þá meira fjármálaeftirlit hér á Íslandi, heldur en hingað til, Benjamín Eiríksson, hefur verið, áður en hann varð framkvæmdastjóri Framkvæmdabankans, eins konar eftirlitsmaður í öllum bönkunum hérna til þess að rannsaka, hvort ekki kynnu einhvers staðar að leynast víxlar, sem væru raunverulega ætlaðir til húsabygginga, án þess að það væri gefið upp. Það er þess vegna alveg gefið, að sem stendur er Ísland bundið af leynilegum skuldbindingum um lánsfjárveltuna í landinu og seðlaútgáfuna í landinu, sem ríkisstj. hefur gengið inn á, þegar mótvirðissjóðurinn upphaflega var settur. Og það eru þessir fjötrar, sem herða nú að okkur í sambandi við lánsfjárveltuna á Íslandi og skapa þetta óþolandi ástand, sem nú er orðið fyrir þjóðina, ástand, sem leiðir til þess, að framleiðslan á Íslandi er minni en hún gæti orðið annars, að auðsköpun á Íslandi er margfalt minni en hún gæti orðið annars, að það er byggt miklu minna af húsum en Íslendingar mundu geta byggt, að það er veiddur miklu minni fiskur en annars væri veiddur og unnið miklu minna úr honum en ella væri hægt.

Þessi tilbúni lánsfjárskortur, þessi fjötur, sem lagður er á þjóðina í samstarfi við það ameríska auðvald, sem hefur yfirstjórnina í okkar fjármálum, þrengir þannig að þjóðinni núna, að hún kvartar og kveinar undan því, meira að segja þm. stjórnarflokkanna koma fram með frv. um tugi millj. kr., jafnvel upp undir 100 millj. kr. lán, sérstaklega fyrir kosningar, en síðan gerist ekki neitt. Það er þægilegra að dylja svona fjötra fyrir fólkinu heldur en nokkra aðra. Alþýða manna er svo vön að trúa því, að það séu einhver ákveðin lögmál, sem stjórni viðvíkjandi peningamálum, einhver óhagganleg lögmál, menn halda jafnvel, að peningar séu eitthvert vald út af fyrir sig, jafnvel að þeir séu eitthvað meira en ávísanir, sem mennirnir gefa út sjálfir. Mönnum skilst jafnvel ekki til fulls, að peningarnir skapa ekkert og gera ekki neitt, nema þeir eru ávísun, sem gengur manna á milli og gerir þeim þægilegri þeirra viðskipti, en að það er vinna mannanna og þeirra tæki og þau hráefni í láði og legi og í lofti, sem skapa auð, en útgáfa þessara ávísana er til þess að gera þægilegri viðskiptin okkar í milli. Það er hún, sem stendur raunverulega á til þess að hagnýta okkar vinnuafl, okkar tæki og okkar auð til fulls, fyrir utan það þjóðfélagslega ranglæti og þær slæmu þjóðfélagslegu afleiðingar, sem það veldur, að þessi lánsfjármál skuli ekki vera í eðlilegu lagi.

Ég álít þess vegna, að það væri alveg brýn nauðsyn, að þessi mál væru tekin fyrir í heild og fengjust rædd hér í heild. Og það er ef til vill ekki að ófyrirsynju, að ég segi það einmitt í sambandi við meðferð málsins um stofnlánadeildina. Ég stóð í því hér fyrir 8 árum, þegar þessi lög, á næstum heilu ári, voru pískuð hér í gegn á endanum, að verða að sýna fram á, að það væri fjármálalega eðlileg og sjálfsögð ráðstöfun að skylda seðlabankann til að gefa út 100 millj. kr. í ísl. peningum í einu lagi til þess að gera Íslendingum mögulegt að kaupa togarana. Þá þurfti ég að berjast fyrir þessu í upp undir heilt ár. Þótt búið væri að kaupa togara erlendis fyrir útlent fé, þá var samt staðið á móti því hérna heima og haldið, að það væri eitthvað, sem mundi skapa verðbólgu eða

eitthvað annað slíkt, að gefa út 100 millj. kr., sem strax aftur yrðu lagðar inn til þess að setja yfir í útlent fé. Skilningsleysið á nauðsyn þjóðarinnar fyrir framleiðslutæki og á að halda atvinnulífi í gangi hefur verið svo mikið hvað eftir annað, að menn hafa látið þessa leynilegu og ósýnilegu fjötra, sem tilbúinn lánsfjárskortur er, hindra sig í því að skapa eins mikinn auð handa þjóðinni og hægt væri að gera. Þetta litla frumvarp leysir þess vegna aðeins úr hverfandi litlu broti af þeim vandamálum, sem fyrir þjóðinni liggja, en nokkur bót væri þó að þessum 20—30 millj., sem með því fengjust.

Ég býst ekki við frekar en vant er, að hæstv. ríkisstj. fáist til að ræða þessi mál. Það virðist nú svo komið, að henni finnist auðsjáanlega betra að borga 6% vexti af fé, sem hún jafnvel leggur inn til Landsbankans, en að skylda seðlabanka þjóðarinnar til þess að leggja fram fé með 2% vöxtum, og það er nú satt að segja undarlegur búskapur. Ef til vill finnst henni líka orðið þægilegra, að þau lán, sem veitt séu, séu veitt sem heimild handa henni á fjárlögum, það séu veittir jafnvel nokkrir tugir millj. kr. og ríkisstj. geti ráðstafað þessu eftir því, sem henni þóknast, og ég skal engan veginn neita því, að slíkt geti verið mjög þægilegt, ekki sízt rétt fyrir kosningar, enda mikið að því gert í allt sumar. Ég skil líka ósköp vel þá aðferð ríkisstj., sem hún hefur haft undanfarið í sambandi við lánin til smáíbúðanna, að taka formann Framsóknarfélagsins í Reykjavík og formann íhaldsfélagsins í Reykjavík og fela þeim að úthluta nokkrum millj. kr. nokkru fyrir kosningar handa þeim, sem séu að byggja smáíbúðir. Þetta er náttúrlega ósköp þægilegt fyrir eina ríkisstjórn, miklu betra en að skapa eðlilega lánsfjárseðlaveltu í landinu. En mér finnst bara heiðarlegra, að þeir bankar, sem í landinu eru, séu látnir hafa með þessa hluti að gera og að þeim málum sé komið í almennilegt horf, því að með því, sem hér er að gerast í þjóðfélaginu núna, núverandi pólitík ríkisstj., er ekki aðeins verið að skapa svartan markað fyrir þá, sem okra á peningum, það er líka verið að gera ríkisstj. mögulegt að skapa svartan markað í sambandi við kosningar, að nota peninga, sem hún knýr fram á fjárlögunum, til þess að reyna að ná ítökum og að ná kverkataki á svo og svo mörgum bæjarfélögum í landinu. Það er verið að skipuleggja spillingu í stórum stíl með þeim lánsfjárskorti, sem hér er, og það fara að verða nokkuð greinileg tengslin á milli, þegar Ameríkaninn segir fyrst við ríkisstjórnina: Nú megið þið ekki gefa út meira af seðlum eða lána meira fé en ég leyfi ykkur, — og ríkisstj. fellst á það og þorir aldrei að ræða þau mál frammi fyrir Alþ., og þegar ríkisstj. svo því næst tekur þá peninga, sem ættu að ganga í gegnum lánsstofnanirnar, og segir: Þessum peningum vil ég fá að úthluta með þeim skilyrðum, sem ég set, taka togara undan yfirráðum bæjarfélaga, setja togara undir yfirráð gæðinga ríkisstj., ná tökum á atvinnutækjum, jafnvel heilum bæjarfélögum, með svona móti. Við sjáum alveg, hvert þessi lánsfjárspilling, sem hér er verið að skapa á Íslandi, er að leiða. Og það er kannske ekki undarlegt, að hæstv. ríkisstj. fáist aldrei til þess að ræða neitt af þessum málum. Lánsfjárokrið á Íslandi nú sem stendur er að verða sterkasta vopn ríkisstj., ekki aðeins í þeim almennu fjármálum landsins, heldur líka í stjórnmálunum. Utan af öllu landi streyma menn hingað til Reykjavíkur til ríkisstj. til þess að biðja um peninga. Lánsstofnununum er haldið niðri. Það er hindrað, að það sé eðlileg lánsfjárvelta á Íslandi. Það er hindrað, að það sé eðlileg seðlavelta á Íslandi. Það er hindrað, að það sé jafnvel hægt að taka lán erlendis, sem það ríka Ísland vel gæti tekið. Það er verið að fléttа almenning með þeirri lánsfjárpólitík, sem núna er rekin. Það er verið að koma bæjarfélögunum í greiparnar á lítilli auðmannaklíku ríkisstjórnarinnar hér í Reykjavík. Ég skil vel, að hæstv. ríkisstj. kærir sig yfirleitt ekki um að standa fyrir máli sínu í þessum sökum. Fólkið er ákaflega vant við að líta á allt, sem heitir peningamál, sem eitthvað, sem sé næstum því eins og guð almáttugur stjórni því, peningavelta í þjóðfélagi og allt annað slíkt, það sé einhver alveg órjúfanleg lögmál, það sé óhugsandi, að það sé skapaður af ráðnum hug skortur til þess að gera þá, sem þurfa á lánsfé að halda, háða þeim, sem hafa stjórnarvöldin. Ég hefði þess vegna gjarnan kosið, að hæstv. ríkisstj. hefði komið fram með sína afstöðu í þessum málum, en ég býst ekki við, að hún fáist til þess frekar en vant er, henni þykir venjulega bezt að láta þögnina geyma rökin fyrir sinni pólitík.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. sé þessu frv. vísað til hv. fjhn.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er vissulega rétt, sem hv. frsm. sagði hér áðan, að það er alveg öruggt, að hæstv. ríkisstj. lætur ekkert til sín heyra í sambandi við þetta mál, því að allir ráðherrastólar eru auðir. En það er ekki nóg með það. Það er dálítið einkennilegt um að litast hér í hv. d., meðan á umr. þessa máls stendur, og getur það þó ekki talizt neitt smámál, og það er það, að það er bókstaflega enginn úr stjórnarflokkunum hér viðstaddur, nema forseti hv. d., sem náttúrlega kemst ekki úr sínum stól, er hér parrakaður, og annar ritarinn honum til aðstoðar, hinn er horfinn, og svo er aðeins einn á þingbekkjunum, segi og skrifa einn, — það er að koma annar úr tveimur stjórnarflokkum hér inn í sal deildarinnar. Það er eins og stjórnarflokkarnir hafi verið reknir í burtu. Það er eins og það séu búnar að fara hér fram fyrstu, aðrar og þriðju göngur og að þeir hafi verið reknir héðan í burtu. Það er engu líkara. Því miður kemur þetta fyrir oftar, en ég held, að það hafi eiginlega aldrei verið eins áberandi og núna. En sannast að segja hefði verið fyllsta ástæða fyrir forseta d. að slíta fundi og fresta umr., því að d. er vitanlega ekki fær um að hafa eitt eða neitt mál til meðferðar, sízt af öllu meiri háttar mál, þegar svona er skipað um fundarsókn og slíkt.

Ég tel, að meginefni þessa frv. stefni í hárrétta átt, það sé alveg sjálfsagður hlutur, að

það fé, sem ríkið hefur ráðstafað til aðstoðar við sjávarútveginn gegnum stofnlánadeild Landsbankans, haldi áfram að sirkúlera í þeirri starfsemi, borgist ekki á ný inn til Landsbankans, en sé beint til áframhaldandi lána til viðhalds og eflingar sjávarútveginum. Og það er öllum ljóst, að þörf fyrir þetta fé, þótt það væri margfaldað, er fyrir hendi.

Ég skal svo láta útrætt um málið. Hv. frsm. hefur reifað það í langri og skilmerkilegri ræðu. Ég vil aðeins fyrir hönd Alþfl. taka það fram, að ég tel, að frv. þetta stefni í rétta átt, og hygg, að Alþýðuflokksmenn geti greitt því atkv. hér við meðferðina í þinginu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 10. fundi í Nd., 26. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

27. Vegalagabreyting (frv. EirÞ).

Á 7. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947 [54. mál] (þmfrv., A. 60).

Á 8. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Eiríkur Þorsteinsson): Herra forseti. Hér á landi hefur til skamms tíma meiri hluti landsmanna búið og hafzt við í dreifbýli víðs vegar um landið og hagnýtt til hins ýtrasta lífsskilyrðin, hvar sem þau voru fyrir hendi á landi og sjó, til þess að sjá sér og sínum fyrir lífsnauðsynjum, eftir því sem ástæður gáfu hverjum einum getu til. Það, að vera duglegur bóndi, góður og gegn vinnumaður eða vinnukona í sveit og duglegur ræðari á fiskibátunum, þetta voru mestu kostir þjóðfélagsþegnsins allt fram yfir aldamót og varla á annað litið.

Á þessum síðustu fimmtíu árum hefur fólkið safnazt meira en áður saman á einn tiltölulega lítinn blett á landinu. Bæir hafa risið upp með nútíma þægindum, sem heillað hafa til sín yngri kynslóðina úr dreifbýlinu, enda margt af æskufólkinu leitað til bæjanna og aldrei komið aftur til langdvalar heim. Mikið af þessu unga ágæta æskufólki er horfið dreifbýlinu fyrst og fremst fyrir það, að framkvæmdum og fjármagni hefur verið haldið hlutfallslega meira til hinna þéttbýlli byggða. Ég leyfi mér að hafa þá trú, að gæfa landsins sé eigi öll á einum hjara landsins, heldur sé átthagaást og þjóðarmetnaður enn þá óskert í dreifbýli þess, sem valdi því, að þar sé enn þá fólgin framtíð lands og þjóðar, þess vegna beri Alþingi Íslendinga að sýna afskekktum byggðum landsins fyllstu virðingu og tillitssemi í afgreiðslu jafnréttismálefna. Það má merkilegt heita, að kjördæmi Jóns Sigurðssonar, sem var sómi Íslands, sverð þess og skjöldur, þ. e. kjördæmi og fæðingarsýsla þessa merka manns, er eina sýslan á landinu, sem hv. alþm. hafa ekki getað fundið ástæðu til að leggja veg til frá aðalakvegi landsins.

Forsaga þessa vegamáls er að nokkru kunn af fréttum frá Alþingi. Árið 1951, síðast þegar vegalög voru opnuð, fékkst ekki vegur af Barðastrandarvegi til Vestur-Ísafjarðarsýslu tekinn inn á vegalög vegna andstöðu í Alþingi. Nú er komin fram í Ed. frá hv. þm. Barð. (GíslJ) brtt. við vegalögin, sem lengir veginn frá Vestur-Ísafjarðarsýslu á Barðastrandarveg um a. m. k. 20 km, auk þess sem vegarstæðið yrði þá verra, enda líkur fyrir, að slík breyt. mundi seinka um nokkur ár, að sýslan kæmist í vegasamband.

Ég verð að leyfa mér að minna á það, að brýr hafa verið byggðar, og það af eðlilegum ástæðum, til að tengja samgönguæðar fjarlægra landshluta og hafa kostað milljónir. Vil ég þar nefna brúna á Jökulsá á Fjöllum. Þetta finnst mér rétt og sjálfsagt fyrir Austurland, en þetta og margar vegaframkvæmdir á Suðurlandi styðja þann málstað minn, að ekki sé annað sæmilegt fyrir hið háa Alþingi en taka þennan veg, sem frv. mitt gengur út á og ég nefni Vestfjarðaveg, inn á vegalög nú á þessu þingi, þótt enginn annar nýr vegur yrði tekinn inn. Það virðist hæpin átylla fyrir því að meina Vestur-Ísafjarðarsýslu að komast í vegasamband við aðalakveg landsins, að allar aðrar sýslur séu búnar að fá slíkt samband, eða aðstöðu til að gera það fullkomið, og þess vegna sé engin ástæða til að opna vegalög fyrir þessum vegi. Mál eins og þetta er jafnréttismál byggðarlags með 7—8 þús. íbúa. Hvers er að vænta um framtíð slíkra byggðarlaga, ef löggjafarsamkoma þjóðarinnar synjaði um svona sjálfsögð mannréttindi, en á sama tíma er byggt hvert tug- og hundraða milljóna fyrirtækið af öðru í öðrum héruðum landsins? Það þýðir ekki fyrir frumbýlinginn að vakna af Þyrnirósusvefni í nýrri trú á bjartari veröld og hamingjusamt líf, ef samhugur meðbræðranna, sem ráða yfir sól og regni, neitar honum, sem býr á fjarlægri strönd, um öll lífsins gæði. Alþingi ber að taka tillit til þess, að góðir möguleikar hafa opnazt fyrir því að leysa þetta mál, og þess vegna hljóta vegalög að verða opnuð fyrir þessum vegi, svo að Vestur-Ísafjarðarsýsla fái sjálfsagðar samgöngubætur eins og hvert einasta hérað á landinu er þegar búið að fá.

Ég óska svo, að að þessari umr. lokinni verði frv. vísað til 2. umr. og samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til samgmn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á skrá tekið framar, en brtt. við það bárust á þskj. 65, 73, 75, 76, 77, 87, 89, 91, 112, 172, 493.

28. Íbúðarhúsabyggingar í kaupstöðum og kauptúnum (frv. GÞG o. fl.).

Á 8. fundi í Sþ., 15. okt., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um fjáröflun til byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum o. fl.* [56. mál] (þmfrv., A. 63).

Á 8. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Húsnæðisskorturinn í kaupstöðum og kauptúnum á Íslandi er svo kunn staðreynd, að þess gerist ekki þörf að fjölyrða mjög til þess að lýsa henni. Á árunum 1941—50 voru byggð að meðaltali aðeins 156 hús í Rvík, og er það auðsjáanlega allt of lítið, þótt ekki væri nema við það miðað að fullnægja húsnæðisþörf vegna vaxandi fólksfjölgunar í bænum. 1951 voru aðeins byggð hér í Rvík 118 hús með 282 íbúðum. Þar af var 51 íbúð fimm herbergja eða stærri, en íbúðarstærðin hefur á undanförnum árum ávallt farið vaxandi þrátt fyrir fjárfestingareftirlit hins opinbera, sem miða átti að því að minnka íbúðarstærðina nokkuð, til þess að unnt væri að byggja fleiri íbúðir en ella fyrir sama magn byggingarefnis.

Fyrir nokkrum árum, 1946 var það, fór fram gagngerð skoðun á kjallaraíbúðum og bröggum hér í Rvík. Þá kom í ljós, að hér bjuggu 1303 menn í bröggum, þar af 926 konur og börn. Nú skyldu menn ætla, að þessar staðreyndir hefðu orðið undirrót þess, að hið opinbera hefði séð sér skylt að grípa til gagngerðra ráðstafana til þess að útrýma því ægilega böli, sem í því felst að vera til þess neyddur að búa í lélegu, allt að því heilsuspillandi húsnæði, en sú hefur ekki orðið raunin á. Íbúum bragganna hefur farið fjölgandi, síðan þessi gagngerða skoðun og virðingargerð var framkvæmd, en ekki fækkandi. Af þessum bröggum og kjallaraíbúðum, sem skoðaðar voru 1946, voru 228 braggaíbúðir dæmdar algerlega óíbúðarhæfar, en í þeim bjuggu 906 manns, þar af 645 konur og börn. Þrátt fyrir þessar ægilegu staðreyndir fjölgaði, eins og ég sagði áðan, íbúum bragganna á næstu árum. 1947 var tala fólks, sem bjó í bröggum, 2077, þar af 1442 konur og börn. 1950 fjölgað íbúum bragganna enn. Þá nam talan 2210, þar af 1612 konur og börn. Og á síðasta ári má telja að íbúar bragga hafi numið um 2400, þar af 1800 konur og börn.

Við talningu þá eða athugun á húsnæði í Rvík 1946, sem ég gat um áðan, kom í ljós, að íbúar kjallara voru 6085, þar af konur og börn 3974. Margt af þessum kjöllurum var mjög lélegt íbúðarhúsnæði og raunar alveg óhæft, og íbuar þess husnæðis, sem skoðunarmenn töldu ýmist mjög lélegt eða óhæft, voru 2704. Nýrri skýrslur, sem áþyggilegar mættu teljast um kjallaraíbúðir, eru því miður ekki fyrir hendi. Synir það eitt áhuga yfirvalda á því að leysa þetta gífurlega vandamál, að ekki skuli einu sinni fylgzt rækilega með því, hversu margir verða að sætta sig við að búa í kjöllurum eða bröggum. En ætla má, að kjallaraíbuðum hafi fjolgað um 400—500 siðan 1946 og ibuum þeirra þa um 1600—2000. Það er þess vegna vafalaust hægt að áætla, að nu búi upp undir 10 þus. manns í Rvik i bröggum og kjöllurum, eða allt að því ⅛ hluti bæjarbua. Og þetta á sér stað árinu 1953, á miðri 20. öldinni; þetta á sér stað, eftir að yfir landið hefur gengið eitt mesta gróða- og velgengnistimabil, sem um getur í sogu þessarar þjooar, eftir að þjóðin er orðin betur stæð efnalega en nokkurn tima fyrr í sogu sinni. Þá kemur i ljós, að um það bil sjöttungur íbúa höfuðstaðarins býr annaðhvort i gömlum herskálum eða i kjallaraíbúðum. Þess ber þó auðvitað að geta, að því fer fjarri, að allar kjallaraíbúðirnar séu lélegar, hvað þá óhæfar sem íbúðarhúsnæði. Margar þeirra eru i vonduðum húsum og þar af leiðandi sæmilegar íbúðir. En það er vafalaust ekki of hátt áætlað, að ⅔ þessara íbúða séu mjog lélegar og mikið af þeim allsendis óhæfar, þannig að 6—7 þús. manns i þessum bæ búi i mjog lélegu og sumpart algerlega ófullnægjandi húsnæði.

Fjölmargir vitnisburðir eru til um það frá hendi dómbærra manna, t. d. lækna, að mikill fjöldi þeirra íbúða, sem eru notaðar hér í Rvík, er allsendis ófullnægjandi vistarverur fyrir fullorðið fólk, hvað þá fyrir börn. Ég ætla að leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lofa þingheimi að heyra læknisvottorð eitt, sem er opinbert plagg og læknir gaf eftir að hafa skoðað íbúð að beiðni íbúa hennar í sambandi við sérstakt mál, sem á döfinni var, en læknisvottorðið hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftir beiðni skoðaði ég í dag íbúð í kjallara við (hér kemur götunafnið), en þar býr (kemur mannsnafnið) ásamt konu sinni og fimm börnum, eins, þriggja, fjögurra, sex og átta ára. *Íbúðin, sem er í steinhúsi og nokkuð niðurgrafin, er þrjú herbergi, hvert um sig ca. 12 m², og eldhús; lofthæðin er 2,30 m. Miðstöðvarofn er í hverju herbergi.* Þegar komið er inn í íbúðina, slær á móti manni sterkri myglu- og fúalykt, sem er nokkuð jöfn um alla íbúðina, en þó mest í herbergi því, sem veit í norðaustur. Við athugun sést, að allir veggir í íbúðinni, jafnt inn- sem útveggir, eru stórskemmdir af raka og myglu og voru flestir blautir við snertingu, er skoðun fór fram. Loftin voru einnig rök, og í eldhúsi og anddyri lak úr þeim stórum dropum. Allir skápar og hirzlur voru rennvot og mygluð og alls ekki hæf til geymslu matvæla eða fatnaðar og annarrar búslóðar. Gólfdúkar allir eru rakir og víðast hvar í hornum uppétnir af raka og fúa. Allt innbú fjölskyldunnar er meira og minna skemmt af raka og myglu. Af ofangreindum ástæðum verður að telja íbúð þessa mjög óholla og heilsu-

spillandi og alls óhæfa til íbúðar í núverandi ástandi." (Og síðast er undirskrift læknisins.)

Fleiri slík vottorð væri hægt að kunngera, ef ástæða þætti til, en þetta eitt er nóg, og það er harður dómur um þjóðfélagsástandið í dag, að annað eins og þetta skuli viðgangast.

En hver er þá íbúðarþörfin? Hvað væri þörf á að byggja mikið til þess að sjá fólksfjölguninni fyrir hæfilegu húsnæði og jafnframt til þess að afmá þennan svívirðingarblett af íslenzku þjóðfélagi, sem felst í hinum heilsuspillandi íbúðum, sem fjöldi fólks á nú við að búa?

Mannfjölgun í kaupstöðum og kauptúnum er nú árlega um 1600 manns, í Reykjavík um 1250 manns. Það lætur því nærri, að í kaupstöðum og kauptúnum muni þurfa að byggja árlega, eins og nú háttar, um 400 íbúðir til þess að fullnægja fólksfjölguninni. En á næstu árum er einnig óhjákvæmilegt að byggja nýjar íbúðir yfir a. m. k. 6500 manns í kaupstöðum og kauptúnum, eða um það bil 400 íbúðir á ári eða 1600 íbúðir alls. Þetta jafngildir því, að óhjákvæmilegt sé að byggja árlega, t. d. á næstu fjórum árum, um 800 íbúðir á ári. Þetta er miklu meira en gert hefur verið, en er óhjákvæmilegt, ef fólksfjölgunin á að eiga kost á sómasamlegu húsnæði og ef þessi smánarblettur, sem hið heilsuspillandi húsnæði er, á að hverfa af þjóðfélaginu.

Þetta mun ýmsum þykja há tala, 800 íbúðir á ári í næstu fjögur ár. En skyldi hér vera um skýjaborgir að ræða? Er þetta framkvæmanlegt eða er það óframkvæmanlegt?

Ef gert er ráð fyrir, að byggðar verði hæfilegar íbúðir, t. d. 300 m³ íbúðir, sem verður að kallast mjög sæmilegt fjölskylduhúsnæði, þá mundu 800 íbúðir kosta um 160 millj. kr., miðað við núverandi byggingarkostnað, eða 200 þús. kr. hver íbúð. Hvað er þetta mikil fjárhæð? Til þess að hugleiða, hvort íslenzka þjóðin hefði efni á því að verja 160 millj. kr. á ári í næstu fjögur ár í íbúðarhúsabyggingar, verðum við að gera okkur grein fyrir því, úr hverju þjóðin hefur að spila. Verðmæti þjóðarframleiðslunnar má á þessu ári telja um 2500 millj. kr. En þjóðin hefur á þessu ári úr meiru að spila en verðmæti framleiðslu sinnar. Hún hefur tekið lán erlendis, og hún fær erlendis styrk, gjafir í formi ýmiss konar vöruafhendinga. Þessar fjárhæðir munu í ár nema um 200 millj. kr. Á þessu ári hefur því íslenzka þjóðin úr að spila 2700 millj. kr., en gjaldeyristekjur hennar voru í fyrra 963 millj. 160 millj. kr. til íbúðarhúsabygginga eru því ekki nema 6% af því verðmæti, sem þjóðarbúið, þjóðin í heild, hefur úr að spila á yfirstandandi ári. Þegar þetta er athugað, verður greinilega ljóst, að áætlun um byggingu 800 íbúða á ári í fjögur ár er fjarri því að vera loftkastalakennd. Við getum líka athugað, hver fjárfestingin muni verða í ár undir stjórn fjárhagsráðs. Það er talið, að hún muni verða um 500 millj. kr., þar af 114 millj. kr. í íbúðarhúsabyggingum á landinu öllu, en af þessum 114 millj. mun verða byggt fyrir 83 millj. í kaupstöðum og kauptúnum. Það þarf því ekki nema tæpar 80 millj. í viðbót við það fé, sem nú þegar í ár á að verja til byggingar íbúða, til þess að unnt yrði að gera það átak, sem fælist í byggingu 800 íbúða á ári. Aðeins 80 millj. kr. viðbótarfé þarf að útvega, til þess að þetta mesta verkefni, sem nú bíður í íslenzku þjóðfélagi, yrði leyst. Það er ekki nema 3% af því verðmæti, sem þjóðin í heild hefur úr að spila, sem þarf að tryggja íbúðarhúsabyggingum til viðbótar því, sem þeim er nú tryggt, og það eru ekki nema 40% af þeim 200 millj., sem við fáum á þessu ári erlendis frá til viðbótar við það, sem okkar eigin vinna leggur til þjóðarbúsins.

Nú má auðvitað gera ráð fyrir því, að þeir, sem byggja, leggi sjálfir fram nokkurn hluta þess kostnaðar, sem nauðsynlegur er við byggingarnar. Margir hverjir, sem byggja, eru sem betur fer það efnað fólk, að það þarf ekki að vera upp á lánsfjármarkaðinn komið. Það á sjálft fé, sparað fé eða eignir, sem það getur lagt til greiðslu byggingarkostnaðarins. Ef gert er ráð fyrir því, að þeir, sem byggja, leggi sjálfir fram að meðaltali um ⅓ hluta byggingarkostnaðarins, 160 milljónanna, sem 800 íbúða bygging kostar, þá þarf að útvega 128 millj. kr. lánsfé til þessara framkvæmda, eða um 5% af verðmæti þjóðarframleiðslunnar. Er ekki öllum hv. þm. ljóst, að þetta er verkefni, sem er vel leysanlegt, ef viljann vantar ekki?

Gildandi löggjöf um opinbera aðstoð við íbúðarhúsabyggingar er mjög góður rammi til að leysa slíka stóráætlun um lausn á húsnæðismálunum samkvæmt, þ. e. a. s. ef 3. kafli laganna, sem undanfarin ár hefur verið felldur úr gildi eða frestað gildistöku á, er látinn taka gildi aftur, en hann fjallar eins og kunnugt er um íbúðarhúsabyggingar sveitarfélaga, og ef bætt er úr lánsfjárskortinum. Í gildandi lögum um íbúðarhúsabyggingar er gert ráð fyrir því, að byggingarmál þjóðarinnar séu fyrst og fremst leyst þannig: með byggingu verkamannabústaða, með byggingum samvinnufélaga, með smáíbúðabyggingum og byggingum sveitarfélaga, auk þess sem einstaklingar byggja af sjálfsdáðum. Þetta er skynsamlegur og eðlilegur grundvöllur á að byggja, og þau ákvæði, sem eru í gildandi lögum um opinbera aðstoð við menn, sem vilja byggja innan þessa ramma, í byggingarfélögum verkamanna, í byggingarsamvinnufélögum, í smáíbúðabyggingum, og kaupa eða leigja byggingar, sem sveitarfélög reisa, eru mjög eðlileg og réttmæt. Það, sem vantar, er að tryggja þessum stofnendum, sem löggjafinn hefur gert ráð fyrir að hefðu forgöngu um að leysa byggingarmálin, nægilegt fé til framkvæmdanna. Þess vegna er það aðalatriðið í því frv., sem hér er nú til 1. umr. og við flytjum, þm. Alþfl., hér í hv. d., að gera ráðstafanir til þess, að þessar stofnanir fái það fé, sem þær mundi skorta, til þess að 800 íbúðir yrðu byggðar á ári í næstu fjögur ár.

En þær ráðstafanir, sem frv. fjallar um í þessu sambandi, eru þessar: Gert er ráð fyrir því, að byggingarsjóður verkamanna fái framvegis, eins og hann fékk samkv. fyrstu lögum um

þann sjóð, hálfan tekjuafgang Tóbakseinkasölu ríkisins, en hann mundi á næsta ári nema um 19½ millj. kr. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því, að settar skuli reglur um, að ýmsar stofnanir og tryggingarfélög, sem veita lán til framkvæmda, skuli láta skuldabréf byggingarsjóðs verkamanna og byggingarsamvinnufélaga sitja fyrir kaupum sínum á verðbréfum upp að vissu marki. En þessar stofnanir ráðstafa nú árlega stórfé til ýmissa verðbréfakaupa. Með tilliti til þeirrar brýnu þarfar, sem er á því að leysa íbúðarhúsabyggingarvandamálið, virðist sjálfsagt, að byggingarsjóður verkamanna og byggingarsamvinnufélög hafi forgangsrétt á því fé, sem þessar stofnanir hvort eð er festa til langs tíma. Þá er enn fremur gert ráð fyrir því, að settar verði reglur um lánveitingar banka og annarra peningastofnana til þess að koma því til leiðar, að þessar stofnanir, sem fara með langmestan hlutann af lánsfé þjóðarinnar, geri samræmt átak í þágu byggingarmálanna, þannig að þær kaupi skuldabréf byggingarsjóðs og byggingarsamvinnufélaga og bankavaxtabréf veðdeildarinnar upp að vissu marki og tryggi auk þess nokkurn hluta af því fé, sem þau lána hvort eð er út, í þágu byggingarframkvæmdanna. Þá er og gert ráð fyrir því, að lánadeild smáíbúða fái 5 millj. kr. árlega úr ríkissjóði á næstu árum. Enn fremur er ráð fyrir því gert, að veðdeild Landsbanka Íslands verði endurskipulögð. Veðdeildin hefur nú á undanförnum árum verið því nær dauð stofnun og ekki komið að haldi við útvegun fjár til byggingarframkvæmda. En veðdeildin var á sínum tíma hin merkasta stofnun og lyftistöng undir þeim miklu byggingarframkvæmdum, sem gerðar voru hér og annars staðar í byrjun þessarar aldar, en henni er nú þannig komið, að að henni er mjög lítil stoð við lausn byggingarvandamálsins. Þess vegna er hér gert ráð fyrir því, að gefinn skuli út nýr flokkur bankavaxtabréfa og lánaðar allt að 350 kr. gegn 1. veðrétti á rúmmetra, en einnig skuli heimilt að veita lán til að ljúka byggingu eða greiða eftirstöðvar af byggingarkostnaði, allt að 100 kr. gegn 2. veðrétti og 50 kr. gegn 3. veðrétti, ef veðdeildin hefur ekkert lánað gegn 1. veðrétti, en þessi bréf eiga síðan bankar og aðrar peningastofnanir að kaupa upp að vissu marki fyrir það fé, sem þær hvort eð er verja til útlána. Vonir stæðu til þess, að með þessum ráðstöfunum mundi vera hægt að tryggja þessum stofnunum, sem um er að ræða, þ. e. a. s. byggingarsjóði verkamanna, byggingarsamvinnufélögum og sveitarfélögum, verulegan hluta þeirra 128 millj., sem útvega þarf í lánsfé alls vegna byggingar 800 íbúða á ári. En gera má ráð fyrir, að eitthvert fé mundi vanta, — það er ógerningur að áætla, hversu mikið, — og er þá gert ráð fyrir því, að ríkissjóður taki lán innanlands, allt að 50 millj. kr., til þess að sjá stofnununum fyrir því fé, sem þær fengju ekki með hinu mótinu. Nú hafa lántökur innanlands undanfarin ár reynzt erfiðar, og því er gert ráð fyrir því, að takist ríkissjóði ekki að afla nauðsynlegs lánsfjár innanlands, — og skal það vera eins konar þrautalending, — þá skuli ríkissjóði heimilt að taka allt að 50 millj. kr. lán erlendis, til þess að það sé endanlega tryggt, að hægt yrði að framkvæma þessa 800 íbúða áætlun. Ég hygg, að heimild handa ríkisstjórninni til að taka erlent lán mundi hafa mjög holl áhrif á banka og aðrar peningastofnanir í þessu sambandi, þ. e., ef bankarnir og peningastofnanirnar vissu það, að ef þær vildu ekki taka að sér að sjá þessum byggingaraðilum fyrir nægilega miklu fé til þess að framkvæma þessa áætlun um 800 íbúðir á ári, þá yrði þrautalendingin erlent lán. Hér eru allir íslenzkir bankar og allar mikilvægar peningastofnanir opinber eign. Það er því augljóst mál, að ef þær hafa vilja til að láta þessa brýnustu þörf þjóðarinnar ganga fyrir öðrum þörfum, þá er möguleiki á því að gera miklu stærra átak en gert hefur verið undanfarin ár. Ef yfirstjórn bankanna sæi, að ríkisvaldinu er full alvara að láta byggja 800 íbúðir á ári í næstu fjögur ár, svo mikil alvara, að hún ætli að taka erlent lán til þess að tryggja framkvæmd þessarar áætlunar, þá er ég í engum vafa um, að áhugi bankanna mundi verða mun meiri á því að tryggja þessum nauðsynlegu framkvæmdum þann forgang, sem þær eiga skilið.

Í frv. er svo enn fremur gert ráð fyrir ýmsum ráðstöfunum til þess að auðvelda þeim, sem í byggingarframkvæmdum standa, að koma íbúðum sínum upp með sem ódýrustum og hagkvæmustum hætti, auk þess sem gert er ráð fyrir því, að ríkið hafi forgöngu um að skipuleggja sem bezta hagnýtingu á vinnuafli og efni í þágu byggingarframkvæmdanna, en á því er enginn vafi, að á engu sviði íslenzkrar efnahagsstarfsemi á sér nú stað jafnmikil sóun á verðmætum, efni og vinnukrafti eins og einmitt í byggingarmálunum. Það hefði án efa verið hægt á undanförnum árum og væri enn hægt að ná miklu meiri árangri, þ. e. a. s. fá miklu fleiri íbúðir fyrir þær vinnustundir, sem notaðar hafa verið, og fyrir það efni, sem notað hefur verið, ef um skynsamlega heildarskipulagningu í byggingarframkvæmdunum hefði verið að ræða, ef það hefði verið tryggt, að efni væri keypt í sem stærstum stíl, og einstakir hlutar, sem til húsbygginganna þarf, hefðu verið framleiddir í fjöldaframleiðslu hér innanlands og náin samvinna hefði verið milli þeirra aðila, sem byggingarframkvæmdirnar hafa annazt. Ýmsar þjóðir hafa sýnt það, svo sem Þjóðverjar, að geysilegum árangri er hægt að ná í því að lækka byggingarkostnað með því að efna til stórframkvæmda á byggingarsviðinu, en framkvæmdir Þjóðverja við endurreisn lands síns á byggingarmálasviðinu eru hinar allra merkustu og sá árangur, sem þeir hafa náð í því að lækka byggingarkostnað, einmitt með því að hagnýta vinnuaðferðir stórframleiðslunnar við íbúðarhúsagerðina, hafa sýnt, að stórkostlegum árangri má ná með þessum hætti. Hér eru verkefnin að vísu ekki eins stór, ekki skilyrði til jafnmikillar stórframleiðslu og meðal stórþjóðar, og þá einkum og sér í lagi í borgum, sem reisa þarf úr rústum, en engu að síður er á því enginn vafi, að miklum árangri

mætti ná í sambandi við skynsamlega lausn húsnæðisvandamálsins, ef meira væri gert til þess að tryggja vinnuaðferðir stórrekstrarins í þágu byggingarframkvæmdanna.

Að svo mæltu leyfi ég mér að óska þess, að frv. sé vísað til 2. umr. og til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 63, n. 439).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

29. Áburðarverksmiðja (frv. BergS og GilsG).

Á 9. fundi í Sþ., 19. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju [58. mál] (þmfrv., A. 68).

Á 9. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bergur Sigurbjörnsson): Herra forseti. Tilgangurinn með frv. því, sem hér liggur fyrir á þskj. 68, um breyt. á l. nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju, er, eins og tekið er fram í grg., að koma til móts við óskir bænda í þessu máli.

Eins og kunnugt er, mun áburðarverksmiðjan kosta fullgerð nokkuð á annað hundrað millj. kr. Þegar gengið var frá lögum um þessa verksmiðju á hv. Alþ. árið 1949, var inn í hið upphaflega frv. bætt ákvæði, sem heimilaði ríkisstj. að breyta áburðarverksmiðjunni í hlutafélag með 10 millj. kr. hlutafé, og skyldi ríkissjóði heimilt að leggja fram 6 millj. kr. af því.

Enda þótt það sé að sjálfsögðu margra hluta vegna varhugavert að hafa hlutafé jafnlítið með tilliti til heildarkostnaðar verksmiðjunnar og hér var gert ráð fyrir, mátti þó telja líklegt, að það kæmi ekki að verulegri sök í þessu efni, þar sem gera varð ráð fyrir, að bændum og stéttarsamtökum þeirra, sem að sjálfsögðu bera hitann og þungann af stofnkostnaði verksmiðjunnar, yrði gefinn kostur á að kaupa þau hlutabréf, sem öðrum aðilum en ríkissjóði yrði heimilað að kaupa. Reynslan varð þó sú, þótt ótrúlegt megi virðast, jafnmarga fulltrúa og bændur kjósa á hv. Alþingi, að allt öðrum aðilum en bændum og stéttarsamtökum þeirra var gefinn kostur á að kaupa þessi hlutabréf. Fáeinir peningamenn í Reykjavík og fyrrverandi heiðarleg stofnun keyptu hlutabréf í áburðarverksmiðjunni fyrir samtals 4 millj. kr. Miðað við það, sem áburðarverksmiðjan mun kosta upp komin, nemur þessi upphæð, 4 millj. kr., um 3% af stofnkostnaði verksmiðjunnar. Nú er svo ráð fyrir gert, að öll lán vegna byggingar verksmiðjunnar, þ. e. allur byggingarkostnaður verksmiðjunnar að undanteknum þessum 10 millj. kr., sem er hlutafé, endurgreiðist á 20 árum, og vegna þess að verksmiðjan er hlutafélag, hefðu þeir aðilar, sem lögðu fram um 3% af stofnkostnaðinum, þá eignazt ⅔ hluta verksmiðjunnar eða eignir, sem næmu, miðað við núgildandi verðlag, um 45—50 millj. kr. Þessar eignir umgetinna peningamanna í Reykjavík hefðu bændur og neytendur búvöru greitt, þ. e. a. s. neytendur, að svo miklu leyti sem bændum væri af markaðsástæðum kleift að reikna allt áburðarverðið með í búvöruverðinu, en eins og nú horfir er ekki öruggt, að það takist. Á 20 árum hefðu bændur og neytendur búvöru breytt 4 millj. framlagðra fjármuna peningamanna í Reykjavík í 45—50 millj. kr. eign, miðað við núgildandi verðlag, en vafalaust nokkrum milljónatugum meira þá, ef allt fer svo sem nú horfir. Ég sleppi því að ræða ýtarlega þessa hlið málsins, enda óþarft. Hún er sjálftalandi.

Áburðarverksmiðjan hefur löngum verið talin eitt helzta áhuga- og framfaramál bændastéttarinnar, eða allt síðan það mál kom fyrst á dagskrá. Er það ekki nema eðlilegt, þar sem bændur þurfa og verða að nota aðalframleiðsluvöru hennar, áburðinn, og eiga því öllum öðrum stéttum meira undir því, hvernig til tekst með þetta mikla fyrirtæki, rekstur þess og stjórn, hag þess og þrif í nútíð og framtíð. Þetta virðist öllum hv. þm. hafa verið fullkomlega ljóst á öllum stigum þessa máls, nema því síðasta, þegar að því kom að selja hlutabréf í verksmiðjunni. Þá láðist þeim að setja í lög nr. 40 frá 23. maí 1949 orðin „stéttarsamtaka bænda og bænda“ í stað orðanna „félaga og einstaklinga“. Augljóst má þó vera, að hér sé eða hljóti að vera um mistök ein að ræða. Samkv. eðli málsins er jafnfjarstætt að útiloka bændur frá hlutdeild í áburðarverksmiðju og áhrifum á stjórn hennar og fá það í hendur peningamönnum í Reykjavík, sem hljóta að sjálfsögðu að hafa gróðavonina að leiðarstjörnu, og það væri fjarstætt að selja bændum einum hlutabréf t. d. í fiskiðjuveri ríkisins, ef því væri breytt í hlutafélag. Þetta veit ég að öllum hv. þm. er ljóst og þó sérstaklega þeim, sem kosnir eru á þing af bændum landsins. Þess vegna þykist ég mega vona, að þeir komi til liðs við okkur tvo þjóðvarnarmenn á hv. Alþ., sem því miður höfum ekki afl einir til að koma fram þeirri sjálfsögðu leiðréttingu á lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju, sem hér liggur fyrir og prentuð er á þskj. 68, þess efnis, að bændum sé tryggður réttur til að eiga einir og reka áburðarverksmiðju með ríkissjóði. Það, að ég þykist mega vona, að hv. þm. veiti þessu mikla áhuga- og hagsmunamáli bændastéttarinnar lið, rökstyð ég með því, að það hefur komið átakanlega í ljós, að bændur eru óánægðir með þá skipan, sem nú er á orðin. Um það bera samþykktir búnaðarþings og Stéttarsambands bænda ljósast vitni. Vilji

bænda er því ótvíræður í þessu efni, og vilji bænda ætti að vera fulltrúum bændastéttarinnar óskráð lög, þegar um er að ræða eitt helzta hagsmunamál þeirrar stéttar.

Þá þykir mér hlýða að láta koma ljóslega fram þegar í þessari umr., að það nýmæli er í frv. okkar hv. 8. þm. Reykv. á þskj. 68, að þar er lagt til, að búnaðarmálastjóri og formaður Stéttarsambands bænda taki þegar sæti til bráðabirgða í stjórn áburðarverksmiðjunnar. Það, sem fyrir okkur vakir með þessu, er að gefa bændum nú þegar tækifæri til að hafa áhrif á stjórn, mannaval og skipan alla í þessu fyrirtæki, áður en það tekur til starfa og er bundið í tiltölulega föst form. Það má ljóst vera, að aðaláhugamál bænda í sambandi við þessa verksmiðju hlýtur að vera það, að hún sé vel og skynsamlega rekin, að sem hæfastir menn veljist til starfs hjá þessu fyrirtæki og að framleiðslukostnaður allur sé sem lægstur. Hins vegar mun óþarft að rekja það nákvæmlega, hver tilhneiging er, þar sem peningamenn og hið opinbera eru alls ráðandi, til að gera slíkt fyrirtæki að fjölskyldufyrirtæki, þar sem fjölskyldusjónarmið ráða meiru en hæfileikar og þekking, bæði um mannaval og fjölda embætta í sama fyrirtæki. Það er til að koma í veg fyrir allt slíkt, sem við flm. þessa frv. leggjum til, að búnaðarmálastjóra og formanni Stéttarsambands bænda verði veitt aðild að stjórn áburðarverksmiðjunnar, þegar er þetta frv. yrði orðið að lögum, og má teljast eðlilegt, að þeir séu tilnefndir, þar sem þeir eru oddvitar bændastéttarinnar um öll slík mál sem hér um ræðir.

Þá hlýt ég að geta þess, að fyrir hv. Alþ. liggur annað frv. um breyt. á l. nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju, frá tveimur hv. þm. Sósfl., þess efnis, að áburðarverksmiðjan verði algerlega ríkiseign. Ég vil taka fram, að eftir atvikum tel ég það næstbeztu lausn málsins og alls ekki óeðlilega till. með tilliti til þess, hve hlutafé verksmiðjunnar er lítið miðað við heildarstofnkostnað. Hins vegar er það ófrávíkjanleg stefna Þjóðvarnarflokks Íslands að gefa hinum vinnandi stéttum tækifæri til að hafa áhrif á og eiga, að svo miklu leyti sem þær fá undir því risið á hverjum tíma, þau framleiðslutæki, sem efnahags- og lífsafkoma þessara stétta byggist á. Í samræmi við þá stefnu er það frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 68, og í samræmi við málsatvik og eðli málsins vonum við flm. þess, að það sé einnig í samræmi við réttlætiskennd hv. þingmanna, og viljum treysta því, að afgreiðslu þess verði hraðað svo, að sú skipan, sem hér er mælt með, geti komizt í framkvæmd áður en áburðarverksmiðjan tekur til starfa, en þess er væntanlega ekki langt að bíða úr þessu. — Að svo mæltu legg ég til, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, miðar að því, eftir skýringu hv. frsm., hv. 8. landsk., að gefa bændum og þeirra samtökum nokkru meira vald en hann telur að þeir nú hafi í stjórn áburðarverksmiðjunnar. Ég held það sé nauðsynlegt fyrir okkur að athuga dálítið nánar, þegar svona mál eru flutt hér, hverjar afleiðingar mundu verða af samþykkt svona frv., þó að ég gangi nú kannske ekki beint út frá því, að hv. flm. hafi ætlazt til þess, að það yrði samþykkt í þessu formi. Mér heyrðist það nú á undirtóninum í ræðu hv. frsm., að þetta væri frekar ætlað til að stríða vissum aðilum hér á þinginu heldur en til þess að fást samþykkt.

Það er eitt, sem ég vildi taka fram í upphafi út af einu orði, sem féll hjá hv. frsm. Hann sagði, að bændur mundu bera hita og þunga af verksmiðjunni. Ég veit ekki alveg nákvæmlega, hvað hann á við með þessu. Ég veit ekki, hvort það er eitthvað svipað og einn hæstv. núverandi ráðh. sagði hér í fyrra, að bændur mundu með ánægju borga hærra verð fyrir íslenzka áburðinn en fyrir þann útlenda og ef áburðarverksmiðjan þyrfti þess vegna á því að halda að setja hátt verð, þá mundi þess vegna verðið verða hærra til bænda og bændur bera þannig hita og þunga af þessu. Ég hef nú satt að segja ekki haft trú á því, að verðlagið á áburðinum yrði ákveðið þannig, jafnvel þó að þess væri full þörf frá sjónarmiði verksmiðjunnar. Ég býst við, að bændur mundu nefnilega aldrei sætta sig við það. En sé kleift að láta þessa verksmiðju, sem nú er að komast upp, framleiða áburðinn með sama verði og hann er erlendis, þá er það fyrst og fremst af einni ástæðu, og það er af þeirri ástæðu, að þessi verksmiðja kemur til með að fá rafmagn á sama verði og hún mundi fá það í Noregi, eins og nýju norsku verksmiðjurnar fá það. Það þýðir, að Sogsvirkjunin lætur þessari áburðarverksmiðju rafmagn í té með svo lágu verði, að raunverulega er verið að gefa með því til áburðarverksmiðjunnar. Það verður alveg ljóst, ef menn athuga, að meira en helmingurinn af öllu því orkumagni, sem nýja Sogsvirkjunin kemur til með að framleiða, fer handa áburðarverksmiðjunni, þegar hún verður komin í gang. Til þess að framleiða það orkumagn hefði þurft það raforkuver, sem væri eins og helmingurinn af núverandi Írafossvirkjun. M. ö. o.: Það hefði kostað um 100 millj. kr. að koma upp orkuveri, sem gat framleitt nægilegt handa áburðarverksmiðjunni. Af þeim 190 millj., sem við verðum líklega að reikna með alls að Írafossvirkjunin kosti, fara raunverulega um 100 millj. til þess að framleiða það rafmagn, sem nú er framleitt handa áburðarverksmiðjunni. Þau lán, sem ríkið lætur Sogsvirkjunina fá úr mótvirðissjóði, eru með 5½% vöxtum. Það þýðir, að vextirnir, sem verður að borga af 100 millj. kr., sem þyrfti að hafa til raforkuvers handa áburðarverksmiðjunni, eru 5½ millj. kr. á ári. Verðið á rafmagninu, sem áburðarverksmiðjan fær frá Sogsvirkjuninni, er um 3 millj. kr. á ári. Og þessir samningar eru kúskaðir í gegn með pressu ofan frá, frá ríkisstj. og Ameríku, þannig að það er framlengt til 15 ára, án þess að Sogsvirkjunin hafi nokkra vissu fyrir að geta sómasamlega staðið undir því að láta þetta rafmagn á þessu verði nema í næstu þrjú ár. M. ö. o.: Þeir, sem bera hita og þunga af því að halda þessari áburðarverksmiðju uppi, eru fyrst og

fremst nevtendurnir hér í Rvík og á Suðvesturlandi, með því að láta áburðarverksmiðjunni í té í fyrsta lagi það ódýrt rafmagn, að hvað það snertir ættum við að geta verið samkeppnisfærir við nýjar norskar verksmiðjur, og í öðru lagi að láta það mikið af því magni, sem framleitt er af raforku hér sunnanlands, í té, að raunverulega er helmingurinn af Sogsvirkjuninni gerður fyrir áburðarverksmiðjuna. Það er ákaflega mikill misskilningur, þegar verið er að tala um það, að bændur landsins hafi þannig séð verið settir hiá hvað raforkumálin snertir. Ég vil bara taka það fram, að af þeim tæpum 200 millj., eða 190 millj., sem Sogsvirkjunin kostar, þá eru um 100 millj. fyrir áburðarverksmiðjuna og fyrir bændur landsins. Áburðarverksmiðjan sjálf kostar um 125 millj. kr., raforkuverið fyrir hana í viðbót 100 millj., það þýðir, að um 225 millj. af því fé, sem ráðstafað hefur verið nú undanfarið, er þannig beinlínis fyrir framleiðslu handa bændum. Ég vil taka þetta fram í sambandi við það, sem stundum er verið að halda fram, að Reykvíkingar gíni yfir öllu. Og ég flutti hér í fyrra einmitt till. um, að það yrði séð fyrir, að rafmagnsvirkjanir yrðu nægilega fljótar hér, því að ef það verður ekki, þá mun ástandið verða þannig innan skamms í Rvík, að hér verður að framleiða með olíu rafmagn á 30 aura kwst., þegar áburðarverksmiðjan fær það á 1 eyri kwst. — Þetta er nú aðeins til að taka það fram, að þeir aðilar, sem bera hitann og þungann af þessu, eru a. m. k. til að byrja með neytendurnir hér í Rvík og á Suðurlandsundirlendinu, hvernig sem verður svo, þegar farið verður að ráðstafa þessu í framtíðinni.

Þá er annað, sem ég vildi gera athugasemd við í ræðu hv. frsm. Hann sagði, að það hefðu verið ýmsir peningamenn í Rvík og eitt fyrrverandi heiðarlegt fyrirtæki, — ég býst við, að hann hafi átt við Samband ísl. samvinnufélaga, — sem hafi heimtað að fá að kaupa þessi hlutabréf. Gangur málanna var sá, að það var Samband ísl. samvinnufélaga, sem heimtaði að fá að kaupa öll hlutabréfin og ætlaði að kaupa þau öll og borga þau með ávísun á Landsbankann. Það var ósköp þægilegur máti að gera hlutina á að gefa út eina litla ávísun upp á 4 millj. á Landsbankann og fá fyrir hana hlutabréfin í staðinn og ráða áburðarverksmiðjunni. Hins vegar er það svo, að ýmsir menn hér í Rvík, sérstaklega iðnrekendur, munu hafa verið eitthvað smeykir við það, að vald eins ákveðins flokks, m. ö. o. Framsfl., sem ég hef nú ekki orðið var við að hv. frsm. elskaði neitt, yrði nokkuð mikið með því, að Samband ísl. samvinnufélaga eignaðist öll hlutabréfin í áburðarverksmiðjunni. Þess vegna stóðu lengi deilur í ríkisstj. um það, að það dygði ekki að láta Sambandið kaupa fyrir peninga Landsbankans öll hlutabréfin í áburðarverksmiðjunni, heldur yrði að kúska það fram, að ákveðnir peningamenn í Rvík fengju líka að leggja þarna eitthvað fram. Nú held ég, að þessir peningamenn hafi yfirleitt nóg annað með sína peninga að gera. Samt sem áður hafa þeir nú á endanum borgað þetta, en það verið skorið niður, sem Sambandið fékk að leggja fram í þetta. Þannig mun því hafa verið jafnað nokkurn veginn, að framlög félags peningamannanna annars vegar og, eins og hv. frsm. sagði, hins fyrrverandi heiðarlega fyrirtækis hins vegar væru nokkuð jöfn. Þannig stendur þetta núna, og á þetta höfum við deilt mjög skarplega.

Ég skil alveg þann tilgang hv. frsm., að hann muni vilja koma í veg fyrir, að eitthvert svona fyrirtæki, sem hann virðist hafa imugust á, nái tökum á áburðarverksmiðjunni. En er girt fyrir það með 1. gr. í þessu frv.? Það er ákveðið, að það skuli leita eftir þátttöku bænda og félags- og stéttarsamtaka bænda.

Í fyrsta lagi á að leita eftir þátttöku bænda. Hvað þýðir það? Það þýðir, að svo og svo mikið af bændum getur lagt fram þarna hlutafé. Hver er nú okkar reynsla í sambandi við svona nokkuð? Reynslan er sú, að ef bændur hafa sérstaka aðstöðu hvað þetta snertir, þá hagnýtir venjulega Sambandið sér slíka aðstöðu með þeim pólitísku tökum, sem það hefur á stórum hluta bændastéttarinnar, til að skapa sér aðstöðu í gegnum hana. Það er ekki langt síðan S. Í. S. hafði menn á launum til þess að ganga hér út um allt landið til að kaupa hlutabréf. Ég held ekki, að bændur hafi haft sérstakan áhuga í því sambandi, en ég held, að það hafi verið keypt af bændum eða náð af bændum til Sambandsins. Og ég er ákaflega hræddur um, ef maður ræðir þetta nú í alvöru, og það er bezt að gera það nú, af því að það hafa komið fram, eins og frsm. tók réttilega fram, till. frá ýmsum samtökum, — ég er hræddur um, að þetta yrði bara til þess, að einmitt S. Í. S. og þeir, sem í því drottna nú — þ. e. innsta klíka Framsfl. — næðu þarna enn meiri tökum en þeir hafa núna.

Í öðru lagi á að leita til félags- og stéttarsamtaka bænda. Hvernig yrði skilið „félags- og stéttarsamtaka bænda"? Yrðu kaupfélög, t. d. hin og þessi kaupfélög, sem fyrst og fremst væru bændakaupfélög, ekki með dómi úrskurðuð sem félagssamtök bænda? Ég spyr af því, að ég er ekki alveg viss í því. En ég er ákaflega hræddur um, að það geti verið litið þannig á það, að kaupfélög hefðu alveg fullan rétt til þess að kaupa hlutabréf með þessu móti, og öll vitum við, hvers konar tök Samband ísl. samvinnufélaga hefur nú á kaupfélögunum, — þá er ég hræddur um, að það væri komið svo, að Samband ísl. samvinnufélaga væri komið þarna inn um bakdyrnar, en mér virtist nú vera tilgangurinn hjá hv. flm. að hindra, að það kæmist inn um forstofudyrnar. — Um stéttarsamtök bænda, sem mér skildist hann nú sérstaklega eiga við, þeirra fagsamtök, sem líka hafa sérstaklega gert kröfu um þetta efni, verð ég að segja, að það er hlutur, sem ég kann ekki við, að Stéttarsamband bænda, þ. e. þeirra faglega samband, sé eigandi að hlutabréfum í rekstrarfyrirtæki. Ég kynni illa við það t. d. með verkalýðsfélög, að þau væru eigandi að hlutabréfum í slíku fyrirtæki. Það er ákaflega varhugavert spursmál að setja stéttasamtökin beint inn í slík fjármálafyrirtæki. Það á heldur að hafa sérstök samtök, ef maður endilega

vill hafa það, eins og bændur hafa með sínum mjólkursamlögum eða kaupfélögum eða slíku, til þess að beita á sviði fjármálastarfseminnar beint.

Hins vegar er með 2. gr. ríkissjóði upp á lagt, eins og er líka í því frv., sem við sósíalistar flytjum hér í hv. d., að innleysa hlutabréf annarra hluthafa. Því er ég út af fyrir sig alveg sammála í þessu frv. En ég er hræddur um, að afleiðingin af þessu frv. yrði sú, að í staðinn fyrir, að Framsfl. hefur ekki alveg 100% völdin í áburðarverksmiðjunni, eins og nú standa sakir, þá fengi hann það með þessu frv. Hins vegar skil ég ákaflega vel, að það yrði heljarmikil klípa, sem Framsfl. kemst í, þegar hann horfir framan í svona frv., og ég ann honum þess vel.

Flm. (Bergur Sigurbjörnsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins að leiðrétta örlítinn misskilning varðandi nokkur atriði, sem fram komu í ræðu hv. 2. þm. Reykv. (EOl).

Í fyrsta lagi sagði hann, að þetta frv. mundi ekki flutt í þeim tillangi, að það næði fram að ganga, heldur til að stríða ákveðnum aðilum. Þetta er alger misskilningur og alrangt. Frv. er einmitt flutt í þeim tilgangi, að það nái fram að ganga, og í þeirri von, að svo verði.

Í öðru lagi sagði hv. 2. þm. Reykv., að það mundu verða neytendur, sem borguðu áburðarverksmiðjuna. Í því sambandi vil ég drepa á það, að það er hjá sumum mönnum ákaflega útbreiddur misskilningur, að bændur séu alltaf framleiðendur og aldrei neytendur. En staðreyndin er sú, að bændur eru samkv. opinberum heimildum — og þeirra skyldulið — a. m. k. 20 eða 21% af neytendum landsins, og sem neytendum ber þeim því réttur til að fá tryggðan sinn hlut í þessari verksmiðju — fyrir nú utan það sjónarmið, sem þeir hafa sem framleiðendur.

Í þriðja lagi ræddi hv. þm. um það, að kaupfélög mundu verða skilgreind sem stéttarsamtök eða félagssamtök bænda. Þetta getur ekki verið rétt. Ég efast um, að það sé til nokkurt kaupfélag á landinu, sem er hreint félag bænda. Kaupfélögin eru yfirleitt félagssamtök flestra eða allra stétta þjóðfélagsins.

Í fjórða lagi sagðist hv. þm. óttast það, að Framsfl. mundi fá meiri yfirráð yfir áburðarverksmiðjunni með þessu fyrirkomulagi heldur en því, sem nú er. Um það atriði vildi ég aðeins segja það, að þetta mál á ekki að leysast með tilliti til flokkspólitískra sjónarmiða.

Einar Olgeirsson: Það var aðeins, herra forseti, örstutt athugasemd. Viðvíkjandi bændum sem neytendum talaði ég um það, að það væru notendur rafmagnsins, sem þetta kæmi fyrst og fremst til með að hvíla á hér í Rvík og á Suðurlandsundirlendinu, og bændur eru þar hverfandi litlir notendur rafmagns, — það eru þeir rafmagnsnotendur raunverulega, sem koma til með að standa undir einu af því þyngsta þarna, nema því aðeins að eigi að fara að reikna jafnvel sérstaklega hátt verð fyrir áburðinn til bænda, þá náttúrlega kemur það til með að hvíla einnig með þunga á þeim.

Viðvíkjandi kaupfélögunum skilgreindi ég, þegar ég var að spyrja, orðið félagssamtök, — ekki stéttarsamtök, heldur félagssamtök. Og „félagssamtök bænda" er miklu víðtækara en stéttarsamtök. Það er alveg rétt hjá hv. flm., að kaupfélög mundu aldrei vera skoðuð sem stéttarsamtök bænda, en sem félagssamtök bænda held ég að þau mundu verða skoðuð, þegar það væri um að gera kaupfélög, sem svo að segja einvörðungu bændur væru í.

Hvað snertir þá pólitísku hlið á þessu, þá er bezt fyrir okkur að ræða hana alltaf með hliðsjón af veruleikanum fyrir augum. Við, sem þekkjum alræði Framsóknar á þessum sviðum, vitum alveg hreint, hvernig hún mundi hagnýta svona hluti, ef það kæmist í gegn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 10. fundi í Nd., 26. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá landbn., á þskj. 523, var útbýtt 24. marz, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

30. Brúargerðir (frv. JörB).

Á 8. fundi í Nd., 20. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir [62. mál] (þmfrv., A. 74).

Á 9. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Þetta mál er gamall kunningi hér í þessari hv. d. Það hefur tvívegis verið borið fram áður, því hefur fylgt grg., og get ég um efni málsins skírskotað til þeirrar grg.

Mönnum í verplássunum eystra er mikið áhugamál, að þessi fyrirhugaða brúarsmíði komist inn á brúalög, og ég vil vona, að hv. þdm. þurfi ekki að skelfast við það aðeins að koma málinu inn á brúalög, því að eftir er það, sem höfuðmáli skiptir, og það er að veita fjármuni til verksins, þegar þar að kemur. Rannsókn hefur farið fram á brúarstæðinu, og er allt það bezta um það að segja, og þarf það ekki að vera því til hindrunar, að þetta frv. nái samþykki.

Við þm. héraðsins erum báðir einhuga um það að gera að vilja umbjóðenda okkar í þessu efni og gera það, sem við getum, til að koma málinu fram.

Starfsemi, sem er að verða í Þorlákshöfn, eykst með hverju ári, og eftir því sem lengra miðar mannvirkinu þar og stærri skip geta fengið afgreiðslu og hafnarsvæðið, þar sem skipin hafa hlé, verður stærra, því meiri verður áreiðanlega starfrækslan á þessum stað.

Það er meira, sem hér er um að ræða, heldur en aðeins í þágu kauptúnanna eystra. Það er fyrir Suðurlandsundirlendi allt, og ég er þeirrar trúar, að þetta geti haft mikla þýðingu, ekki síst ef hart er í ári, fyrir einmitt kauptúnin hér vestan fjalls, og áreiðanlegt er, að þegar hafnargerð er komin allverulega í Þorlákshöfn, þá verður það Vestmanneyingum hið mesta skjól í öryggi um tryggingu vegna sjósóknar að geta leitað þarna til hafnar. Hvað áhrærir kauptúnin Stokkseyri og Eyrarbakka, þá munu þau stunda útgerð frá Þorlákshöfn, þegar gæftir eru ekki stöðugar eða ekki góðar, því að það er ólíkt að sækja á fiskimið frá Þorlákshöfn eða frá Stokkseyri og Eyrarbakka. Skerjaklasinn, sem er fram af þeim kauptúnum, veldur því, að þar er mjög brimasamt, ef nokkur ókyrrð er í sjó, en slíku er ekki til að dreifa í námunda við Þorlákshöfn, þar er aðdýpi mikið og sjórinn hreinn alveg upp að lendingu og dýpkar skjótt. Þetta eru einhver beztu fiskimið í grennd við þessa höfn, eftir því sem þau gerast hér við þetta land. Það eru oft ekki nema fimm mínútur úr höfninni á fiskimiðin og oft og einatt, ef fiskigöngur eru verulegar, á þessum miðum mokafli.

Nú eru íshús á Stokkseyri og Eyrarbakka. Starf þeirra og tilvera byggist á sjósókninni fyrst og fremst. Þess vegna er það, að þótt útgerðin fari fram frá Þorlákshöfn og það sé sótt á miðin, þegar gæftir eru ekki góðar, þá þarf eigi að síður að geta flutt sjávarafla á milli staðanna. Og eins og ég hef hér gert grein fyrir áður og grg. ber með sér, þá er svo mikill munur á vegalengd hvað landflutningana snertir, að þetta kemur til með að muna árlega stórfé, og eftir því sem útgerðin vex og verður meiri, því meiri fjárhæðum má búast við að þetta nemi. Ég vil því vona, að hv. alþm. líti á málið frá þessu sjónarmiði, hve mikilvægt það er, og samþ. nú þetta frv., svo að það geti orðið að lögum.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um málið frekar. Ég vil leyfa mér að leggja til, að að þessari umr. lokinni verði því vísað til samgmn., — ætla ég, að það hafi farið til hennar áður, — og vil ég nú mega vænta þess, að hv. samgmn. verði fylgin sér í afgreiðslu málsins og harðskeytt, ef einhvers staðar kæmi fram eitthvað, sem benti til þess, að það ætti að hindra framgang málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til samgmn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

Alþt. 1953. C. (73. löggjafarþing).

31. Sömu laun kvenna og karla.

Á 8. fundi í Nd., 20. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um sömu laun kvenna og karla [64. mál] (þmfrv., A. 80).

Á 9. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Allir þm. Alþfl. í þessari hv. deild flytja þetta frv., sem nú er til umræðu. Efni þess er að lögfesta, að konum skuli greidd sömu laun sem körlum, að hvaða störfum sem þær ganga ásamt karlmönnum.

Í 1. gr. er það tekið sér, að íslenzka ríkið skuli greiða konum sömu laun og körlum í öllum störfum, embættum og sýslunum.

Það mun fyrst hafa verið árið 1911, sem konur fengu rétt að lögum til embætta hér á landi; þangað til áttu þær engan rétt til slíks. Og sú venja hefur skapazt án lagasetningar, að konur, sem gegna embættum hjá íslenzka ríkinu, hafa sömu embættislaun. Sennilega hefur gleymzt, þegar fyrsta konan tók við embætti, að setja sérstök lagaákvæði um það, að hún hefði lægri laun. Að minnsta kosti er þetta svona. En aftur á móti er það um margvísleg störf og sýslanir hjá íslenzka ríkinu á þann veg, að konur eru þar með allt önnur laun en karlmenn og miklu lægri. Sama er um þetta að segja hjá íslenzkum sveitarfélögum og bæjarfélögum, að konur eru þar oftlega í sams konar starfi og karlmaður, en njóta miklu lakari launakjara.

1. gr. er ætlað að taka af öll tvímæli um þetta og réttlæta það æpandi ósamræmi, sem nú ríkir í þessum efnum, og vitanlega algera ranglæti.

2. gr. er um það, að þegar fólk sé fært milli launaflokka, þá skuli sömu reglur gilda um færsluna milli launaflokkanna, hvort sem konur eða karlar eigi í hlut. Það sýndist nú svo sem það væri nálega óþarft að lögfesta slíkt, og andi gildandi launalaga er ótvírætt sá, að konur eigi að njóta sem mest launajafnréttis á við karlmenn. En í framkvæmdinni hefur það orðið svo hjá ríkisembættismönnum og forstjórum stofnana, að konur hafa ekki verið færðar milli launaflokka eftir sömu reglum og karlmenn, og þegar maður hefur haft margra ára reynslu af því, að framkvæmdin er þessi, þá er ekki annað fyrir hendi en að setja lagaákvæði um þetta sjálfsagða atriði.

Ég veit það, að mörgum dettur í hug, að það sé sízt af öllu ástæða til þess, að konum séu borguð lægri laun við verzlunarstörf, skrifstofustörf og afgreiðslustörf og þess konar, og það geti varla verið, að þar sé um mikinn launamismun að ræða milli karla og kvenna, en þarna er kannske einna mestur launamismunur milli karla og kvenna í framkvæmdinni. Því er það efni 3. gr. þessa frv., að skrifstofustörf öll og afgreiðslustörf í verzlunum skuli

greidd með sama kaupi, hvort sem þau séu unnin af körlum eða konum.

Að lokum kemur svo að því að taka af öll tvímæli um það, að við hin venjulegu daglaunastörf, erfiðisvinnu, vinnu við iðju og iðnað, þ. á m. störf í hraðfrystihúsum, t. d. fiskiðnaðarins, skuli konum greidd sömu laun og körlum, og til þess að hafa þar engar smugur, — því að ef smugur fyndust, þá yrðu þær notaðar, — er það ákvæði, að öll sérákvæði í samningum stéttarfélaga um lægri laun til handa konum en körlum skuli falla úr gildi, þegar þetta frv. yrði að lögum, eða í seinasta lagi frá 1. jan. 1954.

Ég held, að þeir verði fáir, sem treystast til þess að mæla gegn því, að þetta frv. flytji réttlætismál. Þetta mál er fyrst og fremst flutt af Alþfl. sem réttlætismál. Það er ekki flutt sem neitt sérmál kvenna. Það er jafnréttismál og réttlætismál, sem ætti ekki að þurfa að gera ráð fyrir að yrði barizt á móti af neinum.

Það er skammt síðan konur höfðu ekki rétt til náms í skólum ríkisins. Þær höfðu ekki rétt til að taka próf, þó að þær hefðu fengið að njóta námsins. Þær höfðu ekki rétt til íslenzkra embætta í þjónustu ríkisins, hvaða lærdóm sem þær höfðu, fyrr en það var tekið í lög árið 1911. Þær höfðu ekki atkvæðisrétt, hvorki í sveitarstjórnarmálum né til Alþingis og ekki heldur kjörgengi. Og það eru aðeins örfáir áratugir síðan menn opnuðu augun fyrir því, að þetta væri slíkt hróplegt ranglæti, að þetta gæti ekki gengið, og það yrði að tryggja konum með lögum sama rétt og körlum í þessu efni. Sú var líka tíðin, að foreldrar gerðu þannig að íslenzkum lögum upp á milli barna sinna, að sonurinn fékk heilan hlut, þegar skipta skyldi arfi, en dóttirin hálfan, hálfan arf. Einnig það ranglæti var aftekið með lögum. Þannig hefur orðið að saxa ranglætið niður í þessum efnum, og er þó ýmislegt, sem máli skiptir, eftir enn, þ. á m. þetta, sem þetta frv. Alþfl. fjallar um, misrétti kvenna og karla í launamálum.

Vinnuafl konunnar í þjónustu þjóðfélagsins, þjóðfélagsstofnana, er ekki metið á sama mælikvarða og vinna starfsbróðurins. Til þess að kveða það ranglæti niður þarf lagasetningar. Það er alveg greinilegt, að það gerist ekki af sjálfu sér, og það gerist því miður jafnvel ekki við hörðustu baráttu hinna sterkustu samtaka í landinu, þau áorka því ekki, eru búin að fást við þetta verkefni árum og áratugum saman og hafa ekki náð marki, eru í rauninni tiltölulega litlu nær. Yfirleitt má segja, að laun kvenna séu frá ⅝ hlutum, þar sem allra bezt er, upp í ¾ hluta af kaupi karlmannanna.

Í grg. þessa frv. eru tekin upp úr opinberum skýrslum, mjög nýlega út komnum, ýmis atriði, sem upplýsa það og sýna og sanna, að hér er ekki farið með fleipur. Þessar skýrslur fræða okkur m. a. um það, að af föstum starfsmönnum Rvíkurbæjar á árinu 1950 voru 140 konur í þjónustu bæjarins, þar með taldar kennslukonur og hjúkrunarkonur. Af þessum hópi voru aðeins 2 konur í níu hæstu launaflokkunum, 2 af 140, þ. e. 1 á móti hverjum 70. Hins vegar voru karlmennirnir 118 í níu hæstu launaflokkunum, 118 af 468, þ. e., ¼ hluti þeirra var í níu hæstu launaflokkunum. En aftur í sex lægstu launaflokkunum voru 44,4% konur, en 23.7% karlmenn. Þessar tölur þurfa ekki útskýringa við. Þær er ekki heldur hægt að vefengja, þær tala máli sannleikans, þær auglýsa opinbert og ómótmælanlegt ranglæti.

Hjá fyrirtækjum Reykjavíkurbæjar, rafmagnsveitunni, gasveitunni, vatnsveitunni, hitaveitunni og Reykjavíkurhöfn, voru á árinu 1950 25 konur, sem voru taldar fastir starfsmenn, en af þeim var aðeins ein einasta kona með hærri laun en í 10. launaflokki.

Ég taldi sjálfsagt að afla einnig upplýsinga um, hvernig þessu væri farið hjá íslenzka ríkinu, og sneri mér til ríkisféhirðis og fékk þar nokkrar upplýsingar viðvíkjandi því. Þá kom í ljós, að meðal fastra starfsmanna ríkisins voru, að því er mér var tjáð, 246 konur. Af þeim var engin í fjórum hæstu launaflokkunum, en í fimmta launaflokki fyrirfundust 2 og í sjötta launaflokki aðrar 2 og í sjöunda launaflokki voru 5 konur, þ. e., að í sjö hæstu launaflokkunum hjá ríkinu eru 9 konur. Þetta er á árinu 1953.

Eins og ég áðan sagði, er ekkert samræmi í þessu hjá ríkinu. Þær konur, sem eru embættismenn hjá ríkinu, eins og t. d. veðurstofustjóri, ríkisféhirðir, veðurfræðingur, sem er í þjónustu veðurstofunnar, skólastjórar við tvo æðri skóla, eru á fullum embættislaunum. En hundruð kvenna, sem eru við ýmis störf og sýslanir hjá ríkinu og inna þar vitanlega af hendi störf, sem þær eru jafnfærar um að vinna og gera að öllu leyti eins vel eins og karlmaður sinnti starfinu, eru í hinum lægstu launaflokkum. Þarna er það augljóst, að samræmið er ekkert, það er farið út um þúfur. Hið gamla ranglæti ríkir við hliðina á skilningi hins nýja tíma. Og annaðhvort verða menn að treystast til að bera fram till. um, að kona, sem sé embættismaður, skuli ekki hafa sömu laun og karlmenn, heldur svona í kringum ⅝ til ¾, og ná þannig samræmi, ellegar þá að viðurkenna, að það sé réttara að færa þetta til samræmis á þann veg, að allar konur í þjónustu ríkisins skuli fá sömu laun fyrir vinnu sína eins og ef störfin væru inni af hendi af karlmanni.

Það er ekkert vit í þessu, a. m. k. á þennan veg, sem það er nú í framkvæmdinni. Það er ef til vill helzt hægt að skjóta einhverjum stoðum raka undir það, að í erfiðisvinnu skyldu konur hafa lægra kaup en karlmenn, því að þar mætti ætla í ýmsum tilfellum, að afköst konunnar yrðu minni. Það er líka svo, að í daglaunavinnunni hafa konur lægra kaup en karlmenn, og það er frá ⅝ og upp í ¾, sem þær hafa af launum karla. Eðlilegast væri kannske, að þarna væri mestur mismunurinn á kaupi karla og kvenna, en hann er minnstur þarna — og hverju er það að þakka? Það er að þakka áratuga baráttu verkalýðsfélaganna. Það er allvíða, að kaup kvenna við erfiðisstörf er komið upp í ¾ af kaupi karlmanna.

Nú er það að vísu svo, að meginhluti allra starfa í atvinnulífi þjóðarinnar er með vaxandi

tækni orðinn svo auðveldur og léttur, að afl og úthald kvenmannsins dugir til þess að inna störfin af hendi og að meiri líkamsorka karlmannsins sýnir þannig ekki yfirburði í afköstunum. En með þessari breytingu í atvinnulífinu hverfur í burtu meginástæðan fyrir því að hafa þarna tvenns konar kaup, annað og lægra handa konum og hærra handa karlmönnum. Það er líka kunnugt, að við störf, jafnvel mjög erfið störf eins og fiskvask, er það gömul og ný reynsla, að jafnvel í slíkum þrældómi sem slík vinna er ná konur meiri afköstum en karlmenn. Karlmennirnir verða þar bókstaflega að sætta sig við það að ná minni starfsárangri, þegar hvort tveggja vinnur hlið við hlið í akkorði. Og það er eingöngu því að þakka, að við þetta starf hefur ekki verið borgað með tímavinnukaupi, heldur eftir ákvæðisvinnutöxtum, að konurnar hafa þar fengið sinn rétt — og stundum borið meira úr býtum, af því að þær afköstuðu meira en karlmenn, sem unnu að fiskþvotti. — Í hraðfrystihúsunum er það alveg óumdeilanlegt, að konur eru þar eins góður vinnukraftur og karlmenn. Það er ef til vill hægt að halda því fram, að þegar á að flaka stóran fisk og gera það langan vinnutíma, þá geti karlmennirnir náð meiri afköstum við það verk út af fyrir sig í heild, en jafnvíst er hitt, að við öll þau störf, sem tilheyra innpökkun og vigtun fiskflakanna, sem er mikill þáttur í störfum hraðfrystihúsanna, eru konurnar langtum betri og afkastameiri vinnukraftur heldur en karlmenn. Í heild er því áreiðanlega hægt að fullyrða, að kvenfólk er eins verðmætur vinnukraftur í þjónustu fiskiðnaðarins og karlmenn og allur kaupmismunur milli kynjanna ætti á því sviði að falla niður. Nákvæmlega sama má segja um flest störf við iðju og iðnað í landinu, en þar er geysimikill munur á kaupinu. Sem dæmi er hér sagt frá því í grg. frv., að samkvæmt samningum Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík, er hæsta mánaðarkaup kvenna 1200 kr., en hæsta mánaðarkaup karla 1830 kr., og er þá í báðum tilfellum miðað við grunnlaun. Niðurstaðan er sú í þessu tilfelli, að konur hafa ekki einu sinni ⅔ af kaupi karlmannanna.

En það, sem sætir mestri furðu, þegar þessi mál eru athuguð og skoðuð ofan í kjölinn, er það, að á verzlunarsviðinu, við verzlunarstörf og skrifstofustörf, er kaupmismunur karla og kvenna hvað mestur. Og af hverju? Ja, það er af því, að hið starfandi fólk í verzlunarlífinu hér á landi hefur ekki haft skilning á því að bæta kjör sín með atbeina stéttarfélaga og stéttarfélögin hafa þar ekki fjallað um að rétta hlut kvenna á líkan hátt og þau hafa gert við hina erfiðari daglaunavinnu.

Við athugun á samningum Verzlunarmannafélags Reykjavíkur hefur komið í ljós, að í hæsta launaflokki, sem í eru skrifstofustjórar og 1. flokks fulltrúar, er eingöngu miðað við karla. Það er ekki gert ráð fyrir því, að í þessum fyrsta og hæsta launaflokki sé nein kona, enda er það ekki. Í 2. flokki, en í honum eru aðalbókarar og fulltrúar 2. flokks og 1. flokks bréfritarar, sölustjórar og aðalgjaldkerar, er líka eingöngu miðað við karlmenn. Það er ekki fyrr en komið er niður í b-lið í 4. flokki, sem er um aðstoðarfólk á skrifstofum, að í fyrsta sinn í samningunum er gert ráð fyrir konum og körlum í sama launaflokki. Þar má jafnréttið byrja.

Um afgreiðslufólk í búðunum er alveg sömu söguna að segja. 1. flokks deildarstjórar eru eingöngu karlmenn, og 1. flokks afgreiðslumenn skulu líka eingöngu vera karlmenn samkvæmt þessum samningum — alls ekki gert ráð fyrir því, að neinar konur geti verið 1. flokks deildarstjórar eða afgreiðslumenn. En konur geta aftur á móti orðið 2. flokks deildarstjórar. Nú þekkjum við flest til þessara starfa eitthvað meira eða minna og sjáum, að nálega í hverri verzlun eru bæði piltar og stúlkur, karlar og konur, og þau vinna þar hið sama verk, að rétta — oftast nær tiltölulega létta hluti fram yfir búðarborðið, afgreiða eitt kg af kaffi, einn smjörlíkispakka o. s. frv., o. s. frv. Þau afgreiða álnavörur, meðan búðin er opin, og það má vera með ólíkindum, ef það er yfirleitt þannig, að karlmaðurinn afgreiði þar meira, skili meira verki og verðmætara en afgreiðslustúlkan við hliðina á honum. En samt er það svona, launamismunurinn er verulegur og bezt launuðu störfin eru ekki ætluð konum.

Að því er snertir mánaðarkaup karla og kvenna við verzlunarstörf, er það að segja, að afgreiðslumenn skulu hafa kr. 1351.35 í mánaðarlaun, þegar þeir byrja, en afgreiðslustúlkur með sömu menntun skulu hafa 1053 kr. Þetta er launamismunurinn þarna.

Launamismunurinn við erfiðu störfin hérna í Reykjavík er sá, að samkvæmt taxta verkakvennafélagsins Framsóknar hafa konur frá kr. 6.60 og upp í kr. 6.90 á klst. eftir tegund vinnunnar, en karlmenn eftir taxta verkamannafélagsins Dagsbrúnar hafa þá frá kr. 9.24 og upp í kr. 12.00 á klst. eftir tegund vinnunnar. Munurinn er þarna mikill, en hann er samt minni en á verzlunar- og skrifstofusviðinu og á sviði iðnaðarins.

Það er mjög stutt síðan það þótti alveg sjálfsagt að haga launamálum verkafólks á þann hátt, að langhæsta kaupið væri greitt í Reykjavík og næsta nágrenni hennar, en kaup væri nokkru lægra í stærri kaupstöðunum úti um land, en miklu lægra kaup í kauptúnum úti um land, og sennilega hefur svo verið gengið út frá því, að það félli vel inn í kerfið, að svo væri lægst kaup í sveitum landsins. Á þessu er nú orðin mikil breyting. Í meginhluta landsins er nú gildandi hið sama kaup og launamismunurinn í stærri kauptúnum orðinn hverfandi og sums staðar enginn miðað við Rvík. Vitanlega horfir þetta alveg rétt. Þetta var sjálfsögð leiðrétting. En það var sagt, þegar verið var að tala um, að það yrði greitt sama kaup í kauptúnunum kringum Ísafjarðardjúp og í Ísafjarðarkaupstað, að það mundi ríða öllu atvinnulífi á slig í sjávarþorpunum, og sagt, að ef kaupið í Hnífsdal, Bolungavík og Súðavík væri knúið upp í það sama og á Ísafirði, þá legðist öll útgerð þar niður, í bezta tilfelli yrði að lækka verðið á fiskinum, og það yrði þá að bitna á

sjómönnunum, sem fengist fram til hagsbóta fyrir verkafólkið í þessu efni. En þetta voru eintóm falsrök, og það var vitanlega ekki hægt að taka tillit til þeirra, og svo er kaupið í þessum kauptúnum hið sama og í Ísafjarðarkaupstað.

Nú skyldi maður ætla, að meðan atvinnurekendurnir í kauptúnunum höfðu lága kaupið, þá hefðu þeir grætt meira en atvinnurekendurnir á Ísafirði. Það var þveröfugt. Þeir atvinnurekendur stóðu sig verst, sem höfðu lægst kaupið. Það er fyrst eftir að kaupið var hækkað í þessum kauptúnum, sem atvinnulífið tók að taka verulegum framförum og er nú með einstökum glæsibrag þar, sem það hefur um áratugi verið hæst. Og þetta er ekkert torráðin gáta. Meðan þeir höfðu ódýra vinnukraftinn, þá létu þeir sér nægja alls konar vinnufrek vinnubrögð, gættu engrar hagsýni í atvinnurekstri sínum, héldu sig græða á lága kaupinu og skeyttu því ekki þeim ágóða, sem hægt var að hafa gegnum aukna tækni. En til þess urðu þeir neyddir, þegar lága kaupið hvarf, og við það réttu þeir sig úr eymdinni og kútnum, atvinnurekendurnir, auk þess sem velferð fólks auðvitað jókst við þetta. Þetta ranglæti, sem var rótgróið, allir töldu til skamms tíma sjálfsagt, töldu nauðsyn atvinnulífsins, er nú horfið, og það hefur orðið til blessunar.

Alveg eins er með launamismun karla og kvenna. Þetta eru leifar gamals tíma. Þetta er ranglæti, sem menn einungis geta þolað vegna vanans, sem menn halda, að sé búinn að helga það, en það á engan rétt á sér, og það á að hverfa, hverfa sem fyrst, alveg eins og launamismunurinn hefur horfið fyrir baráttu stéttasamtakanna á hinum ýmsu stöðum á landinu.

Ríkið er búið að stíga langt skref til þess að eyða launamismun kvenna og karla. Það launar embættismenn eins, hvort sem það eru konur eða karlar. Það á að launa alla starfandi menn og konur eins, hvoru kyninu sem starfsmaðurinn tilheyrir. Það dettur engum í hug, að ríkið eigi nú að græða á því að ætla þeim konum, sem eru embættismenn í þjónustu ríkisins, lægri embættislaun heldur en körlum, og að nokkrum árum liðnum munu allir sjá, hvílík fjarstæða það væri að hafa nokkurn launamismun karla og kvenna.

Verkalýðshreyfingin og kvenréttindahreyfingin um heim allan hafa lengi beitt sér fyrir því, að konur nytu sömu launa og karlmenn. Alþjóðaverkalýðssamtökin hafa ár eftir ár, einkum nú hin síðustu ár, gert samþykktir um það, að launamismunur karla og kvenna verði að hverfa úr sögunni. Alþjóðasamband frjálsra verkalýðsfélaga, sem hélt þing í Stokkhólmi s. l. sumar, gerði samþykktir um þetta efni og hét á fulltingi alþýðusamtakanna í öllum löndum meðlimafélaganna að beita sér fyrir því, að sömu laun yrðu lögfest fyrir konur sem karla í viðkomandi löndum. Alþjóðavinnumálastofnunin í Genf hefur og á öllum þingum sínum hin síðustu ár beitt sér fyrir þessu máli, og fyrir hv. Alþ. hafa einum þrisvar sinnum legið prentaðar skýrslur og gögn frá þeirri virðulegu stofnun með áskorun til íslenzka ríkisins um að afmá launamismun kvenna og karla. Og íslenzku alþýðusamtökin — við getum nefnt hér Alþýðusamband Íslands — hafa á mörgum þingum undanfarið gert samþykktir um sömu laun kvenna og karla. Kvenfélagasamtökin hér á landi og kvenréttindasamtökin hafa sífellt klifað á þessu máli líka, en með litlum, já, með engum árangri. Vegna þessa, að hér er um óumdeilanlegt réttlætismál að ræða, sem virðist ekki ætla að leysast á annan hátt en með lagasetningu, bera þm. Alþfl. í þessari hv. d. málið fram í frv.-formi og vilja vænta þess, að löggjafarsamkoman styðji réttan málstað og geri frv. að lögum.

Ég held, að það sé réttast, að þessu máli verði vísað til allshn. (*Forseti:* Eða heilbr.- og félmn.)

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 10. fundi í Nd., 26. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. heilbr.- og félmn., á þskj. 819, var útbýtt 12. apríl, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

32. Friðun rjúpu.

Á 10. fundi í Sþ., 22. okt., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um samþykktir um friðun rjúpu* [65. mál] (þmfrv., A. 81).

Á 10. fundi í Nd., 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Nd., 29. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Eitt af því, sem talið hefur verið — og það með nokkrum rétti — að sé að gerast nú á síðari árum, er það, að það sé meira og meira verið að ganga á sum atriði í náttúruauðæfum okkar lands, og er þar ekki síst um að ræða, að menn eru almennt þeirrar skoðunar, að fuglalífið í landinu fari heldur þverrandi og það af ýmsum ástæðum, en þó einkum þeim, að ránfuglar og ránd ýr og kannske þó það rándýrið, sem á þessu sviði er hættulegast og er maðurinn sjálfur, hafi gengið lengra á þessu sviði en hóf er að. Nú er það svo, að í okkar fuglalífi er ekki mjög mikið um nytjafugla, en þeir mestu nytjafuglar, sem hér hafa verið á okkar landi, eru aðallega tvær tegundir, þ. e. æðarfugl og rjúpa. Æðarfuglinn er nú, eins og kunnugt er, alfriðaður, og dugir þó ekki vel til vegna þess, hve

hann er eftirsóttur. Varðandi rjúpuna, þá hafa um það verið nokkuð harðar deilur oft hér á þingi, hvort ætti að friða hana og að hve miklu leyti ætti að friða hana, og ýmsum undarlegum skoðunum haldið fram á því sviði. Nú hef ég, eftir að hafa kynnzt því, hvernig með þessi mál er farið, þegar á að fara að ræða þau og taka til ákvörðunar á Alþ., þótzt sjá, að það mundi ganga örðuglega að koma fram breyt. til batnaðar í þessu efni, ef það ætti að byggjast á lagasetningu, sem Alþ. setti, og ættu að vera gildandi ákveðin lög. Þess vegna hefur mér dottið í hug, eins og tekur sig út í því frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 81, að veita *stjórnum héraðanna vald til þess að taka* ákvarðanir um þessi efni með samþykktum, þannig að það sé lagt í vald sýslunefndar og hreppsnefnda innan hvers héraðs eða þeirra héraða, sem landfræðilega eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta á þessu sviði, að gera samþykkt um friðun rjúpu. Þessi aðferð hefur að vísu verið tekin í lög á sumum öðrum sviðum, að gera samþykktir innan héraðs um nokkur atriði, og fleira mætti og gæti komið til greina á því sviði en það, sem hér er farið fram á.

Eins og hv. þm. hafa kannske séð, sem hafa lesið þetta frv., þá er ætlunin með því sú samkvæmt 1. gr. þess, að það séu sýslunefndirnar, sem hafa þarna forgöngu, ef ástæða þykir til að gera breyt. í þessu efni, og ef sýslunefndir, ein eða fleiri saman, koma sér saman um að gera samþykkt um friðun rjúpu, þá skuli það vera borið undir almennan fund, sem haldinn er af hreppsnefndum, öllum hreppsnefndarmönnum á viðkomandi friðunarsvæði, hvort samþykktin skuli samþ. eða ekki. Ef slíkur fundur breytir samþykktinni, þá er til þess ætlazt, að sýslunefnd taki þær breytingar aftur á ný til athugunar, og ef hún fellst ekki á þær, þá bíður málið til næsta árs og hlýtur svo sömu meðferð eins og fyrir er mælt í 2. gr. frv.

Af því að hér er um tiltölulega einfalt mál að ræða og hér er lagt til að leggja þetta undir þá aðila, sem aðallega hafa hagsmuna að gæta, sem eru þeir menn í landinu, sem rjúpnalöndin eiga, þá sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða öllu meira um það, ef ekki koma nein andmæli fram á þessu stigi, en legg til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Um mál þetta, eða réttara sagt um friðun rjúpu, stóðu talsverðar deilur hér í þinginu fyrir þrem árum, ef ég man rétt, og var þá hv. flm. þessa frv., hv. þm. A-Húnv. (JPálm), skeleggastur fyrir því að friða rjúpuna og gegn því að veita heimild til þess að skjóta hana, eins og verið hefur undanfarin ár, vegna þess, eins og hann komst að orði, að rjúpunni getur varla fjölgað því meira sem hún er kappsamlegar drepin.

Það má segja, að þetta sé að vissu leyti öfugmæli, að rjúpnastofninn aukist þrátt fyrir það, að leyft er að skjóta rjúpuna. En því verður ekki neitað, að þær staðhæfingar vísindamanna um þetta efni, að rjúpnadrápið hefði ekki áhrif á vöxt stofnsins, hafa reynzt vera réttar. Það hefur verið heimilt að skjóta rjúpuna á vissum tímum árs undanfarin 3 ár, en þrátt fyrir það hefur stofninn samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja og aflað hefur verið á hverju ári, vaxið mjög mikið, og virðist fjölgun rjúpunnar einna mest nú á þessu ári. Hins vegar heldur sá vísindamaður fram, sem mestan þáttinn átti í því, að friðuninni var kippt burt, að rjúpnastofninn muni fara minnkandi eftir eitt eða tvö ár og minnka mjög skyndilega. Mér finnst ástæða til að bíða þess og sjá, hvort þessar fullyrðingar vísindamannsins geta staðizt jafnvel og þær, sem hann hélt fram *upphaflega, að stofninn mundi aukast* þrátt fyrir friðunarleysið. Ég gæti því fyrir mitt leyti vel verið því fylgjandi, að rjúpan yrði friðuð næstu 3 ár, til þess að ganga úr skugga um það, hvort stofninn minnkaði, og það kannske stórkostlega, þrátt fyrir að rjúpan væri friðuð. Ef það kæmi í ljós, þá er sýnilegt, að ástæðulaust er að vera að brjóta heilann um, hvort eigi að friða rjúpuna eða ekki, enda er þá líka komið í ljós, að það, sem vísindamennirnir hafa haldið fram í þessu efni, verður að teljast rétt. Hins vegar get ég vel viðurkennt, að það er ekki óeðlilegt, að héruðin eða sýslurnar fái að ráða, hver í sínu umdæmi, hvort friða skuli þau rjúpnalönd, sem menn eiga í þessum sýslum. En mér finnst, að það sé verið að fara yfir lækinn til þess að sækja vatn, ef verið er að reyna að friða rjúpuna með þessum ráðstöfunum, þrátt fyrir það að vísindalega megi sanna, að slíkar ráðstafanir komi ekki að haldi.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Ég skal nú ekki á þessu stigi ganga langt í því að þræta við hv. 3. þm. Reykv. (BÓ) um þau einkennilegu vísindi, sem hann var hér að lýsa, en þau vísindi byggjast á því, að rjúpan sé einhver yfirnáttúrlegur fugl og henni ýmist fjölgi af sjálfu sér eða fækki af sjálfu sér og kannske fjölgi einna helzt þeim mun meira sem hún er meira drepin. Þetta er einmitt kenning, sem hefur verið haldið mjög hér á lofti og ekki sízt af þessum hv. þm. Ég er nú einn þeirra, sem leggja ekki mikinn trúnað á hana, enda held ég, að erfitt sé að sanna það, að nokkuð í þessu hafi staðizt, því að það mundi nú ganga illa að telja rjúpurnar. Og rjúpan er auðvitað fugl, sem færir sig nokkuð á milli héraða; þó að henni fjölgi í einu héraði, þá getur henni fækkað í öðru. Það er ekkert undarlegt við það, þó að rjúpu hafi fjölgað núna t. d. í ár, það sé óvenjulega margt af rjúpu í haust, vegna þess að það hafa lifað allir ungar vegna góðrar tíðar í vor, og það er kunnugt, að hver rjúpnahjón, ef allt lifir, eiga tólf unga. En út í þetta skal ég nú ekki mikið fara og legg sem sagt ekki neitt upp úr því og veit ekki til, að það hafi komið fram í því efni neinar sannanir, sem hægt er að byggja á.

Það er út af fyrir sig gott, ef hv. Alþ. vildi ganga inn á það að alfriða rjúpu yfir allt landið í þrjú ár, því að það er, eins og hv. síðasti ræðumaður tók fram, rétt spor í áttina, en sem sagt er mín till. þessi, að það sé lagt í

vald héraðanna, hvernig með þessi mál er farið, því að það eru sveitahéruðin í landinu, sem þarna hafa hagsmuna fyrst og fremst að gæta. Nú er komið svo ástandi í okkar landi, að yfirgnæfandi meiri hluti af landsfólkinu er orðið í þéttbýli, og það fólk, sem þar elur sinn aldur, á yfirleitt engin lönd, sem rjúpur haldast við í, og hefur ekki annarra hagsmuna að gæta en þeirra, að menn úr þeim byggðarlögum geta fengið aðstöðu til þess að nota sér þessi réttindi, sem eru annarra manna eign. Og eins og tekið er fram í grg. fyrir þessu frv., þá hefur þótt bera nokkuð mikið á því og fara vaxandi, að kauptúna- og kaupstaðabúar gengju nokkuð langt í því að ganga inn í rjúpnalönd einstaklinga og héraða án leyfis og fara þar að eins og þeir væru þar landeigendur.

Nú er það svo, að ég vænti þess, að hv. landbn., sem fær þetta mál væntanlega til afgreiðslu, taki það til athugunar, og þá kemur í ljós, hvort það verður nokkurt samkomulag um að fara þessa leið, úr því að það hefur ekki á undanförnum árum tekizt að fá samkomulag um það á aðra leið.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að minna á það í sambandi við það mál, sem hér liggur fyrir, að fyrir 2 árum, ef ég man rétt, var lagt fyrir þessa hv. d., að ég ætla, frv. frá þáverandi hæstv. ríkisstj. um friðun fugla. Þetta frv. um friðun fugla var samið af mþn., sem skipuð hafði verið til að athuga þetta mál. Ef ég man rétt, þá var þessu máli á sínum tíma vísað til hv. menntmn., því að sá háttur hefur verið á, að því er virðist, að fuglafriðunarmál hafi heyrt undir menntmrn., og þess vegna var þetta frv. líka fengið menntmn. til meðferðar hér í hv. d.

Nú mun hafa farið svo um þetta mál þá, ef ég man rétt, að það reyndist vera æði margt, sem þurfti að athuga í sambandi við það, þrátt fyrir þá athugun, sem það hafði fengið í mþn., og menntmn. munu hafa borizt ýmis erindi varðandi þetta mál. Niðurstaðan hygg ég að hafi orðið sú, að n. hafi ekki tekið afstöðu til málsins þá, heldur frestað því, og mun þá hafa verið ætlazt til, að aflað yrði nákvæmari gagna, m. a. umsagnar sýslunefnda og bæjarstjórna.

Nú er mér ekki kunnugt, hvað gerzt hefur í því máli síðan eða hvort þess er að vænta, að frv. um friðun fugla verði lagt fyrir þetta þing. En þar sem nú er lagt fram frv., sem snertir friðun rjúpu, þá sýnist mér eðlilegt, að það mál sé athugað í sambandi við hið almenna fuglafriðunarmál. Ég vil þess vegna leggja til, að þessu frv., sem hér liggur fyrir, verði vísað til hv. menntmn., og vil þá jafnframt vænta þess, að sú hv. n. kynni sér, hvað því máli líður nú, þ. e. a. s. hinu almenna fuglafriðunarmáli, og vil ég þá vænta, að það geti orðið til þess, að af því bærust einhverjar nánari fréttir, áður en þessu þingi lýkur.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Mér finnst ástæða til að vekja athygli á því í sambandi við þetta mál, að landeigendur munu hafa það á valdi sínu, hvort rjúpur eru veiddar í löndum þeirra eða ekki þann tíma, sem rjúpnaveiði er leyfð samkvæmt landslögum. Ég veit ekki betur en það sé þannig, að það sé öllum óheimilt að vaða inn í lönd annarra manna og stunda þar rjúpnadráp án þess að fá til þess leyfi hjá landeigendum, og því þurfi engar samþykktir til þess að koma í veg fyrir slíkt. Þessu vildi ég skjóta fram til athugunar fyrir þá hv. n., sem væntanlega fær málið til meðferðar.

Það heyrast stundum í útvarpi auglýsingar frá mönnum um, að rjúpnaveiði sé bönnuð í löndum þeirra, en ég hygg, að allt slíkt sé óþarft, það sé óþarft að auglýsa það, því að þetta sé óheimilt án leyfis, að stunda rjúpnaveiði eða fugladráp í löndum annarra manna. Ég tel því nokkurt vafamál, að það sé þörf fyrir slíka samþykkt, menn hafi þetta á valdi sínu, þeir sem löndin eiga. Hitt er annað mál, að það getur verið erfitt oft fyrir menn að líta eftir því, að slíkar yfirtroðslur eigi sér ekki stað, en það kann að vera, að það verði erfitt einnig, þó að samþykktir séu gerðar eða samtök um þetta yfir stærri svæði.

Ég vildi aðeins beina þessu til þeirrar hv. n., sem málið fær til athugunar í sambandi við þetta frv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil aðeins láta það koma fram, sem e. t. v. hefur þegar verið getið um hér í umr., að frv. það um fuglafriðun, sem var til meðferðar í þinginu 1951, hefur síðan sætt verulegri athugun, m. a. verið sent til sýslunefnda um land allt, og liggur nú fyrir ásamt ýtarlegum umsögnum þeirra. Þeir menn, sem undirbjuggu fuglafriðunarfrv. á sínum tíma, hafa nú farið yfir þessar umsagnir og í verulegum atriðum tekið tillit til þeirra og samið brtt. á grundvelli þessara umsagna, þó ekki að öllu leyti tekið þær til greina, heldur einungis að því leyti, sem þeir töldu sanngjarnt vera. Ég hef síðan nokkuð athugað þetta og mælt fyrir um, að einstaka lögfræðilegum atriðum frv. væri breytt og sett í betra og skýrara horf en í frv. var, og stendur sú athugun eða meðferð á frv. yfir einmitt þessa dagana. Þegar henni er lokið, þá geri ég ráð fyrir og hef raunar ákveðið að leggja frv. fyrir hv. Alþ. og mun þá væntanlega leggja það fyrir þessa hv. d. Ásamt frv. er þá sjálfsagt að senda þær umsagnir, sem fyrir liggja, hvort sem þær verða prentaðar eða ekki, en þær geta þá verið til athugunar fyrir einstaka þm. og þá n., sem fær málið til athugunar. Tel ég sannast sagt skynsamlegra, að þetta mál, sem nú er til umr., verði afgreitt þannig í sambandi við fuglafriðunina í heild en að sérákvæði verði sett um þá fuglategund, sem ræðir um í því frv., sem hér liggur fyrir. Ég hygg, að það verði ekki um það deilt, að sú kenning fræðimanna, sem þeir skýrðu frá fyrir tveim, þremur árum, að rjúpan væri þá í örum vexti af eðlilegum ástæðum og samkvæmt náttúrunnar lögmáli, sé rétt og að reynslan hafi staðfest hana, þannig að friðunin hafi í raun og veru miklu minni áhrif á fjölda rjúpunnar en menn að óreyndu skyldu

ætla, alveg eins og þeir spá nú, að á næstu árum muni stofninn fara minnkandi, hvað sem allri friðun líður.

Ég vildi taka þessi atriði fram hér til upplýsingar og sérstaklega leggja áherzlu á það, að hvað sem mönnum sýnist um þetta frv., sem nú liggur fyrir, þá verði það þó ekki afgreitt úr n. fyrr en stærra frv. verður lagt fyrir, sem vonandi verður áður en mjög langt um líður, þótt það sé ekki alveg til enn þá.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Það voru nú sérstaklega aths., sem fram voru teknar af hv. þm. V-Húnv. (SkG), sem gáfu mér tilefni til þess að segja hér nokkur orð til viðbótar. — Þessi hv. þm. tók fram, að það mundi ekki þurfa nein verndunarlög fyrir lönd einstakra manna, vegna þess að þeir hefðu sjálfir heimild til þess að banna allt rjúpnadráp í þeim. Þetta er út af fyrir sig rökrétt, að allur veiðiréttur fylgir löndum þeirra manna, sem eiga löndin, og við þekkjum nokkur dæmi til þess, að einstakir landeigendur hafa auglýst bann við rjúpnadrápi í sínum löndum, en þess er bara að gæta í þessu sambandi, að bæði eru nú mörg heimalönd nokkuð víðlend og ekki gott að vita um það, ef það væri leyft að skjóta rjúpur í næsta nágrannalandi, hvernig með það er farið, og þar að auki eru afréttarlönd, sem vissar sveitir eiga og ekki er þá mjög mikið hirt um eignarréttinn á; það veit ég, að hv. þm. V-Húnv. og aðrir þm. hafa orðið varir við, bæði varðandi fuglaveiði og fleiri hluti. Þess vegna er það, að þetta frv., sem hér er flutt, er nánast um það að gefa landeigendunum tækifæri til þess að mynda lögbundinn félagsskap um vernd landa sinna, og kemur það ekki að neinu leyti í bága við þau réttindi, að hver einstaklingur, sem er landeigandi að jörð, er líka eigandi að þeirri veiði, sem þar er.

Varðandi það, að þetta frv. eigi að fara í menntmn., þá vil ég alveg mótmæla þeim skilningi, sem þar er fluttur. Enda þótt oft hafi fuglafriðunarmál verið talin sem menntamál, þá er þetta frv. þess eðlis, að það á beinlínis heima í landbn., vegna þess að það eru landbúnaðarmennirnir — það eru sveitahéruðin, sem þarna er verið að gefa tækifæri til þess að vernda sinn eignarrétt með samtökum. Ég vil einnig mótmæla því, sem kom fram hjá hæstv. menntmrh., þar sem hann lagði á það áherzlu, að frv. eins og þetta yrði ekki afgr. fyrr en allsherjarfriðunarlög yrðu afgreidd, því að ég hygg, að um allsherjarfuglafriðunarlög eða breytingu á þeim, þá verði það svo langur tími, sem þarf til undirbúnings þeirri afgreiðslu, að það gæti orðið nokkuð löng bið á því að fá afgreitt þetta litla frv., ef það ætti endilega að bíða eftir þeirri stund.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Forseti (SB): Það hafa komið uppástungur um tvær n., og verður sú till. borin upp fyrr, sem fyrr kom fram. En það er rétt, að fuglafriðunarlög hafa áður verið til meðferðar hjá hv. menntmn. og náttúrlega eðlilegast, að hún fjalli um bæði þau frv., sem hér hefur verið rætt um, væntanlegt frv. frá hæstv. ríkisstj. um almenn fuglafriðunarlög og það mál, sem hér liggur fyrir. — Verður borin upp till. hv. flm. um það að vísa frv. til hv. landbn.

Till. um að vísa frv. til landbn. felld með 12:8 atkv.
Frv. vísað til menntmn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

33. Sala Hanahóls.

Á 10. fundi í Sþ., 22. okt., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja þjóðjörðina Hanahól í Norður-Ísafjarðarsýslu* [66. mál] (þmfrv., A. 83).

Á 9. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér frv. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja þjóðjörðina Hanahól í Norður-Ísafjarðarsýslu. Efni þess er einungis það, að ríkisstj. verði heimilað að selja ábúanda þessarar jarðar, Hannibal Guðmundssyni, jörðina fyrir það verð, sem dómkvaddir menn meta.

Ég hygg, að þetta frv. sé í samræmi við þá venju, sem tíðkazt hefur undanfarin ár, að gefa ábúendum þjóðjarða kost á að eignast þær. Hér á hlut að máli mjög dugandi bóndi, sem setið hefur jörðina vel um alllangt skeið, og virðist því allt mæla með því, að honum verði gefinn kostur á að eignast hana.

Frekari ummæli tel ég ekki þörf á að láta fylgja þessu frv. Vil aðeins segja það, að það er mín skoðun, að það sé rétt stefna, að ríkið selji þeim bændum, sem sýnt hafa dugnað og atorku, þær þjóðjarðir, sem þeir hafa setið. Það er áreiðanlega affarasælast fyrir íslenzkan landbúnað, að sjálfseignarbændur séu sem flestir í landinu.

Að svo mæltu vil ég leyfa mér að óska þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til landbn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

34. Skattfríðindi sjómanna á fiskiskipum.

Á 11. fundi í Nd., 27. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um skattfríðindi sjómanna á fiskiskipum [70. mál] (þmfrv., A. 93).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég flyt hér frv. um nokkra skattaívilnun til handa sjómönnum á fiskiskipum, en frv. er á þskj. 93. Aðalefni þessa frv. er það að veita starfandi sjómönnum á íslenzkum fiskiskipum þau sérstöku réttindi, að þeir megi draga frá framtöldum tekjum sínum, þeim tekjum, sem þeir hafa af sjómannsstörfum, ⅓ hluta af brúttókaupi sem frádráttarbæran til skatts. Auk þessa ákvæðis er svo í frv. að finna þá heimild til handa sjómönnum, að þeir megi draga frá framtöldum tekjum sínum til skatts 4 þús. kr. upphæð á ári vegna vinnufatakaupa.

Ástæðurnar til þess, að mér hefur þótt rétt að flytja frv. um þetta efni, eru í aðalatriðum þær, að það ber sífellt meira og meira á því, að erfitt sé að fá sjómenn til starfa við fiskveiðar. Það er greinilega að verða mikið vandamál hér á landi að fá Íslendinga til starfa á fiskiskipum. Kjör þau, sem þeir búa þar við, eru ekki þess eðlis, að þau séu sérstaklega eftirsóknarverð. Í mjög mörgum tilfellum sýnir reynslan það, að kjör fiskimanna eru heldur lélegri en kjör þeirra, sem í landi vinna. Og þá gefur það auga leið, að meðan svo er muni menn frekar leita eftir reglubundnari og hægari vinnu í landi en eftir sjómennskustörfum. Það væri því ekki óeðlilegt, þegar á það er svo aftur litið, hve þýðingarmikil fiskimannsstörfin eru fyrir þjóðarbúskap okkar, þó að ríkið sjálft hlypi þarna til móts við hagsmuni fiskimanna og byði fram nokkra skattaívilnun þeim til handa til þess m. a. að gera kjör þeirra nokkru betri en þau eru nú og örva menn frekar en nú er til þess að stunda þessi störf. Mér er það alveg ljóst, að þessi skattaívilnun, sem hér er um að ræða, er ekki ýkjastór, og hún ein fær vitanlega ekki ráðið úrslitum í því, að menn mjög almennt gefi sig að sjómannsstörfum. Það þyrftu í rauninni að koma margar aðrar ráðstafanir til og stærri en þessi, en þessi er ein af þeim, sem nokkuð hafa verið ræddar í landinu, og mér þykir full ástæða til, að hún komi hér fram og löggjafinn sýni það, að hann vilji mæta þessum sívaxandi kröfum frá hálfu þeirra, sem að þessum störfum vinna.

Auk þess er svo á það að benda um sjómenn almennt, að tekjur þeirra eru ekki að öllu leyti sambærilegar við tekjur þeirra, sem í landi vinna. Sjómannstekjurnar verða í rauninni þeim miklu ódrýgri en tekjur þeirra, sem í landi eru. Vinnutíminn í landi gefur mönnum venjulega tækifæri til þess að vinna allmikið á óbeinan hátt að heimilisstörfum, og þær tekjur, sem á þann hátt skapast hjá þeim, sem við landvinnu vinna, eru sjaldan taldar fram til fulls og stundum og í mörgum tilfellum alls ekki síður að meta þær til tekna. En aftur á móti verða beinlínis allar tekjur sjómanna að koma að fullu leyti undir skattalagaákvæði, og þeir verða þá aftur að kaupa sér beinlínis aðstoð vegna heimilanna. Þar sem þeir eru oft og tíðum langtímum fjarri heimilum sínum, þá verða þeir að kaupa þessa heimilishjálp, og á þann hátt verða eðlilega tekjur þeirra miklu ódrýgri en hinna, sem vinna heima hjá sér.

Þá er hitt, sem oft hefur verið á bent, að sjómenn, á fiskiskipum sérstaklega, hafa mjög drjúgan útgjaldalið í sambandi við öflun á sínum tekjum, þar sem eru vinnufatakaup, fram yfir það, sem flestir aðrir starfsmenn hafa, því að þótt jafnvel verkamenn og ýmsir aðrir geti bent á það, að þeir hafi nokkuð há útgjöld af kaupum á vinnufatnaði, þá mun engin deila vera um það, að kaup sjómanna í þessu efni á alveg óhjákvæmilegustu vinnufötum eru þau langsamlega mestu, sem um er að ræða hjá venjulegum starfsstéttum hér á landi, og væri af þeirri ástæðu fulleðlilegt að veita þeim nokkra skattaívilnun vegna þessara sérstöku útgjalda.

Ég veit það, að meginefni þessa frv. er öllum það vel kunnugt, að það ætti ekki að vera þörf á því að ræða það hér í löngu máli nú við 1. umr., og sé ég því ekki ástæðu til þess að hafa mitt mál miklu lengra, en vil vænta þess, að sú n., sem fær þetta mál til athugunar, greiði fyrir því, því að þetta er sannarlega réttlætismál, og þetta er mál, sem getur skipt okkur miklu meira, þegar á allt er litið, heldur en margan grunar.

Ég vil svo óska eftir því, að þessu frv. verði að lokinni umr. vísað til fjhn. til fyrirgreiðslu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

35. Togaraútgerð ríkisins.

Á 12. fundi í Sþ., 28. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar [76. mál] (þmfrv., A. 101).

Á 13. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 14. fundi í Nd., 30. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Frv. á þskj. 101 er nú flutt í fjórða sinn. Fyrst flutti ég það einn í hv. Ed., næst flutti

ég það í sömu d. ásamt hv. 4. þm. Reykv. (HG), og á síðasta þingi var málið flutt af öllum þm. Alþfl. í þessari hv. d. Að þessu sinni varð að ráði, að ég flytti frv. ásamt hv. þm. V-Ísf. (EirÞ), sem hafði tjáð mér, að hann væri mér sammála um, að þetta frv. benti á rétta leið út úr vanda, sem ekki hefði verið leystur enn til neinnar hlítar. Vil ég taka fram við þetta tækifæri, að mér þykir vænt um fylgi þessa atorkumikla útgerðarmanns við málið.

Vandamálið, sem frv. er ætlað að leysa eða eiga hlut að að leysa, er hið árstíðabundna atvinnuleysi, sem því miður gerir vart við sig á hverju ári á fleiri eða færri stöðum á landinu. Jafnframt er frv. ætlað að stuðla að betri nýtingu og rekstrarafkomu afkastamikilla atvinnufyrirtækja og í þriðja lagi að auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar í heild. Nú mundi margur spyrja: Er ekki hægt að gera þetta með einhverju öðru móti? Jú, það hefur vissulega verið leitazt við að gera það, en samt er málið enn þá óleyst. Það hefur verið þráfaldlega reynt að gera þetta með framfærslustyrkjum úr sveitarsjóðunum. Það hefur og verið leitazt við að gera það með svo kallaðri atvinnubótavinnu, sem þá oft hefur lent í því, að verkefnin hafa verið ófrjó, einkum þau, sem hægt var að grípa til á þeirri árstíð, sem þurfti að láta vinna, hvort sem brýn þörf væri fyrir verkið eða ekki, og árangur oft lítill, t. d. klakahögg að mestu leyti að vetri við útivinnu og lítið að hafa þannig sem arð af verkinu í aðra hönd. Nú væri víða í sjóþorpum hægt að bæta úr atvinnuleysi með því að auka vélbátaflota og draga þannig afla að landi, sem yrði síðan grundvöllur fyrir vinnu fyrir hið atvinnulausa fólk í landinu. Þetta er sums staðar hægt að gera, en á öðrum stöðum er það ekki tiltækilegt.

Þá er það, sem við stöldrum við þetta úrræði, sem hér er túlkað í þessu frv., að gera þetta með togaraútgerð og þá togaraútgerð í því formi, að ríkið eigi nokkra togara. Í þessu frv. er lagt til, að ríkið kaupi og geri út fjóra togara og útgerðinni sé hagað á þann hátt, að þessir ríkistogarar leggi afla þar á land, sem atvinnuleysið gerir vart við sig og atvinnutæki eru til á stöðunum, sem ekki hafa nægilegt verkefni. Með þessu er hægt að leysa tvenns konar þörf, taka ónotað vinnuafl til notkunar og taka illa hagnýtt atvinnutæki til betri hagnýtingar. En með því móti, að þessir togarar séu reknir af ríkinu, en ekki af einstaklingum eða einstöku bæjarfélagi, er hægt að ætla sama skipi að leggja upp aflann nú á þessum staðnum og svo á hinum, þar sem hann á að leysa úr atvinnuleysisvanda eða hráefnisþörf ónotaðra atvinnufyrirtækja.

Það er af þessari ástæðu, og henni einni, að lagt er til, að þessir togarar, sem ættu sérstaklega að afstýra atvinnuleysi, séu í ríkisrekstri, — að það rekstrarfyrirkomulag eitt tryggir þann færanleika atvinnutækjanna, sem nauðsynlegur er til þess að þjóna þessu markmiði. Það er ekki af neinni kreddufestu eða af neinni annarri ástæðu, sem lagt er til, að ríkisrekstur sé hér viðhafður, heldur en þessu, að markmiðið útheimtir þetta rekstrarform, eða m. ö. o., að þetta rekstrarform eitt leysir þann vanda, sem hér er stefnt að að leysa. Ég minnist þess t. d., þegar þetta mál komst til n. í hv. Ed. á sínum tíma og þar var fjallað um málið af fulltrúum flokkanna í sjútvn., að hinn reyndi útgerðarmaður Jóhann Þ. Jósefsson, hv. þm. Vestm., sagði, að því yrði ekki á móti mælt, að til þess að leysa þetta hlutverk, sem hér væri um rætt í þessu frv., væri ekkert rekstrarform, sem hentaði, annað heldur en ríkisrekstur, þess vegna teldi hann þessa hugmynd mjög athyglisverða, og hans till. var sú, að ríkisstj. yrði falið að rannsaka möguleika á slíkri útgerð sem hér væri um að ræða. Málið fór þá til 3. umr. í Ed., en var ekki afgr. úr d., enda þá komið nokkuð nærri þinglokum. En þetta var skoðun þess reynda útgerðarmanns einmitt um þetta atriði, sem menn kynnu kannske helzt að hafa á móti frv., þ. e. a. s. rekstrarformið. Annars skil ég nú ekki í því, að hv. alþm. láti slíkt standa í vegi fyrir því, að þeir fylgi slíku máli sem hér er um að ræða, því að vissulega ættu fordómarnir gegn ríkisrekstri að vera farnir að hjaðna nú, þegar ríkisrekstur hefur verið viðhafður árum og áratugum saman hjá þessu ríki í fjöldamörgum fyrirtækjum og stofnunum. Í sjávarútvegi er opinber rekstur ekki heldur nein nýlunda nú orðið. Hafnarfjarðarbær hefur rekið togara um áratugi í opinberum rekstri, og sú reynsla var á þá lund, að Reykjavíkurbær tók upp bæjarrekstur togara og hefur nú stærsta útgerðarfyrirtæki, sem rekið hefur verið á Íslandi undir því rekstrarformi, Akraneskaupstaður sömuleiðis, og er þar vitanlega um annað form á þjóðnýtingu að ræða. Ég geri því því ekki á fæturna, að menn snúist til andstöðu við slíkt mál sem þetta eingöngu af prinsipsjónarmiðum, af því að þeir séu á móti opinberum rekstri, móti ríkisrekstri í þessu tilfelli, sem hentar betur en bæjarrekstur, þó að það sé annars annað form þjóðnýtingar. Sama má að vísu segja um samvinnurekstur. Það er í raun og veru þjóðnýtingarform út af fyrir sig, og ættu því samvinnumenn að minnsta kosti ekki að þurfa að kippa sér upp við það að verða að grípa til ríkisrekstrar, þegar það bersýnilega hefði yfirburði yfir önnur rekstrarform til þess að ná ákveðnu þjóðinni nauðsynlegu markmiði. Veigameiri mótbára væri vafalaust að segja: Ja, ríkið stofnar sér í fjárhagslega áhættu með því að hefja rekstur fjögurra togara, eins og þarna er lagt til, — og því verður vitanlega ekki neitað, að stórrekstri í sjávarútvegi — í þessu tilfelli togararekstri — fylgir áhætta, og hún er oft og tíðum stórfelld. En á sama hátt má þá segja, að togararekstri fylgi líka allmiklar gróðavonir, og úr því að þjóðin rekur togara, annaðhvort í einstaklingsrekstri, bæjarrekstri eða með öðru móti af þeirri nauðsyn, sem fyrir hendi er, þá verður að líta svo á, að það a. m. k. gangi upp hvort á móti öðru, áhættan við slíkan rekstur og gróðamöguleikarnir, svo að það sé ekki að fráfælast útgerð togara af þeirri ástæðu einni.

Hér er ætlunin sú, að fengin væru nýtízku skip, nýtízku dieseltogarar, til þessa hlutverks,

sem ætla mætti að væru ódýrari í rekstri og þar með minni áhætta bundin við útgerðina en eldri skip og afkomumöguleikar betri. En það, sem úr sker í þessu efni, er það, að þrátt fyrir það að áhætta sé fyrir hendi, er áhætta þjóðfélagsins af atvinnuleysinu miklu stórfelldari en öll áhætta í sambandi við rekstur slíkra atvinnutækja. Ef 1000 manns ganga atvinnulausir í 4 mánuði, þá kostar það þjóðfélagið að verðmætum a. m. k. um það bil 12—15 millj. kr. Og það þarf ekkert sérstakt atvinnuleysisár að vera til þess, að það sé staðreynd, að hér gangi um það bil 2000 manns atvinnulausir víðs vegar á landinu flesta vetrarmánuðina, 4—5 mánuði, og þá er þar aldrei um að ræða minna en 25—30 millj. kr. tjón fyrir þjóðfélagið í beinum framleiðsluverðmætum, þó að ekki sé litið á það böl, sem atvinnuleysinu fylgir að öðru leyti.

Ég vil svo að lokum aðeins skýra frá því, að fjöldi manna um allt land, sem ég hef haft tal af og hafa skrifað mér út af þessu frv. fyrr og síðar, hefur látið í ljós, að þeir væru sannfærðir um, að atvinnuleysi, einkanlega árstíðabundið atvinnuleysi, víðs vegar um landið yrði ekki leyst eða úr því bætt á áhættuminni hátt en einmitt með ríkisrekstri togara, sem væru færðir til eftir því, sem atvinnuástandið væri hverju sinni. Í einum landshluta getur verið um aflaleysi og atvinnuleysi að ræða að vori til og á öðrum staðnum að haustinu, þriðja staðnum á útmánuðum, og er ekkert því til fyrirstöðu, að ríkisrekinn togari geti yfir vormánuðina bætt úr atvinnuleysi á einum staðnum þá árstíðina og á allt öðrum stað kannske í öðrum landshluta á öðrum tíma árs. Með þessu væru skipin hagnýtt til fulls og vinnuaflið og atvinnutæki í ýmsum landshlutum betur hagnýtt en nú gerist einmitt undir ríkisrekstrarformi slíkra skipa.

Atvinnumálanefndirnar í kaupstöðum landsins og víða í sjóþorpum hafa einmitt svarað atvinnumálanefnd ríkisins því, þegar spurt hefur verið, hvað væri hér helzt til úrbóta til þess að fyrirbyggja atvinnuleysi, að það væri, að togari eða togarar kæmu og legðu upp fisk til verkunar nokkra túra. Á ýmsum stöðum hafa þeir sagt: Hér þurfum við frá ári til árs að fá slíka togarafarma á land að vorinu, — og á öðrum segja þeir: Hér er það frá ári til árs á haustin, — og á ýmsum stöðum er það á útmánuðum, eins og t. d. var rökstutt í frv., sem lá fyrir þinginu s. l. vetur að því er snerti Húsvíkinga; þar sögðu þeir, að þeir gætu ekki náð til afla á útmánuðum og þá þyrftu þeir að fá þar lagðan á land afla af togurum.

Fiskþurrkunarhús eru víða um landið lítt og ekki notuð og þyrftu að fá hráefni til vinnslu. Þegar ekki væri hægt að framkvæma atvinnubótavinnu úti við, sem bæri neinn viðhlítandi árangur, þá væri tilvalið að útvega slíkum vinnustöðum eins og þurrkhúsunum fisk til verkunar og að fólk ynni þar að verðmætisaukningu aflans og skilaði þannig þjóðarbúinu með vinnu sinni auknum þjóðfélagsverðmætum. — Og þannig er það með fiskimjölsverksmiðjurnar og önnur fiskiðjuver, sem ónotuð standa með atvinnulaust fólk í kringum sig. Það er vitanlega óverjandi af þjóðfélaginu að gera ekki ráðstafanir til þess, að þessi tæki ásamt ónotuðu vinnuafli séu hagnýtt betur en gert er.

Atvinnumálanefndirnar hafa því mælt mjög fast með því, að annaðhvort væru fengnir togarar, sem eru í einkarekstri, til þess að leggja upp túr og túr á þeim stöðum, þar sem atvinnuleysi herjar, ellegar þá, eins og augljóst er, að ríkið gerði út slík skip og léti þau inna það hlutverk af hendi að draga úr atvinnuleysinu *með því að leggja afla á land þar, sem ónotað* vinnuafl og ónotuð vinnutæki bíða eftir þörfum verkefnum.

Ég vona, að augu hv. þm. séu opin fyrir því, að hér er vandamál á ferðinni, sem þjóðfélaginu ríður á miklu að sé vel og viturlega leyst og ekki hefur verið leyst til þessa, og að hér er bent á leið, sem nú er haldið að hv. þingheimi í fjórða sinn, — leið, sem fleiri og fleiri fallast á að sé sú rétta leið út úr þessum ógöngum.

Ég mæli því fastlega með frv. og skora á Alþ. að samþykkja það. Ég legg til, að frv. verði að lokinni umr. vísað til hv. sjútvn.

Eiríkur Þorsteinsson: Herra forseti. Atvinnuvegir Íslendinga eru háðari veðráttu og öðrum geðbrigðum náttúruafla en gerist í flestum nágrannalöndunum. Orsakir þess eru alþjóð kunnar. Framleiðslugreinar þjóðarinnar hafa lengst af verið fáar og einhæfar og lengi vel lítið áberandi aðrar en landbúnaður og fiskveiðar. Síðar, eða aðallega á þessari öld, er svo unnt að fara að tala um sem stórar atvinnugreinar iðnað, verzlun og siglingar, auk margháttaðra starfa, sem skapazt hafa samfara uppbyggingu nútíma menningarþjóðfélags.

Frv. það á þskj. 101, er hér liggur fyrir til umr. og við hv. 3. landsk. þm. (HV) erum flm. að, gengur út á það að sjá þeim kauptúnum og kaupstöðum, sem ekki hafa bolmagn til að reka togara sjálf, fyrir nægum fiski til verkunar af togurum, sem ríkið gerir sjálft út, til að jafna atvinnu í þeim á þann hátt, að togararnir leggi þar einkum afla á land, sem atvinnuleysi gerir vart við sig og mest er þörf aukinnar atvinnu hverju sinni. Eins og kunnugt er, hafa hinar stórfelldu framfarir í útbúnaði fiskiskipa valdið því, að fiskurinn hefur gengið til þurrðar í sjónum. Ýmsar góðar verstöðvar eru svo til lagðar niður sem slíkar. Með öllum hugsanlegum veiðitækjum og véltækni nútímans virðast skilyrðin til fiskveiða ætla að þrjóta víða kringum land.

Það virðist ekki vera hægt annað en að gera svona máli fullkomin skil hér á hinu háa Alþingi. Á öllum höfnum landsins hafa verið byggð frystihús og víða fiskimjölsverksmiðjur, sem miðast fyrst og fremst við það, að vinnandi fólk sjávarplássanna geti gert sem mest verðmæti úr aflanum, sem berst á land, og jafnhliða hlotið lífsviðurværi sitt þar af. Þó að vertíð vélbáta, t. d. vestanlands, lukkaðist sæmilega, þá stendur hún ekki nema ca. 4—5 mánuði ársins. Þá er ekki neitt fyrir fólkið,

sem vinnur að fiskiðnaði, að gera hina 7—8 mánuðina. Yfirleitt eru vestfirzk sjávarþorp ekki svo sterk fjárhagslega, að þau geti risið undir neinum teljandi töpum af rekstri togara, en á rekstri þeirra hafa viljað verða misbrestir um allt land. Ég get því eigi annað séð en að eitthvað, sem haldgott geti reynzt til úrbóta, þurfi að koma hér til framdráttar þessu mikla vandamáli.

Um það eru allir þjóðhollir Íslendingar sammála, að kauptúnin við firðina og blómlegar byggðir út frá þeim eigi að haldast í hendur. Þar hefur þjóðin, afar okkar og ömmur, háð baráttuna fyrir lífi sínu allt frá landnámstíð. Í nútíma menningarþjóðfélagi ber að bæta þau skilyrði með raunhæfum aðgerðum þings og þjóðar, sem tæknin í krafti menningarinnar hefur tekið af möguleikum íbúanna við túnfótinn, svo að straumfall lífsins megi þar framvegis eins og hingað til halda áfram að snúa hjóli tímans óhindrað þjóðfélaginu til gagns og uppbyggingar.

Ég vildi aðeins gera grein fyrir minni afstöðu til þessa frv., vegna þess að ég kom hér nýr inn í málið. Ég verð að segja það, að ég geri það ekki með flokkinn á bak við mig, heldur á eigin ábyrgð, af því að ég tel, að málið sé rétt.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Það er ekki sízt vegna þess, að hvorki ég né þeir aðrir samflokksmenn mínir, sem sæti eiga í þessari hv. d., taka þátt í nefndarstörfum d., að ég vil við 1. umr. þessa máls lýsa samþykki mínu við það frv., sem hér liggur fyrir. Hér er vissulega á ferðinni eitt af mestu nauðsynjamálum, sem fyrir þessu þingi liggja. Atvinnuleysinu, sem jafnan er nokkurt og árstímabundið í hinum ýmsu sjávarþorpum víðs vegar á landinu, þarf vissulega að bæta úr. Hv. 3. landsk. (HV), 1. flm. þessa frv., hefur hér í framsögu sinni gert allrækilega grein fyrir því, að það, sem þjóðfélagið hefur hvað minnst efni á, er að láta fólkið ganga atvinnulaust, því að það er nærri óhugsandi, að ríkið gæti tapað eins miklu á togaraútgerð og það hlýtur að tapa á atvinnuleysi, ef um það er að ræða. En ég vil til viðbótar því, sem hv. flm. þessa frv. hér hafa sagt um nauðsyn þess og ágæti, bæta því við, að nú um skeið hefur sá háttur verið á, að sárasta atvinnuleysi í sjávarþorpunum hefur leitt til þess, að allmikill fjöldi manna hefur neyðzt til að yfirgefa íslenzk framleiðslustörf, sem líka hafa koðnað fyrir vaxandi áhrifum þess hers, sem nú situr í okkar landi, og flúið á hans náðir suður á Keflavíkurflugvöll. Þetta ástand getur ekki orðið varanlegt, í fyrsta lagi vegna þess, að íslenzka þjóðin vill ekki vera hernumin þjóð og hún mun segja samningnum við Bandaríkin upp. En jafnvel þó að Íslendingar gerðu það ekki, þá er það trúa mín, að svo muni fara, að þær framkvæmdir, sem Bandaríkjaher hefur á prjónunum þar syðra, séu ekkert eilífðarfyrirtæki, þeir muni ekki vinna þar nema upp að vissu marki, og þá leggst sú atvinna, sem Íslendingar hafa sótt þangað, niður. Þann dag, sem það skeður, þá stendur uppi stór hópur manna, sem ekki hefur neins staðar á vísan að róa um atvinnu. Þetta frv. er einmitt ágætt spor í áttina að því, að íslenzkar hendur geti unnið að íslenzkum framleiðslustörfum og þurfi ekki að sækja lífsbrauð sitt í það að undirbúa stríð Bandaríkjamanna suður á Keflavíkurflugvelli eða hvar svo á landinu sem þeir nú helzt eru að hreiðra sig niður. Ég vil alveg sérstaklega taka það fram, að það frv., sem hér liggur fyrir, er að mínum dómi aðeins spor í þá átt, sem ríkisvaldið þarf í miklum mun stærri stíl að hefja á næstunni, en sem skrefi í þá átt lýsi ég yfir samþykki við þetta frv. og þeirri ósk, að það megi fá samþykki þingsins og ganga sem hraðast til framkvæmda.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 101, n. 482, 538 og 674).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

36. Atvinnuleysistryggingar.

Á 12. fundi í Sþ., 28. okt., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um atvinnuleysistryggingar* [77. mál] (þmfrv., A. 104).

Á 13. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Nd., 30. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 104, er samhljóða frv., sem hafa verið flutt af þm. Sósfl. á þremur undanförnum þingum. Frv. hefur verið flutt að tilhlutan verkamannafélagsins Dagsbrúnar, og tel ég vel farið, að það viðurkennda baráttufélag verkalýðssamtakanna hér í Reykjavík skuli hafa haft forgöngu um þetta mikla hagsmunamál íslenzkrar alþýðu, enda hefur félagið notið til þess fyllsta stuðnings verkalýðssamtakanna um allt land. Það hefur m. a. sýnt sig í því, að til Alþingis hafa borizt á hverju ári frá því fyrst að frv. var flutt fjölmargar áskoranir víðs vegar að um það, að frv. yrði að lögum, enn fremur hafa borizt til hv. Alþ. áskoranir frá þingum Alþýðusambands Íslands um sama mál. Frv. þessu fylgir alllöng grg., sem ég vona að hv. þingmenn hafi kynnt sér ásamt frv., og get ég því orðið stuttorðari en ella um málið. Það eru þó nokkur atriði, sem ég vildi í sambandi við þetta mál benda alveg sérstaklega á.

Það má fullyrða, að um fá hagsmunamál

verkalýðsstéttarinnar sé meiri og almennari eining en að komið verði á lögboðnum atvinnuleysistryggingum. Það má vel vera, að einhver ákvæði séu í þessu frv., sem menn geti deilt um, hvort það ætti að vera á þennan veg eða hinn. Hitt eru meðlimir verkalýðssamtakana sammála um, að hina mestu nauðsyn beri til að koma á atvinnuleysistryggingum. Í heilum byggðarlögum og heilum héruðum á landi voru býr verkalýður bæja og kauptúna við óbærilegt atvinnuleysi í marga mánuði ár hvert. Á það þó aðallega við Norðurland, Vestfirði og í flestum kauptúnum og kaupstöðum á Austfjörðum. Að sjálfsögðu er atvinnuleysi mismunandi mikið eða lítið eftir árferði. Þó fullyrði ég, að t. d. á Norðurlandi hefur verið — og þó máske aldrei meira en nú — stöðugt atvinnuleysi í 4—8 mánuði á ári undanfarin ár. Svo alvarlegt er þetta ástand, að hundruð dugandi manna flytja sig búferlum frá kauptúnunum og kaupstöðunum á Norðurlandi suður til bæja og sjávarþorpa hér við Faxaflóa. Valda þar að sjálfsögðu allmiklu þær hernaðarframkvæmdir, sem nú er verið að framkvæma hér á Keflavíkurflugvelli, og fólkið hefur nauðugt, vil ég segja, orðið að fara og vinna þar við, en það fullyrði ég, að íslenzkar verkamannahendur vildu heldur vinna við framleiðslustörf, sem rekin væru af Íslendingum sjálfum, heldur en að gerast vinnumenn hjá erlendu herliði. Það gefur að skilja, hvernig afkoma þessa fólks muni vera, sem hefur ekki atvinnu nema kannske í hæsta lagi hálft árið og tæplega það. Og engan þarf að undra, þó að dugandi fólk uni ekki slíku fyrirkomulagi og leiti til staða, þar sem einhver von er um betri fjárhagslega afkomu. Hinu má þó ekki gleyma, að brottflutningur þessa fólks er hin mesta blóðtaka fyrir byggðarlögin, sem fyrir brottflutningnum verða. Og ekki nóg með það, heldur flytur þetta fólk í flestum tilfellum sárnauðugt í burtu frá fyrri heimkynnum, enda við margvíslega örðugleika að etja í sambandi við slíka flutninga, svo sem útvegun á húsnæði, koma sér í atvinnu og fleira þess háttar.

Mér er það fyllilega ljóst og okkur flm., að atvinnuleysistryggingar geta ekki nema að nokkru leyti bætt upp atvinnuleysisbölið. Sú krafa, sem verkalýðshreyfingin hefur borið fram og mun halda áfram að berjast fyrir, er næg atvinna handa öllum, sem vilja og geta unnið. Þetta er svo sjálfsögð krafa, að enginn mun nú orðið treysta sér til að mæla henni á móti. Hitt er svo annað mál, að fögur loforð stjórnmálaflokkanna fyrir hverjar kosningar um næga atvinnu í þessu eða hinu byggðarlagi hafa reynzt til þessa innantóm orð án athafna í allt of mörgum tilfellum.

Ég gat þess áðan, að verkalýðshreyfingin stæði saman um að krefjast þess, að komið verði á atvinnuleysistryggingum. Í þessu sambandi leyfi ég mér að benda á til viðbótar því, sem ég hef áður sagt, að í desemberverkfallinu í fyrravetur var ein aðalkrafa verkalýðssamtakanna um fullkomnar atvinnuleysistryggingar. Þessi krafa fékkst ekki fram, en ég fullyrði, að verkalýðshreyfingin hefur aldrei verið ákveðnari en einmitt nú að koma málinu áleiðis. Stéttasamtök verkafólksins munu berjast fyrir þessari kröfu með festu og einurð og ekki láta staðar numið fyrr en hv. Alþ. hefur séð sóma sinn í því að mæta óskum og kröfum verkalýðssamtakanna í þessu máli.

Á hv. Alþ. í fyrravetur var sá háttur við hafður með afgreiðslu þessa máls, að því var vísað til hæstv. ríkisstjórnar. Ekkert hefur heyrzt um málið frá fyrrverandi eða núverandi hæstv. ríkisstjórn. Bendir það ótvírætt til þess, að hæstv. ríkisstj. ætli sér að liggja á málinu og hafast ekkert að. Valdhafarnir mættu þó vera þess minnugir, að verkalýðshreyfingin hefur í hagsmunabaráttu sinni á undanförnum árum látið skilningslausar og þröngsýnar afturhaldsstjórnir ekki stöðva sig í baráttumálum sínum í það óendanlega. Má í því sambandi benda á tólf stunda hvíldartíma togarasjómanna og átta klukkustunda vinnudag í landi. Þau miklu hagsmunamál fengu verkalýðssamtökin í gegn með samningum við atvinnurekendur, vitanlega eftir harða baráttu, sem hefði máske verið hægt að komast hjá, ef hv. Alþ. hefði litið raunhæft á málin og stuðlað að lausn þeirra með lagasetningu eða á annan hátt. Því miður hefur hv. Alþ. ekki séð sóma sinn í því að lögfesta t. d. tólf stunda hvíld við togveiðar, og má það merkilegt teljast, þegar þess er gætt, að engin starfsgrein í okkar þjóðfélagi afkastar meiru en sjómannastéttin, og engin vinnur hættulegri störf en einmitt sjómannastétt þessa lands. Afstaða hv. þingmanna Sjálfstfl. og Framsfl. er hin furðulegasta í þessu máli. Nú á þessu hv. Alþ. gefst þingmönnum enn á ný tækifæri til að mæta óskum og kröfum sjómannanna um að lögfesta tólf klukkustunda hvíld.

Í frv. þessu, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að verkalýðsfélögin ráði miklu um það, hvernig tryggingunum verði hagað, þó vitanlega innan þeirra takmarkana, sem lögin ákveða. Mundi slík tilhögun affarasælust, enda aðstæður mismunandi í hinum ýmsu félögum og atvinnugreinum.

Ég vil svo að lokum óska þess, að hv. alþm. ljái þessu mikla hagsmunamáli verkalýðshreyfingarinnar brautargengi, og legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og til heilbr.- og félmn.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Fyrsta skylda þjóðfélagsins í málum eins og þeim, sem þetta frv. fjallar um, er að reyna að fyrirbyggja atvinnuleysi með atvinnumálaaðgerðum, en meðan þjóðfélagið gerir það ekki, þá er verkamönnunum ein brýnasta nauðsyn að vera tryggðir fyrir böli atvinnuleysisins engu síður en gegn afleiðingum sjúkdóma og slysa. Það er því mjög svo eðlilegt, að hið vinnandi fólk og fulltrúar þess freisti þess að fá þjóðfélagið, svo lengi sem það ekki sér hinu vinnandi fólki fyrir fullnægjandi atvinnu, til þess að sjá því fyrir tryggingu gegn böli atvinnuleysisins. Þess vegna er það, að frv. um atvinnuleysistryggingar er flutt þing eftir þing, og það er víst, að það verður haldið áfram að

flytja frv. um atvinnuleysistryggingar, þangað til annað af tvennu hefur gerzt, að þjóðfélagið hefur bætt á sómasamlegan hátt úr atvinnuleysisbölinu eða fallizt á að lögleiða tryggingar til þess að draga út afleiðingum atvinnuleysis.

Eins og hv. frsm. tók hér fram áðan, þá klofnaði heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. á síðasta þingi, og lögðu fulltrúar Alþfl. og Sósfl. til, að frv. samhljóða þessu yrði samþ., en þó að því er snerti fulltrúa Alþfl. með nokkrum verulegum breytingum, á þann hátt, að atvinnuleysissjóðirnir væru ekki bundnir við einstök bæjarfélög og kauptún, heldur væri skipulagið sentraliserað meira, þannig að atvinnuleysissjóðirnir næðu annaðhvort yfir stærri svæði eða jafnvel væri heildarsjóður yfir landið allt. Það er augljóst mál, að ef atvinnuleysissjóður er myndaður í fámennu kauptúni eða jafnvel í meðalstórum bæ, þá þarf ekki mikið út af að bera, til þess að það fari svo, að atvinnuleysissjóðurinn, sem myndaður er af gjöldum frá verkafólkinu og mótframlagi jafnvel frá bæjarfélagi og ríki, sé tæmdur áður en varir, og þá sé ekkert upp á að hlaupa í áframhaldandi atvinnuleysi. Hins vegar gæti á sama tíma verið hið blómlegasta atvinnulíf í öðrum kaupstað og öðrum kaupstöðum og þar safnazt fé fyrir í atvinnuleysissjóðina á sama tíma og þeir væru tæmdir á öðrum, búið væri sem sé að greiða í atvinnuleysissjóði víðs vegar á landinu fé, sem væri ekki notað, jafnframt því að þess væri brýn þörf á þeim stöðum, þar sem atvinnuleysið herjaði. Ég held, að það sé nokkuð augljóst mál, að það er betra skipulag að hafa það t. d. í líkingu við skipulag hlutatryggingasjóðsins, að sjóðurinn væri miðaður við stærri svæði landsins og sá háttur hafður á, að þar sem atvinnulífið væri blómlegast og ekki þyrfti á greiðslum úr atvinnubótasjóðnum að halda, þar gæti það fé notazt á þeim stöðum, sem atvinnuleysið herjaði.

Það er í þessa átt, sem Alþfl. hefur haldið fram og heldur fram að þurfi að breyta þessu frv. En meginanda þess og tilgangi er Alþfl. samþykkur. Og ég vona, að það verði aðeins fáir dagar þangað til Alþfl. ber fram tillögur hér á Alþ. um sínar hugmyndir um atvinnuleysistryggingar, og verður það, að því er ég bezt veit, sem kafli í stærri lagabálki um önnur skyld atriði viðkomandi atvinnumálum. Ég vil þó lýsa því yfir fyrir hönd Alþfl., að ef Alþ. gæti ekki fallizt fremur á þær leiðir, sem Alþfl. bendir á í atvinnuleysistryggingamálunum, þá væri það til verulegra bóta að fá atvinnuleysistryggingar lögfestar, jafnvel þó að þær væru í þessu formi, sem hér er, því að það kæmi að einhverju gagni í atvinnuleysistilfellum, þegar ríkið hefði tekið á sig skyldu til að styrkja atvinnuleysissjóðina á hverjum stað og greiða fé á móti framlögum verkafólksins í þá. Ég tel því, að málið eigi skilið að fá hina vönduðustu meðferð og að fá góðar undirtektir, ef Alþ. getur ekki frekar fallizt á aðrar till. í þessu máli, og væri þá hægurinn hjá að bera fram brtt. við þetta frv. En atvinnuleysistryggingar þarf hið vinnandi fólk að fá, meðan ekki eru gerðar neinar viðhlítandi ráðstafanir til að draga úr atvinnuleysinu á Íslandi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

37. Holræsagerð.

Á 14. fundi í Nd., 30. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um aðstoð til holræsagerðar [81. mál] (þmfrv., A. 110).

Á 15. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

38. Olíuflutningaskip (frv. GilsG og BergS).

Á 15. fundi í Nd., 2. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um kaup á olíuflutningaskipum [83. mál] (þmfrv., A. 121).

Á 17. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Það er alkunna, að saga Íslendinga er að öðrum þræði saga um viðskipti þeirra við sjóinn, enda hlýtur svo að vera, þar sem í hlut á eyþjóð langt norður í höfum. Yfir hafið komu landnemarnir til að taka sér hér bólfestu í árdögum Íslands byggðar. Yfir hafið varð hin unga þjóð að sækja sér margs konar lífsbjörg. Siglingar voru henni nauðsyn til viðhalds og þrifa. Breytingar á skipakosti og siglingum höfðu margvísleg áhrif á þjóðlífið, settu mót á alla menningar- og stjórnmálaþróun. Á þjóðveldisöld voru Íslendingar siglingaríki. Skip þeirra plægðu sæinn, könnuðu ókunn höf, og íslenzkir sægarpar fundu ný lönd, nýja heimsálfu. En þetta blómaskeið stóð ekki lengi. Skipakosturinn rýrnaði, siglingarnar lömuðust, unz þar kom, að Íslendingar urðu öðrum þjóðum háðir um siglingar og verzlun. Þá var illra tíðinda skammt að bíða. Án þess að ég vilji hér rekja siglingasögu Íslendinga, ætla ég aðeins að

benda á þá staðreynd, að Íslendingar höfðu naumast átt haffær skip í förum um hálfrar aldar skeið, þegar þeir gengu Noregskonungi á hönd á ofanverðri 13. öld. Norðmenn gátu þröngvað hag Íslendinga með siglingateppu, og þeir gerðu það, með þeim afleiðingum, sem alkunnar eru. Aldir liðu án þess að Íslendingar eignuðust haffæra fleytu. Það er ekki að heitið geti fyrr en á þessari öld, að þjóðin réttir sig úr þeim kút, sem ónógur skipakostur hafði ásamt öðru haldið henni í um langar og erfiðar stundir.

Þegar er þjóðin öðlaðist að nýju nokkurt bolmagn, tók hún að kosta kapps um að taka siglingar æ meir í eigin hendur. Hverjum hugsandi manni var ljóst, að kaupskipafloti hlaut að vera einn af hyrningarsteinum íslenzks sjálfstæðis og almennrar velmegunar. Verður ekki annað sagt en tekizt hafi með næsta undraverðum hraða að koma hér upp góðum siglingaskipaflota. Hefur hin ötula og dugmikla sjómannastétt stuðlað mjög að því, hve giftusamlega hefur til tekizt í þessu efni. Enn eigum við þó nokkuð langt í land til að ná því marki, sem stefna ber að, að Íslendingar verði algerlega einfærir um að flytja á eigin skipum allan varning frá landinu og til þess. Margir ala einnig með sér þá drauma, að Íslendingum megi takast að gera siglingar í þágu annarra þjóða að atvinnuvegi sínum, svo sem frændur okkar Norðmenn hafa lengi gert við mikinn orðstír. Má vel vera, að þar sé um framtíðarmöguleika að ræða, en þó þarf fyrst að ná hinu markinu, að við verðum a. m. k. sjálfum okkur nógir í þessum efnum. Hygg ég, að um það sé enginn ágreiningur, að því beri að ná sem fyrst.

Eftir því sem íslenzku þjóðinni hefur fjölgað og kröfur til lífsins orðið meiri, hefur innflutningur á margs konar erlendum nauðsynjum til landsins vaxið stórlega. Meðal þeirra erlendra vara, sem fluttar hafa verið inn í æ ríkari mæli á undanförnum árum, eru alls konar olíur. Olíunotkun þjóðarinnar er nú komin yfir 200 þús. smálestir á ári, og allar líkur benda til þess, að olíuþörfin haldi óðfluga áfram að vaxa, a. m. k. á meðan ekki verður einhver stórfelld breyting í tækni, sem dregið gæti úr notkun olíu. Enn þá er olía í mörgum tilfellum hagkvæmasti og ódýrasti orkugjafi, sem völ er á, og jafnvel hinn eini, sem hægt er að hafa not af í sambandi við ýmsar vélar. Vélanotkun öll, bæði til sjós og sveita, færist stöðugt í aukana. Olíukynding íbúðarhúsa hefur rutt sér mjög til rúms. Benda því allar líkur til þess, að aðflutningar á olíum til landsins muni enn fara stórlega vaxandi á næstu árum. Við Íslendingar eigum enn sem komið er engan skipakost til olíuflutninga. Höfum við í því efni verið algerlega upp á aðrar þjóðir komnir og orðið að greiða tugi milljóna árlega út úr landinu í farmgjöld til erlendra aðila. Hafa þær fjárfúlgur numið um eða yfir 30 millj. kr. á ári nú síðustu árin. Það er því ekki nema eðlilegt, að vaknað hafi áhugi manna á því, að Íslendingar eignuðust sjálfir olíuflutningaskip, eitt eða fleiri. Slík skip eru að vísu dýr. En það er einnig dýrt að sjá á eftir milljónatugum út úr landinu í farmgjaldagreiðslur til útlendra fyrirtækja. Allar líkur benda til þess, að kaup tveggja olíuflutningaskipa muni verða hagkvæm fyrir þjóðina og spara henni verulegar fúlgur í erlendum gjaldeyri.

Flm. þess frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 113, telja fyllilega tímabært, að gerð sé gangskör að því að rannsaka, hvort ekki muni hagkvæmt að festa hið fyrsta kaup á olíuflutningaskipum, svo að Íslendingar þurfi ekki miklu lengur að vera algerlega háðir öðrum þjóðum um aðflutninga á olíum. Við höfum lagt til, að hv. Alþ. heimili hæstv. ríkisstj. að kaupa eða láta smíða á kostnað ríkissjóðs tvö olíuflutningaskip, 12—16 þús. lestir að stærð, en ætla má, að sú stærð henti okkur Íslendingum einna bezt. Byggingarkostnaður tveggja skipa af þeim stærðum er talinn nema 70—80 millj. kr. Þó að það sé ef til vill og vafalaust myndarlegast að fá spánný skip, er sjálfsagt, að athugaður sé gaumgæfilega hinn möguleikinn, að festa kaup á nýlegum skipum, þar eð þau mundu að öllum líkindum verða allmiklu ódýrari en nýsmíðuð skip. Nú horfir svo við, að flutningsgjöld af olíu, sem hafa verið geysihá allt frá styrjaldarlokum, hafa nýlega lækkað talsvert vegna þess, hve tankskipafloti heimsins er nú stór orðinn, en af þeim sökum mun miklu auðveldara en áður að fá slík skip keypt. Virðist því einmitt nú hið rétta tækifæri til að fá úr því skorið, hvort ekki er kleift að ná góðum samningum um kaup á hentugum olíuflutningaskipum. Rekstur olíuflutningaskipa, þar sem næg verkefni eru fyrir hendi, svo sem hér mundi vera, er talinn svo öruggur og arðvænlegur, að öflun lánsfjár í því skyni að kaupa slík skip mundi að öllum líkindum auðveldari en lánsfjáröflun til margra annarra framkvæmda. Er í frv. þessu gert ráð fyrir heimild handa hæstv. ríkisstj. til að taka allt að 80 millj. kr. lán erlendis í þessu skyni. Sú upphæð er miðuð við það, að horfið verði að því ráði að láta smíða ný skip, en væntanlega mundi þurfa allmiklu minna fé, ef fest yrðu kaup á eldri skipum. Hér er að vísu um háar tölur að ræða, en slík lántaka mundi þó verða mjög hagkvæm fyrir þjóðina, ef rannsókn leiddi í ljós, svo sem allar líkur benda til, að skipin spöruðu mun meiri gjaldeyri en færi til greiðslu vaxta og afborgana af láninu.

Mál þetta er um þessar mundir mjög rætt meðal íslenzkrar sjómannastéttar. Hafa sjómenn látið áhuga sinn á kaupum olíuflutningaskipa í ljós við ýmis tækifæri. Má og á það benda, að við Íslendingar höfum á að skipa mörgum dugandi sjómönnum, og mundu engin vandkvæði vera á því að fá úrvalsskipshafnir íslenzkar til að sigla skipum þessum með myndarbrag um heimshöfin. Áhöfn á olíuflutningaskipi af þessari stærð er um 45 menn. Mundu því, ef keypt yrðu tvö skip, fá þar góða og örugga atvinnu um 90 sjómenn, sem gera mætti ráð fyrir að framfleyttu um 400 manns.

Við flm. töldum ekki ástæðu til að taka upp í þetta frv. að heimildarlögum ákvæði um eign-

aryfirráð og rekstrarfyrirkomulag olíuflutningaskipa þeirra, sem keypt kynnu að verða. Meginatriðið er að sjálfsögðu það, að undirbúningur sé sem fyrst hafinn til þess, að góð olíuflutningaskip komist í íslenzka eigu, svo að við verðum ekki öllu lengur öðrum háðir á þessu sviði. Fleiri en eitt rekstrarfyrirkomulag koma að sjálfsögðu til mála, en fari svo, sem fastlega má vænta, að athugun leiði í ljós, að rekstrargrundvöllur skipanna sé tryggður, verður að telja eðlilegast, að ríkið eigi skipin og reki þau.

Ég vil svo óska, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn. að lokinni þessari umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 18. fundi í Nd., 6. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

39. Kosningar til Alþingis (frv. GÞG o. fl.).

Á 16. fundi í Nd., 3. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis [85. mál] (þmfrv., A. 121).

Á 17. og 19. fundi í Nd., 5. og 9. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Stjórnarhættir okkar Íslendinga eru gallaðir að ýmsu leyti. Það hefur dregizt of lengi að endurskoða gildandi stjórnarskrá ríkisins. Höfuðástæða þess mun vera sú, að ágreiningur er um meginatriði á því sviði, t. d. um sjálfa kjördæmaskipunina. En meðan stjórnarskráin er ekki endurskoðuð, er nauðsynlegt að reyna að stuðla að heilbrigðari stjórnarháttum eftir þeim leiðum, sem færar eru, án þess að stjórnarskráin sé endurskoðuð.

Aðalkostir ríkjandi stjórnarhátta íslenzkra eru þeir, að þeir grundvallast á lýðræði. Aðalgallarnir eru hins vegar þeir, að gætt hefur um of skorts á stjórnfestu. Stjórnarkreppur hafa verið of tíðar, það hefur gengið of illa að mynda samhentan meiri hluta á Alþingi, og síðast en ekki sízt, að kjósendur vita það yfirleitt ekki í kosningum, að hvers konar stjórn þeir eru að stuðla að loknum kosningum.

Rúmir þrír áratugir eru nú síðan fyrsta ráðuneytið var myndað á Íslandi. Fyrst eftir að íslenzk ráðuneyti voru mynduð, reyndust stjórnarmyndanir tiltölulega auðveldar. Hér var íhaldsstjórn að völdum til ársins 1927, hrein flokksstjórn. Síðan var meirihlutastjórn tveggja flokka með vinstrisinnaða stjórnarstefnu á árunum 1927—1938. En frá 1939 til 1950 sátu hér ávallt að völdum samstarfsstjórnir þriggja flokka, og áttu allir stjórnmálaflokkar þjóðarinnar einhverju sinni aðild að stjórn landsins. Og nú frá árinu 1950 hefur setið að völdum samstjórn tveggja flokka með íhaldssinnaða stjórnarstefnu. Á síðasta áratug hafa verið í landinu fjórar til fimm meiri háttar stjórnarkreppur. Um það getur því varla verið ágreiningur, að einhverjar breytingar þarf að gera á stjórnarháttum ríkisins. Við svo búið má ekki lengur standa.

Ég tel, að markmiðin með þessum breytingum eigi að vera fyrst og fremst þrjú: í fyrsta lagi viðleitni til að koma í veg fyrir langæjar stjórnarkreppur, í öðru lagi viðleitni til að tryggja samhentan meiri hluta á Alþingi og í þriðja lagi, og ekki sízt, að barátta um sjálfa stjórnarstefnuna komi skýrt fram í kosningum, þannig að þá sé í raun og veru kosið um meginstjórnarstefnur, kosið á milli ríkisstjórna.

Til þess að ná þessum markmiðum mætti fara tvær meginleiðir, annars vegar að halda fast við þingræði, svo sem gert er á Bretlandseyjum, á Norðurlöndum og í Frakklandi, en hins vegar að afnema þingræði og taka upp svipaða stjórnarhætti og eiga sér stað t. d. í Bandaríkjunum eða Sviss landi. Ef sú leið væri farin að afnema þingræði, en lýðræði má að sjálfsögðu halda í fullum heiðri þrátt fyrir það, þá þyrfti að styrkja mjög frá því, sem nú er, aðstöðu ríkisstjórna, til þess að það kæmi ekki að sök, þótt löggjafarþingið væri margklofið í flokka og ef til vill smáa. Koma einkum til greina þrjár leiðir í því sambandi, ef þingræði væri afnumið, þ. e. a. s. menn þekkja þrenns konar form á lýðræði, þó að ekki sé stuðzt við þingræði.

Í fyrsta lagi kæmi þá til greina, að forsetinn sjálfur sé kosinn af þjóðinni, jafnvel meirihlutakosningu, þannig að kosning yrði endurtekin, þangað til meiri hluti þjóðarinnar stæði á bak við hann, og hann yrði jafnframt forsætisráðherra. Þetta væri sú tilhögun, sem Bandaríkjamenn hafa valið sér í sinni stjórnarskrá. Þegar framkvæmdavaldið verður svo sterkt sem þar er um að ræða og er þjóðkjörið, þá gerir minna til en ella, þótt löggjafarþingið sé klofið í marga flokka. Önnur leiðin væri sú að kjósa forsætisráðherra eða jafnvel alla ríkisstjórnina listakosningu og forsetinn yrði áfram ópólitiskur þjóðhöfðingi. Þá fengi stærsti flokkurinn ávallt stjórnartaumana í sínar hendur, ef ekki yrði samvinna um kosningarnar milli annarra minni flokka. Þriðja leiðin væri svo sú, að Alþingi kysi forsætisráðherra eða stjórnina alla, og þá kæmi tvennt til greina, annaðhvort, að ríkisstjórnin yrði kosin listakosningu á Alþ., þannig að stærsti flokkurinn eða stærsta flokkabandalagið fengi stjórnina alla, eða þá að stj. yrði kosin með hlutfallskosningu, en það

er það fyrirkomulag, sem Svisslendingar hafa á þessum málum, þannig að þar er í raun og veru stöðugt samstarfsstjórn flokka í réttu hlutfalli við flokkastærðina í löggjafarsamkomunni.

Ég hygg, að óhætt sé að fullyrða, að engin þessara leiða hafi verulegt fylgi meðal íslenzku þjóðarinnar, þ. e. a. s. engin þeirra leiða til úrbóta á ástandinu, sem fæli í sér afnám þingræðisins, á fylgi að fagna með íslenzku þjóðinni. Auk þess er þess að geta, að allar þessar breytingar, sem hér er um að ræða, þýddu breytingu á sjálfri stjórnskipuninni, á stjórnarskránni. En hvað væri hægt að gera til þess að ráða bót á annmörkum ríkjandi stjórnarhátta, ef þingræði er haldið, svo sem mun vera vilji yfirgnæfandi meiri hluta íslenzku þjóðarinnar?

Það, sem þarf fyrst og fremst að gera, er að stuðla að myndun samhents meiri hluta á löggjafarsamkomunni. Til þess virðast mér einnig liggja þrjár meginleiðir: Í fyrsta lagi að haga kjördæmaskipun þannig, að einvörðungu yrði kosið í einmenningskjördæmum. Höfuðkostir þess væru auðvitað þeir, að auknar líkur væru þá fyrir myndun meiri hluta, samhents meiri hluta, jafnvel meiri hluta eins flokks, á löggjafarsamkomunni, og er það vissulega kostur út af fyrir sig. Hins vegar eru gallar þessarar skipunar margir og miklir. Í jafnfámennu landi og Íslandi yrðu kjördæmin mjög smá, og það yrði mjög hætt við, að óheilbrigð hreppapólitík mótaði kosningabaráttuna í hinum smáu kjördæmum á mjög óheppilegan hátt. Það væri hætt við því, að óheilbrigð persónuleg tengsl sköpuðust milli kjósendanna og fulltrúa þeirra á löggjafarsamkomunni, þannig að persónuleg sjónarmið hefðu oft og einatt óhæfilega mikil áhrif á afgreiðslu mála á löggjafarsamkomunni, og gæti það og hreppapólitíkin orðið undirrót ýmiss konar pólitískrar spillingar. Ég tel því, að einmenningskjördæmaleiðin væri ekki æskileg til þess að ráða bót á megingöllum ríkjandi stjórnarhátta. Nefna má aðra ráðstöfun, aðra leið, sem hreyft hefur verið opinberlega í blaði eða blöðum, en hún er sú, að takist ekki myndun meiri hluta á löggjafarsamkomunni innan ákveðins frests frá því að þing er kosið, þá skuli stærsti flokkurinn fá þá viðbótarþingmenn, sem nægilegir væru til þess að hann hefði hreinan meiri hluta. Þessa leið teldi ég ekki æskilega. Það er óeðlilegt að veita nokkrum stjórnmálaflokki þann rétt að tilnefna sér þingmenn eða veita nokkru stjórnvaldi þann rétt að tilnefna ákveðnum stjórnmálaflokki ákveðna tölu þingmanna. En í þessu sambandi vildi ég nefna till., sem ég hef heyrt hjá ungum menntamanni og ég álít vera mjög athyglisverða og er að vissu leyti skyld meginhugsuninni, sem ég var að lýsa áðan, en hún er sú, að tilhögun uppbótarsætakerfisins, sem við nú búum við, yrði breytt þannig, að kosið yrði um öll uppbótarsætin í einu með listakosningu, þ. e. a. s. meirihlutakosningu, þannig að sá landslisti með öllum 11 uppbótarsætunum, sem fengi flest atkv., fengi alla landslistamennina kjörna. Í þessu mundu auðvitað vera fólgnar stórauknar líkur fyrir því, að samhentur meiri hluti myndaðist í þinginu, annaðhvort meiri hluti eins flokks eða þá flokkabandalags, sem hefði haft samvinnu um framboð á slíkum landslista. Ég geri þessa till. ekki að minni, en læt hennar aðeins getið, þar eð ég hef ekki orðið þess var, að hún hafi komið fram opinberlega, en er óneitanlega athyglisverð og í öllu falli athyglisverðari og skynsamlegri heldur en hin, að láta stærsta flokkinn geta tilnefnt sér eða tilnefna handa honum ákveðna tölu þingmanna, ef um stjórnarkreppu er að ræða. Í þriðja lagi væri svo hægt að gera þá ráðstöfun, ef þingræði ætti að halda, að heimila bandalög flokka í kosningalögum, þ. e. a. s. að veita í kosningalögum bandalögum flokka sama rétt og bandalagið væri einn flokkur, m. ö. o. kveða svo á, að bandalag skyldi fá jafnmarga þingmenn kjörna og samanlögð atkv. bandalagsflokkanna veita því rétt til og einn flokkur mundi fá út á jafnmörg atkv. Ef þessi skipun yrði tekin upp, þá mynduðust með því auknar líkur fyrir því, að kosningabarátta yrði fyrst og fremst barátta milli tveggja stórra aðila, t. d. tveggja stórra bandalaga, sem bæði hefðu sömu möguleika til þess að öðlast meiri hluta og hefðu bæði sömu skilyrði til þess að fá þingmenn kjörna og einn flokkur hefði.

Til allra þeirra ráðstafana, sem ég nefndi, nema þessarar, þyrfti að breyta stjórnarskrá ríkisins. En heimild til kosningabandalaga á tvímælalaust heima í kosningalögum einvörðungu. Kjarni málsins er þessi: Tveir eða fleiri flokkar eiga að geta fengið þá tölu þingfulltrúa, sem samanlögð atkv. þeirra veita þeim rétt til og þeir mundu fá, ef þeir væru einn flokkur. Ef flokkar koma sér saman um sameiginlega stefnuskrá, er mjög óeðlilegt, að þeir þurfi að mynda nýjan flokk til þess að geta fengið þá tölu þingfulltrúa, sem samanlögð atkvæðatala veitir þeim rétt til, og það er mjög mikilvægt, að kjósendur viti í kosningum, hvers konar stjórn þeir eru að kjósa, en að það komi ekki flatt upp á þá eftir kosningarnar, að hvers konar stjórn þeir voru raunverulega að stuðla. Heimild til kosningabandalaga og ákvæði um það, að bandalag skuli fá sömu tölu þingfulltrúa og einn flokkur mundi fá, veitir að vísu enga tryggingu fyrir myndun samhents meiri hluta á Alþingi, en það eykur líkur á slíku, þ. e. a. s., það eykur rétt stærri heilda í kosningunum og á Alþingi frá því, sem er samkvæmt gildandi skipulagi.

Það er einn alvarlegasti gallinn á núverandi kosningatilhögun og stjórnarháttum, að fyrir kosningar veit í raun og veru enginn, hvaða stjórn verður mynduð eftir kosningarnar eða hvers konar. Nú sem stendur er Sjálfstfl. næst því allra flokka að geta fengið hreinan meiri hluta. Án stórbreytinga gæti enginn flokkurinn fengið hreinan meiri hluta, og þó helzt Sjálfstfl. En enginn annar flokkur hefur slíka möguleika. Þess vegna væri samvinna tveggja eða fleiri flokka nauðsynleg, til þess að þeir hefðu slíka möguleika. En ef tveir eða fleiri flokkar af þeim fimm öðrum, sem til eru í landinu, gerðu með sér kosningabandalag um sameiginlega stefnuskrá, þá mundu auðvitað aukast mjög líkurnar á því, að slíkt bandalag stæði

a. m. k. jafnt að vígi og stærsti flokkurinn til þess að fá hreinan meiri hluta. Bandalag hvaða flokka sem er mundi auka þingmannatölu bandalagsins undir venjulegum kringumstæðum, og er það fullkomlega eðlilegt.

Galli núverandi kosningatilhögunar, sem er ekki meirihlutakosning, heldur fólgin í því, að sá, sem fær flest atkv., nái kosningu, er auðvitað fólginn í því, að minnihlutaframbjóðandi getur náð kosningu og að hreinn minnihlutaflokkur getur fengið hreinan meiri hluta á löggjafarsamkomunni. Þegar þrír flokkar eða fleiri keppa um þingsæti, þá getur sá, sem er í algerum minni hluta, náð kosningu. Kosinn þm. þarf ekki að hafa nema rúml. þriðjung kjósenda á bak við sig. Sú aðferð að kjósa þingfulltrúa á þennan hátt í einmenningskjördæmum er í raun og veru miðuð við tveggja flokka kerfi. Kosningaaðferðin er hugsuð út frá tveggja flokka kerfi, miðuð við baráttu tveggja aðila um þingsætið. Þess vegna er það líka, að sums staðar, þar sem einmenningskjördæmi eru, gilda þau ákvæði, að kjósa skal endurtekinni kosningu, þangað til einn frambjóðenda hefur fengið hreinan meiri hluta í kjördæminu. Það er viðurkenning á því, að kosningabarátta í einmenningskjördæmum er í raun og veru miðuð við baráttu milli tveggja aðila, þar sem sá, sem er stærri, á að hafa meiri hluta á bak við sig. En að því er ég bezt veit, er Frakkland eina landið, sem hefur einmenningskjördæmi og slíka endurtekna kosningu til þess að tryggja það, að hinn kjörni þingmaður hafi í raun og veru meiri hluta á bak við sig, sem vissulega er eðlilegt, þegar um einmenningskjördæmi er að ræða. Hins vegar er það einn megintilgangur hlutfallskosningafyrirkomulagsins að leiðrétta það misræmi, sem af því hlýzt, að ekki er látið kjósa endurtekinni kosningu til þess að fá meiri hluta á bak við þann þingmann, sem kjörinn er.

Hér á landi höfum við hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum og í Reykjavík. Það er óneitanlega mjög umdeilanleg regla að kjósa hlutfallskosningu í tvímenningskjördæmi, þar sem annar þeirra, sem kjörinn er, getur orðið kosinn með rúmlega einum þriðja þeirra atkv., sem standa á bak við báða hina kjörnu þingmenn, og hlýtur það að teljast mjög óeðlileg niðurstaða.

Hér í Reykjavík eru líka hlutfallskosningar, þar sem kjörnir eru átta þingmenn. Við útreikning á því, hvaða þm. teljist kjörnir, er beitt reikningsaðferð, sem mjög ívilnar stærsta flokknum eða stórum flokkum. En það er hinn mesti misskilningur, þótt mjög útbreiddur sé, að ein aðferð sé annarri fremur sjálfsögð við skiptingu á þingsætum, þegar kosið er hlutfallskosningum. Við það eru til margar aðferðir, sem hver um sig hefur sína kosti og sína galla. Þessi aðferð, sem hér er beitt, ívilnar mjög, eins og ég sagði áðan, stærsta flokknum eða stóru flokkunum á kostnað þeirra, sem minni eru, svo sem t. d. má sjá af því, að hér í Reykjavík fékk við síðustu kosningar stærsti flokkurinn, Sjálfstæðisflokkurinn, 39% greiddra atkvæða, en fékk engu að síður fjóra þm. af átta, þ. e. a. s. helming kjörinna þingmanna út á ekki 40% greiddra atkvæða.

Í heild má segja um kosningakerfi okkar, að stóru flokkunum er þar mjög ívilnað. Það er stefna út af fyrir sig að láta stórar heildir fá tiltölulega mikinn rétt við niðurstöðu kosninganna til þess að forðast glundroða. En það er fráleitt að láta þessa ívilnun gilda um flokka eina. Það er sjálfsagt að láta hana þá líka gilda um flokkabandalög, þ. e. a. s. um flokka, sem eru reiðubúnir til þess að ganga til kosninga um sömu stefnuskrá. Annaðhvort verður að gera, að hafa algerlega hlutfallslegt fulltrúaval til löggjafarsamkomunnar, þannig að litlir flokkar hafi tiltölulega nákvæmlega sama rétt og stórir flokkar, eða þá að skapa minni flokkum sama rétt og hinir stóru hafa með því að heimila þeim myndun bandalaga. Í aðra hvora áttina verður að ganga.

Til þess að sýna fram á, hversu ríkjandi skipulag er óeðlilegt, má taka mjög einfalt dæmi. Gerum ráð fyrir því, að þrír flokkar, A, B og C, keppi um þingsæti í einmenningskjördæmi. Hugsum okkur, að A fái 1000 atkv., B fái 900 atkv. og C fái 800 atkv. Gerum ráð fyrir því, að A sé hægrisinnaður frambjóðandi eða frambjóðandi hægrisinnaðs flokks, en B og C séu frambjóðendur tveggja vinstrisinnaðra flokka. Hægri stefnan hefur þá 1000 af 2700 atkv. í kjördæminu, þ. e. a. s. liðlega einn þriðja af atkvæðunum, en í hreinum minni hluta í kjördæminu. Vinstrisinnaða stefnan, sem tveir frambjóðendur fylgja, hefur 1700 atkv. af 2700. Samkv. gildandi kosningareglum sigrar frambjóðandi A með rúmlega ⅓ kjósenda á bak við sig. Meginhluti kjósendanna vill það ekki, er andvígur honum og stefnu hans, en samt sigrar hann. Það er mjög ósanngjarnt gagnvart kjósendum B og C að krefjast þess, að þeir sameini sig um einn frambjóðanda, til þess að sú stefna, sem þeir aðhyllast, fái framgang í kosningunum. Fyrir fram verður ekki vitað um úrslit kosninganna. Ef A er hvort eð er í hreinum meiri hluta í kjördæminu, þá vill kjósandi t. d. B og C auðvitað heldur láta sinn flokk einan njóta atkvæða sinna fyrst og fremst, ef um er að ræða uppbótakerfi eins og við höfum hér nú. En hann vill þó heldur láta annaðhvort B eða C fá sitt atkv. heldur en A. Og til þess á hann að hafa rétt, til þess að það geti komið fram, að meiri hluti, að yfirgnæfandi meiri hluti kjósenda í kjördæminu aðhyllist stefnu B og C fremur en stefnu A. Þetta væri beinlínis tryggging fyrir því, að lýðræði fengi notið sín. Það nýtur sín ekki, ef sá hlýtur kosningu, sem yfirgnæfandi meiri hluti manna í kjördæminu er andvígur. Auðvitað er það dæmi hér tekið af handahófi, að frambjóðandi stærsta flokksins fylgi hægrisinnuðum flokki. Það væri auðvitað nákvæmlega jafnrangt, að hann næði kosningu með rúmlega ⅓ atkvæða á bak við sig, þótt hann væri vinstrisinnaður, ef næstum ⅔ kjósenda í kjördæminu væru á annarri skoðun í þeim efnum.

Þetta er meginhugsunin, sem liggur á bak við það frv., sem hér er nú til 1. umr. Það er aðalatriði þess, að flokkar geti gert með sér kosninga-

bandalag, og þá skulu þeir í hverju kjördæmi fá jafnmarga þm. kjörna og heildaratkvæði þeirra í kjördæminu veitir þeim rétt til. Í einmenningskjördæmum er þetta mjög einfalt. Það verður þannig, að atkvæði bandalagsflokka eru lögð saman, og ef það nægir til þess, að sá frambjóðandi þeirra, sem hærri atkvæðatölu hlaut, sé kosinn, þá reiknast öll atkvæði honum, og þá nær hann kosningu. Ef samlagning atkvæða nægir hins vegar ekki, þá eru atkvæði reiknuð hverjum þeim frambjóðanda, sem þau eru greidd. Málið er líka einfalt í tvímenningskjördæmum. Ef annar bandalagsflokkanna fengi tvo menn kjörna, án þess að bandalagið kæmi til framkvæmda, þá reiknast atkvæðin hvorum flokknum um sig. Ef annar þeirra fær hins vegar einn mann kjörinn, en atkvæði beggja bandalagsflokkanna mundu nægja til þess að hann fengi þá báða kjörna, þá eru atkvæðin reiknuð þeim bandalagsflokkanna, eða þeim framboðslista, sem fleiri atkvæði fékk, og hljóta þá báðir kosningu. Í Reykjavík, þar sem einnig er hlutfallskosning, yrði niðurstaða hugmyndarinnar sú, að bandalagsflokkar fái ávallt jafnmarga þingfulltrúa kjörna og samanlögð atkvæði þeirra veita þeim rétt til, þ. e. a. s. bandalagið ætti ávallt að fá jafnmarga þm. kjörna og það fengi, ef það væri einn flokkur. Ef báðir bandalagsflokkarnir fengju menn kjörna án bandalags og ættu ekki rétt á fleiri samkv. heildaratkvæðatölu sinni, er ástæðulaust annað en að reikna atkvæði hvorum flokknum um sig, en ef þeir ættu rétt á viðbótarþingmanni kjörnum, þá teldist sá kjörinn, sem næst stóð kosningu, og þá væri lista hans reiknuð þau atkv. bandalagsflokksins, sem hefðu verið nauðsynleg til þess að tryggja kosningu hans.

Hafa þarf í huga, að slík ákvæði sem þessi yrðu ekki til þess að tryggja smáflokkum eða flokksbrotum þingsæti, þannig að þau yrðu hagnýtt gegn því, sem á að vera aðaltilgangur þeirra, þ. e. að stuðla að myndun samhents meiri hluta á Alþingi. En til þess að koma í veg fyrir slíkt er kveðið svo á í frv., að flokkur, sem hafi ekki náð þingsæti án kosningabandalags, geti ekki hlotið þingsæti vegna þess. Og af svipuðum ástæðum eru í kjördæmi með hlutfallskosningum, þar sem aðeins annar listinn fær mann kjörinn, atkvæðin ávallt reiknuð stærri flokknum og hann látinn hljóta viðbótarþingmanninn, ef svo bæri undir, en ekki sá frambjóðandi, sem næst stæði kosningu, og er þetta svipuð hugsun og ræður við úthlutun uppbótarþingsætanna samkv. núgildandi kerfi. En þegar uppbótarþingsætum er úthlutað milli flokka, verður að sjálfsögðu að taka tillit til þess, ef flokki hafa verið reiknuð atkvæði bandalagsflokks og hann hefur fengið kjörinn þm. vegna þeirra. Þau atkvæði mega auðvitað ekki verða til þess að hjálpa öðrum flokki til þess að fá þingmann kjörinn og jafnframt til að hjálpa þeim flokki, sem fékk þau greidd, til að fá uppbótarþingmann kjörinn. Það er augljóst. Þess vegna er það ákvæði í frv., að við úthlutun uppbótarþingsæta skuli flokki ekki reiknuð þau atkv., sem honum hafi verið greidd, heldur að viðbættum þeim, sem honum hafa verið reiknuð frá bandalagsflokkum, og að frádregnum þeim, sem bandalagsflokki hafa verið reiknuð frá honum, þannig að sama atkvæði getur aldrei haft áhrif á kjör þingmanns og kjör uppbótarþingmanns hvort frá sínum flokknum, svo að gildi þeirra verður aldrei tvöfalt, ekki heldur innan bandalagsins.

Sjálfsagt er og að tryggja kjósanda rétt til þess að neita því, að atkv. hans sé reiknað öðrum frambjóðanda eða framboðslista en hann sjálfur kýs. Það væri óeðlilegt að heimila flokksstjórnum að kveða svo á, að atkvæði skuli reiknað öðrum flokki en þeim, sem kjósandinn sjálfur hefur kosið. Þess vegna er gert ráð fyrir því, að kjörseðlarnir verði þannig úr garði gerðir, að á þeim geti kjósandinn neitað því, að atkv. hans sé reiknað öðrum flokki en þeim, sem hann raunverulega greiddi atkvæði.

Segja má, að regla þessi feli það í sér, að kjósandinn greiði sínum flokki atkvæði fyrst og fremst og öðrum flokki eða öðrum frambjóðanda til vara, þannig að hann hafi fyrir fram lýst því yfir, að atkv. sitt megi teljast fallið á annan frambjóðanda, ef það dugi honum til þess að ná kosningu fram yfir þann, sem kjósandinn vill ekki að nái kosningu.

Ég tel, að reglur þessar auki og tryggi lýðræði á Íslandi ótvírætt. Þær stuðla að myndun stórra fylkinga, sem njóta sama réttar og einstakir flokkar njóta nú. Ég hef heyrt þá gagnrýni á þeim hugmyndum, sem hér er um að ræða, — því að þær eru ekki nýjar, — að það væri óeðlilegt að láta fallinn frambjóðanda í kjördæmi teljast kosinn. En hér er í raun og veru um hugsunarvillu að ræða, vegna þess að frambjóðandi bandalagsflokks, þó að hann sjálfur hafi fengið færri atkv. en einhver annar frambjóðandi, er einmitt ekki fallinn, því að meiri hluti kjósenda hefur lýst því yfir, að hann vilji hann frekar en þann flokksframbjóðanda, sem flest atkv. fékk. Atkvæði yrði greitt bandalagsflokknum með því fororði af hálfu kjósandans, að telja megi atkvæðið hvorum sem er af tveim eða fleiri bandalagsframbjóðendum, sem kjósandinn vill heldur en þriðja eða fjórða frambjóðandann. Það er beinlínis rangt að láta þann, sem fær flest atkv. af mörgum, komast að, ef meiri hluti kjósenda er búinn að lýsa því yfir, að þeir vilji hann einmitt ekki, heldur annan hvorn eða einhvern af tveim eða fleiri frambjóðendum, sem eru í bandalagi, þ. e. a. s. þann, sem fær fleiri eða flest atkv. af bandalagsframbjóðendunum.

Hvað mætti þá segja um upbótarkerfið, sem er í gildi hér? Það er kunnugt, að frambjóðandi getur náð kosningu, þó að hann hafi færri persónuleg atkv. en andstæðingur hans, samkv. gildandi reglum. Og auk þess getur fallinn frambjóðandi í kjördæmi náð kosningu sem landsk. þingmaður, og hefur engum þótt neitt við þetta að athuga. Mætti þó miklu frekar gagnrýna þessi ákvæði heldur en þau, sem stungið er upp á í því frv., sem hér er til umr., því að tilgangur þeirra er einmitt að tryggja, að sá, sem meiri hl. kjósenda vill ekki, nái ekki kosningu. En niðurstaða reglnanna eins og þær

eru núna er einmitt sú, að ef þrír eða fleiri flokkar keppa, þá getur sá hæglega náð og nær oft kosningu, sem meiri hlutinn er algerlega andvígur. Ef kjósanda flokks er sama, hvor andstæðingur hans sigrar, og vill ekki láta atkvæði sitt koma öðrum til góða en sínum eigin flokki, þá hefur hann skilyrði til þess samkv. ákvæðum frv., eins og þau eru. En ef hann vill, að annar af tveim andstæðingum sínum komist miklu fremur að heldur en hinn, þá á hann, einkum ef flokkar þeirra hafa gert með sér málefnasamning fyrir kosningar, að hafa skilyrði til þess að stuðla að því, að sá frambjóðandi verði kosinn. Ef tveir eða fleiri flokkar hafa gert með sér bandalag um málefni, gæti þannig farið eftir núgildandi reglum, að þeir töpuðu kosningum, þó að þeir hefðu hreinan meiri hluta kjósenda á bak við sig, og sú stjórnarstefna, sem boðuð hefði verið í kosningum af bandalagi tveggja eða fleiri flokka, og ótvíræður meiri hluti kjósenda hefði lýst fylgi við, yrði ekki framkvæmd á næsta kjörtímabili. Ef einn af andstæðingunum er stærri en hvor bandalagsflokkurinn um sig, en minni en báðir, fengi hann fleiri þm. en bandalagið eftir núgildandi reglum. Má hver sem vill kalla þetta eðlilegt eða skynsamlegt lýðræði. Það er ekki heilbrigt lýðræði, að stefna, sem meiri hluti þjóðarinnar hefði lýst fylgi við, yrði ekki framkvæmd. Það er ranglátt. Og það er ósanngjarnt að heimta það, að flokkar, sem geta komið sér saman um sameiginlega stefnu, þurfi að leysa sig upp og stofna nýjan flokk til þess að hafa skilyrði til þess að fá hana framkvæmda. Kjósandinn veit um þessa reglu fyrir fram. Hann greiðir frambjóðanda bandalagsflokks atkvæði, ef það dugir honum, og hann getur neitað, að atkvæðið sé reiknað öðrum, ef hann vill ekki, að það sé gert, þannig að atkvæðið er í raun og veru ávallt greitt þeim, sem kosningu hlýtur.

Að síðustu skal ég svo láta þess getið, að í niðurlagi grg., þar sem sagt er frá ákvæðum um kosningabandalög í Svíþjóð, er ekki alls kostar rétt frá hermt. Kosningabandalög voru tekin í sænsku kosningalögin árið 1921, og tilhögun kosningabandalaganna þar var sú, að tvenns konar bandalög voru heimiluð, annars vegar bandalög á milli flokka og hins vegar bandalög á milli einstakra frambjóðenda sama flokks, þannig að flokkur gat boðið fram tvo eða fleiri frambjóðendur og látið leggja saman atkv. þeirra og talið þau öll greidd flokknum í heild. Einkum síðara fyrirkomulagið hafði sætt talsverðri gagnrýni í Svíþjóð. En reynslan af kosningabandalögunum í heild hafði þó sýnt, að þau stuðluðu að jafnari skiptingu þingsæta þar í landi heldur en ella, en þar eru ekki einmenningskjördæmi, heldur alls staðar kosið hlutfallskosningum í fleirmenningskjördæmum. Þetta ákvæði hafði verið rætt mjög á síðasta ári eða síðustu tveim árum í Svíþjóð, og á síðasta ári, rétt fyrir kosningar, var gerð breyting á sænsku kosningalögunum til bráðabirgða, þar sem heimildin til kosningabandalaga var afnumin, en hins vegar breytt þeim reglum, sem gilda við útreikning kjörinna þingmanna í kjördæmum, þar sem kosið er hlutfallskosningum, en það eru öll kjördæmi í landinu, þannig að réttur minni flokkanna var skertur með afnámi heimildarinnar til kosningabandalaga, en rétturinn hins vegar aukinn með breyttri aðferð við útreikning á kjörnum þingmönnum í kjördæmunum. Væri kannske ástæða til þess að ræða þetta mál síðar eða skýra nánar frá þessari tilhögun, ef umr. um þetta mál lengdust. En vegna þess að hér var um bráðabirgðabreytingu að ræða, sem átti að taka til endurskoðunar aftur eftir kosningarnar og er nú í endurskoðun í Svíþjóð, þá var þessi breyting ekki í því lagasafni, sem ég fékk lánað í sendiráði Svía hér í bæ, þegar þetta frv. var í undirbúningi, og hélt ég því, að þær reglur, sem verið hafa í gildi í Svíþjóð frá 1921, væru í gildi enn, en þeim hefur sem sagt verið breytt með bráðabirgðabreytingu og eru nú enn í endurskoðun. (Forseti grípur fram í.) Ég skal ljúka máli mínu eftir eina mínútu.

Reglur um kosningabandalög hafa einnig verið í gildi í Noregi alllengi, en þar hefur kosningalögum og stjórnarskipun enn fremur verið breytt alveg nýlega, og mundi ég hafa farið um það nokkrum orðum, ef svo stæði ekki á, að fundartíma væri alveg að ljúka. En máli mínu vildi ég ljúka með þessum orðum: Ástandið hér er nú að ýmsu leyti ekki ósvipað og í Noregi og Svíþjóð, þegar kosningabandalög voru þar fyrst leidd í lög. Það er mjög óheilbrigt, að ekki skuli vera hægt að mynda meirihlutastjórn hér á landi nema sem samstarfsstjórn Sjálfstæðisflokksins og einhvers hinna flokkanna, sem alla greinir í raun og veru mjög á við Sjálfstfl. um grundvallaratriði í þjóðmálum. Það gilti hér öðru máli, ef hér væru til fleiri algerlega borgaralegir flokkar, sem ekki hefðu innan sinna vébanda nein vinstrisinnuð öfl. Samvinna milli þeirra og Sjálfstfl. í kosningabandalögum eða á annan hátt væri vissulega mjög eðlileg. En staðreyndirnar eru auðvitað þær, að kjósendurnir skiptast í tvær meginfylkingar, í hægrisinnaða kjósendur og vinstrisinnaða kjósendur, og kosningatilhögunin á að stuðla að því, að línurnar verði sem skýrastar milli hægrisinnaðrar stefnu og vinstrisinnaðrar stefnu, þannig að við hefðum annaðhvort hægri stjórn eða vinstri stjórn, en ekki einhvern hrærigraut þar á milli. Flestir játa með vörunum kosti slíks kerfis, eins og það er t. d. í Bretlandi. T. d. hefur stærsta blað landsins, Morgunblaðið, hvað eftir annað skrifað um nauðsyn þess og kosti, að slíkir stjórnarhættir kæmust hér á. En í þessu frv. felst einmitt tækifæri til þess að stuðla að því, að þeir komist á. Og það er eitt aðalatriði, það er einn af hyrningarsteinum lýðræðis, að kjósandi geti gert sér ljóst, hvers konar stjórn hann er að kjósa í kosningum, að hann geti kosið á milli tveggja meginfylkinga. Síðan 1934 hefur aldrei legið ljóst fyrir í kosningum hér á landi, að hvers konar stjórn kjósandinn væri að stuðla með atkv. sínu, og þegar svo er, þá er í raun og veru verið að kippa einum hornsteininum undan lýðræðinu. Valdið til þess að ráða stjórnarmyndun er dregið úr höndum þjóðarinnar sjálfrar, úr höndum kjósendanna, og fengið litlum hópi stjórnmála-

manna, en það er óeðlilegt, það er ekki hið sanna lýðræði. Það er höfuðkostur þess, að stórar fylkingar eigist við í stjórnmálabaráttunni, að þýðing hrossakaupa eftir kosningar verður þá minni en ella, að það verður kjósandinn sjálfur, sem hefur mest að segja um stjórnarmyndunina eftir kosningar. — Að lokinni umr. leyfi ég mér svo að óska þess, að frv. verði vísað til hv. allshn.

Umr. frestað.

Á 22. fundi í Nd., 13. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Stjórnarskráin gerir ráð fyrir pólitískri flokkaskipun og að menn séu kosnir á þing sem fulltrúar flokka. Samkvæmt stjórnarskránni verða menn kosnir með eftirtöldum hætti: Í einmenningskjördæmum með meirihlutakosningu, þannig að sá er kosinn, sem flest hlýtur atkvæði. Í tvímenningskjördæmum og Reykjavík með hlutfallskosningu, þannig að listar flokka fá kjörna þingmenn í hlutfalli við atkvæðatölu lista hvers flokks. Loks gerir stjórnarskráin ráð fyrir 11 þingsætum til jöfnunar milli þingflokka. Fleiri leiðir eru ekki til samkv. ákvæðum og anda stjórnarskrárinnar, — eða dettur einhverjum hv. þm. í hug, að löglegt hefði verið að taka upp í kosningalög reglurnar um uppbótarþingsæti fyrr en stjórnarskráin sjálf gerði ráð fyrir þessu kosningafyrirkomulagi? Engum Alþýðuflokksmanni datt slíkt í hug, meðan Jón Baldvinsson var formaður flokksins. Öllu fráleitara er það nú að ætla, að hægt sé að setja spánnýjar reglur um kosningabandalög, eins og felast í frv. þessu á þskj. 121, með almennum lögum, án þess að þær eigi stoð í ákvæðum stjórnarskrárinnar. Hv. 1. flm. frv. viðurkennir þetta líka alveg ótvírætt í upphafi máls síns, þar sem hann sagði við framsögu málsins, að það hefði einmitt frestazt að ganga frá endurskoðun stjórnarskrárinnar vegna ágreinings um kjördæmaskipun og kosningareglur, þ. e., hvaða grundvallarreglur skuli gilda um skipun þingsins. Með þessu er vissulega játað og það réttilega, að slíkar reglur eiga heima í stjórnarskránni. En hér eru róttækar breyt. á þeim reglum, sem gilt hafa um skipun þingsins, bornar fram í almennu lagafrumvarpi. Auk þess vek ég athygli á því, að meginefni framsöguræðu hv. 1. flm. þessa frv. til rökstuðnings því var um það, hvernig hægt væri að skapa öryggi og festu um stjórnarmyndanir, þ. e. a. s. um það, hvaða stjórnskipunarreglur gætu eða ættu að gilda, eða m. ö. o., hvernig stjórnarskrárákvæði ættu að vera. Þetta kemur einnig berlega fram í sjálfri grg. frv. Í þessu felst, að 1. flm. frv. hefur í raun og veru tjáð sig, e. t. v. óafvitandi, sammála mér um það, að reglur þessar um kosningabandalög eru eðli málsins samkvæmt stjórnarskrárákvæði og því ekki leyfilegt að fjalla um frv. í þinginu í því formi, sem það er flutt. Þingið gæti afgreitt þetta mál sem breytingu á eða viðauka við stjórnarskrána, sem frv. til stjórnskipunarlaga, en öðruvísi ekki.

Þar sem hæstv. forseti hefur samt látið gott heita, að umr. hefjist um þetta frv., vil ég fara fáeinum orðum um málið að öðru leyti.

Efni þessa frv. er, að flokkar geti lýst því yfir fyrir kosningar, að þeir séu í kosningabandalagi. Samt eiga kjósendur hvors eða hvers flokks um sig að kjósa sérstaklega sinn flokk. Nú falla frambjóðendur bandalagsflokkanna, og þá á yfirlýsingin um bandalagið að hafa það lagagildi, að ef hinir föllnu fá samanlagt fleiri atkv. en sá frambjóðandi, sem kosinn var, skuli hann aftur leiddur úr þinginu, en sá af fallframbjóðendum, sem flest atkvæði hafði, setjast í sæti hans á þingbekkjum. Ætla menn ekki, að verða mundi mikil reisn yfir slíkum þingskörungum? Veitum því einnig athygli, að allir fjórir flm. þessa frv. eru frambjóðendur, sem náðu ekki kosningu við síðustu alþingiskosningar í þeim kjördæmum, þar sem þeir buðu sig fram. Þessir fjórmenningar hafa hins vegar verið reistir úr valnum og leiddir inn í þingsalina þrátt fyrir fallið vegna svokallaðs uppbótarkerfis kosningalaganna. Þess hefur oft orðið vart, en e. t. v. helzt eftir síðustu kosningar, að kjósendurnir í landinu eiga erfitt með að sætta sig við slíkt kerfi, sem ráðgerir eins konar pólitískar afturgöngur í þingsölunum. Almenningur hneigist að einföldum, rökréttum og almennt viðurkenndum leikreglum. Sá, sem *er kosinn, á að fara á þing, hinn fallni á að* sitja heima. Þetta byggist á því, að þó að uppbótarkerfið megi rökstyðja og rökstyðjist við það að ná hlutfallslegu jafnvægi milli flokka, þá vill kjósandinn, að heiðarlegar og auðskildar reglur gildi um það, hverjir nái kosningu, og er því mótfallinn flóknum útreikningi á atkvæðatölu frambjóðenda og flokka, finnst það tilbúningur hinna æfðu stjórnmálamanna, eins og komizt hefur verið að orði, og e. t. v. nálgast misnotkun á atkv. kjósandans. Það er t. d. enginn vafi á því, að margir Alþýðuflokksmenn hér í Reykjavík og víðar um land hafa sagt við sjálfa sig og aðra í sumar við alþingiskosningarnar: Ég vil ekki láta nota atkv. mitt til þess að koma Hannibal Valdimarssyni á þing. — Slíkum mönnum voru í of fersku minni aðfarir núverandi formanns Alþfl. fyrr og síðar og hefðu því grátið þurrum tárum, þótt hann hefði legið kyrr, þar sem hann var fallinn. Samt varð það svo að vera vegna uppbótarreglna kosningalaganna, að atkv. slíkra manna voru notuð til þess að koma þessum fallna frambjóðanda inn fyrir þingdyrnar, og því er hann hér.

Ég hef viljað vekja athygli á, að kjósendum finnst vissulega nú þegar nóg um annarleg ákvæði kosningal., og þess vegna hafa verið uppi raddir um, að uppbótarkerfið ætti að hverfa með öllu úr sögunni. En þá er það, að nýir spámenn rísa upp hér á meðal vor, og á ég þar við flm. þessa frv. Þeir eru búnir að finna upp spánnýtt kerfi, þessir heiðursmenn. Nú á að bæta inn í kosningalögin nýjum kafla um kosningabandalög. Oft er þörf, en nú er nauðsyn. Alþýðuflokksframbjóðendur féllu mjög unnvörpum í kjördæmum sínum í sumar. Einn var kosinn á þing í kjördæmi, efsti maður á lista í

Reykjavík. Það er ekki efnilegt fram undan, og hvað skal þá til varnar verða vorum sóma? Hinir föllnu frambjóðendur Alþfl., sem flytja þetta frv., halda, að þeir hafi hitt naglann á höfuðið. Það, sem þeir leggja til í raun og veru, þegar umbúðirnar eru teknar utan af, er að lögfesta, að þó að þeir falli við kosningar, skuli mega vísa hinum kjörnu þingmönnum aftur út úr þingsölunum, en í þeirra stað vísa hinum föllnu til sætis til starfa á Alþingi. Hafa nú ekki þessir góðu menn með þessum frumvarpsóburði færzt nokkuð mikið í fang? Hvað mundu íþróttamennirnir segja, ef þrír menn keppa og einn verður hlutskarpastur, að þá geti samt númer tvö fengið fyrstu verðlaun með því að fá lánað afrekið hjá númer þrjú og komast þannig framar þeim, sem fyrstur varð í keppninni? Það eru slíkar drengskaparreglur, sem farið er fram á að lögfesta með þessu frv. Hvernig er svo sú hlið málsins, sem veit að kjósandanum? Jú, Hannibal og Gylfi koma fram fyrir sína kjósendur og segja: Auðvitað erum við jafnaðarmenn, sannir sósíaldemókratar. Þess vegna kjósið þið frambjóðanda ykkar flokks, sósíaldemókrata. — Og flokksfélagi þeirra skilar sínu atkv. með góðri samvizku. Hann hefur kosið sinn mann, jafnaðarmanninn. En til hvers? Hannibal og Gylfi voru búnir að lýsa yfir kosningabandalagi við t. d. andstöðuflokk sósíalismans, segjum Framsfl., sem hefur lýst sig andstæðan sósíalismanum. Atkv., sem greitt er jafnaðarmanni, er þá ef til vill með fyrir fram tilbúnum ráðum notað til þess að koma á þing allt öðrum manni og jafnvel andstæðingi jafnaðarstefnunnar. Í frv. fjórmenninganna er að vísu gert ráð fyrir, að kjörseðlar séu þannig úr garði gerðir, að kjósandi geti bannað, að „atkv. hans sé reiknað öðrum frambjóðanda eða framboðslista en hann kýs". Þetta er orðrétt úr grg. frv. — og að hugsa sér aðra eins náð: Kjósandinn á að eiga þess kost að skrifa á kjörseðilinn, að atkv. hans skuli ekki teljast öðrum en hann vill kjósa. Í ofanálag eru svo flm. þessa frv. nógu djarfir til að segja í grg. um þetta náðarsamlega ákvæði: „Með því er útilokað, að reglur þessar verði hagnýttar af stjórnmálaflokkum til brasks með atkv. gegn vilja kjósendanna." Það er einmitt allt og eina efni þessa frv., að óvandaðir stjórnmálamenn geta hagnýtt reglur þess til brasks með atkv. gegn vilja kjósendanna.

Flm. þessa frv. eru ekki öfundsverðir. Ég held, að það þurfi ekki mikla framsýni til þess að sjá, að það á eftir að verða þeim sjálfum til mestra leiðinda. Hannibal Valdimarsson reyndi samvinnu við annan flokk sér til bjargar í sumar. Sú samvinna kostaði að vísu það, að flokksmenn annars flokks urðu að kjósa Hannibal. Það brást. Þá er fundið upp þetta fangaráð, að leyfa flokksmönnum hins flokksins að kjósa sinn eigin flokk, en atkvæðið skal samt teljast Hannibal. Mundi nú slíkur manndómur duga betur?

Ég vil þakka hv. 1. flm. þessa frv. fyrir að hafa leiðrétt í framsöguræðu sinni það, sem fram kemur í grg. um, að fordæmi séu fyrir slíkum kosningabandalögum annars staðar, þar sem nefnd er Svíþjóð, og stendur, að reglurnar um þau hafi gefizt vel þar í landi. Ég hef ekki átt kost á því að kynna mér þetta mál nánar, en það kom fram af framsöguræðu 1. flm., að í fyrsta lagi hefðu reglurnar um kosningabandalög í Svíþjóð verið öðruvísi en þær, sem hér eru lagðar til, og því ekki fordæmis fyrir þeim að leita í þessum sænsku reglum, og enn fremur, að það væri nú búið að afnema þessi kosningabandalög. Það er út af fyrir sig ekkert við því að segja, þó að slæðist inn skekkjur í grg. frv. hjá hv. þm., þegar þeir sjálfir leiðrétta það, sem missagt er. Það má aðeins segja, að í þingfréttum er — held ég — gerð grein fyrir aðalefni frv. og þá væntanlega atriðum eins og þessum, og væri náttúrlega mjög æskilegt, þegar slíkar leiðréttingar koma fram, sem nokkuð mikils virði eru, að þá fari það einnig í þingfréttirnar, svo að almenningur, sem hlustar á útvarpið, áttaði sig á því.

Niðurstöður mínar varðandi þetta mál eru tvíþættar. Ég tel í fyrsta lagi, að það samrýmist ekki ákvæðum stjskr. um það, með hverjum hætti frambjóðandi geti náð kosningu til Alþingis. Í öðru lagi tel ég, að ákvæði þessa frv. fari algerlega í bága við þau meginlögmál, sem allur þorri íslenzkra kjósenda hefur gert og gerir kröfur til að gilda skuli í baráttu stjórnmálamanna og flokka til þess að ná kosningu til Alþ. Af þessum sökum er að mínum dómi um að ræða óþinghæft mál, bæði að formi og efni, og leyfi ég mér að vænta þess, að örlög þess ákvarðist samkvæmt því.

Forseti (HÁ): Það hefur komið fram sú skoðun, að í frv. því á þskj. 121, sem hér er til umr., felist ákvæði, sem brjóti í bága við stjskr., og þess verið krafizt, að frv. verði af þeim sökum vísað frá samkv. 27. gr. þingskapa.

Út af þessu vil ég taka fram, að ég mun — og styðst þar við þingvenju — leyfa, að umræður fari fram, m. a. til þess að hlýða einnig á rök þeirra þm., er kynnu að vera á annarri skoðun í þessu efni. Hins vegar mun ég kveða upp úrskurð minn um þetta atriði, áður en til atkvæða kemur eftir þessa umr., eða á síðara stigi málsins hér í d., ef ég tel að athuguðu máli, að það sé réttari málsmeðferð.

Jón Pálmason: Herra forseti. Mér þykir ástæða til að bæta fáeinum orðum við það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði út af því frv., sem hér liggur fyrir og skiljanlega er hápólitískt mál.

Í ræðu sinni í gær fór hv. 1. landsk. víða yfir, og mátti segja, að ræða hans væri svipuðust eins og þegar blæs af öllum áttum og maður veit ekki, hvaða vindátt verður einna mest ofan á, því að hv. þm. talaði mjög um stjskr., hvaða breytingar þyrfti að gera á henni o. s. frv., rétt eins og hann væri hér að tala fyrir stjórnarskrárbreytingu. En þetta frumvarp er nú flutt sem kosningalagabreyting, og var sá hluti ræðunnar þess vegna að miklu leyti utan efnis. Þó er það tvennt í þessari ræðu, sem hvort tveggja var rétt og mér þykir ástæða til að víkja að. Annað var það, að hv. þm. hélt því fram, sem

auðvitað er rétt, að það væri nauðsynlegt að fá meirihlutavald inn í Alþ., meirihlutaflokk, til þess að það yrði meiri festa í stjórnarstarfsemi. Þetta er auðvitað hárrétt, og það hafa margir séð á undanförnum árum. En þessi hv. þm. vék líka að öðru, sem einnig er rétt, að eins og sakir standa í okkar þjóðfélagi, þá væri það aðeins einn flokkur, sem hefði möguleika til þess að ná meiri hluta í landinu, og það er Sjálfstfl. En til þess að koma í veg fyrir þann möguleika, að þetta gæti átt sér stað, þá virðist hann flytja sitt frv.; sem sagt, því er stefnt gegn Sjálfstfl. beinlínis, þeim flokki, sem er fjölmennastur í landinu, af því að hann hefur réttasta stefnu og er vinsælastur meðal fólksins.

Nú er það svo, að mér er kunnugt um það, að þetta frv. hefur haft nokkuð langan aðdraganda — og aðdraganda með sérstökum hætti. Sá aðdragandi er á þá leið, að nokkrir pólitískir braskarar, ef svo mætti segja, sem tilheyra Alþfl. og Framsfl., hafa á undanförnum tveimur árum verið að reyna samninga um það, að í síðustu kosningum yrði algert bandalag milli þessara flokka. Þessi hugsun hefur nú kannske átt meira fylgi utan þings heldur en innan, en þó er það kunnugt, að tveir hv. þm., sem eru fyrstu flm. þessa frv., hafa verið meðal aðalmanna í þessu. En þetta fyrirhugaða bandalag strandaði fyrir síðustu kosningar á því, að ég hygg, að það var meiri hluti í báðum flokkum, a. m. k. þingflokkum, gegn því að stofna til þessarar verzlunar. Þó var gerð tilraun í þá átt að sjá, hvernig þetta mundi nú heppnast, og hún var gerð í a. m. k. þremur kjördæmum. Hún var gerð í Ísafjarðarkaupstað, hún var gerð í Dalasýslu, og hún var gerð í Vestur-Skaftafellssýslu. Þetta heppnaðist nú hvorki í Vestur-Skaftafellssýslu né Ísafjarðarkaupstað. Í Dalasýslu aftur á móti heppnaðist það, og er þó mjög vafasamt, hvort það hafi nokkur áhrif haft, því að ég hygg eftir atkvæðatölum, að hv. þm. Dal. mundi hafa komizt að, jafnvel þó að hann hefði ekki fengið bragðbætinn frá Alþfl. í viðbót við sitt eigið fylgi. En þegar þessi tilraun hefur þannig misheppnazt, eins og sannaðist í þessum þremur kjördæmum, eða sérstaklega tveimur þeirra, þá eru ýmsar „spekúlasjónir" uppi meðal sömu manna um það, hvernig þeir skuli nú geta komið sínum verzlunarhugmyndum á framfæri á annan hátt. Og þess vegna hygg ég að þeir í örvæntingu sinni flytji þetta frv., sem er, að ég hygg, eitthvert undarlegasta frv., sem sézt hefur hér á Alþingi.

Ég verð nú að segja það, að þegar ég fór að athuga þetta frv., þá datt mér í hug gömul saga, sem gerðist fyrir 60 árum á einu skólasetri hérlendis. Þar var matráðskona, sem þótti heldur spör á góðan mat. Einn dag eru þar bornar á borð birgðir af keti, en það er allt saman ket af sjálfdauðu pestarfé, svo að skóladrengir snertu ekki á því, þannig að það kom allt saman fram í eldhúsið aftur. En þá sagði sú gamla: „Það skal nú í þá samt," og lét búa til úr því kássu og bera það fyrir skólasveina þannig, að það voru líkur til, að þeir snertu eitthvað við því, þegar þeir voru orðnir nógu hungraðir. Sama grundvallarhugsun virðist liggja fyrir því frv., sem hér liggur fyrir, að þó að það séu boðnir fram frambjóðendur hingað og þangað í kjördæmum landsins, sem fólkið vill ekki og snertir ekki við, þá á samkv. lögum að fylgja reglunni: Þeir skulu nú í þá samt, m. ö. o., það á að búa til kássu, og má því segja, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, sé tilraun til þess að lögfesta eins konar kássureglu í alþingiskosningum, og sú regla mundi þá geta komið víða við, ef það væri farið eftir sömu lögum.

Nú skal ég nefna hér nokkur dæmi um það, hvernig þessi kássuregla hv. þingmanna mundi hafa verkað í síðustu kosningum, því að auðvitað er hún fyrst og fremst við það miðuð, að það sé stokkað saman spilunum á sérstakan hátt hjá Alþfl. og Framsfl. Hv. þm. Borgf. (PO) er búinn að vera lengst allra manna hér á Alþ., og hann hefur jafnan verið kosinn með yfirburðum. Þessi maður var kosinn í síðustu kosningum í Borgarfjarðarsýslu með 337 atkv. fram yfir næsta frambjóðanda, þann sem næstflest atkv. fékk. En samkv. kássureglunni, sem þetta frumvarp fer fram á, ætti þessi þm. að falla. Hann hefði átt að falla vegna þess, að samanlögð atkvæðatala tveggja frambjóðenda, frambjóðanda Alþfl. og frambjóðanda Framsfl., er rúmum 20 atkv. hærri, og hefðu þeir verið í bandalagi, þá hefði þessi þm., elzti þm. landsins eða sá, sem lengst hefur setið á þingi og hefur verið kosinn með yfirburðum, átt að falla samkv. þessari reglu, sem hv. 1. landsk. hefur fundið hér upp; hann ætti ekki að koma til greina á Alþingi, en varaformaður Alþfl. ætti samkv. kássureglunni að verða þm. Borgf., þrátt fyrir það þó að kjósendurnir þar hefðu ekki viljað líta við honum. Þó má segja, að þetta taki nærri því út yfir, þegar þetta á líka að ganga yfir hlutfallskjördæmin, tvímenningskjördæmin og Reykjavík, þar sem eru samkv. stjórnarskránni og kosningalögum lögboðnar hlutfallskosningar eftir eðlilegum reglum. En ef kássureglan hefði verið í lögum í síðustu kosningum, þá hefði t. d. hv. 2. þm. Eyf. (MJ), sem var kosinn með talsverðum atkvæðamun samkv. reglum stjórnarskrárinnar og kosningalaganna, átt að falla, ef það hefði verið bandalag milli þeirra tveggja flokka, sem þarna er helzt ætlazt til að verði í bandalagi, þó að það sé auðvitað alveg eins heimilt, ef þetta frv. næði fram að ganga, að það væru fleiri flokkar, sem snerust í bandalag og væru stokkaðir saman á þennan sérstaka hátt gegn stærsta flokki þjóðarinnar, og þeir menn, sem kosnir væru í kjördæmunum, væru látnir falla, en aðrir komast að, sem kjósendurnir kærðu sig ekkert um.

Nú er það svo, að ef þetta ætti að færast út á víðara svið, þá gæti þetta komið fram alveg eins í skólaprófum og íþróttum. Hv. 1. landsk. er eins og kunnugt er kennari við háskólann, og hv. 3. landsk. er skólastjóri vestur á Ísafirði. Ef þessir menn vildu nú beita þessari reglu, sem þeirra frv. fer fram á, við prófin í sínum skólum, þá ætti sá, sem hæstan stigafjöldann fær í skólunum, alls ekki að vera neinn yfirburðamaður þar eða koma til greina hvorki

til verðlauna eða vera efstur. Ef það væri bandalag milli tveggja lélegra manna, sem fengju heldur meiri stigahóp samanlagt en sá efsti, þá ættu þeir að vera taldir yfir hinum, sem hæstur væri, eftir sömu reglum. Alveg eins mætti þetta útfærast á íþróttasviðinu. Ef tveir linir menn væru í bandalagi, þá ættu þeir að fá verðlaun, en alls ekki sá, sem mesta afrekið gerði.

Þetta er þess vegna, hvort sem það er tekið sem kosningalagafrv., eins og það er, en virðist, eins og síðasti ræðumaður vék að, mjög undarlegt, ef hægt er að láta það koma til atkvæða hér, — en frá hvaða hlið sem það er skoðað, þá er það svo fráleitt, að þessi regla verði nokkurn tíma lögfest í okkar landi varðandi alþingiskosningar, að mér þykir undarlegt, ef það verða margir háttvirtra þingmanna, sem verða því fylgjandi. En af þessu fáum við reynslu, ef hér kemur til atkv. Auðvitað kemur ekki til mála, að nokkur sjálfstæðismaður greiði atkv. með frv., sem er beinlínis stillt upp til þess að koma í veg fyrir, að þessi stærsti flokkur þjóðarinnar nái því valdi, sem honum ber. Við fáum reynslu fyrir því, hvort það verða margir af hv. þm. Sósfl., sem vilja fylgja kássureglunni, eða hvort það verða þm. Þjóðvfl., og síðast, en ekki sízt, og það sem kannske mestu skiptir, hvort það verða margir af hv. þm. Framsfl., sem vilja ganga inn á þessar brautir í þeim tilgangi einum að blekkja kjósendur í kosningum, því að það er ekkert annað en tilraun til að blekkja kjósendur í kosningum, ef það á að vera lögfest, að atkv. frambjóðenda tveggja flokka, þó að þeir séu kallaðir í bandalagi, eigi að leggja saman, eftir að kosningunni er lokið, og annar þeirra eigi þá að fá kosinn þingmann. Hitt er eðlilega ekkert við að athuga, þó að bandalagsreglan, sem hér hefur oft gilt, sé áfram. Það er ekkert því til fyrirstöðu samkv. núgildandi kosningalögum og okkar stjórnarskrá, að einn flokkur bjóði ekki fram á móti öðrum, eins og átti sér stað á Ísafirði og í Vestur-Skaftafellssýslu, og það bandalag er í alla staði löglegt og getur staðizt. En þessi regla, sem hér er fundið upp á, er svo fyrir neðan allar hellur, að mér þykir alveg furða, að ekki ógreindari menn heldur en þeir, sem hér eru flutningsmenn að, skuli láta sér detta í hug að sýna þetta hér á hv. Alþingi.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þeir tveir ræðumenn, sem nú hafa tekið þátt í umr. um frv. Alþýðuflokksmanna um kosningabandalög, hafa verið að reyna að vera gamansamir. En þeim var vissulega ekkert gaman í hug. Það mátti bæði á þeim heyra og einnig sjá á þeim. Þeir voru í raun og veru miklu fremur sárir og argir yfir því, að slíkt frv. skyldi vera komið fram sem þetta, og það var alls ekki neitt gamanmál fyrir þeim að vera að ræða um það, enda var gamansemin öll á þann veg, að hún bar allt annan keim heldur en það að vera innan frá komin.

Það virðist vera nokkuð auðsætt mál, að ef það er rétt að stefna að því í stjórnarfarinu, að einn flokkur hafi hreinan meiri hluta og geti myndað sterka stjórn í landinu, þá sé jafneðlilegt og sjálfsagt, að tveir flokkar, sem hafa komið sér saman um að semja um ákveðna stjórnarstefnu fyrir kosningar, mótað þá stefnu í sínum kosningastefnuskrám, birt hana kjósendum og boðið upp á það, að stjórn verði mynduð á þeim ákveðna grundvelli eftir kosningar, — ef þessir tveir flokkar fái meiri hluta, þá sé jafneðlilegt, að þeir taki við stjórnartaumum, þó að þeir séu tveir flokkar um þessa einu og sömu yfirlýstu stefnuskrá, eins og um einn flokk væri að ræða. En það var svo grandvart, að þessir tveir gamansömu ræðumenn gerðu nokkra minnstu tilraun til þess að hrekja það, að þetta væri eðlilegt og sjálfsagt, og þetta er þó hið eina og sanna efni þessa frv. Þeir gengu sem sé alveg gersamlega fram hjá efni frv. og fóru út í sína kássugamansemi, sem sannarlega var nú heldur óbragð að á köflum.

Ég vil fyrst víkja að kássugamansemi hv. þm. A-Húnv. Hann segir, að frv. sé stefnt gegn Sjálfstfl. Þetta frv. er alveg byggt á grundvelli kosningalaganna og er hvorki stefnt gegn einum né neinum flokki. Allir flokkar hafa sömu aðstöðu til að notfæra sér ákvæði þessa frv. eins og hverra annarra gildandi laga, svo að það er vitanlega ekki verið að stefna þessu sem vopni gegn einum eða neinum. Það er til þess, að allir stjórnmálaflokkar á hverjum tíma geti farið eftir ákvæðum þesara laga, ef þetta frv. yrði lögfest.

Það má vel vera, að hv. þm. A-Húnv. telji það pólitískt réttlæti, sem sé sjálfsagt að varðveita í íslenzkri löggjöf, að flokkur, sem hefur yfir 12000 atkv., skuli bara hafa einn þm. kjörinn, aðrir frambjóðendur þess flokks skuli liggja dauðir í valnum, ekki koma til þings, það sé mesta skömm að því, að þeir komi til þings, af því að þeir hafi ekki hlotið meiri hluta í hverju einstöku kjördæmi um sig. En ég hygg nú samt, að það verði finnanlegir ýmsir menn í Austur-Húnavatnssýslu jafnvel, í kjördæmi hv. þm., sem viðurkenni það, að flokkur með á þrettánda þúsund atkv. eigi rétt á því að hafa jafnmarga þm. hlutfallslega miðað við fylgi sitt eins og t. d. Sjálfstfl. Núna er það svo, þrátt fyrir gildandi uppbótarákvæði, að Alþfl. er með rúmlega 2000 kjósendur á bak við hvern sinn þingmann, — uppbótin er nú ekki fullkomnari en það, — meðan Sjálfstfl. er með miklu færri kjósendur á bak við hvern sinn þm.

Ekki getur Sjálfstfl. heldur státað af því, að hver þm. hans sé með meiri hluta kjósenda í viðkomandi kjördæmi á bak við sig. Hvað er t. d. með hv. formann Sjálfstfl.? Hann er með um þriðjung kjósenda í því kjördæmi á bak við sig. Eftir þeim reglum, sem nú gilda, er hann kosinn, en hann gæti alveg eins verið afturganga, pólitísk afturganga, eftir umsögnum þessara hv. þingmanna, og hann ætti að vera það, því að hann hefur engan meiri hluta kjósenda á bak við sig, hefur flotið á úreltum og ranglátum ákvæðum laga inn á þetta þing og hefði ekki átt að vera hér, hefði átt að vera líklega í kirkjugarði eða þar sem afturgöngur eru. (Gripið fram í.) — Hann ætti að vera í pólitískum kirkjugarði vitanlega, hv. þingmað-

ur, eftir ykkar eigin kenningum, en ekki að óprýða hér söfnuðinn á Alþingi. Ég hef meira en þriðjung atkvæða á Ísafirði á bak við mig og ætti því síður heima í pólitískum kirkjugarði heldur en hv. formaður Sjálfstfl.

Annars veit ég ekki til þess, að Sjálfstfl. hafi ekki gert sér að góðu að fara eftir ákvæðum gildandi laga um uppbótarþingmenn. Ég veit ekki annað en Bjarni Benediktsson hafi verið í kjöri vestur á Ísafirði og fallið þar og síðar flotið hér inn á þing með þeim hætti, að Birni Ólafssyni var vikið úr sessi eitt kjörtímabil. Hann var hér pólitísk afturganga það kjörtímabil eftir munnsöfnuði þessara manna, og held ég, að hann hafi verið þeginn í ráðherrastólinn eftir það, kannske margafturgenginn. Mig minnir helzt, að það hafi fleiri ráðherrar Sjálfstfl. verið uppbótarþingmenn hér, verið sem sé pólitískar afturgöngur og verið samt settir ekki aðeins á almennan þingbekk á Alþ., heldur í ráðherrastóla. Ég veit ekki, hvað það á að þýða að fara lítilsvirðingarorðum um æðstu menn Sjálfstfl. og kalla þá pólitískar afturgöngur, af því að þeir halda, að þeir geti hitt þá flokka fyrir, sem samkv. núgildandi kosningalögum eru beittir meira ranglæti heldur en aðrir menn í landinu, og þess vegna er eðlilegt, að þeir beri fram frv. til l. um aukið jafnrétti, til þess að hinar mismunandi pólitísku skoðanir fólksins í landinu fái hlutfallslega umboð hér á Alþ. og ekkert umfram það.

Ef það ætti að vera eitthvert úrslitaatriði í þessu máli, að enginn ætti að vera hér á þingi, nema hann hefði meiri hluta í kjördæmi, — hvað þá um tvímenningskjördæmin? Þá ætti Jón á Reynistað, sá mæti þingmaður, alls ekki að vera hér á þingi, þá ættu þeir að vera búnir að útrýma honum héðan af þingi. Hann er búinn að sitja hér mjög lengi og með sæmd. Hann hefur ekki haft meiri hluta í Skagafjarðarsýslu á bak við sig. En á ákvæðum laga hefur hann flotið hingað inn og hefur alveg fyllt sinn sess hér þrátt fyrir það. Nákvæmlega á sama hátt væri hægt að lögfesta reglur um það, að flokkarnir hefðu sem jafnasta þingmannatölu á bak við sig miðað við fylgi sitt, alveg án tillits til þess, hvort viðkomandi flokkur hefði meiri hluta kjósenda á einhverju afmörkuðu svæði. Þannig hafa pólitískar afturgöngur verið hér í umboði Sjálfstfl., bæði sem þingmenn í tvímenningskjördæmum og sem uppbótarþingmenn, og hafa þessir flokkar ekki haft nokkurn hlut við það að athuga að senda sína menn hingað inn á þing á slíkum grundvelli. Öll þeirra gamansemi um þá hlið málsins er þess vegna út í hött, að svo miklu leyti sem hún ekki fyrst og fremst hittir þá sjálfa fyrir.

Hv. þm. A-Húnv. var að tala um, að það hefði verið gerð tilraun til kosningabandalags milli tveggja flokka í síðustu kosningum, því að það hafi verið samningar milli Alþfl. og Framsfl. um eins konar kosningabandalag í Ísafjarðarkaupstað, Dalasýslu og Skaftafellssýslu. Ég lýsi hv. þm. ósannindamann að þessu og bið hann að bera þá byrði, þangað til hann getur lagt fram sannanir á borðið fyrir því, að þessi kosningabandalög hafi átt sér stað og séu annað en hugarfóstur í hans eigin heila, enda er niðurstaðan sú, að í Ísafjarðarkaupstað kusu nokkrir framsóknarmenn mig, en langflestir af framsóknarmönnum á Ísafirði kusu Sjálfstfl. Þeir voru sem sé, vegna þess að flokkur þeirra hafði þar engan mann í kjöri, frjálsir að því, hvern aðalframbjóðandann þeir kusu, og veit ég ekki til, að nokkur pressa hafi verið á þá lögð á Ísafirði til þess að fylgja fremur frambjóðanda Alþfl. heldur en frambjóðanda Sjálfstfl. Þeir voru alveg á lausum kjala, þar sem þeirra flokkur hafði ekki mann í kjöri. Og þannig mun þetta hafa verið einnig í Skaftafellssýslu og Dalasýslu. Það hefur vissulega komið fyrir áður, að flokkar hafi ekki boðið fram í öllum kjördæmum, og það var það, sem gerðist hér. Alþfl. hefur í nokkrum undanförnum kosningum fengið ein 8 atkv. í Vestur-Skaftafellssýslu. Sannleikurinn er sá, að Alþfl kom þar ekki fram framboði og þar af leiðandi voru Alþýðuflokksmennirnir í Vestur-Skaftafellssýslu alveg lausir og óbundnir, og kusu sumir landslista Alþfl., en aðrir sennilega ýmist frambjóðanda Sjálfstfl. eða Framsfl. eða Sósfl. Þeir voru sem sé alveg óbundnir. Í Austur-Skaftafellssýslu komum við heldur ekki fram framboði. Við höfum ekki haft þar á landslista nema 4 atkv. í undanförnum kosningum nokkrum, og þar var ekki heldur maður í kjöri fyrir Alþfl. Við buðum fram í öllum kjördæmum nema fjórum. Það er sem sé alveg óþarft fyrir hv. fulltrúa Sjálfstfl. að fara að blanda þessu inn í og fara með ósannindi. Það heldur veikir tiltrú manna, sem á þá hlýða, til annarra atriða í ræðum þeirra, þegar þeir verða að standa við ósannindin um það, sem fyrir liggur. En vissulega sýnir það líka, í hvaða vandræðum þeir eru gagnvart þessu máli, og láta þá fjúka fleira en hollt er.

Hv. þm. A-Húnv. sagði, að þetta væri undarlegt frv., eitthvert undarlegasta frv., sem hefði komið fram hér á hv. Alþ. Það er upplýst og það er viðurkennt af hv. 5. þm. Reykv. (JóhH), að sams konar ákvæði hafi verið í lögum í öðrum löndum, í lýðræðislöndunum hérna í kringum okkur, í Noregi og Svíþjóð og Danmörku. Ákaflega eru þetta undarlegar lýðræðisþjóðir, að þær skuli hafa lögfest atriði, sem hér eru nú fram komin í frumvarpsformi. Mikið er þetta skrýtið. Það er von, að hv. þm. A-Húnv. falli í stafi yfir öðrum eins ósköpum, að það skuli koma fram í frumvarpsformi á Alþingi Íslendinga ákvæði, sem eru nákvæmlega sams konar þeim, sem hafa verið í lögum um langan tíma bæði í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Það er eins gott að vita það, að hv. þm. getur orðið hissa enn þá, getur orðið undrandi, og meðan menn geta orðið undrandi, eru þeir þó ekki alveg orðnir að steini.

Þá er það smekklegi kaflinn hjá hv. þm. A-Húnv. um kássuna, kássukenninguna. Ég má til með að víkja svolitið að henni. Þegar hann var staddur í þeim kjallaranum, þá tekur hann sem dæmi, að ef það hefði nú verið kosningabandalag t. d. í Borgarfjarðarsýslu í síðustu kosningum, þá hefði getað svo farið, að Pétur Ottesen, sem hefur setið hér á þingi síðan 1916,

hefði nú verið leystur frá lengri þingsetu. Óskaplegt slys hefði það nú verið. Pétur er einn af mætustu þingmönnum, en hann er búinn að sitja hér í heilan mannsaldur, síðan 1916, og það hefði vissulega getað komið fyrir, að hann hefði nú hætt, slegið botninn í það að langa í þingkjörið. En hvers vegna hefði það skeð, ef það hefði nú verið kosningabandalag þarna? Af því að fleiri kjósendur hefðu fyrirfundizt í Borgarfjarðarsýslu, sem ekki vildu Pétur, sem hefðu samkv. fyrir fram auglýstu samkomulagi tveggja annarra flokka, sagt: Við viljum heldur kosningablokkina og frambjóðanda þann, sem er fyrir hana, — og þá hefði Pétur orðið að víkja fyrir vilja meiri hluta kjósenda í Borgarfjarðarsýslu. Hvað er undarlegt við þetta? Það er nefnilega það, að jafnvel Pétur Ottesen með sitt sterka fylgi og verðskuldaða í Borgarfjarðarsýslu hefur ekki meiri hluta atkv. í kjördæminu, er þannig einn af afturgöngunum, sem þessir hv. þm. voru að tala um áðan. Hann hefur ekki meiri hluta og er hér á Alþ. í góðum rétti þrátt fyrir það, þó að hann hafi ekki meiri hluta í sínu kjördæmi, en gæti fallið fyrir þeim meiri hluta, sem er á móti honum, ef það væru til lög um kosningabandalög. Og ég er ekkert viss um, að hann sé í neinum sterkari eða meiri rétti hér á Alþingi með þann minni hluta, sem stendur á bak við hann í Borgarfjarðarsýslu, heldur en sá maður, sem getur komið í stað hans með meira fylgi í kjördæminu heldur en Pétur hefur, sem skilaði honum þá hingað inn á þing eftir kosningabandalagsákvæðunum.

Þá kemur einmitt að líkingunni um kássuna. Með því að það er ekki ákvæði um kosningabandalög, þá kemur Pétur Ottesen hingað inn á þing. En hann er þar í minni hluta. En hann skal í þá samt. Hann skal inn á þing samt. Þess vegna má ekki lögfesta ákvæði um kosningabandalögin, því að þá yrði hann hér ekki inni með þessum minni hluta, en skal hér inn samt, og þess vegna berjast hv. flokksbræður hans á móti kosningabandalaginu, sem gæti orðið til þess, að hann flyti ekki hingað inn í krafti síns minni hluta. Og svo var tekið dæmi af hv. 2. þm. Eyf., sem hefur ekki meiri hluta í sínu kjördæmi. Í krafti núgildandi ákvæða skal hann inn samt, þó að hann hafi engan meiri hluta, og þeim ákvæðum má ekki breyta, því að þá væri hann hér í krafti einhverrar pólitiskrar kássu. En það er miklu eðlilegra að hafa ákvæði, sem heimila honum að vera hér í krafti minni hlutans, og því má ekki breyta því í þessu tilfelli. Nei, Magnús Jónsson skyldi ekki í þá samt, hann færi ekki hingað inn á þing, ef það væri betur búið að tryggja rétt meiri hlutans í slíkum kjördæmum eins og Gullbringu- og Kjósarsýslu og Eyjafjarðarsýslu og Borgarfjarðarsýslu. Þessi dæmi eru ágætlega valin sem rök á móti þessum hv. mönnum. (Gripið fram í.) Já, þá væruð þið líka alveg í fullum rétti að því, að þið sameinuðuzt við Framsókn, þannig hafið þið möguleika náttúrlega. Og svo eruð þið samt, þó að þið hafið möguleikana um væntanlegt kosningabandalag við Framsókn, að tala um, að þessu sé stefnt gegn ykkur. Nei, eitt rekur sig á annars horn, eins og graðpening hendir vorn. Það er einmitt það, sem þarna hefur gerzt og gerist. Svo fór hv. þm. A-Húnv. að tala um nemendur í skóla og sagði, að eftir þessum reglum yrðu þeir lægstu í bekknum, ef einkunnum þeirra væri skellt saman, kannske hæstir. Jú, jú, en það er nú venjan, þegar tekin er meðaleinkunn nemenda, að þá er deilt í með tveimur, ef um tvo nemendur er að ræða, eða ef bara um tvær námsgreinar er að ræða og á að finna meðaleinkunn, þá er deilt í það með tveimur, svo að það var nú heldur óbragð þarna að kássunni, þegar hugsanagrautur hv. þm. A-Húnv. var borinn á borð svona í heldur ókræsilegum rétti. Ég held hann ætti ekki að bera þetta á borð oftar fyrir okkur. Það var farið að slá í þennan hugsanagraut, þegar kássan var borin fram. Sannast að segja var ræða hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) og hv. þm. A-Húnv. (JPálm) hugsanagrautur og þannig kássa, sem farið var að slá í og ekki boðleg hér á hv. Alþingi Íslendinga.

En málið er stórpólitískt mál, og þess vegna á það skilið, að rætt sé um það í alvöru, og efni þess er ofur einfalt. Það er um það, að tveir flokkar, sem koma sér saman fyrir kosningar um ákveðna stefnu, sem þeir leggja fyrir kjósendurna, öðlast rétt til þess, að vilji kjósenda beggja flokka komi fram, og þeir frambjóðendur teljast kosnir, sem hljóta meira fylgi heldur en frambjóðandi nokkurs eins flokks, sem þeir eiga í höggi við, og þeir fulltrúar, sem þannig eru í minni hluta algerlega í sínum kjördæmum, eiga að víkja fyrir þeim frambjóðendum, sem hafa fengið tjáningu meiri hluta kjósendanna fyrir því, að þeir verði kosnir. Það er einmitt sú hugsun, að meiri hlutinn eigi að ráða, sem á að tryggja betur með þessu frv. heldur en nú er tryggt í gildandi l. Sú hugsun er vitanlega alveg þingræðisleg og lýðræðisleg, en hv. þm. Sjálfstfl. mótmæla, af því að þeir halda, að það geti verið á kostnað Sjálfstfl. Lýðræðisástin er ekki meiri en það, að þá skal grundvallarhugsun lýðræðis og þingræðis víkja, en það er um það og það atriði nálega eitt, sem við getum ekki orðið sammála. Ef það er eðlilegt, að einn flokkur, sem hefur eins atkv. meiri hluta, fái kosinn fulltrúa, þá er það alveg jafneðlilegt, að tveir flokkar, sem hafa markað ákveðna stefnu og kosið er um, fái sinn sameiginlega fulltrúa, ef hann samanlagt hefur eins atkv. meiri hluta yfir hinn. Ef hv. þm. treysta sér til þess að hnekkja þessu, þá eiga þeir erindi hingað til þess að ræða um þetta frv. og mega gera að gamni sínu, en að öðrum kosti er réttur þeirra hæpinn til þess.

Það hefur þótt hvimleitt á undanförnum árum, að í raun og veru hafa kjósendurnir að afstöðnum kosningum ekkert vitað, hvaða stjórn yrði mynduð eða um hvaða stefnu ríkisstj. kynni að verða mynduð. Og oft hefur það orðið svo, að þó að kjósendur hefðu vænzt frjálslyndrar umbótastefnu og ríkisstjórnar, sem túlkaði slíka stefnu, þá hefur farið svo, að þeir hafa fengið að sitja uppi með afturhaldsstjórnir kjörtímabil eftir kjörtímabil, og þeir þingmenn, sem hafa jafnvel boðað mesta róttækni

fyrir kosningar, hafa síðan setzt í ráðherrastól við hliðina á heildsölum og bröskurum að afstöðnum kosningum, greinilega alveg þvert ofan í vilja kjósendanna. Væri nú ekki nær, væri það ekki lýðræðislegra og væri það ekki þingræðislegra, að kjósendurnir vissu um það fyrir kosningar, hvaða stjórnarstefnu væri verið að marka, hvaða ríkisstj. yrði mynduð, og það kæmi síðan að afstöðnum kosningum sem sjálfsagður hlutur, sem afleiðing af niðurstöðu kosninganna, hvers konar ríkisstj. yrði mynduð? Ég tel, að þetta liggi alveg í augum uppi og þurfi ekki einu sinni að svara slíkri spurningu. Það er auðvitað alveg sjálfsagt að gera þær breytingar á lögum, sem tryggja það, að kjósendur fái að vita fyrir kosningar um þá stefnu, sem á að ráða stjórnarmyndun, og að sams konar stjórn og lofað hefur verið í hinni túlkuðu stefnu fyrir kosningar sé eðlileg afleiðing af niðurstöðu kosninganna. Í þessu tilfelli, ef frv. Alþýðuflokksmanna yrði að lögum og kosningabandalag þeirra sigraði, þá kæmi ekki til neinnar stjórnarkreppu, það yrði gengið til stjórnarmyndunar strax að afstaðinni kosningu. Kjósendurnir gætu lagt að því grundvöllinn, hvernig stjórnarfarið yrði eftir kosningar, og eiga í raun og veru heimtingu á því að öllum lýðræðislegum venjum og reglum. Nú er slíkt ástand ríkjandi, að það er alveg óviðunandi að því er þetta snertir, og það eitt, þótt ekki væri annað, gerir það að nauðsyn að breyta lögum til þess að tryggja rétt kjósandans og vilja hans betur.

Ég skal svo ekki fjölyrða að sinni miklu meira um þetta mál. Ég tel, að þeir tilburðir, sem hv. þm. Sjálfstfl. hafa enn haft í frammi til þess að ræða þetta mál, hafi ekki borið neinn keim af rökræðum. Það var viðleitni til gamansemi, en sú gamansemi var svo misheppnuð, að það var auðséð, að hún kom ekki frá hjartanu og að mönnunum var ekkert gaman í hug, enda vita menn, að ástæðan til þess, að þetta frv. var ekki tekið á dagskrá dögum saman, var sú, að þeir voru að reyna að brölta við að finna einhvern lagaprófessor eða lögfræðing, sem fengist til þess að úrskurða, að þetta frv. stangaðist við ákvæði stjórnarskrárinnar og ætti því að vísa því frá, og pródúktið af því er nú komið, og það er búið að lýsa því hér úr forsetastóli, að þetta hafi komið fram. Sjálfstfl. er svo skíthræddur við þetta frv., að hann er að reyna að bjarga sér frá því, að þm. fái að taka afstöðu til frv., og vill láta vísa frv. frá út af því, að það rekist á einhver ákvæði stjórnarskrárinnar, en það hefur vissulega verið athugað líka af ýmsum dómbærum mönnum um þessa hluti og þ. á m. lagaprófessorum, og þeir, sem ég veit til að hafi rannsakað þetta gaumgæfilega, eru þeirrar skoðunar, að þetta sé innan ramma kosningalaganna og fari ekki inn á neitt það, sem stjórnarskráin banni, enda er andi frv. sá að tryggja betur anda lýðræðis og þingræðis, þannig að vilji kjósendanna fái betur notið sín en í núgildandi lögum. Auk þess er stjórnarskrá Íslands, eins og hún er nú, mjög mótuð með sama hætti og stjórnarskrár Norðurlandanna, stjórnarskrár Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar, og þar hafa sams konar ákvæði og í þessu frv. eru verið í lögum. Sýnir það eitt, að þessi ákvæði samrýmast einmitt stjórnarskrám þessara landa. Og íslenzka stjórnarskráin er enn, af því að það er ekki búið að myndast við að semja enn þá íslenzku lýðveldisstjórnarskrána, í öllum aðalatriðum stjórnarskráin danska frá 1874. Vitanlega segja forsetar til um það og ef til vill þingheimur, hvort það þyki á rökum byggt, að frv. stangist við stjórnarskrána. En það sjá allir, að viðleitni Sjálfstfl. til þess að vísa málinu frá á þeim grundvelli, til þess að alþm. eigi ekki kost á að greiða um það atkvæði efnislega, túlkar hræðslu Sjálfstfl., þá hræðslu, sem kom fram í hinum misheppnuðu og miður smekklegu gamanyrðum þessara hv. þm., sem hér töluðu áðan.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Hv. 3. landsk. þm. ræddi hér í ræðu sinni mikið um gamansemi. Það var nú sannarlega gaman að heyra margt af því, sem hann sagði, bæði hina augljósu hryggð hans yfir því, hverjir sætu í ráðherrastólunum núna, og það hefði verið sennilega betur skipað á annan veg, og einnig þegar hann var að afsaka hinar hreinu hvatir Alþfl., sem fram kæmu í flutningi þessa frv. og væru einar ráðandi um það, að þetta mál væri fram borið, til þess, að því er hann sagði, að auka lýðræðið í landinu.

Það hefur áður verið á það bent hér, að frv. þetta, sem hér um ræðir, muni að öllum líkindum brjóta í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar, þar sem um sé að ræða ákvæði í þessu frv., sem eðli sínu samkvæmt hljóti að verða að setjast í stjórnarskrá og breyti þeim grundvallarreglum, sem núverandi stjórnarskrárákvæði eru byggð á. Um það mun væntanlega fást úrskurður á sínum tíma.

Það hefur komið fram hjá báðum þeim hv. Alþýðuflokksmönnum, sem um þetta mál hafa rætt, að þeir telja, að það sé einungis borið fram til þess að tryggja, að því er þeir segja, heilbrigða stjórnarhætti í landinu og til þess að stuðla að auknu lýðræði. Hins vegar kom það nú fram hjá hv. 3. landsk., að hann sagði, að það væri auðvitað ekki nema eðlilegt, að Alþfl. stæði að flutningi máls sem þessa, og hlýtur þá í því að felast, að hugsunin, sem á bak við liggur, sé fyrst og fremst sú að hlynna eitthvað að Alþfl. og auka hans áhrif í þjóðfélaginu, sem kjósendurnir með eðlilegu móti hafa ekki verið jafnsammála Alþýðuflokksforingjunum um, að væru æskileg, og með þeim afleiðingum, að aðeins einn af þeim hv. þm. Alþfl., sem hér sitja á Alþingi, er kjördæmakosinn, en hitt eru allt uppbótarþingmenn.

Ég skil ósköp vel, að hv. 3. landsk. hafi orðið hryggur og reiður, þegar farið var að tala hér í þinginu um afturgöngur, og þess vegna skiljanlegt, þótt hann eyddi miklum hluta af sínum ræðutíma nú síðast til þess að hneykslast á því. Það er auðskiljanlegt öllum, sem vita, hversu hann er nú kominn hér inn á þing. Skal ég ekkert nánar um það segja. Uppbótarþing-

sæti voru á sínum tíma í lög leidd með það í huga að jafna á milli þingflokka, og þau geta átt sinn rétt á sér að því leyti til, en það haggar hins vegar ekki þeirri staðreynd, að þau leiða oft og tíðum til mjög óeðlilegrar niðurstöðu og kjósendur í ýmsum kjördæmum telja, að það sé harla óeðlilegt, að þeir frambjóðendur, sem þeir hafa fellt, skuli svo aftur geta komizt inn á þing með þessu móti, en það er önnur saga.

Hv. flm. þessa máls hafa talið, að með þessu væri verið að stuðla í senn að bættu stjórnarfari í landinu og auknu lýðræði, og hafa haldið því fram, að það væri ekki lýðræði, að frambjóðandi, sem fær flest atkvæði í kjördæmi, nái endilega kosningu, ef tveir aðrir flokkar vilja með þeim hætti, sem hér segir í þessu frv., kveða svo á, að þeir skuli slá saman sínu atkvæðamagni og þannig láta kjósendurna fá þann umbjóðanda, sem þeir hafa ekki óskað eftir. Sannleikurinn er sá, að hvernig svo sem reynt er að afsaka þetta frv., sem hér liggur fyrir, þá er þar um hreina kjósendaverzlun að ræða milli ákveðinna flokka, hvað sem þeir flokkar annars heita, vegna þess að það verða auðvitað fyrst og fremst flokksstjórnirnar, sem ráða því, hvort slíkum kosningabandalögum verður á komið eða ekki, og það verður því eina leið kjósendans, ef hann vill nota sér sinn rétt til þess að skrifa einhverja ákveðna klásúlu á kjörseðil um, að hann mótmæli þessu kosningabandalagi.

Það hefur verið á það bent hér og tekið fram t. d. af hv. þm. A-Húnv., að það væri auðvitað eðlilegt og ekkert við því að segja, að flokkar hefðu með sér bandalög við kosningar, ef þeir ganga hreint til verks og velja ákveðinn frambjóðanda hver í sínu kjördæmi, þeir geta skipzt á um það. Einn flokkurinn hefur frambjóðandann í þessu kjördæmi og annar í hinu. Það væri eðlilegur máti til þess að fá fólkið til að fylkja sér um einn ákveðinn frambjóðanda. Fram hjá hinu verður ekki gengið, að sá háttur, sem hér er á hafður, er notaður til þess að blekkja fólkið. Hann er notaður vegna þess, að viðkomandi aðilar, sem að þessu máli standa, telja, að ef á að nota hina eðlilegu reglu, að flokkarnir skiptist á um frambjóðendur, þá muni það leiða til þess, að fólkið vilji ekki sætta sig við þá skipan. Þar er þó gengið hreint til verks. Og þess vegna á að fara hina leiðina, að segja við fólkið: Ja, þið getið kosið ykkar eigin frambjóðanda, alveg sjálfsagt, þarna er hann til staðar, — en síðan á svo að koma aftan að því og taka atkv. þessa fólks og leggja allt öðrum frambjóðanda þau til til að tryggja sigur hans inn á þing. Það er þess vegna alger misskilningur, að það þýði endilega það, að frambjóðandi, sem hefur næsthæsta atkvæðatölu í kjördæmi, hafi raunverulega mest fylgi, þó að þessari kosningabandalagshugmynd sé komið á. Þótt kjósendur þriðja flokksins hafi ekki sett það á sína kjörseðla, að þeir væru andvigir kosningabandalaginu, þá þarf það alls ekki að leiða til þess, að þeir út af fyrir sig séu sérstaklega hrifnir af því, að þessi maður, sem næstmest fylgi fær, hljóti kosningu. *(Gripið fram í:* Af hverju gerir það það þá?) Af þeirri einföldu ástæðu, að þegar fólkinu er sýnt fram á, að það er að kjósa sinn eigin mann, þá vitum við ósköp vel, að það er miklum mun hægara að blekkja fólkið á þann hátt og leyna fyrir því eðli þess fyrirkomulags, sem um er að ræða, heldur en ef væri gengið hreint til verks. Af hverju er ekki hægt að ganga þá hreint til verks, að flokkar hafi samvinnu á þeim grundvelli að bjóða bara fram einn mann? Þá sýnir sig, hvort fólkið hefur trú á þessu kosningabandalagi eða ekki. Þetta er sá eðlilegi máti, sem hægt er að nota nú í dag og koma hreint og beint fram við kjósendurna í stað þess að taka upp þetta fyrirkomulag og þessa kjósendaverzlun, sem Alþfl. virðist hér vera að innleiða með þessu frv. sínu.

Svo er það nú önnur hlið málsins, að það er auðvitað engin vissa fyrir því, að sá maður, sem með þessari samsteypuaðferð og samlagningarreglum fær flest atkvæði, hafi hreinan meiri hluta. Við getum hugsað okkur, þar sem eru fjórir eða fimm flokkar, sem bjóða fram, að þótt tveir hafi kosningabandalag og nái þannig flestum atkvæðum, þá getur vel verið, að sá, sem hafði flest atkvæðin, og svo hinir flokkarnir, sem ef til vill hafa ekki verið í kosningabandalagi við hann, hafi hreinan meiri hluta, og af þeim sökum á kosningabandalagið þarna engan rétt á sér að þessu leyti.

Mér virðist því, hvernig sem á þetta mál er litið — og það er alveg tilgangslaust að reyna að fegra það, að hér sé vísvitandi gerð tilraun til þess að blekkja kjósendur. Þeir aðilar, sem að þessu frv. standa, þykjast hafa séð reynsluna sýna það, — og það er augljóst af öllu þeirra tali, að þeir miða það fyrst og fremst við reynslu síns eigin flokks, — að það sé ekki giftusamlegt að fá fólkið til að styðja þessa hv. þm. með því að ganga beint framan að því, heldur þurfi að hafa mjög flóknar reglur, sem eigi að beita og valdi því, að fjöldi manns geri sér alls ekki grein fyrir því, hvað þarna er raunverulega um að ræða.

Hitt er allt annað mál, að auðvitað eru allir sammála um, að það sé mjög æskilegt að stuðla að traustara stjórnarfari í landinu, og það er ekkert óeðlilegt, að það geti orðið einhver breyting á flokkaskipan. Það er allt önnur saga. En það á þá að ganga hreint til verks í því efni, og er hægt að fara margar aðrar leiðir en þessa leið.

Það var bent á það hér af hv. 1. flm. þessa máls í gær, að það væri með þessu frv. verið að koma í veg fyrir hrossakaup eftir kosningar. Ég sé nú ekki annað en sú breyting verði þá ein, að hrossakaupin hafi átt sér stað fyrir kosningar í þessu tilfelli, því að auðvitað verða að vera einhverjir samningar milli þessara flokka, sem hér hafa samstarf. Þeir munu kannske svara því til, að fólkinu sé þá gert ljóst, hvað það sé. En það er nú ekki alveg víst, að það liggi ljóst fyrir, hvað raunverulega hefur verið gert í því efni. Það eru nú ekki alltaf

svo ljósar stefnuskrár við kosningar, að það liggi hreint fyrir, hvaða hrossakaup raunverulega hafa átt sér stað, þótt slík bandalög komi til sögunnar. Auk þess er auðvitað engin vissa fyrir því, þó að tveir flokkar geri með sér kosningabandalög, — það virðist hafa verið gert ráð fyrir því í þeim ræðum, sem fluttar hafa verið hér af talsmönnum þessa máls, — að það sé þá fyrir fram ákveðið, hver verði þingmeirihluti eftir kosningar. Það liggur auðvitað alls ekki í augum uppi, nema því aðeins að kosningabandalögin séu það víðtæk, að það sé útilokað annað en sá meiri hluti verði til staðar, því að það er sem sagt ekki alveg víst, að þó að jafnvel flokkar hafi samið um bandalög, þá verði kjósendur þeirra á sama máli um það.

Hv. 1. flm. þessa máls vék að því í ræðu sinni í gær, að hlutfallskosningar væru alltaf til stuðnings þeim flokki, sem væri stærstur. Þær eru það nú náttúrlega ekki nema að vissu leyti, af því að það liggur í hlutarins eðli, að það eru alltaf fleiri og færri atkvæði, sem falla ógild, vegna þess að það er auðvitað ekki hægt að búta þm. í sundur á milli flokka. Það liggur í hlutarins eðli, og hlutfallskosningar verka þess vegna ekki eins vel, nema því aðeins að kjördæmin séu nokkuð stór. Það er alveg rétt, að því minni sem kjördæmin eru, því verr verka þessar hlutfallskosningar. En það virðist nú ekki alltaf vera til stuðnings þeim flokknum, sem hefur mest fylgi, eftir því sem hér hefur verið tekið fram af þessum sömu mönnum, þar sem þeir hafa bent á það, að t. d. í tvímenningskjördæmum, þar sem eru hlutfallskosningar, geti sá flokkur, sem næstmest fylgi hefur, fengið annan manninn, þótt hann hafi töluvert miklu minna fylgi.

Ef við ætlum að fara að ræða hér þá hlið málsins, hvernig fengið verði hið fyllsta lýðræði, ef aðeins á að horfa á þá hliðina, þá má náttúrlega vel hugsa sér þá reglu, sem mér skilst að hafi verið mjög ofarlega hjá Alþfl. á sínum tíma a. m. k., en það er að gera landið allt að einu kjördæmi. Um þetta er mjög deilt, og það er deilt um það af ýmsum ástæðum, bæði vegna þess, að það hefur ekki átt sérlega miklu fylgi að fagna úti um landsbyggðina, að þessi skipun væri á höfð, þar sem með því móti væri allt of mikið vald dregið til flokksstjórnanna í höfuðborginni. Í annan stað hefur það þótt mjög óheppilegt, að fólkið úti um land ætti sér ekki sína talsmenn á þingi til þess sérstaklega að beita sér fyrir sínum hagsmunamálum. Þessi skoðun hefur til þessa orðið ofan á og leitt til þess, að fólk hefur ekki almennt og ekki nema að mjög litlu leyti, hygg ég, viljað fallast á þessa hugmynd, að það ætti að afnema alla kjördæmaskipun og taka upp eitt kjördæmi fyrir allt landið. En meðan sú skipun er á, að við höfum einstök kjördæmi víðs vegar um land, þá er það tvímælalaust eðlileg regla, að sá maðurinn, sem fær flest atkvæði, nái þar kosningu og þar sé gengið hreint til verks og fólk kjósi og velji á milli þeirra frambjóðenda, sem í kjöri eru, og sá þeirra, sem ber sigur úr býtum, gangi þar frá með sigurinn, en sé ekki verið að nota einhverjar gerviaðferðir til þess að koma öðrum manni að, sem alls ekki hefur til þess nauðsynlegan styrk með beinum kosningum. Það er staðreynd málsins, sem verður aldrei gengið fram hjá.

Það verður aldrei gengið fram hjá því, að þetta frv. er ástæðulaust að því leyti til, að flokkar geta nú haft með sér bandalög með því að ganga hreint til verks og ákveða fyrir fram skiptingu frambjóðenda í einstökum kjördæmum og styðja þar báðir eða allir sama manninn. Það liggur þegar fyrir með þeirri skipan, sem nú er, og þar er ekki verið að reyna að beita neinum blekkingum. Hér er svo hins vegar sú aðferð höfð að reyna að koma aftan að fólkinu og reyna með alls konar útreikningum eftir á að fá allt aðra niðurstöðu heldur en þorri fólks í viðkomandi kjördæmi hefur óskað eftir.

Það er alveg tilgangslaust að halda því fram, að andstaða Sjálfstfl. gegn þessu frv. byggist einungis á því sjónarmiði, að hann telji, að því sé beint gegn sér. Það liggur að vísu ljóst fyrir, að það virðist svo eftir túlkun þeirra flm. málsins, sem hér hafa talað, að það sé nú fyrst og fremst ætlun málsins, að það sé gert, þar sem það sé borið fram til þess að auka veg og veldi Alþfl. og rétta hans hlut. Ég býst við því, eftir þeirri túlkun, sem þeir hafa hér fram flutt, að það eigi að stuðla að því, að menn skiptist eftir línunum vinstri — hægri, og þá sé naumast gert ráð fyrir, að það bandalag verði milli Alþfl. og Sjálfstfl. Þá liggur það samt í augum uppi, að þetta frv. er sem sagt borið fram á þennan hátt og viðurkennt af flm. þess að vera til þess fram borið. Hins vegar byggist andstaða okkar sjálfstæðismanna gegn málinu ekki eingöngu á þeim grundvelli. Við mótmælum ekki neinum þeim eðlilegu leiðum, sem til þess eru fundnar að auka jafnrétti milli flokka, og teljum okkur ekki hafa sýnt það nokkru sinni með viðhorfi okkar til kjördæmaskipunar, að við vildum gera það, en við mótmælum því, að það sé með gerviaðferðum eins og þessum beinlínis verið að verzla með kjósendurna af tilteknu forustuliði flokka og beinlínis verið að reyna með þessum gerviaðgerðum að blekkja fólkið og ná allt annarri niðurstöðu en kjósendurnir hafa til stofnað.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Af þeim þremur ræðum, sem nú hafa verið fluttar af hálfu hv. Sjálfstfl., ætla ég fyrst að svara ræðu hv. þm. A-Húnv., því að hún var skemmtilegust, en þó jafnframt vitlausust.

Uppistaðan í hans ræðu var mjög skemmtileg og góð saga um kássugerð í heimavistarskóla einum fyrir allmörgum áratugum, og vildi hann heimfæra þá eldamennsku, sem þar hafði verið stunduð, upp á þetta frumvarp og uppbótarkerfið, sem nú gildir samkv. núverandi stjórnarskrá. Ég vek sérstaka athygli hv. þm. á því, að það, sem hann kallar kássureglu, er ekki aðeins reglur þessa frv., heldur einnig þær reglur, sem uppbótarkerfið núgildandi bygg-

ist á, því að í báðum tilfellunum geta þeir, sem hann kallaði fallna frambjóðendur komizt að. Fallnir frambjóðendur, í hans merkingu, komast að samkv. uppbótarkerfinu, svo að gagnrýni hans á þessu frv. er einnig gagnrýni á uppbótarkerfinu.

En nú skulum við rifja upp söguna, líta svolítið aftur í tímann og rifja upp fyrir okkur, hvenær uppbótarkerfið komst á og hverjir að því stóðu. Uppbótarkerfið var tekið upp 1933. Þá voru lögleidd ákvæði um 11 uppbótarþingmenn, um 11 afturgöngur, svo að notuð séu orð þessara hv. þm. Þá var m. ö. o. sett í stjórnarskrána ákvæði um það, sem hv. þm. nú kallar kássugerð. Og hverjir börðust fyrir því? Hverjir voru aðalmennirnir í því eldhúsi, sem kokkaði þá kássu, stærstu kássuna, sem elduð hefur verið enn, og miklu meiri kássu en mundi koma út úr samþykkt þessa frv.? Hverjir voru aðalmennirnir í kokkhúsinu þá? Það voru þingmenn Sjálfstfl., sem höfðu forustu um það, sem hv. þm. A-Húnv. nú kallar kássugerð. Og það má mikið vera, ef ekki einmitt hv. þm. A-Húnv. hefur verið yfirkokkur við þá kássugerð. Að minnsta kosti kom hann fyrst inn í þingið upp úr þeirri eldamennsku, sem þá var stunduð. Ég efast ekki um, að honum hafi farið starfið vel úr hendi, honum fara störf yfirleitt mjög sómasamlega úr hendi, enda var árangurinn góður.

Það mál, sem þá var barizt fyrir, vann algeran sigur og hlaut fullkomna viðurkenningu og hefur haft það enn, þangað til þessir þingmenn eru nú farnir að yggla sig eitthvað út úr kássunni, sem þeir sjálfir suðu 1933. En af hverju skyldu þeir vera farnir að yggla sig núna? Það kom nefnilega í ljós, að þeir höfðu góða lyst á kássunni, sem var soðin 1933. Þá fékk Sjálfstfl. nefnilega ýmsa kássuþingmenn upp úr kássugerðinni. En af hverju hafa þeir misst lystina núna? Jú, af því að nú í fyrsta skipti fengu þeir engan uppbótarþingmann kjörinn í síðustu kosningum. Í fyrsta skipti kemur í ljós, að þeir fá fleiri þingmenn í kjördæmum en þeir eiga rétt á samkv. atkvæðatölu sinni. Þannig hefur Sjálfstfl. verið að fara aftur, hvað fylgi kjósenda snertir. Það hallar nú ekkert á hann miðað við Framsfl. Það standa jafnfáir þm. tiltölulega á bak við hvern kjörinn þingmann hans eins og Framsfl., miðað við fylgi hinna þingmannanna, sem stórkostlega hallar á. Þess vegna fengu hinir flokkarnir þrír, Alþfl., Sósfl. og Þjóðvfl., alla uppbótarþingmennina, en Sjálfstfl. engan, og þá allt í einu heita þeir kássuþingmenn, og þá hefur Sjálfstfl. ekki lengur lyst á kássunni.

Þetta er vægast sagt dæmalaus röksemdafærsla. En kássureglan, sem hv. þm. kallar svo, hefur ekki aðeins birzt í uppbótarkerfinu. Hún birtist einnig í stjórnarskrárbreytingunni 1942, þegar lögleitt var að kjósa hlutfallskosningu í tvímenningskjördæmum. En hverjir stóðu aðallega að því? Það voru enn fremur hv. þm. Sjálfstfl., og hv. þm. A-Húnv. hefur annaðhvort verið yfirkokkur eða undirkokkur við þá kássugerð líka. (*Forsrh.:* Hver flutti það frumvarp?) Það var samþ. af stórum meiri hluta hér í hv. Alþingi. (*Forsrh.:* Hver flutti það?) Það var rétt, að til þess gátu legið ýmis rök að gera þá breytingu á stjórnarskránni, sem þá var gerð. Til þess gátu legið ýmis rök, en aftur á móti — (*Forsrh.:* Hver flutti það?) Ég átti ekki sæti á þingi þá. (*Forsrh.:* Var það Alþfl., eða var það einhver annar?) Ég veit það ekki. (*Forsrh.:* Nei, það hlýtur að vera. Annars mundi þingmaðurinn ekki tala svona.) Ég endurtek: Það gátu legið ýmis rök til þess að gera breytingu á kosningatilhöguninni og kjördæmaskipuninni, en við höfum ekki kallað það kássugerð, þingmenn Alþfl., og við höfum ekki tekið upp að fyrra bragði gagnrýni á það skipulag. Sú gagnrýni kemur nú af hálfu hv. Sjálfstfl., sem vill ekki lengur neinar breytingar, eftir að hann er sjálfur hættur að hagnast á þeim.

Í heild var stjórnarskrárbreytingin 1942 spor í réttlætisátt. (*Forsrh.:* Var hún þá ekki ógeðsleg kássugerð?) Hún var spor í réttlætisátt, en ef þessi breyting, sem stungið er upp á núna með þessu frv., er kássugerð, þá var þetta miklu meiri kássugerð og ógeðsleg kássugerð. Það er mergurinn málsins.

Hugsun þessa frv., sem hér um ræðir, er sú, að stærsti flokkurinn fái ekki að ráða jafnmiklu og hann hefur ráðið hingað til, heldur að sá meiri hluti, sem myndast í kosningum, skuli ráða meiru en stærsti flokkurinn. Það er þetta, sem Sjálfstfl. vill ekki. Ég minnti á það í gær, hvernig ástandið er hér í Rvík. Hér hefur Sjálfstfl. 39% af greiddum atkvæðum. En hver er niðurstaða kosninganna? Hann hefur helming, hann hefur 50% af kjörnum þingmönnum, þ. e. fjóra kjörna af átta, út á 39% af greiddum atkvæðum. Ef þetta er réttlæti, ef þetta eru réttar hugmyndir um lýðræði, þá veit ég ekki, hvað lýðræði raunverulega táknar.

Ég vil vekja sérstaka athygli á því, að ræður tveggja þm. Sjálfstfl., sem talað hafa, hv. þm. A-Húnv. og hv. 5. þm. Reykv., beindust báðar gegn uppbótarkerfinu. Þeir fluttu báðir það, sem þeir töldu vera rök fyrir því, að það væri ranglátt og óeðlilegt, sérstaklega hv. þm. A-Húnv. En hvernig mundi ástandið vera, ef uppbótarkerfið væri ekki í gildi? Alþfl. hefur á 13. þúsund atkv. Hann hefur einn þm. kjörinn. Sósfl. hefur líka á 13. þúsund atkv. Hann hefur tvo þm. kjörna. Þjóðvfl. hefur 4600 atkv. Hann hefur einn þm. kjörinn. Sjálfstfl. hefur 29 þúsund atkv. tæp. Hann hefur 21 þm. kjörinn. Og Framsfl. hefur tæp 17 þúsund atkv. og hefur 16 þm. kjörna. Alþfl. og Sósfl., sem hafa báðir á 13. þúsund, hafa einn og tvo þm., en Framsókn, sem hefur tæp 17 þúsund, hefur 16 þm. Þetta er fyrirkomulagið, sem þessir tveir hv. þm. eru að tala fyrir með því að leggja til, að uppbótarþingsætin séu afnumin, og að kalla það kerfi, sem þar er byggt á, kássugerð.

Hv. Sjálfstfl. er stundum dálítið stoltur af þeim sigri, sem hann segist hafa unnið í síðustu kosningum. Það kom fram í ræðu hv. 5. þm. Reykv. En hver var sigur Sjálfstfl. í kosningunum? Hann vann, miðað við síðustu kosningar að aukakosningum meðtöldum, 74 atkv., —

það var allur stórsigurinn. Og út á þessi 74 atkv. fékk hann 2 nýja þm. Á bak við hvorn hinna nýju þm. Sjálfstfl. standa því 37 atkv. Hvor þessara nýju þm. hefði getað keyrt alla kjósendur sína til Reykjavíkur í einum strætisvagni. Og það hefði satt að segja verið hæfileg sýning á kosningasigri Sjálfstfl. að láta hina tvo nýju utanbæjarþm. koma keyrandi til Reykjavíkur með kjósendur sína í einum strætisvagni. Þá hefðum við séð glæsibraginn á sigrinum, sem búið er að grobba svo mikið af.

Nei, það þarf ekki að fjölyrða, hversu hlægilegt allt stolt Sjálfstfl. er af sigri sínum í síðustu kosningum. Sjálfstfl. tapaði síðustu kosningum. Hann tapaði verulega í hlutfallslegu fylgi, og samt sem áður birti Morgunblaðið stórfyrirsagnir um hina glæstu sigurgöngu Sjálfstfl.

Hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) flutti framsöguræðu, sem hægt er að ræða efnislega séð. Þar var gerð tilraun til þess að flytja efnisleg rök, og er það vissulega metandi, sérstaklega í samanburði við ræðu hv. þm. A-Húnv., sem var algerlega rökrúin. Þó sagði hv. 5. þm. Reykv. eitt, sem tilheyrir ekki alvarlegum rökum, og þess vegna ætla ég að fylgja fyrri reglu og taka það á undan, en geyma mér rök hans þangað til síðast.

Hann sagði, að hann vildi líkja kosningabaráttunni við keppni íþróttamanna, og spurði, hvernig mönnum mundi líka það, ef íþróttamenn væru að keppa og svo ætti ekki að dæma þeim sigurinn, sem yrði fyrstur, heldur ætti að leyfa þeim, sem var nr. 2, að fá hjálp hjá þeim, sem var nr. 3, og dæma honum þess vegna sigurinn. Ég held, að hv. þm. hafi ekki hugsað þessa dæmisögu til enda. Þá mundi hann varla hafa sagt hana. Sannleikurinn er sá, að ef á að líkja kosningabaráttu við íþróttir, ef í því á að vera nokkurt vit, þá má ekki líkja henni við spretthlaup, við einmenningskeppni í 100 m hlaupi. Þá verður að líkja henni við boðhlaup. Við skulum nú hugsa okkur, að tveir íþróttaflokkar eða fleiri færu í boðhlaup. Við skulum hugsa okkur, að hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) væri beðinn um að taka þátt í keppninni og hann væri látinn hlaupa fyrst af stað á móti keppinaut sínum. Ég efast ekki um, að hv. 5. þm. Reykv. yrði á eftir, yrði síðastur í sínum fyrsta riðli, — hann er ekki íþróttamaður, — en samt sem áður gæti hans sveit hæglega unnið með algerlega réttmætum hætti, vegna þess að ef sá, sem hleypur næstur á eftir hv. þm., er það miklu sprettharðari en keppinautur hans, þá bætir hann upp það, sem hv. þm. (JóhH) er seinni að hlaupa, með fullkomnum rétti, þannig að boðhlaupssveit, sem hv. þm. væri í, gæti hæglega unnið með réttu, þó að hv. þm. yrði síðastur á sínum spretti. Þetta er auðvitað rétta reglan, sem miða á við, ef fara á að taka samlíkingar á algerlega óskyldum sviðum, sem ég þó tel að eigi ekki að gera. En segi maður dæmisögur frá öðrum sviðum, þá verður að hugsa þær rétt.

Nú skal ég snúa mér að alvörunni. Það voru nokkur atriði í ræðu hv. 5. þm. Reykv., sem gefa tilefni til þess að rökræða við hann í alvöru, og þá fyrst og fremst þetta atriði: Eiga ákvæðin um kosningabandalög að vera stjórnarskrárákvæði eða ákvæði í kosningalögum? Það eru auðvitað engin rök fyrir því, að ákvæði um kosningabandalög séu stjórnarskrárákvæði, þó að ég hafi rætt stjórnarskrárbreytingar í framsöguræðu minni. Ég var almennt að gera grein fyrir þeim vanda, sem nú væri á höndum í stjórnarháttum þjóðarinnar, og þess vegna minntist ég á stjórnarskrármálið, en ég tók skýrt fram, að af þeim möguleikum, sem ég nefndi þar og til greina kæmu til þess að leiðrétta ágalla núverandi stjórnkerfis, væru kosningabandalögin eina leiðin, sem fær væri án stjórnarskrárbreytingar, og það skal ég rökstyðja nánar.

Hv. þm. spurði, hverjum hefði dottið í hug að lögleiða uppbótarsæti með breytingum á kosningalögunum á sínum tíma. Auðvitað engum, vegna þess að gildandi ákvæði um uppbótarþingsæti fela í sér breytingar á þingmannatölu, og það er eðlilega stjórnarskrárákvæði. Í stjórnarskránni þurfa að vera ákvæði um tölu þingmanna. Þar þurfa að vera ákvæði um kjördæmaskipun og hvort þingmenn skuli kosnir í kjördæmi eða vera uppbótarþingmenn. Þetta er í stjórnarskránni, og við engu af þessu er raskað í þessu frv. Þess vegna stangast reglur frv. engan veginn við ákvæði stjórnarskrárinnar.

Til frekari rökstuðnings fyrir því, að ákvæði um kosningabandalög eigi ekki heima í stjórnarskrám, heldur í kosningalögum, má geta þess, sem ég raunar tók fram í framsöguræðu minni, að í þeim löndum, sem eru okkur einna skyldust í stjórnarháttum, Noregi og Svíþjóð, hafa um langan aldur verið í gildi ákvæði um kosningabandalög, og þau hafa verið í kosningalögum, en ekki í stjórnarskrá. Það vill meira að segja þannig til, að ákvæðin í norsku kosningalögunum voru nákvæmlega hliðstæð þeim ákvæðum, sem þetta frv. inniheldur. Vil ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa örstutta, fræðilega greinargerð, samda af sérfróðum fræðimanni, um það, hvernig ákvæðin í Noregi um kosningabandalög voru, þannig að menn geti haft það til samanburðar við það frv., sem hér er til 1. umr., en þessi lýsing er svona, með leyfi hæstv. forseta:

„Um kosningabandalög (í Noregi) eru ekki ákvæði í sjálfri stjórnarskránni. Reglur um það efni voru settar inn í kosningalögin með lagabreytingu 1930. Tilgangurinn með þeim reglum var sá að gefa stjórnmálaflokkunum færi á að ganga í eins konar kosningabandalög, þannig, að atkv. greidd listum flokkanna væru lögð saman og að þau þingsæti, sem flokkarnir þannig fengju í sameiningu, skiptust á milli þeirra í hlutfalli við atkvæðatölu hvers þeirra. Með þessum hætti er kjósendum tiltekins stjórnmálaflokks veitt færi á að hafa enn ríkari áhrif á kosningaúrslitin heldur en þeir hefðu, ef þeir kysu aðeins lista flokksins. Hugsanlegt er t. d., að atkvæðamagn einhvers flokkslista sé út af fyrir sig ekki nægilegt til að afla honum þing-

sætis. Hafi sá flokkur hins vegar myndað kosningabandalag við flokk, sem ef til vill er eins ástatt um, geta flokkarnir til samans hlotið svo mikið atkvæðamagn, að nægilegt sé til að fá þingmann kjörinn. Þingsæti fær þá sá flokkurinn, sem hefur hærri eða hæsta atkvæðatölu. Á sama hátt er auðvitað hugsanlegt, að stjórnmálaflokkur, sem hefur að vísu út af fyrir sig atkvæðamagn til þess að hljóta þingsæti, geti með því að gera kosningabandalag við annan flokk fengið þingsæti til viðbótar, sem hann ella hefði ekki fengið, eða hann með umframatkvæðamagni sínu geti hjálpað öðrum flokki til þess að fá þingsæti, sem sá flokkur hefði ekki annars náð. Það sjónarmið, sem liggur til grundvallar þessari skipun, er það, að margir kjósendur, sem greiða ákveðnum flokki atkv., vilja þó, að atkv. þeirra komi til góða einhverjum öðrum flokki fremur en að það hafi alls engin áhrif á kosningaúrslitin. Reglurnar um kosningabandalög gera kjósendum það í rauninni kleift að kjósa einn flokk aðallega, en annan til vara."

Svo mörg eru þau orð. Þetta er stuttorð og frábærlega skýr lýsing á kosningatilhögun í Noregi, meðan kosningabandalögin voru leyfð þar, sem var í meira en tvo áratugi, og það er nákvæmlega sama kerfið og gert er ráð fyrir í þessu frv. (*Gripið fram í:* Er búið að afnema þetta í Noregi núna?) Það er búið að afnema þetta í Noregi. Það var afnumið núna á síðasta ári, fyrir síðustu kosningar. Vegna þessa innskots, skal ég skjóta hér inn örstuttri skýringu. Um þetta kerfi hafði verið rætt mikið eins og kosningaskipunina í Noregi yfirleitt. Afstaða stærsta flokksins þar í landi var sú, að hann óskaði ekki eftir því, að andstæðingar hans fengju fleiri þm. vegna kosningabandalaganna en ella, en hægri flokkarnir í Noregi, sem eru margir, höfðu alltaf haft með sér kosningabandalög á annan áratug og vildu halda þeim rétti. Niðurstaðan varð sú, að gerðar voru margs konar breytingar á kjördæmaskipuninni, á kosningabandalagaákvæðunum og á aðferðinni við útreikning kjörinna þm. í kjördæmum með hlutfallskosningu. Kjördæmabreytingin var gerð á þann hátt, að hlutur stærsta flokksins af kjörnum þm. var rýrður, en hlutur smærri flokkanna af kjörnum þm. var aukinn. Jafnframt var gerð sú breyting á aðferðinni við útreikning kjörinna þm. í kjördæmum með hlutfallskosningum, að hlutur stærsta flokksins var skertur, en hlutur minni flokkanna aukinn. Vegna þessara tveggja breytinga, sem gerðar voru á stjórnarskránni og kosningakerfinu, þótti rétt og varð samkomulag um að skerða hlut smærri flokkanna með því að meina þeim kosningabandalög. Það játa allir viti bornir menn í Noregi, og ættu auðvitað allir viti bornir menn, hvar sem er, að játa, að kosningabandalagaákvæði í kosningalögum eru gerð til þess að styrkja aðstöðu minni flokka gegn stærsta flokknum, og vegna þeirra breytinga annarra, sem gerðar voru á stjórnarskrá og kosningalögunum í Noregi, þótti rétt að stíga slíkt spor þar. Kjördæmaskipunarbreytingin ein svipti stærsta flokkinn í Noregi, Alþfl., einum 5 eða 6 þingsætum, sem skiptust á milli minni flokkanna, og hinar breyttu reglur um útreikning þingsæta við hlutfallskosningar sviptu hann einnig nokkrum þingsætum. Á móti þessu var þá látið koma, að minni flokkarnir voru sviptir þeim viðbótarþingsætum, sem þeir höfðu fengið í skjóli kosningabandalaganna.

En fyrst á þetta er minnzt, þá vildi ég geta þess til fróðleiks, því að það er líka mjög athyglisvert, að sú regla, sem er hér fylgt við það að reikna út kjörna þm. í kjördæmum með hlutfallskosningu, er engan veginn sú eina, sem til greina kemur að beita, og engan veginn sú, sem talin er sjálfsögð. Sú regla, sem hér er beitt, að reikna út kjörna þm. með því að deila með 2, 3, 4 og 5 o. s. frv., er mjög umdeilanleg. Við síðustu kosningalagabreytingu í Noregi var þessi regla afnumin, og eins var gert í Svíþjóð, um leið og heimild til kosningabandalaga var afnumin þar, eins og gert var á yfirstandandi ári. Nú er beitt annarri reglu, þannig að deilt er fyrst með 1.4 og síðan með 3, 5, 7, 9 o. s. frv. Þessi regla er höfð til þess að styrkja aðstöðu minni flokkanna, en veikja aðstöðu stærsta flokksins.

Ef Sjálfstfl. ætlar sér að vísa sérstaklega til þess, að kosningabandalögin hafi nú á þessu ári verið afnumin í Noregi og Svíþjóð, og ef hann kynni að vilja sækja fyrirmyndir til þessara landa um þá skipun, sem nú gildir, þá datt mér í hug að athuga, hvernig þingkosning í Reykjavík hefði farið á s. l. sumri, ef reglurnar, sem nú gilda í Noregi og Svíþjóð, hefðu gilt hér, og sömuleiðis, hver niðurstaðan mundi verða, ef þessum reglum yrði beitt í næstu bæjarstjórnarkosningum í Reykjavík. Niðurstaðan er mjög athyglisverð. Hún er nefnilega þannig, að samkvæmt kosningaúrslitum í síðustu þingkosningum hefði Sjálfstæðisfl. fengið 3 þm. kjörna af átta, en ekki 4 eins og hann fékk. Sósfl. hefði fengið tvo, og hver hinna flokkanna, Alþfl., Framsfl. og Þjóðvfl., hefði fengið einn mann kjörinn. Framsfl. hefði m. ö. o. ekki misst sinn þm. hér í Reykjavík, ef þær reglur, sem nú gilda í Noregi og Svíþjóð, hefðu gilt hér í Reykjavík, og ástæðan er auðvitað sú, að Sjálfstfl. hefur ekki nema 39% af greiddum atkv., en fær samt sem áður fjóra kjörna, sem er of mikið. Hann missti þennan fjórða þm. sinn, og hann fer í hendur þess flokks, sem hafði flest atkv. af þeim, sem ekki komu neinum manni að, sem var Framsfl. Með hliðsjón af þessu dreg ég dálítið í efa, að hv. Sjálfstfl. muni stinga upp á því að taka núgildandi fyrirkomulag í Noregi og Svíþjóð til fyrirmyndar. Það mundi líka koma í ljós, að það mundi verða honum enn óhagstæðara en það, að kosningabandalög væru leyfð. Í bæjarstjórnarkosningunum mundi skiptingin verða þannig, miðað við tölur úr síðustu þingkosningum: Sjálfstfl. fengi 6 af 15, Sósfl. fengi 3, Alþfl. fengi 3 og hinir flokkarnir þrír, Framsfl. Þjóðvfl. og Lýðvfl., fengju einn mann kjörinn hver, þannig, að meiri hluti Sjálfstfl. væri gersamlega tapaður hér í bæjarstjórninni í Reykjavík, ef atkv. féllu eins og þau féllu við

síðustu þingkosningar og núgildandi kosningaákvæðum í Noregi og Svíþjóð væri beitt.

Ég skal enn fremur láta þess getið, að ákvæðin um það, hvernig reikna skuli út kosningaúrslit í kjördæmum með hlutfallskosningu, eiga ekki heima í stjórnarskrá. Gildandi ákvæði hér eru í kosningalögunum, og þeim væri hægt að breyta með breytingu á kosningalögunum. Þetta tekur einnig af öll tvímæli um það, hvílík fjarstæða það er, þegar hv. þm. eru að halda því fram, að þetta frv. sé ósamrýmanlegt ákvæðum stjórnarskrárinnar. Það væri hægt að breyta aðferðinni við útreikning kjörinna þm. í kjördæmum með hlutfallskosningu með breytingu á kosningalögunum einum, vegna þess að ákvæðin, sem nú eru í lögum, standa eingöngu í kosningalögunum. Þess vegna mætti auðvitað alveg eins vel taka upp sams konar ákvæði og þau, sem gilda nú í Noregi og Svíþjóð, í kosningalögin, og það mundi þýða, að þm., sem féll í síðustu kosningum, væri kosinn samkvæmt hinum nýju reglum aðeins vegna breytinga á kosningalögunum.

Ég ætla að vona, að þetta dugi til þess, að það heyrist ekki oftar hér, að það, sem gert er ráð fyrir í frv., sé breyting á stjórnarskránni, af því að það muni breyta niðurstöðu kosninganna. Svo fráleitt er það. A. m. k. vona ég, að ég heyri það ekki oftar af munni jafnvel menntaðs lögfræðings og greinds manns og hv. 5. þm. Reykv., því að það er alveg augljóst mál, að þetta er rangt. Breytingar á kosningalögunum einum geta verið þess eðlis, að þær hafi áhrif á niðurstöðu kosninga. Þetta frv. hefur auðvitað áhrif á niðurstöðu kosninga. En það er auðvitað engin sönnun fyrir því, að það sé í ósamræmi við stjórnarskrána.

Þar fyrir utan er allt það, sem þessir þrír hv. þm., ræðumenn Sjálfstfl., sögðu um það, hvern telja ætti fallinn og hvern kosinn. Það er allt út í bláinn, svo sem t. d. má sjá af því, að samkvæmt reglum núgildandi kosningalaga var frambjóðandi Framsfl. í Reykjavík fallinn, en ef nýrri reglu, sem í Noregi og Svíþjóð er talin réttlátari og skynsamlegri, væri beitt, þá hefði hann verið kosinn. Það er og fullkominn misskilningur að telja, að frambjóðandi bandalagsflokks, sem hefur næstflest atkv. í kjördæminu, sé fallinn, ef bandalagsflokkarnir báðir hafa fengið fleiri atkv. til samans heldur sá andstæðingur, sem flest atkv. fékk. Hann er einmitt kosinn, vegna þess að allir kjósendur bandalagsflokkanna hafa greitt sitt atkv. með þeim fyrirvara, að ef atkv. dugi öðrum hvorum frambjóðanda bandalagsflokkanna til þess að fá flest atkv., þá skuli frambjóðandinn talinn kjörinn. Hann er því ekki fallinn, heldur þvert á móti kosinn. Reglurnar eru ákveðnar fyrir fram, og hver einasti kjósandi greiðir atkv. í fullkominni vitneskju um þessar reglur. Hann hefur meira að segja skilyrði til þess að taka fram á kjörseðli sínum, ef hann vill ekki láta reikna öðrum frambjóðanda atkv. sitt en hann sjálfur kýs.

Jafnvel eftir meirihluta-„principinu“ er því sá frambjóðandi bandalagsflokkanna, sem fær fleiri atkv. og fleiri hafa kosið með því fororði, að þeir vildu hann heldur en ákveðinn andstæðing eða alla andstæðinga aðra, kosinn að réttum guðs og manna lögum, og að titla þann frambjóðanda fallinn, er því algerlega rangt, alveg á sama hátt og það er gersamlega út í bláinn að kalla landsk. þm., sem ekki hefur komizt að í kjördæmi sínu, fallinn þm. Hann er kjörinn sem landsk. þm. Af hverju má hann greiða atkv. hér á hinu háa Alþ.? Af hverju situr hann hér, ef hann er ekki kjörinn? Og hvers konar orðaleikur er það að kalla alla slíka þm. fallna þm.? Það er algerlega út í bláinn.

Einhver ræðumanna sagði áðan, að það væri furða, að ekki ógreindari menn en við flm. frv. erum skulum láta okkur detta í hug að sýna slíkt frv. eins og þetta. Ég minni aðeins á þessa setningu eftir það, sem ég er búinn að segja um málið, til þess að menn sjái, hvers konar ummæli hér er um að ræða. Ég er búinn að sýna fram á það, að nákvæmlega sams konar ákvæði og hér er stungið upp á, hafa staðið í áratugi í því landi, sem er okkur skyldast að stjórnarháttum, með þeirri þjóð, sem er okkur skyldust að öllu leyti, í Noregi, og að ákvæði, sem eru í eðli sínu mjög svipuð, hafa líka gilt í áratugi í öðru Norðurlandanna, í Svíþjóð. Hvernig geta menn svo talað þannig, að það skuli vera dæmalaust að sýna slíkt frv.? Þetta er í raun og veru móðgun við þá stjórnvitringa í Noregi og Svíþjóð, sem stóðu að setningu þessara ákvæða fyrir nokkrum áratugum í fyrrnefndum löndum, og þessi ákvæði voru í gildi þar langa lengi, algerlega óumdeilanleg. Voru þá allir norskir og sænskir stjórnmálamenn, sem vildu halda þessum ákvæðum, einhverjir fáráðlingar?

Ég er enn fremur búinn að sýna fram á, að ástæðan til þess í báðum löndunum, að þetta kerfi var afnumið, var sú, að samtímis voru gerðar aðrar breytingar, sem gengu í öfuga átt við þau áhrif, sem afnám kosningabandalaganna hafði.

Hins vegar skal ég segja að síðustu, að ég furða mig ekkert á fjandskap Sjálfstfl. við þetta frv. Hann er ekkert undarlegur í sjálfum sér. Flokkurinn óttast auðvitað, að þetta frv. muni verða til þess, að vinstri öflin í landinu sameinist frekar gegn honum heldur en nú á sér stað. Hann óttast ekkert meira en þetta, og sá ótti er fullkomlega eðlilegur og skiljanlegur. Hann óttast það, að ef frjálslynd öfl í landinu sameinuðust, í stað þess að standa sundruð eins og þau nú gera, gegn hinum sameinuðu íhaldsöflum í Sjálfstfl., ef þau næðu betur saman en nú á sér stað, þá væri mjög hætt við því, að valdaaðstaða Sjálfstfl. minnkaði og að það hrikti svolítið í því valdakerfi, sem hann hefur byggt upp í kringum sig. Það er mannlegt að óttast slíkt, en þá er réttara að segja það hreinlega, að hann óttist þetta og af hverju óttinn stafar.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það hefur nú verið auðheyrt á hv. flm. þessa frv., sem hér hafa talað, 1. landsk. og 3. landsk., að þeim

er mikið niðri fyrir. En þá hefur báða hent sama slysið og það sama slys sem kom fyrir í framsöguræðu 1. flm., að þeir eru ýmist að tala um kosningalög eða stjórnarskrá og þó oftast um stjórnarskrá og stjórnarskrárbreytingu, enda er það sannleikurinn, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, gæti því aðeins staðizt, að það væri breyting á stjórnarskránni.

Það var skiljanlegt á hv. síðasta ræðumanni, að honum hafði fundizt hálfleiðinleg samlíking frá minni hálfu með kássugerðina hjá kerlingunni forðum, en þó undirstrikaði hann, að það væri í raun og veru rétt samlíking, því að hann fór að tala um það, að það væri nú fleiri kássugerðir til en þetta, og sannleikurinn er líka sá, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, er rétt nefnt kássufrumvarp, og reglan, sem hér er stungið upp á, er ekkert annað en pólitísk kássugerð. Hv. þm. sagði, að líka væri kássugerð stjórnarskrárbreytingin frá 1934 og að ég hefði nú komizt inn á þing upphaflega á þeim tíma, en það var nú ekki komið í gildi, þegar ég komst á þing, því að ég komst inn árið áður. En þetta er einmitt þvert á móti með þá stjórnarskrárbreytingu, því að stjórnarskrárbreytingin og uppbótarsætafyrirkomulagið, sem ég fyrir mitt leyti er nú ekkert hrifinn af og tel hafa reynzt illa, verkaði einmitt þvert á móti því, sem hér er verið að fara fram á. Það verkaði þannig, að þá hætti þessi svo kallaða kássugerð milli þeirra framsóknarmanna og Alþýðuflokksmanna, því að þeir höfðu margsinnis áður í kosningum boðið fram saman. En síðan þetta komst á, þessi stjórnarskrárbreyting og uppbótarsætafyrirkomulagið, hefur þó miklu meiri hvöt og ástæða verið fyrir smáflokkana að halda sínum atkvæðum saman heldur en að kasta þeim yfir á aðra flokka, sem voru þeim óskyldir. Varðandi stjórnarskrárbreytinguna 1942 vildi nú hv. síðasti ræðumaður ekki svara því, hver það var, sem flutti frv. um hana. En það var einmitt Alþfl., sem var þar flutningsaðili að. Og það er ósköp eðlilegt, að Alþfl. vildi það gjarnan, því að það var til hagsbóta fyrir hann. Þegar þessi hv. þm. er nú að tala um, að það sé ólystugri kássa heldur en þessi pestarkássa, sem hann er hér að mæla fyrir, þá þykir mér skörin fara að færast upp í bekkinn, því að báðar þessar stjórnarskrárbreytingar, sem gerðar hafa verið, bæði 1934 og 1942, hafa orðið til þess að gefa Alþfl. og öðrum smærri flokkum möguleika á því að eiga menn á þingi umfram það, sem þeir fá í kosningum.

Það var nú svo að skilja af hv. 3. landsk. eins og hann í öðru orðinu vildi ekki láta aðra menn vera kosna en þá, sem hefðu meiri hluta í kjördæmi, en í öðru orðinu vildi hann þó halda uppbótarreglunni, sem ekki er undarlegt. Hann spurði, hvort mér og öðrum sjálfstæðismönnum fyndist það sanngjarnt, að flokkur með 12 þús. atkv. eins og Alþfl. fengi ekki nema einn mann kosinn. Ja, samkvæmt núgildandi lögum fékk hann nú ekki nema einn mann kosinn, og það hefði orðið, ef það væri komið í lög, sem sumir gjarnan vilja og annars staðar tíðkast í sumum öðrum löndum, að hér væru eintóm einmenningskjördæmi. Þá hefði slíkur flokkur sem Alþfl. auðvitað ekki fengið nokkurn mann kjörinn.

Þegar hv. 3. landsk., form. Alþfl., er að tala um, að það séu nokkurs konar pólitískar afturgöngur okkar hæstv. forsrh. og elzti þm. hér á þingi, hv. þm. Borgf., af því að hvorugur þeirra hafi meiri hluta í sínu kjördæmi, þá er nú farið að ruglast heldur í heilanum á þessum hv. þm. Hann reyndi að verja það, sem ég tók sem dæmi til sönnunar því, hvað þessi kássuregla væri ómöguleg, að jafnvel það gæti átt sér stað samkvæmt henni, að sá maður, sem hér hefur verið lengst, hv. þm. Borgf., hefði fallið í síðustu kosningum og átt að vera utanþings, þó að hann hefði 337 atkv. umfram þann næsta, af því að 2 eða 3 hefðu haft fleiri atkv., ef þeir hefðu verið í bandalagi. Það var á honum að skilja, að þessi hv. þm. væri nú búinn að vera nógu lengi á þingi og það væri þess vegna gott að koma að reglu, sem kæmi honum út. (*PO:* Það er nú ekki víst, að hún sé nothæf við mig, þessi regla.) Það er ekki alveg víst. (*PO:* Þeir geta nú allténd misreiknað sig þar.) Ég held það geti skeð.

Varðandi það atriði, hvernig kássureglan hefur gefizt þessum hv. þm., hv. 3. landsk., þá er nú það að segja, að hans pólitíska ket var nú ekki orðið lystugra en það, að Framsóknarkryddið dugði honum ekki neitt. Og það hefði ekki heldur dugað honum neitt, þó að hann hefði getað fengið viðbótarkrydd með því að fá allan Sósfl. á Ísafirði, því þó að kássan hefði orðið slík, þá hefði það ekki dugað honum neitt, vegna þess að hv. þm. Ísaf. var kosinn með hreinum meiri hluta. En ef fylgja á þeirri kenningu, sem skaut upp hjá þessum hv. þm., að það yrðu engir eiginlega löglega kosnir, nema því aðeins að þeir ættu hreinan meiri hluta í sínu kjördæmi, og að þeirra kássuregla miðaði að því að sameina svo marga flokka saman, að það gæti orðið samanlagt meiri hluti gegn hinum, þá fer nú að verða gerbreyting á okkar stjórnarskrá að ætla sér að koma slíku fram með einfaldri kosningalagabreytingu. Það er svo fráleitt, að það er eiginlega furðulegt, að nokkur maður skuli bera það fram á þeim grundvelli.

Þá sagði hv. 3. landsk. þm., að það væri ósatt hjá mér, að það hefði verið kosningabandalag í Ísafjarðarkaupstað, V.-Skaftafellssýslu og Dalasýslu. Í þessu efni er nú reynslan ólygnust. Hún sannar, að svona var. Hún sannar það blátt áfram, svo að það þýðir ekkert fyrir þennan hv. þm. að vera með nein ósannindabrigzl út af því. Hvers vegna var það, að Framsóknarfl. bauð ekki fram í Ísafjarðarkaupstað? Hvers vegna var það, að Alþfl. bauð ekki fram í Dalasýslu? Og hvers vegna var það, að Alþfl. bauð ekki fram í V.-Skaftafellssýslu? Var það ekki bara fyrir það, að það var verið að gera tilraun þarna með kosningabandalag á þeim eðlilega grundvelli, eins og oft hefur áður verið og er ekkert við að athuga? Það er ekkert við það að athuga, þó að tveir flokkar eða fleiri komi sér saman um frambjóðanda, ef

þeim þóknast svo. En ef þeir blekkja fólkið með því að þykjast vera tveir flokkar, en ætla svo að renna saman, og ef það á að ákveðast með lögum, að sá skuli kjörinn, sem fær flest atkv. af þeim, þó að hann sé langt fyrir neðan þann, sem flest atkv. fær í kjördæminu, þá fer að verða allt annað upp á teningnum.

Hv. 3. landsk. sagði, að það væri síður en svo, að þessu væri stefnt gegn Sjálfstfl., og var að mótmæla því, sem ég sagði hér áðan um það. Þetta hefur nú tekið sig alveg ljóst út hjá hans félaga og 1. flm. frv. Það kom alveg greinilega fram í hans ræðu í gær og enn greinilegar núna, að frv. er blátt áfram flutt þannig og í þeim tilgangi að stefna því gegn stærsta flokki þjóðarinnar og reyna að koma á bandalagi, svona undarlegu bandalagi, bak við tjöldin milli annarra flokka til þess að reyna að hnekkja atkvæðafylgi Sjálfstfl. á Alþ. Hitt er annað mál, að Sjálfstfl. sé nokkuð hræddur við þetta frv., það er a. m. k. langt frá því, að ég sé það. Ég veit ekki, hvað aðrir þm. Sjálfstfl. kunna að hugsa, en það er svo langt frá því, að ég sé hræddur við svona frv., því að ég mundi halda, að það gæti farið víðar svo eins og fór í Ísafjarðarkaupstað, þó að væri nú eðlilegra bandalag þar en þetta mundi vera, að fólkið sæi í gegnum blekkingavefinn og mundi taka til sinna ráða og forðast pestarkássuna, hvað mikið krydd sem í hana væri látið. Ég held, að það gæti vel komið fyrir.

Hins vegar er utan við þetta ágreiningurinn um það, hvernig heppilegast er að hafa okkar stjórnarskrá. Það skal ég ekki fara langt út í að ræða hér. Ég tel það óviðkomandi þessu kássufrv. þeirra Alþfl.-manna, sem þeir hafa verið að mæla hér fyrir. Það getur ýmislegt komið til greina í sambandi við breytingu á stjórnarskránni, og þegar það verður tekið fyrir, þá er að sjálfsögðu margt, sem til greina kemur. Ég hef í því efni látið í ljós alveg ákveðna skoðun um það, hvernig eigi að haga kjördæmaskipun, og þá þyrftu ekki að vera nein uppbótarsæti og ekki svo mikið bil á milli atkvæðafjölda hjá flokkunum eins og nú er. Þá þyrftu jafnvel ekki Alþfl.-menn eða neinir menn, sem hafa svipaða aðstöðu með smáa flokka, að verða fyrir því ranglæti, sem ég tel að væri, ef þeir hefðu ekki nema einn þm. nú með 12 þús. atkv. Ég teldi það óeðlilegt. Þess vegna held ég, að það sé óþarfi fyrir þessa hv. þm. að vera að brýna okkur sjálfstæðismenn á því, að við séum með ótta út af þessu frv. Það mætti vera eitthvað skynsamlegra heldur en það er, til þess að við værum nokkuð hræddir við það. Hitt er annað mál, að við teljum að sjálfsögðu skylt og eðlilegast, að þessu frv. verði vísað frá, og ég trúi því illa, að það verði látið koma hér undir atkv.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það er ekki margt, sem ég þarf að taka fram í minni ræðu nú, en þó eru einstök atriði, sem þörf er á að leiðrétta í því, sem fram hefur komið. Ég vil í fyrsta lagi vekja athygli á því, að mér leiðist að hafa valdið hv. 3. landsk. slíkum sársauka sem fram kom í ræðu hans. Ég var ekki að amast við honum hér á þinginu, vegna þess að hann er löglega kosinn þm. eftir þeim reglum, sem eru. En ég sagði í minni ræðu, að það væru margir af kjósendum, sem hefðu látið í ljós þær skoðanir, að þeir ættu erfitt að fella sig við uppbótarkerfi, sem ráðgerði eins konar afturgöngur í þinginu. Hann tók þetta mjög til sín, og það var ekki meining mín að særa hann, en ég get hins vegar skilið, að það búi enn í honum nokkur sársauki eftir síðustu alþingiskosningar, og það er sennilega ekki nema mannlegt, að svo sé.

Hv. 3. landsk. sagði, að ræður okkar hv. þm. A-Húnv. hefðu ekkert verið annað en grín og gaman og algerlega efnislausar. En 1. landsk., meðflm. Hannibals Valdimarssonar, talaði skömmu á eftir og taldi mína ræðu hafa verið aðeins í einu tilfelli gamansama, en að öðru leyti rökfasta ræðu, sem hægt væri að rökræða um. Þeir hafa dálítið mismunandi skoðanir um þetta. Ég verð að segja, að þær voru nokkuð ólíkar í fleiri tillitum, ræður 3. landsk. og 1. landsk. Ég gekk hér fyrir framan dyrnar, þegar 3. landsk. var að halda sína ræðu, og heyrði einhvern segja: Bara að Hannibal meiði sig nú ekki á munnvatni sínu. — Og mér fannst það alger vorkunn, því að sannast að segja sneiddi þessi hv. þm. algerlega hjá öllu, sem snertir efnishlið málsins. En hv. 3. landsk. er nógu óskammfeilinn til þess að koma hér upp í ræðustólinn í þessari hv. deild og segja, að það séu ósannindi, að nokkurt kosningabandalag hafi átt sér stað milli Framsfl. og Alþfl. á Ísafirði í sumar, og hann viti ekki til, að á framsóknarmenn á Ísafirði hafi verið lagt nokkurt „press" til þess að reyna að koma honum á þing. Ja, ég vil skora á þennan hv. þm. og spyrja hann, hvort hann hafi kjark til þess að koma hér upp og endurtaka það, að hann viti ekki til, að á framsóknarmenn hafi verið lagt nokkurt „press" til þess að kjósa hann. Ef Hannibal Valdimarsson gerir þetta, þá veit ég, að hann er vísvitandi að segja hér ósatt í þingsölunum. Það vita allir, að Hannibal Valdimarsson fór sjálfur skömmu fyrir kosningar til Ísafjarðar til þess að undirbúa það, að honum gætu hlotnazt atkv. framsóknarmanna í kosningabandalagi við alþingiskosningarnar, sem þá fóru í hönd, og það er einnig alkunnugt, að einn af miðstjórnarmönnum Framsfl. gekk dagana fyrir kosningar milli þeirra kjósenda á Ísafirði, sem áður höfðu kosið Framsfl., með skilaboð frá formanni Framsfl. um að kjósa Hannibal Valdimarsson. Og það þarf enginn að halda, að Hannibal Valdimarssyni hafi ekki verið kunnugt um þetta.

Hv. 3. landsk. sagði, að við sjálfstæðismenn vildum vísa þessu frv. frá, til þess að alþm. eigi ekki kost á að taka afstöðu til málsins. Þetta er alger misskilningur. Það er okkar skoðun, að þessu frv. beri að vísa frá í því formi, sem það er flutt. Og ég tók beinlínis fram í minni ræðu, að þingið gæti fjallað um þetta mál sem stjórnarskrárbreytingu, sem frv. til stjórnskipunarlaga. Það er okkar skoðun, að ef einhverjir hv.

þm. óska að koma ákvæðum þessa frv. í lög, þá verði að koma grundvallarefni þeirra inn í stjórnarskrána. Og það er þeim frjálst, hv. flm., að flytja sínar till. sem stjórnskipunarlagatillögur, eins og þær eiga að flytjast á þinglegan hátt að okkar dómi.

Hv. 1. landsk. talaði um það, að sjálfstæðismenn hefðu staðið að því að setja svipaða kássugerð inn í stjórnarskrána á sínum tíma, þar sem eru hlutfallskosningaákvæðin. Það er í samræmi við skoðanir okkar nú, að þá töldum við, að slík ákvæði yrðu að eiga heima í stjórnarskránni, og þess vegna voru þau sett sem stjórnarskrárákvæði, en við hefðum auðvitað snúizt öndverðir gegn slíkum till., ef þær hefðu verið bornar fram í almennu lagafrv.

Það er annars einkennilegt, að ræður flm. þessa frv. stangast í fleiri tilfellum heldur en ég hef nú bent á. Hv. 3. landsk. sagði: Þessu frv. er ekki stefnt gegn neinum, það geta hvaða flokkar sem eru gert bandalag. — Þetta er út af fyrir sig rétt hjá honum. En hv. 1. landsk. kemur svo og segir orðrétt: Þetta frv. segir, að stærsti flokkurinn eigi ekki að ráða eins miklu og áður. — Þetta eru orðrétt hans ummæli. En ég spyr: Hvar stendur þetta í frv.? Hitt er svo alveg rétt, sem hv. þm. A-Húnv. benti á, að í þessum tilgangi er frv. flutt af þessum hv. flm. Auðvitað segir ekki frv. þetta.

Þessir hv. þm. hafa mikið talað um lýðræði og tala um, að núverandi kosningareglur veiti flokkunum ekki lýðræðislegan rétt. Þeir hafa viljað gera því skóna, að við sjálfstæðismenn viljum viðhalda því kosningalagafyrirkomulagi, sem nú er, og þar með séum við berir að því að vilja viðhalda miklu lýðræðislegu ranglæti. Þetta er algerlega rangt. Við sjálfstæðismenn höfum engan veginn sagt, að við viljum núverandi skipun kosningalaganna. Þvert á móti. Sjálfstæðismenn voru þeir fyrstu og eru þeir einu, sem borið hafa fram í stjórnarskrárnefndinni till. um breytingar einmitt á kjördæmaskipun, sem mundu leiða af sér allt annað fyrirkomulag í kosningalöggjöf heldur en nú er. Þess vegna þarf ekki um það að deila hér, að það er margt í núverandi kosningalöggjöf, sem þarfnast breytingar, og margt er ranglátt, og við höfum heldur aldrei sagt, að það væri ekki hugsanlegt að breyta eitthvað reglum um hlutfallskosningar frá því, sem nú er. En flm. þessa frv. hafa a. m. k. ekki hitt þann lýðræðisnagla á höfuðið. Þeir eru alltaf að tala um, að það eigi, með því að flokkar geti lýst yfir bandalagi, að koma réttar fram og lýðræðislegar fylgi flokkanna á þingi. Hvernig er þessu nú varið? Ég þykist vita, að flm. séu búnir að sitja lengi með sveittan skallann og reikna út, hvað Framsfl. og Alþfl. gætu nú saman fengið marga þm., eftir þessu frv., enda brosir nú hv. 1. landsk. og lítur í tóma stólinn, þar sem fjmrh. situr vanalega, — en hvað hafa þessir tveir flokkar mikið af kjörfylginu í landinu? Ætli það sé ekki eitthvað nálægt 37%. Ef þeir gera ráð fyrir, að allir kjósendur hafi kosið eins í sumar og eftir þessum reglum, hvað ætli þessir tveir flokkar hefðu þá fengið marga þingmenn? Ætli það sé ekki eitthvað nálægt 52%. Þar með hefðu 37% af kjósendunum fengið 52% þm. M. ö. o.: Þeir eru að gagnrýna löggjöfina eins og hún er núna, en bera bara ekki fram réttlátari skipun en þessa. Það er þannig engan veginn víst, að meira lýðræðislegt réttlæti fáist með þeirri skipun, sem hér er borin fram.

Hv. 1. landsk. taldi, að þar sem Norðmenn og Svíar hefðu á sínum tíma leitt í lög hjá sér kosningabandalög, þá mætti auðvitað augljóst vera, að það bryti ekki í bága við okkar stjórnarskrá, og þar sem mætti breyta með lögum útreikningsreglu hlutfallskosninganna, þá væri það líka sönnun fyrir því, að slík kosningabandalög mætti innleiða með almennum lögum. Hann gerði ekki ráð fyrir að heyra nein mótmæli frá mér gegn þessu. En þessu vil ég fyrir mitt leyti mótmæla og með þeim forsendum, að ég tel, að okkar stjórnarskrá sé þannig úr garði gerð, að hún byggir á flokkum og flokkaskiptingu í þinginu, og það er hvergi nokkurs staðar gert ráð fyrir neinu í stjórnarskránni öðru en einhverju hlutfallslegu jafnrétti á milli flokka, en ekki þannig, að það sé hægt að reikna út samanlögð atkvæði flokka til þess að ná ákveðinni þingmannatölu. Stjórnarskráin segir í 31. gr., að það séu alls 8 þm. kosnir í Rvík með hlutfallskosningu. Það er svo látið eftir kosningalögunum að ákveða, hvernig sú hlutfallskosning skal útreiknast. Hún segir líka, að það séu kosnir 6 þm. í kaupstöðum og 27 þm. í ein- og tvímenningskjördæmum. Hún segir ekkert berum orðum um það, hvernig þingmennirnir eigi að kjósast, þessir 6 þm. í kaupstöðunum, og ekki heldur, hvernig þingmennirnir eigi að kjósast í einmenningskjördæmunum. En það vita allir hv. þm., að þegar þessi ákvæði stjórnarskrárinnar eru sett, þá er gengið út frá því af stjórnarskrárgjafanum, að kosning í einmenningskjördæmum fari ekki fram með öðrum hætti en þeim, að sá, sem fær flest atkvæði, er kosinn. Þess vegna felst þetta óvirætt í stjórnarskránni. Það var líka í gamla Rómaréttinum, að þar voru engin ákvæði um hegningar gegn föðurmorði. Það var af því, að Rómverjarnir vildu ekki vera að skrifa svo augljósan bókstaf. Það var ekki vegna þess, að það væri löglegt að myrða föður sinn í Rómaríki í þá daga. Hér er um svo augljósan anda og grundvallaratriði stjórnarskrárinnar að ræða, að það er það, sem menn fyrst og fremst verða að byggja á, þegar á að gera sér grein fyrir því, hvort hægt er að að taka upp slíkt kosningalagakerfi eins og hér er gert ráð fyrir án þess að leggja grundvöllinn að því í stjórnarskránni áður. Um það atriði skal ég svo ekki fara fleiri orðum. Það verður úrskurðað á síðara stigi þessa máls, eins og hæstv. forseti hefur gert grein fyrir.

Ég vil aðeins í lok ræðu minnar taka undir það, sem hv. þm. A-Húnv. sagði, að enda þótt flm. hyggi gott til glóðarinnar, þegar þeir hafa nú setið yfir að semja þetta frv., þá er auðvitað engan veginn víst, hvernig kjósandinn snýst við því, þegar hann á að kjósa eftir kosninga-

löggjöf sem þessari. Og ég sagði í niðurlagi minnar ræðu, að það væri ekki aðeins vegna þess, að frv. bryti gegn stjórnarskránni, sem það væri óþinghæft, heldur líka að efni til, vegna þess að það færi algerlega í bága við þau meginlögmál, sem allur þorri íslenzkra kjósenda hefur gert og gerir kröfur til að gilda skuli í baráttu stjórnmálamanna og flokka til þess að ná kosningu á Alþingi. Þetta held ég að mundi sýna sig, ef nokkurn tíma kæmi til slíks.

Umr. frestað.

Á 23. fundi í Nd., 16. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þegar þingfundartíma lauk á föstudaginn, höfðu þrír þm. Sjálfstfl. þrumað á móti frv. okkar Alþýðuflokksmanna um kosningabandalög. Þeir fóru af stað með miklum geysingi og bægslagangi, en áberandi þótti hlustendum það, hversu mjög þeir voru orðnir hógværir menn undir lokin. Hv. 2. þm. Eyf., þ. e. a. s. hv. minnihlutaþm. Eyf. (MJ), minntist á kosningabandalagslögin á Norðurlöndum og afnám þeirra í Noregi og Svíþjóð. En hann gleymdi alveg að geta þess, að það voru einmitt hægri flokkarnir þar í löndum, sem ávallt notfærðu sér ákvæðin um kosningabandalögin og voru ákaflega tregir til að fallast á, að þau væru afnumin. En hér ætlar aftur hægri flokkur íslenzkra stjórnmála að taka þveröfuga afstöðu, og mönnum er spurn, hverju þetta sæti. Ekki gæti það þó verið, að Sjálfstfl. íslenzki ætti einhverra sérhagsmuna að gæta, sem hann vildi ekki að aðrir nytu, t. d. kosningabandalag? Ég vil a. m. k. ganga út frá því, að réttur kjósandans eigi að vera jafn, hvaða flokki sem hann tilheyrir, og kjósendur eigi að hafa jafna aðstöðu til að skera úr, hvaða stefnu þeir vilji að fylgt sé í stjórnmálunum, hvort sem að hinni mörkuðu stefnu stendur einn flokkur eða fleiri saman.

Nú hafa ræðumenn Sjálfstfl. einmitt verið að tala um möguleika sína til þess að ná hreinum meiri hluta, og það er að vísu rétt, að fræðilega hefur Sjálfstfl. eftir gildandi kosningalögum möguleika til slíks, og hefur hann þó ekki nema 39% kjósenda á bak við sig. Hann hefur fræðilega möguleika til þess að ná meiri hluta á Alþ., fá 27 þm. kjörna, en til þess vantar hann nú 6 þm., og það er ekki séð, að það sé líklegt, að til þess komi á næstunni, að Sjálfstfl. verði þess umkominn, nema kannske helzt ef skærist í odda milli tveggja fylkinga og kjósendurnir veldu, sem mér þætti nú næsta ólíklegt, á þann veg, að þeir vildu fela Sjálfstfl. meirihlutavald á Alþ. En það væri þó öllu skemmtilegra fyrir þann flokk að hafa öðlazt það í harðri keppni við annan aðila, sem þjóðin hefði þá hafnað, ef svo væri. Það var auðheyrt á ræðumönnum hv. Sjálfstfl., að þeir voru mjög roggnir yfir þessum meinta möguleika Sjálfstfl. og létu að því liggja, að það þyrfti nú eiginlega ekki að fara að gera lagabreytingar til þess að heimila öðrum aðila slíka möguleika til þess að tryggja stjórnarfarið. En hvað getur mælt á móti því að heimila kosningabandalagi sömu aðstöðu og svo segðu kjósendurnir auðvitað um, hvorum aðilanum þeir vildu að yrði falinn meiri hlutinn? Það er alveg ómögulegt að rökstyðja, að það geti kallazt ranglæti í öðru tilfellinu, nema með því að fordæma það þá einnig í hinu, fordæma það einnig, þegar Sjálfstfl. er sá, sem nýtur aðstöðunnar.

Sannleikurinn er sá, að ef frv. okkar Alþýðuflokksmanna yrði gert að lögum, þá væri stigið stórt spor í þá átt að gera íslenzkt stjórnarfar mótaðra og öruggara, og að öllu óbreyttu eru litlar líkur á því í framkvæmdinni, að nokkur einn flokkur fái meiri hluta á Alþ., en þess er þörf, að meirihlutastjórn sé hægt að mynda í landinu, svo að hægt sé að komast hjá samræðslustjórnum, — meirihlutastjórn, sem byggi á mótaðri stefnu eins eða fleiri flokka. Nú verða tveir eða fleiri flokkar að bræða sig saman, ef unnt á að vera að tryggja þjóðinni meira eða minna starfhæfa ríkisstjórn, og oft hefur það reynzt erfitt í landi smáflokkanna, eins og dæmi undanfarinna ára sýna. Frv. Alþýðuflokksmannanna er viðleitni í þá átt að ráða bót á þessum vanda. Samþykkt þess og framkvæmd mundi hafa í för með sér, að tvær meginfylkingar ættust við í kosningum og kjósendurnir ættu þess kost að ákveða með atkvæði sínu, hvor þessara fylkinga skyldi stjórna landinu næsta kjörtímabil. Óvissan, sem nú er um þetta, mundi hverfa, en festa koma í hennar stað, og slík breyting er ómótmælanlega til bóta. Það er þegar vitað, að það eru fleiri en Alþýðuflokksmenn, sem eru þessarar skoðunar, t. d. segir annað aðalblað Framsfl., Dagur á Akureyri, um þetta atriði það, sem hér fer á eftir, með leyfi forseta, núna fyrir nokkrum dögum:

„Alþýðuflokksmenn hafa flutt frv. á Alþ., sem líklegt er til að vekja athygli og umr., því að þar er ráðgerð breyting á kosningafyrirkomulagi til Alþ. og þar með rofin þögnin, sem um það mál hefur ríkt um sinn. Mun frv. þetta þykja hið athyglisverðasta, ekki sízt vegna þess, að með því er stefnt að því að lækna eitt mesta vandamál íslenzkra stjórnmála, þ. e. óvissuna um stjórnarstefnuna, þegar gengið er til kosninga, og langvinna samninga eftir kosningar um stjórnarmyndanir. Mundi frv. þetta, ef fram næði að ganga, stuðla að sköpun samhents meiri hluta á Alþ. og er því þess vert, að það sé kynnt og rætt.“

Ég hygg það hafi verið hv. 2. þm. Eyf. (MJ), sem taldi, að með frv. Alþfl. um kosningabandalög væri verið að verzla með kjósendur, fara aftan að fólkinu og opna leiðir til blekkinga. Ég held, að þetta sé alveg þveröfugt, þarna sé sannleikanum gersamlega snúið við. Nú er það einmitt svo, að það er hægt að beita kjósendur blekkingum með róttæknisgaspri fyrir kosningar, en svo er hægt að fara að braska á bak við tjöldin og pukra og skella svo á stjórnarfari, sem er þveröfugt við það, sem kjósendurnir bjuggust við fyrir kosningar. Eftir kosningar geta menn fengið stjórn, sem þeir

áttu sízt von á eftir því, hvernig málin voru túlkuð fyrir kosningar. Þetta er vitanlega óviðunandi ástand. Þetta gerir mögulegt að gera lýðræðið að vissu leyti að skrípaleik. Þetta ófremdarástand mundi frv. okkar Alþýðuflokksmanna einmitt torvelda eða jafnvel fyrirbyggja, ef það yrði að lögum. Og hversu fráleit sú staðhæfing er, að það opnuðust möguleikar til að koma aftan að fólkinu, verzla með kjósendur og þar fram eftir götunum, sést bezt á því, sem fram er tekið skýrt í frv., að kosningabandalag verður að tilkynna yfirkjörstjórn skriflega ekki síðar en 4 vikum og 3 dögum fyrir kjördag og kosningastefnuskrá kosningabandalags verður auðvitað einnig birt og túlkuð og um hana barizt í kosningabardaga fyrir kosningar. Þegar málin liggja þannig fyrir, þá á kjósandinn um það að velja að segja til fyrir kosningar, hvers konar stjórnarfar hann vill að taki við eftir kosningar. Þannig verður bersýnilega miklu minna olnbogarúm fyrir braskið og blekkingarnar, en þá kemur einmitt í ljós, að við það er engum verr en einmitt íhaldinu. Það vill, að möguleikarnir til bragða og blekkinga og verzlunar með kjósendur séu fyrir hendi eins og hingað til, og snýst þess vegna hatrammlega á móti því frv., sem torveldar þetta. Það er staðreynd, að nú vita kjósendur fátt eitt um fyrirætlanir stjórnmálaforingja um stjórnarmyndanir, þegar þjóðin gengur að kjörborðinu til þess að beita því húsbóndavaldi stjórnmálanna, sem hún á að hafa. Samningar um stjórnarmyndun koma ekki til sögunnar fyrr en að kosningum afstöðnum. Foringjar flokkanna hefja þá iðulega samstarf við aðilann, sem kjósendur viðkomandi flokks hefðu máske sízt viljað. Málefnasamningar ríkisstjórnanna verða til að tjaldabaki, eins og alkunna er, og eru raunverulega aldrei lagðir undir úrskurð kjósendanna, því að í næstu kosningum þykjast stjórnmálaforingjarnir vilja allt annað en það, sem fengin reynsla staðfestir að þeir sættu sig við í sambræðslustjórn. En frv. Alþfl. leiðir til þess, að málefnasamningar flokka, sem ætla sér að vinna saman, verði að aðalatriði kosningabaráttu og úrskurðarefni kjósendanna á kjördegi. Þannig er hér verið að tryggja kjósendum þann rétt, sem þeim ber, en torvelda möguleikann, eins og ég áðan sagði, fyrir stjórnmálaforustuna að blekkja kjósendur eftir á og koma á allt öðru stjórnarfari en kjósendurnir væntu og ætluðust til, þegar þeir greiddu atkv. í kjörklefanum.

Það er talað um, að mikil spilling sé í íslenzkum stjórnmálum, og því verður sjálfsagt ekki neitað, að þar er ekki allt eins hreint og skyldi. En raunhæfasta ráðið til þess að bæta úr því er einmitt, að íhlutunarréttur kjósendanna sé aukinn og kosningar á Íslandi látnar snúast um málefni og stefnur, sem ekkert undanfæri sé að víkja sér frá að afstöðnum kosningum. Kjósendurnir eiga að krefjast þess, að þeim gefist kostur á að vita fyrirætlanir flokkanna og stjórnmálaforingjanna, áður en þeir ganga að kjörborðinu, og val þeirra á milli stefna á einmitt að byggjast á þessari vitneskju. Þetta er nauðsynlegt í öllum lýðræðisríkjum, og ekki sízt þar sem flokkarnir eru margir og óvissa mikil í stjórnmálum, eins og hér á sér nú stað. Auk þess eru sýndarlæti og blekkingar allt of ríkur þáttur í íslenzkri stjórnmálabaráttu og Sjálfstfl. þar áreiðanlega fremstur í flokki allra.

Alþfl. er þeirrar skoðunar, að fólkið sjálft eigi að ráða því, hverjir stjórna landinu á hverjum tíma og í hvaða tilgangi. Einn þátturinn í baráttu hans fyrir þeirri skoðun er frv. um kosningabandalög stjórnmálaflokka. Það er að vísu engin framtíðarlausn í íslenzkri stjórnarskipun; það vitum við. Það fer ekki lengra en rúmast innan ramma núverandi kosningalaga. En við teljum nauðsyn að stíga þetta spor. Þess vegna verða kjósendurnir að taka þetta mál upp og bera það fram til sigurs, ef afturhaldið hér á Alþ. kemur í veg fyrir, að þetta frv. nái fram að ganga. Það er ein af þeim lýðræðislegu skyldum, sem lýðræðið sjálft leggur fólkinu á herðar.

Sjálfstfl. virðist leggja mikla áherzlu á að staðhæfa, að þetta frv. samræmist ekki stjskr. Það verður vafalaust úrskurðað hér af þeim aðila, sem það heyrir undir. En þetta virðist vera fjarstæðukennt, þetta virðist vera örþrifaráð, sem gripið er til, þegar menn vilja ekki ræða efni máls. Stjskr. kveður á um tölu þm. Annað aðalatriðið í þessum kafla er ákvæði stjskr. um kjördæmaskiptinguna. Inn á hvorugt þetta atriði fer þetta frv. Þriðja ákvæðið í þessum kafla stjskr. er um uppbótarþingsætin, og við því skipulagi er vissulega ekki heldur hróflað í þessu frv. En allt það, sem snertir kosningatilhögun, er túlkað og ákvæði sett um það í kosningalögunum, og hér er eingöngu um það að ræða, hvernig tilhögun skuli vera um framboð og kosningar.

Á það var líka bent í umr. á föstudaginn af hv. 1. landsk. þm. (GÞG), að á Norðurlöndum hefðu eingöngu verið ákvæði í kosningalögum um kosningabandalögin, og þegar þau voru afnumin, þá var gerð breyting á kosningalögunum og annað ekki. Og ég leyfi mér að benda á það í tilefni af umr. á föstudaginn, að stjórnarskráin íslenzka og stjórnarskrár á Norðurlöndum eru ákaflega svipaðar, því að ísl. stjskr. er uppsuða úr dönsku stjskr. frá 5. jan. 1874 og í öllum aðalatriðum enn í dag samhljóða því plaggi.

Ég verð því að líta svo á, að það séu litlar líkur til þess, að Sjálfstfl. geti komizt hjá því, að þetta mál verði rætt til hlítar hér á Alþ. og að Alþ. sjálft taki ákvörðun um það, hvort heppilegt þyki að gera það að lögum. Ég trúi því ekki, að þau undanbrögð takist Sjálfstfl. að fá málið úrskurðað frá.

Það mun hafa verið hv. 5. þm. Reykv. (JóhH), sem taldi sig geta strítt mér á því, að ég væri eitthvað sár út af kosningaúrslitum á Ísafirði s. l. vor. Það er mesti misskilningur. Ég ber minn ósigur alveg eins og mér ber að bera hann, og við hv. núverandi þm. Ísaf. og ég höfum um ekkert að sakast hvor við annan. Hann hefur fallið einu sinni fyrir mér, og ég hef fallið einu

sinni fyrir honum, og þar með erum við kvittir, og mun enginn sjá, að við séum neitt sárir eftir þann leik. — Ef litið er á Alþfl. og Sjálfstfl. í sambandi við Ísafjörð, þá þarf Alþfl. ekki meira að sleikja sár sín heldur en Sjálfstfl., og við skulum þess vegna alveg mætast í miðju trogi með umræður um þau mál.

Menn hafa vafalaust tekið eftir því á undanförnum árum, að einn flokkur í landinu hefur sérstaklega hamrað á því í blöðum sínum og á mannfundum, að ógæfa mikil væri það, hversu flokkarnir væru margir á Íslandi, og ekki sízt kvað það við af hendi Sjálfstfl. í síðustu kosningum, þegar flokkarnir voru orðnir sex, að það væri eðlilegt og sjálfsagt, að hreinni línur sköpuðust og stefnt væri að því að mynda tveggja flokka kerfi í landinu. Nú ber aftur svo kynlega við, að þegar frv. er borið fram á Alþ. um kosningabandalög, sem greinilega stefnir í þá átt, að kjósendurnir ættu þess kost að skipa sér í tvær meginfylkingar, berjast um tvær meginstefnur mótaðar í tveim kosningastefnuskrám og segja til um það fyrir kosningar, hvor stjórnarstefnan verður ofan á og í samræmi við hvora þeirra skuli stjórna næsta kjörtímabil, þá rís sá flokkurinn, sem hefur verið að gaspra að undanförnu um það, að það væri æskilegt, að tveggja flokka kerfi myndaðist í þessu landi, upp á skottleggina og ætlar alveg að tryllast yfir því, að nú stefni að því, að hólmganga kynni að verða milli tveggja stjórnmálafylkinga í landinu. Hvar er samræmið í þessu? Eða er Sjálfstfl. alveg horfinn frá fyrri skoðunum sínum um nauðsyn tveggja flokka kerfis? Því væri að vísu ekki fyllilega komið á með lögfestingu þessa frv., en það væri þó stórt spor stigið í þá átt, að átök mynduðust milli tveggja stjórnmálafylkinga. Sjálfstfl. hefur talað um, að glundroði skapaðist af of mörgum flokkum. Þessi glundroði ætti þá vissulega að minnka, ef takast mætti að sameina meginstefnu hinna smærri og sundruðu flokka um ákveðna kosningastefnuskrá.

Ég tel, að megintúlkun Sjálfstfl. gegn þessu frv. hafi falizt í því að saka okkur Alþfl.-menn um að vilja stefna í ólýðræðislega átt með þessu frv., þar sem möguleiki skapaðist til þess, að slíkt kosningabandalag, sem kannske fengi ekki meira en 37—39% kjósenda bak við sig, gæti fengið hreinan meiri hluta á Alþ. En þessi átylla, að þetta frv. sé ólýðræðislegt, hrynur þegar til grunna, af því að með núverandi lögum nýtur Sjálfstfl. þess og hefur oftlega lagt mikla áherzlu á það, að hann hafi möguleika til að ná hreinum meiri hluta á Alþ. að öllum lögum óbreyttum, og er þó sýnt, að hann hefur ekki nema 39% kjósenda á bak við sig, og það er ekki svo, að hann geti gert sér neinar vonir um, að fylgi hans fari vaxandi og að meiri hluti hans á Alþ. byggist á því, því að hann hefur allt frá 1930 verið að lækka hlutfallslega að fylgi hjá þjóðinni. Fyrir 1927 hafði hann yfir 50% kjósenda í landinu. Við hverjar einustu kosningar síðan hefur kjósendum hans farið fækkandi hjá þjóðinni, og núna síðast fór hann niður fyrir 40%, niður í 39%, og þar er hann nú, en samt er hann að tala um það, að hann hafi möguleika til þess að hafa hreinan meiri hluta á Alþ. En hvernig getur hann þá talað um það sem ólýðræðislegan hlut, ef flokkasamsteypa, sem hefði eina og sömu kosningastefnuskrána, fengi þennan sama rétt og þessa sömu aðstöðu sem Sjálfstfl. nú hefur? Hann getur það með því einu móti að segja: Ég nýt nú að óbreyttum lögum ólýðræðislegrar aðstöðu. En annaðhvort er að afnema hana, gera lagabreytingu í þá átt, eða að Sjálfstfl. getur sízt af öllu barizt á móti því, að annar aðili öðlist þá sömu aðstöðu, það er a. m. k. á engan hátt ólýðræðislegra.

Önnur meginröksemd Sjálfstfl. var þessi, sem ég einnig hef gert að umræðuefni hér, að það væri hægt að fara aftan að kjósendum, verzla með þá, með því að koma á kosningabandalagi. Ég hef sýnt það með skýrum rökum, að það er allt lagt á borðið fyrir fram, í upphafi kosningabardaga, hver stefnan sé og hvaða stjórnarstefna sé ætlazt til að taki við eftir kosningar, einmitt með kosningabandalögum eins og þau eru skilgreind í þessu frv. En nú er hægt að svíkja kjósendurna og verzla með þá og blekkja þá, og það er sú aðferð, sem Sjálfstfl. vill halda í.

Ekkert annað en þessar meginröksemdir hefur verið nefnt hjá forustumönnum eða málsvörum Sjálfstfl. í þessum umræðum, og verða þeir að koma með eitthvað annað fleira til, ef þeir ætla að geta rökstutt af nokkurri festu mótstöðu sína við þetta frv. Sannleikurinn er sá, að enginn stjórnmálaflokkur á Alþ. stendur eins höllum fæti til þess að standa gegn slíku frv. eins og einmitt Sjálfstfl.

Ég hirði ekki um að fara að svara þeim hv. þm., sem hér töluðu f. h. Sjálfstfl. á föstudaginn, viðvíkjandi smánarti, sem þeir beindu til mín. Ég taldi, að það væri eitt af mörgu, sem sýndi rökþrot þeirra, því að þar voru þeir að hjala um allt aðra hluti en koma þessu máli við. En þetta mál er þýðingarmikið mál og stórpólitískt mál í eðli sínu, og þess vegna er allt í lagi með að verja tveim til þrem og þó að fjórum þingfundum væri til þess að ræða það og efni þess og alveg ástæðulaust nema fyrir þá menn, sem rökþrota eru, að fara út í önnur atriði.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það hefur verið þó nokkuð rætt um það í sambandi við þetta frv., hvort þetta væri að einhverju leyti brot á stjórnarskránni, og ekki hafa sízt hv. þm. Sjálfstfl. hér í d. komið fram með þá aths. Guð láti gott á vita, liggur mér við að segja, þegar þeir fara að bera stjórnarskrána fyrir brjósti. Það hefur nú ekki verið sérstaklega mikið verið að vanda framferðið gagnvart því plaggi hér á undanförnum áratugum, svo að það væri nú óskandi, að það væri þá farið að hafa hana eitthvað ofur lítið meira í heiðri en verið hefur hingað til, þegar sérstaklega hefur þurft á því að halda. 1941 tók meiri hluti þm. sig saman um það að sleppa öllum kosningum, sitja bara áfram og samþykkja lög, og til þeirra, sem mót-

mæltu, var ekkert tillit tekið, og stjórnarskrâin var ósköp rólega brotin, og grundvöllurinn að miklu af því, sem gerzt hefur á síðustu áratugum, var lagður af því þingi, sem raunverulega hafði ekkert umboð eða hafði gefið sjálfu sér umboð. Ég held nú þess vegna, að það sé alveg óþarfi allt í einu að fara að taka þessa hluti svona nærri sér. — Ég ætla ekki að fara að minnast hérna á, hvernig farið var með 21. gr. í stjórnarskránni 1951 af hálfu hernámsflokkanna allra þriggja, það var alveg nákvæmlega sams konar stjórnarskrárbrot. Þess vegna varð ég dálítið undrandi, að menn skyldu nú fara að nefna snöru í hengds manns húsi og fara að tala um stjórnarskrá og að þetta mundi vera brot á henni. Ég held satt að segja, að það hefði frekar verið ástæða til að tala um hana í sambandi við önnur frv. en þetta. Hins vegar er alveg sjálfsagt að gera sér grein fyrir því, fyrst minnzt er á þetta.

Ég verð að segja fyrir mitt leyti, að ég lít svo á, að þetta frv. brjóti ekki í bága við stjórnarskrána, ekki tilgangur þess sem heildar, það megi ræða um einstakar greinar úr því, hvort þær samrýmdust þeim skilningi, sem við leggjum í 31. gr. stjórnarskrárinnar. Og hvað slíkt snertir, þá er náttúrlega lítill vandi að laga þannig einstakar greinar, ef mönnum sýnist svo. Ég held þess vegna, jurediskt séð, að þetta frv. sé eitt af þeim, sem frekar sjaldan og í frekar fáum greinum brýtur í bága við hana, ef borið er saman við það, sem við almennt höfum átt hér að venjast, þannig að það sé lítill vandi að laga það, sem þannig kunni að einhverju leyti að álítast fara afvega, en tilgangur frv. í heild sé í samræmi við hana.

Svo komum við aftur á móti að öðru í sambandi við þetta frv., og það er raunverulega ekki bara það lögfræðilega gildi þess, heldur það siðferðilega eða pólitíska gildi þess, þ. e., er þetta frv. réttlátt, miðar þetta frv. að því að skapa meira réttlæti í sambandi við kosningar og úrslit þeirra á Íslandi? Það virðist nú kenna dálítils ruglings í því, hvað menn séu að tala um sem kost við það, hvernig kosningalög og jafnvel hvernig stjórnarskrár séu. Við hvað erum við að miða? Að hverju ætlum við að stefna, hvort heldur sem við erum nú að semja breytingar á stjórnarskrá eða við erum að laga kosningalög, að svo miklu leyti sem það sé hægt, án þess að það brjóti í bága við stjórnarskrána? Erum við að miða að því að skapa sterka stjórn í landinu? Erum við fyrst og fremst að hugsa um það að gera þægilegra fyrir að mynda ríkisstjórn, sem hafi öll völd hér á Alþ.? Erum við fyrst og fremst að hugsa um það, að það sé helzt einn flokkur, sem, ef hann er sterkastur með þjóðinni, verði svo sterkur, að hann geti haft hreinan meiri hluta á Alþ., þó að hann hafi ekki hreinan meiri hluta hjá þjóðinni? Er þetta sá tilgangur, sem við eigum að miða við í sambandi við stjórnarskrá og kosningar? Ég álít það ekki og hef aldrei litið svo á og mun síðar koma nánar að því. Ég álít, að öll þróunin hjá okkur í stjórnmálunum á Íslandi hafi miðað að því að skapa allt annan tilgang með stjórnarskránni og kosningalögunum. Hins vegar hefur mikið verið rætt um þetta hérna. Bæði hefur verið minnzt á það sem eitt af því, sem nauðsynlegt væri, og eins hefur Sjálfstfl., þegar hann hefur talað hérna, borið þeim, sem virðast nú styðja þetta frv., það á brýn, að þeir væru að miða að því að skapa möguleika til að mynda ríkisstjórn fyrir flokka eða flokkasamsteypur, sem hefðu minni hluta þjóðarinnar að baki sér. Fulltrúar Sjálfstfl. sögðu hér, að svo framarlega sem Alþfl. og Framsfl. gerðu bandalag eftir þessu frv., ef það yrði að lögum, þá mundu þeir geta með 37% kjósenda náð 52% þingmanna. Þetta er rétt hjá Sjálfstfl., þetta mundu vera möguleikar, og þetta mundu vera möguleikar, sem ég álít að væru í ósamræmi við þann tilgang og þá stefnu, sem alltaf hefur verið að sigra meir og meir á okkar landi í sambandi við breytingar á stjórnarskrá og kosningalögum, það sem af er þessari öld.

En þetta er ekki aðeins rétt hvað snertir það, ef Framsfl. og Alþfl. færu að mynda bandalag sín á milli. Þessi gagnrýni á möguleikum, sem felast í núverandi kjördæmaskiptingu til að skapa rangláta útkomu úr kosningum, á ekki aðeins við, ef Framsfl. og Alþfl. mynduðu bandalag með sér og reyndu að notfæra sér ákvæði svona laga til þess að ná meiri hluta þings með 37% kjósenda. Þetta á ekki síður við viðvíkjandi Sjálfstfl. sjálfum. Sjálfstfl. hefur við undanfarnar kosningar alveg sérstaklega lagt upp úr því og sérstaklega „agiterað“ með því, að það væri eitt það mesta happ, sem fyrir þjóðina gæti komið frá þeirra sjónarmiði, að hann fengi hreinan meiri hluta á Alþ., þó að hann fengi ekki hreinan meiri hluta hjá þjóðinni. Stundum hefur hann reiknað út, að hann þyrfti ekki nema 300—400 atkvæði til þess; ef þau væru á réttum stöðum, færðust til á réttum stöðum, þá væri Sjálfstfl. búinn að ná meiri hluta á Alþ., þó að hann hefði ekki meiri hluta hjá þjóðinni. Ef það á að fara að álíta það allt saman tómar kássur, sem myndað sé, ef það verður meiri hluti hér á Alþ., sem sé fenginn með alls konar skrýtinni útkomu í kjördæmum, hvernig sem hún er nú sköpuð, þá fara nú margir að verða sekir um kássutilbúning, ekki aðeins þeir, sem bjuggu til Bændaflokkinn hér á árunum, heldur líka þeir, sem reyna að ná meiri hluta núna með því að skírskota til kjósenda um, að þeir fái örugga stjórn, ef 300—400 kjósendur flytja sig til. Og sannleikurinn er, að Sjálfstfl. er enn þá nær þessu en menn almennt máske hafa reiknað út. Það þurfa ekki að flytjast nema 164 atkvæði beint frá Framsfl. til Sjálfstfl. í réttum sex kjördæmum í landinu til þess, að Sjálfstfl. hafi 27 þm., þó að hann hafi ekki nema 37—38% kjósenda. Svona er nú ranglætið í núverandi kjördæmaskipun enn þá mikið þrátt fyrir þær breytingar, sem gerðar hafa verið á þessari öld.

Það er þess vegna tvennt til ranglátt í sambandi við bæði stjórnarskrána og meira að segja þetta frv., sem hérna liggur fyrir. Það er hægt að skapa meiri hluta á Alþ. fyrir flokk, sem

hefur ekki nema 37—38% kjósenda á bak við sig. (Gripið fram í.) Þetta breytist ekki við frv., þetta er hægt alveg jafnt núna og mundi vera hægt með frv., og það væri hægt með frv. að skapa þetta líka, ef t. d. flokkar eins og Framsfl. og Alþfl. stæðu þar saman. Af hverju? Af því að þetta frv. sjálft breytir ekki þeim ákvæðum stjórnarskrárinnar, sem gera mögulegt ranglætið. Ranglætið, sem enn þá er eftir úr gömlu einmenningskjördæmunum og öðru slíku, heldur áfram að vera til, og svo framarlega sem bandalag er gert við flokk, sem græðir á ranglætinu, þá þýðir það um leið, að það eru enn þá fleiri möguleikar til þess að skapa enn þá meira ranglæti í sambandi við kosningarnar, og það er það, sem við verðum að gera okkur ljóst. Ef við erum að berjast fyrir þessu kosningabandalagsfrv. með það fyrir augum að skapa meira réttlæti í útkomunni í kosningunum á Íslandi, þá sköpum við það réttlæti ekki, svo framarlega sem við gerum bandalag við þá flokka, sem græða á ranglætinu, og útkoman skekkist þannig enn þá meir og lýðræðið verður enn þá meiri skrípamynd. Þetta er atriði, sem við verðum alveg að gera okkur ljóst og við verðum að taka tillit til, þegar við erum að hugsa um þetta frv. Það væri hægt að misnota þessi lög, alveg eins og það er hægt að misnota stjórnarskrána núna, ef bandalagið er gert við flokka, sem græða á ranglæti kjördæmaskipunarinnar, og bandalagið verður þannig til þess að auka á þetta ranglæti. Hins vegar er líka hægt að láta svona kosningabandalag og svona frv. verða til þess að auka réttlæti, efla lýðræðið í landinu, en það yrði því aðeins að þeir flokkar stæðu saman í bandalagi, sem græða ekki á ranglætinu, heldur væru að vinna að því að skapa meira réttlæti í útkomunni, gera lýðræðið — gera þess mynd hreinni og réttari og ekki neina skrípamynd. Sósialistaflokkurinn, Alþýðuflokkurinn og Þjóðvarnarflokkurinn, sem hafa ýmislegt sameiginlegt, — og Sósfl. hefur boðið þeim flokkum samstarf um mörg af þeirra hagsmunamálum, — þessir þrír flokkar til samans eru sterkasta samsteypa, sem til er hjá þjóðinni, sterkari en Sjálfstfl., miklu sterkari en Framsfl. En þessir þrír flokkar til samans hafa jafna þingmannatölu og Framsfl., færri en Sjálfstfl. Ef slíkir flokkar stæðu saman um kosningabandalag, þá mundi lýðræðið ekki verða sú skrípamynd, sem það er núna að þessu leyti, þá mundi vera miðað í þá átt að skapa meira réttlæti í sambandi við þessa útkomu. Það er þess vegna með kosningabandalögin og það frv., sem hérna liggur fyrir, eins og er með svo mörg lög: Að hverju vilja menn vinna með því að framkvæma þau? Vilja menn vinna að því að skapa meira réttlæti í sambandi við kosningarnar, gefa vilja fólksins réttari mynd, eða vilja menn vinna að því að skapa jafnvel meiri skrípamynd en orðið hefur áður? Þetta eru hlutir, sem þarf að athuga, sem menn þurfa að gera sér ljósa, þegar þeir ræða þessi mál. Það er enginn efi á því, að það þarf að vinna áfram að því að skapa meira jafnrétti í útkomunni á kosningunum hér á Íslandi, gera þingræðið sjálft að réttari mynd af lýðræði og vilja fólksins, og það er hægt að nota þetta frv. til þess.

Það var minnzt á það hér í umræðunum af hálfu Sjálfstfl.-þm., að það væri verið að skapa möguleika fyrir alls konar flokkaverzlun og öðru slíku í sambandi við þessi kosningabandalög. Satt að segja rifjaðist alveg upp fyrir mér, þegar sumir hv. Sjálfstfl.-þm. töluðu hérna núna, hvað Framsókn sagði við okkur á þinginu 1942. Það voru nákvæmlega sömu rökin, sem notuð voru, þegar verið var að tala um, að það yrðu alls konar undarleg bandalög og annað slíkt í sambandi við þetta, og framsóknarþingmennirnir notuðu á móti tvímenningskjördæmunum þá. Þetta kæmi nú dálítið einkennilega við mann, ef maður vissi ekki, hvernig breytingarnar væru orðnar. Það sem af er öldinni, hefur Sjálfstfl. venjulegast staðið með verkalýðsflokkunum í því að breyta stjórnarskránni þannig, að það yrði meira réttlæti, og það hefur verið af þeim eðlilegu ástæðum, að borgarastéttin íslenzka hefur átt einmitt sameiginlega hagsmuni með verkalýðnum í því að veita bæjunum, þéttbyggðinni, jafnóðum sem hún skapast, mannréttindi og jafnrétti, þar sem hins vegar öll gamla kjördæmaskipunin var miðuð við sveitirnar og þeirra vald. 1933—34 stefndu þess vegna Sjálfstfl. og verkalýðsflokkarnir saman í þessari baráttu alveg eins og 1942. Framsókn stendur þarna á móti. Framsfl. hafði um tíma haft meiri hluta hér á Alþ., þó að hann hefði minni hluta með þjóðinni, og það var sú aðstaða, sem hann hafði hugsað sér að reyna að halda, og sú aðstaða, sem hann hefur alltaf verið að reyna að halda í. En nú hefur það gerzt, að Sjálfstfl. hefur tekið upp einmitt þessa framsóknaraðferð, gerir sér sömu vonirnar og Framsókn gerði sér einu sinni og reynir nú með sömu röksemdum og Framsókn beitti áður að halda í, þegar reynt er nú með lögum, þó að það hafi áður verið með stjórnarskrárbreytingum, að miða eitthvað í þá átt að skapa meira réttlæti.

Það er engum vafa bundið, að það er hægt að laga þá agnúa á þessu frv., sem menn kynnu að álíta að einhverju leyti annars að kynnu eitthvað að snerta sum ákvæði stjórnarskrárinnar um of. Það er hægt að laga það, og það er alveg nauðsynlegt að laga ýmsa hluti í því. Það nær t. d. ekki nokkurri átt að heimila kosningabandalög, sem eru aðeins í einstökum kjördæmum, og er raunverulega í mótsetningu við alla þá hugmynd, sem á bak við þetta frv. liggur. Kosningabandalög í einstökum kjördæmum þýða bara röskun. Svo framarlega sem einmitt á að reyna að skapa þann kost, sem það væri, að þjóðin vissi, að hverju hún væri að ganga um stjórnarmyndanir fyrir kosningar, þá verður kosningabandalag óhjákvæmilega að ná til allra kjördæma. Tveir eða fleiri flokkar yrðu að vera fastbundnir um það að hafa bandalag í öllum kjördæmum og vinna saman eftir ákveðinni kosningastefnuskrá, þar sem þeir segja þjóðinni, hvað þeir ætli að gera, svo framarlega sem þeir ná meiri hluta. Það er alveg rétt, að

sá feluleikur, sem verið hefur með stjórnarmyndanir á undanförnum áratugum, er alveg óþolandi. Þjóðin hefur hvað eftir annað fengið þveröfuga stjórn út úr kosningunum, þveröfuga við það, sem hún hefur ætlazt til. 1937 kaus t. d. þjóðin 30 vinstri menn á þing. Meðvitandi var hún að vinna að því að skapa vinstri meiri hluta á þingi. Það, sem hún fékk upp úr þeim kosningum, var þjóðstjórnin, argasta afturhaldsstjórn, sem verið hefur til á Íslandi, alveg þveröfugt við það, sem meiri hluti fólksins hafði ætlazt til. 1946 var þjóðin að kjósa alveg sérstaklega ákveðna stjórn, nýsköpunarstjórnina, og alveg sérstaklega um ákveðið mál, á móti herstöðvunum, og hvað fékk hún upp úr kosningunum? Hún fékk það, að nýsköpunarstjórnin var drepin og Ísland gekk inn í hernaðarbandalag, amerísk leppstjórn mynduð á Íslandi. Það er svo sem alveg gefið mál, ef að einhverju leyti væri hægt að stuðla að því með lögum, að þjóðin fengi að vita af því fyrir kosningar, um hvers konar stjórn hún væri að kjósa, þá væri það óskaplegur munur og spor í mjög rétta átt.

Öll þróunin hjá okkur viðvíkjandi kosningarréttinum, kjördæmunum, kosningatilhöguninni í heild hefur gengið í þá átt að komast burt frá einmenningskjördæmunum, komast burt frá möguleikunum á því, að flokkur eða flokkar gætu haft meiri hluta á Alþ., sem væru í minni hluta hjá þjóðinni. Og þessi tilhneiging, þessi þróun hefur verið í ætt við kröfurnar um jafnrétti, um að allir menn, hvar sem þeir búa í landinu og hvaða skoðun sem þeir hafa, eigi að hafa sömu möguleika til þess að hafa áhrif á, hvernig því er stjórnað. Þessar tilhneigingar hafa þess vegna alltaf verið að afgerast, þróunin hefur alltaf verið að ganga í þá áttina að draga úr því ranglæti, sem einmenningskjördæmin voru, svo að ég tali nú ekki um tvímenningskjördæmin, meðan ekki fór fram hlutfallskosning í þeim. Þess vegna er það gefið, að að svo miklu leyti sem þetta frv. miðar í þá átt að skapa meira réttlæti í þessum efnum, réttari útkomu, án þess að einstakir flokkar geti í skjóli þess grætt meira á ranglæti í kjördæmaskipun en þeir gera nú, — að þessu leyti miðar þetta frv. í rétta átt. Og ég efast ekki um, að það sé hægt að laga í n. það, sem eru gallar á því, þannig gallar, sem m. a. Sjálfstfl. hefur bent hérna á. Ég held þess vegna, að þetta frv. sé fyllilega þess virði, að það sé unnið að því að reyna einmitt innan þess ramma, sem stjórnarskráin gefur okkur, möguleika til að bæta eins og hægt er úr því ranglæti, sem nú á sér stað í sambandi við þá útkomu í kosningunum, sem skekkir alveg vilja fólksins í landinu. Ég er þess vegna eindregið á því, að þetta frv. eigi að fara til nefndar nú og það eigi að reyna þar að laga þá galla, sem á því eru, og að frv. sem heild brjóti engan veginn í bága við stjórnarskrána og það sé satt að segja undarlegt, að það sé komið fram með þá hluti eftir þá meðferð, sem stjórnarskráin hefur fengið áður hér á Alþingi.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Sjaldan hafa stjórnmálariddarar riðið jafngeyst að heiman og ræðumenn Sjálfstfl. í umræðunum s.l. föstudag, og sjaldan hafa stjórnmálariddarar riðið jafnhógværir heim til sín og þeir gerðu að þeim loknum. Allt, sem þeir höfðu sagt, hafði verið hrakið, öll meginatriði, sem þeir höfðu fært fram gegn þessu frv., höfðu verið hrakin gersamlega. Meira að segja gamansemin, sem þeir höfðu reynt að beita í ræðum sínum, varð fyrst og fremst að gamansemi um þá sjálfa og fortíð þeirra í þessum málum. Frv. átti að vera stjórnarskrárbrot, það átti að tryggja föllnum þm. þingsæti og það átti að lögleiða pólitískt brask. Allt saman var þetta afsannað rækilega.

Er frv. stjórnarskrárbrot? Hvað stendur í stjórnarskránni um þessi atriði? Þar er kveðið á um tölu þm., þar er kveðið á um kjördæmaskipun, hvort kosið skuli í einmenningskjördæmum, tvímenningskjördæmum eða stærri kjördæmum með hlutfallskosningu, og þar er kveðið á um úthlutun uppbótarþingsæta. Við engu þessara atriða — við bókstaflega engu þeirra er hið minnsta haggað í þessu frv. Allt saman helzt þetta óbreytt. Frv. fjallar aðeins um breytta aðferð við kosningar frá því, sem nú er. En einmitt í stjórnarskránni er kveðið svo á, að í kosningalögum skuli kveðið á um kosningaaðferðina. Það er gert í núgildandi kosningalögum, og þetta frv. breytir þeim ákvæðum nokkuð. Það tekur af öll tvímæli um, að þetta frv. snertir ekki stjórnarskrána, að nákvæmlega sams konar ákvæði og hér hefur verið lagt til að tekin verði í okkar kosningalög hafa verið í gildi í tveim nálægum löndum, Noregi og Svíþjóð, um langan aldur. Mér vitanlega hefur engum, hvorki lögfróðum manni né ólögfróðum, dottið í hug þar í landi að halda því fram, að ákvæði um kosningabandalög, eins og giltu þar og lagt er til að gildi hér, breyti grundvallaratriðum í stjórnarskránni. En eins og kunnugt er, er okkar stjórnarskrá grundvölluð á alveg sömu grundvallaratriðum og stjórnarskrá Norðmanna og Svía.

Frv. átti að tryggja föllnum þm. þingsæti. En sannleikurinn er sá, að það tryggir, ef að lögum yrði, miklu frekar en nú, að meiri hluti kjósenda standi á bak við kjörinn þm. Samkvæmt núgildandi reglum getur hæglega svo farið, að þm. sé kjörinn, þótt hann hafi ekki þriðjung af kjósendum bak við sig. Ef flokkar eru margir í kjördæmi, gæti hann verið kjörinn, þótt hann hefði ekki nema fimmtung kjósenda á bak við sig. En með þessu frv. er bandalagi gefinn kostur á því að njóta sama réttar og stærsti flokkurinn hefur nú, og þá eru tvímælalaust auknar líkur fyrir því, að það stæði meiri hluti kjósenda á bak við kjörinn þm., frá því, sem nú á sér stað. Með þessu væri því stigið stórt spor í þá átt, að þm. verði því aðeins kjörinn, að meiri hluti kjósenda í kjördæminu standi á bak við hann. Sannleikurinn er þveröfugur við það, sem ræðumenn Sjálfstfl. vildu vera láta.

Frv. átti að tryggja pólitískt brask vegna þess, að farið væri aftan að kjósendum. En sannleikurinn er þveröfugur. Það útilokar einmitt pólitískt brask. Nú á sér stað pólitískt brask í sambandi við kosningar að því leyti, að sex flokkar ganga til kosninga, hver með sína stefnuskrá, og enginn kjósandi veit, hvaða stjórn hann er að kalla yfir sig eftir kosningar með því að greiða ákveðnum flokki atkvæði sitt. Það veit enginn kjósandi í kosningum, hvers konar stjórn kemur upp úr kosningunum. Hann veit ekkert um það, hvort mynduð verður hægrisinnuð stjórn, vinstrisinnuð stjórn, flokksstjórn eða samsteypustjórn tveggja, þriggja eða fjögurra flokka. Það er pólitískt brask í kosningum, að flokkar skuli geta komizt upp með það að láta ekki í ljós skýrt og ákveðið fyrir kosningar, hvers konar stjórnarsamvinnu þeir ætla að taka upp eftir kosningar, og einn kjarni frv. miðar einmitt að því að torvelda slíkan óheiðarleika í kosningabaráttu, að torvelda slíkt kosningabrask. Það stuðlar að því að skapa hreinar línur fyrir kosningar í stað þeirra óhreinu lína, sem verið hafa í öllum kosningum hér síðan í kosningunum 1934.

Þegar þetta er athugað, þá er í raun og veru ekkert undarlegt, þó að hv. ræðumenn Sjálfstfl. hafi riðið hljóðir og hógværir heim frá umr. s. l. föstudag. Og þá er kannske líka skiljanlegt, að reynt skyldi að bæta þetta upp með stórum fyrirsögnum og myndum í Morgunblaðinu, en Morgunblaðið eyddi á þessar umr. s. l. föstudag meira rúmi en það hefur eytt í nokkrar aðrar umr. undanfarin þing hér á Alþ. Það var beitt stærsta fyrirsagnaletri, fimm dálka fyrirsögn með stærsta letri, sem Morgunblaðið hefur yfir að ráða. Það var eytt álíka púðri í það að lyfta undir ræðumenn Sjálfstfl. í þessum umr. eins og þegar sagt var frá friðarsamningunum í síðustu heimsstyrjöld og þegar sagt var frá láti Roosevelts og Stalins. Svo merkileg tíðindi þóttu hér hafa verið á ferðinni, svo nauðsynlegt þótti að bregða svolítum ljóma á riddarana eftir heimreið þeirra úr umr. á föstudaginn.

Hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) talaði í ræðu sinni rétt eins og til væri aðeins ein regla til að reikna út, hverjir hefðu náð kosningu í kjördæmum með hlutfallskosningu, þar sem kosnir eru fleiri en tveir menn og raunar þó aðeins tveir séu kosnir. Allir, sem þekkja rækilega til þess, sem snertir kosningatilhögun í stjórnskipunarlögum, vita, að mörgum aðferðum má beita í þessu sambandi og að sú aðferð, sem hér er beitt og hefur verið algengust, hin svo kallaða de Hondt-aðferð, að deila með tveimur, þremur, fjórum, fimm og þar fram eftir götunum, er mjög umdeild og engan veginn einhlít. Það er eðli hennar að ívilna stærsta flokknum, en aftur á móti halla mjög á hina minni, svo sem greinilega sést á því, að við beitingu hennar hér í alþingiskosningum er niðurstaðan sú, að Sjálfstfl. með 39% af atkvæðum bak við sig fær 50% af kjörnum þm., fær 4 af 8 þm. Alls staðar annars staðar, þar sem um þessi mál hefur verið rætt af viti og þar sem menn þekkja til þeirra mála, sem þeir eru að ræða um, hefur mönnum orðið mjög ljóst, að þetta er mjög hæpið, og tilhneigingin er alls staðar í þá átt að breyta þessari aðferð til þess að skapa réttlátari hlutföll í úrslitum kosninganna, Og eins og ég skýrði frá í ræðu minni á föstudaginn, var þetta einmitt gert bæði í Noregi og Svíþjóð til þess að rétta hlut smáu flokkanna, um leið og þeir voru sviptir skilyrðunum til kosningabandalaga, og þess vegna er það líka þannig eins og ég sagði frá, að ef þeirri aðferð, sem nú gildir í Noregi og Svíþjóð og allir flokkar sameinuðust um að telja skynsamlegri og réttari en de Hondt-aðferðina, sem beitt var þar og beitt er hér enn, þá hefðu kosningaúrslitin hér í Reykjavík á s. l. ári orðið önnur en þau urðu, fjórði þm. Sjálfstfl. hefði fallið. Ég hygg, að það sé hv. 7. þm. Reykv., sjálfur borgarstjórinn í Reykjavík, sem samkvæmt núgildandi ákvæðum í Noregi og Svíþjóð hefði fallið hér í sumar, en fyrrv. 8. þm. Reykv., frambjóðandi Framsfl., Rannveig Þorsteinsdóttir, hefði komizt að. Það er því rétt fyrir hv. þm. Sjálfstfl. að hugsa sig vel um, ef þeir mæla með því að taka upp núgildandi skipun á Norðurlöndum, en þeir vísa mjög í það, að nú sé búið að afnema kosningabandalög á Norðurlöndum. Ef þeir vilja taka sér Norðurlöndin til fyrirmyndar, þá verða þeir líka að mæla með því að breyta aðferðinni við útreikning í hlutfallskosningum með þessum afleiðingum að óbreyttum atkvæðatölum. Hvort tveggja hefði engum á Norðurlöndum dottið í hug að gera, að banna kosningabandalögin og hafa óbreytta hlutfallstöluaðferð. Þetta tvennt fer ekki saman. Annaðhvort var að leyfa kosningabandalögin áfram og hafa þá óbreytta hlutfallstöluaðferð eða afnema kosningabandalögin og breyta útreikningsaðferðinni til þess að halla ekki óeðlilega á minni flokkana. Sjálfstfl. ætti því að hugsa sig vel um, áður en hann tekur mjög skarpa afstöðu gegn kosningabandalagshugmyndinni, með tilvísun til þess skipulags, sem bræðraþjóðir okkar í Noregi og Svíþjóð hafa tekið upp, því að það er ekki hægt að vísa til afnáms kosningabandalaganna þar, nema því aðeins að vera reiðubúinn að taka upp hina breyttu útreikningsaðferð, sem þessar þjóðir tóku upp.

Ræðumenn Sjálfstfl. töluðu um þetta frv. eins og það væri frv. um kosningabandalag Framsfl. og Alþfl. Þetta er í raun og veru eitt gleggsta dæmið um alger rökþrot þessara hv. ræðumanna í umr. Frv. er um kosningabandalög almennt. Allir flokkar gætu hagnýtt sér ákvæðin. Framsfl. og Sjálfstfl., eða stjórnarflokkarnir, gætu hagnýtt sér þau og hvaða aðrir tveir, þrír eða fjórir flokkar sem væru.

Það er rétt, sem hv. 2. þm. Reykv. benti á, að útkoman er nokkuð mismunandi eftir því, hverjir hagnýta sér kosningabandalögin. Kosningabandalögin verða til þess að auka hlutfallslega fulltrúatölu bandalaganna á Alþ., og þau geta gert fulltrúaskiptinguna réttlátari en hún yrði án bandalaga. En hugsanlegt er líka, að misréttið ykist, ef þeir flokkar, sem fæsta þm.

hafa á bak við sig núna, mynduðu kosningabandalag. Fyrir fram verður ekki um þetta vitað. Það er eins um þetta og allar kosningareglur, að það er ekki hægt að miða ákvæðin í heild við það, hverjir koma til með að nota sér þau. Þess vegna verður að ræða þessi mál algerlega sem meginreglu, og þá er aðalatriði í sambandi við málið það, að allar líkur eru á því, að það mundi stuðla að því, að auðveldara yrði að mynda samhentan meiri hluta á Alþ. og að minni flokkarnir hefðu með þessu fyrirkomulagi skilyrði til að njóta sama réttar og einn stór flokkur hefur nú, og er það kjarni málsins.

Hitt er svo annað mál, að það er spaugilegt, að Sjálfstfl., sem nú er í stjórnarsamstarfi við Framsfl., skuli tala um það sem hreinan glæp, ef Framsfl. hefði kunnað að detta í hug að ganga í kosningabandalag við Alþfl., en allur bægslagangur í hv. Sjálfstfl. er auðsjáanlega við það miðaður, að samstarfsflokkurinn í ríkisstj. kunni nú að sitja á einhverjum svikráðum við Sjálfstfl. og gæti hugsað sér að samþykkja þetta frv. með það bak við eyrað, að takast kynni málefnasamstaða með honum og Alþfl. í sambandi við kosningar. Sjálfstfl., sem nú er trúlofaður Framsfl. í stjórnarsamstarfi, er m. ö. o. logandi hræddur um að missa kærustuna til annars flokks. Við í Alþfl. höfum ekki svo náin samskipti við Framsfl., að við höfum nokkra hugmynd um það, hvort sá flokkur kann að hafa einhver slík brigð í huga við núverandi kærasta sinn, og við hugsum ekki sérlega mikið um það. Frv. er borið fram sem almenn hugmynd til þess að leiðrétta áberandi galla, sem nú eru á kosningakerfinu. Þegar það hefur verið samþykkt, þá er komið algerlega nýtt viðhorf í íslenzkum stjórnmálum, sem þá mundi auðvitað verða athugað. En hitt er spaugilegt, að Sjálfstfl. skuli bregðast þannig við málinu, að í ljós komi ótti við að missa núverandi kærustu í stjórnmálunum, Framsfl. Þetta verður enn þá spaugilegra, þegar það er haft í huga, hvernig þessi kærasta hefur reynzt Sjálfstfl. á undanförnum árum, en þessir flokkar eru búnir að vera pólitískt trúlofaðir nú í 3 ár. Sannleikurinn er sá, að Framsfl. hefur ekki reynzt svo góður kærasta sínum, að ástæða væri til að halda, að Sjálfstfl. væri sérstök eftirsjá að kærustunni. Þess er skemmst að minnast, að Framsfl. samþykkti vantraust á hæstv. dómsmrh. á flokksþingi sínu. Þetta var auðvitað mikil hneisa fyrir dómsmrh. og þann flokk, sem hafði sett hann í þetta sæti og vildi halda honum í sætinu. Á það má líka minna, að sjálfur fyrrverandi forsrh., núverandi landbrh., sagði fyrir síðustu kosningar í framboðsræðu á Siglufirði, að innan Sjálfstfl. væri að finna einhver spilltustu öfl, sem nú fyndust í íslenzku þjóðfélagi. Eftir þessar kveðjur, sem Sjálfstfl. hefur fengið frá Framsfl. alveg nýverið, kemur það satt að segja mjög undarlega fyrir sjónir, að hann skuli ætla að tryllast af tilhugsuninni um að missa þá kærustu, sem hefur leikið hann svona.

Það var ein af aðalfyrirsögnunum í Morgunblaðinu á laugardagsmorguninn í frásögninni af umr. á föstudaginn var, að það væri lýðræðishugsjón Alþfl. að 37% af greiddum atkvæðum skyldu duga til þess að fá 52% af kjörnum þm. Þetta prentaði Morgunblaðið, þó að búið væri að skýra frá því hér í ræðum á föstudaginn var, að lýðræðishugsjón Sjálfstfl. væri sú, að hér í Reykjavík fengi hann helming, 50%, kjörinna þm. út á 39% greiddra atkvæða. Það fannst Sjálfstfl. sjálfsagt, en síðan er það efni í stórt fyrirsagnaletur og mikla hneykslun, ef þetta frv. gæti leitt til þess, að út á 37% kjósenda kæmu 52% kjörinna þm. Sjá nú ekki allir hv. þdm., um hvers konar málflutning hér er að ræða? Sjálfstfl. ætlar af göflunum að ganga, ef svo gæti farið, að aðrir flokkar fengju nákvæmlega sama rétt og hann hefur nú. En þetta er þó ekki allt. Mig rámar í það, að það hafi verið ein af aðalkosningabombum Sjálfstfl. í síðustu kosningum, hvað nærri lægi, að Sjálfstfl. gæti fengið hreinan meiri hluta í þessum kosningum. Ég fletti Morgunblaðinu kosningamánuðinn til þess að athuga, hvort þar væri ekki einhverjar skýrar heimildir að finna um þessar tilraunir Sjálfstfl. til þess að fá hreinan meiri hluta í síðustu kosningum út á tiltölulega fá atkvæði. Og ég þurfti ekki að fletta mjög lengi. 23. júní 1953 stendur í feitum og gleiðgosalegum ramma í Morgunblaðinu þessi klausa, og það er auðséð, að þetta átti að vera ein af stóru bombunum í þeim kosningum. Hún er mjög stutt og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aldrei fyrr hefur Sjálfstæðisfl. átt eins glæsilega sigurmöguleika og í væntanlegum þingkosningum. Ekki skortir sjálfstæðismenn nema 344 atkv. frá andstæðingum sínum til þess að vinna 10 ný kjördæmi og fá með því hreinan meiri hluta á þingi þjóðarinnar. 344 atkv. standa í vegi fyrir heilbrigðu, ábyrgu meirihlutastjórnarfari á Íslandi í stað pólitískra hrossakaupa samsteypustjórnanna, þar sem illgerlegt er fyrir kjósendur að greina, hvaða flokkur á lof og hver last skilið fyrir stjórnarframkvæmd sína. ... Atkvæðin, sem Sjálfstfl. skortir, eru þessi: Hafnarfjörður 52, Ísafjörður 5, Siglufjörður 84, Mýrasýsla 9, Dalasýsla 6, Vestur-Ísafjarðarsýsla 82, Vestur-Húnavatnssýsla 50, Norður-Múlasýsla 26, Austur-Skaftafellssýsla 27 og Vestur-Skaftafellssýsla 3."

Samtals eru þetta 344 atkv.

Þetta var og líklega er lýðræðishugsjón Sjálfstfl., að vinna 10 ný þingsæti út á 344 atkvæði, þ. e. a. s. 34 atkv. bak við hvern kjörinn þm. Þannig er lýðræðishugsjón þessa flokks. Og svo telur hann sig þess umkominn að básúna það út, hvílíkt hneyksli það sé, að svo gæti farið, að aðrir flokkar fengju 52% af kjörnum þm. út á 37% af atkvæðum. Sigur Sjálfstfl. út á þessi 344 atkvæði hefði auðvitað þýtt það, að hann hefði misst þá 2 uppbótarþingmenn, sem hann hafði, svo að heildarþingmannaaukning hefði ekki verið nema 8, en það eru 43 atkv. á þm. Sjálfstfl. ætlaði sér m. ö. o. að vinna hreinan meiri hluta á Alþ. með þm., sem 43 kjósendur stæðu á bak við að meðaltali. Þetta er það

lýðræði sem Sjálfstfl. vill, það réttlæti, sem hann vill sitja einn að. Þetta finnst honum ágætt, meðan hann getur einn hagnazt á því, en hann ætlar að tryllast, ef aðrir flokkar, tveir, þrír eða fleiri vilja fá sömu möguleika. Sjálfstfl. tókst hluti af þessari fyrirætlun sinni. Hann vann tvo nýja þm., tvö þingsæti. Ég skýrði frá því síðast, að hann vann þessi tvö nýju þingsæti út á 74 atkvæði. Á bak við hvorn af þessum nýju þm. standa 37 ný atkvæði hjá Sjálfstfl. Honum heppnaðist fyrirætlunin að sumu leyti enn betur en ráðgert var, því að það áttu þó að standa 43 atkvæði á meðaltali á bak við hvern af hinum 8 nýju, en hann fékk 2 út á 74, 37 atkvæði á hvorn. (*Gripið fram í*: Hvaða þm. er kosinn með 37 atkv.?) Ég sagði síðast, að flokkurinn fékk tvo nýja þm., og atkvæðaaukningin er 74 atkvæði samtals, og það gerir — við kunnum ábyggilega báðir að deila — 37 atkv. á hvorn þm. Eins og ég sagði síðast, gætu þeir komið öllum kjósendum sínum fyrir í einum almenningsvagni. Það hefði átt við um alla hina 8 nýju þm. Sjálfstfl., ef hin stóra áætlun hans hefði tekizt, að hver þm., sem færði flokknum meiri hlutann, hefði getað keyrt hingað með alla kjósendur sína í einum rútubíl. Þetta er lýðræðishugsjón Sjálfstfl. Nú skýrði hv. 2. þm. Reykv. frá því, að eftir síðustu kosningaúrslitum þyrftu ekki nema 164 kjósendur Framsfl. að flytja sig yfir á Sjálfstfl., til þess að hann fengi hreinan meiri hluta. Eftir því sem bilið milli þessara flokka minnkar, er að skapast alveg sérstakt ástand í íslenzkum stjórnmálum.

Það er um að ræða tvær meginleiðir í þessu máli. Annaðhvort er að viðurkenna þessa staðreynd og haga kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulagi á þann veg, að stórar heildir séu styrktar, að heildir, sem eru komnar upp fyrir 35% af atkvæðum, hafa 35—40% af atkvæðum með þjóðinni, hafi skilyrði til þess að fá hreinan meiri hluta. Það er stefna út af fyrir sig. En hin leiðin er svo sú að haga kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulagi þannig, að fulltrúatala á þingi sé sem svipuðust kjósendatölunni. En þetta mál er ekki til umr. hér. Þetta er stjórnarskráratriði, og það er ekki það, sem hér er um að ræða. Þegar stjórnarskráin er rædd, þá má ræða þessar tvær meginreglur, hvort á að styrkja stóru heildirnar á kostnað hinna smáu eða hvort það á að stefna að því, að fulltrúatalan í þinginu sé sem réttust mynd af flokkaskiptingunni með þjóðinni. Um þessar tvær meginreglur má deila, og margt segja til lofs og lasts um hvora um sig. En þetta mál liggur ekki fyrir. Það, sem hér liggur fyrir, er það, að nú hefur stærsti flokkurinn skilyrði til þess að fá hreinan meiri hluta á Alþ. út á aðeins 35—40% af greiddum atkvæðum. Sá möguleiki er fyrir hendi. Hann er svo greinilega fyrir hendi, að stærsti flokkurinn hefur þegar notað það sem stóra kosningabombu að hafa þennan möguleika. Hann er fyrir hendi samkvæmt stjórnarskránni, eins og hún er núna. Það eina, sem lagt er til í þessu frv., er að láta stærsta flokkinn ekki einan hafa þennan rétt, fyrst hann sé fyrir hendi, þá eigi minnihlutaflokkarnir með því að sameina sig líka að hafa sama rétt. Þetta er grundvallarhugsun, sem hefur verið viðurkennd a. m. k. í Noregi og Svíþjóð um áratugi. Þess vegna má það furðulegt heita, að Sjálfstfl., sem hefur ætlað sér að nota réttinn, ætlað sér að græða á því að hafa hann, skuli nú ætla að tryllast, þó að hann sjái framan í frv. um það, að aðrir flokkar fái nákvæmlega sama rétt og hann nú þegar hefur sjálfur.

Þetta er mergurinn málsins. Það er þetta, sem í raun og veru gerir þetta mál að stórmáli, eins og allir hafa vafalaust gert sér ljóst að það er. Það ástand, sem nú ríkir í þessum málum, er algerlega óviðunandi. Auðvitað væri æskilegt, að sjálf stjórnarskráin væri endurskoðuð sem allra fyrst, og þá koma mörg atriði til greina. En ýmislegt bendir til þess, að sú endurskoðun muni dragast á langinn, og meðan hún er ekki um garð gengin, er bráðnauðsynlegt að gera þessa breytingu á kosningalögunum, bráðnauðsynlegt til þess að láta ekki einn flokk hafa skilyrði til að fá meiri hluta, heldur skapa sama rétt fyrir aðra flokka.

Að síðustu vildi ég svo leyfa mér að óska þess, herra forseti, að málinu verði vísað til allshn. og atkvgr. fari fram um það þegar í stað. Það hafa engin frambærileg rök komið fram við þessa umr. fyrir því, að frv. brjóti í bága við stjórnarskrána. Það var rétt hjá hæstv. forseta, öldungis rétt hjá honum, að fallast á að hlýða á mál manna, hlýða á rök manna fyrir því, að einhver ákvæði frv. kynnu að vera hæpin, kynnu að vera á takmörkum þess að brjóta í bága við stjórnarskrána. Ég held, að engum, sem hlýtt hefur á þessar umr., geti blandazt hugur um, að engin slík rök hafa komið fram, og þess vegna er það, að ég óska þess mjög eindregið, að það fari þegar í stað fram atkvgr. um það að vísa málinu til allshn. Mótmæli ég því mjög eindregið, að málið verði tafið með nokkrum hætti.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það var mjög einkennilegt að hlusta á ræðu hv. 1. landsk., ef menn hafa tekið eftir upphafsorðum hans. Hann fór hér mjög geyst í ræðustól og hagaði sér með þeim riddarabrag, sem hann notaði svo mjög í sínum samlíkingum. En það var eitt sérlega athyglisvert, hvernig stóð á því, að hann þurfti að halda þessa löngu ræðu, ef hlustað var á upphaf máls hans, því að hann tók það mjög fram, þegar hann kom hér upp í ræðustól, að það væri búið að hrekja hvert einasta atriði af því, sem við, sem mæltum gegn þessu frv., hefðum sagt hér á síðasta fundi. Ef það hefur verið svo, að það hafi hvert einasta atriði af því verið hrakið, þá virðist manni ekki, að það hefði þurft að viðhafa jafnlanga og jafnháværa ræðu og þessi hv. ræðumaður flutti hér nú rétt í þessu. Sannleikurinn var líka sá, enda hefur það gengið í gegnum ræður þeirra hv. forustumanna þessa máls, sem hér hafa rætt í dag, að þeir eru sífellt að reyna að hrekja rök okkar sjálfstæðismanna gegn

þessu máli og tekst það ekki betur en svo, að þeir þurfa æ ofan í æ að standa á fætur til þess að reyna að sannfæra sjálfa sig um það, að þeir hafi þegar hrakið okkar málsatvik. Það eitt út af fyrir sig gefur til kynna, að þeir hafi ekki sjálfir mikla trú á því, að þeirra rök séu ýkja sterk.

Ég skal ekki eyða mörgum orðum að hugleiðingum hv. 1. landsk. um Framsóknarkærustuna. Ég býst við, að það mætti vafalaust um það langt mál ræða, og ég þakka honum vitanlega fyrir hans umhyggju um að reyna að sannfæra okkur um, að það skipti okkur ekki svo miklu máli, þótt við misstum þessa kærustu, því að hún væri svo slæm og hefði verið okkur svo vond, að það gerði ekkert til, þótt hún færi yfir í aðrar herbúðir. Það snertir okkur vitanlega ekki neitt, en sýnir ákaflega ljóslega, hvaða hugleiðingar eru að baki hjá talsmönnum og flm. þessa máls, þó að þeir hitt veifið neiti því harðlega, að það sé neitt verið að stíla upp á það að ná til samstarfs neinum ákveðnum flokki.

Það atriði, að Sjálfstfl. hafi verið í kosningabandalagi við Framsfl., eins og hv. 1. landsk. sagði, er náttúrlega alveg tilhæfulaust. Það var ekkert kosningabandalag þar á milli. (*GÞG:* Það sagði ég aldrei.) Jú, það sagði nú hv. þm., held ég, áreiðanlega, en það hefur kannske verið missögn, hann hafi bara átt við samstarf nú eftir kosningar. En úr því að út í þá sálma er farið, þá má kannske vekja athygli á því, sem hv. 3. landsk. mjög harðlega neitaði, að það hefði verið nokkurt samstarf um að ræða milli Framsfl. og Alþfl. við síðustu þingkosningar. Það vita ósköp vel allir þeir, sem fylgdust með þeim málum, að þessir tveir hv. þm., sem eru aðalbaráttumenn að þessu frv., sátu á löngum fundum með ýmsum góðum framsóknarmönnum til þess að reikna út, hvaða niðurstaða yrði, ef þeir gætu komið á samstarfi sín í milli um kosningar. Og þeir reyndu þetta á þann venjulega máta, sem er ekkert óeðlilegt við, að flokkar skiptist á um að bjóða fram og ætlunin sé að styðja svo þann frambjóðanda, sem valinn er. En þetta gaf bara ekki betri raun en það, að þessum sömu hv. þm., og þá sérstaklega form. Alþfl., sem mjög hafði treyst á stuðning framsóknarmanna, brást hann sem raun ber vitni eða þá að hans eigið lið hefur brugðizt eða a. m. k. skilaði ekki þeim árangri, sem til var stofnað. Þá var auðvitað inn á þá braut farið að íhuga, hvort ekki væri hægt að finna einhverjar aðrar leiðir til að ná sömu niðurstöðu.

Það, sem er kjarni þessa máls, og það, sem hv. talsmenn málsins hafa sífellt reynt að breiða yfir, en er kjarni málsins og veldur höfuðandstöðu okkar sjálfstæðismanna, er ekki það, að tveir eða þrír flokkar geti sameiginlega aukið þingmannatölu sína, heldur hitt, hvernig að því er farið með þessu frv. Við höfum tekið skýrt fram, að það er ekkert við því að segja, þó að tveir eða fleiri flokkar komi sér saman um ákveðinn frambjóðanda eða frambjóðendur í einstöku kjördæmi og styðji þá. En við höfum bent á hitt, sem ég vil endurtaka og er kjarni andstöðu okkar við þetta mál, að hér er um að ræða algerlega óhæfilega aðferð, sem beinlínis er til þess fallin að blekkja fólkið til fylgis við menn, sem það kýs ekki að fylgja, með því að það er látið kjósa annan frambjóðanda en raunverulega á að njóta góðs af þess fylgi. Þetta er sá kjarni málsins, sem aldrei verður fram hjá gengið, og þetta er ástæðan til, að við erum andvígir þessu máli.

Það var bent á það af hv. 2. þm. Reykv. hér, að Sjálfstfl. hefði til þessa alltaf staðið með umbótum, sem gerðar hefðu verið á kjördæmaskipuninni. Þetta er rétt. En hann bætti því við, að sjálfstæðismenn hefðu nú valið sér hlutskipti Framsfl. með því að snúast gegn þessu frv. hér. Þessu vil ég mótmæla af þessari ástæðu, að þetta frv. stefnir ekki í hina réttu átt. Eins og við bentum á í okkar fyrri ræðum, eru margir gallar á núverandi kjördæmaskipun, sem þarf að leiðrétta, en þetta er ekki leiðin til þess að leiðrétta annmarkana, enda benti þessi sami hv. ræðumaður einnig á það, að með þessu frv. væri stefnt í þá hættu, að ósamræmið milli þingmannatölu og kjósendatölu gæti meira að segja aukizt mjög verulega frá því, sem nú er, þannig að ljóst er, að ekki er með þessu frv. stefnt í þá átt, sem eðlilegt er, og til aukins réttlætis, og því er það í fullu samræmi við fyrri stefnu Sjálfstfl., að hann sé andvígur þessari hugmynd. Það hefur enn ekki verið sýnt fram á það af talsmönnum þessa máls, hvernig á því stendur, að málið er tekið hér upp í þessu formi um kosningabandalög, eftir að þeir sjálfir upplýsa, að kosningabandalög hafa verið afnumin í tveimur Norðurlandanna, þar sem þau áður giltu. Ef reynslan hefur sýnt, að það hefur verið eðlilegra þar að hafa annan hátt á, þá virðist manni, að það hefði átt að hagnýta þessa sömu reynslu og taka þá þann sama hátt upp einnig hér.

Ég skal ekki fara hér langt út í útreikninga hv. 1. landsk. um það, að eftir útreikningum Morgunblaðsins mundu 43 kjósendur að meðaltali hafa staðið á bak við 8 nýja þm. flokksins, ef það hefði orðið svo sem þar var útreiknað. Þetta er auðvitað hrein fásinna og fjarstæða, því að auðvitað standa miklu fleiri kjósendur á bak við hvern þm., þótt það kunni að vera, að þeir hefðu ekki þurft meiri viðbót til að komast að. Og það er náttúrlega nákvæmlega álíka gáfulegt að segja það, að hinir tveir nýju þingmenn, sem komu nú á þing, gætu komið öllum sínum kjósendum í einn strætisvagn. Það standa mörg hundruð kjósendur á bak við þessa þingmenn, þannig að þetta er hrein firra út í loftið.

Hv. 3. landsk. sagði, að það væri sá stóri kostur á þessari tilhögun, að nú gætu tveir flokkar eftir þessu skipulagi fyrir fram gert með sér bandalag og lagt fram ákveðna stefnu í kosningum. Ég hef skýrt frá því, sem allir vita, að það er ekkert því til hindrunar nú í dag, að flokkar geti gert þetta með þeim eðlilega hætti að koma sér saman um ákveðna frambjóðendur í einstökum kjördæmum, og einnig

er því til að svara varðandi þessa kenningu, að nú, eins og sakir standa, bjóða flokkar fram hver um sig með ákveðinni stefnuskrá. Það er ekkert fram komið, sem sanni það varðandi þessa hugmynd, að kosningabandalag muni endilega bera sigur úr býtum í kosningum, þannig að það er engin frekari vissa fengin fyrir því, að það verði endilega það bandalag, sem ræður ríkisstj. að kosningum loknum, og því getur orðið um að ræða alveg sömu útkomu varðandi það, að flokkar eða flokkabandalög þurfi að gera með sér málefnasamning að loknum kosningum.

Það hefur mjög verið reynt að halda því hér á lofti af hv. flm. þessa máls, að andstaða Sjálfstfl. gegn því byggist á því, að þeir geti ekki hugsað sér þessi kosningabandalög, þar eð þau geti ekki orðið þeim til framdráttar, en hins vegar vilji þeir nota nákvæmlega sama ranglæti til þess að tryggja sjálfum sér meiri hluta. *Ég hef sagt það hér og við allir, sem af* hálfu Sjálfstfl. höfum talað, að við erum þeirrar skoðunar, að á núverandi kjördæmaskipan séu margir gallar. Það liggur vitanlega fyrir í sambandi við hina nýju stjórnarskrá að koma með nýjar till. til úrbóta á því atriði. Ég fyrir mitt leyti er alls ekki þeirrar skoðunar, að það sé verulega æskilegt, að flokkur, sem hefur mikið innan við helming kjósenda, fái endilega hreinan meiri hluta. Hitt er aftur önnur hlið málsins, að miðað við það ástand, sem verið hefur, er það rétt, að Sjálfstfl. hefur skort þetta á til þess að fá hreinan meiri hluta. En það haggar ekki því, að það geti verið eðlilegt, ef Sjálfstfl. eykur ekki fylgi sitt sem því nemur, að einhver önnur tilhögun sé upp tekin, þannig að flokkur, sem hefur á bak við sig langt innan við helming kjósenda, hafi ekki hreinan meiri hluta þingmanna. Það er sem sagt hlutur, sem kemur til að ræða um, þegar kemur að því atriði að ákveða endanlega um kjördæmaskipun í sambandi við stjórnarskrána, og meðan ekki liggur neitt fyrir varðandi það atriði, að Sjálfstfl. hugsi sér í því efni að viðhalda einhverjum kenningum, sem sérstaklega eigi að auka veg hans, burtséð frá hinu raunverulega fylgi, viljum við algerlega frábiðja okkur, að því sé slegið fram, að við viljum endilega stuðla að því að viðhalda ranglæti í kjördæmaskipun þjóðarinnar. Við höfum haldið því fram, að með þessu frv. væri brotið í bága við þau grundvallaratriði, sem gengið hefði verið út frá í stjórnarskránni, þegar þau ákvæði um kosningar og kjördæmi, sem þar eru, voru á sínum tíma ákveðin. En það er ekki þar með sagt, að við séum ekki til viðtals um margvíslegar breytingar frá þeirri skipan, ef þær breytingar eru gerðar á réttan hátt, þótt við viljum ekki fallast á slíkt fyrirkomulag eins og felst í þessu frumvarpi.

Ég sé ekki ástæðu til þess að eyða um þetta fleiri orðum, en vildi aðeins nota tækifærið til þess að benda á þá einkennilegu framkomu hv. flm., að þeir jafnframt því að lýsa því yfir í hverju orði, að við höfum engin rök í okkar máli, þruma hér hverja ræðuna eftir aðra til þess að hrekja þessar rökleysur, og jafnframt að leggja áherzlu á það, sem þeir hafa reynt að drepa mjög á dreif, hver er meginröksemdin, sem við sjálfstæðismenn berum gegn þessu frv. Við teljum, að gera megi ráð fyrir, að nú innan ekki langs tíma megi vænta breytinga á stjórnarskránni, ekki sízt þegar það er haft í huga, hvernig hv. Alþýðuflokksmenn virðast hafa geysilegan áhuga á því máli, þegar þeir voru reiðubúnir í sumar til þess að leggja allt annað til hliðar til að fara í ríkisstj. upp á það mál eitt. Sjálfstæðismenn hafa einnig lagt fram till. í þeirri n., sem um þetta mál fjallar, og mun ekki standa á þeim. Þannig virðast öll rök mæla á móti því, að það sé nú á þessu stigi verið, jafnvel þó að það bryti ekki í bága við stjórnarskrána, að rugla hér með þetta mál, meðan það er í heildarathugun, og má vænta þess, að niðurstaða fáist af því innan skamms. Að minnsta kosti er ástæða fyrir alla að reyna að sameinast um að reyna að hrinda þeirri heildarathugun áfram, í stað þess að vera að grípa til slíkra vandræðabragða eins og hér er um að ræða.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er ekki af því, að ég telji, að hv. 2. þm. Eyf. hafi flutt nokkur ný rök í málinu, að ég stend upp til að gera örstutta athugasemd, heldur miklu frekar til þess að leiðrétta eitt atriði, sem kom fram í hans ræðu. Hann virðist ekki hafa skilið frv. til fulls, þar sem hann endurtekur enn það, sem hann sagði í ræðu sinni á föstudaginn var, að með þessu frv. sé verið að lögleiða, að þingmaður verði kjörinn með atkvæðum kjósenda, sem hafa ekki kosið hann. Þetta er alger misskilningur hjá hv. þm. Reglurnar eru þannig, að ef tveir flokkar eru í bandalagi, þá veit kjósandi fyrir fram, að atkvæði hans getur orðið til þess að koma hvorum þeirra sem er á þing. Hann kýs annan frambjóðandann og hinn til vara. Hann veit það fyrir fram, að hvor þeirra sem er getur komizt á þing með atkvæði hans. Ef hann vill ekki, að annar en sá, sem hann beinlínis kýs, komist á þing með atkvæði sínu, þá hefur hann skilyrði til þess að koma í veg fyrir það. Það er skýlaust ákvæði í frv. um það, að kjörseðilinn skuli gera þannig úr garði, að ef kjósandi vill ekki, að hans atkvæði sé reiknað öðrum flokki en hann kýs, þ. e. a. s. bandalagsflokknum, þá merkir hann í þar til gerðan reit, þannig að kjósandi þarf, svo sem sjálfsagt er, aldrei að stuðla að því, að annar frambjóðandi nái kosningu en sá, sem hann vill gefa atkvæði sitt. Ef hann kýs bandalagsflokk án þess að gera þessa leiðréttingu, án þess að neyta þessa fyrirvara, sem honum er gefinn réttur til að neyta, þá felst í því yfirlýsing um það, að hann vill hvorn eða hvern sem er af bandalagsframbjóðendunum frekar en hvaða andstæðing sem er. Það er þannig fullkomin rökleysa að halda því fram, að þetta geti nokkurn tíma orðið til þess, að frambjóðandi nái kosningu með atkvæði kjósanda, sem hefur ekki greitt honum atkvæði, því að hann hefur til vara greitt atkvæði banda-

lagsframbjóðandanum, nema hann neiti því, að hann fái atkv. Til þess á hann að hafa rétt, og til þess hefur hann rétt samkv. frv. eins og það er.

Forseti (HÁ): Þá hafa ekki fleiri kvatt sér hljóðs, og er umræðu lokið. — Út af ósk hv. 1. landsk. um það, að á þessum fundi verði felldur úrskurður um málið og því hraðað til 2. umr. og nefndar, þá vil ég minna á, að forseti gat þess, þegar hann leyfði umræðuna, m. a. til þess að eiga kost á að hlýða á rök með og móti, að úrskurður yrði síðar felldur. Þau rök hafa verið flutt, og þess er því ekki að vænta, að forseti felli úrskurð á stundinni, en ég geri ráð fyrir því, að hv. flm. þurfi ekki að óttast það, að málið dragist óeðlilega vegna þess, að úrskurðar verði svo mjög langt að bíða.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 25. fundi í Nd., 19. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Forseti (HÁ): Því hefur verið haldið fram, að frv. á þskj. 121, um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, feli í sér tillögu um breyt. á stjórnarskránni og beri því að vísa frv. frá samkv. 27. gr. þingskapa, þar sem það er ekki í fyrirsögn nefnt frv. til stjórnarskipunarlaga.

Í 31., 33. og 34. gr. stjórnarskrárinnar eru ákvæði um tölu alþingismanna, kjörtímabil þeirra, kjördæmaskipun, skilyrði kosningarréttar og kjörgengis til Alþingis. Í 31. gr. stjórnarskrárinnar eru enn fremur nokkur fyrirmæli um kosningafyrirkomulag. Þar er mælt svo fyrir, að kosningarnar skuli vera leynilegar, að kosning alþingismanna í Reykjavík og tvímenningskjördæmum skuli vera hlutbundin og að þar skuli jafnmargir varamenn kosnir samtímis og á sama hátt. Þar er og ákveðið, að deyi þingmaður, kosinn í einmenningskjördæmi, eða fari frá á kjörtímanum, þá skuli kjósa þm. í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans. Um uppbótarþingmenn segir, að þeir geti verið allt að 11 til jöfnunar milli þingflokka og að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Heimilt er flokkum að hafa landslista í kjöri við almennar kosningar, enda greiði þá kjósendur atkv. annaðhvort frambjóðanda í kjördæmi eða landslista. Frambjóðendur þess flokks, sem landslista hefur í kjöri og nær jöfnunarþingsæti, taka þá sæti eftir þeirri röð, sem þeir eru í á listanum að lokinni kosningu. Skal a. m. k. annað hvert sæti tíu efstu manna á landslista skipað frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Reykjavíkur. Að öðru leyti fer um skipun jöfnunarþingsæta eftir kosningalögum. Samtímis og á sama hátt eru kosnir jafnmargir varamenn og jöfnunarþingsæti eru.

Önnur fyrirmæli um alþingiskosningar eru ekki í stjórnarskránni. Í 3. málsgr. 33. gr. stjórnarskrárinnar segir, að kosningalög setji að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar. Stjórnarskrárgjafinn gefur því almenna löggjafanum næsta frjálsar hendur um kosningatilhögun og ákvörðun um kosningaúrslit. Í kosningalögum má setja ákvæði um, hver útreikningsaðferð skuli höfð við hlutbundnar kosningar og hvernig úrslit skuli ákveðin í einmenningskjördæmum. Almenni löggjafinn getur því ákveðið, að horfið skuli frá þeirri hlutfallskosningaaðferð, sem nú er lögboðin, og önnur aðferð upp tekin. Almenni löggjafinn getur mælt svo fyrir, að sá skuli vera réttkjörinn þm. í einmenningskjördæmi, sem fær flest persónuleg atkvæði. En löggjafinn getur líka skipað þessu á þann veg, sem nú er gert, þ. e., að við persónuleg atkvæði frambjóðanda skuli leggja atkv., sem í því kjördæmi eru greidd landslista flokksins, og að sá frambjóðandi skuli vera réttkjörinn þm. einmenningskjördæmis, sem hefur hæsta atkvæðatölu á bak við sig, er lögð hafa verið saman persónuleg atkv. hans og landslistaatkvæði flokksins í því kjördæmi, sbr. 114. gr. kosningalaganna svo og 115. gr. Af þessari skipan leiðir, að sá getur verið réttkjörinn þm., sem hefur mun færri persónuleg atkv. heldur en sá frambjóðandi eða þeir frambjóðendur, sem falla. Þar sem leggja má þannig saman persónuleg atkv. og landslistaatkv., virðist, að eins hefði mátt ákveða, að ef fleiri en einn frambjóðandi eru í kjöri fyrir sama flokk í einu kjördæmi, þá skyldu atkv. þeirra lögð saman og teljast þeim þeirra, sem flest hefur atkv.

Í ákvæðum um kosningabandalög í áður nefndu frv. er mælt fyrir um tilhögun kosninganna og þann atkvæðaútreikning, sem kosningaúrslit skulu byggð á. Verður ekki séð, að þar sé breytt neinum ákvæðum stjórnarskrárinnar um alþingiskosningar, heldur er þar um að ræða efni, sem einungis eru ákvæði um í kosningalögum. Þeim ákvæðum má því breyta með almennum lögum.

Í 2. gr. frv. eru ákvæði um það, hvernig atkv. skuli talin hvorum eða hverjum bandalagsflokki við úthlutun uppbótarþingsæta. Um það segir í stjórnarskránni, að uppbótarþingsætum skuli úthlutað til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Það mætti ef til vill halda því fram, að það bryti í bága við þetta ákvæði, að einum bandalagsflokki eru í sumum tilfellum talin atkv. eða hluti af atkvæðum, sem greidd eru frambjóðanda eða lista annars bandalagsflokks eða flokka.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að kjósandi geti beinlínis valið á milli þess að kjósa flokk sinn eða bandalagið. Ef kjósandi kýs bandalagið, veit hann, að þar með kann hann að ráðstafa atkv. sínu til annars flokks, ef svo ber undir. Það virðist því heimilt að telja bandalagsflokki öll atkv. bandalagsins í því kjördæmi, þar sem hann þeirra vegna hefur hlotið þingsæti. Hin reglan virðist líka geta staðizt, að telja honum aðeins svo mikið af atkvæðum hins eða hinna bandalagsflokkanna, að nægilegt hafi reynzt til

þess að fá viðbótarþingmann kjörinn í kjördæminu.

Það er því úrskurður minn, að frv. á þskj. 121, um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, feli ekki í sér till. um breytingu á stjórnarskránni og beri því ekki að vísa því frá samkv. 27. gr. þingskapa.

Hv. 5. þm. Reykv. hefur kvatt sér hljóðs, en ég vil benda á, að umr. um þetta mál er þegar lokið og úrskurður forseta er ekki til umr. (*JóhH:* Ég bið bara um orðið um þingsköp.) Hv. 5. þm. Reykv. tekur til máls og talar um atkvgr.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég viðurkenni, að það er rétt, að forsetaúrskurður sé ekki til umr., og get ég vel skilið það, að forsetanum sé annt um það. Hæstv. forseti hefur fellt úrskurð um það, að efni frv. þessa, sem hér liggur fyrir, samrýmist stjórnarskránni. Hæstv. forseti hefur fært fyrir því sín rök, sem hins vegar nægja ekki til þess að breyta þeirri skoðun minni um þetta atriði, sem ég hef áður gert grein fyrir, en út í það fer ég ekki, af því að ég fellst á þá skoðun forseta, að efni málsins sé ekki til umr. Hins vegar get ég þó ekki annað en bent á eitt, að þar sem hæstv. forseti segir, að í kosningalögum megi mæla fyrir um úrslit kosninga í einmenningskjördæmum, þá hefur hann í raun og veru sagt með því, að það mætti mæla fyrir í kosningalögum, að sá, sem fæst fengi atkvæðin, skyldi kjörinn á þing. Nú, það er hins vegar hæstv. forseta að úrskurða, og hann er sá, sem valdið hefur í þessu efni, og við það verður að sitja að sinni.

En fyrir hönd okkar sjálfstæðismanna í deildinni vil ég aðeins lýsa því yfir, að af slíkum úrskurði leiðir, að við munum nú fylgja þessu máli til nefndar. Er það vegna þess, að við lítum svo á, að sé efni þessa frv. talið samrýmanlegt stjórnarskránni, skapist vissulega ný viðhorf um athugun ýmissa annarra hugsanlegra breytinga á þeim reglum, sem gilda um skipun Alþingis og kosningar til þess, án þess að áður þurfi að leita úrskurðar kjósenda um þau í kosningum að afstöðnu þingrofi, eins og ráðgert er um stjórnarskrárbreytingar. Tel ég rétt, að slíkar leiðir séu kannaðar í nefnd í þessari deild, úr því sem komið er, hvað sem verða kann síðar um afgreiðslu þessa einstæða máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, PO, SÁ, SG, SkG, StgrSt, ÁB, BergS, BÓ, EggÞ, EI, EirÞ, EmJ, EystJ, GilsG, GíslG, GJóh, GTh, GÞG, HV, BFB, IngJ, JóhH, JS, JR, JörB, KGuðj, KJJ, LJós, MJ, HÁ.

nei: JPálm.

3 þm. (ÓTh, SB, EOl) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

40. Sveitarstjórnarkosningar (frv. GÞG o. fl.).

Á 16. fundi í Nd., 3. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar [86. mál] (þmfrv. A. 122).

Á 17., 19., 21. og 22. fundi í Nd., 5., 9., 12. og 13. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessu frv. felst það eitt, að sömu reglur og gert er ráð fyrir að teknar verði í kosningalögin samkvæmt frv. því, sem var til 1. umr. nú áðan, skuli einnig gilda um sveitarstjórnarkosningar. Efnisrök málsins eru því nákvæmlega þau sömu og þar voru flutt, og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka neitt af þeim hér, heldur óska einvörðungu eftir því, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er aðeins ein spurning, sem ég vildi beina til hv. flutningsmanna. Hvernig stendur á því, að þeim finnst rétt að flytja þetta frv. í því formi að binda þessi kosningabandalög eingöngu við samþykkt þess frv. til laga, sem við vorum að ræða hér áðan, um kosningar til Alþ.? Sannleikurinn er, að sá háttur að hafa kosningabandalög við bæjarstjórnarkosningar er alveg tvímælalaust löglegur að öllu leyti og engir þeir erfiðleikar í sambandi við framkvæmd hans, sem eru í sambandi við alþingiskosningar, getur ekki að neinu leyti valdið þeim deilum, sem orðið hafa núna um málið í sambandi við alþingiskosningarnar. Ég álít þess vegna, að það hefði verið miklu heppilegra — og það getur þá verið ábending til þeirrar nefndar, sem fengi þetta til meðferðar — að smíða upp úr þessu frv. alveg hreint kosningabandalagafrumvarp viðvíkjandi sveitarstjórnarkosningum, án þess að binda það við alþingiskosningarnar. Það er að öllu leyti mögulegt, og ég held, að það hefði verið miklu heppilegra. Ég vildi eindregið mælast til þess, að hv. flm. athuguðu þetta og líka sú nefnd, sem þetta mál fer til.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er öldungis rétt, sem hv. 2. þm. Reykv. benti á, að það er auðvitað ekki hægt að telja ákvæði um kosningabandalög í lögum um kosningar til sveitarstjórnar brot á stjórnarskránni. Þau ákvæði, sem eru í kosningalagafrumvarpi okkar, hlytu að hafa fullt gildi í sveitarstjórnarkosningalögum. Höfuðrök andmælenda kosningalagafrumvarps okkar, þ. e., að ákvæðin brjóti í bága við stjórnarskrána, hefðu auðvitað ekkert gildi sem andmæli gegn þessu frumvarpi. Þetta er fullkomlega rétt sjónarmið. Hitt er annað mál, að við flm. frv. töldum eðlilegt,

að það giltu sams konar meginreglur um kosningar til Alþingis og kosningar til sveitarstjórna. Við erum sannfærðir um, að í því frv., sem hér var til umr. áðan, felast engin ákvæði, sem ganga hið minnsta á snið við ákvæði stjórnarskrárinnar. Það er bjargföst sannfæring okkar og styðst við álit ýmissa sérfróðra manna á því sviði. Við teljum eðlilegt, að það gildi sömu grundvallarreglur í þingkosningum og sveitarstjórnarkosningum, og þess vegna höfum við borið bæði frumvörpin fram samtímis. Útreikningsaðferðin í kjördæmum við hlutfallskosningu er sú sama núna í þingkosningum og sveitarstjórnarkosningum. Ég teldi því dálítið óeðlilegt að breyta hlutfallstöluútreikningsaðferðinni eingöngu í sveitarstjórnarkosningum, en ekki í þingkosningum, eða öfugt. Ég tel stjórnskipunina verða traustasta og heilbrigðasta með þeim hætti, að sömu grundvallarreglur gildi um hvort tveggja. En ef í ljós kemur, að frv. til breytinga á kosningalögum til Alþingis á að sæta sérstakri andspyrnu á þeim grundvelli, að það sé ekki í samræmi við stjórnarskrána, og yrði fellt einvörðungu af þeim sökum, þá mun ég taka það til athugunar að endursemja þetta frv., þannig að inn í það fari alveg nákvæmlega hliðstæð ákvæði og eru núna í því frv., sem við vorum að ræða áðan, og láta það frv. koma til atkvæða hér á hinu háa Alþingi, enda má að vissu leyti segja, að meira liggi á að setja skynsamlegri reglur en nú gilda um sveitarstjórnarkosningarnar, vegna þess að nú eftir nokkra mánuði fara fram kosningar til allra sveitarstjórna á landinu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 25. fundi í Nd., 19. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

41. Olíueinkasala.

Á 13. fundi í Sþ., 4. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um olíueinkasölu [89. mál] (þmfrv., A. 132).

Á 18. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Frv. um olíueinkasölu ríkisins flutti ég í hv. Ed. á þinginu 1946 ásamt hv. 1. þm. N-M. (PZ). Nú er frv. flutt nálega óbreytt af þm. Alþfl. í þessari hv. deild.

Þegar málið var flutt í fyrra sinn, stóðu sakir þannig, að olíuverzlun landsmanna var í höndum þriggja olíufélaga, nefnilega h/f Shell, Olíuverzlunar Íslands h/f og Hins íslenzka steinolíuhlutafélags. Auk þess hafði hið erlenda hlutafélag B. P. á Íslandi átt hér nálega allar þær eignir, sem þurfti til verzlunarrekstrar Olíuverzlunar Íslands h/f með olíu. Svona hafði þessum málum verið skipað í öllum aðalatriðum síðan 1927, eða þá um 20 ára skeið. Allan þennan tíma höfðu hlutafélögin Shell og Olíuverzlun Íslands haft langmestan hluta af olíuverzluninni, eða ekki minna en ⅘ hluta hennar. Á árinu 1946 var nýstofnað fyrirtækið Olíuverzlun Íslands h/f, og keypti það mestan hluta af hlutafé Hins íslenzka steinolíuhlutafélags og tók við rekstri þess. Olíudreifingarkerfin voru þá, þegar frv. var flutt í fyrra sinn, tvö, og var sýnt, að Olíufélagið h/f mundi hyggja að byggja upp hið þriðja dreifingarkerfi, en það virtist sannarlega vera óþörf ráðstöfun. Um þessar mundir átti íslenzka ríkið olíustöðina í Hvalfirði, sem var vel til þess fallin að vera heildarbirgðastöð fyrir landið allt. Olíuflutningaskip ágætt fylgdi Hvalfjarðareignunum, og var það einnig í eigu ríkisins. Undir þessum kringumstæðum virtist það vera einsætt, að ríkið ætti að taka í sínar hendur alla olíuflutninga til landsins og taka dreifingarkerfi og aðrar eigur hinna erlendu olíufélaga eignarnámi og byggja upp úr báðum olíudreifingarkerfunum eitt fullkomið kerfi. Með þessu móti hefði þurft tiltölulega lítið fjármagn til nýrrar fjárfestingar og þó komið í hið æskilegasta horf olíuverzlun landsmanna. Vegna þessara aðstæðna var frv. flutt á þinginu 1946. En frv. náði ekki samþykki hins háa Alþ. Þriðja olíudreifingarkerfið var byggt upp, og bæði hin, sem fyrir voru, voru endurbætt með ærnum kostnaði vegna þeirrar samkeppni, sem nú hófst. Af þessu leiddi nýja fjárfestingu fyrir milljónatugi. Tankakerfi voru byggð fyrir öll félögin þrjú, og þrjár benzíndælur voru settar upp í röð á hlaðvarpa ýmissa sveitabæja, jafnvel úti um land, þar sem öll félögin vildu hafa aðstöðu til benzínsölu. En samtímis því, sem þetta gerðist, var átakanlegur barlómur í stjórnarvöldunum vegna gjaldeyrisskorts. Neyðarráðstafanir þótti þurfa verða að gera til þess að draga úr fjárfestingu, þar á meðal varð að neyðast til að banna húsnæðislausu fólki að byggja yfir sig nema með torfengnu náðarsamlegu leyfi stjórnarvalda. Samtímis voru svo tankakerfin byggð og dælustöðvarnar reistar, þrennt á hverjum stað.

Síðan hafa engar verulegar breytingar átt sér stað í olíuverzlun okkar Íslendinga. Ríkið losaði sig við olíubirgðastöðina í Hvalfirði. Það á enn þá olíuflutningaskipið Þyril. Og olíuverzlunin er í höndum þriggja aðila, Olíufélagsins h/f, Shell h/f og Olíuverzlunar Íslands h/f. Shell h/f er a. m. k. að hálfu leyti eign erlendra manna og félaga, og árið 1928 þótti leika svo mikill vafi á því, að þetta væri íslenzkt félag,

sem hefði hér réttindi til atvinnurekstrar innanlands, en til þess þurftu íslenzkir aðilar að eiga að minnsta kosti helming hlutafjárins, að ríkisstj. sá þá ástæðu til að fyrirskipa rannsókn á því, hvort íslenzkir aðilar ættu meira en helming hlutafjárins í Shell h/f. Það tókst að vísu ekki að sanna fyrir dómstólunum, að sá hluti hlutafjárins, sem gefinn var upp sem íslenzk eign, væri það ekki, og slapp því Shell og hefur sloppið til þessa með að halda uppi atvinnurekstri hér á landi, en hins vegar þykjast menn vita og hafa þótzt vita frá öndverðu, að hér væri um leppmennsku að ræða og að félagið væri ekki að íslenzkum lögum íslenzkt fyrirtæki. En það er og vitað, að Olíufélagið Shell h/f hefur unnið og vinnur í svo nánu sambandi við brezka olíufélagið Shell, að það jafngildir nákvæmlega fullum eignarrétti hins erlenda félags á öllum hlutabréfum Shell h/f á Íslandi. Um hlutafélagið British Petroleum á Íslandi er það að segja, að þar leikur enginn vafi á um eignarrétt hlutafjárins, vegna þess að það félag er skráð hér á landi sem erlent félag og má þess vegna ekki hafa neinn rekstur með höndum hér á landi, enda mun ekki vera talið, að B. P. hafi neinn slíkan rekstur hérlendis. Hins vegar á þetta erlenda félag — sem líka er heimilt lögum samkvæmt — nærri allar þær fasteignir hér á landi, sem Olíuverzlun Íslands h/f þarf á að halda til þess að starfrækja það umboð, sem það félag hefur fyrir brezka Anglo-Iranian olíufélagið, en það félag eða meðlimir þess munu eiga allflest hlutabréfin í B. P. á Íslandi. Olíuverzlun Íslands h/f gæti ekki rekið olíuverzlun sína án þeirra olíugeyma og annarra fasteigna, sem hlutafélagið B. P. á Íslandi á, og þess vegna ræður Anglo-Iranian hlutafélagið í London að sjálfsögðu alveg yfir verzlunarrekstri Olíuverzlunar Íslands h/f, a. m. k. í öllum meginatriðum. Verzlunarrekstur þessara tveggja olíuhlutafélaga, Shell og Olíuverzlunar Íslands, hlýtur því að vera háður því, sem hin erlendu olíufélög, Shell og Anglo-Iranian, mæla fyrir um á hverjum tíma, og þannig má segja, að allverulegur hluti olíuverzlunar á Íslandi sé raunverulega í höndum erlendra aðila.

Þegar S. Í. S., nokkur sambandskaupfélög, einstök olíusamlög og fáeinir aðrir aðilar stofnuðu Olíufélagið h/f, líklega á árinu 1946, keypti þetta félag meiri partinn í hlutabréfum hins danska félags Standard Oil, D. D. P. A., sem hér hafði starfað og hét, eins og ég áðan sagði, Hið íslenzka steinolíuhlutafélag. Rekstur þess hvarf inn í rekstur Olíufélagsins h/f. Olíufélagið h/f keypti Hvalfjarðareignirnar og byggði síðan upp mikið og vandað fullkomið olíudreifingarkerfi og hefur síðan sótt mjög á í olíuverzluninni og hefur nú náð undir sig verulegum hluta af olíuverzluninni, nokkuð á kostnað hinna erlendu félaga, Shell og B. P. Þetta olíufélag, Olíufélagið h/f, fékk sennilega við yfirtöku eigna Hins íslenzka steinolíuhlutafélags söluumboð á Íslandi fyrir Standard Oil félagið, en er þó talið vera því óháð á allan hátt. Mér vitanlega hafa ekki staðið deilur um það, að Olíufélagið h/f væri íslenzkt félag og að öllu leyti löglegt, en þrátt fyrir það héldust tengsli þess við Standard Oil, sem talin eru vera í því fólgin, að það hafi söluumboð á Íslandi fyrir framleiðsluvörur þess. En þegar frv. þetta var flutt í fyrra sinn, þá var það svo, að nálega öll olíuverzlun landsmanna var í höndum hinna erlendu fyrirtækja, og það voru ekki liðin nema tvö ár frá því að lýðveldi var stofnað á Íslandi, svo að maður hefði nú haldið, að það væri nægur sjálfstæðisvindur, a. m. k. í sjálfstæðismönnum, til þess að vilja nú ganga af þessum erlendu olíufélögum dauðum og gera olíuverzlunina innlenda, koma þessum þýðingarmikla þætti verzlunarmálanna á hendur íslenzkra aðila og gera það þá eins fyllilega og vera mætti, með því að íslenzka ríkið sjálft tæki þessa verzlun í sínar hendur. En það reyndist svo, að það var allur sjálfstæðisvindur úr Sjálfstfl. hvað þetta snerti, og umboðsmenn B. P. og Shell stóðu upp hver á fætur öðrum, einnig upp úr röðum sjálfstæðismanna á Alþ., og mæltu hinum erlendu olíufélögum bót og vildu í engu hagga við hinni sérstöku aðstöðu þeirra í olíuverzluninni.

Síðan 1946 hafa olíuviðskipti landsmanna margfaldazt, og sætir það nálega undrum, hversu olíunotkun þjóðarinnar hefur stóraukizt á stuttu tímabili. Árið 1940 er talið, að það hafi ekki verið nema 23200 tonn, sem Íslendingar keyptu af olíum. Árið eftir var þetta komið upp í 28400 tonn, og 1942 voru þetta 33600 tonn, 1943 31200 tonn, 1944 35900 tonn, 1945 40 þús. tonn, 1946 52 þús. tonn, og núna er talið, að olíuverzlun landsmanna nemi yfir 200 þús. tonnum og fari enn ört vaxandi.

Hvaða ástæða er til þess sérstaklega nú að flytja á ný frv. um olíueinkasölu ríkisins? Það eru litlar líkur til þess, að hv. stjórnarflokkar vilji fallast á olíueinkasölu. Þó væri það kannske hugsanlegt, að Framsóknarflokkurinn teldi ekki ástæðu til að hlynna að hinum erlendu olíufélögum hér á landi. Það er ekki vitað, að sá flokkur eða menn í honum eigi þar sterkra hagsmuna að gæta, og má því segja, að það sé ekki alveg útilokað, að einhver hluti stjórnarliðsins teldi ástæðu til að gera þennan þýðingarmikla þátt íslenzkrar verzlunar innlendan. Hins vegar hef ég gefið upp alla von um, að Sjálfstfl. vilji á nokkurn hátt stíga á strá Shell eða B. P. En meginástæðan til þess, að þetta frv. er flutt hér nú, er sú, að íslenzka ríkið hefur á þessu ári orðið að gera samninga um heildarinnkaup á öllum olíuvörum fyrir íslenzku þjóðina, og síðan hefur sú sorglega saga gerzt, að íslenzka ríkið hefur orðið að framselja þessa samninga sína, þessa söluvöru sína, til olíufélaganna þriggja, sem vitanlega taka allan milliliðagróða, sem vitanlega getur ekki bitnað á öðru en atvinnuvegum landsmanna og er þannig fengur, sem hefði verið betur kominn sem gróði ríkissjóðs af slíkri verzlun og síðan verið notaður til almennra framkvæmda í landinu eða látinn renna til sjávarútvegsins og einkasalan, eins og eðlilegast væri, verið rekin sem ágóðalaus þjónusta fyrir atvinnulífið sjálft, sem er það einasta, sem viðhlítandi er og vitan-

lega verður sífellt að klifa á og stefna að, þangað til veldi þeirra flokka, sem halda verndarhendi yfir hinum erlendu olíufélögum, er brotið á bak aftur, sem auðvitað gerist fyrr eða síðar. Þetta er vitanlega meginástæðan fyrir því, að frv. er flutt nú á Alþ. um nauðsyn á olíueinkasölu ríkisins. Ég hygg, að það muni vefjast fyrir flestum að gera grein fyrir því, að það sé eðlilegt, að ríkið kaupi inn allar olíubirgðir, sem þjóðin þarf á að halda í sambandi við atvinnulífið, og að síðan sé þessi samningur framseldur olíufélögum, sem að nokkru leyti eru þá deildir úr hinum erlendu heimshringum í olíuverzluninni.

Hin meginástæðan til þess, að frv. er nú flutt, er sú, að fyrir síðustu alþingiskosningar urðu miklar og heiftúðugar deilur milli núverandi stjórnarflokka út af olíufarmgjöldum. Bróðernið fór í bili út um þúfur, annaðhvort af því, að það þótti henta fyrir kosningarnar, ellegar af því, að bróðurkærleikurinn hafði ekki enzt út kjörtímabilið, og þá brigzluðu þeir hvor öðrum um stórþjófnaði í sambandi við olíuverzlun og olíumál. Olíufélagið h/f virtist hafa gert hagkvæma samninga um olíufarm til Íslands. Olíuverðið lækkaði þarna. Þá gaus upp kvittur um, að það hefði verið ætlun Olíufélagsins h/f að láta þennan gróða ekki renna til íslenzkra sjómanna. Morgunblaðið flutti þennan boðskap, að þarna hefði Olíufélagið ætlað að stela af sjómönnum. Og niðurstaðan varð svo sú, hvort sem það var áform Olíufélagsins strax eða fyrir áróður Morgunblaðsins, — ég skal ekki segja um það, — að sjómönnum var endurgreiddur sá ágóði, sem skapaðist við hið lága farmgjald á olíunni, og þarna var um stórar upphæðir að ræða. Það var sýnt, að þarna gat verið um hundruð þúsunda að ræða á einum olíufarmi. Það gat því verið að ræða um milljónafúlgur, sem öllu eðli samkvæmt áttu að renna til íslenzkra sjómanna, til íslenzkra atvinnuvega, í sambandi við of há farmgjöld á olíum hjá þessum ágætu þremur olíufélögum. Þetta komst upp, vegna þess að hjúin deildu fyrir kosningarnar, og verður aldrei yfir það klórað aftur.

Þetta sýnir í raun og veru, að það er algerlega ómögulegt að fylgjast með því, hvaða okurgróða er skotið til hliðar, jafnvel út úr landinu, í sambandi við olíuverzlunina, meðan hún er á þeim höndum, sem hún er nú. Og það á vitanlega að vera þjóðarkrafa og fyrst og fremst krafa atvinnulífsins, að ríkið taki í sínar hendur olíuverzlunina og annist hana að öllu leyti sem ágóðalausa þjónustu fyrir atvinnulífið. Ef ríkið annaðist kaup á öllum olíuvörum, sem þjóðin þarf á að halda, þá er alveg vitað mál, að olíuflutningur mundi eiga sér stað í geysistórum tankskipum; sennilega mundu aðaloliutegundirnar verða fluttar inn í 16—20 þús. tonna skipum. Það er talið, að farmgjöldin gætu orðið margfaldlega lægri við það, að flutt sé í svo stórum skipum. Að vísu er olían nú flutt inn í nokkuð stórum skipum hjá hinum sérstöku félögum, en þó eru þetta miklu smærri skip, sem Shell og B. P. nota og Olíufélagið einnig, heldur en gert yrði, ef olían yrði flutt inn í einu lagi og innkaupin gerð í heild. Þarna lítur út fyrir, að olían gæti lækkað umfram það, sem meira að segja félögin þrjú hafa efni á að lækka verðið, vegna þess að þau hafa ekki sömu aðstöðu til jafnstórra innkaupa hvert í sínu lagi. Þá er auðsætt, að það dytti engum í hug að dreifa olíunni í gegnum þrjú dreifingarkerfi, sem hafa þrefaldan mannafla í þessari þjónustu sinni á við það, sem þörf er á, og þrefalda fjárfestingu á við það, sem þörf er á, ef dreifingarkerfið væri eitt. Þar er líka um aðstöðumun að ræða, ef einkasala væri í landinu, sem annaðist þessa þjónustu, og aðstaða hennar stórkostlega hagkvæmari en hinna þriggja félaga. Sú fyrirkomulagsbreyting mundi líka geta lækkað olíuverðið í landinu allverulega.

Þá er það í þriðja lagi ágóðahluturinn, sem rennur meiri eða minni og áreiðanlega stærri upphæðir en okkur órar fyrir til hvers olíufélags um sig, en ætti auðvitað enginn að vera. Það ætti engan ágóða að taka fyrir slíka þjónustu. Þetta ætti að vera, eins og ég áðan sagði, ágóðalaus þjónusta við atvinnulífið. Að öllu þessu athuguðu er ekki hægt að ímynda sér annað en verð á olíum hér á landi gæti stórkostlega lækkað, ef íslenzka ríkið tæki þennan þátt verzlunarinnar í sínar hendur. Að svo verði gert, er lagt til í þessu frv., sem hér er til umr., og vil ég vona, að Alþ., hvaða interessur sem eru í flokkunum í sambandi við þau fyrirtæki, sem nú annast olíuverzlunina, beri gæfu til þess að samþykkja einkasölu ríkisins á olíu á þessu þingi. Það er sannarlega kominn tími til þess, að það sé gert, og legg ég til, að þessu máli verði vísað til sjútvn. að lokinni umr.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Eins og hv. þdm. er kunnugt, höfum við þm. Þjóðvfl. flutt hér í þessari deild frv. um kaup á tveimur olíuflutningaskipum. Í sambandi við það frv. eða í eins konar framhaldi af því höfðum við undirbúið að nokkru frv. um olíueinkasölu ríkisins. Nú er fram komið frv. um olíueinkasölu frá hv. þm. Alþfl. hér í þessari d., og vil ég því lýsa því yfir hér, að við þjóðvarnarmenn erum því frv. fylgjandi, eða a. m. k. þeirri meginstefnu, sem þar er mörkuð. Hins vegar kann að vera, og mér þykir líklegt eftir fljótan yfirlestur, að við munum sjá ástæðu til að bera fram nokkrar brtt. við það frv., sem hér liggur fyrir, og liggja þær þá væntanlega fyrir við 2. umr., en ég vil taka undir þau höfuðrök, sem hv. 1. flm. hefur hér flutt með þessu frv., og lýsa fylgi okkar þjóðvarnarmanna við meginstefnu þess.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég get lýst því yfir fyrir hönd okkar sósíalista, að við erum fyllilega sammála því frv., sem hér hefur verið lagt fram af nokkrum þm. Alþfl., enda er meginefni þessa frv. það sama og fram hefur komið hér á Alþ. áður af hálfu okkar sósíalista. Ég vil minna á það, að á síðasta þingi flutti einn af þm. okkar frv. um sama efni í meginatriðum, frv. til l. um innflutning og sölu ríkis-

ins á olíu og benzíni. Auk þess höfum við margsinnis áður lýst yfir þeirri skoðun okkar, að þetta mál væri orðið mjög aðkallandi og nauðsynlegt og einn af sjálfsögðustu þáttunum í því að létta nokkuð af hinum mikla milliliðagróða, sem nú hvílir eins og mara á sjávarútveginum.

En það eru hér nokkur atriði í sambandi við þetta mál, sem ég hefði gjarnan viljað nú einmitt við þessa umr. fá upplýsingar um og þá alveg sérstaklega frá hæstv. viðskmrh., og vildi ég mega óska þess, að forseti gæti gert ráðstafanir til þess, að a. m. k. einhver ráðherranna gæti verið hér við umr. þessa máls og þá væntanlega gefið hér upplýsingar um jafnþýðingarmikið verzlunarmál og hér er til umr. Ég vildi mega gera hlé á máli mínu, í von um það, að ráðherrarnir — (*Forseti:* Það er verið að athuga það.) Þökk fyrir. (*Forseti:* Ræðumaðurinn sýnir væntanlega þolinmæði. Mér er kunnugt um það, að boðin eru komin til hæstv. viðskmrh., og ég vænti þess, að hann muni koma hér innan stundar.) Nú, hæstv. forseti vill kannske taka fyrir annað mál á dagskrá á meðan, ef biðin þykir of löng, annars tel ég ekki eftir mér að bíða hér. (*Forseti:* Ég held, að við höfum allir þolinmæði um stund. — Ég vildi vekja athygli ræðumanns á því, að það er ekki á valdi forseta að sækja ráðherrana og flytja þá hingað til d., en eins og ég hef skýrt áður frá, þá hefur hæstv. ráðh. fengið orðin, og ég vænti, að hann komi, ef hann hefur þá ekki sérstök forföll.) Óskar forseti eftir því, að ég haldi áfram með mál mitt, jafnvel þó að ráðherrarnir mæti hér ekki, en ég vildi sérstaklega beina máli mínu til þeirra? (*Forseti:* Forseti leggur það í dóm ræðumanns, hvort hann heldur áfram, án þess að ráðh. sé mættur í d.) Ég býst við því, fyrst hæstv. ráðh. hefur fengið boðin um það, að óskað væri eftir því, að hann yrði hér viðstaddur við þessar umr. eða einhver af hæstv. ráðherrum, en það tekst ekki að fá ráðherrana hér til að hlýða á mál þm., að þá verði ég að láta mínar fyrirspurnir, a. m. k. að nokkru leyti, koma hér fram í von um það, að þeir muni frétta af þeim og ráða það þá við sig síðar, hvort þeir óska eða vilja gefa þær upplýsingar, sem eðlilegt er, að þm. fái, þegar jafnmikið stórmál er rætt og það, sem hér liggur fyrir. — Nú, það mun nú vera upplýst, að hæstv. ráðh. er hér í húsinu.

Það, sem ég hefði sérstaklega viljað fá upplýsingar um í sambandi við þetta mál, þegar það liggur nú upplýst fyrir, að ríkisstj. er í rauninni orðin kaupandi að mestallri olíu, sem flutt er til landsins, — þegar svo er komið, að það er íslenzka ríkið, sem raunverulega er innflytjandi á olíu, en hér liggur svo aftur fyrir frv. um það, að lögleidd verði olíueinkasala, sem fyrst og fremst á að byggjast á því, að ríkið taki að sér innflutninginn á þessari þýðingarmiklu neyzluvöru, þá vildi ég spyrjast fyrir um það, hvernig fyrirkomulagið er á þessu nú. Með hvaða hætti er þetta framkvæmt nú, þessi innflutningur íslenzka ríkisins á olíu? Hjá því verður sem sagt ekki komizt, að innflutningur ríkisins er þegar hafinn á olíu, og það sýndist nú ekki óeðlilegt að vænta þess, að einmitt viðskmrh. landsins væri hér til staðar og gæfi mönnum upplýsingar um það, þegar slíkt frv. liggur fyrir sem þetta, hvernig innflutningi ríkisins á olíu er háttað, fyrst hann hefur þegar verið tekinn upp. Ég vildi t. d. mega spyrja um það: Er fyrirkomulagið þannig nú, að t. d. olíusamlög útvegsmanna eða aðrir aðilar, sem hafa nú með sölu á olíu að gera í landinu, geti gengið inn í þessi innkaup íslenzka ríkisins á olíu og fengið þetta milliliðalaust í sínar dreifingarstöðvar til þess að geta selt olíuna með sem lægstu verði til þeirra, sem olíuna þurfa að nota? Ég minnist þess, að það var hér fyrir nokkrum árum, ég ætla á stríðsárunum, að þá hafði íslenzka ríkið einnig með höndum að forminu til innflutning á olíu, og þá var það svo, að einstök olíusamlög útvegsmanna úti um land þurftu ekki annað en að snúa sér til ríkisstj. og óska eftir því að fá að kaupa beint án milligöngu olíuhringanna; fengu þeir olíuna þá afgreidda á lægsta fáanlegu verði beint í sínar dreifingarstöðvar, og þeir, sem þetta notfærðu sér, gátu selt olíuna á allmiklu lægra verði en almennt þekktist þá í landinu. Er þessi möguleiki nú fyrir hendi? Geta hin mörgu olíusamlög útvegsmanna, sem nú eru starfandi, og t. d. togarafélög eða aðrir þeir, sem kaupa olíu í allstórum stíl, nú fengið að ganga inn í kaup íslenzku ríkisstj. á olíum milliliðalaust? Eða er þessum ríkiskaupum þann veg háttað, að innflutningssamningurinn hafi verið afhentur hinum gömlu olíuhringum, sem hér starfa, og að olíusamtök útvegsmanna t. d., sem starfandi eru, geti ekki fengið olíuna keypta nema fara í gegnum þessa milliliði? Þetta vildi ég gjarnan fá upplýst, því að þetta er vitanlega mjög veigamikið atriði, þegar svo er komið, að íslenzka ríkið hefur þegar tekið að sér innflutning á olíu.

Þá er einnig hitt atriðið, sem ég hygg að margir vildu gjarnan fá upplýst, ekki sízt með tilliti til þeirra miklu umræðna, sem fóru fram um olíuinnflutning til landsins nú í sambandi við síðustu alþingiskosningar, hvernig er háttað flutningsgjöldunum á olíu nú, eftir að olían hefur verið keypt inn í stórum stíl af íslenzka ríkinu. Hvaða flutningsgjaldataxtar eru þar lagðir til grundvallar? Eru það hinir opinberlega skráðu flutningsgjaldataxtar, sem almennt eru auglýstir og hægt er að ganga að víða í ritum um þau mál, þeir vöruflutningataxtar, sem þannig eru gefnir út og algengast hefur verið, að olíuhringarnir hér á landi hafi lagt til grundvallar við verðlagningu á olíu? Eða eru það hinir raunverulegu flutningataxtar, sem greiddir eru, þegar búið er að semja um afslátt af þessum opinberlega auglýstu töxtum? En það er alveg vitað mál, að a. m. k. allir þeir, sem hafa aðstöðu til þess að semja um flutning á allmiklu magni, eiga kost á því að fá verulegan afslátt af hinum skráðu eða opinberu flutningatöxtum, og það væri gaman að vita um það, þegar íslenzka ríkið hefur keypt svona mikið af olíum, eða ársbirgðir í einu, og það frá sama að-

ila, hvað hefur þá verið gert til þess að koma flutningsgjöldunum eins langt niður og tök eru á. Eða er það eins og áður: Fá gömlu olíuhringarnir með því að yfirtaka innflutninginn strax í upphafi aðstöðu til þess jafnvel að hirða í sinn vasa alla þá lækkun á flutningsgjöldunum, sem mögulegt væri kannske að fá?

Það annað, sem ég vildi sérstaklega spyrja um í þessu efni, ætla ég að láta bíða, en mér þætti, vegna þess, hvernig hér hefur til tekizt í sambandi við umr. þessa máls, full ástæða til þess að fara fram á það við hæstv. forseta, að hann sæi sér fært að fresta umr. um málið þar til annaðhvort síðar í dag eða þá til næsta dags í von um, að þá yrði hægt að ræða þetta mál betur en nú er hægt, þar sem ráðh. gætu þá verið viðstaddir.

Forseti (HÁ): Ég vil taka það fram, að ég sé ekki ástæðu til þess að fresta umr. um þetta mál; ég vil benda á, að þetta er 1. umr. Það eru tvær umr. enn um málið í hv. þd., og gefst þá væntanlega tækifæri til að taka upp þráðinn, þar sem frá var horfið, af þeim, sem þess óska.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér þykir vera heldur þögn hjá olíuflokkunum hér á Alþ. Það var dálítið meira uppi á þeim gállinn fyrir kosningarnar í sambandi við olíumálin, og fæ ég nú ekki séð, hvernig það verður þolað af hálfu Alþ. hér hvað eftir annað, að stjórnarflokkarnir hagi sér þannig á þingi, að þeirra ráðh. sýni sig ekki og gegni ekki venjulegum þingmannsstörfum, hvað þá heldur ráðherrastörfum. Þetta er að verða þinginu til algerrar skammar, hvernig ráðh. haga sér, og það liggur raunverulega fyrir, að hæstv. forseti verði að gera svo vel að fara að gefa ráðherrunum áminningu um, hvernig þeir rækja sín störf, vegna þess að þetta getur ekki gengið dag eftir dag, að ráðh. sýni sig ekki, svari ekki fyrirspurnum þm. og það ekki meira að segja viðvíkjandi málum, sem þeir hafa sjálfir talað um manna mest rétt fyrir kosningar. Ég verð að benda á, að þetta framferði er beinlínis til þess að gera Alþ. vansa, og ég álít, að hæstv. forseti þurfi sem fulltrúi Alþ. gagnvart þjóðinni að halda uppi virðingu Alþ. gagnvart ráðherrunum og sjá um, að þeir séu ekki Alþ. þannig til skammar eins og þeir eru með því, hvernig þeir stunda sín þingmannsstörf.

Það er ekki um neitt smáræði að ræða, þar sem olíuflutningurinn er til landsins. Þetta er sjötti parturinn af öllum innflutningi Íslands; sjötti parturinn af öllum þeim gjaldeyri, sem Ísland notar, er fyrir olíu, og við vitum allir, hvernig þetta hefur verið undanfarið. Undanfarið hefur þetta verið þannig, að útlendir hringar hafa keypt upp Framsfl. og Sjálfstfl. Útlendir olíuhringar eiga Framsfl. og Sjálfstfl., og útgerð útlendu olíuhringanna á Íslandi á Sjálfstfl. og Framsfl. er ábatasamasta útgerðin, sem rekin er. Það er þess vegna ekkert undarlegt, þó að hæstv. ráðh. kæri sig ekki um að standa hér sérstaklega frammi fyrir þm. og eiga að verja sitt mál. Það er allri þjóðinni vitanlegt, hvernig alræmdasti olíuhringur veraldarinnar, Standard Oil, hefur tökin á Framsfl. og hvernig ensku olíuhringarnir hafa tökin á íhaldinu. Þess vegna er það út af fyrir sig ákaflega ánægjulegt, að í eitt skipti skuli tökum hinna útlendu olíuhringa hafa verið hnekkt á Íslandi, sem sé með því, að kaup hafa verið gerð annars staðar en hjá þeim.

En hvað er það svo, sem verið er að gera hérna sem stendur? Jú, við vitum, að sem stendur kaupum við mestalla olíu til landsins fyrir fisk, og það er aðstaða, sem við höfum ekki haft hingað til á Íslandi. Ég man ekki betur en að það hafi meira að segja verið svo, að það hafi verið heimtaðir dollarar í greiðslu, þegar keypt var frá Englendingum, frá ensku hringunum. Ég held þess vegna, að það sé út af fyrir sig ákaflega ánægjulegt. En við sjáum bara, hvað er að gerast: Olíuhringarnir eru samt sem áður að koma sér svo að segja inn um bakdyrnar, eftir að ríkisstj. hefur farið inn á það að kaupa olíu frá Sovétríkjunum fyrir fisk. Lepplingarnir hérna heima eiga að halda sínum tökum, halda eignarréttinum á tönkunum, halda aðstöðunni með dreifinguna, halda einokuninni á olíuflutningunum og geta þannig haldið áfram sínum gróða, þangað til útlendu olíuhringarnir treysti sér til þess að knýja ríkisstj. til þess að hætta við sams konar kaup og þau, sem nú hafa verið gerð. Það er opinbert leyndarmál, að það var mögulegt fyrir Danmörku að fá samninga um innflutning á olíu, líklega allri olíu, sem Danmörk kaupir, frá Sovétríkjunum fyrir danskar landbúnaðarafurðir og aðrar afurðir, sem Danir láta í té. Stóru olíuhringarnir hindruðu þennan innflutning. Það var aðeins eitt einasta félag, eftir því sem mér var kunnugt, a. m. k. seinast, sem tók að sér að flytja inn nokkuð af olíu; útlendu olíuhringarnir notuðu sitt vald yfir olíugeymunum til þess að hindra, að flutt væri inn olía frá Sovétríkjunum þangað. Olíuhringarnir hafa ekki í þetta skipti treyst sér til þess að setja þannig hnefann í borðið hérna heima, að knýja fram slíka neitun á þessum viðskiptum. Hins vegar hafa þeir knúið það fram, eftir því sem vitað verður, — en því getur nú máske hæstv. viðskmrh. svarað, þegar hann nú er kominn hér í þingsalinn, — að hringarnir þrír hér heima hafa einokun á flutningnum og dreifingunni, og meðan sú einokun helzt, meðan ríkisstj. verður að skipta þannig á milli þeirra þessum innflutningi, þá veit maður, að hvenær sem þægilegri aðstaða yrði fyrir olíuhringana, þá mundu þeir færa sig upp á skaftið og nota sinn eignarrétt yfir olíugeymunum til þess að hindra, að eins hagkvæm viðskipti yrðu gerð og þau, sem núna hafa verið gerð.

Við skulum alveg gera okkur ljóst, að pólitiskt séð eru þessi viðskipti, sem ríkisstj. hefur gert við Sovétríkin um olíuinnflutninginn, ákaflega þýðingarmikil fyrir Ísland. Þau þýða raunverulega, að í sinni baráttu við einræði olíuhringanna hefur Ísland fengið sér þarna bandamann, sem hægt er að beita gegn ofurvaldi olíuhringanna, svo framarlega sem rík-

isstj. hefur fullan hug á því. Ég held þess vegna, að það sé ákaflega þýðingarmikið að knýja hér fram aðstöðu hæstv. ríkisstj. til þessara hluta. Við vitum alveg hreint, hvernig muni fara, þegar þessi 1. umr. er búin, ef hæstv. ríkisstj. er ekki knúin til þess að láta í ljós sínar skoðanir. Þá verður þetta mál svæft í n., eins og öll önnur beztu mál á þinginu, og kemur aldrei aftur í dagsins ljós, og hæstv. ríkisstj. kemur sér hjá því að gefa nokkrar upplýsingar um, hvernig þessum málum sé hagað nú sem stendur.

Við getum svo sem hins vegar rennt grun í það, hvaða fingur eru í spilinu á bak við tjöldin. Viðvíkjandi innflutningnum til landsins núna á olíu, býst ég við, að flugvélabenzínið sé undanþegið eins og nú standa sakir, og hvernig er um flugvélabenzínið? Hver er sá aðili, sem flytur inn flugvélabenzínið til Íslands? Er það Standard Oil? Hver er sá aðili, sem sér um söluna á flugvélabenzíninu á Íslandi? Er það að mestu leyti Olíufélagið h/f? Sér það meira að segja um söluna á Keflavíkurflugvelli? Fær þetta félag e. t. v. greiðslu í dollurum fyrir svo og svo mikið af þeirri olíu, sem það selur? Fær þetta félag e. t. v. að hagnýta þessa dollara, án þess að haft sé verulega mikið eftirlit með því, hvernig það gerir það? Þetta væru upplýsingar, sem ekkert væri undarlegt að kæmu hér fram um, hvernig þessu er háttað nú sem stendur. Og hvernig stendur á því, svo framarlega sem við höfum getað fengið keypt flugvélabenzín, að það skuli ekki vera þarna með í, eða höfum við e. t. v. ekki getað fengið það keypt? Þetta eru allt saman spurningar, sem er ákaflega eðlilegt, að bornar séu fram.

Það hefur verið farið með samninginn við Sovétríkin eins og mannsmorð af hálfu hæstv. ríkisstj. Það hefur lítið verið sagt frá því, hvernig þessir söluskilmálar eru. Við þm. vitum ekki fyrir víst einu sinni, hvort t. d. það er ríkisstj., sem hefur keypt olíuna, og hvort hún síðan hefur úthlutað henni til olíufélaganna, eða hvort ríkisstj. hefur beinlínis látið þessi félög kaupa þessa olíu, þannig að það séu beinir samningar á milli rússnesku olíufélaganna og íslenzku, þessara þriggja íslenzku innflytjenda. Hitt vitum við aftur á móti, að ríkisstj. hefur áreiðanlega haft það í sínum höndum að setja hvaða skilyrði sem hún vildi í sambandi við kaupin og söluna á olíunni, vegna þess að við vitum, að ríkisstj. hefur gegnumgengizt alla þessa sölu. Nú, þetta er náttúrlega ekki neitt smáræði. Það er ekki neitt smáræði, hvort ríkisstj. álítur sig hafa vald til þess að ráðstafa í sambandi við almenna viðskiptasamninga eins og þessa samninga við Sovétríkin, á hvern hátt viðkomandi vara sé seld á Íslandi. Við skulum segja: Ef ríkisstj. álítur sig hafa vald til þess að úthluta þessum þremur olíufélögum, þá hlýtur hún líka að hafa vald til þess að úthluta einu þeirra. Ef hún hefur álitið sig hafa vald til þess að úthluta þessum þremur, þá hlýtur hún líka að hafa álitið sig hafa vald til þess að bjóða fleiri aðilum á Íslandi að vera þarna með í, olíusamlögum útvegsmanna og öðrum slíkum, eða ef bifreiðarstjórar t. d. settu upp sitt sérstaka innflutningskerfi, að bjóða þeim að vera þarna með. Hvað hefur ríkisstj. gert í þessu? Hefur hæstv. ríkisstj. boðið þessum aðilum svona kosti, eða hafa bara verið gerðir samningar á milli Framsóknar og Sjálfstfl. um, að þeirra félög skuli sitja þarna að?

Það er ekki aðeins um olíuna, sem þetta gildir. Hvernig er með sementið? Ríkið gat náttúrlega flutt inn sementið til landsins. Hér á Íslandi eru stórir aðilar, sem sjá um byggingar á almannavegum, eins og öll þau samtök, sem eru í sambandi við byggingu verkamannabústaðanna og eiga að vera í sambandi við byggingu samvinnubústaðanna, og þessi samtök hafa meira að segja eftir lögum sérréttindi fram yfir venjulega borgara um að sitja fyrir innflutningi samkvæmt gömlum lögum. Það heyrist ekkert um, að ríkisstj. hafi boðið upp á neitt slíkt í sambandi við innflutninginn á sementinu, en hitt vita menn, að það er skipt niður á milli ákveðinna fyrirtækja Sjálfstfl. og ákveðinna fyrirtækja Framsfl., eða, svo að ég sé ekki að gefa það í skyn, að flokkarnir eigi þessi fyrirtæki, þá milli fyrirtækja, sem eru mjög sterk og voldug í þessum flokkum. Það er ekki tilkynntur nokkur skapaður hlutur um þetta. Það er sem sé farið að á nákvæmlega sama hátt eins og danskir einvaldskonungar gerðu, á meðan þeir gáfu ákveðnum félögum í Kaupmannahöfn einkarétt á verzluninni við Ísland, og við vitum, hvaða félögum danskir einvaldskonungar gáfu slík einkaréttindi á verzluninni við Ísland. Þeir gáfu þeim auðborgurum slík einkaréttindi, sem höfðu stutt þá sérstaklega í því að brjótast til valda, — stutt þá sérstaklega í því að koma auðvaldinu á. Það var úthlutað sem eins konar fríðindum til beztu bakhjarla dönsku einvaldskonunganna úr borgarastéttinni einokuninni á ákveðnum höfnum á Íslandi. Það er nákvæmlega sama kerfið, sem núverandi hæstv. ríkisstj. er að taka upp. Hún gerir stærstu viðskiptasamninga, sem gerðir hafa verið, loksins knúin til þess. Eftir að hafa tafið fyrir því og skemmt fyrir því í mörg ár, að slíkir samningar væru gerðir, þá er hún loksins knúin til þess að gera þá, og það er ríkið sjálft, sem gerir þá, en ríkið það þýðir: fésýslumenn Framsóknar og Sjálfstfl.; þeir úthluta til sinna fyrirtækja einokuninni á þessum innflutningi. Og það er þarna um að ræða innflutning fyrir upp undir 200 millj. kr. á mörgum þýðingarmestu vörum, sem til Íslands eru fluttar.

Það er nú ekkert undarlegt, þó að þm. vilji fá eitthvað að vita um það, sem er að gerast hér í þessum efnum. Það er ekkert undarlegt, þó að þm. komi þess vegna fram hérna með kröfur um, að hæstv. ráðh. séu hér viðstaddir og svari þeim spurningum, sem fram koma. Það er ekki svo lítið þarna í húfi, og menn ættu nú að mega nokkurn veginn búast við því, að flokkar, sem aldrei taka til máls, þá sjaldan sem þeir tala hér á Alþ., án þess að

hafa lýðræðið á vörunum, hugsuðu ekki alveg eins og danskir einvaldskonungar út frá mottóinu: „Vér einir vitum“ — eða réttara sagt: „Vér einir megum vita“ — þannig að það eigi að vera einkaleyndardómur ríkisstj. og þeirra fésýslufyrirtækja, sem reka Sjálfstfl. og Framsfl., að vita, hvernig ríkið skiptir innflutningnum, sem fram fer til Íslands. — Ég held þess vegna, að það sé ekkert undarlegt, þó að þm. krefjist þess, að upplýsingar séu gefnar um þessi mál í þinginu, og mótmæli því, að það sé látið viðgangast, að ráðherrarnir geti hér fund eftir fund neitað að svara. Hitt er alveg rétt hjá hæstv. forseta, að hann getur ekki flutt ráðherrana í böndum hérna inn í þingsal, og það hefur ekki heldur komið fram nein sérstök ósk um að flytja þá í böndum inn í þingsal. Hitt aftur á móti er hægt að gera, þegar ráðh. fara að viðhafa þetta hvað eftir annað, í fyrsta lagi að hringja, — að hringja þannig, að ráðherrarnir haldi, að allt þeirra handjárnaða lið þurfi nú að fara að mæta við atkvgr. til þess að koma stjfrv. í gegn, því að það er vitanlegt, að aldrei kæmist neitt stjfrv. í gegn hér í hv. d., svo framarlega sem þeir menn, sem taka hér þátt í umr., hugsa málin og tala um þau, væru hér einir viðstaddir, því að stjórnarliðið leggur það yfirleitt í sinn vana að hvorki hugsa né tala um neitt af þeim málum, sem hérna liggja fyrir, heldur greiða bara atkv., þegar hringt er á það, í hugsunarleysi með ríkisstj. um hvað sem er, svo framarlega sem það er ekki rjúpan eða hrafninn, sem til umræðu er; þá fá hv. stjórnarflokkaþm. að tala.

En ég held í öðru lagi, að það væri mjög rétt fyrir hæstv. forseta að athuga það, ef hæstv. ráðherrar ætla að halda viðteknum hætti, að fresta þeim málum, sem stjórnarandstaðan fer fram á að frestað sé, fresta umr. um þau og taka þau fyrir hvað eftir annað hér, þangað til ráðherrarnir fást til að svara. Með því, hvernig nú stefnir hér á Alþ., er verið að gera Alþ. að hreinni skrípamynd af lýðræði og þingræði. Það er farið að útkljá öll mál utan þingveggjanna af örfáum mönnum í stjórnarflokkunum. Síðan eru þær ákvarðanir, sem þannig eru teknar, hamraðar í gegn í þingflokkum stj., og af því að ég veit, að það eru til margir ágætir menn í þingflokkunum, sem styðja stj., þá veit ég ósköp vel, að þeir mótmæla oft á sínum þingflokksfundum, þó að þeir skoði það hins vegar sína skyldu að þegja á þingfundum. Þegar svo er búið að píska þetta í gegn á þingflokksfundum stj., þá er komið hér á Alþ., þm. stjórnarflokkanna sagt að þegja og reynt að kúska málin fram, ráðherrarnir passa sig að taka ekki til máls, og þannig er hvert málið hér á þinginu ýmist afgreitt til n. til að svæfa það eða málin algerlega þöguð í hel. Svo er ástandið orðið þannig, að það er bara hægt að ræna fyrirtæki, sem kosta eitt til tvö hundruð millj. kr., af ríkinu, án þess að ráðherrarnir fáist til að segja orð um það, og leggja álögur á þjóðina, án þess að nokkur lög séu til fyrir því, og taka af henni þannig um 100—200 millj. kr. Ofan á þetta allt saman er svo farið að ráðstafa öllum innflutningnum til landsins eins og það væru danskir einvaldskonungar að úthluta til einokunarfyrirtækja, til nýrra hörmangarafélaga. Þetta er ástand, sem ekki getur gengið, og ég vil fagna því, að Alþfl. hefur flutt þetta frv. hér um olíueinkasöluna, og ég vil vonast til þess, að það sé hægt að knýja fram hér við þessa 1. umr. þannig umræður um það, að stjórnarflokkunum haldist ekki uppi að þegja um málið.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég taldi það í alla staði eðlilegt, að hv. 11. landsk. (LJós), sem hér talaði næstsíðast, legði áherzlu á það, að hann fengi hæstv. viðskmrh. hér inn í þingsalinn. Hann hafði veigamiklar spurningar að leggja fyrir hæstv. ráðh., og þessi hv. þm. hefur þann sess í atvinnulífinu og því umboði þar að gegna, að hann átti fyllsta rétt á því sem slíkur, auk þess sem hann átti heimtingu á því sem alþm., að hér yrði upplýst af hæstv ráðh. það, sem hann vildi fá að vita í sambandi við þetta mál. Það er ekki aðeins svo, að stjórnarandstaðan hér á þingi hafi orðið hvað eftir annað á þessu þingi að krefjast þess, að ráðh. kæmu, til þess að hægt væri að ræða mál við þá, en jafnan án árangurs, heldur hefur það líka komið fyrir, að þingmenn úr hv. stjórnarflokkum hafa orðið að koma hér og standa hér í ræðustólnum langa stund án þess að fá fullnægt kröfunni um það, að viðkomandi ráðherra kæmi inn í þingsalinn, og hafa orðið að hverfa frá þessari sjálfsögðu kröfu sinni án þess að fá henni framgengt. Þegar svona er komið, þá er komið í algert óefni, og ég undrast það mjög, ef hæstv. ráðh. sjá ekki skömm sína í þessu. Þeir geta ekki verið þekktir fyrir það gagnvart hv. Alþingi að haga sér svona, og það er ástæða til þess, að íslenzkir alþm. láti ekki bjóða sér þetta miklu lengur og gangi úr þingsalnum, ef þessu heldur áfram; það er það eina, sem dugir. Við getum staðið hér í ræðustólnum kortér án þess að fá ráðherrana inn, og það getur vel verið, að við grípum til þess að standa hér það sem eftir er dags, en það eru litlar líkur til þess, að það hrifi. En þá kemur bara til þess, að við göngum úr þingsalnum.

Hæstv. viðskmrh. var hér staddur, — ég skal láta það komast inn í þingtíðindin, — hann var hér staddur í hliðarherbergi þingsins, þegar forseti sendi boð eftir honum að koma hér inn. Þá smokkaði hann sér út úr hliðarherberginu og settist niður á Kringlu að spjalla þar við mann. Ég gekk út úr d., meðan hv. 11. landsk. stóð í ræðustólnum áðan, til þess að aðgæta, hvort hæstv. ráðh. sæist innan landhelgi þingsalarins, og sá, hvar hann var sitjandi að rabba hér við mann niðri á Kringlu. Hann átti að gegna sínum ráðherraskyldum að ræða hér við alþm., og það varð að ganga fyrir öllu snakki við óviðkomandi menn. Nú er hæstv. ráðh. farinn aftur út úr d. Hann kom hér, eftir að hv. 11. landsk. hafði gefizt upp við að halda til streitu sínum réttmætu kröfum. Nú

stend ég hér, nú krefst ég þess sama af hæstv. forseta, að hann sendi eftir hæstv. viðskmrh., og ég bíð hér og mun bíða hér þangað til hann kemur, a. m. k. þangað til þingfundartími er búinn klukkan fjögur, ef hann er ekki kominn þá. Og ég óska nú, að nú sé enn sent eftir hæstv. ráðherra. (*Forseti:* Ég vil spyrja hv. ræðumann, hvort ....) Ég hef spurningar að leggja fyrir hæstv. ráðh. (*Forseti:* Lætur hv. þm. sér ekki nægja, af því að þetta er nú 1. umr., að þær spurningar verði fluttar til hæstv. ráðherra?) — Þarna kemur nú hæstv. ráðh. inn í salinn og hefur nú lokið öðrum æðri embættisstörfum en að vera á þingi til viðræðu við þingmenn, og skulum við nú sjá, hvort tekst ekki að koma þeim í ráðherrastólinn sinn oftar, ef við verðum samferða um það í stjórnarandstöðunni að heimta ráðherrana í sína ráðherrastóla, — það er væntanlega ekki óþægilegur sess, — þegar þeir þurfa að vera hér til viðræðu við þingmenn í þýðingarmiklum málum.

Hér hafa komið fram fyrirspurnir í sambandi við frv. um olíueinkasölu ríkisins, frv., sem fjallar um mjög þýðingarmikinn þátt íslenzkra viðskiptamála, og þess vegna er óskað, að hæstv. viðskmrh. sé hér til andsvara og upplýsingar fyrir þm. í þessu máli. — Hér hefur m. a. verið spurt um það af hv. 11. landsk., hvort íslenzka ríkið, sem er kaupandi að nálega öllum þeim olíum, sem ætlað er að Íslendingar muni þurfa að nota á árinu 1953 og líklega 1954, sé ekki einnig innflytjandi að þessum olíum. Það er haldið, að svo muni vera, en þó vita menn ekki vissu sína í því. — Ráðh. hefur einnig verið beðinn að upplýsa, hvort samlög sjómanna og útvegsmanna geti átt þess kost að ganga milliliðalaust inn í þá samninga, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert um olíukaup, og fá olíuna án milliliðakostnaðar, eða hvort þessir samningar hafi verið framseldir olíufélögunum og olíufélögunum einum og að olíufélögin hafi þannig ein aðstöðu til þess að leggja á þessa vöru, áður en sjómenn og útgerðarmenn koma til með að nota hana. Það hefur verið bent á það, að samlög sjómanna og útvegsmanna hafi áður fyrir milligöngu ríkisvalds fengið aðstöðu til þess að fá olíur án milliliðaálagningar og hafi á þeim tíma getað selt olíuna til sjómanna á miklu lægra verði. Er þessa kostur nú? hefur verið spurt. Geta samlögin fengið þessa aðstöðu núna? — Enn fremur leikur þingheimi hugur á að vita, hvernig er háttað flutningsgjaldatöxtum á olíu nú. Hv. 11 landsk. (LJós) spurði um það, hvort farmgjaldataxtar á olíu væru nú í samræmi við hina opinberu auglýstu taxta, sem menn sjá í opinberum skýrslum og tímaritum um viðskiptamál, eða eru þessir taxtar nú lægri vegna þess óvenjulega mikla magns, sem hér hefur verið keypt inn af olíu?

Það er alveg óhugsandi, að hæstv. viðskmrh. geti ekki leyst úr þessum spurningum, og það mun enginn fella þann dóm, að það sé ósanngjarnt, að þm. á Alþ. fái sem gleggsta og áreiðanlegasta vitneskju um þetta. Þetta eru allt saman þýðingarmikil viðskiptaatriði og snerta hagsmuni atvinnulífsins í landinu.

Það hefur flogið fyrir, að íslenzka ríkisstj. hafi hleypt olíuhringunum að strax, og olíuhringarnir séu beinir samningsaðilar við Rússa. Getur það verið satt? Hæstv. viðskmrh. er beðinn að upplýsa það, hvort íslenzka ríkisstj. sé ekki aðili gagnvart Rússum og hvort íslenzka ríkisstj. hafi þannig framselt sinn samning aftur til olíufélaganna. Þetta viljum við enn fremur fá að vita um. Og nú viljum við vænta þess, að hæstv. ráðh. gefi okkur svör, og svo má búast við því, að einhverjar framhaldsumr. verði í sambandi við þetta þýðingarmikla mál, án þess að ég ætli nokkuð að ganga af ráðh. dauðum eða tefja hann mjög frá hinum þýðingarmiklu störfum hans utan þingsalarins. — Þökk fyrir.

Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hafði nú ekki búizt við því, að þessar umr. um olíueinkasölu snerust upp í það að verða spurningatími, en við nánari athugun finnst mér það ósköp eðlilegt, þar sem um þetta mál er að ræða, að hv. flm. (HV) hafi reynt að koma málinu inn á þessa braut, vegna þess að hann var búinn að segja allt, sem vildi segja um olíueinkasölu og ágæti hennar. Ég fyrir mitt leyti er fús á að svara fsp. þm., en þegar um fsp. er að ræða, þá eiga þær að koma í því formi, sem þingsköp mæla fyrir, og hv. þm., sem hafa verið hér í dag með fsp. til mín, geta komið með þær í því formi, sem þingsköp mæla fyrir.

Þó að ég skryppi hér fram í símann áðan, þá held ég, að hv. 3. landsk. (HV) geti fyrirgefið mér það; hann gerir það oft sjálfur. Það mun einnig teljast eðlilegt, þótt mér og öðrum ráðh. hafi leiðzt að hlusta á það, sem þessi hv. þm. hefur sagt. En ég skal gera það fyrir þennan hv. þm. að hlusta á hvert orð, sem hann segir í sambandi við olíueinkasöluna, og einnig þessar fsp., sem hann leggur hér fram, en ég mun ekki svara þeim, fyrr en þær koma fram í réttu formi.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vildi láta uppi undrun mína yfir því, sem hér kom fram í ræðu hæstv. viðskmrh. (IngJ) í sambandi við þær fsp., sem ég hafði gert hér áður og hv. 3. landsk. (HV) hafði nú flutt ráðh. hér mjög skilmerkilega.

Hæstv. ráðh. tilkynnir það hér nú, að hann muni ekki svara þessum fsp. undir umræðum um þetta mál, heldur verði þessar fsp. að koma fram — eins og hann segir — í því formi, sem þingsköp mæla fyrir um. Ég ætla, að hann eigi þar við, að það skuli flytja skriflegar fsp., en þá fær fyrirspyrjandi einar fimm mínútur til umráða í ræðutíma, en hæstv. ráðh. getur hins vegar fengið að tala í því máli jafnlengi og hann kýs. Ég vil fyrir mitt leyti algerlega mótmæla því, að það sé réttmætt, þegar veigamikil mál liggja hér fyrir Alþ., eins og t. d. það mál, sem hér er um að ræða, mál um það, hvort taka á í lög, að íslenzka ríkið taki að sér einkasölu á

olíu, að þá megi ekki ræða undir umr. þess máls einstaka mikilvæga þætti málsins sjálfs eins og það kann að vera í framkvæmd nú. Ef þannig ætti að fara að, að slíta einstaka þætti út úr, þá væri í rauninni búið að loka fyrir manni eðlilegum umr. um það mál, sem á dagskrá er. Það gefur alveg auga leið, að þegar umr. eru á Alþ. um það atriði, hvort lögleiða á einkasölu á olíu, en það hins vegar liggur fyrir, að íslenzka ríkið hefur nú um sinn tekið að sér innflutning á olíum í stórum stíl, eða að meginefni þess máls, sem liggur fyrir í frumvarpsformi, hefur nú um stundarsakir verið framkvæmt, þá er alveg ómögulegt, að hægt sé að skorast undan því að gefa upplýsingar um það, hvernig þessari framkvæmd er háttað. Ég býst meira að segja við, að afstaða einstakra þm. til þessa frv. eins og það liggur fyrir geti beinlínis farið nokkuð eftir því, hvaða upplýsingar verða gefnar hér á Alþ. undir umr. málsins um þá framkvæmd á olíuinnflutningi ríkisins, sem nú fer fram. En ef það hins vegar er efst í huga hæstv. ráðh. að vilja komast hjá öllum eðlilegum umr. um það mál, sem hér liggur fyrir, vilja helzt ekki ræða það, þá er hægur vandi að segja við þm.: Við ræðum ekki málið, en flytjið þið fyrirspurnir, þar getið þið fengið einar fimm mínútur, þá er hægt að losna við ykkur og allar umr. um þetta mál á fimm mínútum. — Þetta er alveg ósæmilegt, og ég ætlast ekki til þess, að hæstv. viðskmrh., ef hann lítur á þetta mál í fullri alvöru, geti haldið sér við þessa yfirlýsingu. Ég er líka alveg viss um það, að þær fsp., sem ég flutti hér, voru á engan hátt þannig, að hæstv. viðskmrh. þyrfti að fara til sinna undirmanna í rn. og láta þá finna út þau svör. Ég er alveg sannfærður um það, að hann veit svo vel um gang þessara mála sjálfur, að hann geti gefið þær upplýsingar, sem eru fullnægjandi, við mínum spurningum, það atriði t. d., hvort hin fjölmörgu olíusamlög útvegsmanna, sem nú eru starfandi víða í verstöðvum landsins, hafa nú heimild til þess eða geta fengið að kaupa olíuna beint frá hálfu íslenzka ríkisins í sambandi við þennan innflutning, eða hvort þau eru nauðbeygð til þess að fara með innkaup sín á olíu í gegnum olíuhringana, sem munu hafa staðið í einhverjum samningum við ríkisstj. um þennan innflutning. Þetta ætti að vera auðvelt mál fyrir hæstv. ráðh. að svara hér án nokkurra vafninga eða án þess að óska eftir að fá einhvern undirbúningstíma undir það að svara þessu. Nákvæmlega sama er svo um hitt atriðið, sem ég varpaði hér fram fyrirspurn um, sem er um flutningsgjaldataxtana. Það er ómögulegt annað en hæstv. ráðh. geti gefið svör við því, hvort með fragttaxta af þessum mikla olíuinnflutningi hefur verið farið eftir þessum auglýstu, opinberu töxtum, eða hvort gerðir hafa verið þar samningar sérstaklega um og hvort fengizt hefur allveruleg lækkun þar á.

Ég vil svo aðeins endurtaka það frá minni hálfu, að ég vil eindregið mælast til þess, að hæstv. viðskmrh. veiti hér einmitt við umr. um þetta mál þessar upplýsingar, en fari ekki þá óvenjulegu leið, þegar verið er að ræða hér efnisatriði máls á Alþ., að vísa til þess, að menn verði að flytja þar sérstakar fsp. og það undir þeim dagskrárlið, þegar menn geta ekki rætt málið nema að sáralitlu leyti við ráðherrann. Ég vildi mælast til þess, að hæstv. ráðh. endurskoði þetta, þegar hann athugar betur, hvernig þetta mál raunverulega liggur fyrir, og gefi hér eðlilegar upplýsingar í þessu máli.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég var alveg undrandi á því, að hæstv. viðskmrh. skyldi neita að svara þessum fjórum eða fimm afmörkuðu spurningum, sem hér voru fyrir hann lagðar, spurningum, sem á engan hátt fóru út fyrir ramma þess máls, sem hér var til umr., heldur voru veigamikil atriði viðvíkjandi kjarna þess máls, sem d. var að ræða. Þessar spurningar voru þess eðlis, að það var alveg óhugsandi, að hæstv. viðskmrh. væri ekki við því búinn hvenær sem væri að svara þeim. Hann mætti vera meira en lítið úti á þekju í sínu embætti, sem enginn skyldi ætla honum, þar sem maðurinn er vel að sér í viðskiptamálum, ef hann væri ekki fær um að svara þessum spurningum, hvort sem væri á nóttu eða degi. En hér var það nú á réttum þingtíma, sem spurningarnar bar að, og ég tel það alveg óafsakanlegt og óverjandi að skjóta sér undir það, að þessar spurningar verði að bera fram í fyrirspurnum samkv. 31. gr. þingskapa, að mér skilst, en þar er fyrst og fremst um að ræða fsp., þegar skýrslu er krafizt af ráðh. um sérstök mál, venjulegast önnur en þingmál, í Sþ. Nú erum við á fundi í Nd. og vorum að ræða hér mál, sem við vildum fá frekar upplýst af hæstv. ráðh. — Enn fremur segir í þingsköpunum, með leyfi hæstv. forseta: „Rétt er alþm. einnig að nota sér heimild 54. gr. stjórnarskrárinnar um að beiðast skýrslu ráðh. í þingdeildum." Það er annað en hin almennu ákvæði þingskapanna um fsp. í Sþ. Við vorum hér aðeins að óska þess, að hæstv. ráðh. tæki þátt í umr. í þýðingarmiklu máli og upplýsti viss atriði í samningagerð, sem ríkið hefur annazt og hlaut að vera honum og raunar hverjum einasta ráðh. í ríkisstj. kunnugt. Ef þm. hefðu verið að fara einhverjar krókaleiðir að ráðh. til þess að knýja af honum svör óviðkomandi umræðuefninu, þá hefði ég ekkert orðið hissa á því, þó að hann hefði haft þetta undanskot. En undanbrögð af hendi ráðh. áttu hér engin við, af því að við vorum að fara fram á sanngjarnar upplýsingar af hans hendi viðvíkjandi umræðuefninu í deildinni.

Svo kemur hæstv. ráðh. í viðbót við sitt undanskot með það, að hann hafi oft og þeir ráðherrar lagt það á sig að vera hér viðstaddir umr., án þess að græða mikið á þeim. Hvað kemur það málinu við? Eru þeir hér, hæstv. ráðherrar, eða halda þeir það, að þeir séu hér og eigi að vera hér til þess að vera í einhverjum fræðslutíma hjá okkur þm.? Vitanlega fræðast þeir af því oft og tíðum, þó að þeir þykist ekki gera það. En þeim veitir sannarlega ekkert af fræðslu, ef þeir vita ekki nokkurn skapaðan hlut um þau mál, sem þeir eiga að upplýsa, og það lítur helzt út fyrir, með þögninni og þessu

undanskoti, að þeir viti ekkert um þessi mál. Þá veitir þeim sannarlega ekki af fræðslu um þau. Þeir eiga ekki heldur að vera hér sér til eintómrar skemmtunar, og það má vel vera, að umr. um olíumál séu þessum hæstv. viðskmrh. ekkert ánægjuefni eða skemmtiatriði. En það gerir heldur ekkert til. Það er hans skylda samt sem ráðh. að þola hér súrt og sætt í ráðherrastólnum, að hlusta á leiðinlegar ræður eins og skemmtilegar og fræðandi ræður og þær, sem eru ekki fræðandi, alveg jafnt. Þetta fylgir nú ráðherradómnum, og undan því getur hann ekki skorazt.

Ráðh. átti hér góðan kost, ef hann hafði ekki full tök á að svara þeim spurningum, sem hér höfðu verið lagðar fyrir hann, að óska frests til þess að afla sér upplýsinga um fullnægjandi svör. Það hefði sýnt vilja hans og viðleitni til þess að verða við ráðherraskyldu sinni, en svar hans, eins og það var, var viðleitni til að komast undan sinni ráðherraskyldu gagnvart þingmönnum. Ef hann hefði beðið frests um svör, þá var hægurinn hjá fyrir forseta að fresta umr. málsins, en það er þannig haldið á þingræðinu hér, að þótt mál sé til 1. umr. og til þess hafi verið vitnað af hæstv. forseta, þá er ekki trygging fyrir því, að málið komi til 2. eða 3. umr. Það eru þess dæmi, að stjórnarflokkar leggist á mál og hindri framgang þeirra, þannig að þm. eiga ekki kost að ræða þau oftar en við 1. umr. Þess vegna er ástæða til í svona þýðingarmiklu máli að fá svörin, ganga fast eftir svörum strax við 1. umr. Við eigum það ekki alveg tryggt, að þessu máli verði hleypt úr nefnd. Ég vil því minna hæstv. ráðh. á það, að það er út í hött að vitna til þingskapa um fsp. í Sþ., þegar mál er til umr. í Nd. Það er ákvæði í þingsköpum um það, að þm. eigi rétt á að heimta upplýsingar undir umræðum mála, og það er það, sem hér hefur gerzt.

Ég er sannfærður um það, að hæstv. ráðh. getur svarað þessum spurningum. Spurningarnar eru þess eðlis, að honum er skylt að svara þeim. Þær eru til upplýsinga á veigamiklum atriðum í þýðingarmiklu máli, en ef svo ólíklega skyldi ske, að hann væri ekki viðbúinn og vildi afla sér gagna um einhver atriði spurninganna, þá væri það það eina rétta af hans hendi að óska frests, til þess að hann gæti upplýst málið til fulls við framhald umræðunnar, og óska þá jafnframt eftir, að umr. væri frestað. En ef hæstv. ráðh. óskaði eftir fresti til að svara, þá get ég líka óskað eftir því, að umr. verði frestað þangað til svör hans lægju fyrir, og ég óska, að það verði gert. Ef hæstv. ráðh. skorast enn undan því að svara nú, en gæti fallizt á að svara að fengnum fresti, þá óska ég sem sé eftir því, að umr. verði frestað. Svör vil ég fá áður en umr. lýkur.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég er satt að segja alveg forviða á því, hversu mikillar tregðu gætir af hálfu hv. stjórnarflokka að ræða olíumálin hér á hv. Alþingi. Sannleikurinn er nefnilega sá, að þeir hafa ekki alltaf verið jafntregir og nú til þess að ræða olíumálin. Þau bar allmjög á góma í síðustu kosningabaráttu og með svo sérkennilegum hætti að fyllsta ástæða er til þess að rifja það upp og sjá, hvort ekki er hægt að endurvekja í brjóstum einhverra hv. þdm., sem eru stuðningsmenn hæstv. ríkisstj., eitthvað af þeirri hneykslun, sem þeir voru fullir af varðandi olíumál í hinum harða kosningabardaga, sem háður var á síðasta sumri. Í því sambandi vildi ég leyfa mér að rifja upp fyrir hv. þm. örfá atriði úr kosningabardaganum í þeirri von, að það hrófli svolítið við samvizkunni, þ. e. a. s., að hún hafi ekki sofnað algerlega að unnum nokkrum sigri í kosningabaráttunni, þeim sigri, að fyrrverandi stjórn skyldi hafa verið endurreist með stuðningi sömu flokka og áður.

Það muna allir hv. þdm., að áður en kosningabardaginn hófst, vissu menn eiginlega ekki annað en að stjórnarheimilið væri sannkallað kærleiksheimili. Það hafði varla heyrzt um nokkurn kryt, nema þá helzt um veitingu vínveitingaleyfa og svo lítils háttar deilur milli frambjóðenda stjórnarflokkanna í Vestmannaeyjum um það, hvor þeirra hafi gerzt brotlegri við landslög undanfarin ár. Í sambandi við þetta lýsti flokksþing framsóknarmanna að vísu yfir vantrausti á dómsmrh. landsins og taldi honum á engan hátt trúandi fyrir réttaröryggi í landinu, en þetta allt saman tóku menn ekki svo sérstaklega hátíðlega. En þá var það, sem stórskotahríðin byrjaði fyrir alvöru. Morgunblaðið hóf nefnilega kosningabaráttuna hér í Reykjavík á því að skýra frá því, að Sambandið hafi verið í þann veginn að hafa 700 þús. kr. af sjómönnum og útvegsmönnum í sambandi við vöruflutninga til landsins. Tíminn þagði ekki við þessu. Hann svaraði um hæl, að Morgunblaðinu færist alls ekki að tala um þetta, því að Eimskipafélagið hefði nýlega grætt 125 þús. kr. á einum einasta áburðarfarmi. Þá færði Morgunblaðið sig enn upp á skaftið og minnti þjóðina á, — og nú byrja olíumálin að koma til sögunnar, — að Olíufélagið hafi verið dæmt fyrir að taka 1.6 millj. kr. í ólöglegan hagnað af olíuviðskiptum. Og um þetta skrifaði Morgunblaðið dag eftir dag. Við þetta espaðist Tíminn auðvitað enn. Hann sagði, að Eimskip hefði grætt 720 þús. kr. á fimm áburðarförmum og Shell og B. P. — þarna koma olíumálin aftur — hefðu grætt rúmlega eina milljón á olíuflutningum til landsins á fyrstu þremur mánuðum ársins, sem nú er að líða. Þetta stóð í málgagni þáverandi forsrh. og öðru aðalstuðningsblaði núverandi ríkisstj. Á tiltölulega skömmum tíma voru aðalmálgögn ríkisstj., Morgunblaðið og Tíminn, búin að koma upp um alls konar okur á almenningi og þá fyrst og fremst olíuokur, sem nam rúmum 4 millj. kr., og var olíuokrið rúmlega helmingur af þessari upphæð.

En þetta var nú bara byrjunin. Morgunblaðið minnti á, að sektin, sem Olíufélagið hafði verið dæmt til þess að borga, hafi numið 140 þús. kr. og það sé ein allra hæsta sekt, sem nokkurt fyrirtæki hafi verið dæmt til þess að borga. Og þá fékk nú Tíminn málið fyrir alvöru, því að hann skýrði frá því, að ólöglegur

hagnaður einkaverzlana af verðlagsbrotum síðan 1938 hafi numið hvorki meira né minna en 1.8 millj. kr. og svo hafi Eimskipafélagið grætt hvorki meira né minna en 51.5 millj. á leiguskipunum, sem ríkisstj. útvegaði því á stríðsárunum, og af þessum gróða hafi svo Eimskip *nýlega* gefið Kveldúlfi 3—4 millj. kr. Þar með voru stjórnarblöðin búin að skýra frá því, að okurgróði ýmissa milliliða, m. a. olíufélaga, á almenningi hefði undanfarið numið 58 millj. kr.

Nú hallaði alvarlega á Morgunblaðið, en ekki vildi það gefast upp. Og til hvers greip það þá? Þá uppgötvaði það nýtt olíuhneyksli og skýrði frá því í stórum fyrirsögnum. Nú komst það sem sagt upp, — nú er Morgunblaðið heimildin, — að Sambandið hefði nælt sér í 200 þús. kr. milliliðagróða í Ameríku í sambandi við ein ekki mjög stór viðskipti. Þá tók Tíminn á honum stóra sínum og sagði, að miðað við gróða kaupfélaganna hefðu kaupmenn í landinu á undanförnum tíu árum grætt hvorki meira né minna en 120 millj. kr. Það er stærsta talan, sem nefnd var í þessum okurbrigzlum, sem fóru á milli stjórnarblaðanna fyrir kosningarnar. (*Forseti:* Ég vil mælast til þess, að hv. ræðumaður haldi sig sem næst því máli, sem er til umræðu.) Ég er að skýra hv. þm. frá þætti olíumálanna í þeim umræðum, sem fóru fram fyrir síðustu kosningar milli stjórnarflokkanna sjálfra. Það virðist nefnilega ekki ástæðulaust að minna á það, því að þeir virðast *hafa gleymt* þessu. Þeir virðast *hafa gleymt*, hvað þeir báru hver öðrum á brýn í sambandi við olíuviðskiptin fyrir síðustu kosningar fyrir einum þremur til fjórum mánuðum, og þetta heyrir sannarlega til rökstuðnings fyrir því, að olíueinkasölu sé komið á og að olíuverzlunin sé þjóðnýtt, því að hvað eru rök fyrir því að taka olíuverzlunina í opinberar hendar, ef ekki það, að sjálf stjórnarblöðin hafa skýrt frá margra milljóna króna okri á olíuviðskiptunum? Ég get vel skilið, að hæstv. forseti ókyrrist svolítið undir þessum ummælum, því að *hann* er sterkur aðili í þeim félagsskap, sem einmitt málgagn núv. forsrh. bar hvað verstum brigzlum í sambandi við olíuviðskiptin, svo að ég get fyrirgefið honum ókyrrð hans.

Ef maður tók þessar upplýsingar saman, sem Morgunblaðið og Tíminn höfðu skýrt frá í sambandi við milliliðaokur, þá komst talan upp í 182 millj. kr. Með öðrum orðum: Kosningabardaginn á milli Morgunblaðsins og Tímans leiddi til upplýsinga um 182 millj. kr. milliliðaokur á *almenningi, og voru olíumilliliðirnir einn stærsti* aðilinn að þessu okri.

Nú hefði maður búizt við því, að þetta væri ekki allt saman gleymt og grafið, að menn myndu eitthvað af þessu, þó að kosningar væru um garð gengnar. En nú ber svo undarlega við, þegar kosningar eru um garð gengnar og ný ríkisstj. hefur verið mynduð, að allt þetta virðist gleymt og grafið. Það hlýtur að vekja mestu furðu manns. En mig langar að fá að vita, og það er eðlilegt, að þannig sé spurt: Var allt *þetta, sem* sagt var fyrir kosningar í Morgunblaðinu og Tímanum, markleysa? Eða var það allt saman rétt? Ef það var allt saman markleysa, hví leiðrétta þessir hv. stjórnarflokkar ekki þessi ummæli sín? Og ef það er allt saman rétt, finnst þeim þá eðlilegt að láta ekkert til sín heyra, þegar hér er flutt frv. um jafnmikilvægt mál og hér er um að ræða? Það er alveg sama, hvort þetta hafi allt saman verið kosningaáróður og kosningaósannindi eða það hafi allt saman verið rétt. Hafi þetta verið kosningaáróður *og* kosningaósannindi, þá skulda þessi blöð og þessir hv. flokkar almenningi í landinu leiðréttingar á því. En sé það allt saman rétt, sem þeir sögðu, þá dugir ekki að þegja, þegar slíkt mál eins og þetta er hér til umr.

Ég vildi að síðustu endurtaka það, að meðan Morgunblaðið og Tíminn hafa ekki tekið neitt aftur af því, sem þau skýrðu almenningi frá um olíuokur fyrir kosningarnar, þá hljóta sterkustu rökin fyrir olíueinkasölu nú einmitt að vera *sótt í þessi blöð. Ein sterkustu rökin eru* einmitt þessar upplýsingar, sem ég nefndi áðan og ekki hafa verið teknar aftur og ekki leiðréttar, um að í olíuverzluninni eigi sér stað ægilegt okur, líklega svívirðilegra okur en á nokkru öðru sviði íslenzkrar verzlunar, en það stendur eflaust í sambandi við það, að þessi verzlun er ekki íslenzk nema að litlu leyti. Eitt er það, að íslenzkir milliliðir okri á almenningi og íslenzkum atvinnuvegum, en enn þá hróplegra er þó auðvitað, er erlendir milliliðir okra á íslenzkum almenningi og íslenzkum atvinnuvegum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, PÞ, PO, SG, SkG, EggÞ, EI, EirÞ, EmJ, GilsG, GíslG, GJóh, GÞG, HV, IngJ, JPálm, JR, JörB, KGuðj, HÁ.

LJós, BergS, EOl greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÓTh, SÁ, SB, StgrSt, ÁB, BÓ, EystJ, GTh, HelgJ, JóhH, JS, KJJ) fjarstaddir.

8 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég tel mjög óeðlilegt og alveg óvenjulegt að verða ekki við ósk 1. flm. að frv. um að fresta umræðu þess og hefði eindregið óskað eftir því, að það hefði verið gert, þar sem umræðurnar hafa verið þannig, að þær kalla á meiri upplýsingar í málinu. Og vegna þess að ég er óánægður með það, hvernig orðið var við þessari beiðni, þá mun ég ekki greiða atkvæði á þessu stigi um málið.

Bergur Sigurbjörnsson: Herra forseti. Með skírskotun til fyrirvara hv. 11. landsk. (LJós) greiði ég ekki atkvæði.

Eggert Þorsteinsson: Þar sem forseti hefur lýst því yfir, að hann geti ekki orðið við beiðni um frestun á umræðunni, sem ég hefði þó talið réttmætt, þá segi ég já.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þar sem þm. hafa reynslu af því, að ráðherrar þeirra flokka, sem nú sitja, og það sérstaklega síðasti viðskmrh., hafa neitað að svara fsp., sem fram hafa verið bornar á venjulegan hátt, og þar sem hins vegar 54. gr. stjskr. mælir svo fyrir, að hverjum þm. sé heimilt að bera fram sérhvert almennt mál í þeirri þd., sem hann á sæti í, og beiðast um það skýrslu ráðherra, — og þá er náttúrlega gengið út frá því, að hún sé gefin, — en ráðh. hefur neitað að gefa slíka skýrslu nú og ætlar sér að koma þessu máli til 2. umr. og n. til þess að komast hjá því að verða við sínum þinglegu skyldum, þá álít ég, að hæstv. forseti hefði átt að verða við þeirri kröfu að fresta þessari umræðu, og þess vegna greiði ég ekki atkv. við þessa atkvæðagreiðslu.

Emil Jónsson: Herra forseti. Ég er alveg sammála þeim, sem hér hafa fundið að því, að hæstv. forseti hefur ekki séð sér fært að fresta umr. En þar sem hann nú hefur tekið þá ákvörðun, að atkvgr. skuli fara fram um málið og því yrði stefnt í voða, ef menn sætu almennt hjá við þá atkvgr., þá sé ég, þó að ég sé óánægður með þessa meðferð málsins, ekki annað fært, til að þoka málinu þó áfram, en að segja já.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég hafði óskað þess undir umræðu, að umr. yrði frestað, svo framarlega sem hæstv. ráðh. fengist ekki til að gefa hér svör, og það hefur hann ekki fengizt til að gera. Mín ósk stóð því óhögguð. Ég gekk út frá því, að það yrði orðið af hæstv. forseta við þeirri sjálfsögðu ósk flm. Ég harma því mjög, að þessu var synjað, og veit engin rök til þess. Ég vil þó umfram allt koma málinu til nefndar og ég lít á tregðu þm. til þess að greiða atkv., áður en forseti ákvað, að fram skyldi fara nafnakall, sem tjáningu þeirra um það, að þeir hefðu óskað fremur, að frestun hefði fengizt. Ég fagna hins vegar nafnakallinu, af því að það var full ástæða til þess af mér og öðrum hv. þdm., að þeir óskuðu nafnakalls, þótt ekki væri til annars en að það væri fest í þingskjölum, að enginn hæstv. ráðh. hefur fengizt þrátt fyrir ítrekaða viðleitni, sem nógsamlega kemur fram af umr., til þess að fá þá hér til vistar í d. nema viðskmrh., sem ekki átti með góðu móti annars kost en að koma hér til umræðunnar, en það kemur einmitt í ljós nú við nafnakallið, og er ástæða til þess að minna þm. á það, að þeir geta beitt því oftar en þeir gera að óska eftir nafnakalli til að skjalfesta fjarveru hæstv. ráðherra. — En um nafnakallið og afstöðu mína segi ég að síðustu það, að til þess að koma málinu þó til n., en þar mun verða freistað að koma því úr n. til umræðu aftur, þá segi ég þó já.

Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það, sem er spaugilegast við þetta mál, er það, að hv. flm. frv. eru í vafa um það, hvort þeir eigi nú að vísa frv. til 2. umr.

Um það, að ég hafi ekki viljað svara fyrirspurnum hér í dag, vil ég taka fram það, sem ég sagði áðan, að ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að gera það undir þeim kringumstæðum, sem þingsköp mæla fyrir. En fyrirspurnir hafa verið hér í dag, ekki aðeins frá hv. 1. flm., heldur frá mörgum, sem hér hafa tekið til máls. Þær hafa verið mjög margar, og það er ekki eðlilegt, að ég gefi skýrslu í þessu máli í dag. Ég mun að sjálfsögðu gera það, þegar fyrirspurnirnar koma fram á réttan hátt. Um það, sem hv. þm. sagði hér áðan, að það væri ekki sanngjarnt, þar sem þm. hefðu ekki nema fimm mínútna ræðutíma í spurningatíma, vil ég segja, að þessir hv. þm. hafa sagt í dag allt um þetta mál, og vilji þeir við það bæta, hafa þeir tækifæri til þess. — Ég segi já við því, að þetta mál fari til 2. umr.

Karl Guðjónsson: Ég tel, að óeðlilegt sé að ljúka 1. umr. málsins á þessu stigi, þar sem mikilsverðar upplýsingar vantar enn, og harma það þess vegna, að málinu skyldi ekki vera frestað. En vegna þess, að ég er fylgjandi því, að málið nái fram að ganga, þá vil ég ekki eiga hlut að því, að það verði fellt frá því að komast til 2. umr., og segi þess vegna já.

Forseti (HÁ): Ég vil geta þess, að ég tel ásökun 1. flm., hv. 3. landsk. (HV), ósanngjarna, fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að hann hafði að vísu í ræðu, einni af þremur, talað um það, að réttast mundi vera að fresta málinu, og það var í sambandi við þá umkvörtun, sem kom fram hjá ræðumanni, að ekki væri ráðherra til staðar. Þegar umr. var lokið, hafði ráðh. hlýtt á mál manna og tekið þátt í umr. Voru þá eftir tæpar 30 mínútur af umræðutíma, og hafði hv. 1. flm. talað þrisvar. En þegar forseti tilkynnti, að ekki hefðu fleiri kvatt sér hljóðs og umr. væri lokið, kom engin beiðni fram um að fresta umræðum. Það var ekki fyrr en var verið að ganga til atkv., að hv. þm. lét til sín heyra, og þar af leiðandi tel ég ekki þessa ásökun sanngjarna eða þau mótmæli, sem hafa verið framleidd í sambandi við atkvæðagreiðsluna.

Frv. vísað til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. fjhn., á þskj. 820, var útbýtt 12. apríl, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

42. Tollskrá o. fl. (frv. GÞG og HV).

Á 21. fundi í Nd., 12. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 1939, um tollskrá o. fl. [95. mál] (þmfrv., A. 158).

Á 22. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessu frv. er lagt til, að nokkrar smávægilegar breytingar verði gerðar á gildandi lögum um tollskrá. Í breytingunum felst fyrst og fremst, að nótnabækur og nótnablöð fyrir hljóðfæri skuli vera tollfrjáls, en um þetta efni gilda nú þær reglur, að íslenzkar nótnabækur eru tollaðar, þegar þær eru prentaðar erlendis, svo sem nær allar íslenzkar nótnabækur eru gerðar, sökum þess að ekki er hægt að prenta nótur með góðu móti innanlands. Nótur eru tollaðar eftir sömu tollstigum og íslenzkar bækur, prentaðar erlendis, en ákvæðin um tollun íslenzkra bóka hafa verið sett sem tollvernd fyrir íslenzka bókagerð. Má segja, að ekki sé óeðlilegt, að nokkur tollur sé greiddur af þeim íslenzkum bókum, sem prentaðar eru erlendis, vegna þess að hægt er að prenta þær innanlands. Um nótnabækur gegnir hins vegar öðru máli. Þær er ekki hægt að prenta hér innanlands. Það verður að prenta þær erlendis, og þess vegna er eðlilegt, að um það gildi sama og um erlendar bækur, sem auðvitað verða ekki prentaðar eða gefnar út hér innanlands, og þær verði einnig tollfrjálsar.

Enn fremur felst það í frv., að grammófónplötur skuli verða tollfrjálsar eins og erlendar bækur. Í raun og veru er enginn eðlismunur á grammófónplötu og bók, hvort tveggja gegnir nákvæmlega sama eða hliðstæðu hlutverki. Meðan bækur eru tollfrjálsar, er eðlilegt, að grammófónplötur séu það líka. Þörf manna fyrir að lesa erlenda bók er alveg sama eðlis og þörf manna fyrir að hlusta á grammófónplötu, og ættu því sömu reglur að gilda um þetta tvennt.

Í þriðja lagi felst það í frv., að helztu hljóðfæri skuli vera tollfrjáls. Rökstuðningurinn fyrir því er sá, að sé um að ræða tæki, sem mikilsverð séu til þess að efla heilbrigt menningarlíf með þjóðinni, þá sé eðlilegt, að þau séu tollfrjáls. Í gildandi lögum er heimild til þess að undanþiggja viss hljóðfæri, sem flutt eru inn fyrir kirkjur og skóla, tolli, og það mun hafa verið gert. Mér og meðflutningsmanni mínum finnst eðlilegt, að sama gildi um þessi hljóðfæri yfirleitt til þess að stuðla að notkun þeirra með þjóðinni og efla þannig þann hluta íslenzks menningarlífs, sem er ekki lítilvægastur, sem sé tónlistarlífið,

Ríkissjóður mundi ekki missa verulega í tekjum, þótt þessi ákvæði yrðu samþykkt. Ég hef ekki getað fengið um það nákvæmar upplýsingar, hvað tollur á þessu á s. l. ári hafi verið mikill, en ég fullyrði, að hér er um fremur smávægilegar upphæðir að ræða. Af þeim sökum þyrftu hv. þm. ekki að líta þetta frv. óhýru auga.

Ég leyfi mér að óska þess, að frv. verði vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

43. Almannatryggingar (frv. KGuðj o. fl.).

Á 15. fundi í Sþ., 11. nóv., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1946, um almannatryggingar, og um breyt. á l. nr. 38/1953, um breyt. á þeim l. og viðauka við þau* [98. mál] (þmfrv., A. 162).

Á 21. og 22. fundi í Nd., 12. og 13. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Lögin um almannatryggingar móta lífskjör æði fjölmenns hóps landsmanna, auk þess sem réttindi þeirrar löggjafar snerta á einhvern hátt beint eða óbeint næstum alla landsmenn. Setning almannatryggingalaganna var á sínum tíma eitt af stærstu skrefunum, sem við Íslendingar höfum stigið í átt til hinna beztu eiginleika siðmenningarinnar. En hitt er engu að síður raunverulegt, að hin ýmsu ákvæði löggjafar þessarar þykja mismunandi sanngjörn og mismunandi þrauthugsuð, enda er ekkert eðlilegra en að slík löggjöf sé til endurskoðunar, bæði til leiðréttingar á upprunalegri vansmíð, en þó alveg sérstaklega til þess að lögin haldi fullu samræmi við þær breyt., sem framvinda tímanna skapar í þjóðfélaginu hverju sinni.

Það frv., sem liggur hér fyrir á þskj. 162, gerir ráð fyrir að auka í nokkru réttindi bótaþeganna, en í öðru að skapa þeim réttindi, þar sem þau voru ekki fyrir hendi áður. Ég vil leyfa mér að fara nokkrum orðum um þau atriði, sem frv. tekur til, enda þótt ég telji, að fyrir þeim sé nú í rauninni nægilega gerð grein í grg. frv.

Í fyrsta lagi er hér lagt til í 1. gr. þessa frv., að þeir menn, sem njóta heiðurslauna og ólögboðinna eftirlauna samkv. fjárl., fái þessar fjárveitingar ekki beint til frádráttar á sinn ellilífeyri, — hér er í flestum tilfellum um að ræða ellilífeyrisþega, — heldur komi framlag fjárl. þeim, eins og aðrar tekjur, einungis til frádráttar eftir almennum skerðingarákvæðum almannatryggingalaganna, en þeim skerðingarákvæðum er svo hagað, að nemi tekjur lífeyrisþega hærri fjárhæð en lífeyririnn, verður skerðing á lífeyrisgreiðslunni og skerðingin fer svo vaxandi eftir því, sem tekjurnar verða hærri, unz tekjurnar hafa náð þrefaldri upphæð lífeyrisins, þá fellur að öllu niður lífeyrisgreiðslan. Það er óeðlilegt, að þeir menn, sem eftir langa og dygga þjónustu eru sæmdir þeim sérstaka heiðri að fá fjárveitingu á fjárl., án þess að ríkinu beri til þess skylda að veita þeim eftirlaun, séu látnir frekar gjalda þess

en njóta, en svo er það raunverulega eins og nú er málum komið. Ég þekki þess dæmi, að gamlir menn, sem hafa eingöngu haft sinn ellilífeyri af að lifa, hafa orðið fyrir þeim heiðri, að Alþ. hefur tekið þá inn á fjárlög, veitt þeim sem heiðurslaun nokkrar krónur, — hér er oftast um lágar fjárhæðir að ræða. Þetta leiðir til þess, að einn góðan veðurdag, þegar slíkur heiðurslaunþegi ríkisins kemur að sækja sinn ellilífeyri, þá fær hann það svar, að nú sé því miður ekki lengur hægt að borga honum almannatryggingalífeyrinn hans, hann eigi þess í stað að innheimta sín heiðurslaun úr ríkissjóði. Og síðan er þeim hinum sama manni skýrt frá því, að hann geti komið aftur eftir tvo, þrjá mánuði, eftir því, hve hárri upphæð honum hefur verið úthlutað á fjárl. En sem sé, þegar liðinn er jafnlangur tími eins og maðurinn væri að fá þetta greitt í ellilífeyri, getur hann komið aftur og vitjað um sinn ellistyrk á ný. Í slíkum tilfellum verður þá hinn aldurhnigni heiðurslaunþegi að fara að útvega sér trúnaðarmann til þess að veita fénu móttöku hér í Reykjavík, og okkur, sem búum úti á landsbyggðinni, finnst það ekki sérlega greiður gangur að fá afgreidd okkar mál úr fjarlægð. Auk þess verður af þessu nokkur kostnaður. Sem sé: Sá, sem sæmdur er heiðurslaunum á 18. gr. fjárlaga, og heiðurslaunin eru, eins og þau eru í flestum tilfellum, aðeins lágar fjárhæðir, fær engan raunverulegan fjárhagsstuðning af þeirri löggjöf, heldur þvert á móti allmikið umstang og svolítinn kostnað. Það væri eðlilegra, ef Alþ. meinti ekkert með því að taka slíka menn inn á fjárlög annað en það að heiðra þeirra nöfn, að þeir væru alls ekki hafðir á fjárl., heldur á einhverjum heiðurslista, sem Alþ. samþykkti þá, og léti nöfn þeirra standa þar án þess að tilgreina nokkra krónutölu aftan við. Ég held hins vegar, að hér sé um að ræða misskilning, þannig að Alþ. ætlist raunverulega ekki til þess, að þetta sé svo í framkvæmd, en vegna ákvæða almannatryggingal. eru eftirlaun eða einhvers konar laun úr opinberum sjóðum dregin frá hinum almenna lífeyri. Þess vegna er hér lagt til, að þetta verði leiðrétt með þeim hætti, að slíkar fjárveitingar sem ég hef hér oftsinnis nefnt verði eingöngu teknar eins og almennar tekjur bótaþegans eða lífeyrisþegans og komi því aðeins til skerðingar, að þær séu það miklar ásamt öðrum tekjum hans, að þær heyri undir 1. tölulið bráðabirgðaákvæða almannatryggingal. um skerðingu.

Í öðru lagi er hér í þessu frv. lagt til, að fjölskyldubæturnar séu einnig látnar ná til þeirra barna, sem greiddur er barnalífeyrir með. Almannatryggingalöggjöfin gerir nú ráð fyrir því, að greiddar séu fjölskyldubætur með öllum börnum hverrar fjölskyldu innan við 16 ára aldur nema einu, og þessar greiðslur fara í engu eftir efnahag foreldranna, heldur eru þær fastákveðnar án tillits til þess. Það einasta, sem fellir niður réttinn til fjölskyldubótanna, er, að forstöðumaður heimilisins, sem barnið hefur á sínu framfæri, taki ekki með því barnalífeyri. En þetta þýðir í framkvæmdinni það, að öryrkjar, sem hafa börn á sínu framfæri, og gamalmenni, sem hafa börn á sínu framfæri, svo og þeir, sem hafa börn í fóstri fyrir aðra, njóta ekki sama réttar og aðrir. Í rauninni er það svo, að hér er um að ræða þá aðila, sem kannske allra frekast þyrftu að fá fjölskyldubætur. Einstæðar mæður eru látnar njóta þessara fjölskyldubóta og bæturnar kallaðar mæðralaun, en hér er lagt til, að fjölskyldubótarétturinn verði ekki skertur í neinu við það, þó að barnalífeyrir sé greiddur með viðkomandi börnum. Þetta er áreiðanlega það atriðið í framkvæmd almannatryggingganna, sem með réttu sætir mestri gagnrýni um þessar mundir og þarfnast þess skjótar en nokkuð annað, að hér sé bætt um. Sem sé, það hefur tekizt svo til, vafalaust fyrir einhvers konar mistök, að einmitt þeir aðilarnir, sem mest þurfa á þessu að halda, þ. e. a. s. börn öryrkja, börn eða fósturbörn gamalmenna og munaðarlaus börn fá ekki þennan rétt núna, sem aðrir hafa alveg án tillits til efnahags foreldranna. Ég tel þess vegna, að það sé ekki einasta réttmætt af Alþ., heldur beinlínis siðferðisskylda, að hér verði bætt um.

Þá er hér lagt til, að kaflinn um sjúkrabætur verði látinn taka þeim breyt., að giftar konur verði látnar njóta þar sama réttar eins og aðrir, en svo er ekki eins og nú standa sakir, þ. e. a. s., í l. er ákvæði svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Giftar konur fá því aðeins greiddar sjúkrabætur, að þær færi sönnur á, að maður þeirra geti ekki séð þeim farborða."

Ég vil vekja athygli á því, að hér eru giftar konur settar skör neðar en allir aðrir þegnar þessa þjóðfélags hvað snertir réttinn til sjúkrabóta. Engum öðrum aðila er gert það að skyldu að sanna óhæfni venzlamanna sinna eða sifjaliðs til þess að framfæra sig í veikindum. Þetta á aðeins við um giftar konur. Í reyndinni þýðir þetta, að giftar konur fá yfirleitt ekki sjúkrabætur. Það kunna að vera dæmi til þess, ég veit ekki um þau. Og í því héraði, þar sem ég er búsettur, hafa slíkar bætur ekki verið greiddar síðustu árin, kannske ekki endilega vegna þess, að engin kona hafi öðlazt rétt til þeirra, heldur vegna þess, að konur tregast til þess, jafnvel þó að ástæða væri til, að sanna það, að maður þeirra sé óhæfur til þess að framfleyta þeim í veikindum þeirra. Þetta ákvæði er ranglátt, og því þarf að breyta, enda er það í fullu samræmi við þær kröfur, sem samtök kvenna gera yfirleitt um þessi mál. Og þó að ég vilji nú ekki leggja dóm á það hér, hversu réttmætar þær kröfur eru yfirleitt, þá er það mín skoðun, að hér sé um að ræða fullkomið réttlætismál, sem rangt væri að láta undan dragast að leiðrétta.

Og þá kem ég að því, sem er fjárhagslega veigamesta atriðið í því, sem lagt er til í þessu frv. Það er í 3. gr. frv., en þar er lagt til, að allur elli- og örorkulífeyrir verði hækkaður um 25%. Ég hef gert á því svolitla athugun, hvað skeð hafi í þessum málum frá því er lögin voru sett. Almannatryggingalöggjöfin er, eins og hv. alþm. sjálfsagt muna vel, frá árinu 1946, og þá er gert ráð fyrir því í upphafi, að ellilífeyrir einstaklinga á fyrsta verðlagssvæði, svo að ég

taki dæmi þar, sé 100 kr. á mánuði í grunn. Ef sú vísitala, sem þá var lögð til grundvallar kaupgreiðslum, væri enn í gildi, þýðir það, að þessi ellilífeyrir mundi núna vera einhvers staðar milli 620 og 630 kr. Hins vegar er hann í reyndinni, eftir þeim reglum sem nú er farið eftir, 533 kr. Ég skal taka það fram, að þessar tölur og þær tölur, sem yfirleitt eru nefndar hér í frv. og grg. þess, eru miðaðar við vísitöluna 157, eins og gildandi var þegar frv. var samið nú um mánaðamótin. Við sjáum af þessu, að hagur lífeyrisþegans hefur versnað um 14—15% frá því að lögin voru samþ. Nú væri það hins vegar eðlilegt, að á því tímabili, sem liðið er frá því að lögin voru sett, hefði heldur miðað í hina áttina, að lífskjör þessa fólks væru gerð betri. Það, sem lagt er til í frv., er, að kjör þessara lífeyrisþega verði hækkuð um 7—8%, en það er það, sem ske mundi, ef frv. yrði að lögum. Ég skal taka það fram, að lífeyrir á 1. verðlagssvæði fyrir hjón er nú 854 kr. á mánuði, en mundi, ef þetta yrði að lögum, verða 1067 kr. á mánuði. Fyrir einstakling mundi þetta þýða hækkun úr 533 kr. upp í 667 kr. á mánuði. Vænti ég þess, að hv. alþm. þurfi ekki að finnast það vera nein ofrausn við lífeyrisþegana.

Þá kem ég að síðustu að því atriði, að samþykkt á þessu frv. mundi að sjálfsögðu ekki verða kostnaðarlaus. Ég hef því miður ekki aðstöðu til þess að geta reiknað út með nokkurri nákvæmni, hvað samþykkt frv. í heild mundi kosta, en ég get hins vegar greint frá því, að samþykkt 1., 2. og 4. gr. frv. mundi ekki hafa mjög mikil aukin fjárhagsleg útgjöld í för með sér. Hækkunin á lífeyrinum um 25% mundi hins vegar hafa í för með sér allveruleg aukin fjárútlát fyrir almannatryggingarnar, og þess skal getið, að ef miðað er við árið 1952, sem er síðasta ár, sem við höfum reikningana yfir, þá námu ellilífeyrisgreiðslurnar 38 millj. 680 þús., en örorkulífeyrisgreiðslurnar 11 millj. 86 þús., þ. e. a. s. samtals elli- og örorkulífeyrir 49 millj. 766 þús. En það þýðir það, að ef þetta væri hækkað um fjórðung, þá mundu lífeyrisgreiðslurnar hafa numið, ef ekki kæmi til nein önnur breyting á þessu, 12 millj. 441½ þús. meira en var eftir þeim lögum, sem þá voru í gildi. En ef við miðum við meðalvísitölu ársins í ár, sem Tryggingastofnunin er nú búin að áætla 157¼ úr stigi, þá mundi samþykkt þessa frv. hafa í för með sér hækkun, sem nemur 13 millj. 150 þús. Þess skal getið, að þetta mundi hækka örlítið meira en þessar tölur sýna, vegna þess að skerðingarákvæðin mundu sjálfkrafa færast og rýmka við það, að lífeyririnn væri hækkaður, þar sem skerðingin er miðuð við lífeyrisupphæðina. Ég geri þess vegna ráð fyrir því, að samþykkt þessa frv. mundi í heild hafa í för með sér útgjaldaaukningu, sem næmi nálægt 14 millj., eða kannske rúmlega það. Það er að sjálfsögðu ekki hægt, a. m. k. ekki með þeim tölum, sem ég hef við höndina, að reikna það nákvæmlega út, hversu miklu þetta mundi nema, en ég hygg, að það sé ekki fjarri til getið, að þetta mundi nema eitthvað rúmum 14 millj. kr.

Þá kemur spurningin: Höfum við efni á því að auka útgjöld almannatrygginganna um þessa upphæð? Ég svara því til, að á meðan hæstv. ríkisstj. leggur fyrir Alþ. frv. til fjárlaga með 38—39 millj. kr. tekjuafgangi, þá er ekki úr vegi að gera ráð fyrir því, að nokkur hluti af þessum tekjuafgangi væri heldur notaður til þess að viðhalda þeim lífskjörum, sem Alþ. fyrir sjö árum samþykkti til handa gömlu fólki og lasburða og auka þau í nokkru, heldur en að taka það fé til annarra nota. Þá vil ég líka sérstaklega benda á það, að það er ekki einasta réttlætismál, að vel sé búið að þeim, sem hafa þegar skilað löngu lífsstarfi, og hinum, sem ekki hafa heilsu til þess að afla sér tekna af eigin rammleik, heldur er það og brýnt hagsmunamál. Það má ekki ske, að við látum kjör þessa fólks fara versnandi, og hér er aðeins lagt til, að þau séu bætt um 7—8% frá því að löggjöfin var sett, og er í rauninni um svo litla hækkun að ræða, að ég hygg, að alþm. ættu að get fallizt á, að frv. þetta yrði samþ.

Ég vil svo að lokinni þessari umr. gera það að till. minni, að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Það eru enn þá einu sinni fluttar hér brtt. við almannatryggingalögin. Þessi löggjöf var sett 1946 og þá miðuð við þær fjárhagslegu aðstæður, sem þjóðin hafði við að búa og voru einhverjar þær glæsilegustu, sem nokkru sinni hafa komið yfir íslenzku þjóðina. En því hefur nú ekki verið svo farið á undanförnum árum, að það sé hægt með sanni að segja, að tekjur þjóðarinnar hafi verið jafnglæsilegar og þær voru á þeim tíma. Löggjöfin var einmitt við það sniðin, að hagur þjóðarinnar yrði ekki verri á komandi árum en hann var á þeim tíma, sem lögin voru samþykkt. En mér er vel kunnugt um það, að þessi löggjöf hefur komið mjög illa við mörg minni sveitarfélög þessa lands, ég tala nú ekki um, þar sem kannske þriðjungur eða helmingur af bændabýlunum í sumum sveitum er kominn í eyði og þau fáu býli, sem eftir eru, verða að rísa undir þeim útgjöldum, sem miðuð eru við allar fasteignir sveitarinnar, eins og þær væru fullnytjaðar, og svo eru kannske sumir hinir sömu einstaklingar líka það illa staðir, að þeir eru ekki skyldugir samkv. almannatryggingal. að greiða sín iðgjöld, þannig að viðkomandi sveitarfélag verður að greiða þau fyrir þá, og er slíkt erfitt að þola til lengdar.

Það er líka margt varðandi þessa löggjöf, sem þarf mjög gaumgæfilegrar athugunar við, og vil ég beina því til þeirrar n., sem fer með þessi mál, að almannatryggingalögin verði verulega tekin til endurskoðunar. Ég vil benda á það t. d., að atvinnurekendagjöldin eru mjög ósanngjörn. Mér finnst það ósanngjarnt, t. d. til sveita, að þeir bændur, sem búa við mesta örðugleikana hvað alla tækni snertir og verða að halda flest verkafólk, verði þess vegna að borga margfalt meira til almannatrygginganna en hinir, sem hafa meiri tækni og þurfa þess vegna færra fólk í sinni þjónustu. Það er því óhugsandi, eins og sakir standa nú, að auka

útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins án þess að tekjustofnarnir séu jafnframt teknir til gaumgæfilegrar athugunar. Og það er einnig það, sem ég vil beina til n., sem fer með málið, að sú hlið málsins sé ekki síður tekin til meðferðar en útgjaldaliðirnir. Ef Tryggingastofnunin á að geta sinnt sínu hlutverki: að vera traust stoð þeim aðilum, sem eiga að njóta réttinda samkv. lögum hennar, þá verða fyrst og fremst tekjustofnarnir að vera traustir. Og ég hygg, að það sé kannske nokkuð að bresta á það nú, að tekjustofnarnir séu eins traustir og vera skyldi.

Á s. l. ári voru réttindi manna samkv. þessari löggjöf aukin allverulega frá því, sem áður var. Þá var samþ. af Alþ., að það væri í raun og veru engin fjölskylda í þjóðfélaginu, sem gæti séð fyrir tveimur börnum og fleiri án þess að fá einhvern styrk frá því opinbera. Slíkt hlýtur að vera fjarstæða ein. Það kann að vera undir einstökum kringumstæðum, að þörf sé á því að greiða með öðru og þriðja barni í fjölskyldu, en sem betur fer, þá held ég undir flestum kringumstæðum, að flestum þætti sinn sómi meiri, ef þeir þyrftu ekki á slíku að halda. En því hefur verið haldið fram, að með því að breyta þessu ákvæði væru rofnir þeir samningar, sem voru gerðir fyrir ári, þegar vinnudeilurnar stóðu yfir. Það kann vel að vera, að svo sé, en ég hygg þó, að þetta verði áður en langt um líður að taka til gaumgæfilegrar athugunar. Ég sé ekki, að hinum fátækari stéttum liði neitt betur fyrir það, þó að þeir, sem betur eru staðir í þessu þjóðfélagi, taki ekki á móti slíkum styrk. Ég sé ekki, að það þurfi að koma neitt við kaupsamninga, og þess vegna vil ég beina því til n., að hún taki þetta atriði einnig til athugunar, því að ef nú samkv. þessu frv., sem fyrir liggur, ætti að auka útgjöld Tryggingastofnunarinnar, þá mundi það þýða það, að tekjur þeirra, sem njóta réttinda samkv. þessum lögum, yrðu enn þá óvissari í framtíðinni en verið hefur, að það er vitað, að Tryggingastofnunin bar sig ekki 1952, og enn þá meiri líkur til þess, að hagur hennar hafi farið versnandi á yfirstandandi ári. Þess vegna finnst mér tæplega hægt að bera fram svona frv. eins og það, sem nú er til umræðu, nema jafnframt komi tillögur um það, á hvern hátt Tryggingastofnuninni verði séð fyrir þeim tekjum, sem geta risið undir þeim útgjöldum, sem hún hefur þurft að inna af hendi á undanförnum árum og kynni að þurfa að inna af hendi samkv. þessu frv., ef það yrði að lögum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 24. fundi í Nd., 17. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

44. Bátasmíð innanlands.

Á 17 fundi í Sþ., 18. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um lán handa fiskveiðasjóði Íslands til fiskiskipasmíða innanlands [102. mál] (þmfrv., A. 173).

Á 25. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Frv. það til laga, sem hér liggur fyrir á þskj. 173 og flutt er af þm. Sósfl., er um það, að ríkissjóður skuli lána fiskveiðasjóði Íslands 20 millj. kr. á árinu 1954 og skuli sjóðurinn lána þetta fé til smíði fiskibáta innanlands. Þá er gert ráð fyrir því, að lánin skuli veitt til 20 ára og vextir séu ekki hærri en 4%. Ríkissjóði verði heimilað að taka á þessu ári 20 millj. kr. lán innanlands eða erlendis.

Það ætti að vera óþarfi að fjölyrða í löngu máli um nauðsyn þess, að Íslendingar smíði sjálfir fiskiskip sín. Um þetta hafa þó verið allskiptar skoðanir. Menn hafa haldið því fram, að íslenzk skip eða skip smíðuð í íslenzkum skipasmíðastöðvum væru ekki samkeppnisfær við erlendar skipasmíðastöðvar. Þessi skoðun mun vera mjög hæpin, þegar allar aðstæður eru athugaðar nánar. Það er alkunna, að flestir þeir fiskibátar, sem fluttir hafa verið til landsins, hafa þurft allmikillar aðgerðar við, auk þess sem flestir þessara erlendu báta hafa ekki reynzt eins traust og góð sjóskip og þeir, sem smíðaðir hafa verið innanlands. Sérstaklega hefur þetta þó komið greinilega í ljós, þegar um notuð skip hefur verið að ræða, sem keypt hafa verið inn erlendis frá. Þá hefur verið um að ræða margvíslegar aðgerðir bæði á skipi og vél o. s. frv. Skipin hefur orðið að taka til stórfelldrar viðgerðar og setja í þau ýmis nauðsynleg tæki, sem eru í íslenzkum fiskiskipum, jafnvel umfram það, sem er oft og tíðum í þeim erlendu. Útkoman hefur því orðið sú, að þessi notuðu erlendu skip hafa orðið eins dýr og þó að þau hefðu verið smíðuð hérlendis. En eitt er staðreynd, að gamalt verður alltaf gamalt og verður aldrei nýtt, hvað mikið sem gert er við það og hvað miklu sem til þess er kostað.

Nokkur undanfarin ár hefur nýsmíði fiskibáta í innlendum skipasmíðastöðvum stöðvazt að mestu leyti. Skipasmíðastöðvunum hafa ekki borizt nein verkefni í nýsmíði. Til þessarar öfugþróunar liggja margar orsakir; þó mun hafa valdið mestu hin alþekkta lánsfjárkreppa, sem legið hefur eins og mara á öllu atvinnulífi Íslendinga nú undanfarin ár. Ég þekki fjöldamarga dugandi sjómenn og útgerðarmenn, sem hefðu viljað ná sér í góðan fiskibát og ekkert kosið frekar en að fá hann smíðaðan hér innanlands. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, göngu eftir göngu til nefnda og aftur nefnda, til banka og aftur banka, til viðræðu um útvegun fjár til bátakaupanna, hefur þeim ekki tekizt að fá neina aðstoð til slíkra framkvæmda. Skipasmíðastöðin hefur misst af smíðinni, sjómennirnir af bátnum og vonir verkafólks í landi um

aukna atvinnu í sambandi við ný fiskiskip í bæinn eða sjávarþorpið hafa að engu orðið.

Þá hefur hinn illræmdi söluskattur haft sín áhrif í þá átt að gera innlendum skipasmíðastöðvum erfiðara fyrir og hækka verð skipanna um allverulega upphæð. Innlendar skipasmíðastöðvar hafa að mestu verið starfræktar sem viðgerðarstöðvar fyrir bátaflotann. Vöntun á nýsmíðum, á nýjum verkefnum, hefur leitt til þess, að skipasmíðastöðvarnar hafa misst úr þjónustu sinni marga ágæta fagmenn. Samtök iðnaðarmanna hafa margbent á hættuna, sem af slíkri öfugþróun stafar, og ef ekki fengist grundvöllur fyrir nýsmíði fiskibáta, væri rekstrargrundvelli stöðvanna stefnt í beinan voða, þar sem algerlega vantaði verkefni yfir langan tíma á hverju ári.

Fiskifélag Íslands hefur á undanförnum árum birt fróðlegar skýrslur um skipasmíði, skipabrautir o. fl. Á þessum skýrslum sést, hvað samdrátturinn í þessari iðngrein hefur verið mikill undanfarin ár og hvað fiskibátafloti landsmanna hefur minnkað. Er á þetta bent í grg. í frv., og læt ég nægja að vísa til hennar um þetta mál að mestu leyti. Þó er rétt að benda á, að á árinu 1946 voru smíðaðir 16 nýir bátar, alls um 800 rúmlestir, og þá unnu 448 menn við skipasmíðar hérlendis. 1947 voru smíðaðir 17 bátar alls, um 900 rúmlestir; þá unnu við slíkan atvinnurekstur 420 manns. Það er rétt að taka það fram, að þarna eru ekki meðtaldir vélsmiðir eða vélvirkjar. Þá var líka mikill framfarahugur hjá íslenzku þjóðinni, þá var engin tilbúin lánsfjárkreppa, enda hafði þá hin óheillavænlega hernámsstefna ekki gegnsýrt atvinnulíf landsmanna, eins og síðar varð. Síðan 1947 hefur stöðugur samdráttur á þessu sviði átt sér stað. Árin 1951 og 1952 er svo komið, að nýsmíði fiskiskipa og báta innanlands er úr sögunni að mestu eða öllu leyti.

Öllum, sem um þessi mál hugsa, verður að vera það ljóst og er það ljóst, að hér er stefnt í beinan voða með þennan atvinnuveg, ef ekki verður farið inn á nýjar brautir, sem leitt geti til úrbóta á þessu sviði. Þörfin fyrir endurnýjun og stóraukningu fiskiskipastólsins er knýjandi nauðsyn. Eftirspurn eftir fiskibátum fer nú ört vaxandi. Nú stendur til og er reyndar hafinn innflutningur notaðra fiskibáta erlendis frá í tugatali. Það má vel vera, að margir þessara innfluttu báta séu sæmileg sjóskip, en eitt er víst, og það er, að þessi erlendu skip og vélarnar, sem í þeim eru, eru nokkurra ára gömul og ekki byggð eftir þeim kröfum, sem gerðar eru, þegar um nýsmíði fiskiskipa innanlands er að ræða, enda hefur reynslan sýnt það og mun halda áfram að sýna það, að notaðir fiskibátar, keyptir erlendis frá, verða eigendunum ekki ódýrari, þegar allt kemur til alls, en bátar af sömu stærð smíðaðir innanlands. Í nokkrum skipasmíðastöðvum hér og þó aðallega við Faxaflóa er nú hafin nýsmíði fiskibáta. Enn þá eru flestar skipasmíðastöðvarnar annars staðar á landinu, sem enga nýsmíði hafa með höndum. Margir aðilar víðs vegar um land hafa fullan hug á því að fá smíðuð traust og góð fiskiskip og báta innanlands. Alls staðar er mikil þörf fyrir ný fiskiskip og báta, fólkið víðs vegar í sjávarþorpum og kaupstöðum landsins beinlínis bíður eftir nýjum skipum og bátum í plássin og það vill mikið á sig leggja til að fá þessi nauðsynlegu framleiðslutæki. Sjómennirnir íslenzku vilja stunda fiskveiðar á góðum og öruggum skipum, og verkafólkið í landi vill fá að vinna við nýtingu aflans í vel uppbyggðum fiskvinnslustöðvum. Vinnandi stéttir Íslands krefjast þess að fá að vinna við hagnýt störf, hver heima í sínu byggðarlagi, og losna þar með undan því ófremdarástandi að þurfa að sækja vinnu suður á Keflavíkurflugvöll til erlends stórveldis við byggingu hernaðarmannvirkja og þess háttar.

Það, sem vantar til að tryggja stóraukna fiskiskipabyggingu innanlands, er aukin lánastarfsemi til slíkra framkvæmda. Þessu frv., ef að lögum verður, er ætlað að greiða fyrir því, að svo geti orðið. Eins og bent er á hér í grg., má það teljast nokkurn veginn öruggt, að fái fiskveiðasjóður 20 millj. kr. lán, mun það fé nægja til að hrinda af stað smíði 25—30 vandaðra og stórra fiskibáta í innlendum skipasmíðastöðvum. Auk þess ætti stofnlánadeild sjávarútvegsins að hafa yfir að ráða allmiklu fé, sem hægt væri að lána út til eflingar útgerðinni og vinnslustöðvum í landi, ef frv. það, sem hv. 2. þm. Reykv. (EOl) o. fl. flytja á þskj. 58, um breytingar á stofnlánadeildarlögunum, nær fram að ganga.

Þá er rétt að benda á sem þýðingarmikil rök í þessu máli, að ef skipasmíðastöðvarnar fá næg verkefni við nýsmíði fiskibáta og skipa, tryggja þær hundruðum Íslendinga örugga atvinnu og þjóðinni munu sparast milljónir í gjaldeyri. Þjóð, sem vill í raun og sannleika teljast sjálfstæð, verður að keppa að því að byggja upp atvinnuvegi sína á sem öruggastan og beztan hátt. Það gildir jafnt um alla höfuðatvinnuvegi okkar Íslendinga, landbúnaðinn, sjávarútveginn, siglingarnar og iðnaðinn. Það er því óumdeilanleg skylda Alþingis að vera vel á verði í hvert sinn, sem það sýnir sig, að einhver grein af þessum aðalatvinnuvegum þjóðarinnar er að verða á eftir tímanum og getur ekki fullnægt þeim kröfum, sem til hennar eru gerðar á hverjum tíma. Jafnframt er það óumdeilanleg skylda ríkisvaldsins og Alþingis að styrkja þessa atvinnuvegi með öllum ráðstöfunum sem hægt er, svo sem með útvegun nauðsynlegs fjármagns og öðrum þeim fyrirgreiðslum, sem nauðsynlegar eru og kunna að teljast á hverjum tíma. Við Íslendingar erum lánsamir að búa í ágætu landi. Í hafinu kringum strendur þess eru einhver auðugustu fiskimið í heimi. Meðal okkar er einhver duglegasta og afkastamesta sjómannastétt í heimi, sem aflar meiri verðmæta með starfi sínu á sjónum en nokkur önnur þjóð í veröldinni, miðað við fjölda þeirra manna, sem fiskveiðar stunda. Markaðir fyrir íslenzkar fiskafurðir eru sífellt að aukast. Alls staðar blasa við stór verkefni, ef við bærum gæfu til að nota þau. Það þarf að skapa hjá þjóðinni aukna trú á landið og gæði þess. Það verður að skaffa öllum íslenzkum starfsstéttum næg íslenzk verkefni til að starfa við. Það

er bezta og eina varanlega vörnin fyrir okkar sjálfstæði og okkar frelsi.

Ég vonast svo til þess, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

45. Togarasmíð innanlands o. fl.

Á 28. fundi í Nd., 24. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um smíði togara innanlands og aukningu togaraflotans [106. mál] (þmfrv., A. 185).

Á 29. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 185, gerir ráð fyrir því, að haldið verði áfram nýsmíði togara og hafi ríkið forgöngu um það til að auka fiskiskipastól landsmanna og að hafin verði smíði togara innanlands. Togari er þess háttar framleiðslutæki, að hann gefur í erlendum gjaldeyri 5 millj. kr. á ári hverju að meðaltali eða því sem næst, ef afli hans er fluttur út algerlega óunninn, en ef aflinn er unninn hér í landi, frystur eða verkaður á annan hátt, þá má gera ráð fyrir, að það verðmæti, sem einn nýtízku togari skilar í erlendum gjaldeyri árlega, sé 10—12 millj., þ. e. a. s. meira en verðið á hverju skipi.

Nú hagar svo til, að íslenzki togaraflotinn hefur þrátt fyrir allt ekki tekið þeirri framþróun, sem eðlilegt væri að hann hefði tekið á síðustu árum. Að vísu er alveg rétt, að keyptir hafa verið til landsins samtals 43 ágætir togarar á s. l. árum; þeir byrjuðu að koma til landsins 1947, og þeir síðustu þeirra munu hafa komið hingað á árinu 1950. En þegar við athugum það, að Íslendingar gerðu út 37 togara fyrir 20 árum, en í dag gera þeir út 43 togara, þá sjáum við, að þessi atvinnuvegur hefur ekki tekið þeirri þróun, sem eðlilegt væri. Það hafði reyndar verið svo allmörg ár, þangað til nýsköpunarstjórnin tók við völdum, að togaraskipastólinn fór minnkandi bæði að rúmlestatölu og að skipafjölda, og vil ég leyfa mér í því sambandi að nefna hér nokkrar tölur, sem teknar eru úr skýrslu frá Fiskifélagi Íslands.

Í árslok 1934 voru togarar í eigu Íslendinga samtals 37, og nam sá floti 12430 rúmlestum. Þeir voru yfirleitt allir gerðir út að staðaldri, en viðhald skipastólsins var ákaflega lítið, svo að togaraflotanum fór smám saman hnignandi. Árið 1940 eru togararnir ekki orðnir nema 35, og árið 1945 eru þeir aðeins 28, og þá er rúmlestatalan komin niður fyrir 10 þús. En á árinu 1947 taka nýsköpunartogararnir að koma í höfn, og þá byrjar aftur fjölgun togaranna, og rúmlestatalan fer mjög vaxandi. En gömlu skipin, sem fyrir voru, úreltust fljótar en menn grunaði, og má telja, að þau séu að mestu úr sögunni sem veruleg framleiðslutæki. Níu af gömlu togurunum eru enn á skipaskrá, eða voru í síðustu árslok, þannig að talið er, að togaraeign Íslendinga í árslok 1952 sé 52 skip, en þar af eru 9, sem ekki er hægt að telja með sem framleiðslutæki, nema þá að örlitlu leyti.

Togaraeign Íslendinga er nú 43 togarar, þegar aðeins eru taldir þeir, sem eru í nokkurn veginn stöðugri útgerð. Þetta þýðir það, að íslenzki togaraflotinn, ef hann er fullnýttur og afli hans er unninn sem mest innanlands, getur gefið 430—516 millj. kr. í erlendum gjaldeyri, en ef bætt væri við tíu skipum, þá mundi þetta væntanlega aukast upp í það, að verðmæti fullunnins togarafisks mundi geta numið 530—636 millj. kr. á ári. Það er þess vegna greinilegt, að ekkert af því, sem Íslendingar reka, er eins þýðingarmikið undirstöðuatriði eins og einmitt togaraútvegurinn, og megum við sízt láta það viðgangast, að togaraflotinn fari minnkandi og að það verðmæti, sem hann skapar, haldi ekki áfram að vaxa. Ég skal geta þess, að þegar virðist vera komið að því, að togurunum fari fækkandi. Á árinu 1951 voru togararnir 53, en þeim hefur fækkað um einn til ársloka 1952. Og enn mun vera um að ræða fækkun, þ. e. a. s., gömlu skipin fara algerlega úr notkun smám saman og ekki bætist neitt nýtt í skipaflotann nú um skeið. Það getur vart talizt eðlileg framþróun þessara mála, að við gerum einungis út sex skipum meira nú í dag heldur en gerð voru hér út fyrir 20 árum. Einn nýtízkutogari kostar eitthvað nálægt 10 millj. kr., og það er, eins og ég hef áður tekið fram, ekki meira verð heldur en það, sem vænta má að hann geti sjálfur skilað í gjaldeyri á einu ári, ef afli hans er fullnýttur innanlands.

Með því að hefja togarasmíðar hér innanlands skapast stórkostleg verkefni fyrir iðnaðinn, ekki einasta fyrir skipasmiðina sjálfa, heldur líka fyrir hvers konar iðnaðarmenn. Þess má t. d. geta, að í einum togara eru svo miklar raflagnir og rafvélar, að þær eru sízt minni en í dálitlu þorpi. Þá má líka geta þess, að í togurum eru íbúðir manna, sem samsvara því, að um verulega húsasmíði eða húsgagnasmíði væri að ræða. Rörlagningar í slíkum skipum eru óhemjumiklar. Þannig mundi iðnaðinum í fjölmörgum greinum skapast stórkostleg verkefni, sem annars eru greidd erlendum aðilum, stundum jafnvel á meðan iðnaðarmenn hér í landi hafa alls ekki fulla atvinnu.

Það er gert ráð fyrir því, að einungis tvö af þessum tíu skipum, sem um ræðir í frv., verði smíðuð innanlands. Það, að ekki er lagt til að meira sé smíðað af skipum innanlands, kemur til af tveim ástæðum aðallega. Önnur er sú, að aukning skipastólsins þolir ekki neina verulega

bið og það má búast við því, að innlendir aðilar séu þess ekki albúnir að afkasta mjög stórkostlegum smíðum alveg á næstu árum, og hitt er líka nokkurt atriði, að vegna alls öryggis er það nauðsynlegt, að gæði skipa, smíðaðra í skipasmíðastöðvum, sem ekki hafa fengizt við þau verkefni áður, séu nokkuð reynd, áður en til stórkostlegra smíða kemur. Hitt er alveg augljóst mál, að togarasmíðar innanlands, eftir að þær væru eitt sinn komnar af stað, mundu eiga fyrir sér mikla framtíð. Þess má geta, að ef íslenzkur togarafloti væri að jafnaði eitthvað yfir 50 skip og gert væri ráð fyrir, að meðalending skipanna væri 25 ár, þá þarf að smíða tvo togara á ári einungis til þess að viðhalda skipastólnum.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. taki allt að 60 millj. kr. lán til þess að hrinda þessum framkvæmdum af stað. Það er augljóst mál, að 60 millj. kr. er minna en andvirði þessara tíu skipa, en hér er lánsheimildin ekki miðuð við hærri upphæð af ýmsum ástæðum, m. a. vegna þess, að það er alls ekki ólíklegt, að ríkissjóður gæti eitthvað af mörkum látið til þessara smíða án lántöku, og eins hitt, að væntanlegir kaupendur eru líklegir til þess að inna af hendi einhverjar greiðslur, áður en smíðum skipanna lýkur, og þá má að síðustu gera ráð fyrir því, að ef þessi lánsheimild reyndist of lág, þá væri hægt að fá hana aukna með samþykkt Alþ., þegar að því kæmi.

Þess er getið í frv., að um rekstur á þessum skipum geti ríkisstj. valið um þær leiðir, eftir að skipin eru smíðuð, að selja þau einstaklingum, selja þau bæjar- eða sveitarfélögum eða að ríkið geri þau sjálft út. Ég skal geta þess hér, að mér er kunnugt um, að allmörg byggðarlög sækjast mjög eftir því að eignast togara, og sömuleiðis má geta þess, að hér fyrir Alþ. liggur frv. til laga um það, að ríkið eigi og reki fjóra togara til atvinnujöfnunar. Og ef það frv. yrði samþ., þá gerir það að vissu marki nauðsyn á því, að þetta frv. verði einnig samþ.

Ég vísa að öðru leyti til grg. frv. og legg til, þegar þessari umr. lýkur, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

46. Ný orkuver og orkuveitur (frv. EOl).

Á 34. fundi í Nd., 7. des., var útbýtt:

Frv. til l. um ný raforkuver og fleiri ráðstafanir í raforkumálum [117. mál] (þmfrv., A. 230).

Á 37. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 15. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Það frv., sem ég hér flyt, er um nánari skipulagningu á rafvæðingu landsins og aðferðirnar til þess að koma því í gegn.

Ég býst við, að nú sé svo komið, að fleirum og fleirum sé að verða það ljóst, hverja auðlind Ísland á í sínum fossum og sínum jarðhita, en það er saga af langri baráttu að vekja þjóðina til meðvitundar um þetta og sameina hana til þess að hagnýta það og skapa skilyrðin til hagnýtingar þessara auðlinda, og okkur, sem nú höfum möguleikana til þess að hagnýta þessar auðlindir, er gott að gera okkur ljóst, hvaða átök það hefur kostað að gera íslenzku þjóðina sér meðvitandi þess, hve gífurlega auðlind hún á í fossaflinu. Það er ekki aðeins spurningin um að virkja okkar vatnsföll til ljósa og suðu og annarra lífsþæginda, sem á að vaka fyrir okkur, þegar við tölum um rafvæðingu landsins, heldur alveg sérstaklega að skapa á grundvelli rafvæðingarinnar nýja atvinnugrein í landinu, sem gæti orðið sú stórfelldasta og gjöfulasta, sem Ísland á. Hugmyndirnar um stóriðju í krafti okkar vatnsfalla eru alla leið frá aldamótunum, og það er rétt fyrir okkur að gera okkur það sérstaklega vel ljóst, hve löng og hörð sú barátta hefur verið, sem nú raunverulega gerir okkur mögulegt, ef við reynumst því hlutverki vaxnir, að hagnýta þessa gífurlegu auðlind. Um aldamótin vöktu nokkrir af okkar framsýnustu athafnamönnum og skáldum athygli á því, hvern kraft mætti vinna úr skrúða fossanna, svo framarlega sem þjóðin legðist á eitt. Boðskapur skáldanna eins og Einars Benediktssonar var þá, að þarna væri sú auðlind, sem Ísland yrði fyrst og fremst að einbeita sér að, og á fyrstu tveim áratugunum eftir aldamótin deila skáldin og athafnamennirnir um, hvernig fara skuli með þessa miklu auðlind. Margir þeirra óttast, að hún gæti orðið okkur til bölvunar, svo framarlega sem erlent auðvald næði tökum á okkar fossum. Aðrir, sem mestan áhuga höfðu fyrir að virkja fossana, sáu ekki neina möguleika til þess, að íslenzka þjóðin af eigin rammleik gæti unnið slíkt stórvirki. Einar Benediktsson, sá sem djarfast hafði í sínum kvæðum dregið upp myndirnar af því, þegar fossarnir væru látnir þjóna þjóðinni, fór út í það að reyna að fá erlent auðvald til þess að setja fé sitt í fossana hérna heima. Önnur skáld, eins og Þorsteinn Erlingsson, vöruðu við því og sögðu, að það væri betra að láta fossana bíða óvirkjaða heldur en að láta erlent vald ná tökum á þeim, og seinna tóku ýmsir af framsýnustu mönnum borgarastéttarinnar undir þá skoðun, menn eins og Jón Þorláksson og fleiri. Sá djarfasti og framsýnasti af þeim öllum, Stephan G. Stephansson, dró hins vegar upp myndina af því, hvernig Ísland mundi geta virkjað þessa fossa,

svo framarlega sem þjóðin réði þeim sjálf og ætti sjálf stóriðjuna, sem reist væri á grundvelli þeirra.

Þegar skáldin og framsýnustu athafnamennirnir höfðu þannig vakið athygli þjóðarinnar á því, hverja auðlind hún ætti þarna; komið málinu á dagskrá, þannig að ekki var talað um annað meira í tvo áratugi, þá kom til kasta stjórnmálamannanna um 1920 að taka sína ákvörðun um það, hvort fossarnir ættu að lenda í höndum útlends valds eða hvort þeir ættu að vera í höndum Íslendinga. Næst á eftir því stóra verkefni að vekja þjóðina til meðvitundar um það, hvern auð hún ætti í fossunum, þá kom nú annað stóra verkefnið að varðveita fyrir þjóðina valdið og eignarréttinn yfir þessum auðlindum. Það voru hörð átök, sem því miður eru allt of fáum kunn, sem háð voru á árunum 1917—1923 hér á Alþingi um þau mál. Meðan fossanefndin sat að störfum, var svo komið, eins og Jón Þorláksson lýsti í einni af sínum ræðum þá, að allir fossar, sem hugsanlegt var að virkja á Íslandi, voru í eigu erlendra auðfélaga nema hluti landsins og Reykjavíkurbæjar í neðri fossunum í Soginu. Þetta var ástandið, meðan fossanefndin var að starfa, og um það var barizt, hvort svona skyldi það vera áfram og hvort þeir, sem höfðu náð eignarhaldinu á þessum fossum, skyldu fá leyfi til þess að virkja þá. Fyrir alla þá, sem vilja fylgjast með því, hve hurð skall nærri hælum ekki sízt hér á Alþingi þá, er rétt að kynna sér vel álit fossanefndarinnar frá þessum tíma. Sú nefnd klofnaði þá í tvennt. Meiri hl. hennar, þeir Jón Þorláksson, Guðmundur Björnson landlæknir og Bjarni frá Vogi, barðist fyrir því, að ríkið eignaðist fossana og að það yrði tryggt, að þeir yrðu ekki virkjaðir af erlendu valdi. Það voru harðar deilur um þessi mál hér á Alþingi þá, og það var deilt hörðum orðum. Meiri hl., sem var í fossanefndinni, eftir að Guðmundur Björnson var farinn þar út úr, og í þeirri nefnd, sem skilaði svo áliti á Alþingi um þessi mál, var með því, að bændurnir héldu eignarréttinum á fossunum og einstakir aðilar fengju leyfi til þess að virkja þá. Síðasta vígið, sem þeir reyndu að verja, Jón Þorláksson, Guðmundur Björnson og Bjarni frá Vogi, var, að ríkið fengi einkaréttinn til þess að virkja fossana.

Það er fróðlegt að rifja það upp nú, hvaða afstöðu færustu og framsýnustu menn íslenzkrar borgarastéttar tóku á þeim tíma. Þegar útlit var fyrir, að samþ. yrði hér á Alþingi, að það skyldi leyfa erlendum aðilum að virkja þessa fossa, hélt Jón Þorláksson ræðu hér í Nd., það var 3. maí 1923, og var hann þá að tala á móti þeim meiri hl. nefndarinnar, sem þá mælti með því, að útlendingarnir fengju að virkja fossana, og sagði m. a.:

„En nú vill hv. meiri hl. fara þessa leið og gefa útlendingunum allan þann framtíðargróða, sem vér getum haft af notkun fallvatnanna. Ég er ekki fyrir að nota stór orð, en get þó ekki látið hjá líða að flytja þessari hv. d. þá orðsendingu frá fyrrverandi forseta Ed., fyrrverandi meðnefndarmanni mínum, Guðmundi Björnsyni landlækni, eftir beinum tilmælum hans, að hann geti ekki skoðað þetta öðruvísi en föðurlandssvik."

Og síðan hélt hann áfram.

„Við höfðum og höfum enn trú á því, að sá tími komi, að unnt verði að ráða fram úr þeirri fjárhagslegu þraut að nota vatnsorkuna fyrir ljósgjafa og hitagjafa handa landsmönnum, og við förum fram á það, að löggjafarvaldið sýni þá framsýni að taka tillit til nauðsynjarinnar á þessum framkvæmdum og leggi ekki stein í götu þeirra, og við förum fram á það, að þeir jarðeigendur, sem kynnu að hafa gert sér von um að geta selt einhver vatnsréttindi, sleppi þeim vonum vegna nauðsynjar eftirkomendanna."

Það fór svo á þessu þingi, að af þeim brtt., sem þá lágu fyrir við till. meiri hl. n., var ein þýðingarmesta till. frá Jóni Þorlákssyni og Bjarna frá Vogi samþ., sú till., að það væri ríkið eitt, sem hefði heimild til þess að virkja. Það var fellt, að ríkið skyldi hafa eignarréttinn á vatnsföllunum, en það, að ríkið fékk einkaréttinn til þess að virkja, nægði til þess að eyðileggja í reyndinni eignarrétt útlendu auðfélaganna á öllum fallvötnum Íslands.

Það er rétt fyrir okkur, sem nú lifum og stöndum frammi fyrir þeim vandamálum að finna út aðferðir til þess að virkja þann auð, sem við eigum í okkar fallvötnum, að muna eftir þessum átökum. Það lá fyrir tilboð frá Titan um að virkja Þjórsá í sex áföngum á árunum í kringum 1920. Það þurfti þá um 2 þús. verkamenn í vinnu til þess að virkja Þjórsá. Það var hægt að fá útlent auðvald — norskt auðvald — til þess að virkja Þjórsá þá, og við getum nærri, hvort það hafi ekki verið freisting fyrir þá menn, sem höfðu annars tilhneigingu til að einblína á augnablikshagnað. En það var ekki gert. Þeir hafa ekki verið lofaðir sérstaklega mikið, þeir stjórnmálamenn, sem höfðu forustu Íslands á þessum tíma. En þeir björguðu þó frá því, að útlent auðvald næði tökunum á okkar fossum og skapaði útlenda stóriðju hér á Íslandi, sem það réði yfir, og þeir sáu, að það væri betra að fresta því að virkja fossana þá heldur en að láta útlent auðvald verða til þess að virkja þá. Þeim tókst að geyma þessa fossa handa okkur, þannig að við gætum virkjað þá í þjónustu þjóðarinnar. Og nú liggur það verkefni fyrir okkur og hefur hvað eftir annað komið á dagskrá aftur, á hvern hátt slíkar virkjanir skuli framkvæmdar.

Það var áberandi á síðasta ári, hve mikið sérstaklega Framsfl. beitti sér fyrir því, að erlendu auðvaldi væru gefin sérleyfi til þess að virkja okkar beztu fossa. Það er enginn efi á því, að það er nauðsynlegt, að við vekjum eftirtekt á þeirri hættu, sem fyrir hendi er, verði farið inn á það að veita útlendu valdi tökin á okkar auðlindum í fossunum, veita sérréttindi jafnvel til 25 ára, áður en þjóðin er fyllilega búin að átta sig á, hve gífurlegar auðlindir hún á þarna, — að sá aðili, sem fengi tækifæri til þess að virkja þessar auðlindir, mundi þannig um leið verða aðalvaldhafinn á

Íslandi. Það mætti ætla, fyrst sú kynslóð, sem var uppi og stjórnaði landinu um 1920, bar gæfu til þess að forða okkur frá því að fá yfir okkur útlenda stóriðju með öllu því, sem henni fylgdi, þá ættum við nú að vera menn til þess að koma í veg fyrir, að dýrmætasta afl okkar Íslendinga lenti í höndum útlendinga. Það væri jafnfráleitt eins og okkur mundi finnast það í dag að leigja útlendum mönnum landhelgina til þess að veiða þar, og komu þó slíkar hugmyndir fram um aldamótin, þegar mönnum þótti það allra fjarstæðast, að Íslendingar gætu sjálfir eignazt togara. Ég held þess vegna, að við verðum að gera okkur ljóst, að við verðum að standa á verði gagnvart þeirri hættu, sem nú skýtur upp höfðinu í stjórnarfl. núverandi, að það verði látið til útlendra aðila sérleyfi á virkjun okkar fossa og þar með leidd yfir okkur sú hætta, sem afstýrt var 1920 og þar í kring.

Verkefnið, sem við verðum að finna lausn á, er að geta virkjað þessar dýrmætu auðlindir í þjónustu þjóðarinnar sjálfrar, undir stjórn hennar sjálfrar og í eigu hennar sjálfrar. Þess vegna verður vandamálið um stóriðju í krafti fossanna á Íslandi það mál, sem alveg sérstaklega kemur til kasta okkar, sem nú höfum fyrst og fremst ábyrgðina í stjórnmálum Íslands. Það var hafizt handa á þessum sama áratug sem þessar deilur allar stóðu um byrjunina á rafvirkjun á Íslandi. Það var virkjað til ljósa, til suðu og ofur lítið til smáiðnaðar, og þó að framfarir hafi verið miklar í þeim efnum síðan, þá hefur það þó aldrei komizt langt út yfir það stig að vera til þægindanna, bættrar lífsafkomu og frekar smárrar iðju, en raforkan er enn þá ekki orðin grundvallarauðlind í atvinnulífi Íslendinga. En það verkefni að varðveita fyrir þjóðina valdið og eignarréttinn yfir þessum auðlindum tókst raunverulega af hendi kynslóðarinnar, sem markaði stefnuna í þessum málum í kringum 1920.

Þriðja stóra verkefnið, sem fyrir þjóðinni lá í þessum efnum, var að rannsaka, hvernig bezt mætti hagnýta þessar auðlindir, rannsaka okkar fossa, rannsaka okkar vatnsföll og gera um það þær áætlanir á grundvelli staðgóðrar þekkingar, mælinga og annarrar athugunar, sem gætu orðið undirstaða þess í fyrsta lagi, að þjóðin skildi, hvaða auðlindir hér voru og hvernig mætti hagnýta þær. Þetta starf, að rannsaka okkar auðlindir og undirbyggja þannig fyrir þjóðina og leggja fram til hennar þekkinguna á því, hve dýrmætar þessar auðlindir væru og hvernig bezt væri að virkja þær, hefur fyrst og fremst verið unnið af okkar vísindamönnum, unnið af þeim sérfræðingum, sem þjóðin á í þessum hlutum, og þá fyrst og fremst á raforkumálaskrifstofunni. Þessir vísindamenn okkar hafa unnið sitt starf í kyrrþey. Það hefur ekki sérstaklega mikið verið um þeirra starf talað út í frá. Það vill vera svo oft um þau störf, sem þýðingarmest eru í þágu þjóðarinnar, að vísindamennirnir, sem vinna að þeim, fá venjulega þakkirnar og viðurkenninguna fyrir slíkt löngu, löngu seinna. Á raforkumálaskrifstofunni hafa unnið ágætir verkfræðingar hver í sinni grein undir stjórn ágætasta embættismanns og eins hæfasta sérfræðings, sem Ísland á, þar sem er Jakob Gíslason raforkumálastjóri. Mér er kunnugt um, hvernig þetta starf hefur gengið undanfarin ár þar á raforkumálaskrifstofunni. Ég veit ekki aðeins, hvernig þaðan hefur verið stjórnað rannsóknunum á fleiri og fleiri af fallvötnum Íslands, þrautprófun á nýjum og nýjum hugmyndum með því fé, sem Alþingi hefur alltaf skorið við nögl sér, þegar veita skyldi til rannsóknanna á þessu þýðingarmikla sviði. Ég veit, hvernig þar er hugsað um möguleikana til að virkja þessar auðlindir fyrir þjóðina. Ég hef fengið innsýn í það, hvernig þessa verkfræðinga, sem við höfum venjulega þá hugmynd um að fyrst og fremst séu tölur og aftur tölur, hefur dreymt um stórfelldar virkjanir, dreymt um að breyta landslagi Íslands til að skapa nógu stórar uppistöður, til þess að skapa nógu góða geyma fyrir þann kraft, sem þarna væri verið að framleiða. Ég veit, hvernig þeir hafa meira að segja helzt ekki mátt tala um þessa drauma sína, á meðan þýðingarmesta fallvatnið, sem Ísland á, Þjórsá, var enn þá í eigu útlendra auðhringa. Við vitum allir, að það eru ekki nema rúm tvö ár síðan Þjórsá varð aftur íslenzk eign. Allan þann tíma, sem Þjórsá var í eigu útlends auðfélags, mátti hér heima helzt ekki minnast á það, hve dýrmæt hún væri okkur, því að hver mæling, hver teikning, hver áætlun, sem okkar verkfræðingar höfðu gert og birt hefði verið á þeim tíma, hefði orðið til þess að hækka Þjórsá í verði um nokkrar milljónir fyrir íslenzka ríkið eða gera það torveldara að fá hana keypta. En þrátt fyrir það að þar á raforkumálaskrifstofunni hafi verið unnið venjulega með allt of lítið fé og nú á þessum síðustu árum hafi framlögin til hennar svo að segja ekkert verið aukin þrátt fyrir vaxandi dýrtíð, þá er þó búið að vinna þarna þá vísindalegu vinnu, sem er undirstaðan undir því, að hægt sé nú að leggja í og ræða af alvöru um rafvæðingu landsins.

Ég veit ekki, hvort menn gera sér fyllilega ljóst, samanborið við aðrar auðlindir, hve dýrmæt auðlind t. d. Þjórsá er okkur. Ég stillti því einu sinni upp fyrir 6 árum, hvernig það kæmi út, þegar við færum að bera saman okkar auð í Þjórsá við þann auð, sem Englendingar telja sér dýrmætastan, kolanámurnar þeirra. Þjórsá mundi nú líklega, eftir nýjustu mælingunum þar, geta gefið okkur 2 millj. hestafla. En allur sá kraftur, sem sjö stærstu árnar gætu gefið okkur, væri um 4 millj. hestafla eða um 2½ millj. kw. Það samsvarar í hitaeiningum 2 millj. tonna af kolum, en sá er munurinn fyrir okkur, að þegar við erum búnir að virkja árnar, þá renna þessi hvítu kol af sjálfu sér, í staðinn fyrir að Englendingar t. d. þurfa að grafa þau upp úr jörðinni hvert einasta ár. Þeirra ársframleiðsla af kolum er um 200 millj. tonna, en þeir eru um 300 sinnum mannfleiri en við, svo að okkar fossorka aðeins í þessum 7 stærstu ám er raunverulega þreföld á við þeirra kolaorku, miðað við íbúatölu. En dýrmætasta gildið, sem vatnsaflið hefur fyrir okkur, alveg eins

og kolin fyrir Englendinga, felst þó ekki í því sjálfu, heldur í því að vera undirstaða eða geta verið undirstaða þess iðnaðar, þeirrar stóriðju, sem á því er byggð.

Ég vil aðeins til gamans minna á það, ef við reiknum út, hvað Þjórsá gæti unnið í staðinn fyrir marga menn, ef við reiknum eftir gamla laginu, þegar eitt hestafl var metið á 10 mannsöfl, þá mundu 800 þús. kw. í Þjórsá jafngilda 12 millj. manna til þess að vinna fyrir Íslendinga, ef miðað er við afköst mannsins eins og þau voru fyrir nokkrum öldum. En hvernig sem við nú viljum reikna þetta út og leggja það niður fyrir okkur, þá er okkur nauðsynlegt að skilja, að í þessum auðlindum okkar býr eins dýrmætur auðgjafi og í allri okkar landhelgi og gæti raunar orðið miklu meiri og hefur það fram yfir, að þar sem hætta er á, að okkar landhelgi verði þurrausin, ef okkur tekst ekki að knýja fram breytingar á þeirri rányrkju, sem erlendar þjóðir beita gagnvart okkur, þá mun okkar fossamagn halda áfram að geta þjónað okkur, ef við kunnum að hagnýta það.

Okkar vísindamenn, okkar sérfræðingar, bæði í raforkumálaskrifstofunni og annars staðar, hafa á þessum síðustu árum lagt upp í hendurnar á okkur sannanirnar fyrir því, hvernig væri hægt að gerbreyta högum þjóðarinnar með því að ráðast í stórkostlega virkjun á fallvötnum Íslands. Stóra verkefnið, sem nú liggur fyrir, verkefnið, sem tekur til stjórnmálamannanna og er á þeirra ábyrgð, hvernig leyst verður, er nú að tryggja hagnýtinguna á þessu afli, tryggja hagnýtingu þess til fulls, finna hentugustu aðferðirnar til þess að hagnýta það, sjá um fé eða réttara sagt vinnuaflið til þess að beizla fossana og tryggja um leið, að fólkið sjálft, íslenzka þjóðin sjálf, fái að njóta þess, sem fossarnir geta skapað fyrir okkur. Það er ekki til neitt tvíeggjaðra vopn en fossarnir okkar eftir því, hvernig við notum þá. Stephan G. dró upp myndina af því, hvernig fara mætti með þá, svo framarlega sem farin yrði sú leið, sem afstýrt var 1920, sú leið, sem Framsfl. hefur nokkrum sinnum verið að minnast á núna, að veita erlendum aðilum sérleyfi, — hvað það mundi þýða, ef þessir fossar yrðu hagnýttir af útlendu valdi. Stephan G. lætur fossinn segja í kvæðinu sínu um þetta mikla deilumál, Fossaföll, 1910, eftirfarandi:

„En magnið mitt, en iðjuleysið ekki,
til illra heilla gæti sljóva leitt.
Ég kann að smíða harða þrælahlekki
á heilan lýð, ef mér er til þess beitt.
Ég orðið gæti löstur mesti í landi
og lækkun þjóðar — öðrum þannig fer —
sé gamla Þóris gulli trylltur andi,
sem gekk í fossinn, vakinn upp í mér."

En honum og öllum þeim, sem frá sama sjónarmiði — þá og síðar — hafa lagt áherzlu á, hvernig hagnýta mætti þessar auðlindir í þjónustu þjóðarinnar, er jafnframt ljóst, að hér er um að ræða, þar sem fossaaflið er, ef það er virkjað af þjóðinni sjálfri og í hennar þjónustu, það afl, sem langmest gæti bætt lífskjörin og aukið afköstin af öllum öflum, sem við höfum yfir að ráða á Íslandi.

Það er nú okkar verkefni, þeirra manna, sem geta haft áhrif á, hvað gert er í stjórnmálunum nú, — og dómur komandi kynslóða um okkur mun fyrst og fremst hvað atvinnumálin snertir velta á því, hvort við berum gæfu til þess að leysa þessi viðfangsefni þannig, að þjóðin geti sjálfri sér til blessunar hagnýtt þessa auðlind. Það eru tvenns konar viðfangsefni, sem þarna blasa við okkur, og við þurfum að geta aðgreint þau viðfangsefni í huga okkar og gert okkur alveg ljóst, hvernig þeim er háttað og hver tengsl eru á milli þeirra, þegar við erum að taka raforkumálin fyrir. Annars vegar tölum við um raforkuna til ljósa, suðu, til þægindaaukningar, til sveita og við sjávarsíðuna, og hins vegar tölum við um hana sem orkugjafa í atvinnulífinu. Og við skulum gera okkur grein fyrir því, að ef við ætlum að reynast því verkefni vaxnir, sem núna bíður okkar, þá verðum við að leggja höfuðáherzlu á að skilja gildi raforkunnar til þessa síðara, skilja hana sem aflgjafa og grundvöll að atvinnulífi Íslands.

Við skulum taka landbúnaðinn. Raforkan þýðir ekki aðeins hvað landbúnaðinn snertir ljós, suðu, jafnvel hita, aukin þægindi og aukið heilbrigði, möguleika til heyþurrkunar og annars slíks. Raforkan á líka að þýða fyrir sveitirnar, ef búskapurinn er þar með réttu lagi, möguleika til þess að koma hvað landbúnaðarverkfæri snertir meira og meira í staðinn fyrir benzínið, þannig að hægt sé að reka með rafmagni a. m. k. alls staðar, þar sem þéttbýli er, þau tæki, sem eiga að vera uppistaðan í vélreknum landbúnaðarbúskap.

Við vitum þegar, hvað raforkan þýðir í iðnaðinum, bæði þeim almenna iðnaði og fiskiðnaðinum sérstaklega. En þó erum við aðeins rétt að byrja að sjá, hvað hún komi til með að þýða fyrir raunverulega stóriðju, þar sem raforkan raunverulega verði það afl, sem við flytjum út í mynd fullunninna afurða. Ég skal taka það fram um leið einmitt í sambandi við þær hugmyndir, sem upp hafa komið um möguleikana á því að flytja raforkuna sjálfa til annarra landa, að það væri raunverulega eitt af því hættulegasta, sem við gætum gert, í staðinn fyrir að hagnýta hana til þess að vinna ýmist úr þeir hráefnum, sem við höfum hér heima, eða úr hráefnum, sem við flyttum inn og ynnum úr hér og flyttum út aftur, sem við getum gert að sínu leyti alveg eins og stórþjóðirnar í Evrópu.

Þegar við þess vegna tölum um, hvernig við ætlum að haga okkur í raforkumálum, þá verðum við alltaf að hafa þetta tvennt í huga: raforkuna sem kraftinn í okkar atvinnulíf og raforkuna sem afl til að veita lífsþægindi, auka heilbrigði og annað slíkt. Þetta tvennt verður að fylgjast að, og í þeim fyrirætlunum, sem gerðar verða nú á næstunni, hefur það úrslitaáhrif um, hvort rétt verður stefnt og hvort rétt spor verða stigin, hvort þetta tvennt er haft í huga. Ég segi þetta vegna þess, að ég hef orðið svo mikið var við það, að menn skildu

ekki samhengið þarna á milli. Þegar við erum að beizla fossana fyrst og fremst með það fyrir augum að geta veitt mönnum ljós og yl og þægilegri aðstöðu í lífinu, þá þurfum við að gera okkur ljóst, að fyrir slíkum auknum lífsþægindum þurfa að vera ákveðnar þjóðfélagslegar forsendur.

Ef við ætlum að veita okkur meira, ef við ætlum að njóta lífsins betur, þá getum við það ekki, nema því aðeins að okkar afköst, okkar framleiðsla hafi verið aukin. Ef við byggjum upp kerfi, sem fyrst og fremst er miðað við aukin lífsþægindi, án þess að hugsa um leið um að auka okkar afköst og auka okkar framleiðslu, þá erum við að gera yfirbyggingu þjóðfélagsins of þunga fyrir grundvöllinn, sem hún er reist á. Ég tek þetta fram vegna þess, að ég veit, hve ríkar tilhneigingarnar eru til þess að bjóða öllum mögulegum aðilum úti um allt land þau lífsþægindi, sem fólkið vantar þar, þau lífsþægindi, sem það á rétt og kröfu á að fá. En öll þessi lífsþægindi verða einstaklingarnir eða ríkið — þegar öllu er á botninn hvolft, kemur það út á eitt — að borga, og eigi þeir að geta borgað þetta, þá þurfa þeir samtímis því, sem þeir veittu sér þessi meiri lífsþægindi, að hafa aukið sína framleiðslu, aukið sín afköst. Þegar ég tala um þetta, þá á ég þar með við þjóðina í heild. Þess vegna er það, að til þess að standa undir þeim lífsþægindum, sem við fáum með rafmagninu, hefur grundvöllurinn verið aukin framleiðsla í sjávarútveginum, landbúnaðinum og iðnaðinum, og þetta þarf að haldast í hendur. Þau auknu lífsþægindi, sem við veitum okkur þannig með rafmagninu, verða að byggjast á aukinni framleiðslu í sjávarútveginum, landbúnaðinum og iðnaðinum.

Í öðru lagi: Til þess að leggja í stóriðju, til þess *að safna fé og hafa efni á* að kaupa okkur vélar til landsins til þess að geta virkjað fossana í svo stórum stíl sem stóriðjan krefst, þá þurfum við aukinn erlendan gjaldeyri, og til þess að fá þann aukna erlenda gjaldeyri, þá þurfum við að hafa aukið okkar útflutning, og til þess að auka okkar útflutning, þá þurfum við að hafa aukið okkar atvinnutæki við sjávarsíðuna.

Þegar við á undanförnum áratugum höfum smám saman verið að gerbreyta landbúnaðinum, þá er það fyrst og fremst gert með peningum, sem koma frá sjávarútveginum. Við skulum gera okkur það ljóst, og það er nauðsyn á, að við skiljum það til fulls, ef við ætlum að undirbyggja rétt rafvæðingu Íslands, að það er sjávarútvegurinn, sem er undirstaðan undir því, að við getum aflað okkur fjár til þess að geta rafvætt landið. Það eru fiskimiðin, sem eru sú auðlind, sem við verðum fyrst og fremst að ausa upp af, á meðan við erum að afla okkur fjárins í vélarnar og annað, sem við þurfum til þess að virkja fossana og til þess að byggja verksmiðjurnar til að hagnýta aflið frá þeim í.

Þess vegna var það rétt spor, eina rétta sporið, sem stigið var til þess að undirbyggja rafvæðingu og stóriðju á Íslandi, að ráðast í það 1944 að auka sjávarútveginn eins stórkostlega og þá var gert. Ég segi þetta hér sérstaklega vegna þess, að sá flokkur, sem mest skilningsleysi hefur sýnt á íslenzku atvinnulífi, Framsfl., hefur enn ekki getað fengið það inn í sinn ferkantaða haus, að það sé nauðsynlegt að efla sjávarútveginn til þess að geta þannig aukið okkar gjaldeyrisframleiðslu og fengið þannig fé, sem við þurfum til þess að virkja okkar fossa. Við keyptum 1945 32 togara til landsins. Hver þessara togara kostaði 3 millj. kr., en hver þessara togara framleiddi í þáverandi gjaldeyri andvirði að minnsta kosti 3 millj. kr. og gat framleitt meira, ef framleiðsla hans var rétt hagnýtt. Þessir 30 togarar, sem þá kostuðu um 100 millj. kr., geta nú framleitt erlendan gjaldeyri fyrir yfir 300 millj. kr., og það er ekki fimmti parturinn af kostnaðinum við þessa togara, sem er beint eða óbeint útlendur gjaldeyrir. Vinnuafköst íslenzkra sjómanna, þegar þeim er beitt á togurunum, eru með mestu afköstum, sem þekkjast hjá nokkrum verkamönnum veraldarinnar. Auðsuppsprettan, þ. e. fiskimiðin, með þessum stórvirku tækjum er þess vegna langsamlega praktiskasta og raunar um leið eina kleifa aðferðin til þess fyrir eins litla þjóð og okkur að ausa upp öðrum eins óhemju auð og við þurfum til þess að leggja í stórvirkjun í fossunum og stóriðju á Íslandi, þannig að við eigum þessa stórvirkjun sjálfir og þá stóriðju, sem hún er undirstaðan undir. En stórvirkjun og stóriðja getur því aðeins orðið þjóðinni til blessunar, að hún eigi hana sjálf, noti hana í sína eigin þágu og að hún þurfi ekki nema þá að hverfandi litlu leyti að greiða okurvexti til útlendra aðila af lánunum til slíkrar stóriðju.

Þegar ég í huga mínum hugsaði um, hvernig við ættum að reyna að byggja upp okkar atvinnulíf á þessum árum, þá gekk ég út frá því, að við mundum á 5 ára tímabili, frá 1946 til 1951, leggja höfuðáherzluna á að auka okkar sjávarútveg. Það var tillaga nýbyggingarráðs á þeim tíma í þeirri áætlun, sem það lagði fyrir, að það yrðu keyptir 50 togarar til landsins, og það var tillaga Sósfl. hér á Alþ. Hefði það verið gert, mundu 50 togarar nú hafa framleitt á ári fyrir yfir 500 millj. kr., og það mundi hafa þýtt með allri þeirri annarri framleiðslu, sem Ísland hefur af sínum bátaflota, að okkar útflutningur ætti að hafa komizt hátt upp undir 1000 millj. kr. Ég hugsaði mér þá, að frá 1950 til 1955 mundi höfuðáherzlan verða lögð á það af hálfu okkar Íslendinga að byggja upp stóriðju við okkar fossa, einmitt í krafti þess auðs, sem við gætum ausið upp með togaraflotanum, bátaflotanum og öllum þeim fiskiðjuverum, sem þá var meiningin að byggja og að nokkru leyti hefur komizt í framkvæmd. Þegar fjárhagsráð var sett á laggirnar, þá lagði ég þær till. fyrir þessa hv. d. og fékk um það útvarpsumr. hér frá þessari hv. d. vorið 1947, og ég hef hér fyrir aftan sem fskj. 3 með þessu frv. birt þau álit mín um þær brtt., sem ég þá flutti, til þess að minna aðeins á það, hvernig við hugsuðum okkur þá, að farið yrði að um þróunina í okkar atvinnulífi. Þegar rætt var

um nýja ríkisstj. 1946, lagði Sósfl. það fram í nóvember 1946, að virkjanirnar í Soginu og Laxá yrðu kláraðar á árinu 1949 og 5 ára tímabilið, frá 1946 til 1951, hagnýtt til þess að undirbyggja þær stórvirkjanir, sem hægt væri að leggja í frá árinu 1951 til 1955. Allar þær till., sem við komum þá fram með, voru felldar, hver einasta till., sem við fluttum þá um breytingar á fjárhagsráðslögunum, að fela fjárhagsráði alveg sérstaklega að undirbúa þetta, var felld. Þá vildu menn ekki líta við neinu af þessu. Menn þorðu að vísu ekki að nota orðið „skýjaborgir" um okkar drauma um stóriðju þá, af því að menn höfðu hvekkzt dálítið á því að nota þetta orð, eftir að það hafði verið notað fullóvarkárlega 1944 um okkar hugmyndir um 30 togara. En í ræðum allra þeirra þm., sem töluðu í útvarpið vorið 1947, lá þetta orð svo að segja á vörum þeirra. Öllum fannst þeim það vera allt of stórt og fjarlægt að vera að tala um stóriðju á Íslandi þá.

Ég rifja þetta aðeins upp vegna þess, að Sósfl. hefur haft frá upphafi og hefur enn stórhuga stefnu í raforkumálunum og hann undirbyggir þá stefnu einn allra flokanna á þann hátt að geta komið henni í framkvæmd með því að láta einmitt sjávarútveginn, sem hefur verið okkar gjöfulasti atvinnuvegur, hjálpa til þess og mynda raunverulega undirstöðuna að því, að þetta væri hægt. Ég rifja þetta upp hér einmitt vegna þess, að það hefur kennt bæði skilningsleysis hjá öðrum flokkum og jafnvel verið reynt að rangfæra að ýmsu leyti þær till., sem við höfum komið með, og reynt að misvirða þá fyrirhyggju, sem við sýndum við að undirbyggja þá atvinnulegu möguleika Íslands með aukningu sjávarútvegsins, möguleikana til að geta lagt í rafvæðingu landsins síðar. Með öllu því skilningsleysi, sem sýnt hefur verið á þessum árum, hefur nú verið tafið um 5—6 ár að leggja í þau stórvirki, sem þurfti að vinna.

Því hefur jafnvel verið haldið fram og það af hálfu Sjálfstfl., að við sósíalistar höfum verið á móti virkjun Sogsins og virkjun Laxár. Það vorum við sósíalistar, sem lögðum það til, einmitt við Sjálfstfl. og aðra flokka þingsins 1946, 6. nóv., að virkjun Sogs og Laxár yrði hraðað svo, að hægt væri að hefjast handa þá þegar, svo að virkjununum yrði lokið 1949. Þessar till. okkar voru nýlega ræddar hérna í sambandi við annað, og ég þarf ekki að rifja þær upp; þær eru allar prentaðar í Rétti 1946. Fyrsta tillaga okkar þar viðvíkjandi raforku og stóriðju var: „Flýtt sé svo sem verða má nýjum stórvirkjunum Sogsins og Laxár í S.-Þingeyjarsýslu með sérstöku samkomulagi við Reykjavíkurbæ og Akureyri, ef verða mætti, að virkjunum þessum yrði lokið árin 1948—1949."

Því hefur verið haldið fram af hálfu Sjálfstfl., að við höfum verið á móti virkjun Sogsins og Laxár, af því að við vorum á móti Marshallæætluninni. Og Sjálfstfl. hefur verið svo ósvífinn í þessu sambandi að móðga íslenzku þjóðina með því að halda því fram, að hún hafi ekki getað virkjað Sogið og Laxá án hjálpar frá Bandaríkjunum, m. ö. o., að íslenzka þjóðin á þessum árum væri það miklu aumari en Reykjavíkurbær var 1936, að hún gæti ekki virkjað Sogið og Laxá, sem Reykjavíkurbær hafði þó ráðizt í 1936, eftir að England hafði sett bann á okkur hvað lán snerti og neitað okkur um allt lánsfé og bannað ríkisstj., bannað Eysteini Jónssyni fjmrh. að veita ríkisábyrgð fyrir Soginu. Ég hef sjaldan heyrt aumari gjaldþrotayfirlýsingu en þessa yfirlýsingu frá Sjálfstfl., að við hefðum ekki getað virkjað Sogið og Laxá án ameríkskrar hjálpar. Ég vil taka það fram hér, að við höfum enga hjálp fengið frá Bandaríkjunum til að virkja Sogið og Laxá. Okkur hefur verið gert það erfiðara og dýrara. Sogsvirkjunin átti að kosta 1947 61 millj. kr. Hvað hafa Ameríkanarnir gert með sínum afskiptum af Sogsvirkjuninni? Þeir hafa hækkað hana upp í 165 millj. með því að fyrirskipa gengislækkunina hérna heima. Þetta er hjálpin, sem Ameríkanarnir hafa veitt okkur. Innlendur kostnaður við Sogsvirkjunina átti að vera 34 millj. kr., erlendur kostnaður 27 millj. kr. Og ég vil spyrja: Er nokkur sá þm., sem mundi dirfast að halda því fram, að við hefðum ekki haft efni á því á árunum 1948 og þar á eftir að taka af þeim erlenda gjaldeyri meira að segja, sem við framleiddum þá, við skulum segja 5—6 millj. kr. á ári í 5—6 ár, ef við hefðum ekki getað fengið betri samning til þess að borga það, sem við þurftum fyrir vélarnar til Laxár? 1948 var okkar útflutningur í þáverandi gjaldeyri 400 millj. kr. Halda menn, að við hefðum ekki haft efni á því, ef það hefði verið einhver stjórn af viti á okkar þjóðarbúskap, að geta á slíkum árum og árunum þar á eftir smám saman lagt fram 27 millj. kr. til þess að virkja Sogið? Það er sú aumasta bábilja sem til er, að Íslendingar hafi ekki getað leikið sér að því að virkja Sogið og Laxá án þess að fá nokkurn tíma nokkra hjálp frá Bandaríkjunum til þess. Þvert á móti, það hefði orðið ódýrara fyrir okkur, ef Bandaríkin hefðu aldrei komið nærri Sogsvirkjuninni og Laxárvirkjuninni. Það kostaði okkur bara 100 millj. kr. hækkunin á Sogsvirkjuninni einni saman, sem Bandaríkin knúðu fram. Og ég ætla svo auðvitað rétt að minna á það hérna, að auðvitað varð að taka þeim tilboðum, sem dýrust voru, af því að þau voru amerísk, þegar um var að ræða vélarnar, sem átti að kaupa til þessara virkjana. Hins vegar hefur farið svo, að út af því, hve háðir okkar valdhafar hafa verið amerískum fyrirmælum á þessum undanförnu 6 árum, þá dróst allt of lengi að virkja þessar ár. Við vitum hvernig það var. Það varð að sækja um leyfi til Bandaríkjanna. Ástandið var svipað og fyrir aldamótin, þegar Alþ. samþ. á fjárl. brúna yfir Ölfusá og dönsku yfirvöldin, danska ríkisstj. neitaði okkur hvað eftir annað um að mega verja okkar eigin peningum til að byggja þá brú. Eins var nú komið: Við gátum ekki af sjálfsdáðum án leyfis útlends aðila lagt í þessar virkjanir, vegna þess að okkar stjórnarvöld voru búin að binda sig hvað allar fjárfestingar snerti þannig, að það varð að fá leyfi í Washington til allra slíkra stórfram-

kvæmda, og Washington veitti ekki leyfið, fyrr en búið var að fella gengið á íslenzku krónunni og búið að gera Sogsvirkjunina 100 millj. kr. dýrari en hún ella hefði orðið.

Allar till. okkar sósialista höfðu sem sé verið felldar, þegar við fluttum þær fram 1946—7 og reyndum að móta stefnuna í atvinnulífinu á næstu árunum, og í staðinn var farið inn á þá leið að gera okkur háða ameriskum fyrirmælum um, hvernig við mættum virkja okkar íslenzku fossa. Nú er Marshallplaninu lokið. Nú getum við a. m. k. hvað formið snertir tekið okkar ákvarðanir upp á eigin spýtur, og nú ættum við að geta ákveðið þetta nokkurn veginn sjálfir án þess að þurfa að sækja undir misvitra eða meira eða minna illviljaða erlenda drottna leyfin til hagnýtingar á okkar auðlindum. En þegar við nú hverfum að því að taka sjálfstætt ákvarðanirnar um rafvæðingu landsins nú á næstunni, þá þurfum við að gera okkur það ljóst, að rafvirkjunin á hinum ýmsu stöðum landsins er ekki einangrað fyrirbrigði. Hún þarf að haldast í hendur við framkvæmdirnar í atvinnulífinu á viðkomandi stað. Það er það, sem ég lagði höfuðáherzluna á í mínum brtt. og í mínu nál. um fjárhagsráð 1947, að það væri ekki hægt að stjórna af viti þróuninni í íslenzka þjóðarbúskapnum án þess, að rafvirkjanirnar og aukning atvinnulífsins héldust í hendur og mönnum væri það alveg ljóst, hvernig ætti að verða á hverjum einstökum stað landsins um þróunina í báðum þessum málum. Þessum viðvörunum okkar og þessum till. okkar í þessum málum var engu skeytt 1947. Ég hafði bent á það í mínu nál. frá 1947, að þegar við t. d. hugsuðum um áburðarverksmiðju, þá mættum við ekki láta stærð áburðarverksmiðjunnar ráðast af því, hvað kynni að verða afgangs af rafmagni á því augnabliki, sem hún væri stofnuð eða reist, t. d. hér á Suðurlandsundirlendinu, það yrði að haldast í hendur rafvirkjunin, hvað við hugsuðum hana mikla, og stóriðjuver, áburðarverksmiðjan, í þessu efni. Þessu var engu skeytt. Stærð áburðarverksmiðjunnar í l. frá 1948 var sniðin eftir, hvað afgangs væri af rafmagni, og samt reiknað raunverulega hér á þinginu meira eða minna vitlaust í því sambandi, og þetta er enn þá eitt höfuðvandamálið í sambandi við allt, sem rætt er viðvíkjandi raforkunni í hinum ýmsu hlutum landsins.

Það, að vanta skuli heildaráætlun um þróun þjóðarbúskaparins í þessum efnum, er bókstaflega stórhættulegt og getur orðið til stórtjóns, þegar nú á væntanlega að fara að vinna betur í raforkumálunum en gert hefur verið undanfarið. Ég skal taka sem dæmi: Þegar hugsað er um rafvirkjanir t. d. á Austfjörðum eða á Vestfjörðum og raforkumálaskrifstofan á að útbúa sínar vísindalegu till. um, hvað sé heppilegt, hvað er það þá, sem t. d. raforkumálaskrifstofan og við skulum segja Alþ. hér á að reikna með um atvinnulífið á viðkomandi stað? Á að reikna með því á Vestfjörðum, að fólkinu fari þar fækkandi, að atvinnulífinu hnigni? Og á nú að miða raforkuframkvæmdirnar við það rétt að geta tryggt einhverjar ljóstýrur handa þessu fólki, á meðan það ekki enn þá er farið sömu leiðina eins og í Jökulfjörðunum? Eða á að hugsa hátt, á að láta fara saman aukningu atvinnulífsins í þessum stað? Á af hálfu ríkisins, bankanna og einstaklinga að undirbyggja að reisa þarna ný fiskiðjuver, að gera togurunum, sem hafa Halann og Grænlandsmiðin, sem eru einhver öruggustu fiskimiðin, mögulegt að leggja upp á Vestfjörðum í stórum stíl, þurfa ekki að sigla alla leið suður eða austur fyrir land með aflann? Ef við hugsuðum um slíka aukningu á Vestfjörðunum, sem væri ákaflega skynsamleg frá þjóðhagslegu sjónarmiði, næði þá nokkurri átt að byrja að leggja í virkjun, sem væri svo lítil, að hún yrði rétt strax eins og Elliðaárvirkjunin er hérna fyrir okkur í dag? En hvernig á raforkumálaskrifstofan að reikna út? Hvernig eiga þeir að ákveða, sem eru að hugsa um rafmagn handa þeim fjórðungi, þegar þeir hafa ekki hugmynd um, hvor þróunin á að verða á næstunni — hnignun eða framfarir, og það er vitanlegt, að hér á Alþ. er það ákveðið, hvað á að verða í þessum efnum? Það er hér, sem valdið er til þess að ákveða, hvort það eru framfarir eða ekki. — Eða Austfirðirnir? Á að reikna í sambandi við rafvæðingu á Austfjörðum út frá því, að það sé alltaf svo að segja jafnmargt fólk eða jafnvel að því hnigni, jafnvel að það eigi að fara að flytja menn af Austurlandi á Keflavíkurflugvöll? Eða á hins vegar að reikna með því, að þarna sé hægt að drífa upp mikinn sjávarútveg, stunda síldveiðarnar alla leið upp undir Noregsstrendur eða a. m. k. miðja vegu milli Íslands og Noregs, með bækistöðvum á Austfjörðunum, og jafnvel að ganga út frá því, að virkjun á Austfjörðum verði grundvöllur að stórfelldum verksmiðjurekstri þar eystra? Með hverju á að reikna? Ég vil vekja athygli þeirra hv. þm., sem yfirleitt hugsa um þessi mál, á því, hvaða ákvarðanir á að taka í svona málum, þegar engin heil brú er í neinu af því, sem hugsað er af stjórnarvöldunum um, hvað verða skuli á Íslandi á næstunni. Það hefur ekki verið undanfarið búið til neitt heildarplan um þróun íslenzks atvinnulífs. Það var drepið allt, sem ég lagði til 1947 í þeim efnum, og þess vegna hefur allt starf fjárhagsráðs og allra þeirra ríkisstjórna, sem setið hafa í sambandi við það, orðið ein hringavitleysa hvað snertir íslenzkan þjóðarbúskap, af því að það hefur aldrei fengizt í gegn að hugsa neitt fram í tímann um þetta. Menn hafa hlaupið eftir því, hvað menn hafa álitið praktiskt viðvíkjandi kjósendunum fyrir hverjar kosningar, án þess að þora að segja um leið þessum kjósendum, hvað þurfi að gera á hverjum stað og þurfi að gera á öllum sviðunum samtímis, sviðum sjávarútvegs, landbúnaðar, iðnaðar, raforkuvinnslu og jafnvel stóriðju. Þess vegna er það illa farið, að um leið og menn eru nú að tala um, að e. t. v. sé einhver von um, að meira verði gert í raforkumálum Íslands en verið hefur undanfarið, þá skuli um leið kastað öllu því, sem hugsanlegt var að gæti sett einhverja skipulagningu á okkar þjóðarbúskap í heild, þannig að rafvæðing landsins

yrði ekki einangrað, tilviljanakennt fyrirbrigði án þess samræmis við atvinnulífið, sem hún þyrfti að vera í.

Ég ætla ekki að orðlengja frekar um það, sem gerzt hefur í þessum efnum. Það hefur verið tafið í 5—6 ár, sem var hægt að gera, ef nokkurt vit hefði verið í stjórninni á atvinnumálum Íslands og ef nokkur áætlun hefði verið gerð af viti, nokkur áætlun yfirleitt um þróunina í þjóðarbúskap Íslendinga. Nú hins vegar verður ekki komizt lengur hjá því að leggja í eitthvað, það finna menn. Nú eru menn að sannfærast um það, að þær 2—3 þús. Íslendinga, sem bætast við á hverju ári, muni ekki allar geta lifað bara af landbúnaðinum, sjávarútveginum og smáiðnaðinum, það verði að skapa nýjar atvinnugreinar, og eigi ekki lífsafkoman að rýrna, eigi ekki lífsstandardinn að lækka, þá verði þær atvinnugreinar, sem skapaðar eru í viðbót, að vera jafnvel enn þá afkastameiri en þær gjöfulustu, sem við höfum skapað undanfarið, eins og togaraútgerðin. Hins vegar er það svo, að ef skapa á nýja atvinnugrein eins og stóriðjuna á grundvelli fossavirkjunar, þá krefst hún mikils undirbúnings. Ég sagði 1947, að það væri ekki til neins að ætla minna en 5 ár til slíks undirbúnings, og ég held, að það sé rétt enn í dag. En það er ekki of seint að hefjast handa. Við getum það fyllilega enn þá. En þegar við hugsum um þessi mál og ef við ætlum okkur að byrja á þessu eftir 5 ár eða máske ofur lítið seinna, þá þurfum við að hafa hliðsjón af því, þegar við tökum okkar ákvarðanir í dag. Fyrir okkur, sem höfum sjálfir lifað það, að Elliðaárstöðin og Glerárstöðin voru stór mannvirki, sem við vorum stoltir af, og sjáum báðar þessar stöðvar núna, ætti að vera auðvelt að skilja það, ef við hugsum eitthvað út í málið, að ef samsvarandi stökk eiga að verða núna á næstunni hjá okkur eins og urðu frá Glerárstöðinni til Laxár eða Elliðaárstöðinni til Sogsins, þá er það ekkert smáræðisstökk. Ef við ætlum að halda áfram af fullum krafti þeim framförum, sem orðið hafa á síðustu 2—3 áratugum, þrátt fyrir öll þau bakföll, sem við höfum lifað, þá verðum við að þora að hugsa hátt, og hvort sem okkur sósíalistum hefur tekizt alltaf að framkvæma það, sem við höfum lagt til, þá hafa þó a. m. k. hugmyndirnar, sem við höfum komið með, og áróðurinn, sem við höfum rekið fyrir þeim, alltaf á endanum orðið til þess að vekja þá, sem sofið hafa, kenna þeim að hugsa hærra og fá þá til þess að láta undan þeim þrýstingi, sem góðar hugmyndir skapa hjá fólkinu.

Ég ætla svo að fara örfáum orðum um nokkrar gr. í þessu frv. Það þarf nú ekki sérstaklega mikið, vegna þess að ég hef skýrt þetta í mjög ýtarlegri grg. og fylgiskjölum, sem því fylgja.

Í 1. gr. er heimild um virkjun efri fossa Sogsins. Ég flutti samsvarandi heimildartillögu út af fyrir sig í sambandi við áburðarverksmiðjuna í fyrra. Hún var felld þá. Það þykir kannske nokkur yfirgangur af hálfu sumra hv. þm. hér í þ., að við þm. Reykv. eða ég í þessu tilfelli skuli flytja till. um 90 millj. kr. heimild til virkjunar Sogsins, vegna þess að það kveður stundum við: Ja, hefur ekki allt Marshallfé farið í Sogsvirkjun, Laxárvirkjun, áburðarverksmiðju, allt saman handa Reykvíkingum, og aðrir landshlutar hafa ekki fengið neitt? — Ég vil aðeins taka fram það, sem ég hef tekið fram áður: Sá hluti af Sogsvirkjuninni, sem verður raunverulega fyrir áburðarverksmiðjuna, hefði kostað um 100 millj. kr., ef það hefði átt að reisa það handa áburðarverksmiðjunni sjálfri. ⅔ af öllu því orkumagni, sem nýja stöðin framleiðir, verður handa áburðarverksmiðjunni. Áburðarverksmiðjan kostar 125 millj. a. m. k. Sá hluti raforkuversins, sem fer til framleiðslu handa henni, kostar um 100 millj. Framleiðsla áburðarverksmiðjunnar er fyrst og fremst fyrir íslenzkan landbúnað. Það eru 225 millj. kr., sem þarna fara til áburðarverksmiðjunnar og þess raforkuvers, sem hún þarf á að halda, og mér hefur skilizt, að framleiðsla áburðarverksmiðjunnar væri fyrst og fremst hugsuð fyrir hinar dreifðu byggðir landsins, og hún verður það tvímælalaust. Ég efast ekki um, að það verða ekki mörg ár þangað til íslenzkir bændur nota meginið af þeim áburði, sem þar er framleiddur. Þetta vildi ég aðeins geta um til þess að skapa engan misskilning. Það er engin frekja eða yfirgangur af hálfu Reykvíkinga, þegar lagt er til, að 90 millj. kr. heimild sé veitt til þess að virkja efri fossana við Sogið. Sannleikurinn er, að strax og áburðarverksmiðjan tekur til starfa, þá fer að þrengja á dalnum. Það mun áreiðanlega eftir 2—3 ár verða orðið sama vandræðaástandið um rafmagnsframleiðslu hér í Reykjavík eins og var áður en Sogsvirkjunin núna tók til starfa, og það mundi þýða fyrir Reykjavíkurbúa, að þeir yrðu þá að fara að reka olíustöðina, framleiða kwst. á 30—40 aura a. m. k. og selja áburðarverksmiðjunni hana á 1 eyri, og það sjá allir lifandi menn, að slíkt er ekki hægt. Ef þannig væri komið, þá mundi að öllum líkindum áburðarverksmiðjan frekar verða að stöðvast meira eða minna, og hennar rekstur er þannig, að ef á að fara að skammta við hana á sama hátt og skammtað yrði við aðra, þá þýðir það meira eða minna að eyðileggja hennar starfsemi. Vegna áburðarverksmiðjunnar sjálfrar og vegna þess að hún er komin upp og tekur svona mikið rafmagn þarf því að vera búið eftir 3 ár að virkja efri fossana við Sogið. — Þessa forsendu eina vildi ég hafa fyrir þessari 1. gr. og vona, að menn skilji það.

Í 2. gr. legg ég til, að breytt sé þeim heimildum, sem verið hafa fram að þessu. Það eru til tvær heimildir í l. um virkjun Grímsár og ein heimild um virkjun Fjarðarár. Þær eru nokkuð mismunandi um hestaflatölu, en síðasta samþykktin í stóru l. frá 1952 var um 2000 hestöfl. Ég held, að þetta sé röng aðferð, að hugsa svona viðvíkjandi virkjuninni þar. Ég held, að það er alveg nauðsynlegt, þegar ráðizt er í virkjun þar austur frá, að hugsa þarna hærra, að láta framleiðslu rafmagnsorkunnar vera það mikla, að hún geti verið undirstaða undir auknum fiskiðnaði þarna, undir vélreknum landbúnaði og undir sérstökum verksmiðjuiðnaði, sem

þar yrði komið upp. Núna mun með þeim olíustöðvum og öðru, sem til er í kauptúnum þarna austur frá, vera hægt að ná framleiðslu, sem er upp undir 2000 hestöfl, þannig að það yrði þá fyrst og fremst til þess að breyta úr olíustöðvum yfir í vatnsaflsstöðvar, ef það væri aðeins miðað við 2000 hestafla framleiðslu þar. Það er hins vegar vitanlegt, að eigi að duga sú framleiðsla, sem ráðizt er í, og eigi hún að vera það ódýr, að hún geti verið undirstaða undir iðnaði, þá þarf hún að vera í það stórum stíl eins og hér er talað um. Enn fremur álít ég, að við eigum ekki hér á Alþ. að binda það allt of fast, hvaða ár það eru, sem eru virkjaðar. Við vitum, að það er oft alls konar togstreita hér um slíkt. Ég held, að það sé bezt að láta þá vísindamenn okkar og þá sérfræðinga, sem vinna í raforkumálaskrifstofunni og annars staðar að þessum málum, og hæstv. ríkisstj. hafa þarna sem rýmstar hendur, í fyrsta lagi til þess að þreifa fyrir sér, að mæla og rannsaka og komast að óhlutdrægum niðurstöðum um, hvað bezt sé. Þess vegna hef ég lagt það til þarna að gera það mögulegt að hafa orkuverið allt upp í 6000 hestöfl og geta þar með tekið þá á, sem heppilegust þætti, hvort sem það væri Fjarðará, Grímsá, Lagarfljót, Jökulsá eða hvað sem væri.

Þá er viðvíkjandi 3. gr. Ég minntist áðan á það viðvíkjandi Vestfjörðunum, hvort við hugsuðum þróunina í þá átt að láta þá fara sömu leiðina og nyrzti hluti þeirra er að fara og ætluðum að reyna bara að sætta þá við einhverja ofur litla rafmagnsframleiðslu á hverjum staðnum út af fyrir sig eða hvort við hugsuðum hærra. Hins vegar er það svo, að eigi t. d. að leggja í virkjun eins og Dynjanda, þá er það stórt og mikið fyrirtæki, og ég býst við, að slíkt fyrirtæki mundi ekki geta borið sig, ef maður gengur aðeins út frá núverandi fólksfjölda á þessum stöðvum og núverandi atvinnurekstri. Við yrðum samtímis að hugsa okkur það og setja okkur það, að þarna yrðu að koma upp stærri fiskiðjuver en núna er, að svo og svo mikið af togaraflotanum yrði a. m. k. alveg sérstaklega á ákveðnum tímabilum að leggja upp þarna, hvar sem togararnir annars ættu heima á landinu, með tilliti til þeirra sérstöku aðstæðna, sem þarna eru. En þetta eru hlutir, sem við hér á Alþ. þurfum að gera upp við okkur samtímis. Ef við erum allir saman vantrúaðir á möguleika Vestfjarða viðvíkjandi sjávarútveginum og viðvíkjandi verksmiðjuiðnaði í einhverri verulegri mynd, þá mundum við kannske fara inn á þá braut að virkja þarna í smáum stíl á 5—6 stöðum. Ef við værum hins vegar sannfærðir um og ætluðum okkur að leggja í mikla aukningu atvinnulífsins þarna, ekki sízt t. d. í sambandi við kannske Grænlandsútgerðina og við skulum segja líka í sambandi við Halann, þá væri eðlilegast fyrir okkur að hugsa okkur að leggja í virkjun Dynjanda. Ég hef þarna reiknað með, að sú virkjun yrði þó nokkuð dýrari en virkjunin á Austfjörðum. Ég býst við, að hún mundi verða það m. a. vegna aðalorkuveitnanna. En við skulum líka gera okkur ljóst, að þarna erum við að heyja baráttu fyrir því að gera ekki aðeins þessa firði áfram byggilega, heldur líka rífa þá upp úr þeim erfiðleikum, sem þeir svo lengi hafa átt við að stríða. En eins og ég gat um áðan, þarf samfellt átak í sambandi við þetta. Rafvæðingin er ekki einhliða fyrirbrigði. Hún er þáttur í alhliða eflingu atvinnulífsins og á helzt að vera samferða henni. Hins vegar eru, eins og hv. þm. vita, mjög margar heimildir í lögunum frá 1952 um virkjanir á Vestfjörðum sitt á hverjum staðnum, og þær náttúrlega yrðum við að nota, ef ekki þætti fært að ráðast í Dynjanda. Hér læt ég það standa opið, í hvort yrði farið. En hins vegar er ekki til nú sem stendur í lögum heimild til virkjunar Dynjanda. Það eru aðeins til lög um smávirkjanirnar. Heimildin til þeirra mundi jafnt haldast með þessu, en heimildin til Dynjanda bætast við.

Í 4. gr. er umskrift og aukning á því fjármagni, sem ætti að leggja þarna til út frá þeirri breyt., sem síðan hefur orðið. Það er raunverulega aðeins tekið upp það, sem er í gamla frv. frá 1952. Eina breyt., sem ég þar geri, er viðvíkjandi Húnavatnssýslunni. Það var gengið út frá virkjun t. d. Víðidalsár í gömlu lögunum. Ég geng þarna út frá aðalorkuveitu til Hvammstanga og nálægra byggða. Jafnvel sú orkuveita er hugsanleg út frá þeim raforkuverum, sem nú þegar er verið að reisa og að nokkru leyti búið að reisa í Austur-Húnavatnssýslunni, og út frá þeim hugmyndum, sem ég seinna kem inn á viðvíkjandi Blöndu, þá fyndist mér eðlilegra að veita heimild til rannsókna þar heldur en að halda áfram heimildinni til virkjunar á Víðidalsánni.

Þá er í 5. gr. heimild til fullvirkjunar Laxár, svo og til að framkvæma allan undirbúning í því efni, sem vafalaust mun taka nokkurn tíma og við vitum að raforkumálaskrifstofan þegar er komin nokkuð á veg með og nauðsynlega þarf líka meiri peninga til.

Þessar till. í I. kaflanum eru þar með um ýmis ný raforkuver, sem yrði þá lagt í á næstu fjórum, fimm árum og flest eða mikið af þeim vonandi klárað. Í II. kaflanum fer ég með það, sem snertir undirbúning undir stærri virkjanir í framtíðinni, raunverulega út frá því, sem ég ræddi um í upphafi og meginmáli míns máls hér.

Þar er í fyrsta lagi heimilað ríkisstj. að láta hefja nauðsynlegan undirbúning viðvíkjandi stórvirkjun í Þjórsá og Hvítá í Árnessýslu. Sigurður Thoroddsen verkfræðingur hefur komið fram með ákaflega interessant hugmyndir í þessu sambandi og flutti um það mjög merkilegt erindi á fundi í Verkfræðingafélagi Íslands, sem mér þar gafst tækifæri til að hlýða á og hann hefur góðfúslega lofað mér að birta hér sem fskj., um leið og ég vil taka það fram, að einmitt hans hugmyndir og hans þekking í þessum efnum er fyrir mér undirstaðan að því að koma fram með till. eins og þessar og þær, sem við fluttum 1947 um virkjun Urriðafoss þá. Það, að Hvítá er tekin þarna með, er vegna þess, að við allar þær mælingar og alla þá ljósmyndun úr lofti, sem þyrfti að fara fram á öllu því vatnasvæði, þá er það vatnasvæði bæði Hvítár

og Þjórsár, sem yrði að taka saman, og enn fremur af hinu, að ein af till. Sigurðar, eins og hér er sagt, er að veita Hvítá í Þjórsá, þannig að Urriðafoss mundi við það verða miklu stórfelldari en nú er, og þarf auðvitað að taka tillit til þess, hvort slíkt á að gera, áður en farið væri að hugsa um virkjun Urriðafoss. Við virkjun Þjórsár er það eitt höfuðatriðið, og það er nauðsynlegt, að menn geri sér það ljóst, þegar menn ræða það mál, að hugsað sé fyrir vatnsuppistöðunum. Jökulárnar hafa þann eðlilega erfiðleika hvað virkjun snertir, að þeirra vatnsmagn er misjafnt, og eina ráðið til þess að geta tryggt þess vegna jafnt og stöðugt vatnsmagn úr fossum jökulánna er, að við höfum svo gífurlegar uppistöður, að við getum byggt virkjun við hvern foss á miklu meira vatnsmagni en mundi renna þar á þeim tíma, sem áin er minnst, ef engin jöfnun væri. En þetta þýðir, að ef af viti á að vinna í á eins og Þjórsá, þá þarf að planleggja fyrir fram uppistöður, sem bókstaflega breyta þannig landslaginu á þessum stöðum, að við sköpum gífurlega stór ný stöðuvötn, stærstu stöðuvötn á Íslandi, uppi í óbyggðunum. Ég tek þetta fram vegna þess, að t. d. þegar útlendingar eða menn, sem hefðu litla fyrirhyggju um rétta hagnýtingu á auðlindum Íslands, færu í virkjun á einstökum stöðum í ám eins og Þjórsá, þá er hæglega hægt að eyðileggja fyrir okkur svo og svo mikið af þeirri orku, sem við gætum fengið úr slíkri á, með vitlausum virkjunum, hagnýta fossana við skilyrði, þar sem við aðeins fáum notað þá að nokkru leyti, miða við minnsta vatnsmagnið, sem í þeim er frá náttúrunnar hendi. M. ö o.: Það að undirbyggja svona stórvirki eins og virkjun á Þjórsá krefst gífurlegs undirbúnings, fyrirhyggju og hugsunar, og mér er kunnugt um, að í því starfi, sem raforkumálaskrifstofan og einstakir verkfræðingar hafa verið að vinna á þessum sviðum, eru þegar uppi stórkostlega merkilegar og glæsilegar hugmyndir um, hvernig mætti fullnýta þessa miklu orkulind okkar.

Þá er í 7. gr. heimild um rannsóknir á möguleikum til stórvirkjunar í Blöndu og Vatnsdalsá. Það er hugmynd, sem Sigurður Thoroddsen verkfræðingur hefur komið fram með, um að veita Blöndu í Vatnsdalsá og skapa uppistöðu, stórt stöðuvatn, þar sem Friðmundarvötn nú eru. Með því má fá vatnsfall niður í Vatnsdalinn, sem mundi gefa upp undir 200 þús. hestafla orku. Það mundi þýða fyrir Húnavatnssýslurnar möguleika til stórvirkjunar, og ég vil hér aðeins benda á það, að slík virkjun þarna í Vatnsdalnum mundi um leið vera einn hentugasti áfanginn í því að tengja saman raforkuvirkjanirnar á Íslandi frá Laxá og smærri virkjununum norðanlands til Andakílsvirkjunarinnar, Sogsvirkjunarinnar og komandi Þjórsárvirkjunar hér syðra. Og í sambandi við þá auðlind, sem við eigum í Dalasýslu, kolalögin þar, sem ég sé nú að farið er þegar að gera samning um að verja til að brenna, þá vil ég vekja athygli hv. þm. á því, að slík kolalög eins og þar eru eru hvað innihald snertir einhver þau hæfustu til að vinna úr þeim öll þau tjöruefni, sem mynda grundvöllinn að efnaiðnaði nútímans, eins og að vinna efnin, sem notuð eru í nylon eða annað slíkt. Við vitum, að allur sá kemiski stóriðnaður nútímans byggist fyrst og fremst á mókolum og brúnkolum, sem unnin eru við ódýrt afl. Auðhringurinn mikli, þýzki IGF, byggði sitt heimsveldi og byggir það raunar enn á slíkum brúnkolum unnum með kolunum í Ruhr. Við, sem höfum fossana, og við, sem höfum þessi efni þarna, ef við aðeins hefðum vit og þekkingu til þess að hagnýta þetta á réttan hátt, höfum þarna möguleika til þess að skapa stórkostlega bætta lífsafkomu og aukna framleiðslu okkar einmitt á þessum sviðum, þar sem sérþekking og skynsamleg hagnýting orkunnar er höfuðatriðið. Það er enn fremur ekki eðlilegt að einbeita allri stóriðjunni á Íslandi aðeins á Suðurlandsundirlendinu. Við þurfum að hugsa til Norðurlandsins ekki síður og ekki hvað sízt héraða, sem gætu orðið með beztu landbúnaðarhéruðum landsins, eins og Húnavatnssýslurnar og Skagafjörðurinn, og við skulum gera okkur ljóst, að stórvirkjun í Vatnsdalnum hefur sama gildi fyrir t. d. Skagafjörðinn, því að það að tengja línurnar þarna saman er ákaflega auðveldur hlutur og ódýr. Það er enginn efi á því, að gnægð rafmagns á þessum stöðum mundi gera þeim bændum, sem þarna byggju, mögulegt að þaulrækta og nota síðan rafknúin tæki við vinnuna á þaulræktuðu landi. Við skulum muna, að benzín og olía er núna sjötti parturinn af innflutningi Íslands, og rafknúin tæki til okkar vinnslu, og ég tala nú ekki um í framtíðinni til að knýja farartækin líka, er hlutur, sem við verðum að hugsa fyrir af alvöru sem sjálfsögðum hlut, jafnsjálfsögðum hlut og mönnum fannst það hér fyrir 30 árum, að við settum okkur það að vera búnir að koma á vegakerfi a. m. k. um aðalpartinn af Íslandi 1940, — mig minnir, að það hafi verið takmarkið, sem sett var á þriðja áratug aldarinnar. Það að leggja út í þessa hluti er fyrir okkur sannarlega ekki meira en var fyrir þá kynslóð að hugsa um að leggja brýr, vegi og síma út um landið. Við þurfum bara að vera jafnstórhuga. Og við höfum margfalt betri möguleika en sú kynslóð hafði til þess að framfylgja miklu stærri hugmyndum en hún gat látið sig dreyma um. Allar þessar hugmyndir um stóra virkjun eru auðvitað alveg óhugsandi án þess, að samtímis sé skipulögð sú stóriðja, sem eigi að standa í sambandi við hana. Það nær engri átt að fara að tala um, rannsaka eða skipuleggja svona stórvirkjanir án þess að setja sér það um leið og trúa á það, að hægt væri að koma hér upp stóriðju, sem Íslendingar réðu sjálfir.

1947, í þeim till., sem ég þá flutti, minntist ég sérstaklega á aluminiumvinnsluna og áburðarvinnsluna. Ég held, að aluminiumvinnslan sé ein sú allra þýðingarmesta nú, og þeir ágætu verkfræðingar, sem við eigum á öllum þessum sviðum, menn eins og Gunnar Böðvarsson, Baldur Líndal og aðrir slíkir, — allir þessir menn hafa verið að athuga, hvað hægt sé að gera í þessum efnum. Þeir hafa haft til þess lítið fé. Þeir hafa haft til þess slæm skilyrði hvað það

snertir, að þeir hafa ekki verið hvattir til þess. Það hefur engan veginn verið gott samband á milli þeirra hugvitsmanna, sem hafa vísindalega þekkingu á því, sem hægt sé að gera á Íslandi, og þeirra manna, sem hafa ráðið því, hvað gert sé á Íslandi, og það þarf að breytast. Það þarf að hvetja þessa menn og það þarf að láta þá finna það, að valdhafarnir vilji láta þeim í té nægilegt fé til þess að vinna að þessum hlutum og til þess að rannsaka þá. Við þurfum nú þegar að skipuleggja, að ákveðnir, helzt einhverjir efnilegustu stúdentar og verkfræðingar, sem við höfum, fari í aðrar eins sérgreinar og hinar ýmsu greinar efnaverkfræðinnar og efnafræðinnar, til þess að við höfum hér heila, sem séu færir um að glíma við þessi viðfangsefni með allri þeirri sérþekkingu, sem nútíminn hefur yfir að ráða í þessum efnum og gerir kröfu til. Ég vil aðeins vekja athygli hv. þm. á því, t. d. viðvíkjandi aluminium, einmitt út frá því, sem ég birti hér, þeirri greinargerð, sem verkfræðingurinn Baldur Líndal birti í Íslenzkum iðnaði í apríl 1953 um vinnslu aluminium-oxyds við jarðhita, — ég vil aðeins vekja athygli hv. þm. á því, að Ísland er eitt af þeim fáu löndum, sem hefur þá aðstöðu, að geta unnið úr bauxitleirnum í fyrsta lagi aluminium-oxyd við jarðhitann hérna og í öðru lagi hreinan aluminiummálm úr aluminium-oxydinu við rafmagn. Í öðrum löndum sumum er þetta þannig, að bauxitið er flutt úr einu landi til þess að vinna þar t. d. við kol eða jarðgas eða annað slíkt aluminium-oxyd úr því og það aluminium-oxyd er flutt til annars lands, þar sem mikið er af raforku, til þess að vinna þar hreinan aluminiummálm. Hér getur hvor tveggja þessi efnafræðislegi process farið fram hér heima að öllum líkindum. Og sjálft bauxitið er ekki nema, ja, líklega tíundi hlutinn af verðmæti þess hreina aluminiummálms, þegar búið væri að vinna hann. Við gætum þess vegna hagnýtt þessa gífurlegu aðstöðu, sem við höfum með vatnið sjóðandi upp úr jörðinni og fossana, til þess að framleiða þarna þann málm, sem nú er að verða langsamlega eftirsóttasti málmur veraldarinnar og verður það áreiðanlega til allrar hamingju ekki bara í hernaðarlegum tilgangi, heldur jafnvel fyrst og fremst til allra friðsamlegra starfa. Það er alveg óútreiknanlegt, hvað langt við kunnum að komast enn þá í þessum efnum. Það er bæði farið að smíða báta og hús og annað slíkt úr aluminium, og það er alveg nauðsynlegt fyrir okkur að fylgjast vel með í þessum hlutum, sjá um, að við eigum slíka sérfræðinga, að við vitum bókstaflega, hvað sé að ganga fyrir sig, og að við vitum, hvernig hægt er að hagnýta okkar auðlindir. Annars stöndum við, með þeim gífurlegu framförum, sem vísindin nú á tímum hafa tekið, næstum eins og villimenn gagnvart þrumum og eldingum. Þess vegna eru þessar till. mínar um fjárveitingar þarna, bæði til rannsóknanna á stóriðjunni í 8. og 9. gr., 2 millj. í annarri, ½ millj. í hinni á ári á næstu 4 árum, alveg bráðnauðsynlegar, ef við eigum að geta skapað okkur einhverjar raunhæfar hugmyndir um, hvað við getum í þessum efnum. Og í 10. gr. geng ég út frá, að úr öllum þessum rannsóknum vinni raforkumálaskrifstofan og raforkumálastjórnin og það sé miðað við það að reyna að leggja niðurstöðurnar fyrir Alþ. í síðasta lagi á árunum 1957—58, og ég veit, að það gæti aldrei orðið fyrr, þó að þetta yrði samþykkt.

Ég held, að samtímis því að efla okkar sjávarútveg og landbúnað sé þetta, sem þarna er lagt til, eitt raunhæfasta skrefið, sem við getum stigið til þess að undirbyggja það nýja atvinnulíf, sem við þurfum að skapa handa þeirri þjóð, sem við sjáum að kemur til með að tvöfaldast á næstu 4—5 áratugunum. Ég veit ósköp vel, að allar rannsóknirnar í þessum efnum kunna að verða það umfangsmiklar, vandamálin það erfið og framfarirnar í þessum efnum það miklar í veröldinni á næstu árum, að við stöndum kannske frammi fyrir því eftir 4—5 ár að verða enn þá að fresta þessum hlutum til þess að geta gengið úr skugga um nýja möguleika, sem skapazt hafa, en við þurfum samt að reyna að flýta okkur það mikið við þetta, að við getum áður en allt of langur tími líður lagt í þessi stóru verkefni.

Í III. kaflanum ræði ég svo um okkar möguleika efnahagslega til þess að leggja í þetta.

Ég ætla ekki að fara út í að ræða það, á hvern hátt við leysum okkar innanlandsvandamál í sambandi við fjárframlög til svona hluta. Fyrir mér eru það alltaf tiltölulega auðveld viðfangsefni, vegna þess að ég lít á þessa hluti frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar. Frá þjóðarheildarinnar sjónarmiði eru allar virkjanir eins og þessar spurning um vinnuafl, þ. e. spurning um það, hvort við höfum vinnuafl afgangs, þjóðin sem heild, til þess að láta koma upp hvort það er virkjun eins og Laxá, til þess þurfum við um það bil 125 menn í 3 ár, eða virkjun eins og Þjórsá, til þess þurfum við máske eins margar þúsundir manna og hundruð við Sogsvirkjunina; og svo hitt spursmálið, hvernig við getum unnið okkur fyrir gjaldeyrinum, sem við þurfum í það, sem við getum ekki framleitt sjálfir, vélarnar í stóriðjuna og túrbínurnar og annað slíkt. Ég álít, að við getum unnið okkur fyrir þessum vélum með því að geta haft alla okkar atvinnuvegi — og þá fyrst og fremst sjávarútveginn — í fullum gangi, með því að geta aukið nokkuð okkar skipastól, eins og Sósfl. nú þegar hefur lagt til, og látið vinna fullkomlega úr fiskinum sem vöru. Ég er ekki í neinum efa um, að það er hægt að gera við ríki, sem við nú þegar höfum stóra samninga við, samninga til 5 eða 10 ára um að kaupa vélar eða andvirði þeirra og selja í staðinn okkar fiskafurðir, jafnvel kannske að einhverju leyti okkar stóriðjuafurðir, og undirbyggja þannig, að þjóðin sem heild geti annars vegar látið nokkuð af sínu vinnuafli hér innanlands í það að vinna að virkjununum og hins vegar nota nokkuð af sínu vinnuafli á sjónum, sem sé nokkuð af þeim fiski, sem við framleiddum, til að kaupa fyrir andvirði hans vélarnar, sem við þurfum í þessi orkuver.

Ég er viss um, að þessa hluti er hægt að gera. Ég hef áður skrifað greinar til þess að sýna

fram á, hvernig við getum gert slíka 10 ára samninga. Ég vil benda á, að það er t. d. þessa dagana verið að gera svona samninga milli landa eins og t. d. Indlands og ýmissa sósíalistísku landanna. Það er þannig engum efa bundið, að ef við aðeins getum tryggt okkur eitt, og það er að fá að vinna að okkar framleiðslustörfum, fá að vinna af fullum krafti að því að framleiða okkar fisk, hagnýta hann fullkomlega eða vinna úr honum fullkomlega hér innanlands, þá getum við af eigin rammleik komið þessari stóriðju upp, a. m. k. þannig, að þó að við yrðum að taka einhver ofur lítil lán um tíma til þess, þá yrðu þau okkur ekki fjötur um fót. En hitt veit ég, að svo framarlega sem við látum kreppu dynja hér yfir núna, þá verður ekki lagt í neina stórfellda hluti á sviði raforkunnar.

Ég vil aðeins minna þá, sem muna það langt, á, að þegar kreppan dundi yfir Ísland 1931, þá var eitt af því fyrsta, sem gert var af hálfu þess stórveldis, sem þá hafði mest tök á okkur, Englands, að banna ríkisstj., og það þeirri ríkisstj., sem þá hafði hugsað sér að gera ýmsar stórar framkvæmdir, ríkisstj. Framsfl. og Alþfl., sem tók við 1934, að ganga í ríkisábyrgð fyrir þeim stóru hlutum, sem þá var verið að hugsa um, eins og hitaveitunni í Reykjavík og Sogsvirkjuninni. Þá átti að hindra framfarirnar hér á Íslandi af hálfu brezku stórveldastefnunnar. Þá átti að velta byrðum kreppunnar af Englandi m. a. yfir á herðar okkar Íslendinga. Og ef kreppa dynur yfir Ameríku, eins og útlit er fyrir nú, þá er ég hræddur um, að ef við eigum að vera fyrst og fremst upp á hana komnir um viðskiptamálin, þá verði ekki mikið úr stórum hlutum í rafvirkjunum.

Ég held þess vegna, að við þurfum að undirbyggja okkar viðskiptalíf þannig, að við getum tryggt okkur að geta rekið allan okkar skipastól — og það meiri skipastól en við eigum — með fullum krafti og unnið úr því öllu saman hér innanlands og selt það allt saman. En ég er líka ekki í neinum vafa um, að ef við gerum það og notfærum okkur þá möguleika, sem eru til viðskiptasamninga, og við höfum nú þegar séð á þeim samningi, sem gerður hefur verið við Sovétríkin, hvað stóra viðskiptasamninga er hægt að gera, þá er engum efa bundið, að við getum með því lagt traustan grundvöll að rafvæðingu Íslands.

Í IV. kaflanum legg ég til, að andvirði þess söluskatts auk annarra gjalda, sem ríkissjóður hefur fengið af vélum til Sogsvirkjunarinnar og Laxárvirkjunarinnar, þ. e. 25 millj. kr., eða eins mikið af því og er til, sé lagt í sérstakan raftækjasjóð, sem sé notaður til þess að gera íslenzku alþýðuheimilunum mögulegt að fá sér þau raftæki, sem heimilin þarfnast, með góðum afborgunarskilmálum. Það er vitanlegt, að þegar t. d. farið verður að leggja rafmagnsveiturnar út um sveitirnar, þá er alveg brýn nauðsyn frá verzlunarlegu sjónarmiði virkjananna, að notkunin á rafmagninu verði sem fyrst sem mest á öllum þessum heimilum. Ég ætla ekki að tala um, hvaða þýðingu það hefur fyrir fólkið á þessum heimilum að geta frá upphafi notið allra þeirra gæða, sem raforkan býður. Nú stendur svo á hér heima, að við getum sjálfir framleitt í verksmiðjum, sem ríkið á í, eins og Rafha í Hafnarfirði, raftæki svo að þúsundum skiptir á ári, — ég tala nú ekki um, ef við tökum upp tvískiptar eða þrískiptar vaktir þar, — þá getum við framleitt öll þau raftæki, sem þarf handa þessum heimilum, og náttúrlega er framleiðslan mun ódýrari, þegar verksmiðjan getur gengið þannig af fullum krafti. En það, sem áreiðanlega mun á skorta á þessum stöðum mörgum, er, að þegar bóndinn verður búinn að leggja fram sitt heimtaugargjald til þess að fá línuna heim til sín, þá hefur hann ekki sérstaklega mikla peninga afgangs til að kaupa öll þau tæki, sem þarna þarf til. Og ég minnist hér sérstaklega á bóndann og á sveitafólkið, ekki sízt vegna þess, hve brýnt það er að geta gert störf sveitakonunnar léttari en þau eru núna. Ég býst við, að af öllu vinnandi fólki á Íslandi sé hún ef til vill sú, sem á erfiðast, og með því að tryggja sveitaheimilunum þannig strax þessi tæki, þá mundu þessi umskipti fyrst verða slík sem þau raunverulega ættu að verða fyrir fólkið þar. En þó að ljótt sé frá að segja, þá er það ekki aðeins í sveitunum, sem þessi tæki skortir. Í fjöldanum öllum af kaupstöðum Íslands, þar sem rafmagn þegar er, eiga fátækustu fjölskyldurnar, oft barnflestu fjölskyldurnar, húsmæðurnar, sem erfiðast hafa það og verst búa, minnst af tækjum eins og þvottavélum, hrærivélum og öðru slíku, jafnvel stundum ekki neitt.

Ég held þess vegna, að því fé, sem ríkissjóður fékk, 25 millj. kr., í söluskatt og önnur gjöld af Sogsvirkjuninni og Laxárvirkjuninni og vélunum til þeirra, væri bezt varið með því að nota það til þess að gera íslenzkum húsmæðrum bæði í kaupstöðum og sveitunum mögulegt að fá sem allra fyrst með afborgunarfresti, sem stæði í mörg ár, allar þær vélar, sem þarf í þessum efnum. Ég efast ekki um, að slíkir samningar ríkisstj. við raftækjaverksmiðjuna Rafha um slíka fjöldaframleiðslu mundu líka um leið efla þá verksmiðju stórum og þann iðnað, sem í sambandi við það stendur. Þeim, sem eru nógu efnaðir til þess að geta keypt þetta og borgað það út, er að vísu eftir sem áður leyfilegt að fá það á þann hátt. En ég held, að þetta mundi gera það að verkum, að það yrði enn þá fljótar gagn af rafvirkjuninni, bæði í kaupstöðunum og sveitunum, sem þarf að verða.

Ég hef nú orðið langorðari en ég ætlaði mér upphaflega, rakið nokkuð þessar till. mínar og komið í samband við það almennt inn á stefnu Sósfl. í raforkumálunum. Ég vil vonast til þess, að þessar till. mæti skilningi hjá hv. þm., og ég vildi líka mega óska, þegar að því kæmi, að hæstv. ríkisstj. færi að athuga þessi mál, að hún tæki nokkurt tillit til og hefði nokkra hliðsjón af þeim hugmyndum, sem hér eru settar fram. Það hefði verið gott, ef það hefði verið gert 1947, þegar við fluttum okkar till. þá, en það er aldrei of seint að læra í þessum efnum.

Höfuðatriðið er, að það, sem við gerum í þessum málum, gerum við á þann hátt, að sú

auðlind, sem okkar vatnsmagn er, verði hagnýtt af þjóðinni sjálfri í hennar eigin þágu og henni sjálfri til blessunar, að engin af þessum auðlindum verði auðs- og gróðauppspretta fyrir útlenda aðila, sem notuðu þetta afl til þess að fjötra Íslendinga og gera okkur að þrælum í okkar eigin landi.

Ég vil svo leyfa mér að óska þess, að að lokinni þessari umræðu verði þessu frv. vísað til 2. umr. og — ja, ég býst við, að það sé nú að sumu leyti eðlilegast, að það fari til iðnn., slík frv. hafa líklega verið þar lengst af. Annars er náttúrlega ákaflega mikið í frv., sem er hreint fjhn.-mál. En ég býst samt við og vildi skjóta því til hæstv. forseta, að það væri líklega réttast, að það fari þó til iðnn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 40. fundi í Nd., 17. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til iðnn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

47. Húsaleiga.

Á 38. fundi í Nd., 14. des., var útbýtt:

Frv. til l. um húsaleigu [125. mál] (þmfrv., A. 302).

Á 42. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta á þskj. 302, sem ég flyt ásamt hv. 2. þm. Rang. (BFB), er borið fram að beiðni hæstv. félmrh. og í samráði við hann. Frv. er samið af nefnd, sem félmrh. skipaði, og var frv. nálega samhljóða því, sem hér liggur fyrir, lagt fram á Alþingi 1951, en hlaut þá ekki fullnaðarafgreiðslu.

Það er eftirtektarvert, að árið 1884, eða þegar Alþingi hafði haft löggjafarvald aðeins um 10 ára skeið, voru sett hér lög, svonefnd ábúðarlög, sem fjalla um skipti jarðeigenda og leiguliða á lögbýlum í landinu. Þessi lög, ábúðarlögin, hafa síðan verið endurskoðuð og færð til samræmis við gildandi venju og lögð alúð við að hafa þau í því formi, sem bezt hentaði bæði eigendum jarðanna og leiguliðum. En nú er því svo háttað, að leiguíbúðir eru miklu fleiri en leigðar jarðir eru í landinu. Lögbýli í landinu munu alls vera 6—7 þúsund og ekki nema nokkur hluti, áreiðanlega mikill minni hluti þeirra, er í leiguábúð. Á árinu 1950 fór fram athugun á því, hve margar leiguíbúðir væru í stærstu kaupstöðum landsins. Þá kom í ljós, að í Reykjavík voru 6280 íbúðir seldar á leigu, á Akureyri 631 og í Hafnarfirði 406 o. s. frv., eða m. ö. o., að í þessum þremur kaupstöðum, sem ég hef nefnt, voru leiguíbúðir 1950 yfir 7000, eða fleiri en öll lögbýli í landinu. Þrátt fyrir þetta og þó að þróunin gangi í þá átt í þjóðfélaginu, að leiguíbúðir verði æ fleiri, þá er engin allsherjar löggjöf í gildi um húsaleigu. Þau húsaleigulög, sem hafa verið sett, hafa fjallað um viss atriði, þau hafa verið sett í sambandi við dýrtíðarráðstafanir, vegna styrjaldarástands og kveðið á um ýmis atriði, jafnvel skerðingu á umráðarétti húseiganda, hámark húsaleigu o. s. frv., en almenn ákvæði um samskipti leigusala og leigutaka eru ekki til í íslenzkri löggjöf.

Þegar á þetta er litið, virðist alls ekki að ófyrirsynju, að félmrn. beitti sér fyrir því á árinu 1951 með skipun nefndar, að samið væri frv. um þessi efni, og var það frv. lagt fram á þingi 1951, eins og ég gat um áðan, og er nú flutt hér að nýju með litlum breytingum.

Í I. kafla þessa frv. er að finna nokkur almenn ákvæði um leigumála, þar sem gert er ráð fyrir, að prentuð séu eyðublöð undir slíka leigusamninga og þau eyðublöð séu yfirleitt notuð.

II. kafli frv. fjallar um leigufardaga og uppsögn húsnæðis, og eru þar aðeins staðfestar þær reglur um uppsagnartíma og fleira, sem venja hefur skapazt um.

Í III. kafla er fjallað um afhendingu leigðrar íbúðar eða húsnæðis, og eru þau ákvæði, sem sá kafli hefur að geyma, einnig í samræmi við þær reglur, sem fylgt er og venja hefur skapazt um.

IV. kaflinn er um stað og stund leigugreiðslu. Þar er gert ráð fyrir, að það verði ákveðin sem meginregla, að húsaleiga verði greidd fyrir fram.

Í V. og VI. kafla frv. er fjallað um skyldur leigusala og leigutaka og þar á meðal viðhaldsskyldu húsanna. Þar er svo fyrir mælt, að leigusali skuli greiða skatta af húseign sinni, eins og venja er, en um viðhaldið er gert ráð fyrir, að þær reglur verði lögfestar, að leigusali annist viðhald allt utanhúss og á þeim hlutum íbúðarinnar, sem eru til sameiginlegra afnota, en leigutaki taki að sér viðhald íbúðarinnar innanhúss, og er þetta ákvæði miðað við það, að á þann hátt skapist meiri ábyrgðartilfinning hjá leigjanda um að ganga vel um íbúðina, ef hann sjálfur á að bera kostnað af viðhaldi þess, sem aflaga fer innan íbúðarinnar sjálfrar. Þá er enn fremur gert ráð fyrir því, að þegar skipti verða á leigjendum, fari fram úttekt á íbúðinni á svipaðan hátt og ákveðið er í ábúðarlögum, þegar leigjendaskipti verða á jörðum.

VII. og VIII. kafli hafa að geyma ákvæði mjög almenns eðlis, og eru þau í samræmi við það, sem helgazt hefur af gildandi venju. En í IX. kafla er fjallað um rétt leigusala til að rifta leigumála húsnæðis. Fullyrða má, að ákvæði þessa kafla, ef að lögum yrðu, mundu koma í veg fyrir margvísleg málaferli. Mörg af ákvæðum 44. gr. eru að sönnu í samræmi við þær reglur, sem nú eru taldar gilda, en í frv.

eru ákvæðin sett glögg og afmörkuð. En nú er þetta svo í framkvæmd, að ágreiningur um þessi efni verður að metast hverju sinni, og kemur í því efni oft til úrskurðar dómstóla um hvert mál fyrir sig.

X. og XI. kafli frv. fjalla um atriði, sem ágreiningur hefur verið um, þ. e. um sérstakar ráðstafanir af hálfu stjórnarvalda, ef um húsnæðiseklu er að ræða, en slíkum ráðstöfunum fylgir að jafnaði nokkur skerðing á rétti húseigenda til að ráða húsum sínum að öllu leyti sjálfir. Í þessu frv. er svo frá þessu gengið, að þessi ákvæði eru heimildarákvæði, og með frv., ef að lögum verður, verður algerlega lagt á vald hlutaðeigandi bæjarstjórnar, hvort þessi ákvæði verði látin koma í gildi á hverjum stað eða ekki. Má þá ætla, að samkomulag geti orðið um að afgreiða málið í þeim búningi.

Nefnd sú, sem undirbjó frv. um þetta efni 1951, sagði svo um efni þessa máls í grg., sem fylgdi því frv.:

„Það leiðir af líkum, að á sviði húsaleiguréttar er þörf á ýmsum sérreglum, er víkja frá almennum reglum kröfuréttar, en slíkar sérreglur verða einungis settar með löggjöf frá Alþingi. Nauðsyn ber til, almenningi til öryggis, að setja ýmsar reglur, er takmarka hið almenna samningsfrelsi. Reynsla annarra þjóða staðfestir þetta. Hefur víða um lönd verið sett heildarlöggjöf um lögskipti leigusala og leigutaka, og virðist eigi síður nauðsyn á slíkri löggjöf á Íslandi en í grannlöndum vorum."

Þessi orð eru vissulega í fullu gildi enn í dag, og eru þau vottur þess, að frv. um þetta efni er engan veginn að ófyrirsynju fram borið.

Ég mun svo ekki hafa þessa framsögu lengri, nema sérstakt tilefni gefist til að taka aftur til máls, en legg til, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður mikið, en mér þótti þó rétt að segja aðeins örfá orð við þessa umr. málsins, af því að svo vildi til, að ég átti sæti í þeirri nefnd, sem á sínum tíma hafði með þetta mál að gera og samdi það frv., sem hér er nú flutt af tveimur hv. þm. í þessari deild. Þetta er í þriðja sinn, sem frv. þetta er lagt fyrir Alþingi, og hefur ekki til þessa náðst samkomulag um afgreiðslu málsins. Liggja til þess ýmsar ástæður.

Eins og hv. frsm. málsins gat hér um áðan og lauk ræðu sinni með — og vitnaði í grg. n., sem undirbjó frv., þá er það vitanlega mikil nauðsyn og mjög æskilegt, ef hægt væri að setja almenn lög um samskipti leigusala og leigutaka, vegna þess að eins og nú standa sakir eru í íslenzkum lögum engin ákvæði um þetta efni í löggjöfinni sjálfri, heldur er þetta svo að segja eingöngu byggt á venjurétti. Þetta leiðir auðvitað af sér það, að oft og tíðum rísa ýmis vandamál, sem erfitt er að leysa úr, jafnvel fyrir dómstólana, og því væri að mörgu leyti mjög æskilegt, að hægt væri að setja um þetta efni heildarlöggjöf. Um þetta atriði er ekki heldur ágreiningur að meginefni til, og hygg ég, að allir séu um það sammála, að æskilegt væri, að slík löggjöf væri sett. En það, sem hefur valdið því, að málið hefur ekki náð fram að ganga og sætt allmikilli mótspyrnu, er það, að í X. og XI. kafla frv. er tekin upp mjög mikil takmörkun á umráðarétti húseigenda yfir sínum húsum og það miklum mun meiri takmörkun en gilti jafnvel í húsaleigulögum stríðsáranna, þar sem eru ákvæðin í XI. kafla um húsaleigumiðstöð. Ég hirði ekki um að fara nákvæmlega út í þessi atriði á þessu stigi málsins, en vildi aðeins til leiðbeiningar fyrir þá hv. n., sem fær málið, geta þess, að það eru þau atriðin, sem ágreiningur varð um í n. á sínum tíma og hún klofnaði um. Það var sjónarmið sumra nm., að það væri óeðlilegt að taka upp slík ákvæði í almenn lög, heldur ætti, ef sérstakt neyðarástand bæri að höndum, svo sem venja er til, þegar þannig er ástatt, eins og á stríðstímum, — þá eru sett ýmis sérstök lög, sem eingöngu eru miðuð við það ríkjandi ástand, — að þá gæti verið ástæða til að setja slíka löggjöf, en slík löggjöf gæti aldrei gilt nema um stundarsakir vegna þeirrar miklu réttarskerðingar, sem í henni fælist. Það þótti sýnt, enda hefur reynslan þegar staðfest það, að hin ströngu réttarskerðingarákvæði, sem giltu í þeim húsaleigulögum, sem nú eru úr gildi fallin, hafa beinlínis orðið til þess að draga úr áhuga manna að eiga leiguhúsnæði, enda hefur reyndin orðið sú, að leiguíbúðum hér í Reykjavík hefur stöðugt farið fækkandi, en þar hefur húsnæðisskorturinn verið mestur, og það er einnig vitað, að sú staðreynd, að þetta frv. hefur sífellt verið til meðferðar hér í þingi, með þessum miklu réttarskerðingum, og alger óvissa um afdrif þess hefur beinlínis leitt af sér það, að ýmsir hafa ekki viljað leigja út frá sér húsnæði, sem þeir ella hefðu gert, af ótta við, að þeir yrðu þá að sitja uppi með þá leigjendur um ófyrirsjáanlegan tíma.

Það kom fram það sjónarmið við samningu þessa frv., að það væri eðlilegt að hafa hliðsjón af ábúðarlögum í sambandi við leigu á almennu íbúðarhúsnæði. Að minni hyggju er þar um ákaflega óskylda hluti að ræða, og þó að geti verið sterk rök fyrir því og nauðsynlegt að hafa þær miklu hömlur, sem eru í ábúðarlögum um uppsögn á jarðnæði, þá sé ekki neinu svipuðu til að dreifa varðandi íbúðarhúsnæði og aðstæðurnar þar að mörgu leyti aðrar, enda mundi slíkt beinlínis leiða af sér það, að leiguhúsnæði mundi smám saman eða fljótlega hverfa úr sögunni. Út í það atriði skal ég ekki nánar fara í einstökum atriðum.

Ég vildi aðeins í framhaldi af því, sem hv. fyrri flm. málsins gat um lauslega, benda á það, að í þessum almennu ákvæðum frv. er ein sérstök nýjung, en það er í sambandi við viðhaldsskylduna og úttekt húsnæðis, og ég vildi sérstaklega beina því til hv. nefndar, að hún athugaði þetta mál rækilega, vegna þess að það er vissulega margt, sem mælir með því, að ákvæðið sé haft og viðhaldsskylda lögð á leigutakann, en hins vegar með það í huga, að það verði betri umgengni um íbúðir. Hins vegar ber þess einnig að gæta, að hætt er við því, að það

verði mjög þungt í vöfum og kostnaðarsamt, ef á að taka út íbúðir í hvert skipti, sem skipt er um leigjanda. Að vísu er nú fyrir þessu séð að nokkru leyti í frv. á þann hátt, að það er hægt að semja sig undan þessu ákvæði og ákveða það með samningi, að viðhaldsskyldan skuli vera á leigusala, eins og nú er í gildi. En þetta atriði væri ástæða til að taka til nokkurrar athugunar í hv. nefnd. Að öðru leyti hygg ég, að meginefni hinna almennu ákvæða frv. sé aðeins staðfesting á þeim atriðum, sem nú gilda og hefur verið framfylgt og praktiserað af dómstólum, og eins og hv. þm. sjá, þá er gert ráð fyrir því í frv., að lögin séu obligatorisk, þ. e. a. s., að það er ekki hægt að semja sig undan þeim nema þar, sem það er beinlínis fram tekið.

Mín skoðun er sú, að það gæti verið farsælt og leitt þetta mál til skynsamlegra lykta, ef samkomulag gæti verið um það að lögfesta hin almennu ákvæði laganna, sem eru raunverulega þau atriði, sem máli skipta sem heildarlöggjöf í sambandi við samskipti leigutaka og leigusala, en fella niður X. og XI. kafla frv.

Ég vil taka fram, að það kom fram beinlínis í n. á sínum tíma, að það var andstaða gegn því hjá sumum sveitarstjórnum og þá fyrst og fremst hjá bæjarstjórn Reykjavíkur að fá þetta sem heimildarákvæði, X. og XI. kafla, eins og hér er ráð fyrir gert, heldur vildi bæjarstjórnin miklu frekar hafa það sem bundið ákvæði, ef það á annað borð ætti að vera í lögum, heldur en að eiga sífellt yfir höfði sér, að það væri verið að leggja þá ábyrgð á sveitarstjórnina sjálfa að taka þá ákvörðun, sem hér um ræðir, enda hefur það hingað til verið sett með lögum frá Alþ. sem bindandi ákvæði, þegar jafnveigamiklar ráðstafanir hafa verið gerðar eins og hér um ræðir og um er að ræða jafngeysimikil inngrip í réttarstöðu borgaranna og yfirráðarétt þeirra yfir sínum eignum. Mér hefði því sýnzt skynsamlegt og vildi beina því til hv. n., hvort ekki væri athugandi að reyna að afgreiða þetta mál í því formi, að samkomulag gæti orðið um að afgreiða hin almennu ákvæði frv., en fella þessa kafla niður. Ég játa fúslega, að það gæti vissulega verið það ástand ríkjandi, að nauðsynlegt væri að hafa takmarkanir ýmsar í gildi í þessu efni. En hins vegar er nú reyndin sú, og ég hygg, að flestir séu sammála um það nú orðið, að eina heilbrigða lausnin á húsnæðisvandræðunum sé að reyna að byggja yfir fólkið, en ekki taka upp jafnóheilbrigt ástand og ríkti á stríðsárunum, þegar húsaleigulögin voru í gildi, og með öllum þeim ósköpum, sem þeim víða fylgdu í sambúð fólks í húsum, þar sem um slíkt nauðungarsambýli var að ræða, þannig að það mundi ekki leiða til neinnar heppilegrar úrlausnar á þessum húsnæðismálum, þó að slík ákvæði yrðu sett, heldur reynt að einbeita kröftunum að þeirri varanlegu og heilbrigðu lausn málsins, að sem allra flestir gætu eignazt sína íbúð sjálfir. Það skilst mér að menn séu sammála um og að hæstv. ríkisstj. muni einnig hafa nú til athugunar það mál, hversu reynt verði að greiða fyrir því, að frambúðarlausn fáist á þeim vanda. Slík frambúðarlausn hlýtur vitanlega eingöngu að vera á þeim vettvangi, að það sé reynt að stuðla að því, að sem allra flestir geti orðið sjálfstæðir húseigendur, en ekki að leysa málið með þeim gerviráðstöfunum að fara að taka upp nauðungarsambýli og þvingunarákvæði eins og hér er gert ráð fyrir í þessum tveimur köflum.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég mun ekki fara að tala langt mál hér við 1. umr. þessa frv., sem er nú ekki nýr gestur hér á Alþ., því að það hefur tvisvar áður í svipuðu formi legið fyrir Alþingi, annað skiptið fyrir þessari hv. d. og í hitt skiptið fyrir hv. Ed. Ég ætla ekki heldur að fara að rekja forsögu þessa máls, sem er alllöng í raun og veru, og ekki heldur ræða um þau nefndarstörf, sem eru undanfari frv. En það voru einkum tvö eða þrjú atriði í ræðu hv. 2. þm. Eyf., sem komu mér til þess að segja hér örfá orð.

Hv. 2. þm. Eyf. viðurkenndi, að þörf væri sérstakra húsaleigulaga, sem væru þá hliðstæð við ábúðarlög, — ég meina um réttindi og skyldur húseigenda og leigjenda á sama hátt og ábúðarlögin eru um réttindi og skyldur leigutaka og eigenda jarðeigna. Það skal viðurkennt, eins og hann tók fram, að það er margt óskylt með þessu tvennu, svo að það er ekki hægt að draga fullar hliðstæður af því, en grundvallaratriðin eru þó þau sömu, þ. e. að koma heilbrigðri skipan á þessi mál, eftir því sem unnt er, þannig að réttarstaða þessara aðila sé í meginatriðum mörkuð í lögum.

Ég hygg, að það sé rétt, eins og hv. 2. þm. Eyf. líka viðurkenndi og tók fram í raun og veru, að það muni vera mjög lítill meiningarmunur meðal þeirra, sem um þetta frv. hafa fjallað, bæði við undirbúning þess, og hið sama hefur mér virzt koma fram í umræðum hér á Alþingi, að það væri ekki neinn verulegur ágreiningur um hin almennu ákvæði þessara laga, svo að það virðist hljóta að vera grundvöllur fyrir því að afgreiða frv. hvað þau atriði snertir. Og ég tel, að það sé miður farið, ef Alþ. gæti ekki nú sem allra fyrst og ég vil segja á þessu þingi náð samkomulagi um það. En það, sem aðallega gerði það að verkum, að hv. 2. þm. Eyf. virtist mæla gegn frv., a. m. k. í þeim búningi, sem það er nú, eru heimildarákvæðin í X. og XI. kafla laganna. Nú vil ég taka það fram, sem raunar þarf ekki, að þetta eru aðeins heimildarákvæði. En mér virtist, og það var það, sem kom mér mjög ókunnuglega fyrir sjónir og er svo algerlega andstætt minni skoðun á málinu, hv. 2. þm. Eyf. telja, að það væri þá betur farið, að þau ákvæði, sem felast í þessum köflum, væru ekki heimildarákvæði, heldur bein skylda að framkvæma þau, ef það ætti að setja þau í lög. Þessu er ég algerlega andstæður. Ég hefði aldrei fylgt því, að svona ákvæði væri sett inn í frv. og lögfest þar algerlega. Það hefði mér ekki dottið í hug, og það veit ég nú reyndar að hv. 2. þm. Eyf. hefði ekki heldur gert. En mér finnst aftur á móti mjög rétt og eðlilegt, að sveitarstjórnir fái tiltölulega víðtækar heimildir til þess að beita þessu ákvæði, þegar þeim

finnst ástæða til. Og það er ekkert annað, sem hér er verið að gera. Ég skal viðurkenna, að þær heimildir, sem felast í þessum köflum báðum, eru allviðtækar og það er vitanlega hægt að nota þær harkalega. En ég hef nú þá trú á okkar lýðræði og því skipulagi, að sveitarstjórnir mundu alls ekki nota þessi ákvæði, nema brýn þörf væri til, og það sé þess vegna ekki nein áhætta að leggja í hendur þeirra allviðtækt vald á þessu sviði. Ég er ekki að segja, að það þurfi endilega að vera öll þau ákvæði, a. m. k. óbreytt, sem lagt er til hér í X. og XI. kafla frv. að lögfest séu sem heimildarákvæði fyrir sveitarstjórnir. Það geta verið nýir hlutir, sem ætti að setja þar inn, og það getur vel verið, að það ætti að fella eitthvað af þessu burt. En þetta er mín skoðun, og þess vegna er ég á því, að það megi ganga alllangt í að leggja slíkt vald í hendur sveitarstjórna. Mér fannst eins og hv. 2. þm. Eyf. teldi, að sveitarstjórnir væru settar í allmikinn vanda með því að fá slíkt vald í hendur, það væri þá betra að ákveða þetta fyllilega, að þetta væri hrein lagaskylda, en ekki láta þær hafna eða velja. Þetta finnst mér mjög einkennilegt, vegna þess að það getur verið mikil þörf á að beita sérstökum ákvæðum vegna ástands í einu sveitarfélagi, þótt það sé engin ástæða til að gera það í fjölmörgum öðrum. Vegna þess eru heimildarákvæði yfirleitt sett, hvort sem það er varðandi þetta mál eða önnur, að þá er reiknað með því, að það henti ekki fyrir allt landið eða allt ríkið, að þessum ákvæðum sé beitt, heldur sé smærri heildum þjóðfélagsins heimilt að nota það, þar sem ástæður eru þannig. Nákvæmlega út frá þessu grundvallarprinsipi, sem ég er alveg samþykkur og finnst eðlilegt og rétt, er það, að þessi heimildarákvæði eru sett hér inn í þetta frv. ..

Nú skal ég viðurkenna, að það er vel hægt að hugsa sér þá leið til þess að leysa þetta mál, að frv. þessu væri skipt í tvö frv., annað væri almenn ákvæði um húsaleigu, sem sennilega er tiltölulega lítill ágreiningur um, og hitt væri þá aftur viss heimildarákvæði, sem sveitarstjórnir gætu beitt í einstökum tilfellum, þegar þeim þykir ástæða til. Það væri hægt að leysa málið þannig og afgreiða þá strax þann hlutann, sem kannske er ekki nokkur verulegur ágreiningur um, en slást þá um hinn og vita, hvernig vilji Alþ. er gagnvart því máli. En ég verð að játa, að mér fannst eðlilegt, að þetta væri í sama frv., og ekkert athugavert við það að neinu leyti út frá því grundvallarsjónarmiði, sem ég nú hér hef lýst, að það sé mjög eðlilegt, að sveitarstjórnir fái vald, sem þær geta beitt, þegar þannig eru ástæður, að þörf þykir, án þess að Alþ. þurfi að koma þar til ráða að öðru leyti en að veita heimildina í eitt skipti. Ég hef enga trú á, að það sé hætta á því, að sveitarstjórnir mundu misnota þetta; síður en svo. Ég gæti meira að segja frekar óttazt það, að þær í ýmsum tilfellum mundu kannske draga að nota þetta vald, þannig að það væri dregið úr hömlu að gera hluti, sem nauðsynlegt kynni að vera að gera í húsnæðismálunum vegna alvarlegs ástands í þeim þar.

Ég ætla ekki að fara að tala um einstök atriði frv., hvorki um hin almennu ákvæði, sem níu fyrstu kaflar frv. fjalla um og svo síðustu kaflarnir í raun og veru líka, né heldur um einstök ákvæði í þeim köflum, X. og XI. kafla, er fjalla um þessar heimildir. Það á nú ekki við heldur við þessa 1. umr. að gera það. En ég vil aðeins taka það fram, af því að ég hef átt töluvert mikinn þátt í undirbúningi þessa frv. og það hefur verið lagt hér fram áður og er lagt hér fram enn, að ég lít svo á, að hér sé eyða og það stór eyða í okkar löggjöf, sem verði að fylla sem fyrst. Meina ég þar almenna húsaleigulöggjöf. Þess vegna mun ég, meðan ég er í sæti félagsmálaráðherra a. m. k., eftir því sem ég sé mér fært, ýta á það, að Alþ. sinni þessu máli, og mun leita að leiðum eftir því, að samkomulag náist um að afgreiða það. Mér dettur ekki í hug að halda fram, að það geti ekki verið til bóta á þessu frv. ýmislegt, sem fram kæmi, og ég er mjög fús til samvinnu við alla aðila um það. Það er síður en svo, að ég líti, að það muni ekki vera. Ég gæti einnig verið til viðtals um það, að frv. væri skipt, en ég mundi frá mínu sjónarmiði fylgja jafnfast, þótt það væri gert, að bæði frv. yrðu afgreidd, út frá þeirri skoðun minni, að það sé hollt og heilbrigt að veita sveitarstjórnum yfirleitt töluvert mikið vald í þessum efnum, sem þau geta beitt eftir því, sem ástæður eru fyrir á hverjum stað.

Ég taldi rétt, að þessi skoðun mín kæmi hér fram við 1. umr. frv. og þá ekki sízt út af því, sem fram kom í ræðu hv. 2. þm. Eyf., en ég veit raunar, að það er afar margt, sem við erum algerlega sammála um í þessu máli, eins og ég heyrði líka á hans ræðu áðan.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, af því að mér fannst hæstv. ráðh. hafa misskilið nokkuð orð mín. Í fyrsta lagi það, að ég hefði mælt gegn frv. Ég gerði það að vísu í því formi, sem það liggur fyrir nú, en tók, að ég hygg, mjög skýrt fram, að ég áliti, að það væri mikil nauðsyn á því að lögfesta almenn ákvæði um samskipti leigusala og leigutaka, eins og lagt er til í hinum almennu ákvæðum þessa frv., enda var í n., sem undirbjó frv., enginn ágreiningur um það efni og nm. allir sammála um þessi atriði. Af þeim sökum get ég ekki talið, að ég hafi mælt gegn frv., nema síður sé. Hins vegar var, eins og hæstv. ráðh. gat um, ágreiningur um hin sérstöku atriði, sem snerta bindingu húsnæðis og umráðaréttar yfir því, sem um ræðir í X. og XI. kafla frv.

Það var sérstaklega eitt, sem hæstv. ráðh. sagði, sem ég vildi leiðrétta, að ég hefði haldið því fram, að það væri betra að taka bindingarákvæðin upp sem lögfestingu heldur en sem heimildarákvæði fyrir bæjarstjórnir. Ég sagði það ekki sem mína skoðun, heldur gat ég um, að það sjónarmið hefði komið fram í umræddri n., einkum frá fulltrúa þeim í n., sem sérstaklega túlkaði sjónarmið bæjarstjórnar Reykjavíkur, að það væri ekki óskað eftir því að fá slíkt sem heimildarákvæði, heldur, ef á annað

borð Alþ. fyndist rétt að slíkt gilti, þá yrði það sem bundið ákvæði. En það er ekki mín skoðun, sem túlkast í því viðhorfi.

Hæstv. ráðh. sagðist ekki mundu hafa fylgt þessu frv., ef gert hefði verið ráð fyrir því, að þessi þvingunarákvæði í X. og XI. kafla væru bundin í stað þess að vera heimildarákvæði. Hins vegar er það nú svo, að það var gert ráð fyrir því, þegar frv. var fyrst lagt fyrir Alþ. af hæstv. ráðh., þó að því hafi verið breytt nú, að þessi ákvæði væru einmitt bundin í Reykjavík og nokkrum kaupstöðum öðrum, en heimildarákvæði fyrir aðra kaupstaði, þannig að það var beinlínis ekki um neitt undanfæri að ræða fyrir viðkomandi sveitarstjórnir, þó að þessu sé breytt í því frv., sem hér liggur fyrir nú. Tel ég það persónulega til bóta, þó að ég búist við, að það muni koma viss andstaða frá ýmsum bæjarstjórnum vegna þessarar breytingar.

Það, sem ég sagði um málið í minni ræðu, var fyrst og fremst til að upplýsa ýmis atriði fyrir hv. n. með hliðsjón af því, að ég hafði átt sæti í n., sem undirbjó málið, en varðandi umr. um einstök atriði geri ég ráð fyrir, að betur eigi við að ræða það, þegar frv. verður tekið til 2. umr. Ég vildi sem sagt leiðrétta þennan misskilning, sem fram kom í ræðu hæstv. ráðh.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 19 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 302, n. 457 og 542).

Frsm. 1. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls var gerð nokkur grein fyrir frv., og sé ég ekki ástæðu til að fara að rekja efni þess sérstaklega, nema tilefni gefist til. En frv. þetta hefur legið fyrir til athugunar hjá heilbr.- og félmn. alllangan tíma. Samkomulag varð ekki um afgreiðslu málsins af hálfu n. Minni hl., hv. 2. þm. Rang. (BFB) og ég, leggur til, að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir, en annar minni hl. hefur gefið út sérstakt álit, sem frsm. hans mun gera grein fyrir. Fimmti nefndarmaðurinn var ekki viðstaddur í n. sökum lasleika á þeim fundi, þegar málið var afgreitt í n.

Frsm. 2. minni hl. (Jónas Rafnar): Herra forseti. Eins og fram hefur komið í nál., hefur heilbr.- og félmn. ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Hv. þm. A-Sk. (PÞ) og hv. 2. þm. Rang. (BFB) leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en ég og hv. þm. Ísaf. mælum með frv. þannig breyttu, að þrír síðustu kaflar þess verði felldir niður, þ. e. a. s. 48.—76. gr. frv., að báðum gr. meðtöldum. Við höfum áskilið okkur rétt til þess að flytja brtt. og fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Hv. 1. landsk. var ekki viðstaddur, þegar málið var afgreitt í nefndinni, og hefur ekki skilað sérstöku nefndaráliti.

Frv. þetta er svo til alveg samhljóða frv., sem flutt var á þinginu 1951 af hv. allshn. Frv. hafði verið samið af n., sem félmrh. skipaði á sínum tíma til þess að semja frv. að almennri húsaleigulögjöf. En frv. náði ekki fram að ganga. Má segja, að því hafi fyrst og fremst valdið ágreiningur út af X. kafla þess, sem heimilaði sveitarstjórnum, ef sérstaklega stæði á, að taka upp og láta gilda bindingarákvæði húsaleigulaganna gömlu, og ákvæði XI. kafla, sem gengu enn lengra, þar sem sveitarstjórnum var heimilað að koma upp húsaleigumiðstöðvum, sem önnuðust leigu á öllu nýju húsnæði og eldra húsnæði, sem losnaði eftir að húsaleigumiðstöðin tæki til starfa. Í frv. var gert ráð fyrir því, að heimildarákvæði X. og XI. kafla skyldu þó ekki vera lengur í gildi á Akureyri, Hafnarfirði og Reykjavík en til 14. maí 1953. Heimildarákvæðið í frv., sem deilan stóð um árið 1951, er nú að nýju tekið upp í frv. það, sem hér liggur fyrir. En nú eru þar engin tímabundin ákvæði varðandi þrjá stærstu kaupstaði landsins, og verður því ekki annað séð en að frv. að þessu sinni gangi mun lengra en upphaflega var árið 1951.

Um það getur ekki verið ágreiningur, að fullkomlega tímabært sé að setja almenna og ýtarlega löggjöf um samskipti leigutaka og leigusala. Um þau viðskipti hafa enn engin sérlög verið sett, nema þá undir óvenjulegum kringumstæðum eins og á ófriðartímum og þá til þess að draga úr vandræðaástandi, sem skapazt hefur vegna húsnæðiseklu. Hefur sú löggjöf og beinzt að því að takmarka mjög rétt húseigenda yfir leiguhúsnæði, en verið afnumin, er úr hefur raknað og greiðara hefur orðið um innflutning á byggingarefni. Telja má, að leigusamningar um húsnæði, hvort sem þeir eru munnlegir eða skriflegir, séu með allra algengustu löggerningum. Flestallir þjóðfélagsborgarar munu einhvern tíma á ævinni hafa gengið frá slíkum samningum. Vegna þess, hversu algengir þessir samningar eru og raunar mikilsverður þáttur í daglegu lífi fjöldans, hefur verið mjög bagalegt fyrir allan almenning að hafa ekki við neina heilsteypta löggjöf að styðjast í þessum efnum. Fullkomin löggjöf, sem næði yfir þessi algengu viðskipti, mundi koma í veg fyrir óþarfa málarekstur og vandræði, sem oft og tíðum hafa hlotizt af óvissunni um það, hvaða reglur skuli gilda í ýmsum tilvikum, sem ógerlegt er að hafa öll í huga við samningsgerð.

Það er því mjög þakkarvert, að hæstv. félmrh. skyldi á sínum tíma beita sér fyrir skipun n. til þess að semja frv. að almennri löggjöf um húsaleigu. Má segja, að eftir þeirri löggjöf hafi nógu lengi verið beðið. Eins og ég hef tekið fram, getum við, hv. þm. Ísaf., mælt með samþykkt 9 fyrstu kafla frv., sem hafa inni að halda reglur fyrir leigusala og leigutaka, svo sem um uppsagnartíma húsnæðis, afhendingu leigðs húsnæðis, stað og stund leigugreiðslu, viðhaldsskyldu o. fl., sem máli skiptir, er húsnæði er selt á leigu til lengri eða skemmri tíma. Þegar þessi atriði hafa ekki beinlínis verið ákveðin í samningi á milli aðila, hefur til þessa orðið að styðjast við venjurétt, er skera hefur

þurft úr ágreiningi. Að sjálfsögðu hafa í þessum efnum skapazt margar venjur, sem dómstólarnir hafa löghelgað, en þær verða í vitund almennings aldrei eins ljósar og bein lagaákvæði. Með skýrri löggjöf verða allir leigusamningar miklu gleggri og auðveldara fyrir þá aðila, sem að þeim standa, að ná saman endunum. Um þetta erum við hv. þm. Ísaf. sammála og teljum, að frv., hvað þessi atriði varðar, miði í rétta átt. Hins vegar erum við andvígir efni X. og XI. kafla frv. og leggjum til, að þeir verði felldir niður. Af því mundi og leiða, að XII. kaflinn ætti ekki heima í frumvarpinu.

Í X. kaflanum er gert ráð fyrir heimild til handa sveitarstjórnum kauptúna og kaupstaða, sem hafa 500 íbúa eða fleiri, að innleiða að nýju bindingarákvæði gömlu húsaleigulaganna, þegar sérstaklega stendur á, þ. e. a. s. þegar um er að ræða mikla húsnæðiseklu.

Í XI. kaflanum er heimild til þess að ganga enn lengra en gert hefur verið í að takmarka umráðarétt húseigenda yfir húseignum sínum, þar sem sveitarstjórnirnar geta sett á fót húsaleigumiðstöðvar, sem annist leigu á öllu nýju húsnæði og eldra húsnæði, sem losnar eftir að húsaleigumiðstöðin er tekin til starfa.

Ég geri ráð fyrir því, að hv. þdm. hafi kynnt sér ákvæði þessara kafla, svo að óþarft sé fyrir mig að lýsa efni þeirra nánar.

Ég geri ráð fyrir því, að flestir hafi litið svo á, að hömlur þær, sem á styrjaldarárunum voru lagðar á ráðstöfunarrétt húseigenda á íbúðarhúsnæði, hafi verið neyðarráðstafanir, sem ættu ekki að standa nema takmarkaðan tíma. Þessar ráðstafanir hafa óhjákvæmilega verið óvinsælar af öllum húseigendum og valdið margvíslegum vandræðum, þótt segja megi, að þær hafi verið óhjákvæmilegar, meðan lítið var um byggingar og ekki var unnt að fullnægja eftirspurninni eftir byggingarefni.

Við, sem stöndum að áliti 2. minni hl. n., erum þeirrar skoðunar, að heimildarákvæðin muni draga úr viðleitni manna til þess að koma upp leiguhúsnæði og því óbeinlínis verða til þess að hindra æskilega þróun í húsnæðismálunum. Þeir menn, sem kunnugastir eru húsnæðismálunum hér í Reykjavík, þar sem vandræðin hafa verið mest að undanförnu vegna fólksfjölgunarinnar, munu flestir vera á einu máli um það, að allar ráðstafanir, sem miða í þá átt að takmarka umráðarétt húseigenda, komi til með að minnka framboð á leiguhúsnæði.

Í þessu sambandi má benda á það, að með núverandi byggingarkostnaði og hámarkshúsaleigu, eins og hún er ákveðin í lögum nr. 30 frá 1952, um hámark húsaleigu, er það síður en svo gróðavegur að byggja íbúðarhús til þess að leigja þau út, því að það er fullvíst, að ný íbúð, sem leigð er út með venjulegum hætti og fyrir leigu, sem setja má upp samkv. lögunum frá 1952, nær því hvergi nærri að renta sig.

Með þessa staðreynd í huga og þá reynslu, sem fengizt hefur af þvingunarreglum húsaleigulaganna, ber að forðast allar þær ráðstafanir, sem komið geta til með að draga úr viðleitni manna til þess að bjóða fram leiguhúsnæði.

Við viljum því leggja til, að nefndir kaflar verði felldir niður, en að frv. verði samþ. að öðru leyti. Heildarmynd frv. raskast ekki að neinu leyti við það, þar sem heimildarákvæðin eru alveg óviðkomandi 9 fyrstu köflum frv.

Frsm. 3. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mál þetta var afgreitt í heilbr.- og félmn. á þeim eina fundi, sem ég hef ekki getað setið á þessu þingi; ég var þá fjarverandi sökum lasleika og gat því ekki látið í ljós í n. afstöðu mína til frv. En ég vil nú við 2. umr. taka fram, að ég er því fylgjandi, að frv. nái fram að ganga, og hef þegar gefið út nál. þess efnis, þar sem ég hef þó áskilið mér rétt til þess að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. En það vil ég taka fram, að heildarstefnu frv. er ég fylgjandi og mun greiða því atkv.

Efnisatriði málsins sé ég ekki ástæðu til þess að ræða. Það var rætt við 1. umr., gerð grein fyrir því af 1. flm. frv., og get ég tekið undir öll aðalrök þau, sem hann þá flutti fyrir gildi frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 69. fundi í Nd., 26. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
5.—9. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
10.—17. gr. samþ. með 22:1 atkv
18.—20. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
21.—27. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
28.—35. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
36.—39. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
40.—43. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
44.—47. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 542 felld með 18:10 atkv.
48.—69. gr. samþ. með 20:8 atkv.
70.—73. gr. samþ. með 19:8 atkv.
74.—77. gr. samþ. með 17:5 atkv.
Fyrirsögn frv. ásamt kaflafyrirsögnum samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:9 atkv.

Á 70. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., 27. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 302, 562).

Frsm. 1. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Það hefur komið í ljós, að við athugun á þessu máli hefur hv. félmn. sést yfir það, að á einum stað í frv. hefur orðið prentvilla, sem veldur efnisbreytingu, ef hún verður ekki leiðrétt. Ég hef því leyft mér ásamt 2. þm. Rang. (BFB) að bera fram á þskj. 562 brtt. til leiðréttingar á þessu. Í 59. gr. frv., eins og það liggur fyrir prentað, segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Kostnaður við húsaleigunefndir greið-

ist úr ríkissjóði, og ákveður sveitarstjórn þóknun til húsaleigunefndarmanna." Það liggur í augum uppi, að það væri mjög óvenjulegur háttur, ef sveitarstjórnir ættu að ákveða þóknun, sem greiða á úr ríkissjóði. Til þess að taka af öll tvímæli í þessu efni hefur þetta verið borið saman við frv., sem lá fyrir 1951 um sama efni, og kemur í ljós við þann samanburð, að hér er um prentvillu að ræða. Í þriðja lagi vil ég enn fremur geta þess, til þess að taka af öll tvímæli, að skrifstofustjórinn í félmrn. hefur með bréfi tekið fram, að hér sé um prentvillu að ræða og hann hafi veitt þessu eftirtekt. Ég vil því benda mönnum á, að sú brtt., sem fyrir liggur á þskj. 562, er aðeins leiðrétting á þeim mistökum, sem orðið hafa við prentun þessa frv.

Frsm. 2. minni hl. (Jónas Rafnar): Herra forseti. Ég sé nú ekki ástæðu til þess að ræða efni sjálfs frv., það var rækilega gert við 2. umr. En í tilefni af fram kominni brtt. frá hv. þm. A-Sk. og hv. 2. þm. Rang. vil ég taka það fram, að ég tel þá till. ekki miða í rétta átt. Ég held, að það hafi verið samkomulag um það í þeirri n., sem undirbjó frv., að ríkið annaðist kostnaðinn af húsaleigunefndunum og framkvæmd laganna. Ég vil einnig benda á það í þessu sambandi, að fjárhagur bæjarfélaganna er ekki það góður, að ástæða sé til þess að bæta á þau auknum útgjöldum. Á ríkið því að taka á sig þann kostnað, sem stafar af framkvæmd húsaleigulaganna. Um þetta þarf ég ekki að hafa fleiri orð, en vil endurtaka það, að ég er á móti þeirri brtt., sem fram hefur komið.

ATKVGR.
Afbrigði um brtt. 562, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 562 felld með 12:12 atkv.
Frv. samþ. með 17:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 71. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 72. fundi í Ed., 29 marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 78. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 302, n. 619 og 640, 644).

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Húsaleigulöggjöf hérlendis hefur aðeins verið sett í sambandi við styrjaldarástand og aldrei heildarlöggjöf sambærileg við slíka löggjöf hjá ýmsum öðrum þjóðum. Fyrstu lög um húsaleigu hérlendis voru sett þegar fyrri heimsstyrjöldin geisaði 1917. Þau voru um húsaleigu í Reykjavík eingöngu og giltu með nokkrum breytingum um 10 ára skeið. Síðan voru engin lög um húsaleigu gildandi þar til í seinni heimsstyrjöldinni, að sett voru lög um það efni árið 1939. Þeim lögum hefur síðan verið breytt hvað eftir annað. Nefndir hafa verið skipaðar ein af annarri til þess að gera till. um heildarlöggjöf. Þjóðin hefur flutzt meira og meira úr dreifbýli í þéttbýli og mannfjölgun orðið mikil í höfuðborginni sérstaklega. Þessi þróun búsetunnar í landinu hefur meira og meira kallað á heildarlöggjöf um skipti leigusala og leigutaka. Ýtarleg lög hafa verið sett um ábúð á jörðum og talin vera nauðsynleg, eins og líka er, þótt leiguliðar í sveitum séu miklu færri en leigutakar í þéttbýlinu. Við manntalið 1950 voru 6280 leiguíbúðir í Reykjavík einni saman, og voru þær nærri helmingur allra íbúða í höfuðstaðnum. Þessar tölur gefa nokkra hugmynd um, hvílíkur fjöldi fólks það er, sem miklu máli skiptir, að húsaleiguviðskipti séu með góðri skipan og þar um gildi lög og skráðar reglur, sem hægt sé að styðjast við, tiltaki höfuðréttindi og skyldur á báðar hliðar, gefi heimildir til félagslegra úrræða, sem grípa megi til, ef í harðbakka ætlar að slá, eins og reynslan hefur sýnt að verða vill, t. d. á styrjaldarárum, sbr. tilraunir þær, sem gerðar voru með lagasetningu 1917 og aftur 1939, eins og ég gat um áðan.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr. og afgreiðslu, er samið af stjórnskipaðri nefnd. Sú nefnd var skipuð 19. júní 1951. Er í frv. vitanlega fyrst og fremst byggt á þeirri reynslu, sem fengizt hefur af lagasetningu um þessi efni í landi okkar síðan 1917. Enn fremur segist nefndin í till. sínum hafa stuðzt við reynslu annarra þjóða og þá einkum Norðmanna og Dana. Má telja, að eðlilegt sé, að nefndin leitaði þangað fyrirmynda. Frv. er flutt eftir tilmælum félmrn. og má heita samhljóða frv., sem allshn. Nd. flutti 1951 fyrir tilmæli sama rn., en dagaði þá uppi. Vitanlega mæða vandræði fólks og ágreiningur í húsaleigumálum mjög á félmrn., meðan heildarlöggjöf um þau efni vantar, og eðlilegt er í alla staði, að það rn. beiti sér fyrir lagasetningunni, enda fullkomlega tímabært að setja ýtarleg ákvæði í íslenzk lög um þessi efni. Stefna frv. er að tryggja það, að samningar milli leigusala og leigutaka séu á hreinu, skilgreina skyldur og rétt þessara aðila sem skýrast, en hafa viðskiptin annars sem frjálsust til samninga, ef ekki er neyðarástand vegna húsnæðiseklu, en heimila sveitarstjórnum, ef neyðarástand skapast, íhlutun, meiri eða minni, eftir því sem sveitarstjórnirnar telja nauðsynlegt, en þó innan ákveðinna takmarka.

Heilbr.- og félmn. klofnaði í afstöðu til þessa máls, eins og nefndarálit bera með sér, er fram hafa verið lögð á þskj. 619 og 640. Við þrír, sem meiri hl. skipum, leggjum til, að frv. verði samþ. með tveim breytingum, sbr. þskj. 619.

Fyrri breytingin er við 35. gr. frv. Í 34. gr. er svo fyrir mælt, að hver íbúð, sem eldhús eða aðgangur að eldhúsi fylgir, skuli tekin út. Í 35. gr. er svo fyrir mælt, að úttektarmenn húsnæðis skuli vera þeir menn, er aukafast-

eignamat hafa með höndum á hverjum stað. Á sumum stöðum, svo sem í Reykjavík, hlýtur að vera, þegar aðalfardagar eru, ofverk fyrir fasteignamatsmenn að anna úttektum nógu hratt eða á svo stuttum tíma sem allir, sem flytjast í eða úr leiguíbúðum, hljóta að gera kröfu til samkvæmt lögunum, ef þetta ákvæði verður að lögum. Hins vegar sýnist ekki nauðsynlegt, að fasteignamatsmenn einir vinni þessi verk. Til þess að gera málið einfaldara og ódýrara í framkvæmd leggjum við meirihlutamennirnir til í fyrri till. okkar, að leigusali og leigutaki megi sjálfir velja sér menn til þess að framkvæma úttektina, ef þeir koma sér saman um það, eða framkvæma hana sjálfir, verði þeir ásáttir um það. En skrifleg sé úttektin jafnan til þess að skjalfesta þau atriði, sem meginmáli skipta. Eðlilegt er, að rn. gefi út eyðublöð undir úttektir, enda mun um það vera rætt og ákveðið í lögunum. Með samþykkt brtt., ef samþ. verður, eru úttektarákvæði frv. gerð auðveld og ódýr, ef hlutaðeigendur vilja hafa þau það.

Síðari brtt. okkar meirihlutamannanna er í raun og veru prentvilluleiðrétting á 59. gr., þ. e., að í stað orðsins „ríkissjóði" í fyrri málsl. komi „sveitarsjóði". Í handriti stóð þar „sveitarsjóði", enda væri fjarstæða, að húsaleigunefndum þeirra sveitarfélaga, sem samþykkja kunna að láta X. kaflann koma til framkvæmda hjá sér, sé greitt fyrir störf sín úr ríkissjóði eftir ákvörðun sveitarstjórnanna. Það væri að gefa rétt til þess að rista þveng af annars skinni. Það er í alla staði eðlilegt, að hvert sveitarfélag kosti sína húsaleigunefnd, en kostnaður við yfirmatsnefndir sé aftur á móti greiddur úr ríkissjóði, enda gerir síðari málsl. 59. gr. frv. ráð fyrir því.

Hv. minni hl. heilbr.- og félmn. hefur lagt fram allmikið nál. Í því er ályktun frá fundi Fasteignaeigendafélagsins í Reykjavík, sem mótmælir lagasetningu um húsaleigu. Vitanlega kæra fasteignaeigendur, sem leigja út húsnæði, sig ekki um það, að sett séu lög um húsaleigu, á meðan skortur er á húsnæði og eftirspurn mikil eftir því, eins og nú er. Þeir hafa undir þeim kringumstæðum tögl og hagldir í húsaleigumálum. Auðvitað kærir sá sig aldrei um lagasetningu, sem getur, ef engin eru lögin, ráðið sjálfur, hvaða reglur gilda. Það er sá minni máttar, sem laganna þarfnast fyrst og fremst, sá, sem á undir högg að sækja, en ekki hinn, sem hefur ráðin í hendi sér. Minni hl. gerir fundarsamþykkt Fasteignaeigendafélagsins að kjarna síns nál. Þó segist hann ekki vilja leggja til, að frv. verði fellt beinlínis. En ég sé ekki betur en till. hans, að því leyti sem þær eru ekki þýðingarlausar, miðist við að ónýta frv., svo að telja mætti, ef þær yrðu samþ., að í raun og veru væri blóð og mergur úr frv. og það sama sem dautt. Brtt. minni hl. eru ekki færri en 23. Hinn afkastamikli sláttumaður, hv. þm. Barð., frsm. minni hl., hefur auðsæilega tekið stóra ljáinn, þegar hann gekk á þennan teig. En ekki hefur hann bitið í bezta lagi, því að ekki hefur tekið hreint úr og ekki er laust við ljátorfur í tillögumúganum. Ég hygg að réttast sé að láta ljána liggja.

Ég mæli með því fyrir hönd meiri hl. heilbr.- og félmn., að frv. verði samþ. með þeim tveim breytingum, sem hann leggur til. Ég fer ekki út í að ræða hverja einstaka brtt. minni hl. fyrr en hv. frsm. hans hefur gert grein fyrir till. og ég hef heyrt rök hans í einstökum efnum, en vissulega er létt að ræða margar þeirra við hann. Ég sé, að fram hafa komið brtt. frá tveim þm. á þskj. 644. Ég býst við, að þeir geri líka grein fyrir þeim, og læt bíða að ræða um þær, en sé hins vegar ekki betur en að þær beinlínis gangi þvert á móti þeirri síðari brtt., sem meiri hl. leggur til að gerð verði á frv., sem sé vilji beina kostnaðarhlið þessara mála inn á ríkissjóðinn, en gefa sveitarstjórnunum rétt til þess að ávísa til þeirra, sem fyrir málin vinna, gjaldi úr ríkissjóði.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hafði nú ekki hugsað mér sem forseti þessarar hv. d. að taka þetta mál á dagskrá á næturfundi. Ég álít, að hér sé um svo mikilsvert mál að ræða, sem snertir svo marga menn í landinu, m. a. tugþúsundir manna hér í þessum bæ, að það hefði ekki verið nema eðlilegt og sanngjarnt að ræða þetta að degi til, þar sem menn hefðu haft tækifæri til þess að hlusta á mál manna frá báðum hliðum um svo alvarlegt mál. Og þess utan áleit ég nú, að það væru á dagskránni í dag sum önnur mál, sem frekar þyrftu fram að ganga og ættu fram að ganga, áður en störfum Alþingis lýkur. En með því að hæstv. félmrh. hefur mjög óskað eftir því, að málið yrði tekið fyrir á fundi í dag, þá hef ég orðið við þeim tilmælum, með þeim skilyrðum þó, að hann væri hér við sjálfur til andsvara, þar sem því hefur nú verið lýst yfir, að hann beri alveg sérstaklega umhyggju fyrir þessu máli.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, var rætt aðeins á tveim fundum nú nýlega í heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. Ég bað þá um, að málið fengi þinglega meðferð, og óskaði eftir því, að hv. formaður n. vildi senda það til umsagnar bæði til Fasteignaeigendafélagsins og einnig til Leigjendafélagsins. Þessari sjálfsögðu beiðni minni af hálfu minni hlutans var neitað af formanni n. með þeim rökum eða forsendum, að þetta mál væri svo aðkallandi, sem þó hafði legið í hv. Nd. svo að segja allan þingtímann, að það væri ekki tími til þess að senda það til umsagnar, því að það væri sama sem að svæfa málið. Ég óskaði þá eftir því, að boðnir væru til viðtals þeir fulltrúar, sem ég hef þegar minnzt á, svo að við gætum rætt við þá í n., og jafnframt, að hæstv. félmrh. mætti einnig á þeim fundi til þess að ræða málið við hann og sjá, hvort væri hægt að fá samkomulag í n. um afgreiðslu málsins. Á þetta var fallizt, og virði ég það við hv. formann, að hann féllst þó á þetta atriði. Fulltrúi Fasteignaeigendafélagsins kom til viðræðna á fundinn og mótmælti þar harðlega ýmsum ákvæðum frv., eins og hv. minni hl. hefur þegar skýrt frá. Hann taldi frv. mjög vanhugsað, ýmsar greinar þess,

og þó einkum X., XI. og XII. kafla þess. Hann taldi, að frv. mundi torvelda verulega lausn húsnæðisvandamálsins, ef það yrði að lögum, og um það er raunverulega enginn ágreiningur, ekki einasta í þeim félagsskap, heldur hjá fjöldamörgum öðrum aðilum, eins og ég skal koma síðar að. Það mundi fæla menn frá því að festa fé í leiguhúsnæði, þegar yfir hængi slíkt lagasverð eins og hér er verið að hengja yfir höfuð manna, þar sem vitað er, að í frv. eru mörg mjög ranglát fyrirmæli í garð húseigenda. Það mundi þess utan skapa sveitar- og bæjarfélögum veigamikla ábyrgð, ef þau notuðu þá heimild, sem gefin var í X. og XI. kafla laganna, þar sem þau mundu þá verða ábyrg gagnvart borgurunum, ef þau beittu þeirri heimild, fyrir brot á stjórnarskránni, þar sem ákvæði hennar mæla svo fyrir um, að eigi megi taka af mönnum eignarrétt, nema fullt gjald komi fyrir. Ég hygg, að það sé alveg einsdæmi í þingsögunni, að á friðartímum sé öðrum aðila en ríkissjóði sjálfum eða ríkisvaldinu gefin heimild til þess að taka eignir manna eða umráðarétt yfir eignum manna, eins og hér er gert í þessu frv. Það eru a. m. k. alveg nýmæli í íslenzkum lögum.

Fulltrúi Fasteignaeigendafélagsins óskaði þess mjög eindregið, að n. frestaði afgreiðslu á málinu á þeim fundi og a. m. k. formaður n. og helzt n. öll kæmi til viðræðna á fund hjá Fasteignaeigendafélaginu, sem þá yrði haldinn sama dag, til þess að hlusta þar á mál manna og ræða þetta mál við þá, því að óneitanlega er það svo, að þessir menn hafa ýmissa hagsmuna að gæta í sambandi við málið. En hv. formaður n. varð ekki við þessari ósk fulltrúans, og get ég því miður ekki þakkað honum fyrir slíka afgreiðslu á málinu. Ég tel einmitt, að hann hefði a. m. k. átt að sýna þessum margmenna félagsskap þá sanngirni að fresta afgreiðslu málsins á þessum fundi og geyma það þar til fundurinn hefði verið haldinn, sem ég hef minnzt á hér að framan, enda hefði það ekkert komið að sök.

Í sambandi við þetta þykir mér rétt að benda á, að það var þó ekki meiri áhugi hjá meiri hl. hv. n. um að koma þessu frv. fram en það, að þeir voru vel viðmælanlegir um kaup á þessu frv. í sambandi við annað mál. Þá var það ekki orðið lengur alþjóðarmál, heldur var það þá orðið hrossakaupamál á milli tveggja stétta eða flokka í þinginu. Það voru engin vandræði að komast að samkomulagi um að fá þessu máli algerlega frestað, ef samið væri um leið um að svæfa annað mál, sem var réttmætt að samþykkja og kom ekki þessu máli við. En ég hafði sjálfsagt hvorki tilhneigingu, vald né leyfi til þess að gera slík kaup, enda er það alveg gagnstætt mínu eðli að vera að gera slík hrossakaup hér á Alþingi.

Fulltrúi Leigjendafélagsins var einnig kvaddur til viðræðna við n. Hann taldi, að það þyrfti að breyta ýmsum ákvæðum í frv., sérstaklega um viðskipti milli leigusala og leigutaka, og fór ekki dult með það. Hann vildi þó tvímælalaust, að samþykktir yrðu alveg sérstaklega X., XI. og XII. kafli frv., og ég held, að hann hefði, eftir því sem hann talaði, gert sig alveg ánægðan með það, að allt annað hefði verið fellt úr frv. heldur en þessir kaflar. Aðspurður um það, hvort hann liti svo á, að þessi sérstöku ákvæði bættu úr húsnæðisvandræðunum eða örvuðu menn til þess að byggja íbúðir, sem er höfuðatriðið í þessu máli, vildi hann engu svara. Hann vildi alls ekki ræða það atriði, sem er þó ekki einungis mergurinn málsins, heldur blóð og mergur málsins, eins og hv. frsm. meiri hl. talaði um áðan, því að það er vitanlega mergur þessa máls, hvort frv., ef að lögum verður, örvar menn til þess að byggja íbúðir í landinu, svo að húsnæðisvandræðunum verði afstýrt að þeim leiðum. En það taldi hv. formaður n. líka alveg aukaatriði. Hann leit meira að segja svo á, að það væri þegar búið að byggja svo mikið hér af íbúðum í þessum bæ, að það væri engin ástæða til þess að ýta undir það með nýjum lagafyrirmælum, þess vegna væri raunverulega ágætt, ef þau fyrirmæli, sem hér á að lögfesta, gætu stöðvað áframhaldandi byggingar í Reykjavík. Reykjavík hefði fengið svo stóran skerf af byggingarefni og af peningum úr þjóðarbúinu til þess að byggja fyrir, að það væri síður en svo ástæða til þess að halda áfram byggingum þar. Þess vegna væri ekki ástæða til þess að stöðva frv. af þeim ástæðum. Þar er m. a. mjög mikill ágreiningur á milli mín og hv. meiri hl. Ég tel einmitt, að það sé einasta, skynsamlegasta og bezta leiðin út úr þeim erfiðleikum, sem hafa verið hér í húsnæðismálunum, að örva menn til þess að byggja bæði yfir sjálfa sig og aðra, m. a. yfir þá, sem hafa ekki efnalega ástæðu til þess að byggja yfir sig sjálfir. Ég veit ekki, hvort hæstv. ráðherra er hér á sömu skoðun eins og hv. formaður n. Væri fróðlegt að heyra, hvort slík speki er komin frá jafnágætum manni og hæstv. félmrh., að það sé þegar ofbyggt yfir fólk hér í Rvík og að það sé bezt að draga heldur úr eða torvelda frekari framkvæmdir. Ég á erfitt með að trúa því, að svo sé, en ég bíð eftir að heyra eitthvað um það frá hæstv. ráðh.

Félmrh., sem boðinn var á fundinn, kom þangað ekki. Ég geri ráð fyrir því, að hann hafi haft fullar ástæður til þess að vera fjarverandi. Ég þekki þann ágæta mann að því, að hann vanrækir ekki skyldur sínar, og ég tel því, að hér hafi verið um að ræða skylduverk, sem voru meira aðkallandi en að koma og ræða um þetta mál á fundi n. Þegar svo var komið, óskaði ég eftir því alveg sérstaklega, að hv. formaður n. frestaði afgreiðslu málsins, þar til tækifæri gæfist til þess að ræða við hæstv. ráðh. um þetta vandamál. Því var einnig neitað. Ég verð nú að segja, að eftir slíka meðferð á máli hjá hv. formanni hefði svo sem ekki verið vítavert af mér sem forseta þessarar hv. d., þó að ég hefði neitað að taka þetta mál á dagskrá á næturfundi. En ég vil ekki beita slíkri einhliða meðferð mála hér á þingi eins og þó hefur verið beitt hér af hv. formanni n. og hans flokki sem nefndarmeirihluta í þessu máli með stjórnarandstöðunni. Mér verður kannske lagt út til lasts að gera það

ekki, en ég mun ekki taka upp þann hátt, svo lengi sem mér er falin slík virðingarstaða sem forseta deildarinnar. Ég hef ekki gert það sem formaður nefndar í neinu máli, mundi aldrei gera það og tel það mjög ámælisvert, þegar menn nota slíkt vald til þess að fyrirbyggja, að mál verði upplýst sem bezt á þinglegan hátt.

Nú var það svo, að á þessum fundi var einn nm. ekki mættur. Það var að vísu lýst yfir því af hv. formanni n., að hann hefði rannsakað hjörtu og nýru þess hv. nm., sem fjarstaddur var, þ. e. hv. 4. þm. Reykv. (HG), hann þekkti því afstöðu hans til málsins, það væri ekki ástæða til þess að bíða eftir því, að hann myndaði meiri hl. með einum eða öðrum, þegar n. klofnaði, hann vissi, að hann gæti merkt hann sér í þessu máli alveg ákveðið. Ég tel nú, að það hefði verið næg ástæða til, að sjálfsagt hefði verið að fresta afgreiðslu málsins á þessum fundi, þar til a. m. k. þessi merkingur, sem Framsfl. hefur merkt sér í þessu máli, væri til andsvara í n. En það mátti ekki heldur geyma málið þar til vitað var um hans afstöðu í málinu í nefndinni.

Hv. frsm. hefur nokkuð lýst fyrri meðferð þessa máls, það sé undirbúið af mþn., það hafi verið rætt hér áður á Alþingi og ekki fengizt samþykkt. Og það er líka vitað, að þetta frv. á ekki meiri hl. á Alþingi nema með þvingun í gegnum einhverjar aðrar ráðstafanir, eins og virðist að sé verið að gera hér. Málið sjálft á alls ekki þingfylgi að mæta, nema því aðeins að það sé tengt saman við einhver önnur áhugamál, svo að hér er verið að gera einhvers konar hrossakaup í sambandi við framgang málsins, hrossakaup, sem ábyrgur flokkur hefur ekki viljað taka þátt í, og verður það ekki lagt honum út til lasts, nema síður sé.

Húsaleigulög voru samin og samþykkt á Alþingi á meðan stríðið stóð. Með þeim lögum var tekinn umráðarétturinn af húseigendum. Og það var gert miklu meira. Þeim var neitað um réttláta, nauðsynlega og sanngjarna hækkun á húsaleigu allan stríðstímann. Af hverju voru þeir beittir þessum tökum? Vegna þess að hækkun á húsaleigu hlaut að hækka mjög verulega dýrtíðina í landinu, verðlagsvísitöluna og upphæðir þær, sem ríkissjóður yrði að taka á sig í sambandi við hækkandi vísitölu. En hvaða sanngirni var í því að láta þetta ganga yfir eina stétt þjóðfélagsins, þá stétt, sem hafði tekið að sér að leysa þann vanda, sem þurfti að leysa í þjóðfélaginu, þ. e. að byggja hús og íbúðir yfir menn, sem bæði ríkisstj. og Alþingi nú viðurkenna að sé svo nauðsynlegt, að lagðar eru stórar fjárfúlgur úr ríkissjóði til þess að inna þetta hlutverk af hendi, þegar búið er með óviturlegri löggjöf að takmarka frelsi þeirra manna, sem vildu gera það sjálfir? Þetta var borgunin fyrir það verk, sem þessir ágætu þegnar þjóðfélagsins höfðu innt af hendi í mörg ár. Að beita eina stétt manna slíkum tökum eins og hv. Alþingi og allar ríkisstj. á þeim tímum beittu þessa menn, með því að leggja miklu þyngri byrði á þá af dýrtíðinni heldur en nokkurn annan þegn í landinu, það var sannarlega nóg byrði, þótt ekki yrði haldið áfram að gera þetta eftir að friðartímar voru komnir. Þetta varð til þess, að menn urðu í stórum stíl að hætta að halda við eignum sínum og láta þær grotna niður og lentu svo í því síðar meir, þegar meira frelsi var gefið á þessu sviði, að fara að gera við sínar eignir, halda þeim við í miklu stærri stíl en annars hefði þurft og fyrir miklu meira kostnaðarverð en þeir hefðu getað gert á þeim tíma, sem eignirnar voru í þessu haldi samkvæmt fyrirskipun Alþingis. Einnig það torveldaði mjög áframhaldandi byggingu húsa hér í þessum bæ, þar sem svo mikill hluti af því fé, sem laust var til þess að láta í húsbyggingar, varð að fara í viðhald, — miklu stærri hluti en hefði orðið að gera, ef þessir menn hefðu verið frjálsir með eignir sínar á stríðstímunum. Þar með var lagður annar aukabaggi á þessa menn.

Auk þessa, sem ég þegar hef lýst, urðu þessar húseignir mörgum hverjum þessara manna hrein byrði. Þó voru hér fjöldamargir aðilar, sem höfðu raunverulega ekkert annað að lifa á en tekjur af húsunum. Þeir höfðu ekki vaxandi tekjur í krónutölu vegna vaxandi dýrtíðar í landinu eins og allir launamennirnir höfðu, heldur urðu þeir að sætta sig við að skera niður kröfur sínar til lífsframfærslu í það tekjulágmark, sem þeim var skapað með ósanngjörnustu lögum, sem hafa verið samin hér á Alþingi. Þannig var þeim bannað að hagnýta sínar eignir eins og öðrum mönnum.

En lögin gerðu meira en að skapa þetta ástand. Þau sköpuðu sífellt stríð á milli aðila og sumpart beint hatur. Það er alveg óskráð allt það hatur og allt það stríð, sem þessi lög, á meðan þau stóðu, sköpuðu á milli leigusala og leigutaka. Það yrði ófögur saga, ef hún yrði skráð að fullu réttilega og ekkert undan dregið. Og þeir menn, sem stóðu að því, bera ábyrgð á öllu því, sem hér skeði í sambandi við þessi mál. Þeir réttlæta sig með því, að það hafi verið neyðarástand þá, og það má nú nokkuð til sanns vegar færast, þó að það hefði verið eðlilegt, að þetta hefði ekki verið tekið jafnhörðum tökum eins og gert var. En þá er sannarlega mælirinn fullur, þegar á að fara að bæta nú ofan á þetta löggjöf, sem hér um ræðir, eftir að orðnir eru venjulegir tímar í þessu landi. Að loknum ófriðnum kom hin harða barátta hér á Alþingi um afnám laganna. Nokkuð vannst á í þessu máli fyrir harða baráttu sjálfstæðismanna, sem jafnan hafa staðið með þeim mönnum, sem hér hafa verið ofsóttir fyrir skilningsleysi meiri hl. löggjafans á Alþingi. Þó varð ekki að fullu náð árangrinum og er ekki náð enn raunverulega, þó að það sé ákaflega mikið mildað. En nú er snúið aftur við blaðinu. Nú á að fara að herða ólina aftur og beita enn meira ranglæti en nokkru sinni fyrr.

Það komu samt sem áður ávallt fram ákveðnir fulltrúar frá hv. Framsfl., sem vildu halda ranglætinu við. Það voru margir fundir hér, bæði utan þings og innan, þar sem þetta mál bar á góma, og þá var það alltaf Framsfl., sem tilbúinn var til þess að vera fremstur í fylkingu um viðhald á þessu ranglæti, eins og beint

kemur einnig fram hér í þessu frv. Þá kom fram hugmyndin um stóríbúðaskattinn og frv. um hann, þar sem enginn mátti lengur búa í sæmilegu húsnæði nema verða að borga stórkostlegan skatt í ríkissjóðinn. Þá sáu framsóknarmenn ofsjónum yfir því, ef nokkur maður átti að búa í stærri íbúð en svo, að hann gæti rétt aðeins hringað sig inni í henni, nema þá að borga stórkostlega skatta til ríkissjóðsins. Ég held þeir hafi þá helzt viljað taka upp rússnesku regluna um að flokka herbergin niður með krítarstrikum, svo að enginn maður fengi meira en örlítinn ferhyrning til þess að búa í, líkt eins og krakkar hafa, þegar þeir eru að leika paradís á götunni, og ef farið yrði út fyrir þetta, þá átti það að kosta stór viðurlög, þ. e. að taka svo og svo mikið af eignum þeirra. Þetta var stórhugur þeirra í sambandi við það mál, og á þennan hátt skyldi knésetja þá, sem leyfðu sér að hugsa svo hátt að skapa sér viðunandi húsakynni og búa í þeim sjálfir. Þetta var æðsta hugsjónamál Framsfl. í mörg ár. Þannig átti að smækka alla menn, sem vildu vera frjálsir og hugsa eitthvað hærra en þrælar. Þetta var stefnan, sem hér var rekin í húsnæðismálunum af hv. Framsfl. um fjöldamörg ár. Mér er náttúrlega alveg ókunnugt um, að hverju slík löggjöf átti að stefna eða hvað á bak við hefur legið, en það er sýnilegt, að þeir drógu hér ekki upp neinn frelsisfána í þessum málum, á meðan þeir börðust fyrir því, sem ég hef hér bent á. En þessari árás var hrundið sem betur fer.

Þá kom hugmyndin um það frv., sem hér um ræðir. Þá var um að gera að reyna að knésetja þessa menn á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir, en hafa samt ekki manndóm til þess að láta sjálft ríkisvaldið gera það, heldur vilja setja þetta á aðra menn til þess að taka á sig alla ábyrgðina og allan baggann. Nefnd var skipuð í málið. Framsfl. hafði þar oddamann, mann, sem alla tíð hafði sýnt húseigendum í Reykjavík beinan fjandskap, og þarf ekki að fletta mörgum blöðum Tímans um húsnæðismálin í Reykjavík til þess að sannfæra sig um það. Það fékkst ekkert samkomulag í nefndinni um viturlega lausn á þessu vandamáli. Málinu var því vísað frá hér á Alþingi, m. a. vegna þess, að það var ekki hægt að fá neitt samkomulag við þessa stríðandi aðila um lausn á málinu. Það var ekki heldur óskað eftir því frá Framsfl. að fá neina viturlega lausn á málinu. Það var um að gera að fá lausn, þar sem þeir réðu öllu, þar sem þeirra stefna, sem hafði verið mörkuð áður um að kúga þessa menn, væri ráðandi stefnan í málinu.

Nú taka sig til á ný tveir hv. fulltrúar úr sveitakjördæmi og flytja frv. í fullri óþökk við þá aðila alla, sem við málið eiga að búa, eins og kom fram á viðræðufundunum við fulltrúa tveggja þessara félaga, og einnig í fullri óþökk við þá aðila, sem nota eiga heimildina. Þetta er gert einmitt þegar leyst hafa verið að verulegu leyti ýmis höft, sem haldið hafa niðri íbúðarbyggingum hér í þessu landi. Hvað er eiginlega hér á ferðinni? Hvað er það, sem hæstv. ráðh. ætlar sér með því að hafa slíkan málaflutning í frammi hér á Alþingi? Hvað mundu hv. þm. Framsfl. segja eða málgagn hans, ef t. d. hv. þm. Reykjavíkurbæjar tækju sig nú fram um það að bera fram frv. um, að umráða- og eignarréttur bænda yfir jörðum þeirra yrði tekinn af þeim? Hvað mundu þessir aðilar segja, ef þeir færu t. d. að bera fram frv. um það, að enginn bóndi mætti sjálfur leigja jörð sína, það yrði sett upp leigumiðstöð í hverri sveit, þeir fengju engu um það að ráða, hvort það væri þessi eða hinn, sem færi á jarðirnar, það yrði tekinn af þeim umráðarétturinn á líkan hátt og verið er að gera hér af húseigendum? Og hvað mundu þeir svo segja, ef þeim væri neitað um að senda frv., sem kæmi fram um það, til umsagnar til Búnaðarfélags Íslands? Já, hvað mundu þeir þá segja? Og hvað mundu þeir svo segja, ef neitað væri að fresta afgreiðslu málsins, þar til hæstv. landbrh. fengi tækifæri til þess að ræða það við nefndina, neitað að taka til greina mótmæli bændanna, neitað yfirleitt að hlusta nokkurn hlut á þá aðila, sem að langmestu leyti ættu að búa við slík ákvæði? Mér er sem ég sæi aðalmálgagn Framsfl., Tímann, ef slík meðferð væri höfð á málum bændanna, og ég er sannarlega ekkert að lá þeim það. Slíkt væri þvílíkt gerræði, að það mundi víst engum hv. þm. Reykv. detta í hug að beita því. En þetta er nákvæmlega sama gerræðið sem Framsfl. er að beita hér húseigendur í Reykjavík. Og það verður aldrei þvegin af hvorki hæstv. félmrh. né hans flokki sú smán, sem flokkurinn er að gera sér með þessu frv. á hendur öðrum aðilum, — aldrei, hvernig sem farið verður að. Það verður langsamlega svartasti blettur í pólitískri sögu Framsfl. hér á Alþingi, og á hann þó ýmsa dökka bletti fyrr og síðar.

Já, hvað ætli að bændasamtökin í landinu segðu, ef skellt yrði skolleyrum við aðvörun þeirra um að forða frá öngþveiti, sem slík löggjöf hlyti að skapa, og bent væri á það með rökum, að slík löggjöf mundi jafnvel þurrka út sveitirnar, jarðirnar kæmu til með að standa auðar, grotnuðu niður, og framleiðsla minnka að sama skapi? Við skulum hugsa okkur einnig, að sveitirnar mótmæltu slíkum lögum, svo og sjálfar sveitarstjórnirnar, eins og hér hefur átt sér stað. Ég held, að hæstv. ráðh. ætti að hugsa um það, hvað hann mundi þá segja sem hæstv. landbrh., ef slíkt frv. yrði borið fram hér á Alþingi, ef þeir menn, sem samþ. það, hlustuðu fyrst og fremst á raddir þeirra, sem að vísu kynnu að hafa einhvern stundarhagnað af því að geta komizt á jarðirnar, níddu þær síðan niður, flosnuðu svo upp af þeim að skömmum tíma liðnum og létu síðan sveitirnar standa auðar, eins og logi hefði gengið yfir akur. Væri þetta til blessunar fyrir sveitir landsins, jafnvel þótt það fengjust einhverjir bændur, sem gætu hagnazt af því í bili? Ég hygg, að það mundi engum detta í hug, sem hugsar um framtíð sveitanna eða bændanna, að láta sig dreyma um það, að slík meðferð á eignum bændanna gæti verið þeim til blessunar eða landinu í heild. En þannig er einmitt verið að búa að húseigendum í Reykjavík með

þessu frv., þannig er þeim úthlutað réttlæti í þessu máli. Þetta er réttlætishluturinn, sem verið er að skammta þeim í sambandi við þeirra eignir. Og þetta er gert af hálfu Framsfl., þess flokks, sem situr hér nú, og hefur setið alllangan tíma í stjórn landsins. Hann leyfir sér að bera fram slíkt ranglæti gegn tugþúsundum manna hér í höfuðstað landsins.

Hatur framsóknarmanna í garð Reykjavíkur hefur aldrei verið neitt leyndarmál. Það er aðeins þegar Framsfl. þarf að kvabba hér um atkv. Reykvíkinga, að hann fer að dekra við þá á einn eða annan hátt, á öðrum tímum er ekkert farið dult með það hatur, sem Framsfl. almennt hefur borið til Reykvíkinga. Þó hefur það aldrei komið betur í ljós en einmitt í flutningi og meðferð þessa frv. Hæstv. ráðh. hefur nú ekki einu sinni sjálfur fyrir að flytja frv., heldur hefur hann fengið tvo af sínum undirmönnum í flokknum til þess að taka á sig flutninginn og alla þá vömm, sem því er samfara. Ég hefði nú haldið af minum ágætu kynnum við hæstv. ráðh., sem eru bæði löng og góð, að hann væri meiri drengur og meiri manndómsmaður en svo að láta nú þennan bagga á þessa tvo flokksbræður hans, og ég segi nú eins og sagt var hér einu sinni: „Veldurðu þessu, Pétur?“ Bera þeir þennan bagga yfirleitt, standa þeir undir honum, bagganum, sem hæstv. ráðh. leggur hér á þeirra herðar?

Hér er haldið á vandasömu og viðkvæmu félagsmáli af svo takmarkalausri ósanngirni og skilningsleysi, að maður er bókstaflega undrandi, að hinn ágætasti maður eins og hæstv. félmrh. skuli ekki rísa upp og neita að taka þátt í svo ljótum leik. Og ég veit sannarlega ekki, hvað hefur blindað svo augu þessa ágæta manns, að hann skuli hafa getað fengið sig til að vera meðábyrgur í slíkum leik sem hér fer fram. Hér eru verri öfl og fávísari látin ráða fyrir hinum betri og vitrari. Sigur slíkra afla verður skammvinnur, og hann hefnir sín að lokum. Hið hvassa vopn, sem felst í þessu frv., sem hér um ræðir, getur áður en varið snúizt í höndum þeirra manna og hitt þá sjálfa miklu fyrr og miklu harðar en þeir gera ráð fyrir. Það er óvandur eftirleikurinn, þegar menn í ábyrgðarstöðum taka sig til og beita slíku vopni eins og hér er beitt og það á sjálfu Alþingi Íslendinga. Það yrði harmsaga að innleiða hér á Alþingi slíka meðferð vandamála. — Það er líka vitað, að þessu er beitt af hv. Framsfl. í allt öðrum tilgangi en fram kemur í sjálfu frv. Því er beitt til þess að þvinga fram stöðvun á öðru máli, eins og ég gat um í upphafi. En að hugsa sér það ástand í Alþingi, ef nota á slík vopn í baráttunni að beita aðferðum eins og hér er gert til þess að þvinga fram rangláta, siðlausa löggjöf bara til þess að koma fram öðru máli, þar sem einn ákveðinn flokkur eða fylgismenn ákveðins flokks hafa einhverra hagsmuna að gæta. Þá finnst mér skörin vera farin að færast upp í bekkinn. En það er það, sem verið er að gera hér. Ef slík meðferð yrði almennt ráðandi á Alþingi, yrði það önnur og meiri harmsaga.

Mér hefur þótt rétt að láta þetta koma hér fram, áður en ég ræði þær brtt., sem ég hef borið fram ásamt öðrum hv. þm. og birtar eru á þskj. 640. Skal ég nú skýra þær nokkuð.

1. brtt. er við 1. gr., að fyrri málsgr. 1. gr. orðist þannig: „Lög þessi taka til leigumála um íbúðir og atvinnuhúsnæði.“ Ég tel, að það sé alveg óþarfi, að hin almennu ákvæði, þótt samþ. verði, nái til annars húsnæðis en leiguhúsnæðis, sem almennt er flokkað undir íbúðir og atvinnuhúsnæði, það sé alveg óþarfi og eiginlega alveg ógerlegt að láta þetta gilda einnig um sérhvert það herbergi, sem leigt er einstaklingum í bæ eða þorpi. Raunverulega hefði 1. gr. frv. átt að falla öll niður, því að hér er gengið svo langt í því að afnema umráðarétt og samningsvenjur, að óþolandi er, en það mundi þó lagast töluvert, ef mín brtt. er samþykkt.

Þá er sagt í 2. gr. frv., að leigumála um íbúðir og atvinnuhúsnæði skuli gera skriflega. Það er m. a. með tilvísun til þessa fyrirmælis, að ég hef gert 1. brtt. mína. Þar er gerður munur á íbúðum og atvinnuhúsnæði annars vegar og húsnæði fyrir einstaklinga hins vegar. Hefur raunverulega sá aðili, sem lét útbúa frv., viðurkennt, að ekki sé þörf á að gera skriflegan samning við þá, sem leigja einstök herbergi, og er þá langeðlilegast að fella það alveg úr frv. og ákveða, eins og ég vil leggja til með minni brtt., að þessi lagafyrirmæli nái ekki til þeirra, sem leigja sér húsnæði, sem er ekki kallað venjulegar íbúðir, heldur eru aðeins einstök herbergi, sem oft og tíðum eru kannske leigð til eins eða tveggja mánaða, og væri raunverulega alveg ógerlegt að uppfylla öll þau ákvæði hér í sambandi við úttektir, viðhald og annað því um líkt, sem fyrir er mælt í þessum lögum, ef slíkt ætti að ná til allra þeirra manna, sem leigja húsnæði með ljósi og hita oft og tíðum, stundum með ræstingu, jafnvel með morgunkaffi o. s. frv., og gera greinarmun þar á milli og fara svo að taka þessi herbergi út, hvenær sem skipt er um leigjanda, eins og gert er ráð fyrir í frv. Ég vil því mega vænta þess, að þessi brtt. mín verði samþykkt.

Þetta frv., sem hér um ræðir, er raunverulega í tveimur efnisflokkum. Annar efnisflokkurinn, sem er frá I. kafla og út að X. kafla, er um almenn ákvæði, sem vel gætu verið nauðsynleg, ef þau væru viturlega samin, en á eru svo margir gallar, að eins og þau eru nú, sýnist mér, að það sé ekki viðlit að samþ. frv. óbreytt, ekki heldur þann kaflann, eins og ég skal nú smátt og smátt koma að.

2. brtt. mín er við 2. gr., þ. e., að aftan við greinina bætist: „Eyðublöð fyrir leigumála skulu afhent án endurgjalds.“ Það er að vísu ekkert um það sagt í frv. Það er sagt, að félmrn. skuli gefa út eyðublöð fyrir venjulegan leigumála um íbúðir, en það er ekkert sagt um það, hvort það á að gera það án endurgjalds eða ekki. En mér finnst ekki nema eðlilegt, þegar félmrn. er að þvinga slíkum fyrirmælum upp á menn, sem vilja ekki taka á móti þeim, að þá beri a. m. k. ríkissjóður kostnaðinn af prentuninni og pappírnum og láti þessa aðila fá gögnin fyrir ekki neitt. Það gætu verið þeir

tveir aðilar, sem vildu semja um húsnæði, og það ekki svo fáir, sem þyrftu ekkert annað en drengskaparheit til þess að tryggja þann sáttmála, sem þeir gerðu sín á milli munnlega. En úr því að félmrn. lítur svo á, að slíkt megi ekki eiga sér stað lengur, eins og hér er gert ráð fyrir í þessu frv., þá sé ég ekki ástæðu til annars en að ríkissjóður greiði þá einnig þann kostnað, sem af því hlýzt að gera hér á aðra og óheppilegri skipan. Ég veit nú ekki, — en það getur vel verið, að hæstv. ráðh. geti upplýst það, — hvað það mundi kosta ríkissjóðinn að hafa alltaf fyrirliggjandi nokkra tugi þúsunda eða hundruð þúsunda á ári af slíkum eyðublöðum. Ég veit ekki, hvort það hefur verið reiknað út af því ágæta ráðuneyti, en sjálfsagt væri það fróðleikur fyrir okkur hér í þinginu að fá að vita um það, hvort þeir menn, sem um þetta mál hafa hugsað eða þetta mál hafa undirbúið, hafa gert yfir þetta nokkurt yfirlit eða áætlun.

3. brtt. mín er við 5. gr., að það komi í stað orðanna „að tefla" í lok 2. málsgr. „að ræða".

Þetta er aðeins leiðrétting á máli, sem ég vænti að ekki þurfi að ræða mikið eða deila mikið um. Og einnig er lagt til, að í stað orðanna „klukkan 13" í 3. málsgr. 2. tölul. komi „klukkan 1 síðdegis." Mig undrar það, þó að það hafi ekki mikla þýðingu, að slíkt orðatiltæki eins og þetta skuli vera komið inn í málið í frv. Það er nú ekki almennt sveitamál a. m. k., og hefur þó um þetta fjallað jafnhagorður maður og hæstv. ráðh., sem ég veit að er mjög næmur fyrir öllu því, er lýtir íslenzka tungu. Hann mun varla fremur kjósa, að hér standi „klukkan 13" heldur en „klukkan 1 síðdegis." Þetta er nú að vísu aðeins um málið sjálft, en ekki um efni gr., en mér fyndist nú, að það væri eðlilegra, að þessi breyting yrði samþ.

4. brtt. mín er við 7. gr. og er eingöngu afleiðing af þeirri breytingu, sem ég hef lagt til í sambandi við 1. gr., og þarf ég þá ekki heldur að ræða það nánar.

5. brtt. er við 8. gr., að gr. umorðist eins og hér stendur og orðist þá þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Nú vanrækir leigutaki að flytjast brott, eftir að leigumáli er útrunninn, og getur leigusali þá krafizt þess, að leigumáli framlengist, unz leigutaki segir húsnæðinu upp samkvæmt ákvæðum 7. gr." En í 8. gr. stendur nú, með leyfi hæstv. forseta: „Nú hefur leigumáli verið gerður til ákveðins tíma, sá tími er útrunninn, en leigusali hefur ekki skorað á leigutaka innan eins mánaðar frá því að leigumáli rann út að flytjast brott, og verður leigumálanum þá einungis sagt upp samkvæmt ákvæðum 7. gr." Hvers vegna á að fara að lögbjóða það, að menn séu skyldugir til þess að áminna aðra menn um að halda samninga? Það er búið að gera samning um ákveðinn tíma og sá tími er útrunninn. Samt á að leggja þá skyldu á annan aðilann, að hann verði að vekja hinn manninn, benda honum á það, að hann verði að halda samninginn, og ef hann hefur ekki gert þetta mánuði áður en leigutíminn er útrunninn, þá á hann ekki að hafa rétt til þess að láta leigutaka fara samkv. gerðum samningi. Hvaða siðferði er eiginlega verið að innleiða hér í viðskiptum á milli manna? Hvað ætli menn segðu við því, ef menn skrifuðu upp á víxil, sem gildir í 3 mánuði, bankinn hefði ekki tilkynnt aðila mánuði fyrir greiðsludag, að greiða bæri víxilinn, en viðkomandi aðili segði þá bara: Ja, þú verður að gera svo vel að láta víxilinn standa í aðra þrjá mánuði til, af því að þú hefur gleymt að minna mig á það með mánaðar fyrirvara að greiða víxilinn. — Ég verð að segja, að það hlýtur að vera einkennilegur hugsunarháttur hjá þeim mönnum, sem hafa samið slíkt ákvæði og ætla sér að taka það í lög. Það er ekki til þess að hvetja menn til að venja sig á að vera ábyrgir gerða sinna í viðskiptum almennt. Ég hef því lagt til, að gr. yrði orðuð um, eins og ég þegar hef lýst hér.

6. brtt. mín er við 11. gr., þ. e., að orðin „meindýralaust" í 1. málsgr. falli niður. Í þessari gr. er sagt og svo einnig tekið upp í 32. gr.: „Leigusali skal á umsömdum tíma afhenda leigutaka hið leigða húsnæði í góðu lagi, hreint og meindýralaust" og svo síðan „með heilum gluggarúðum" o. s. frv. Veit nú ekki hæstv. ráðh., að um útrýmingu meindýra gilda alveg sérstök l. og að það eru aðrir aðilar, sem taka að sér að útrýma meindýrum bæði úr húsum og borgum? Hvers vegna á að taka þessa skyldu af þeim aðilum? Ég veit ekki betur en að það séu bæirnir og sveitarstjórnirnar, sem hafa þá skyldu að láta eitra fyrir rottur og önnur meindýr í húsum. Og hvaða afleiðing yrði raunverulega af þessu, ef þetta yrði samþykkt og nokkrum manni dytti í hug að framfylgja því? Nú skulum við hugsa okkur, að það væri útilokað að útrýma rottum að fullu og öllu t. d. úr gömlum timburhúsum eða kakkalökkum eða jafnvel veggjalúsum. Þá ætti viðkomandi húseigandi að láta húsnæðið standa ónotað, þar til hann gæti verið búinn að uppfylla þetta lagafyrirmæli. Ekki mundi það nú bæta húsnæðisekluna í Reykjavík, en hinu gæti ég trúað, að ef þessi l. næðu fram að ganga og þeim yrði beitt, þá væru þeir ekki svo fáir, sem heldur kysu að fylla húsin með meindýrum, með rottum og músum og veggjalúsum og kakkalökkum, heldur en að fá suma af þeim mönnum inn, sem húsaleigumiðstöðin mundi senda inn í húsin gegn vilja eigendanna. Það er kannske til þessa ætlazt af hæstv. ráðh. Það er þó a. m. k. nokkur tilhliðrunarsemi við þessa vesalings píslarvotta, sem hæstv. ráðh. er að ofsækja hér í þessu máli. Ég legg til, að þetta orð verði fellt niður.

7. brtt. mín er við 12. gr., að í stað orðanna „að tefla" í lok 2. málsgr. komi „að ræða". Þetta er í samræmi við það, sem ég hef lagt til áður í sambandi við 3. brtt.

Þá er b-liður till., að orðin „eða hefði átt að verða þeirra var" í niðurlagi síðustu málsgr. falli niður. Í 12. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Nú koma síðar fram annmarkar á húsnæði, sem ekki voru sjáanlegir við venjulega athugun, þegar húsnæðið var afhent, og skal leigutaki þá kvarta undan þeim innan 3 vikna frá því er hann varð þeirra var" — og svo er

haldið áfram hér: „eða hefði átt að verða þeirra var.“ Hvaða hugsun liggur nú á bak við svona orðalag eins og hér er ákveðið í löggjöf, og hvaða deilum kemur slíkt lagafyrirmæli til þess að valda, að fyrirskipa, að aðili skuli missa eða fá einhvern rétt frá þeim tíma, er einhver maður hefði átt að verða einhvers var? Ég verð þá að segja það, að það er þó betra, að hann sé ekki fjarverandi allan þann tíma, sé ekki t. d. úti á togara í von um að fá ⅓ af tekjum sínum skattfrjálsan eða á ferðalagi í öðrum löndum eða bara hreint og beint á fylliríi, svo að hann þess vegna hefði ekki haft fulla dómgreind á því að sjá þessa galla. En hann á samt sem áður að vera ábyrgur fyrir þessu, ef bara sú stund er komin, sem hann hefði átt að verða þeirra var að dómi hins aðilans. Ég legg því til, að þessi orð hér í enda gr. verði felld niður. — Ég var, herra forseti, að líta á klukkuna. Ég býst við, að ég verði ekki búinn hér kl. 12, og þykir það mjög leiðinlegt vegna hæstv. ráðh., sem hefur komið hér í kvöld.

8. brtt. er við 15. gr. Fyrri liðurinn, a, er um það, að 2. málsgr. falli niður. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Ef hið ólögmæta atferli hefur einungis í för með sér minni háttar skerðingu á leiguafnotum, getur leigutaki ekki rift leigumála.“ Hvers vegna á að vera að setja inn í almennan lagabálk svona ákvæði, sem áreiðanlega hlýtur að valda stórkostlegum deilum og ágreiningi á milli leigusala og leigutaka? Hver á þá að dæma um það, hvað er minni háttar skerðing og hvað er meiri háttar skerðing? Jú, þetta kann að verða til þess að ala lögfræðingana í landinu, svo að þeir geti haldið áfram að skera úr um það, deila um það fyrir undirrétti og hæstarétti, hvað sé minni háttar skerðing og meiri háttar skerðing. Ég legg því til, að þessi ákvæði séu felld niður. — Síðari brtt. við þessa gr. er um það, að orðin „og annarra“ í 3. málsgr. falli og niður. Það þarf ekki frekari skýringa við.

9. brtt. mín er við 16. gr., þ. e., að síðari málsgr. falli niður. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Ef bannið takmarkar afnotin einungis í minni háttar atriðum, getur leigutaki einungis krafizt hlutfallslegrar lækkunar á leigu.“ Hér er sams konar ákvæði, sem hlýtur að skapa deilur á milli þessara aðila, hlutir, sem þessir aðilar eiga að vera frjálsir að semja um, en á ekki að þurfa að setja inn í almenn lagafyrirmæli. Ég legg einnig til, að þessi málsgr. verði felld niður.

10. brtt. mín er við 18. gr., að aftan við gr. bætist: „nema öðruvísi semji“. Þar stendur í 1. málsgr., með leyfi hæstv. forseta: „Húsaleigu skal greiða fyrir fram mánaðarlega, nema öðruvísi semji.“ Hér er þó ekki tekinn samningsrétturinn af þessum aðilum, en í síðustu málsgr. er samningsrétturinn tekinn af. Þar er sagt: „Nú er húsaleiga greidd fyrir fram um lengri tíma en 6 mánuði, og skal leigusali þá greiða leigutaka 6% vexti af fjárhæðinni.“ Það er alveg sama, þó að vextirnir fari hér í landinu upp í 10%, þá má ekki taka nema 6%, og það er alveg sama, þó að þeir færu niður í 2%, þá skal þó taka 6%. Þess vegna hefði ég viljað láta bæta hér við: „nema öðruvísi semji“. Hvers vegna á að vera að taka samningsréttinn af aðilum í sambandi við vaxtabyrðina, þegar hann er ekki tekinn af þeim í sambandi við fyrirframgreiðslu? Þetta sýnir ljósast, að frv. er samið af handahófi og engan veginn verið hugsað af þeim aðilum, sem hafa verið fengnir til þess að semja það. Það hefur beinlínis verið kastað til þess höndunum.

11. brtt. mín er við 21. gr., þ. e., að aftan við gr. bætist: „Um viðhald íbúða fer eftir samkomulagi milli leigusala og leigutaka.“ Í 21. gr. er sagt, að leigusala sé skylt að halda leiguhúsnæði vel við, að því er tekur til alls utanhúss, svo sem þaki o. s. frv. En þar er einnig sagt: „Leigusali skal einnig hafa í góðu lagi allar leiðslur“ o. s. frv., þ. e. a. s., það er lögð viðhaldsskylda á leigusala um allt það, er lýtur að viðhaldi utanhúss og á öllum leiðslum utan- og innanhúss, og þetta er alveg eðlilegt. En síðan er frekari viðhaldsskylda lögð á herðar leigutaka, og það álít ég að sé rangt, þess vegna er þessi brtt. mín borin fram. En ég kem að því síðar, þar sem ég legg til, að sú gr. verði felld niður.

Næsta og 12. brtt. mín er við 28. gr., og hún er einmitt um viðhaldsskyldu leigutaka. Hér er fyrirskipað, að leigutaki skuli annast á sinn kostnað allt viðhald þess húsnæðis, er hann hefur á leigu og leigusala ber ekki að annast samkvæmt 21. gr., þ. e. a. s., hann á að halda við öllu húsnæði innanhúss. Er hér farið inn á alveg nýja braut, en það hlýtur að skapa ákaflega mikið ósamkomulag á milli þessara tveggja aðila. Síðan á að meta húsnæðið, þ. e. a. s. taka húsnæðið út, þegar leigutaki fer inn, og síðan á aftur að meta ástand íbúðarinnar, þegar hann fer út, og ef hann hefur gert svo mikið við húsnæðið, að það sé meira en eðlilegt viðhald, þá á leigusali að borga mismuninn. Nú skulum við hugsa okkur, að inn í þessa íbúð færi maður, sem hefði nóga peninga. Hann munaði ekkert um að fóðra íbúðina með útsaumuðu veggfóðri, hvert íbúðarherbergi, mála þau með skrautmálningu og gera þetta vel og glæsilega úr garði, sem væri kannske einskis virði fyrir leigusala, en leigusali yrði að gera svo vel að taka við þessu og borga þann mismun eftir mati þessara manna, borga allt það fé, sem þessi maður hefði sett í íbúðina, þó að hann hefði ekki verið í henni nema einn eða tvo mánuði, innan þeirra takmarka, sem þessir tveir menn, sem ættu að meta, kæmu sér saman um. Það sér nú hver maður, hvaða áhrif þetta ákvæði kæmi til með að hafa hér í þessum bæ. Það væri til þess, að það þyrði bókstaflega enginn húseigandi að leigja öðrum manni nema fá fullkomna tryggingu fyrir því, að viðkomandi aðili færi ekki að gera slíka hluti, því að það væri ekki einungis sama og að eyða allri húsaleigunni, heldur yrði leigusali kannske að selja íbúðina eða húsið á uppboði til þess að ljúka greiðslu á þeirri skuld, sem annar hefði þannig stofnað og fært þannig fjárhagskröfur á hendur leigusala með aðferðum sínum. Þetta var líka viðurkennt af fulltrúa leigutakans, hann vildi sjálfur ekki viðurkenna, að þessi

gr. ætti að vera í frv. Hann viðurkenndi alveg réttilega, að þetta mundi skapa sífellda óánægju, sífellt stríð, sífellt hatur á milli þessara aðila og að þessi gr. yrði að fara út úr frv. Þetta vissi hv. meiri hl. vel, eða þeir af hv. meiri hl., sem voru á fundinum.

Þá vil ég benda á, hvaða kostnað það hefur í för með sér að þurfa að fara að meta af tveimur mönnum allar þær íbúðir, sem skipta um leigjendur, tvisvar á ári eða oftar. Við vitum, að undir hinu venjulega ástandi fyrir ófriðinn var ekkert óvenjulegt, að menn skiptu hér um tvisvar sinnum á ári, 14. maí og 1. október. Ætli það mundi ekki þurfa eina 2000 menn hér í Reykjavík þessa tvo daga til þess að meta húsnæði? Ætli það gæti ekki vel farið svo, að það yrði flutt úr hér um bil þúsund íbúðum á hvorum flutningsdegi, og kannske meira en það, og ekki þarf minna en tvo menn við hverja skoðun? Það kynni að verða miklu meira en þúsund íbúðir, sem skiptu um íbúa tvisvar á ári. Þær kynnu að fara upp í einar — ja, ég veit ekki hvað margar íbúðir — það er alveg órannsakað, en vitað er, að tveir menn mundu ekki komast yfir að meta meira en 5 íbúðir á dag. Það er ekkert óeðlilegt að reikna það, að þeir þyrftu upp undir tvo klukkutíma til þess að meta hverja íbúð, skrá ástand þeirra og ganga frá því og meta það, og þá segir sig sjálft, hve marga menn þarf til þess að inna slíkt verk af hendi. Það er engin grein í þessu frv., sem sýnir, hversu mikil fávizka þetta er allt saman, eins og einmitt þessi grein hér, því að hún sýnir, að þessir menn, sem sömdu frv., hafa ekki haft hugmynd um, hvað þeir voru að gera. Þeir menn hafa ekki kynnt sér nokkurn skapaðan hlut það ástand í þessum bæ eða í bæjum yfirleitt, sem leyfa sér að setja svona inn í lög og miða þetta aðeins við örfáa menn, sem skipta um jarðir í sveitarfélagi, þar sem kannske kemur ekki fyrir, að sé skipt um nema einn ábúanda eða kannske hæst tvo ábúanda í hreppnum á ári hverju.

Ég sé, að klukkan er orðin 12, en ég á hér töluvert eftir af ræðu minni, svo að ég mun fresta henni. (*Landbrh.:* Herra forseti. Ég vildi óska eftir að fá að tala hér nokkur orð, áður en fundi lyki.) Í kvöld? (*Landbrh.:* Já, það verða ekki nema — —) Ja, ég vil gjarnan verða við þeim tilmælum hæstv. ráðh. og fresta minni ræðu og tek svo til aftur, þegar málið verður tekið á dagskrá næst. Ég vil ekki á neinn hátt meina hæstv. ráðh. að tala hér í kvöld og skal þá fresta minni ræðu. [Frh.]

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég vil gjarnan vera löghlýðinn maður, og þar sem hæstv. forseti þessarar deildar, sem virðist nú vera allmikill einræðisherra hér í Ed., mælti svo fyrir, að ekki skyldi fundur vera nema til kl. 12, þá vil ég að sjálfsögðu ekki brjóta þá reglu. En af því að ég er nú búinn að vera hér þrjá eða fjóra klukkutíma í kvöld og hef hlustað á meira en klukkutíma ræðu hv. þm. Barð., þá finnst mér, að ég megi til með að segja hér örfáar setningar, áður en þessum fundi er slitið í kvöld.

Ég skal taka það fram, að ég þakka hv. þm. Barð. fyrir þau hlýju ummæli, sem hann hefur haft til mín, um að ég væri greindur maður og fram eftir þeim götunum, en þó hefur mér nú orðið á að gefa út þetta óskaplega plagg, þ. e. frv. til l. um húsaleigu, sem hann hefur nú verið að lýsa og er þó ekki búinn nema að hálfu leyti enn. Þetta er því dálítið einkennilegt að sumu leyti. En það, sem ég vildi taka hér fram núna, er það, að ég tel mér skylt á framhaldsfundi — og geri kröfu til þess, að sá fundur verði á morgun — að gera grein fyrir því, að það eru ótrúlega miklar sögulegar skekkjur í því, sem hv. þm. Barð. hefur flutt hér. Og ég verð að lýsa því yfir, að ég er dálítið undrandi yfir því, af því að það liggja fyrir nokkuð glöggar upplýsingar um þetta mál frá upphafi, að hann skuli hafa lýst þessu eins og hann hefur gert. Hann hefur hér mjög talað um það, að þeir vondu framsóknarmenn, sem alltaf eru að ofsækja Rvík, hafi verið óskaplega vondir og verið að ofsækja höfuðborgina með þessu frv. sínu. Þetta er nú ekki neitt nýr söngur hjá Sjálfstfl., og hv. þm. Barð. gengur hér fram fyrir skjöldu, en ég ætla mér við framhaldsumræðu þessa máls hér að færa sönnur á það, að það eru ekki eingöngu framsóknarmennirnir, sem hafa hér verið að vega að Rvík, ef um það er að ræða, heldur eru það fulltrúar helztu ráðamanna Reykjavíkurbæjar, eins og fulltrúi borgarstjórans, eins og maður, sem var fulltrúi Fasteignaeigendafélagsins hér í Rvík, sem hefur unnið að samningu þessa frv. Og ég mun við framhaldsumræðu málsins færa full rök að þessu.

Það var þetta, sem ég vildi leyfa mér að taka hér fram nú, en mun að öðru leyti áskilja mér rétt til þess að vera fyrstur á mælendaskrá við framhaldsumræðu málsins á morgun.

Forseti (GíslJ): Þá er umr. um þetta mál hér frestað. — Ég vil í tilefni af orðum hæstv. ráðh., ef hann er hér og má heyra mál mitt, segja honum frá því, að ég mun taka þetta mál til umr. á morgun, ef tími gefst til að loknum fundi í Sþ., annars á fyrsta fundi, sem haldinn verður hér í þessari d., og þá að sjálfsögðu hafa þann hátt á, að þm. Barð. ljúki sinni framsöguræðu, og síðan gefa hæstv. ráðh. leyfi til þess að svara. Vænti ég, að hann geti sætt sig við það.

Umr. frestað.

Á 79. fundi í Ed., 7. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson) [frh.]: Herra forseti. Þegar umr. var frestað hér í gærkvöld, hafði ég gert grein fyrir 10 brtt. mínum á þskj. 640 og skal þá ræða hér um 11. brtt., þ. e. við 21. gr., um það, að aftan við gr. bætist: „Um viðhald íbúða fer eftir samkomulagi milli leigusala og leigutaka.“ Ég minntist ofur lítið á þetta í gær, að ég teldi heppilegast, að það væri samningsatriði á milli þessara aðila, og að það væri mjög óheppilegt að setja það inn í l., að viðhaldsskyldan skyldi ekki hvíla á leigusala, eins

og gert er ráð fyrir í 21. gr., og skal því ekki ræða frekar um það atriði.

12. brtt. mín, við 28. gr., er, að gr. falli niður, en hún er um viðhaldsskyldu leigutaka. Ég benti nokkuð á það í gær í minni ræðu, hversu óheppilegt væri að setja slíka kvöð á leigutaka eins og gert er í VI. kafla l., 28. gr., enda hefur þessari gr. verið mjög harðlega mótmælt af fulltrúa Leigjendafélagsins, sem einnig hefur á þessu sama skilning og telur, að þetta ákvæði sé mjög illa þokkað meðal leigjenda í landinu. Að vísu er þetta nokkuð mildað með seinni málsgr., þar sem sagt er þó: „Ákveða má með samningi aðra tilhögun á viðhaldsskyldu en í þessari gr. og 21. gr. segir.“ Liggur þar í viðurkenning fyrir því, að stórkostleg veila sé í þessum fyrirmælum, sem fram eru komin hér í báðum þessum gr., og væri því eðlilegast að fella 28. gr. niður.

13. brtt. er við 32. gr., þ. e., að 32. gr. falli niður, en hún er um þá skyldu, sem lögð er á leigutaka að skila húsnæði aftur meindýralausu, eftir að hann hefur tekið við því. Ég tel, eins og ég tók fram í ræðu minni í gær, að hér sé um að ræða skyldu, sem hvíli á allt öðrum aðilum en leigutaka og leigusala, og þess vegna eigi ekki með nýjum lagaákvæðum að taka neinn hluta af þeirri skyldu af sveitar- og bæjarfélögunum.

14. brtt. mín er við 33. gr., þ. e., að í staðinn fyrir orðin „nákominn ættingja“ komi „nákomna vandamenn“. Ég tel, að það eigi alveg eins að vera heimilt um stundarsakir að taka í húsnæði nákomna vandamenn, svo sem unnustu sína t. d. eða einhverja slíka nákomna vandamenn. Ég sé nú, að hæstv. forseti brosir, og getur það verið siðferðislegt atriði, hvort það ætti að leyfa, en mér finnst nú, að það sé of þröngur stakkur skorinn hér, að það sé endilega átt við nákomna ættingja, heldur geti einnig átt við nákomna vandamenn. Er það að sjálfsögðu ekki neitt stórkostlegt atriði.

15. brtt. er við 34. gr., þ. e., að greinin falli niður. Ef felld verður niður viðhaldsskyldan, þá er það afleiðing, að þessi gr. verði einnig felld niður. Hér er um að ræða heilan hóp manna, sem þarf að starfa að úttekt, eins og gert er ráð fyrir hér í gr., og ég tel, að það sé mjög óheppilegt, að slíkt ákvæði sé bundið í lögum.

16. brtt. er við 35. gr. Það er einnig afleiðing af því, ef aðrar brtt. verða samþ. Hún ákveður einnig um úttektarmenn húsnæðis. Hér er sagt, að það skuli vera aukafasteignamatsmenn, sem hafi slíkt með höndum. Ég sé nú, að hv. meiri hl. hefur borið fram brtt. um þetta og telur, að þetta eigi að vera samningsatriði eða geti verið samningsatriði á milli leigutaka og leigusala, en ég tel, að bezt fari á því, að þessar gr. séu felldar niður að fullu og öllu.

17. brtt. er við 36. gr., í staðinn fyrir „tvær klukkustundir annan hvern virkan dag“ í 2. málsgr. komi „eina klukkustund á viku“. Ég tel, að það sé allt of mikil skylda lögð á leigutaka, að hann sé skuldbundinn til þess að sýna íbúð, sem verið er að leigja öðrum aðila og það kannske gegn hans vilja, — að hann skuli fara frá vinnu eða hafa einhvern mann á launum til þess að sýna íbúð tvær klukkustundir hvern virkan dag. Ég held það sé nægilegt að sýna slíka íbúð eina klukkustund á viku, ef ekki er um það samkomulag að öðru leyti.

18. brtt. mín er við 40. gr., þ. e., að orðin „nema af hendi leigusala séu fram færðar gildar ástæður, er mæla því í gegn“ falli niður. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þetta ákvæði þannig. Það veldur aðeins deilum í sambandi við þessi mál, og flest ákvæði í lögum, sem deilum valda, eiga að hverfa í burtu.

19. brtt. er við 41. gr., um það, að síðari málsl. fyrri málsgr. falli niður, eða sá liður, sem hér segir: „Það hjóna, sem hefur vegna atvinnu sinnar afnot af leiguhúsnæði, skal hafa forgangsrétt til áframhaldandi leigu á því, svo og nauðsynlegrar íbúðar, sem því kann að vera tengd.“ Ég tel, að þetta sé ákvæði, sem eigi að kveða á um með skilnaðarbréfi, og að það sé síður en svo, að löggjafinn eigi að fyrirbyggja það, að konan, sem e. t. v. þarf miklu meira á húsnæðinu að halda fyrir sig og sín börn, verði að víkja úr íbúðinni með barnahópinn. Ég tel, að það sé alveg óviðeigandi, að slíkt sé sett inn í l. Hins vegar er sjálfsagt, að um þetta sé ósamið. Kemur þá til úrskurðar fyrir dómi, þegar svo stendur á, ef ekki næst samkomulag milli viðkomandi aðila. Það er rangt að fyrirskipa með lagafyrirmælum, að konan skuli hér hafa minni rétt til íbúðar. Vitað er, að konan hefur rétt til þess að halda öllum börnunum og að ekki er hægt að dæma þann rétt af henni, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Ég tel óviðeigandi, að það skuli þó vera hægt að taka af henni húsnæðið á þennan hátt, og vænti því, að sú brtt. verði samþ.

20. brtt. er við 44. gr., þ. e., að orðið „stórra“ í síðustu málsgr. falli niður. Þar segir svo nú: „Nú er hegðun sú, sem leigutaka er gefin að sök, ekki stórra víta verð.“ Hér er ákvæði, sem hlýtur alltaf að valda töluverðri deilu og á því ekki að vera í löggjöfinni að mínu áliti.

21. brtt. er við X. kaflann, þ. e. 48.—69. gr., og ég hef lagt til, að sá kafli verði felldur alveg niður úr frv. Ég tel það afar óeðlilegt, að Alþ. sé að gefa sveitarstjórnum í landinu slíka heimild eins og hér er gert í þessu frv. Ég talaði nokkuð um það í gær og skal ekki endurtaka það. Það er alveg nýmæli og tvímælalaust óviðeigandi, að slíkt fyrirmæli sé sett í lög. Sveitarstjórnir fá að sjálfsögðu heimild til þess að gera hluti, sem nauðsynlegt er að gera á hverjum tíma, og verða þá að bæta það að fullu, ef skerða þarf eignarrétt annarra manna. En ég tel óviðeigandi að gefa svona víðtæk heimildarákvæði eins og hér er gert í þessum kafla og alls ekki sæmandi fyrir Alþ. að setja slíka löggjöf.

Sama er með 22. brtt., sem er við XI. kafla, þ. e. 70.—73. gr. Er lagt til, að kaflinn falli niður. Þessir tveir kaflar verða raunverulega ekki aðskildir, enda báðir heimildarákvæði. Með ákvæðunum um húsaleigumiðstöð er verið að taka ráðstöfunarréttinn af húseigendum, eins og ég minntist einnig á í gær og skal ekki endurtaka hér. Tel ég, að það sé algerlega óvið-

eigandi af Alþingi að láta lögfesta slík ákvæði.

Svo er síðasta brtt. við XII. kaflann, þ. e. 74.—75. gr. Hún er einnig afleiðing af hinum till., ef þær verða samþ., því að það snertir einnig þá kafla, sem ég þegar hef lýst.

Ég skal ekki á þessu stigi málsins lengja þessar umr. Ég hef gert fulla grein fyrir afstöðu minni í málinu, og ég vænti þess, að frv. verði breytt í það horf, sem ég legg til á þskj. 640, og allar mínar brtt. þar verði samþ.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Þau fáu orð, sem ég segi hér um þetta frv. um húsaleigu, verða náttúrlega á þann veg, að þau hefðu kannske frekar átt að vera sögð við 1. eða 3. umr. hér í hv. þd., því að þau verða mjög almenns eðlis um frv. En þar sem hv. þm. Barð. (GíslJ), sem jafnframt er aðalforseti þessarar hv. þd., ræddi í gærkvöld um frv. þetta mjög almennt, í meginhluta af sinni ræðu, sem var geysilöng, þá vænti ég þess, að hæstv. forseti leyfi mér einnig nú við þessa umr. að fara nokkrum almennum orðum um frv.

Hv. þm. Barð. talaði hér langt mál í gærkvöld um þetta frv. og lýsti því sem einhverju mesta endemisfrv., sem fram hefði komið hér á Alþ., eftir því sem orð hans féllu. Hv. þm. kom hér fram sem mjög ákveðinn og öflugur talsmaður og fulltrúi fyrir húseigendur. Að því er mér virtist, vildi hann nú miða frv. eingöngu við Reykjavík, því að eitt af því, sem hann taldi að mjög væri ámælisvert, var það, að tveir þm. utan Reykjavíkur hefðu flutt þetta frv. En ég hélt nú, að hv. þm. Barð. væri ekki orðinn svo innlifaður hér í Reykjavík, að hann vissi ekki, að landið væri nokkru stærra en Reykjavík ein, og hér er um frv. að ræða, sem, ef að lögum verður, á að gilda um land allt, þ. e. a. s. um þéttbýlið hér í þessu landi, hvort sem það snertir Reykjavík eða aðra staði, svo að þetta var nú eitt með öðru, sem lýsti því, hve smátt og auvirðilegt varð til að tína til þess að reyna að ófrægja og gera að litlu þetta frv.

Hv. þm. Barð. lýsti því með mjög sterkum orðum, hve gengið væri á rétt húseigenda með þessu frv., sem hér er um að ræða. Eftir því sem hann komst að orði, þegar hann var á hátindi sinnar miklu ræðu, þá var það eiginlega niðurstaða hans, að mér virtist, að það væru miklar líkur til þess, að húseigendur sumir a. m. k. hér í Reykjavík mundu heldur vilja hafa hús sín full af rottum, músum, kakkalökkum, veggjalúsum og öðru slíku dóti og eftirláta þeim húsin heldur en að láta fólk búa í þeim. Það getur vel verið, að það sé það, sem eigi að koma, að húseigendur hafi leyfi til að eiga hús og láta þau verða full af slíku dóti eins og þessu og það þyki þá einhver ósvinna að setja löggjöf til þess að hindra það, að svo gálauslega og heimskulega sé farið með þau verðmæti, sem eru eign þjóðfélagsins og einhver mesta þörf er á að séu notuð hyggilega, því að það vita allir, að húsnæðisvandamálin eru einhver erfiðustu mál okkar þjóðfélags. Það er ekki heldur að undra, að svo sé, þegar við gætum að því, að við verðum að hafa dýrari, vandaðri byggingar heldur en flestar aðrar menningarþjóðir. Margar þjóðir geta lifað í ósköp einföldum, ódýrum húsakynnum og kannske átt þar sæmilega daga. En hér hjá okkur með okkar umhleypingasama, kalda, erfiða loftslag og með þær miklu kröfur, sem við gerum til húsnæðis, og ég segi þeim mun betur gerum um mannsæmandi húsnæði, þá er það alveg geysilega dýrt fyrir þjóðfélagið að koma upp íbúðum, sem sæmilegar geta talizt, yfir fólkið. Þegar allir hljóta að viðurkenna þessa staðreynd, þá er hitt vitanlega jafnsjálfsagt, að skynsamlega sé tekið á þessum málum og að þá sé með einhverjum skynsamlegum ráðum leitað eftir því, að það húsnæði, sem til er, hverjir sem það eiga, sé notað fyrir það fólk, sem mesta þörf hefur fyrir það.

Mig langar til að skjóta hér inn í örstuttu um annað mál, sem þó snertir þetta mjög mikið. Ábúðarlöggjöf okkar Íslendinga er allgömul að stofni til, en þó er nú yfirleitt talið svo, að ábúðarlöggjöf hafi fyrst verið sett árið 1884, þó að ýmis ákvæði væru eldri áður. Þessi ábúðarlöggjöf var endurskoðuð á árunum 1931—33. Mér er það sérstaklega minnisstætt, af því að það voru fyrstu þingin, sem ég sat á. Ég átti þá sæti í landbn. og hafði töluvert með þessi mál að gera. Ég held, að það sé rétt, að ég hafi verið frsm. landbn. varðandi frv., þegar það var til meðferðar. Ábúðarlögin voru svo að lokum afgreidd á þinginu 1933. Það, sem kom mér til að minnast þessa nú, er það, að þau rök, sem hv. þm. Barð. bar fram gegn því, að nauðsyn væri að setja almenna húsaleigulöggjöf fyrir þá ¾ þjóðarinnar, sem nú búa í þéttbýli hér á landi, voru mjög á sömu lund og íhaldssömustu mennirnir þá báru fram gegn því, að sett væru einhver ákvæði til þess að tryggja þann óskaplega lélega rétt, sem leiguliðar á jörðum einstakra landeigenda áttu þá við að búa. Það voru nákvæmlega sömu rökin. Því var mjög haldið þá á lofti, að allt, sem gert væri til þess að tryggja afkomu þessara manna með því, að þeir ættu rétt á lífstíðarábúð, ef ekki meiru, og annað slíkt yrði til þess að koma öllu á vonarvöl, það yrði til þess að koma upplausn á þetta skipulag, og sú skylda, sem þá var lögð á landeigendur til þess að húsa jarðir sínar, sem var þó ekki nema að nokkru leyti, um leið og þær væru leigðar út, gerði þeim ómögulegt að eiga jarðirnar og þær því fara í eyði. En hver hefur reynslan orðið í þessum efnum? Reynslan hefur, eins og vita mátti, orðið sú, að þær endurbætur, sem gerðar voru á ábúðarlöggjöfinni í þetta skipti, hafa verið til stórhappa fyrir landbúnaðinn, og meira en það: þær breytingar, sem gerðar hafa verið á ábúðarlöggjöfinni síðan, sem eru nokkrar, en þó ekki stórvægilegar, hafa allar gengið í þá átt að tryggja þennan rétt enn betur, tryggja það fyrir leiguliðana, að aðstaða þeirra væri betri en hún var með ábúðarlögunum sjálfum.

Þetta er mjög glöggt dæmi um það, hve tregir menn eru að viðurkenna staðreyndir og gera hluti, sem sjálfsagt og nauðsynlegt er að gera. Mér datt þetta í hug og fann glöggt,

hve skyldleikinn var mikill milli þeirra manna, sem þá beittu sér gegn þeim breyt., sem var verið að berjast fyrir, og hv. þm. Barð. í ræðu þeirri, sem hann hélt hér í gærkvöld. Ég er jafnsannfærður um það, að eftir nokkra áratugi, — það þarf sennilega ekki einu sinni að bíða svo lengi eftir því, — verður það frv., sem ég vænti að nú verði að l. á þessu þingi, talið mjög merkilegur áfangi í félagsmálalöggjöf okkar Íslendinga til þess að tryggja sem bezt rétt þeirra manna, sem mesta erfiðleika hafa varðandi húsnæði í þjóðfélaginu og minnsta möguleika til þess á eigin spýtur, án annarrar aðstoðar en þjóðfélagsins sjálfs, að geta fengið sæmilega aðstöðu á þann hátt. Það er út frá þessu meginsjónarmiði, sem ég álít að það sé sjálfsagt nú að samþykkja það frv., sem hér liggur fyrir. Ég segi það ekki af því, að mér detti í hug að halda því fram, að frv. muni vera gallalaust, og ég get meira að segja vel viðurkennt, að eitthvað af þeim brtt., sem hv. þm. Barð. hefur hér borið fram, geti vel átt rétt á sér; því dettur mér ekki í hug að neita. Frumlöggjöf verður aldrei gallalaus, og það verður að sjálfsögðu að breyta henni að einhverju leyti innan skamms tíma. En ef löggjafarþingið ætlar sér að velta málinu fyrir sér mörg ár, jafnvel áratugi, þangað til allir hv. þm. álíta, að ekki sé neitt athugavert við frv., þá verða aldrei sett l. um slíka hluti. Aðalatriðið er að koma sér niður á nokkur sjálfsögð meginatriði, sem menn hafa trú á að séu til stórbóta, og kæra sig þá minna, þótt eitthvað kunni að fljóta með, sem reynslan síðar sýnir að verður að breyta að einhverju leyti.

Hv. þm. Barð. lýsti því mjög, — ja, ég veit ekki, hvað ég á að segja, en hann var hálfklökkur í rómnum þá, — hvernig þessir geysilega vondu framsóknarmenn hefðu eiginlega flekað þetta frv. inn á — ja, ég held nú Reykjavík fyrst og fremst — eða hér inn á Alþ., og hann sagði m. a., hv. þm., að oddamaður í n., sem hann orðaði svo, sem mun eiga að vera form. n., sem fjallaði um þetta mál nú fyrir tveim árum, hafi verið fjandmaður Reykjavíkur. Ég veit nú ekki almennilega, hvað hv. þm. Barð. á við með þessu, og ég efast um meira að segja, að hann viti, hvaða maður það er, sem hann á þennan hátt hefur titlað fjandmann Reykjavíkur, eða m. ö. o. fjandmann ⅔ hluta þjóðarinnar eða meira. En þar sem það fór ekki neitt dult, að hann meinti formann n., þá mun það eiga að hitta þáverandi skrifstofustjóra félmrn., Jónas Guðmundsson, sem var formaður þessarar n., sem hér er um að ræða. Þessi maður hefur nú verið embættismaður í ráðuneyti, sem ég stjórnaði í þrjú ár eða meira, og ég ætla að leyfa mér að mótmæla þessu. Ég hygg, að Jónas Guðmundsson sé einn með okkar þroskuðustu félagsmálamönnum og hafi einmitt sýnt það í sínu starfi og ekki síður varðandi Reykjavík en önnur héruð, að hann hafi einmitt lagt sig fram í þeirri stöðu, sem hann var í, eins og líka var skylt, til þess að benda á úrræði til bóta fyrir slíka staði, fyrir þéttbýlið í landinu, og þá ekki sízt fyrir höfuðborgina sjálfa. Ég nefni þetta aðeins til að sýna, á hverju óskaplegu hundavaði hv. þm. Barð. fór í þessari ræðu sinni, því að ég svo sem veit ósköp vel, að hann mun ekki hafa meint þennan mann, þegar hann talaði um þennan höfuðfjandmann Reykvíkinga, sem hefði hér verið að verki. Sjálfsagt hefur hann ætlað að hitta einhvern framsóknarmann með þessu fagra heiti.

Ég verð nú að segja það, að mér virtust allverulegar söguskekkjur í því, sem hv. þm. Barð. sagði um undirbúning þessa frv., því að hann virtist álíta, að það væri Framsfl. einn, sem að þessu stæði, og hann hefði viljað ginna þetta fóstur sitt, sem hann nefndi svo, hér inn á Alþingi og fá alþingismenn til þess að samþykkja það og hér væri ekkert nema fláttskapur og illska ein að baki, eins og allt, sem framsóknarmenn hugsuðu, a. m. k. varðandi Reykjavík. Mér virðist því rétt, að ég segi hér örlítið — ég skal fara mjög fljótt yfir sögu — um það, hvernig þetta frv. hefur til orðið.

Þetta frv. er orðið allgamalt, frá því að fyrst var farið að ræða um löggjöf í þessu efni. Ég skal geta þess, að á árunum 1946—48, sem var nú áður en ég kom inn í ráðuneytið, var hafinn undirbúningur að löggjöf um almenna húsaleigulöggjöf, og þeir menn, sem þá fjölluðu um þetta, höfðu sérstaklega kynnt sér málið á Norðurlöndum og í Bretlandi og víðar, og út frá því gerðu þeir uppkast að frv. um þetta efni. Þeir menn, sem um þetta fjölluðu þá, voru þáverandi skrifstofustjóri félmrn., Jónas Guðmundsson, og Gizur Bergsteinsson hæstaréttardómari. Þetta frv. lá svo fyrir, þegar ég kom í ráðuneytið í ársbyrjun 1950, og með fullu samkomulagi innan ríkisstj. varð það að ráði, af því að ríkisstj. leit þá svo öll á, eða ég vissi ekki betur en svo væri, að það væri mikil nauðsyn, að sett yrði húsaleigulöggjöf, að skipuð var sérstök n. í þetta mál. Sú n. var þannig skipuð, að Jónas Guðmundsson var formaður n. Aðrir nefndarmenn voru þeir Magnús Jónsson, sem þá var framkvæmdastjóri Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur, en er nú hv. 2. þm. Eyf., Ólafur Sveinbjörnsson skrifstofustjóri framfærslumála Reykjavíkurbæjar, Þórður Björnsson bæjarfulltrúi í Reykjavík og Hannes Pálsson frá Undirfelli, starfsmaður í fjmrn. Það voru þessir 5 menn, sem fengu það hlutverk að gera frv. um þetta efni, og þeir skiluðu síðan frv., sem er í raun og veru afskaplega líkt því frv., sem hér liggur fyrir, en þrír nm. höfðu ágreiningsatriði um vissa kafla frv., en það, sem ég vil taka fram, er það, að öll n. stóð einhuga að meginhluta frv., þ. e. a. s. öllum þeim köflum, er snerta almenna húsaleigu í frv. Það voru aðeins heimildarkaflarnir, X. og XI. kafli, sem verulegur ágreiningur var um. Að vísu var nokkur ágreiningur um atriði í 1. gr. frv., eins og hún þá var orðuð, en eins og sú gr. er nú, þá féllust allir nm. nema Hannes Pálsson frá Undirfelli á að hafa hana eins og hún nú er í frv. Ég bendi á þetta til þess að sýna, að það voru ekki einhverjir vondir framsóknarmenn einir, sem af einhverri lævísi og hrekkvísi gerðu þetta frv., heldur var það gert af nefnd, sem öll ríkisstj.

stóð að, og í þessari nefnd voru fulltrúar frá Fasteignaeigendafélagi Reykjavíkur og einn aðalfulltrúi borgarstjórans hér í Reykjavík. Það er því ofraun jafnvel jafnmiklum vitmanni og skörungi og hv. þm. Barð. að ætla að færa sönnur á, að þetta frv. sé eingöngu fundið upp af einhverri illgirni og vonzku af hálfu Framsfl. Frv. er samið og að mestu leyti líka fylgt af fulltrúum þeirra samtaka hér í Rvík, sem málið varðar mest, eins og Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur og skrifstofu borgarstjórans. Þessu finnst mér nauðsynlegt að ég geri hér grein fyrir nú í þessu sambandi.

Hv. þm. Barð. var að gefa mér svona dálitið góð meðmæli í gær, og þakka ég honum fyrir það. Ég get náttúrlega kvittað fyrir það með sama móti, því að við höfum ýmislegt starfað saman og getað gert það á sæmilega góðan hátt. En það, sem hv. þm. var að tala um, að ég hefði ekki viljað flytja þetta frv., heldur hefði ég fengið einhverja undirmenn mína, eins og hann orðaði það, til þess að flytja frv., þá er þetta mesti misskilningur. Ég hef einu sinni flutt þetta frv. sem stjórnarfrv. hér á Alþingi. Þá var ríkisstj. svo mikið sammála um málið, að það var samþykkt innan ríkisstj., að ég mætti flytja það sem stjórnarfrv., þótt hins vegar væri tekið fram, að það væru viss atriði í frv., sem meiningarmunur væri um. Annað skipti fékk ég nefnd til að flytja frv., og í þriðja skiptið voru það svo einstakir þm. úr Framsfl., sem fluttu það.

Ég veit ekki, af hvaða ástæðum það er, að það er útlit fyrir, að hv. Sjálfstfl. hafi því meir fjarlægzt þetta frv., því lengur sem liðið hefur. Ég tel það mikinn misskilning af honum og hann muni ekki uppskera neitt gott af því síðar, því að ég er alveg sannfærður um það, eins og ég sagði áðan, þegar ég dró ályktanir af meðferð ábúðarlagafrv. fyrir rúmum 20 árum hér á Alþingi og hvernig sá málatilbúnaður var allur, að það verður hið sama hér, að þessi löggjöf, þótt gölluð kunni að vera í einstökum atriðum, — og dettur mér ekki í hug að neita, að hún geti verið það að einhverju leyti, — mun á sínum tíma verða talin mjög merkilegur hyrningarsteinn þess að setja löggjöf um það í okkar þjóðfélagi, sem alveg er nauðsynlegt að löggjöf sé sett um. Þar má ekki vera með neina tæpitungu eða hræðslu við það, að einhverjir einstakir menn eða jafnvel einstakar stéttir eins og fasteignaeigendur setji sig á móti frv. Vissulega voru óðalsbændurnir fyrir 25 árum, sem ýmsir áttu margar jarðir, ekkert glaðir yfir að fá á sig húsaskyldu og skyldu um að leigja jarðir til lífstíðarábúðar og annarra slíkra hluta, en þeir urðu að sætta sig við það, og þeir hafa gert það. Það, sem gerzt hefur síðan, er það, að fjöldi af þeim jörðum, sem þá voru í leiguábúð, hefur komizt í einstakra manna eigu og er nú í eigu þeirra. Og það er það sama, sem ég álít að eigi að þvinga í gegn með hæfilega sterku húsaleigufrv., þ. e. að stefna að því, eftir því sem mögulegt er, að sem flestir eigi sína íbúð. Þetta getur að einhverju leyti stuðlað að því, — ég er ekki í neinum vafa um það, — því að vissulega eru mikil vandkvæði á því og ekki neitt sólskin — það er mér vel ljóst — fyrir húseigendur að leigja út íbúðir. Ef þetta að einhverju leyti gæti stutt að því, að þeir vildu selja íbúðir sínar með hóflegu verði, og hugsanlegt væri að koma þeim þannig í hendur þeirra, sem sjálfir eiga að nota íbúðirnar, þá er það atriði, sem að mínum dómi er eingöngu til bóta og er sjálfsagt að stuðla að, eftir því sem frekast er unnt.

Ég ætlaði mér ekki að tala mjög langt í þessu máli og skal reyna að efna það. Ég held, að það sé tiltölulega lítið fleira, sem ég sé ástæðu til þess að taka fram. Ég vil þó nefna það, að hv. þm. Barð. sagði í gær í sinni ræðu — ég hef skrifað það hér niður — hann sagði: Fyrstu 10 kaflar frv. gætu verið skynsamlegir, ef þeir væru sæmilega samdir — og eitthvað fleira svipað þessu nefndi hann. Ég skal þakka honum fyrir þessa viðurkenningu, því að þetta eru einmitt kaflarnir um hin almennu húsaleiguákvæði. Það getur vel verið, að hv. þm. Barð. gæti fært þetta til miklu betra máls, — ég skal ekkert um það segja, — en það hafa nú ekki meiri klaufar um þetta fjallað en menn eins og Gizur Bergsteinsson hæstaréttardómari og Jónas Guðmundsson skrifstofustjóri í félmrn., auk þeirra manna annarra, sem ég hef nefnt hér áður. Það má náttúrlega alltaf áfella alla löggjöf og finna ýmislegt að eins og þetta, en það er því miður oft gert einungis til þess að eyða góðum málum og ekkert annað. Það er alltaf hægt að bæta löggjöf síðar með bættu orðalagi og sníða af þá vankanta, sem áreiðanlega verða oftast nær, þegar ný löggjöf er sett um atriði, sem hafa ekki verið lögfest áður.

Það er gerður mikill blástur að þessum heimildarköflum í frv. Það út af fyrir sig gæti ég skilið. Í Nd. voru ekki gerðar aðrar brtt. af hálfu hv. sjálfstæðismanna þar heldur en leggja til, að þeir kaflar yrðu felldir niður. Það virðist svo, að hv. Sjálfstfl. í þeirri d. væri í raun og veru með frv. að öðru leyti. En það kom nú í ljós, að það var þingvilji fyrir því í hv. Nd., að þessir kaflar einnig væru í frv. Og ég hef aldrei getað skilið, hvað ósköp menn geta verið óánægðir með þetta. Mér virðist miklu fremur, að sveitarfélögin megi þakka fyrir að fá heimildir í lögum, sem er algerlega í þeirra valdi að ákveða, hvort þau vilja nota eða ekki. Þarna er ekki um neitt annað að ræða. Það er ekki verið að þvinga neinu inn á sveitarfélögin með þessu; síður en svo. Þeim er bara heimilt að gera vissar ráðstafanir, ef þeim virðist ástandið þannig í húsnæðismálum á sínu umráðasvæði, að nauðsynlegt sé að gera þær. Ég skal taka það fram, eins og ég held ég hafi tekið fram í Nd., eða einhvern tíma a. m. k., þegar um þetta frv. var rætt, að ef þetta hefðu verið ákveðin lagafyrirmæli, sem er þarna í X. og XI. kafla frv., þá hefði ég alveg verið á móti þeim, — ég skal ekki segja öllum ákvæðunum, ég held það sé nú eitthvað í þeim, sem ég hefði viljað lögfesta, en alls ekki á þann hátt eins og það er þar sett fram. En þar sem hér er aðeins að ræða um heimildir til bæjar- og sveitarfélaganna, þá finnst mér, að hér sé bara verið að gera þeim gott, en ekki verið að

brugga þeim nein Lokaráð; síður en svo. Ég er svo lýðræðissinnaður maður, og ég trúi svo á það fólk og þá menn, sem stjórna bæjar- og sveitarfélögum okkar, að það sé engin áhætta að leggja í þeirra hendur töluvert miklar heimildir. Þeir menn, sem þar stjórna, munu ekki nota þær, nema það sé ástæða til og þeir finni, að það þurfi að gera einhverjar töluvert, jafnvel „drastiskar" ráðstafanir í eitt skipti til þess að forða enn meiri voða, og það er aðeins þetta, sem hér liggur fyrir, og ekkert annað. Þess vegna hef ég aldrei getað skilið það, hve mikill bægslagangur hefur einmitt orðið út úr þessum köflum frv.

Ég mun svo ekki hafa þessi orð öllu fleiri. Ég fylgi að sjálfsögðu þeim brtt., sem hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. flytur hér á þskj. 619. Önnur breytingin er ekkert annað en leiðrétting. Það komst hér prentvilla í frv. eins og það var lagt fyrir. En svo einkennilega vildi nú til í hv. Nd., að d. felldi að leiðrétta þetta eins og það lá fyrir. Það liggur í hlutarins eðli, að eins og þetta er í frv. getur það alls ekki gengið, og engum manni með óbrjálaða skynsemi gat dottið í hug, að sveitarstjórnir gætu sett upp mannmargar nefndir og ákveðið launakjör og látið svo ríkissjóð borga. Þetta hefur engum manni dottið í hug. Hitt var aftur sjálfsagt og eðlilegt, að ef þær skipuðu slíkar nefndir, þá ættu sveitarsjóðirnir sjálfir að borga og þá auðvitað sveitarstjórnirnar að ákveða launin. Ég nefni þetta af því, að það er svo einkennilegt, að það skuli þurfa að vera að deila um atriði eins og þetta.

Ég sé nú, að hér er komin brtt. frá tveim hv. þm. á þskj. 644 um að breyta þessu þannig, að ríkissjóður eigi að standa straum af þessu öllu. Það álít ég fjarri lagi, algerlega fjarri lagi. Þau bæjar- eða sveitarfélög, hvort sem eru stór eða smá, sem vilja nota sér þau ákvæði, sem eru í heimildarköflunum, og þá að einhverju leyti skipa þá nefnd eða þær nefndir, sem þar er gert ráð fyrir, eru ekkert of góð til þess að kosta þessar nefndir, og það er að mínum dómi sjálfsagt. Einnig er ég, eins og að líkum lætur, þó að ég hafi ekki talað hér um einstakar brtt. hv. þm. Barð., andvígur þeim og mæli með því, að þær verði felldar.

Skal ég svo láta þessu lokið.

Forseti (GíslJ): Það eru nú 6 menn á mælendaskrá. Ég mun því fresta þessari umræðu. Mundi hæstv. ráðh. vilja doka við örlitla stund?

Á fundi í gærkvöld hér í deildinni mælti hæstv. félmrh. eftirfarandi orð til mín sem forseta:

„Ég vil gjarnan vera löghlýðinn maður, og þar sem hæstv. forseti þessarar d., sem virðist nú vera allmikill einræðisherra hér í Ed., mælti svo fyrir, að ekki skyldi fundur vera nema til kl. 12, þá vil ég að sjálfsögðu ekki brjóta þá reglu. En af því að ég er nú búinn að vera hér í 3 eða 4 klukkutíma í kvöld og hef hlustað á meira en klukkutíma ræðu hv. þm. Barð., þá finnst mér, að ég megi til að segja hér örfáar setningar, áður en þessum fundi er slitið í kvöld."

Ég hef gert mér það að reglu hér sem forseti þessa stuttu stund, sem ég hef setið hér, að beita engri einræðisreglu hér í hv. Ed. og vísa um það til hv. dm. Ég hafði haldið hv. dm. hér á fundi frá kl. hálf tvö í gær til kl. 4, síðan frá kl. 5 til 7 og enn samkvæmt ósk hæstv. ríkisstj. frá kl. hálf níu til 12 og taldi þá, að vinnutími væri orðinn æði langur.

Ef hæstv. ráðh. telur, að ég hafi beitt hér einhverjum einræðisaðferðum til þess að fresta fundi á því tímabili, þá vonast ég til þess, að þegar hann athugar það mál, þá sjái hann, að það hafi ekki verið rétt að láta slík orð falla sem hér segir, ef það hefði verið út af þeim atriðum.

Hafi það hins vegar verið út af því, að ég hafi ekki viljað halda áfram þessu sérstaka máli, þá vil ég taka fram, að þessu máli er vísað til heilbr.- og félmn. þann 29/3, þ. e. a. s. í marz, og kemur úr n. 1/4, það er útbýtt þá áliti frá meiri hl. og þann 5/4 frá minni hl., þann 5/4 er málið tekið á dagskrá og 6/4 er málinu frestað. Á öllu þessu tímabili hafa verið tekin fyrir ýmis mál, eins og ég get látið hæstv. ráðh. í té lista yfir. Ég vil ekki tefja hæstv. d. á að fara yfir allan þann lista, en það eru flestallt mál hæstv. ríkisstj., sem urðu að ganga á undan þessu máli.

Ég vil því vænta, að hæstv. ráðh. líti svo á, að hann hafi sagt þessi orð til hæstv. forseta af athugunarleysi, en ekki af því, að hann hafi viljað láta þetta koma fram sem ásökun á forseta.

Umr. frestað.

Á 80. fundi í Ed., 8. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Svo sem fram hefur verið tekið nógsamlega í þessum umr., þá er í þessu frv. í raun réttri um tvö gerólík mál að ræða: annars vegar almenn húsaleigulög, sem eiga að gilda um alla framtíð, taka gildi nú þegar og gilda hvarvetna á landinu, þar sem þau eiga við, hins vegar ákvæði, sem eiga að miðast við sérstakt neyðarástand í tilteknum hlutum landsins, og ég verð að telja, að það sé mjög óheppilegt að blanda þessu tvennu saman. Það er enginn vafi á því, að það er skynsamlegt og æskilegt, að almenn húsaleigulög séu sett, sem verði til uppfyllingar og skýringar á samningum þeim, sem leigusali og leigutaki gera sín á milli, svipað því, sem sams konar lagabálkar hafa verið settir um ótalmörg viðskipti manna.

Hitt er allt annað, hvort menn telja ástæðu til þess að setja sérstök neyðarákvæði, sem eiga að gilda staðbundið og um tiltekinn tíma, og það er alveg ljóst, að þeim, sem hafa áhuga fyrir þeim almennu húsaleigulögum, þeim almennu reglum um viðskipti manna út af húsaleigu, hlýtur að vera gerður ógreiði, ef þeir hafa raunverulegan áhuga fyrir því máli, að blanda hinu atriðinu hér inn í. Ég þykist að vísu vita, að hv. þm. Str. (HermJ) segi, að hér veki ég enn athygli á því, sem hann segir að ég geri oft, að menn blandi saman tveim óskyldum atriðum,

en það er vissulega ástæða til þess að gera það hér, vegna þess að í þessu frv. er það gert á átakanlegan hátt og til þess að rugla mál og gera það óljósara og skapa deilur, sem þyrftu ekki að vera varðandi meginefni þessa máls.

Varðandi aðalefni þessa frv., hin almennu ákvæði um húsaleigu, þá tek ég undir það, sem hæstv. forseti þessarar d. sagði í sinni ýtarlegu og skilmerkilegu ræðu, að ef slík ákvæði eru samin skynsamlega og skýrlega, þá séu þau til góðs, og ég tel engan vafa á því, að margt í þessum ákvæðum, sem hér er lagt til að sett verði, sé til góðs. Hins vegar get ég ekki varizt því að telja, að sumt í reglunum hafi ekki verið íhugað sem skyldi og að málið allt þurfi nánari athugun en það enn hefur fengið. Og er þó raunar sumt í því, sem manni virðist að hlyti að vera sett af fljótræði, eftir því, sem nú er komið fram, sett af ásettum hug, en það er þeim mun iskyggilegra. Það var sem sé mjög eftirtektarverð sú yfirlýsing, sem hæstv. félmrh. gaf hér á þingfundi í gær, og hún var sú, að hann teldi, að þessi lög ættu að gegna svipuðu hlutverki og ábúðarlögin varðandi jarðeignir frá 1933, sem hefðu leitt til þess, að jarðeigendur, sem bjuggu ekki á jörðum sínum sjálfir, hefðu yfirleitt neyðzt til þess að selja jarðeignir sínar. Þetta er ákaflega eftirtektarverð yfirlýsing. Ég er því fyllilega sammála, að það sé æskilegt, að sem flestir bændur geti búið á eigin jörðum, og við sjálfstæðismenn áttum einmitt langa hríð við Framsfl. út úr því, að framsóknarmenn voru á þeirri skoðun, að heppilegra væri, að ríkið smásölsaði jarðirnar undir sig, heldur en að þær væru í sjálfsábúð. Þarna erum við á gersamlega annarri skoðun en Framsfl. (Gripið fram í.) Já, sumir. Það er einmitt alveg rétt, sem hv. 1. þm. N-M. hér kallar fram í, að þó að Framsfl. í heild hafi séð sig um hönd í þessu og sé nú kominn inn á þá skoðun sjálfstæðismanna, að það sé æskilegra að hafa sjálfsábúð, þá eru einstaka, sem standa eins og klettar úr hafinu, eins og hv. þm. N-M., sem er óhagganlegur á hinni gömlu skoðun flokksins, að ríkiseign á jörðunum sé betri. En við skulum ekki blanda þessu deilumáli í húsaleigumálið. Það er nógu flókið fyrir því. Ég tek líka undir það, að það sé æskilegt, að sem flestir menn eigi sínar íbúðir, og þess vegna m. a. hafa sjálfstæðismenn haft forustu um langmest af framkvæmdum af hálfu ríkisvaldsins og bæjarfélaga um byggingu smáíbúðarhúsanna. Þetta er stefnt í rétta átt. Af sömu ástæðu beittu sjálfstæðismenn sér fyrir skattfrelsi á þeirri vinnu, sem menn legðu fram til að byggja eigin íbúðir. En jafnframt því, sem við segjum og stöndum við í framkvæmd og beitum okkur fyrir, að einstaklingarnir eigi sem allra flestir að eiga sínar íbúðir, þá gerum við okkur það ljóst, að enn eru þúsundir manna í þessu landi og í þessu bæjarfélagi, sem Alþ. er háð í, sem hafa ekki nein tök á því að eignast eigin íbúðir og eru í algerlega ófullnægjandi húsnæði. Til þess að létta mein þessara manna er nauðsynlegt, að aðrir aðilar hlaupi undir bagga og hjálpi þeim. Meðal annars af þeim sökum beitti ég mér fyrir því, þegar ég var borgarstjóri í Reykjavík, að bæjarstjórnin lét reisa nokkra tugi íbúða við Skúlagötu hér í bænum, þar sem hægt var að hjálpa þeim fátækustu borgurum um húsnæði, sem gátu ekki með neinu móti eignazt hús yfir sig sjálfir, gátu ekki eða höfðu ekki efni á því að taka þátt í byggingu verkamannabústaða og höfðu ekki efni á því að ráðast í þeim mun meiri framkvæmdir í þessum efnum. Þarna varð bærinn að nokkru leyti að hlaupa undir bagga. En það er auðvitað allra sízt ástæða til þess að hindra, að einkafjármagn leiti í þennan farveg til þess að bæta úr þessari brýnu þörf. Þeim mun meira af einkafjármagni sem leitar í að byggja hús, sem fullnægja settum reglum, til þess að leigja þessu fólki undir eftirliti almannavaldsins að öllu leyti, þeim mun minni þurfa aðgerðir sjálfs almannavaldsins að verða til þess að bjarga úr neyð og vandræðum þessara manna.

Það er þess vegna algerlega misráðið og beint afturfararspor í húsnæðismálum, það er tillræði við þá, sem verst eru settir í þjóðfélaginu, ef sett eru almenn lög, sem samkvæmt yfirlýstri stefnu aðalmannsins, sem beitir sér fyrir löggjöfinni, eiga að horfa í þá átt að gera mönnum ómögulegt að eiga hús til þess að leigja út. Það er beinlínis stefnt gegn þjóðfélaginu með slíkum lögum. Það er gert til þess að draga úr og hindra, að hægt sé að ráða bót á svo sem skyldi því neyðarástandi, sem nú er í húsnæðismálum, ekki aðeins hér í þessu bæjarfélagi, heldur víðs vegar um landið. Því er ekki að neita, að sjálfur aðalkafli þessa frv., hin almennu ákvæði um húsaleigu, mótast um of af þessum hugsunarhætti. Þess vegna tel ég, að jafnvel þó að aukakaflarnir varðandi neyðarráðstafanirnar væru felldir niður, þá þurfi sjálfur aðalkafli laganna miklu betri skoðun en hann enn hefur fengið. Og sannast sagt hafa menn ekki áttað sig til hlítar á þessum rauða þræði, sem þarna gengur í gegn og berlega kom í ljós við þessa yfirlýsingu hæstv. félmrh.

Það, sem menn áður töldu að væri vansmíð á frv., vegna þess að ekki hefði verið nógu vel að gáð, sést nú vera sett af ásettu ráði í því skyni að meina mönnum og hindra, að menn eigi íbúðir til þess að leigja öðrum út, og þetta tel ég vera ákaflega misráðið, fullkomið spor aftur á bak. Um leið og ég legg áherzlu á, að það er auðvitað mjög mikilsvert og má ekki bregðast, að hjálpað sé til, að menn geti eignazt sem allra flestir eigin íbúðir, þá verðum við að horfa á staðreyndirnar eins og þær eru, og þær eru þannig, að þúsundir manna geta ekki komið yfir sig eigin íbúðum og verða að fá leigt, og það er þess vegna fullkomin ástæða fyrir almannavaldið til þess að ýta undir, að fjársterkir aðilar leggi fram fé til þess að byggja skapleg hús yfir þessa menn og leigi þeim það húsnæði út.

Ég tel, að hv. dm. og hv. Nd., þar sem ekki var verulegur ágreiningur um þessa aðalkafla frv., hafi ekki til hlítar áttað sig á því, hvað í þessu felst, sem ekki er von, þar sem ég hygg, að svo ber yfirlýsing sem hæstv. félmrh. gaf hafi ekki komið fyrr fram í málinu en hér í

gær, a. m. k. hafði ég ekki heyrt hennar getið áður.

Ég skal nú ekki fara að eltast við einstök ákvæði í þessum lögum. Ákvæðin verða miklu skiljanlegri, þegar menn átta sig á þessari meginyfirlýsingu hæstv. félmrh., og hún sýnir, eins og ég segi, að það þarf að athuga allan fyrri hluta frv. út frá þessu sjónarmiði, og tekur þá ekki að vera að eltast við sparðatíning í þeim efnum. Ég kemst þó ekki hjá því að minnast á, að t. d. 21. gr. frv. er orðuð allsendis ófullnægjandi og þarf mjög leiðréttingar við, jafnvel af hálfu þeirra, sem frv. eru fylgjandi að öðru leyti. En það, sem er eftirtektarverðast í þessu, er annars vegar ákvæðin í 28. gr. og hins vegar 34. gr. Samkvæmt þessum ákvæðum fæ ég ekki betur séð heldur en að það felist í frv., að leigutaki hafi rétt til þess án samþykkis húseiganda að gera endurbætur á húsnæði, sem hann hefur tekið á leigu, og að leigusali verði skyldugur til þess að borga honum þessar endurbætur eftir mati, þegar leigutaki hverfur á braut. Í 28. gr. segir:

„Leigutaki þarf þó ekki að endurbæta húsnæðið, hafi það legið undir skemmdum, þegar hann tók það á leigu."

Hann þarf ekki að endurbæta húsnæðið. Almenn ályktun lögfræðinga af þessari grein hlýtur að vera sú, að hann megi endurbæta húsnæðið, ef honum svo sýnist. Og svo segir í 34. gr.:

„Úttektarmenn skulu meta til peningaverðs þann mismun, er á húsnæðinu kann að vera frá því, að leigutaki tók það á leigu."

Þarna kemur berlega fram, að leigutaki má endurbæta húsnæðið eins og honum sýnist og leigusali verður að greiða honum bætur eftir mati, þegar hann fer út, þó að þetta hafi ekki verið borið undir leigusala og jafnvel þó að leigusali hafi mótmælt því, að þessar endurbætur hafi átt sér stað á hans eign. Þetta ákvæði hefur í sér fólgna svo mikla gerbreytingu á réttarsambandi manna í þessum efnum, að ég trúi því ekki, að menn séu reiðubúnir til þess að samþykkja slík ákvæði, ef þeir gera sér grein fyrir, hvað í þeim felst. Ef ákvæðin eiga hins vegar ekki að taka til þessa, heldur aðeins til venjulegs viðhalds, þá er nauðsynlegt, að það komi miklu skýrara fram í sjálfum lögunum, og við verðum að ætlast til þess, að hæstv. félmrh. gefi um það alveg skýrar yfirlýsingar hér í hv. deild, hvað hann telur í þessum ákvæðum felast, vegna þess að samkvæmt venjulegum lögskýringarreglum hygg ég, að það sé erfitt að fá annan skilning út úr þeim heldur en þann, sem ég hef nú greint.

Mér væri ánægjuefni, ef hæstv. félmrh. vildi lýsa því yfir, að ég hefði misskilið þetta, en eins og þetta horfir við og meðan slík yfirlýsing liggur ekki fyrir, heldur einungis sú yfirlýsing hæstv. félmrh., að lögin séu sett til þess, að menn neyðist til að selja húseignir sínar — geti ekki áfram verið húseigendur, þá tel ég þetta vera eitt varhugaverðasta ákvæðið, sem sett hefur verið í löggjöf um langt árabil.

Ég skal svo ekki ræða frekar um þessa almennu kafla frv. En út af X. og XI. kaflanum, þar sem um er að ræða neyðarráðstafanir, þá er rétt að minnast þess, sem hæstv. félmrh. sagði hér í gær, að hann mundi ekki vilja setja slík ákvæði, ef hann ætti sjálfur að kveða á um það, þó að hann vildi gefa öðrum heimild til þess að setja ákvæðin. Þetta er ákaflega einkennilegt, að flytja heimild og ætlast til þess, að aðrir megi gera það, sem hann vill ekki gera sjálfur. Ég held, að maður eigi sannast sagt að gera í þessu efni ekki minni kröfur til annarra heldur en sjálfs sín og a. m. k. að gera svo miklar kröfur til sjálfs sín, að maður eigi ekki hlut að því, að aðrir geri það, sem maður er sannfærður um að sé rangt. Þessi yfirlýsing hæstv. félmrh. var því í mesta máta einkennileg og með því furðulegasta, sem ég hef heyrt flutt fram til skýringar frv., sem maður sjálfur er aðalhvatamaðurinn að.

Hins vegar er þó eðlilegt, úr því að hæstv. félmrh. segist ekki sjálfur vera fylgjandi því, að sett séu þau ákvæði, sem hann vill heimila öðrum að setja, að spyrja: Hverjir hafa óskað eftir því, að þessi ákvæði væru sett? Hverjir hafa óskað eftir því? Hvaðan kemur sú ósk? Er eitt einasta sveitarfélag, stórt eða smátt, sem hefur farið fram á, að slík ákvæði væru sett? Þarna er um að ræða heimildir til handa sveitarfélögunum. Ráðherrann kemur hér og segir: Ég er sjálfur á móti því, að þessar heimildir séu settar. Getur hann bent á eitt einasta sveitarfélag, sem hefur borið fram ósk um, að þessi ákvæði væru sett? Ég hef ekki heyrt þess getið. Og það minnsta er, úr því að ráðh. sjálfur segist vera á móti því, að þetta sé sett í lög, að áður en þessi honum ógeðfelldu ákvæði eru lögfest, þá sé rannsakað, hvort nokkurt sveitarfélag sé því fylgjandi, að ákvæðin séu lögfest. Einnig af þessari ástæðu virðist mér alveg ótvírætt, að þörf sé á að athuga þetta mál betur og að það sé sent til umsagnar sveitarfélaganna í landinu eða a. m. k. þeirra samtaka. Það mundi enginn skaði skeður, þó að þau fengju málið til athugunar í sumar gegn því fororði, að þau hefðu skilað sínu áliti í haust, svo að þá lægi fyrir, hversu mörg sveitarfélög í landinu óska eftir þeim heimildum, sem hæstv. félmrh. flytur, en segist vera andvígur sjálfur að séu notaðar.

Það verður aftur á móti að taka fram, að ef menn vilja veita þessar heimildir, þá er auðvitað algerlega út í bláinn að binda það við staði, þar sem 500 íbúar eru eða fleiri. Þá er sjálfsagt að láta þetta taka til allra staða á landinu, þannig að öll sveitarfélög, þar sem neyðarástand er fyrir hendi, sem þarna greinir, geti notað þessi ákvæði. Það er engin ástæða frekar til þess að vantreysta íbúunum í hinum smærri sveitarfélögum heldur en í þeim stærri. Hæstv. félmrh. sagðist flytja þessar till. af því, að hann tryði á fólkið og að það misnotaði ekki þær heimildir, sem settar væru. En er það þá þannig, að hann vantreysti fólkinu, sem er í sveitarfélögum undir 500 mönnum að fjölda, en treysti mönnum þeim mun betur, eftir því sem fólkið er fleira saman komið? Ja, það er gott, ef það er orðin stefna okkar góðu vina í Framsókn. Hingað til hefur okkur virzt það

væri öfugt. A. m. k. er það ljóst, að fólkið, þar sem það er flest saman komið, vantreystir framsóknarmönnum mest af öllum.

En látum vera, ef menn vildu beita þessum heimildum, að þá er algerlega ástæðulaust að láta sveitarfélag vera skyldugt til þess að beita öllum ákvæðunum í X. kaflanum. Það væri sök sér, að sveitarfélagið mætti þá velja úr, hverjum af þeim þíningarákvæðum, sem þar eru sett, það vilji beita, en ég fæ ekki betur séð en ef það vill beita einhverju af því, sem stendur í X. kafla, þá verði það að beita öllu. Hafi ég mislesið þetta, þá er sjálfsagt að leiðrétta. (*Gripið fram í:* Það er hægt að sjá það í 1. gr.) En ég fæ ekki betur séð. Nú, „að einhverju eða öllu leyti.“ Ég bið afsökunar á því, ég hef mislesið það, en ég tók svo eftir, vegna þess að XI. kaflinn var sérstakur, að þá ætti hitt allt að hanga saman. En ég hef mislesið eða hlaupið yfir þetta ákvæði og þakka hv. þm. fyrir þá leiðréttingu.

Ég skal svo ekki rekja þetta frekar, en ég fæ ekki varizt því, að það er mjög ólíkt búið að leigutaka og leigusala. Samkvæmt því, sem ég sagði áðan, þá er leigusala skylt að endurgreiða endurbætur, sem leigutaki hefur gert á húsnæði hans, jafnvel í hans forboði, en samkvæmt 62. gr. segir:

„Heimilt skal leigusala og leigutaka að semja um viðhaldsskyldu húsnæðis á þann hátt, að leigusali hafi viðhaldsskyldu eignarinnar að meira eða minna leyti. Má þá leiga eftir húsnæðið hækka frá því, er 63. gr. ákveður, sem viðhaldinu nemur, þó aldrei meira en 15% af hámarksleigu þeirri, sem tiltekin er í 63. gr.“ Sem sé, þó að sannað sé, að viðhaldið sé miklu meira en þessum 15% nemur, þá á leigusali sjálfur að standa undir þeim kostnaði. (*Gripið fram í:* Ja, hann hefur það í hendi sér.) Það má segja, að hann hafi það, en það er þó ástæðulaust, ef hann hefur þarna lagt meira fram, að hann fái það ekki endurbætt. Hinn hefur það í hendi sér að hverfa úr húsnæðinu, ef hann vill, svo að það er ástæðulaust að gera þennan mismun á réttarstöðu manna.

Svo verð ég að segja um XI. kaflann, að það virðist ákaflega hart aðgöngu fyrir húseigendur, leigusala, ef á að neyða þá til þess að selja í hendur leigumiðstöðvar húsnæði, sem þeir hafa ráðstafað, til fullrar nýtingar. Þótt þeir hafi leigjanda, sem er fær um að nýta húsnæðið að fullu, þá fæ ég ekki skilið kaflann betur heldur en að leigumiðstöðin geti engu að síður tekið fram fyrir hendur þeirra og látið allt aðra menn inn í húsnæðið. Og þetta rekst raunar dálítið á við ákvæðið í 3. málsgr. 72. gr., þar sem stendur: „Nú hefur húsaleigumiðstöð leigt húsnæði öðrum en eigandi þess hefur óskað eftir, og skal honum þá heimilt, þrátt fyrir 62. gr. laga þessara, að segja leigutaka upp húsnæðinu, eftir að leigutaki hefur verið í húsnæðinu í 6 mánuði.“ — Á þá að skilja þetta þannig, að eftir það geti húseigandi sjálfur ráðstafað sinni eigin eign? Eða er það þannig, að hann geti sennilega tekið menn burt á 6 mánaða fresti koll af kolli og miðstöðin sett menn inn á hann honum að jafnnauðugu? Ég hygg, að þetta ásamt ýmsu fleiru í þessum lögum þarfnist töluvert betri íhugunar.

Ég verð að telja, að af þeim ástæðum, sem ég hef hér bent á, og vegna ýmissa annarra, m. a. þess, sem hæstv. forseti sagði í sinni ágætu ræðu um þetta mál, sé ljóst, að þetta mál þarfnast — jafnvel betri hluti frv. — miklu frekari íhugunar en það hefur enn þá fengið, og ég mundi telja það langskynsamlegustu meðferðina, að sveitarfélögunum eða sambandi þeirra yrði falið að athuga málið til haustþingsins og að þá tæki þingið það aftur að nýju til athugunar.

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Í fyrrakvöld talaði hv. þm. Barð. (GíslJ), frsm. minni hl. félmn., í meira lagi harkalega við umr. þessa máls og fór langferðir út fyrir efni málsins til þess að hrakyrða Framsfl. Ekki var ræða hans beinlínis til þess fallin að tryggja gott samstarf stjórnarflokkanna í framtíðinni, enda sennilega ekki til þess ætluð. Ég skrifaði undir ræðu hv. þm. hjá mér til minnis nokkur atriði útúrdúra og fjúkyrða hans og hugsaði mér að gjalda þau og helzt með rentum — og það helzt hærri rentum en þetta frv. gerir ráð fyrir að goldnar séu fyrir fyrirframgreidda húsaleigu. En í gær hélt hv. þm. ræðu sinni áfram og tók þá upp allt annan tón. Mátti af þeim tón ætla, að hann hefði iðrazt gönuskeiða sinna og væri til muna batnandi maður. Og af því að tími er nú orðinn naumur við afgreiðslu málsins og líka með tilliti til þess, að hæstv. félmrh. veitti hv. þm. allmiklar áminningar í gær, og einnig vegna þess, að batnandi maður virðist eiga í hlut, þá læt ég útúrdúra hv. þm. frá í fyrradag eiga sig og sný mér að efni málsins og till.

Hv. þm. Barð. talaði á móti frv. í heild, og þótt minni hl. leggi ekki beint á móti samþykkt níu fyrstu kafla frv., þá eru brtt. hans á þá leið að ónýta þessa kafla og þar af leiðandi í samræmi við anda þann, sem kom fram í ræðu frsm. Ég vil í þessu sambandi benda á, að önnur var afstaða flokksbræða hans í fjhn. Nd., og vil ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp úr nál. flokksbræðranna úr Nd., en þar stendur:

„Um það getur ekki verið ágreiningur, að tímabært sé að setja almenna löggjöf um samskipti leigusala og leigutaka. Um þau viðskipti hefur engin löggjöf verið sett nema undir óvenjulegum kringumstæðum eins og á ófriðartímum. Fullkomin löggjöf, sem næði yfir þessi algengu viðskipti, kæmi í veg fyrir óþarfan málarekstur og vandræði, sem hlotizt geta af óvissu um það, hvaða reglur skuli gilda í ýmsum tilvikum, sem ógerlegt er að hafa öll í huga við samningsgerð. Því erum við undirritaðir sammála samnefndarmönnum okkar um ákvæði níu fyrstu kafla frv.“

Í þessu nál. sjálfstæðismannanna í Nd. kveður mjög við annan tón en hjá hv. frsm. minni hl. Undir þennan tón Nd.-þingmanna byrjaði hæstv. dómsmrh. að taka áðan, en fljótt féll hann þó yfir í lagið með hv. frsm. minni hl.

Hæstv. dómsmrh. raupaði dálitið af Sjálfstfl., að hann hefði hjálpað mönnum til að komast í góðar álnir og geta byggt til að leigja fátækum. Og hann kallaði frv., ef að l. yrði, tilræði við fátæklingana. Öðruvísi munu þó fátæklingarnir líta á, þeir sem hafa reynslu í þessum málum.

Hæstv. dómsmrh. fór dálitið út í það að vitna í hæstv. félmrh., sem talaði hér í gærkvöld, hafði sitt hvað eftir honum og m. a. það, að lögin, sem hér liggja fyrir í frv.-formi, séu að hans áliti, félmrh., miðuð við það að neyða eigendur til þess að selja húseignir sínar. Þetta er útúrsnúningur hjá hæstv. dómsmrh. Félmrh. sagði, að ábúðarlöggjöfin, sem hann taldi að nokkru hliðstæða þeirri löggjöf, sem hér um ræðir, hefði leitt það af sér, að fleiri leiguliðar hefðu getað fengið jarðir sínar keyptar, og hann taldi æskilegt, ef heppileg húsaleigulöggjöf gæti unnið í sömu átt. Í þessu kemur ekki fram neinn illvilji til þeirra, sem hús eiga, heldur kemur fram sú skoðun, sem almennt er viðurkennd rétt í landinu nú, að æskilegast sé, að menn eigi hús yfir höfuðið sjálfir.

Þá sagði hæstv. dómsmrh., að félmrh. hefði sagzt vera á móti því, að heimildarákvæðum frv. yrði beitt. Þetta er líka útúrsnúningur. Félmrh. sagðist hefði verið á móti því, ef átt hefði að lögbjóða heimildarákvæðin, þ. e. að fyrirskipa þær aðgerðir, sem þar eru heimilaðar. En hann sagðist telja rétt að gefa sveitarstjórnunum heimild til að hafa slík ákvæði til framkvæmda og sagðist treysta sveitarstjórnunum til að nota þau ekki nema þegar það ástand skapaðist, sem gerði þau nauðsynleg. Þetta er allt annað en hæstv. dómsmrh. vildi túlka að í orðum félmrh. hefði legið.

Ýmislegt var það í ræðu hæstv. dómsmrh., sem benti til þess, að hann hefur enn ekki lesið frv. það, sem fyrir liggur, nógu ýtarlega, en gengið út frá því, að það væri illa gert. Sumt leiðrétti hann í ræðu sinni, sem hann hafði ekki áður gert sér grein fyrir, og fer ég ekkert út í það. En hann talaði talsvert um það, að í kaflanum um húsaleigumiðstöð væri gengið nærri húseiganda, og gerði ráð fyrir því jafnvel, að ógiltir yrðu þeir samningar, sem húseigandinn hefði áður gert, svo mikið værl gjörræði miðstöðvarinnar að heimildum þessa frv. En það er beinlínis tekið fram, að ráðstöfun sú, sem miðstöðin má gera með húsnæði, nær aðeins til nýrra húsa og þeirra húsa, sem losna úr íbúð. Það er líka tekið fram, að leita eigi tillagna húseigenda, þegar leigt er, og enn fremur er það tekið fram, að ef húseigandi er óánægður með leigjanda sinn, þann sem miðstöðin hefur leigt, þá getur hann þrátt fyrir bindingarákvæði sagt honum upp eftir 6 mánuði. Þannig er, að því er bezt verður séð, tekið hæfilegt tillit til húseigandans, þegar neyðarástand ríkir í húsnæðismálum.

Mér datt í hug undir ræðu hæstv. dómsmrh. — svona í stuttu máli sagt — það, sem haft er eftir Bernard Shaw, hinum fræga brezka rithöfundi, að sannir íhaldsmenn séu jafnan á móti því, að hlutirnir séu gerðir í fyrsta sinn, en þegar þeir hafa verið gerðir, haldi þeir í þá dauðahaldi og eigni sér þá og tilveru þeirra. Ég gæti vel hugsað það, að þegar húsaleigulög væru búin að standa nokkurn tíma í svipuðu formi og þau eru sett fram í þessu frv., þá verði þeir, sem nú eru á móti þeim, ákafastir í að halda þeim við og eigni sér jafnvel setningu þeirra.

Þá vil ég minnast á brtt. hv. minni hl. Þær eru á þskj. 640.

1. brtt. er við 1. gr., og ég ætla að biðja hv. þm. að bera hana saman við gr. Hún er um það, að fyrri málsgr. orðist svo: „Lög þessi taka til leigumála um íbúðir og atvinnuhúsnæði.“ Hv. flm., frsm. minni hl., lýsti því, þegar hann gerði grein fyrir till., að þessi till. væri borin fram til þess að rýmka ákvæðin. Það var að heyra á orðum hans, að hann gengi út frá því, að með því orðalagi, sem minni hl. leggur til, væri undanskilið fyrirmælum frv. íbúðarhúsnæði einhleypra manna. En þetta er misskilningur. Till. hefur mistekizt. Í greininni, eins og hún er í frv., er nokkur undanþága frá lögunum. Þar segir: „Lög þessi taka til allra leigumála um húsnæði, nema leigumála um einstök herbergi í gistihúsum, svo og þeirra leigumála, sem áskilja leigutaka að minnsta kosti tvær daglegar máltíðir.“

Ég tel, að með þessu sé t. d. að sjálfsögðu undanskilið það húsnæði, sem tíðkast mjög, að foreldrar leigi börnum sínum eða leigt er öðrum vandamönnum einhleypum, sem hafa fæði í heimilinu. En eftir till. minni hl. er þetta upp hafið og allt íbúðarhúsnæði tekið inn í gr. og lagt undir fyrirmæli frv., því að vitanlega er húsnæði það, sem einhleypir nota, íbúðir, enda talað um íbúðir fyrir einhleypa og fjölskylduíbúðir. Minni hl. hefur ætlað að losa um skrúfu, en í stað þess hert á henni. Þetta er ég viss um að hv. frsm. finnur, ef hann athugar gr. Að minnsta kosti hefði hann fundið það, ef skrúfa þessi hefði verið í skrúfstykki og hann haft fingurinn á milli.

Þá er það 2. brtt. Hún er um það að skylda ráðuneytið til þess að láta í té ókeypis þau eyðublöð, sem þar um ræðir. Mér er sagt og ég þykist hafa reynslu fyrir því, að yfirleitt séu eyðublöð látin í té ókeypis hjá hinu opinbera, og þar af leiðandi er þessi till. óþörf, nema hún ætti að benda til þess, að þegar ekki væri annað fram tekið, þá ætti að selja eyðublöðin, og þá held ég, að hún hafi öfugar verkanir við vilja minni hl. Í öllu falli er hún óþörf.

Þá er það 3. brtt., að í stað orðanna „að tefla“ í lok 2. málsgr. komi „að ræða“. Ég er flm. sammála um það, að þetta er betra mál eftir efninu, betri framsetning og eðlilegri, þó að annars virðist það vera orðin einhver venja að hafa „um að tefla“ í frv. þeim, sem koma frá hæstv. ríkisstj., og mætti gjarnan fyrir það taka. Sums staðar hefur þó farið verr á því en í þessari grein. Þetta er a-liður þeirrar brtt. — B-liðurinn er um það, að í stað orðanna „kl. 13“ í 3. málsgr. komi „kl. 1 síðdegis“. Málvöndun er góð, og ég skal manna sízt lasta hana, en þegar farið er út í málvöndun, þá þarf líka að vanda vöndunina, og mér finnst, að það hafi mistekizt í þessu falli. Ég fyrir mitt leyti sé ekki, að

það sé veruleg óprýði að því, þó að þarna standi „kl. 13“, það er orðið nokkuð algengt, t. d. í útvarpsmáli, og er að komast inn í mál þjóðarinnar á öllum sviðum. En ég hef aldrei heyrt, held ég, talað um það, að kl. 1 væri komið „síðdegis“. Ég hef heyrt sagt „kl. 1 eftir hádegi“, og ég sé, að skrifstofa Alþ. gefur út dagskrár, þar sem talað er um „kl. 1½ miðdegis“. Síðdegi, held ég, að málvenja leyfi ekki að kallað sé fyrr en eftir nón. Ég held þess vegna, að þetta sé óþörf brtt. og ekki rétt að samþ. hana, hún prýði ekki málið.

4. brtt. er við 7. gr., þ. e., að orðin „einstökum herbergjum“ í 1. tölul. falli niður. Ég býst við, að þessi till. sé fram komin af þeim skilningi, sem minni hl. leggur í 1. brtt. sína, að einstök herbergi liggi utan við ákvæði frv., en það er nú ekki. Ég álít það mjög til skemmdar, ef upphafið væri tekið burt úr frv., að ákveðinn sé uppsagnarfrestur fyrir einstökum herbergjum, því að vitanlega er illt við það að búa, fyrst og fremst fyrir leigjanda, að hafa ekki tryggingu fyrir því að fá ekki uppsögn með fyrirvara, og ekkert í það varið heldur fyrir húseiganda, að einstakur maður geti hlaupið frá leigumála hvenær sem er án fyrirvara. Brtt. er þess vegna á tvennan hátt dauðadæmd.

Þá er 5. brtt., við 8. gr., að gr. orðist svo: „Nú vanrækir leigutaki að flytjast brott, eftir að leigumáli er útrunninn, og getur leigusali þá krafizt þess, að leigumálinn framlengist, unz leigutaki segir húsnæðinu upp samkvæmt ákvæðum 7. gr.“ Ég tel þessa till. til bóta.

Þá er 6. brtt., við 11. gr.: „Orðið „meindýralaust“ í 1. málsgr. falli niður.“ Ég minnist þess, að hv. frsm. spurði fulltrúa Fasteignaeigendafélagsins eftir því, hvort hann teldi það rétt, að þetta orð stæði í gr., hvort hann teldi eiginlega hægt að gera fyllstu kröfu til þess, að hús væru meindýralaus, og taldi þessi maður, að auðvitað yrði að ganga út frá því, að þau væru það. Ég held fyrir mitt leyti, að það sé rétt að ætlast til þess, að hús, sem út eru leigð, séu laus við slík óþrif, og þó að t. d. rottum eigi að útrýma af öðrum aðila, þá þarf vafalaust að vera eftirlit með því og segja til, þegar meindýr taka sér bólfestu í húsinu, svo að sá, sem á að framkvæma útrýminguna, komi til. Ég tel þess vegna þessa till. óviðeigandi og ekki sízt eftir að þetta er búið að koma fram í frv., því að þá er, ef hún yrði samþykkt og orðið numið burt, eins og væri gengið út frá því, að ekki væri hægt að setja út á það, þó að meindýr væru í húsum, sem leigð eru fullu verði.

Þá er það brtt. við 12. gr. Sú brtt. er, að í stað orðanna „að tefla“ komi „að ræða“. Till. er til bóta.

Þá er b-liður þeirrar till., að orðin „eða hefði átt að verða þeirra var“ í niðurlagi síðustu málsgr. falli niður. Þessi málsgr. hljóðar svo:

„Nú koma síðar fram annmarkar á húsnæði, sem ekki voru sjáanlegir við venjulega athugun, þegar húsnæðið var afhent, og skal leigutaki þá kvarta undan þeim innan þriggja vikna frá því, er hann varð þeirra var eða hefði átt að verða þeirra var.“

Ég hygg, að ástæðulaust sé að nema þessi orð burt: „eða hefði átt að verða þeirra var“, því að ekki er hægt að draga úr því, að menn hafi eftirlit með því húsnæði, sem þeir hafa á leigu, og segi til í tíma, enda er gert ráð fyrir því um alla löggjöf, að menn séu skyldir til að fylgjast með hlutunum, og þetta er ekkert ósanngjarnara þarna heldur en gerist og gengur í lögum. Maður er hiklaust dæmdur, ef hann brýtur lög, þótt hann hafi ekki vitað um, að til var í lögum bann við því, sem hann gerði, en það er litið svo á, að hann hefði átt að þekkja lögin.

Þá er 8. brtt., við 15. gr., a-liður, að 2. málsgr. falli niður, en þessi málsgr. er svona:

„Ef hið ólögmæta atferli hefur einungis í för með sér minni háttar skerðingu á leiguafnotum, getur leigutaki ekki rift leigumála.“

Ég sé ekki betur en það ákvæði, sem þessi málsgr. felur í sér, sé réttmætt og tryggi eðlilega leigusalanum það, að leigutaki geti ekki gengið of langt í kröfum í því efni, sem þarna ræðir um, og ógilt samning fyrir smámuni. B-liðurinn í sömu till. er í nánu sambandi við þá málsgr., sem á að fella burt, og á sú till. ekki rétt á sér frekar en hin.

Þá er 9. brtt., við 16. gr., að síðari málsgr. falli niður, en hún er á þessa leið og er í sambandi við fyrri málsgr., sem ég, með leyfi hæstv. forseta, vil lesa upp:

Fyrri málsgr. hljóðar þannig:

„Nú lýkur leiguviðskiptum fyrr en umsamið var, sökum þess að handhafar opinbers valds vegna heilbrigðisráðstafana eða af öðrum ástæðum leggja bann við leiguafnotunum, og er leigutaka þá einungis skylt að greiða leigu til þess dags, er bannið gengur í gildi.“

En síðari málsgr., sú sem í till. er lagt til að niður falli, er á þessa leið:

„Ef bannið takmarkar afnotin einungis í minni háttar atriðum, getur leigutaki einungis krafizt hlutfallslegrar lækkunar á leigu.“

Ég hygg, að þetta sé eðlilegt ákvæði, til þess að leigutakanum sé ekki gefinn of hár réttur, þegar um það er að ræða, að atvik þau gerast, sem fyrri málsgr. talar um og ekki eru á valdi leigusalans.

Þá kemur 10. brtt., við 18. gr., að aftan við gr. bætist: „nema öðruvísi semji“. En greinin er um það, að þegar húsaleiga sé borguð fyrir fram, skuli vera greiddir af henni 6% vextir. Ég býst við, að þetta ákvæði muni nú vera þannig, að það muni verða farið í kringum það af þeim, sem á annað borð eru kröfuharðir og setja upp fyrirframgreiðslu. Þó finnst mér ekki fjarstæða, að þessi lög gefi bendingu um það, hvað teljist eðlilegir vextir í þessum viðskiptum, sem sagt er að hafi verið og séu viðskipti allóeðlileg oft og tíðum og hörð fyrir þá, sem eru í húsnæðisvandræðum og neyddir til þess að ganga undir harða skilmála til þess að fá húsnæði. En með því að bæta aftan við þeirri meiningu, sem á að felast í orðum þeim, sem minni hl. leggur til að við verði bætt, er ákvæðið gert alveg þýðingarlaust. — Af því að hæstv. minni hl. sýnir það, að hann vill fegra mál, þá vil ég benda á, að það er mikil mislukkun í þessari framsetningu. Sú er að vísu afsökun,

að í 1. málsgr. þessarar greinar er sama mislukkunin, en ég leit á hana eins og prentvillu. Þar segir: „nema öðruvísi semji". Þarna er vitanlega rangt mál. Sögnin „semji" getur ekki í þessum hætti notazt þarna. Þarna á að vera miðmynd sagnarinnar: „öðruvísi semjist", til þess að fullkomin íslenzka sé. Það vantar gerandann í sögnina. Á þetta vil ég benda, af því að „málfegrun" kemur fram í till. minni hl., eða tilraun til málfegrunar.

Þá er það 11. till., við 21. gr., að aftan við gr. bætist: „Um viðhald íbúðar fer eftir samkomulagi milli leigusala og leigutaka." Þetta er nú fyrst og fremst alveg óþarft ákvæði þarna, vegna þess að í 28. gr., sem er um viðhald húsnæðis af hendi leigutaka, segir: „Ákveða má með samningi aðra tilhögun á viðhaldsskyldu en í þessari gr. og 21. gr. segir." Sem sé er tekið fram í niðurlagi 28. gr. það, sem hv. tillögumenn vilja bæta aftan við 21. gr. með 11. till. sinni. En þetta mun stafa af því, að minni hl. leggur til, að 28. gr. falli niður. Hún er um það, að leigutaki annist viðhald húsnæðis. Um það sagði hv. frsm. minni hl., að það væri fyrirboðið í 28. gr., að leigusali annist viðhald innanhúss. Þetta er vitanlega misskilningur, eins og sést á niðurlagi gr., sem ég las upp áðan. En þarna í sambandi við 28. gr. virðist vera mikill ásteytingarsteinn, það kom fram, bæði hjá frsm. minni hl. og einnig hjá hæstv. dómsmrh. Þeir álíta, að margt illt mundi af því hljótast, ef leigutakar héldu við húsnæði. Þetta er hliðstætt því, að leiguliðar á jörðum halda við húsum þar og öðru, en það er síðan gert upp í úttekt, hvernig viðhaldið hefur verið, hvort það er umfram fyrningu eða ekki, og það er gert ráð fyrir því í þessum lögum líka, að úttekt eigi sér stað, svo að hliðstæðan er þarna fullkomin. Það er vitanlegt, að um viðhaldið er oft mikill ágreiningur milli leigutaka og leigusala. Margir leigutakar eru ákaflega kröfuharðir um viðhald og sióánægðir í því sambandi. Ef þeim með samningi er gert að halda íbúð við, þá eiga þeir það við sjálfa sig, hvaða kröfur þeir gera um slíkt. Hæstv. dómsmrh. virtist telja hætt við því, að ef leigutakar ættu að halda við, þá mundu þeir leggja í það miklu meira fé en leigusali mundi telja heppilegt, og að það gæti orðið til þess, að við úttekt yrði leigusalinn að borga miklu meira en eðlilegt væri fyrir hús, sem væru of viðhaldin. Reynslan, að því er leiguliða og landsdrottna snertir, er alls ekki á þessa leið. Það er viðurkennt, að það, sem leiguliðar gera fyrir jarðir, fá þeir yfirleitt ekki borgað við úttekt fullu verði. Það er venjulegast, að húsabætur fá þeir ekki greiddar meira en að því leyti, sem efni kostar í húsabæturnar, og það eru engar minnstu líkur til þess, að leigutakar mundu telja heppilegt að leggja fé í að endurbæta íbúðir upp á það að eiga að fá það fé aftur með rentum og renturentum við úttekt. Vatnið rennur ekki af sjálfsdáðum upp í móti, og þetta er svipað. Þetta er reynsla að því er snertir hliðstæð efni í ábúðarlöggjöfinni, og þarf víst ekki að óttast, að annað komi fram.

Þá er 13. till. um það, að 32. gr. falli niður. Hún er á þessa leið:

„Nú kemst meindýr í leigt húsnæði, og ber þá leigutaka að gera ráðstafanir til útrýmingar því. Um rétt leigusala til skaðabóta vegna þess, að meindýr kemst í hús hans, fer eftir almennum reglum."

Það er að segja: frv. gerir ekki ráð fyrir því, að þarna geti verið um skaðabætur að ræða nema eftir almennum reglum. Hins vegar ber leigutaka að gera ráðstafanir til útrýmingar. Það er eins og hv. minni hl. sé mjög illa við ákvæði, sem snerta það, að þeir, sem í húsum búa eða hús eiga, geri tímabærar kröfur á hendur þeim, sem eiga að hafa á hendi eyðingu meindýranna. Hér er ekki um annað að ræða. Þess vegna er till. mjög fráleit, að það er alveg sjálfsögð skylda þeirra, sem í húsum búa. Ég býst við, að það sé hreint og beint ætlazt til þess af Reykjavíkurbæ hér í Reykjavík, að íbúar segi til, hvar drepa þarf meindýrin.

Þá er það 14. till., við 33. gr., að í stað orðanna „nákominna ættingja" í lok greinarinnar komi „nákominna vandamanna". Það er um það, að leigutaki megi framselja að einhverju leyti leigu á því húsnæði, sem hann hefur til umráða. Hér stendur „nákominna ættingja", en till. er um nákomna vandamenn. Ég sé nú ekkert athugavert við þessa brtt.; hins vegar held ég, að hún sé alls ekki nauðsynleg, því að það mundi vafalaust verði litið svo á, að þarna væri hliðstæða, þegar um tengdamenn er að ræða, sem eru vandamenn, eins og að skyldmenni væru.

Þá er 15. brtt. um, að 34. gr. falli niður, en hún er um það, að úttekt skuli vera gerð, þegar hús er afhent til leigu, og 16. till. er um það, að 35. gr., sem er í nánu sambandi við 34. gr., falli niður. Rökstuðningurinn fyrir þessu er sá, að hér sé um mikið verk að ræða og lítt framkvæmanlegt. Hins vegar er því ekki móti mælt, að það geti verið gott að hafa á hreinu, við hverju er tekið og hverju er skilað, því að það er ekki hægt að mæla á móti slíku. Ég játa fúslega, að frv., sem gerir ráð fyrir því í 35. gr., að úttektarmenn húsnæðis skuli vera þeir, sem aukafasteignamat hafa með höndum á hverjum tíma, stenzt ekki. Það ákvæði er mjög mislukkað, vegna þess að á aðalfardögum, þegar flutningar eru miklir á fjölbýlum stöðum, er það vitanlega ekki framkvæmanlegt fyrir þessa menn að gera slíkt mat. Þess vegna er það, að meiri hl. félmn. flytur till. um það, sem kemur fram í nál. meiri hl., að hlutaðeigendur sjálfir megi kveðja menn til þess að gera úttekt eða jafnvel gera hana sjálfir, ef þeir koma sér saman um það. Með því er dregið svo úr fyrirhöfninni að því er þetta snertir og málið gert svo auðframkvæmanlegt, að engin ástæða er til að setja fyrir sig þessi ákvæði. Nokkur hluti 35. gr. er svo í nánu sambandi við heimildarákvæðin síðar, og fer náttúrlega um þann hluta gr. eftir því, hvernig heimildarákvæðin eru afgreidd.

Þá er það 17. brtt., við 36. gr., að í stað orðanna „tvær klukkustundir annan hvern virkan

dag" komi „eina klukkustund á viku". Hér er um það að ræða, að leigutaka, sem hefur sagt upp húsnæði með tilskildum fyrirvara, sé skylt að leyfa það, að húseigandi sýni umsækjendum húsnæðið og hafi rétt til þess að kveðja dyra og koma í húsið tvær klukkustundir annan hvern virkan dag. Þetta virðist ekki vera ósanngjarnt, er til hagræðis bæði fyrir þann, sem á að taka á móti þessum gestum og leyfa umgang um húsið, og líka fyrir þann, sem þarf að sýna húsið, og ég held fyrir mitt leyti, að ein klukkustund á viku geti verið allt of takmarkaður tími í þessu efni. Held ég því, að það ákvæði, sem svo væri þrengt, væri betur ekkert í lögunum.

Þá er það 18. till., við 40. gr., að orðin „nema af hendi leigusala séu fram færðar gildar ástæður, er mæla því gegn" falli niður. Þetta er um það, að þegar menn falla frá, sem hafa haft hús á leigu, þá megi skyldmenni og venzlamenn, sem hafa verið heimamenn hjá leigutaka, ganga inn í samning með sömu réttindum og skyldum. Ég skil það ekki eiginlega, hvers vegna þykir ástæða til að gera till. um að fella niður: „nema af hendi leigusala séu fram færðar gildar ástæður, er mæla því í gegn" — gera það undantekningarlaust skylt, að fólk, sem hefur verið í heimilinu, megi ganga inn í samning þess, sem fellur frá. Oft geta verið annmarkamenn í heimili, sem húsbóndi hefur borið ábyrgð á, og það er hart, ef leigusali þarf að gera þá að sínum viðskiptamönnum gegn gildum ástæðum.

Þá er það 19. till., við 41. gr., að síðari málsl. fyrri málsgr. falli niður, en hann er sá, að þegar hjón skilja, þá megi það hjóna, sem hefur vegna atvinnu sinnar afnot af leigðu húsnæði, hafa forgangsrétt til áframhaldandi leigu á því svo og nauðsynlegrar íbúðar, sem því kann að vera tengd. Það virðist vera mjög eðlilegt, að sá aðilinn, sem er starfandi og hefur notað húsnæðið meira eða hefur meiri notaþörf fyrir það, sitji fyrir, og þetta grípur á engan hátt inn á svið þess sáttmála, sem hjón, sem skilja, kunna að gera sín á milli, eins og hv. frsm. vildi þó vera láta. Þetta mundi vera ákvæði, sem um yrði samið, og vitanlega er hægt að afsala sér í slíkum samningi forgangsrétti.

Þá er það 20. till. Hún er við 44. gr., að orðið „stórra" í síðustu málsgr. falli niður. Ég hygg, að það skipti litlu máli, hvort þessi till. yrði samþ. eða ekki. „Nú er hegðun sú," segir í greininni, „sem leigutaka er gefin að sök, ekki stórra víta verð, og getur leigusali þá ekki slitið leigumála án venjulegs uppsagnarfrests." Hér mun vera átt við það, þegar eitthvað er gert í ógáti, þá getur það heyrt undir víti, en síður stórvíti. Ég læt mér fyrir mitt leyti í léttu rúmi liggja, hvort þessi till. yrði samþ. eða ekki, mun þó ekki sjá ástæðu til að greiða henni atkvæði.

Þá koma höfuðbrtt., 21., 22. og 23., og eru um það, að síðari kaflar, X., XI. og XII., í frv. falli niður. Um það er höfuðágreiningur, hvort setja skuli þessi heimildarákvæði eða ekki. Hæstv. félmrh. gerði í gær mjög ýtarlega grein fyrir því, á hverju þessir heimildarkaflar frv. eru byggðir, og það má segja, að þó að hv. frsm. minni hl. spyrði: Hvernig mundu bændur taka því að láta setja um sín málefni svipaða löggjöf? — að þá hafi einmitt verið sett að ýmsu leyti svipuð löggjöf um þeirra málefni, vegna þess að í ábúðarlöggjöfinni eru ákvæði, sem eru hliðstæð þeim ákvæðum, sem eru í þessum köflum, þar sem er forkaupsréttur sveitarstjórna og réttur þeirra til þess að taka undir sín yfirráð jarðir, sem landeigandi nytjar ekki eða lætur ekki nytja. Það er orðinn almennur skilningur hjá fólki nú orðið, að sveitarfélögum sé skylt að sjá fyrir því, að allir íbúar þeirra hafi sæmilegar íbúðir. Og hvernig eiga sveitarfélögin að geta þetta? Það má ekki minna vera en að þeim sé gefinn lagalegur réttur til þess að hafa íhlutun um það, hvernig leiguhúsnæði er hagnýtt. Þann rétt gefur X. kaflinn í frv., ef hann verður að lögum, en ef sú heimild hrekkur ekki, ef svo miklir neyðartímar skapast í húsnæðismálum, þá er nauðsynlegt, að sveitarfélögin hafi rétt til að ráðstafa lausu húsnæði, og þann rétt veitir XI. kaflinn. XII. kaflinn er svo í nánu sambandi við þá, þ. e. um áfrýjunarrétt beggja aðila, og þar eru viðurlög sett. Ef síðasta till., 23. till., t. d. yrði samþ., þá væru öll viðurlög numin burt úr frv., og sjá allir, hvílík fjarstæða slíkt væri.

Ég vil benda á það, að eins og nú standa sakir, þá eru í löggjöf landsins ákvæði um húsaleigunefndir og ákvæði um hámarkshúsaleigu. Í hinum almennu lagaköflum níu eru hvergi ákvæði um, að húsaleigunefndir skuli starfa, eða hámarksákvæði um húsaleigu, en þau eru sett inn í heimildarlögin. Þannig er í raun og veru með þessu frv. lagt til að gera þá löggjöf frjálslyndari á ýmsan hátt, sem nú gildir, en hins vegar eru sett upp heimildarákvæði, er nota megi, þegar skapast það ástand eins og t. d. skapaðist 1917, þegar fyrstu húsaleigulög voru sett hér fyrir Reykjavík, eða 1939, þegar hin almennu húsaleigulög voru sett. Og ég verð að taka undir þau orð hæstv. félmrh., að ég treysti sveitarstjórnunum til að fara með það vald að meta, hvenær það ástand skapast. Heimildarákvæðin þurfa þær til þess að geta fullnægt þeirri kröfu, sem gerð er til þeirra um að sjá fólki fyrir húsnæði.

Hér eru brtt. á þskj. 644 frá hv. 10. landsk. þm. og hv. 6. landsk. Þær eru allar á eina leið, þá leið að gera ráð fyrir því, að ef heimildarákvæðin verða tekin til framkvæmda, þá greiði ríkissjóður, en ekki sveitarsjóður, þann kostnað, sem af leiðir, t. d. með því að ábyrgjast húsaleigu og álag eftir húsnæði, sem tekið er leigunámi, og að ábyrgjast leigu eftir húsnæði, sem leigt er út af húsaleigunefndum, og enn fremur að kosta rekstur húsaleigumiðstöðvar. Ég er starfandi í sveitarstjórn og vil hlut sveitarfélaganna sem beztan, en það þykir mér of langt gengið að heimila sveitarstjórnunum, eins og gert er ráð fyrir í þessum tillögum, að leggja í kostnað og ákveða í raun og veru, hver sá kostnaður er, en gera það í trausti þess og með rétti til þess, að ríkissjóður greiði. Þess vegna er ég á móti þessum tillögum, og þess vegna hef ég líka borið fram ásamt öðrum í meiri hl. félmn. till. um það, að leiðrétt sé prentvilla,

sem slæðzt hefur inn í frv. og gengur í sömu átt og þessar brtt. Ég vil benda tillögumönnum á eitt, sem er dálítið athugavert frá sjónarmiði þeirra, a. m. k. þeirra, sem vilja hafa málfarið sem bezt, að þar sem segir hér í brtt. við 72. gr., að í staðinn fyrir „sveitarstjórn" komi: ríkissjóður, þá verður þeim það á, tillögumönnunum, að kvenkenna ríkissjóð, með því að gera ekki till. um að breyta fornöfnum þeim, sem á eftir fara. (Gripið fram í.) Slíkt eru smámunir náttúrlega. Það má leiðrétta þetta í prentun, en er þó ekki fullkomin aðgát.

Ég vil svo endurtaka það, sem ég sagði, þegar ég gerði grein fyrir till. meiri hl. félmn., að meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt að öðru leyti en þeim till., sem meiri hl. leggur fram. Hins vegar hef ég tekið fram, að ég fyrir mitt leyti get greitt atkv. og mun greiða atkv. með einum þremur till. frá minni hl., og það eru 5. brtt., a-liður 3. brtt. og a-liður 7. brtt.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla mér ekki að taka þátt í hinum almennu umræðum, sem fram hafa farið um þetta frv. í heild. Ég hef hins vegar þegar borið fram ásamt hv. 6. landsk. þm. nokkrar brtt. við frv., sem mér þykir rétt að mæla fyrir, auk þess sem ég er með eina brtt. enn ásamt þessum sama hv. þm., sem ég mun leggja fram, þegar ég hef gert fyrir henni nokkra grein.

Þetta frv. er, eins og fram hefur komið í umræðunum, ofið úr tveimur meginþáttum. Annars vegar eru nokkur ófrávíkjanleg almenn ákvæði um viðskipti leigusala og leigutaka. Hins vegar eru ákvæði, sem fela í sér heimild fyrir sveitarstjórnir til þess að takmarka mjög ráðstöfunarrétt einstaklinga á húsnæði því, er þeir eiga. Eins og ég sagði, þá eru ákvæði þau, sem eru í hinum almenna kafla, ófrávíkjanleg og ganga skilyrðislaust í gildi, ef lögin verða samþ., og koma þá strax til framkvæmda, en ákvæðin í hinum sérstöku köflum koma því aðeins til framkvæmda, að sveitarstjórnirnar vilji við þeim taka.

Í ákvæðunum í hinum almenna kafla eru að mjög verulegu leyti tekin upp ýmis ákvæði, sem myndazt hafa smám saman í viðskiptum leigusala og leigutaka. Mörg þessara ákvæða eru og hafa verið óumdeilanleg, og sum þeirra hafa verið viðurkennd af réttarvenjum. Það er að sjálfsögðu nokkuð við það unnið að fá slík ákvæði lögfest, þó að þau séu löngu viðurkennd, og til nokkurs hagræðis er fyrir menn að geta gengið að þeim í einum lagabálki og þurfa ekki að vera að leita að þeim í dómum eða annars staðar eða um þau að deila. Hins vegar skyldi enginn ætla, að upp í þennan almenna kafla hafi verið tekin öll þau meginákvæði og þær meginreglur, sem myndazt hafa og viðurkenndar eru af dómstólum og í réttarvenjum um viðskipti leigusala og leigutaka. Þar skortir mjög á. Á löngum tíma og fyrir mikla reynslu hafa ýmsar meginreglur myndazt um viðskipti þessara aðila. Þær eru löngu viðurkenndar af dómstólunum, en engu að síður er þær ekki að finna í þessu frv. Má því slá því föstu, að því fari mjög fjarri, að hér sé að finna allar þær meginreglur, sem nú gilda og viðurkenndar eru af dómstól um viðskipti leigusala og leigutaka. Á hinn bóginn hafa verið tekin upp í þetta frv. ýmis ákvæði, sem hafa ekki hingað til verið talin gilda um viðskipti leigusala og leigutaka, — ákvæði, sem hvorki venja né dómstólapraksis hafa viljað fallast á eða mundu fallast á, án þess að til þess kæmu föst, bein lagaákvæði, og það eru þau ákvæði, sem einna mest ber á í hinum almenna kafla. Ég á þar fyrst og fremst við þau ákvæði, sem að því lúta, í hvaða ástandi leigt húsnæði skuli vera, þegar leigutími hefst, og í hvaða ástandi það skuli vera, þegar leigutaki skilar því af sér í lok leigutímans, hvernig með skuli fara, ef leiguhúsnæði er ekki í því ástandi, sem það átti að vera, þegar leigutaki tók við því, og hvernig með skuli fara, ef það er ekki í því ástandi, sem það á að vera, þegar leigutaki skilar því af sér. Þessi ákvæði eru algert nýmæli og mundu ekki verða viðurkennd í viðskiptum þessara aðila, nema því sé slegið föstu með lögum, að þau eigi að vera á þann veg, sem í frv. segir.

Það er að sjálfsögðu til bóta að fá um það ákvæði í l., í hvernig ástandi íbúðir skuli vera í upphafi leigutíma, í hvaða ástandi þær skuli vera í lok leigutímans, hvernig viðhaldsskyldunni skuli vera skipt á leigusala og leigutaka og hvernig aðilar skuli bæta hvor öðrum, ef annar hvor framfylgir ekki sinni skyldu rétt og samvizkusamlega eins og l. gera ráð fyrir. Hitt má aftur á móti um deila, með hverjum hætti þessum ákvæðum verður bezt fyrir komið og hvernig þeim verður bezt skipað. En allir geta þó verið sammála um, að til þess að þessi almennu ákvæði komi að einhverju gagni, til þess að raunverulega sé hægt að framkvæma þau, þá er með öllu óhjákvæmilegt, að í löggjöfinni sé ákvæði, sem tryggir það, að bæði leigusali og leigutaki geti raunverulega tryggt sér sönnun fyrir því, í hvaða ástandi íbúð var í upphafi og við lok leigutíma. Það að taka upp í löggjöfina ákvæði um, í hvaða ástandi íbúðir eigi að vera á þessum tímamótum og hvernig þeim skuli við haldið og hvaða viðurlög skuli við liggja, ef út af er brugðið, án þess að tryggja jafnframt, að leigusali og leigutaki geti í upphafi og við lok leigutímans örugglega sannað um ástand íbúðanna, væri mjög miður farið, og án slíkra öryggisráðstafana væru hin almennu ákvæði laganna eiginlega lítils virði. Þetta hefur þeim, sem samdi þetta frv., verið ljóst. Þess vegna hefur verið tekið upp í það ákvæði um, að sérhver íbúð skuli tekin út af sérstökum úttektarmönnum, bæði við upphaf og við lok leigutímans. Þetta ákvæði tel ég ekki aðeins gagnlegt, heldur alveg gersamlega óhjákvæmilegt, til þess að ákvæðin um viðhald og ástand íbúðarinnar verði í raun og veru nokkurs virði.

En ákvæðin um úttektina sjálfa verða því aðeins einhvers virði, að hana sé raunverulega hægt að framkvæma þannig, að að fullu gagni komi. Og það er það atriði, sem ég fyrir mitt leyti efast mjög um að sé þannig frá gengið í frv., að nokkur leið sé að samþykkja eins og

fyrir liggur. Ef maður athugar aðeins, hvernig úttektarákvæðin mundu verða í framkvæmd hér í Reykjavík, þá vekur það fyrst athygli manns, að í frv. er þeirri venju, sem komin er á, slegið fastri, að hinir venjulegu fardagar fyrir íbúðarhúsnæði eru tvisvar á ári, 14. maí og 1. október, og ekki aðeins á þessum ákveðnu dögum, heldur einnig á ákveðinni klukkustund á þessum dögum. Leigutaki á að vera vikinn úr íbúð klukkan eitt á hádegi á þessum ákveðnu dögum, og leigutaki á rétt á að fara inn í íbúð á þessum ákveðna klukkutíma. Til þess að eitthvert gagn sé að úttekt, þá er það alveg ljóst, að hún verður að fara fram þegar eftir að leigutaki víkur úr íbúðinni og áður en nýr leigutaki flytur inn í hana. Ef úttekt fer fram, áður en fyrri leigutakinn víkur úr henni, þá getur sá nýi alltaf sagt, að eitthvert tjón hafi verið unnið eftir að úttektin fór fram og áður en sá nýi leigutaki fór inn í íbúðina, og þarf ekki langan tíma til þess að hægt sé að bera slíkt fyrir sig. Það er því að mínu áliti alveg óhjákvæmilegt skilyrði, til þess að úttektarákvæðin komi að einhverju gagni og þar með ákvæðin um ástand íbúðanna, að þannig sé um úttektina búið, að hún geti farið fram þegar eftir að leigutaki víkur úr íbúðinni og áður en hún er tekin til afnota á ný. Þetta er að mínu áliti alveg óhjákvæmilegt grundvallaratriði, til þess að eitthvert gagn sé að úttektinni og til þess að ákvæðin um ástand íbúðanna komi raunverulega að nokkru gagni.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir því, að undir venjulegum kringumstæðum skuli aukafasteignamatsmenn framkvæma úttekt íbúðanna. Þessir aukafasteignamatsmenn eru tveir. Það er því tveimur mönnum í hverjum kaupstað ætlað að framkvæma þessa íbúðarúttekt. Ef heimildarákvæði X. kaflans yrðu notuð, þá ættu húsaleigunefndirnar að gera þetta, og þær mega kveðja menn sér til aðstoðar, en það mega aukafasteignamatsmennirnir ekki. Ef heimildarákvæði X. kaflans koma hins vegar ekki til framkvæmda, þá verður ekki komizt hjá því, að samkvæmt frv. eru það aukafasteignamatsmennirnir og þeir einir, sem úttektina eiga að framkvæma.

Ég býst við, að allir geti séð, hvernig þetta mundi takast til, a. m. k. hérna í Reykjavík. Ég hef verið að gera mér nokkra grein fyrir, hvað margar íbúðir þyrfti að taka út á fardögum ár hvert í bænum. Það er dálítið erfitt að slá fastri ákveðinni tölu, vegna þess að um það liggja ekki skýrslur fyrir. Nokkrar upplýsingar hefur maður þó, sem ættu að nægja til þess að geta getið sér a. m. k. nokkuð til um þetta.

Hér í Reykjavík eru byggðar, eins og nú er, um fjögur, fimm eða sex hundruð íbúðir á ári. Í þessar íbúðir flytja menn, sem flytja hér úr öðrum íbúðum. Íbúðir þær, sem þeir flytja úr, þurfa því úttektar við. Hér í Reykjavík eru seldar á ári ekki minna en átta, níu eða tíu hundruð íbúðir. Í sambandi við þorra þessarar íbúðarsölu standa flutningar. Þar kemur því líka mikil úttekt til greina. Fyrir utan þessi tvö atriði eru svo auðvitað ótal flutningar í bænum, og sjálfsagt fer meiri hluti flutninga á milli íbúða fram hér í bænum án þess að það standi í sambandi við sölu eða nýbyggingu. Í mínum huga er enginn vafi á því, að um hverja einustu fardaga flytja menn hér í Reykjavík úr ekki færri en 600 íbúðum. Og sjálfsagt eru þessir flutningar eitthvað yfir þúsund, er allt kemur til alls.

Hvernig í ósköpunum er nú hægt að hugsa sér það, ef X. kafli l. kemur ekki til framkvæmda, að tveir úttektarmenn geti ekki aðeins á einum degi, heldur svo að segja á einum klukkutíma, tekið út og metið fleiri hundruð íbúðir? Þetta er ekki nein smávegis úttekt, sem þeir eiga þarna að framkvæma, og ekki neitt smáræðis mat. Þeir eiga að kynna sér ástand íbúðarinnar, þeir eiga að semja á því lýsingu og þeir eiga að meta álag. Auk þess er sérstaklega fram tekið í l., að þeir eigi að kynna sér, hvort íbúðirnar séu meindýralausar. Og þeir verða algerlega að ganga úr skugga um það, með fullkominni vissu, hvort meindýr eru í íbúðunum eða ekki, því ef úttektarmaður segir: Hér er ekki meindýr — þá er leigutaki, sem inn í íbúðina flytur, bundinn af því, að þau séu ekki í íbúðinni, þó að þetta reynist rangt. Hann er bundinn af úttektinni og kemst ekki fram hjá henni. Úttektarmennirnir verða því að sýna fyllstu samvizkusemi og ganga algerlega úr skugga um það, hvort meindýr eru þar eða ekki. Og það er ekkert smáræðis verk að leita að því í gömlu timburhúsunum hér í bænum, hvort meindýr eru í íbúðunum eða ekki. Mér lízt ekkert á, að úttektarmennirnir tveir leiki sér að því að framkvæma öll þessi ósköp ekki aðeins á einum degi, heldur næstum því á einum eða tveimur klukkutímum.

Ákvæðið í frv. um þetta atriði er því eitt hið furðulegasta, sem ég fyrir mitt leyti hef nokkurn tíma augum litið í löggjöf. Meiri hl. allshn. hefur fundið, að þetta getur ekki blessazt eins og það er, og hefur þess vegna búið til um það brtt., að ef aðilar komi sér saman um að framkvæma úttektina sjálfir eða komi sér saman um úttektarmennina, þá sé þeim það heimilt. Nú kann vel að vera, að þetta bæti eitthvað úr, en það verður áreiðanlega ekki nema lítil úrbót að þessu. Og eftir þeirri reynslu, sem ég hef í þessum efnum, þá leyfi ég mér að efast um, að úrbótin nemi eiginlega nokkru. Ég hef oft orðið þess var, þegar menn ætla að leggja mál í gerðardóm eða undir úttekt, þá hafa aðilar í byrjun gjarnan trú á því, að ef þeir tilnefni sinn manninn hvor, þá geti þessir aðilar — þessir tveir fulltrúar — komið sér saman um gerðina eða úttektina. En í þeim tilfellum, sem ég þekki til, er það langalgengast, að þessir fulltrúar koma sér ekki saman, og þá þarf venjulega að fá lögreglustjóra, bæjarfógeta eða sýslumann til þess að tilnefna oddamann til þess að skera úr rifrildinu á milli fulltrúa aðilanna. Ég fyrir mitt leyti er sannfærður um það, að svo mundi fara í flestum tilfellum, þó að þessi brtt. meiri hl. allshn. yrði samþykkt, enda þótt ég skuli viðurkenna, að hún sýni þó það, að n. hefur verið það ljóst, að eins og ákvæðið er í frv., þá er það með öllu óframkvæmanlegt.

Ég held, að það þurfi að ganga miklu lengra í þessum efnum til þess að gera þetta mat framkvæmanlegt. Ég hef þess vegna leyft mér ásamt hv. 6. landsk. þm. að bera hér fram brtt., sem ég mun afhenda hæstv. forseta. Hún er því miður skrifleg. Þessi brtt. er við 35. gr. frv. og hljóðar svo:

„Greinin orðist svo:

Félmrn. skipar úttektarmenn íbúða eftir tillögum sveitarstjórna. Skal á hverjum stað skipa svo marga úttektarmenn sem sveitarstjórn telur nauðsynlegt, til þess að úttektargerð geti farið fram án tafar, eftir að leigutaki flytur úr íbúð og áður en hún er tekin til afnota á ný. — Tveir úttektarmenn skulu annast úttekt hverrar íbúðar. Úttektargerðir svo og allar virðingar í sambandi við þær skulu skrásettar í sérstakar bækur, er félmrn. löggildir, en afhenda skal leigusala og leigutaka ókeypis afrit. Kostnaður við úttektar- og matsgerðir, þar með talin þóknun matsmanna, greiðist úr ríkissjóði eftir reglum, sem félmrn. setur. — Það er borgaraleg skylda að taka við útnefningu sem matsmaður íbúðarhúsnæðis.“

Eins og menn sjá af þessari till., þá er gert ráð fyrir því, að sveitarstjórnir á hverjum stað eigi að ákveða, hversu margir þessir matsmenn skuli vera, en félmrn. síðan að skipa þá eftir till. sveitarstjórnar. Það er að sjálfsögðu á færi sveitarstjórnanna, frekar en nokkurra annarra, að gera sér grein fyrir því, hversu margir þessir matsmenn skuli vera. Sveitarstjórnirnar hafa bezt yfirlit yfir það, hvaða líkur séu fyrir flutningum í hverjum fardögum og hversu marga matsmenn þurfi til þess að fullnægja ákvæðum l. um úttekt á íbúðum. Það er líka gert ráð fyrir því í þessari till., að matsgerðirnar skuli skrásettar í sérstaka bók, en aðilarnir síðan fá afrit af þessu. Ég tel það mikinn ágalla á frv. eins og er, að þeir, sem hafa samið það, skuli ekki hafa gert sér það ljóst, að mjög ríður á, að úttektar- og matsgerðir glatist ekki, því að í þessum skjölum þarf oft að leita síðar og ganga úr skugga um, hvernig ástand íbúðar hefur verið, og þess vegna er með öllu óhjákvæmilegt, að þessar matsgerðir séu skráðar í sérstakar bækur, þannig að ekki sé hætta á því, að þær glatist, og alltaf sé hægt að ná til þeirra.

Þá er líka gert ráð fyrir því, að ríkissjóður greiði kostnað við mötin, þ. á m. þóknun til matsmannanna, en að félmrn. ákveði þóknun þeirra. Þetta ákvæði virðist líka vera sjálfsagt. Matsmennirnir eru hér í raun og veru löggæzlumenn, sem eru að framkvæma þarna löggæzlustörf. Það er eins og þegar lögregluþjónar eru kvaddir til, þegar eitthvað er um að vera. Það er ekki venjulegt að taka greiðslu fyrir það. Það er ríkið, sem stendur undir þeim kostnaði, og það er eðlilegt, að ríkið borgi þetta líka. Auk þess sem ekki má gleyma því, að hér er um að ræða löggjöf, sem ríkisvaldið er að rétta að sveitarfélögunum án þess, að þau hafi um hana beðið, og það er ósköp eðlilegt, að ríkið borgi kostnaðinn, þegar þannig á stendur.

Ég vildi mega vænta þess, að menn geri sér fyrir því fulla grein, að það er lítið gagn í því og í raun og veru verra en ekki að fara að samþ. þau ákvæði, sem í þessu frv. eru um ástand og úttekt íbúða, ef ekki verður þannig frá því gengið, að úttektin geti í raun og veru farið fram. Menn verða líka að gera sér ljóst, að það verður að taka af því afleiðingunum fyrir ríkissjóð, þó að af þessu sé nokkur kostnaður, þegar þannig er til stofnað.

Þessa till. vil ég leyfa mér að afhenda hæstv. forseta. [Frh.]

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 773) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Guðmundur Í. Guðmundsson [frh.]: Þá ætla ég að víkja nokkrum orðum að þeim hluta frv., sem fjallar um heimildarákvæðin fyrir sveitarstjórnirnar til þess að láta ganga í gildi þau ákvæði frv., sem mjög takmarka ráðstöfunarrétt íbúðaeigenda yfir íbúðunum.

Eins og ég sagði í upphafi, þá er það ekki tilætlun mín að fara að taka þátt í þeim umræðum eða þeim deilum, sem um það mál hafa orðið hér. Ég get hins vegar með fáum orðum viðurkennt, að það eru mjög róttækar ráðstafanir, sem í því mundu felast, ef sveitarstjórnirnar létu koma til framkvæmda þau ákvæði, sem þetta frv. hefur að geyma og þeim er heimilt að láta framkvæma, ef það verður samþ. Það er ekkert um það að deila, að þau ákvæði munu ganga mjög nærri ráðstöfunarrétti manna yfir íbúðum þeirra og skerða frelsi þeirra á ýmsan hátt mjög verulega. Hins vegar er því haldið fram af formælendum þessa hluta frv., að það ástand geti verið fyrir hendi, að ekki verði komizt hjá því að grípa til jafnróttækra ráðstafana og í þessu frv. felast til þess að reyna að ráða fram úr þeim vandræðum, sem af húsnæðisleysi kunna að skapast. Um það verður ekki deilt, að það eru fyrst og fremst sveitarstjórnirnar, sem eru hæfastar til að dæma um það, hvort ástandið í raun réttri er þannig, að nauðsynlegt sé að grípa til svo alvarlegra ráðstafana sem í þessu frv. felast.

Hins vegar hef ég og meðflm. minn að till. á þskj. 644 viljað vekja athygli á því, að ef á annað borð þykir ástæða til að gefa sveitarstjórnunum þá heimild, sem í frv. þessu felst, þá er ekki rétt að ganga þannig frá þeim heimildarákvæðum, að þeim fylgi ýmsir óaðgengilegir annmarkar fyrir sveitarstjórnirnar, annmarkar, sem raunverulega hafa ekkert með lausn húsnæðisvandamálsins að gera. En við teljum, að í frv. sé að finna ákvæði, sem gera þessi heimildarákvæði það óaðgengileg fyrir sveitarstjórnirnar, að þær mundu hika við að nota ákvæðin af þeim ástæðum, enda þótt þær teldu nauðsynlegt að grípa til þeirra vegna húsnæðisvandræðanna sjálfra. Þetta eru einmitt ákvæðin, sem leggja mjög mikinn kostnað á sveitarstjórnirnar og sveitarsjóðina við framkvæmd þessa kafla laganna. Meiri hl. félmn. gerir ráð fyrir því í till. sínum, að sveitarstjórnirnar skuli bera kostnaðinn af húsaleigunefndunum, og frv. gerir ráð fyrir því, að sveitarstjórnirnar skuli vera ábyrgar fyrir greiðslu

húsnæðis, sem þær hafa tekið leigunámi, auk þess sem frv. gerir ráð fyrir því, að sveitarstjórnirnar skuli vera ábyrgar fyrir kostnaði og tjóni vegna þess, að húsaleigumiðstöð hefur ráðstafað íbúð öðruvísi en húseigandi vildi. Ég óttast mjög, að þessi ákvæði kynnu að verða kannske ein af meginástæðum hjá sveitarstjórnum, þegar þær færu að gera það upp við sig, hvort þörf væri á að láta þennan kafla l. koma til framkvæmda eða ekki. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég átti rétt aðeins eftir að minnast á nokkur atriði, þegar hléið var gert og ég varð að hverfa frá í ræðu minni áðan.

Ég var að gera grein fyrir því, hvers vegna við hv. 6. landsk. þm. (FRV) töldum, að það væri ríkissjóður, en ekki sveitarfélögin, sem ætti að bera kostnaðinn af framkvæmd húsaleigulaganna og þá sérstaklega heimildarkafla þeirra, ef þeir yrðu látnir koma til framkvæmda.

Ég hafði minnzt á, að eitt meginatriði, sem fyrir okkur vakti, var það, að þegar sveitarfélögin væru að gera upp við sig, hvort ástandið í húsnæðismálum væri slíkt, að ástæða væri til að láta heimildarkaflann koma til framkvæmda eða ekki, þá væri eðlilegt og sjálfsagt, til þess að lögin næðu sínum tilgangi, að sveitarstjórnirnar gætu tekið ákvarðanir sínar eingöngu út frá því sjónarmiði, hvort þörf væri á því að láta þessi heimildarákvæði koma til framkvæmda eða ekki, en að þau þyrftu ekki að láta það verða kannske meginákvörðunarástæðu fyrir sig, hvort fjárhagur sveitarsjóðsins leyfði, að heimildarkaflinn kæmi til framkvæmda eða ekki. Virðist mér, að það liggi alveg í augum uppi, að þessir heimildarkaflar geta ekki náð þeim tilgangi, sem þeim er ætlað að ná, ef það á að búa þannig um hnútana, að sveitarfélög, sem kannske telja sér nauðsynlegt að láta þá ganga í gildi, verði frá því að hverfa vegna þess, að þau telji það fjárhag sínum ofvaxið.

Ég vil einnig leyfa mér að minna á það, að við höfum um langt skeið haft húsaleigulöggjöf, sem í meginatriðum var mjög svipuð þeim heimildarköflum, sem í þessum l. eru. Þá var þessum málum þannig skipað, að það var ríkissjóðurinn einn, sem greiddi kostnað við framkvæmd húsaleigulaganna. Hann greiddi laun húsaleigunefndanna og annan kostnað í þeirra starfi. Þetta þótti réttlátt og sjálfsagt þá, og mér er ekki kunnugt um, að neitt það hafi gerzt síðan, sem geti leitt til þess, að það, sem þótti sjálfsagt réttlæti, óumdeilanlegt fyrir nokkrum árum, sé nú orðið ranglæti, sem ekki sé hægt að fallast á.

Ég vil líka leyfa mér að vekja athygli á því, að húsaleigunefndirnar eru í raun og veru dómstólar. Þær eiga eins og aðrir dómstólar í landinu að dæma um ágreining manna og skera úr honum sem algerlega óvilhallur aðili. Hingað til hefur það verið regla í þessu landi, að það væri ríkissjóðurinn, sem bæri kostnað að öllu leyti af dómstólunum, en ekki þau sveitarfélög, sem dómstólarnir störfuðu í.

Mér virðist því, að það eigi að fara með húsaleigunefndirnar og þær aðrar stofnanir, sem eiga að annast framkvæmd þessara laga, ef til kemur, alveg eins og dómstóla og alveg eins og gert var áður, meðan húsaleigulögin voru í gildi, að það sé ríkissjóður, sem á að borga hér allan kostnað.

Þá vil ég líka að lokum leyfa mér að minna á, að ef það ástand kann að skapast í einhverju sveitarfélagi, að grípa verður til þess að láta heimildarkafla húsaleigulaganna koma til framkvæmda, þá er það ástand til komið eingöngu vegna þess, að ríkisvaldið hefur annaðhvort vanrækt að gera það, sem nauðsynlegt var að gera til að koma í veg fyrir húsnæðisvandræði, eða beinlínis gert eitthvað, sem skapað hefur húsnæðisvandræðin, því að það er að sjálfsögðu fyrst og fremst skylda ríkisvaldsins að halda þannig á málunum, að húsnæðisvandræði skapist ekki á hinum einstöku stöðum. Það er t. d. fullkomlega vegna aðgerðaleysis hins opinbera, ef til þess kemur, að fólk hrúgast frá einhverjum stað yfir á annan stað og myndar þar húsnæðisvandræði. Það er vegna þess, að ríkisvaldið hefur þá vanrækt svo að búa um þann stað, sem menn voru á áður, að fólkið gæti hafzt þar við. Það er þess vegna augljóst mál, virðist mér, að ef til slíks vandræðaástands kemur á einhverjum stað, að grípa verður til þess að láta þessa kafla l. koma til framkvæmda, þá er það annaðhvort vegna þess, að ríkisstj. hefur vanrækt að gera það, sem hún átti að gera, eða gert einhverjar ráðstafanir, sem til þess ástands hafa leitt.

Ég hef hér í huga ekki hvað sízt eitt ákveðið dæmi, sem ég þekki hér úr nágrenninu. Það er suður í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi. Þar eru í dag meiri húsnæðisvandræði en nokkurs staðar annars staðar á landinu og meiri húsnæðisvandræði sennilega en við höfum áður þekkt, og þar er áreiðanlega meiri þörf fyrir það að láta þessa heimildarkafla koma til framkvæmda en nokkurs staðar annars staðar, hvort sem að því verður horfið, ef þetta verður að l., eða ekki, en það er áreiðanlegt, að þar er ástandið erfiðara í húsnæðismálunum en nokkurs staðar annars staðar á landinu og verra en það hefur verið nokkurs staðar annars staðar. Þetta ástand er ekki verk Keflvíkinga eða Njarðvíkinga sjálfra. Það er ekki þeirra verk. Það er eingöngu vegna þess, að ríkisvaldið hefur gert ráðstafanir, sem hafa leitt til þess, að fólk hefur hrúgazt á þessa staði, án þess að ríkisvaldið hafi jafnframt gert ráðstafanir til þess að mæta mannflutningunum á staðina, og það væri mjög ósanngjarnt gagnvart þessum sveitarfélögum, ef þau ættu að standa undir kostnaði við framkvæmd húsaleigulaga, sem verður ef til vill óhjákvæmilegt að framkvæma vegna aðgerða og aðgerðaleysis ríkisvaldsins.

Þetta eru þá þær meginástæður, sem ég hef viljað benda á fyrir því, að ég tel, að ríkissjóður eigi að borga kostnað af framkvæmd húsaleigulaganna.

Ég skal að endingu geta þess, að hv. þm. S-Þ. (KK), sem því miður er fjarverandi, gat þess, að inn í frv. kæmi smávægileg málvilla, ef brtt. okkar hv. 6. landsk. þm. (FRV) yrðu

samþykktar. Ég vildi leyfa mér að vænta þess, að þegar hv. þm. S-Þ. er búinn að samþykkja með okkur þessar brtt., þá muni skrifstofa Alþingis leiðrétta þessa villu, sem er bersýnilega málvilla, en ef hæstv. forseti kynni að draga í efa, að skrifstofan gæti leiðrétt þetta, þá mun ég að sjálfsögðu setja út brtt. þessu til leiðréttingar.

Forseti (GíslJ): Mér hafa sem forseta borizt þau skilaboð frá hæstv. ráðh. Framsfl., að þeir mundu gera mig sem forseta og efri deild ábyrga fyrir að halda þing hér um páskana, ef þessu máli yrði ekki lokið hér í dag. Þess vegna tel ég sjálfsagt, að þessu máli sé haldið áfram, og það þrátt fyrir það, þótt bæði hæstv. félmrh. og hv. frsm. meiri hl. geti ekki mætt hér á þessum fundi. Ég vil ekki láta kenna mér um það sem forseta, að ríkissjóður hafi kostnað af lengra þinghaldi, og ég veit, að hv. þm. Ed. vilja ekki heldur gera það og sætta sig því við það að sitja hér, þó að nokkuð verði liðið á kvöldið.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Þessar umr. hafa nú farið nokkuð á víð og dreif, og ég skal reyna að lengja ekki tímann með því að fara út í alla þá sálma, sem hér hefur verið vikið að, en get þó ekki látið þessa umr. fara svo fram, að ég segi ekki nokkur orð.

Hv. frsm. minni hl. flutti hér langa og stórorða ræðu við fyrri hl. þessarar umr. Ég skal ekki neitt blanda mér í orðaskipti hv. stjórnarflokka eða endurtaka neitt af þeim vinmælum og ekki vinmælum, sem þeirra fóru á milli, en hv. þm. Barð., frsm. (GíslJ), sem jafnframt er forseti þessarar hv. d., tók það mjög skörulega fram í nefndri ræðu sinni, að Framsfl. væri þetta mál ekki neitt áhugamál og mundi ekki líta á þetta sem mikilsvert þjóðmál, því að hann mundi vera reiðubúinn til hrossakaupa um að stöðva þetta mál, ef samkomulag gæti náðst um breytingar á öðru máli, sem væri til meðferðar hér á þinginu, án þess þó að nefna það. Hér er svo mikið sagt, að ég verð að óska þess, að hv. þm. geri nánari grein fyrir þessu, hver þessi verzlunarskipti hafi verið, sem hér er um að ræða, og hvernig þeim var háttað. Að blanda slíku inn í mál eins og þetta, án þess að gera fulla grein fyrir því, hvað við er átt, ber ekki að gera, og ég efa ekki, að hv. þm., sem er forseti þessarar d., geri sér þetta ljóst.

Hv. þm. vék einnig að mér í þessari fyrstu ræðu sinni, hafði talið líklegt, skildist mér, að ég mundi ekki vera fylgjandi þessu frv., en fengið þær óþægilegu upplýsingar hjá hv. frsm. meiri hl., að það væri þegar búið að merkja mig, eins og hv. þm. orðaði það. Vissulega er það rétt, að ég var búinn að segja frsm. meiri hl., að ég mundi fylgja þessu frv., þó að ég teldi, að það þyrfti talsvert mikillar athugunar við og væri engan veginn svo fullkomið sem ég hefði talið æskilegt.

Mig furðar á því, hversu lítið hefur verið rætt um það raunverulega tilefni þessa frv. í þeim löngu umr., sem hér hafa farið fram. Þó hygg ég, að öllum hv. dm. sé það fullkomlega ljóst. Höfuðorsök þess, að það er borið fram hér, vil ég vænta að sé sú, að húsnæðisástandið hér í bænum og á ýmsum öðrum stöðum á landinu er með öllu óviðunandi. Það er vitað, að þúsundir manna hér í Reykjavík einni búa í húsnæði, sem er ekki manneskjum boðlegt og í sumum tilfellum er beinlínis hættulegt fyrir heilsu þeirra, sem búa þar. Fjölgunin hér hefur verið það ör og húsbyggingar það litlar og svo misjafnt skammtað húsnæðið, að stór hluti af bæjarmönnum býr við algerlega ófullnægjandi húsnæði. Og því fer fjarri, að þetta ástand sé batnandi, það fer heldur versnandi. Þetta er sá bakgrunnur, sem aldrei má gleymast í sambandi við þessar umr. hér og afgreiðslu þessa máls. Allir telja tvímælalaust það ástand æskilegast, að ekki þyrfti að grípa til húsaleigulaga í þeim skilningi að leggja hömlur eða kvaðir á umráðarétt og afnotarétt manna á eigin húsum, en svo bágborið getur ástandið verið, að það sé réttlætanlegt og í sumum tilfellum jafnvel óhjákvæmilegt að grípa til einhverra slíkra ráðstafana. Í þessu sambandi má ég kannske minna á, að í nágrannalöndum okkar, eins og í Noregi, í sjálfri höfuðborginni þar, Osló, hafa um langan tíma gilt húsaleigulög, sem eru strangari en ákvæði þessara l., og það ekki eingöngu sem heimildarlög, heldur sem lög, sem skylt var að framkvæma, þar sem beinlínis var heimilt og gert að taka húsnæðið af mönnunum og setja fólk inn gegn vilja eigendanna. Þetta gerði enginn að gamni sínu, það segir sig nokkurn veginn sjálft. Það var gert af því, að það var engin leið önnur til að sjá húsnæðisleysingjunum fyrir þaki yfir höfuðið. Nú er ég ekki með þessu að segja, að ástandið sé slíkt hér, að til slíks sé brýn nauðyn að grípa eins og stendur, ef aðrar ráðstafanir eru gerðar.

Það er ekki nein ný bóla, að hér á landi gildi húsaleigulög í einni mynd eða annarri. Það hefur verið vikið að því, að þau voru fyrst sett í fyrra stríði, aftur síðar og endurnýjuð í byrjun síðasta stríðs. Af hverju? Ekki af neinni löngun til þess að níðast á húseigendum, heldur vegna þess, að ástandið var þannig, að það var talið með réttu algerlega óhjákvæmilegt. Það liggur í augum uppi og hlutarins eðli, að slík löggjöf sem húsaleigulöggjöfin verður aldrei vinsæl af þeim mönnum, sem telja skertan sinn umráðarétt, meðferð sinna eigna, af slíkri löggjöf, en það er ekkert einsdæmi um þessa löggjöf, svo er um margar hverjar aðrar, sem nauðsyn ber til að setja.

Ég sagði áðan, að því gæti enginn neitað, að t. d. hér í Reykjavík væri mikill húsnæðisskortur, mikil húsnæðisvandræði. Af því leiðir einfaldlega það, að aðstaða þeirra tveggja aðila, sem um húsnæði og húsaleigu fjalla, þ. e. leigusala annars vegar og leigutaka hins vegar, er gersamlega ójöfn. Þegar húsnæðisleysi er mikið, þá er aðstaða leigutakanna alltaf miklu veikari í öllum slíkum viðskiptum og því veikari sem húsnæðisskorturinn er meiri; því sterkari er aftur á móti aðstaða húseigendanna, þeim mun strangari kosti, jafnvel afarkosti, geta þeir sett leigjendunum um leiguupphæð

og þeim mun erfiðari kjör um leigumála yfirleitt. Þetta er staðreynd, sem er ekki til neins að loka augunum fyrir. Það er aðeins að blekkja sjálfan sig að reyna að gera slíkt. Þess vegna hlýtur einn meginþáttur húsaleigulöggjafar jafnan að vera sá að reyna að jafna þennan aðstöðumun á milli leigutaka annars vegar og leigusala hins vegar. Og það er rétt, sem kemur fram hjá andmælendum þessa frv. hér í d., að sú tilhneiging kemur fram í frv. að leggja áherzlu á að gæta réttar og aðstöðu leigutakans. Það er knýjandi nauðsyn vegna þess, hvernig ástandið er í þessum málum.

Því hefur verið haldið fram, að ef húsaleigulöggjöf lík og þessi, sem hér er um að ræða, væri sett, þá mundi það draga úr byggingum og verða þannig óbeint til þess að auka húsnæðisleysið, auka á vandræðin. Ég hygg, að þetta sé fyrirsláttur einn og tilbúningur. Ég vil benda á það, sem reyndar öllum er kunnugt, að húsnæðisskorturinn nú stafar engan veginn af því, að ekki hafa nægilega margir menn viljað byggja. Jafnvel þegar síðari húsaleigulögin frá 1941 og 1942 voru í gildi og framkvæmd, þá voru alltaf miklu fleiri, sem vildu byggja, heldur en gátu fengið leyfi eða fé til þess. Það er því hugarburður einn, að löggjöf sem þessi hafi orðið til þess eða muni verða til þess að draga úr byggingum. Og það skal viðurkennt, sem sagt hefur verið um það í þeim efnum, að sú eina trygga framtíðarlausn til að bæta úr húsnæðisskortinum er að auka byggingu íbúða, sérstaklega íbúða, sem menn sjálfir geta eignazt og átt umráð yfir.

Af hverju stafar þá húsnæðisskorturinn, úr því að hann stafar ekki af viljaleysi manna til að byggja, því að því hefur ekki verið til að dreifa?

Til þess að geta byggt þurfa menn enn í flestum tilfellum og hafa fram að þessu þurft í öllum tilfellum að fá sérstök leyfi, byggingarleyfi, innflutningsleyfi á nauðsynjum, fjárfestingar- og gjaldeyrisleyfi. Öll undanfarin ár hafa sífellt og ævinlega miklu, miklu fleiri sótt um þessi leyfi heldur en hafa fengið þau. Það sýnir augljóslega, að ekki hefur vantað viljann til að byggja, enda hefur reynslan orðið sú, að engir menn hafa betur tryggt fé sitt og komið því betur fyrir heldur en þeir, sem hafa komið því í íbúðarhús hér í bænum, og það hefur að sjálfsögðu verið hvöt til þess að byggja. Það eru aðrar ástæður, sem valda því, að ekki hefur verið byggt nægilega mikið. Það eru í fyrsta lagi þær hömlur, sem hafa verið á byggingarframkvæmdum og ég nefndi áðan. Í öðru lagi hefur gengið treglega að fá lóðir til þess að byggja, eins og allir vita. Og í þriðja lagi, og það ræður kannske ekki minnstu um, hafa bankarnir samkvæmt fyrirmælum stjórnarvaldanna gersamlega lokað fyrir allar lánveitingar til íbúðabygginga í bænum. Það er því hugarburður einn, að það sé vegna fyrri húsaleigulaga, að ekki hefur verið aukið húsrými með byggingum í bænum. Það er bein afleiðing af þeirri stjórnarstefnu, sem fylgt hefur verið undanfarið, og því fjárhagsástandi og mati á því, sem stjórnarvöld landsins hafa á það lagt. Þetta virðist mér nauðsynlegt að komi fram, þegar rætt er um þetta frv. hér og aðgerðir til þess að bæta úr ástandinu.

Þetta frv., sem hérna liggur fyrir, er að ýmsu leyti mjög ófullkomið, enda að verulegu leyti frumsmíð. Þegar húsaleigulögin frá 1949 voru afnumin, þá var að minni hyggju stórt spor stigið aftur á bak. Það er enginn vafi á því, að þó að þau l. þyrftu mikillar endurskoðunar og umbóta við, einnig með tilliti til húseigenda, þá hefur afleiðingin af því, að þau voru afnumin, orðið til þess að gera kjör leigjenda stórum verri en áður var og aukið erfiðleika þeirra með að fá húsnæði. Þetta er staðreynd, sem ekki er til neins að neita. Þau ákvæði, sem eru í gildandi lögum um húsaleigu, eru, eins og sagt var af formælendum þeirra, gersamlega gagnslaus. Ákvæðin um hámarksleigu eru að engu höfð, og húsaleigunefnd hefur ekki aðstöðu til þess að gera neitt. Það ber því vitni um nokkra yfirbótarviðleitni hjá þeim framsóknarmönnum, sem nú bera þetta frv. fram, en áður voru með því að fella hin fyrri húsaleigulög úr gildi. Þeir viðurkenna, að þá hafi verið skakkt spor stigið, og virðast vilja reyna nokkuð úr því bæta með þessu. En annað virðist einnig liggja þar á bak við. Samkvæmt fyrri húsaleigulögum var húsaleigunefndin skipuð af ríkisstj., og á ríkisstj. hvíldi sá vandi, sú ábyrgð og það vald að ákveða, hverjum ráðstöfunum skyldi beitt til að bæta úr húsnæðisleysinu eða bjarga mönnum frá vandræðum af þess sökum. Nú er þessi vandi og þessi ábyrgð flutt af ríkisstj. yfir á hlutaðeigandi sveitarfélög með þeim rökstuðningi, sem var gerð grein fyrir af hálfu hv. þm. S-Þ. (KK) í ræðu hans hér fyrr. Ég tel, að það sé vafasamt, hvort slík breyting sé til bóta frá því, sem áður var, en um annað virtist ekki vera að ræða, ef nokkur von var til að fá því frv. komið fram.

Að ýmsu leyti finnst mér þessi löggjöf ganga of skammt. Ég hefði heldur kosið, að það hefði verið eins og var í fyrri löggjöfinni, að ábyrgð og framkvæmdaaðild væru í höndum ríkisstj., í stað þess að veita þær heimildir, sem hér er um að ræða, en því verður ekki haggað, úr því sem komið er.

Hér hefur verið sýnt fram á það, að frv. er í tveimur meginþáttum. Annars vegar er sá almenni kafli aftur að og með IX. kapítula, sem fjallar um viðskipti leigusala og leigutaka almennt. Þetta er að miklu leyti frumsmíð, eins og hér hefur komið fram, og að sjálfsögðu verður maður að gera ráð fyrir því, að reynslan sýni, að þar þurfi ýmsu að breyta.

Hæstv. dómsmrh. vék nokkuð að þessum kafla í ræðu sinni hér fyrr og taldi, að á engan veg væri svo traustlega um hnútana búið, að ekki gætu þar mörg ágreiningsefni risið. Ég er honum sammála um það, en því má ekki gleyma, að sennilega á fáum sviðum ef nokkru eru nú uppi æ og ávallt fleiri eða víðtækari ágreiningsmál heldur en einmitt milli leigutaka og leigusala. Og ég hygg, að þó að þessar reglur hér í frv. séu ekki svo fullkomnar sem

æskilegt væri og sjálfsagt megi standa til bóta, þá megi þó örugglega vænta þess, að þær verði til þess að gera þessi viðskipti greinilegri og draga úr málaflækjum, ágreiningi og málaferlum, en ekki til að auka á. Það verða að þessari löggjöf settri alveg tvímælalaust ýmis atriði, sem jafnan verður ágreiningur um og hljóta að ganga til dómstóla. Fram hjá því verður ekki stigið; það skal játað. En ég hygg, að líkur bendi til þess, að slík ágreiningsatriði yrðu færri að þessum kafla settum heldur en án hans.

Ég skal játa það, að ég hef verið í nokkrum vafa um það t. d., hvort ástæða væri til þess að setja inn þau ákvæði, sem í frv. eru um viðhaldsskyldu leigjanda innanhúss á íbúð sinni og úttekt fyrir og eftir leigumála. Meðan húsaleigunni var haldið niðri með húsaleigulögum, þá færðist það mjög í vöxt, að leigjendur tækju að sér innanhússviðhald íbúðanna, eins og öllum, sem þekkja til hér í Reykjavík, er kunnugt um. Og almennt skoðað virðist mér ýmislegt mæla með því, að leigjendur taki að sér innanhússviðhald. Þá geta þeir nokkru um það ráðið sjálfir innan ramma þeirra ákvæða, sem um það fjalla, hversu mikið þeir leggja í það, að sjálfsögðu þó svo, að viðhaldsskyldunni sé fullnægt, og hafa þá við sjálfa sig að deila í þessu efni. Af þessu leiðir, eins og hv. 10. landsk. benti á, að að sjálfsögðu þurfa einhver ákvæði að vera í lögum um úttekt bæði við upphaf og lok leigumála. Hins vegar er þetta ekki ríkbundið í lögunum, eins og virtist nú koma fram. Það er á valdi leigusala og leigutaka, ef um það er samkomulag, að hafa þetta á annan veg, og það er líka á þeirra valdi eftir brtt. þeirri, sem ég er aðili að og nú liggur fyrir, að þeir semji sín á milli um að gera úttektina sjálfir eða fá til þess menn og taka hana gilda, ef um semst. Og ég hygg, að í ákaflega mörgum tilfellum mundi lánast að koma sér saman um úttektina og jafnvel í fleiri tilfellum heldur en hinum, að til þyrfti að kveðja hina lögákveðnu menn. En sé hætt við því, að ágreiningur verði um meðferð leigðrar íbúðar og skil á henni að þessu frv. samþykktu, þá er enginn vafi á því, að ekki er minni ástæða til að gera ráð fyrir ágreiningi um þessi efni að óbreyttri löggjöf um þetta efni frá því, sem nú er, því að hver mun þar reyna að ota sínum tota, halda sínum málstað fram, sem eðlilegt er, en þegar gætt er þess munar í þessum efnum, sem vegna húsnæðisskortsins er á aðstöðu leigjendanna annars vegar og leigusala hins vegar, þá er leigutakinn alltaf veikari aðilinn í þeim viðskiptum eins og nú hagar til, vegna þess að hann á fárra kosta völ, ef upp úr slitnar og hann verður að yfirgefa íbúðina.

Um það, hvort grípa skuli til þeirrar heimildar, sem er í X. og XI. kafla frv., verður að því samþykktu hlutverk sveitarstjórnanna að kveða á um. Það er víst óhætt að segja það, að engin sveitarstjórn mun grípa til þessara ráðstafana, nema hún telji til þess hina brýnustu þörf, og ótti minn er nú frekar sá, að þær verði heldur seinlátar í þessu efni heldur en of harðar. Ég vil aðeins í því sambandi benda á það, sem kom hér fram við umr., — það var tekið fram í ræðu hæstv. dómsmrh., — að það er alls ekki skylda sveitarfélaganna að beita öllum heimildarákvæðum, sem upp eru tekin þar. Það er á þeirra valdi að segja til um það, hverjum skuli beitt og hverjum ekki, og af því leiðir, að sveitarstjórnir geta ráðið því sjálfar, í hve ríkum mæli eða í hve lítið ríkum mæli þær beita þessu ákvæði. En jafnvel þó að þessi ákvæði yrðu ekki beinlínis notuð nema þá að einhverju takmörkuðu leyti, þá minna þau á þá skyldu, sem hvílir á þessum aðilum í þessu efni og réttilega má krefjast að þeir taki tillit til og noti heimildirnar, ef ástandið er að dómi almennings í sveitarfélaginu þannig, að þörf er á að grípa til þeirra.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð út af meðferð málsins í heilbr.- og félmn. Hv. frsm. meiri hl. (KK) og hv. 4. þm. Reykv. (HG) hafa gert efnislega grein fyrir þessu máli frá sjónarmiði meiri hl. n., og ég sé ekki ástæðu til að bæta við það sérstaklega.

Frsm. minni hl., hv. þm. Barð., gerði töluvert hark út af afgreiðslu þessa máls í nefndinni í sinni löngu ræðu í fyrrakvöld og taldi, að formaður hefði beitt mjög óþinglegri aðferð við meðferð málsins í nefnd. Ég á dálítið erfitt með að átta mig á, hvað hv. þm. er að fara í þessu. Það er satt að vísu, að ég vildi ekki fallast á að senda málið til umsagnar til tiltekinna aðila úti í bæ, eins og þessi hv. þm. lagði til, — það var vitanlega alveg það sama og stöðva málið, eins langt og er komið á þingtíma, það var öllum ljóst. Hins vegar voru kvaddir til viðtals fulltrúar frá þessum aðilum og þeir fengnir til að lýsa sinni afstöðu, og einstakir nefndarmenn fengu tækifæri eftir vild til að ræða við þá um tiltekin atriði málsins. Þetta eru náttúrlega ekkert nýstárleg vinnubrögð í þingsögunni, að mál sé afgreitt á þennan hátt í nefnd, þegar stutt lifir þings. Þetta veit hv. þm. ósköp vel og þarf þess vegna ekki að vera með ólíkindalæti eins og hann þó gerði hér í sinni ræðu í fyrrakvöld. Meðferðin í nefndinni var ákaflega venjuleg og áminningar í því sambandi gersamlega óþarfar.

En hitt er svo annað mál, að þessi hv. þm., sem nú og fyrr hefur talið sig sjálfkjörinn siðameistara hér í hv. deild og hv. Alþingi yfirleitt, hefði þá átt að gæta að því að fara rétt með, þegar hann skýrði frá því, sem gerðist á fundum í nefndinni. Hann sagði m. a. í sinni ræðu, að formaður nefndarinnar teldi það ágætt, ef fyrirmæli frv. gætu stöðvað byggingar í Reykjavík. Þetta er vitanlega alveg tilhæfulaust og er hér með visað heim. Hann sagði líka, að meiri hl. n. hefði verið þess albúinn að stöðva málið, ef annað mál yrði stöðvað á þingi samtímis. Mig undrar það satt að segja og skil ekki, hvað veldur því, að hv. þm. telur sig til neyddan að hafa svona málflutning í frammi hér í hv. deild. Enn átaldi hv. frsm. minni hl. það, að ég mætti ekki á fundi í Fasteignaeigendafélagi Reykjavíkur samkvæmt tilmælum formanns félagsins. En ég get sagt hv. þm., að ég tel það enga skyldu þm. að sækja

fundi hinna ýmsu hagsmunafélaga hér í höfuðstaðnum. Þeir aðilar hafa sannarlega nóg önnur tækifæri til að koma sínum málum á framfæri við hv. Alþingi og það fyllilega til jafns við aðra landsmenn. Þeir geta fylgzt með gangi þingmála frá degi til dags, þeir geta lagt erindi sín bréflega fyrir þm. án allra þeirra tafa af strjálum samgöngum, sem aðrir landsmenn þurfa að lúta, og þingnefndir eru jafnan fúsar til viðtals við áhugamenn um einstök þingmál. Það gerði líka heilbr.- og félmn. í þessu máli. Hún kvaddi til fundar fulltrúa frá þeim tveimur samtökum, sem hér eiga fyrst og fremst hlut að máli, og ræddi við þá mjög ýtarlega.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en vísa gersamlega á bug öllum ásökunum hv. þm. Barð., frsm. minni hl., um sérstaklega óþinglega og svívirðilega meðferð þessa máls í heilbr.- og félmn.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er ástæðulaust að vera að karpa við hv. frsm. meiri hl., hv. þm. S-Þ., um það, hvort ég hafi skilið rétt ummæli hæstv. félmrh. eða ekki. Það mun sjást við samanburð á ræðum hans og minni, hvort ég gat misskilið þar nokkuð eða missagt, enda var það glöggt af ræðu hv. þm. S-Þ., að efnislega játaði hann, að ég hefði farið rétt með, þó að hann vildi klæða það í nokkuð annan búning og mildari að ytra áliti, en hið sama að efni og ég hafði haldið fram.

Þá taldi hv. þm., að ég hefði misskilið frv., ekki lesið það nógu glögglega. Það er rétt, að hv. þm. benti mér á í ræðu minni, að mér hafði yfirsézt viss orð í frv. Ég tók það þegar til greina, sem sjálfsagt var. En út af fyrir sig er það ekki óeðlilegt, þó að menn átti sig ekki til hlítar á svo löngum og vandasömum lagabálki, allra helzt þegar tekið er tillit til þess, að styðjendur frv. eru enn hér í Ed. að baksa við að koma frv. í það horf, sem þeir segja að það hafi átt að vera prentvillulaust. Þeir gátu ekki komið auga á þá prentvillu sjálfir fyrr en deilur voru hafnar út úr því atriði í Nd., og Nd. síðan samþykkti það, sem þeir nú segja að sé prentvilla.

En þegar hv. þm. fór að bera á móti því, að ég hefði skilið rétt 71. gr., þá fór hann algerlega með rangt mál, vegna þess að það er berum orðum fram tekið, að eldra húsnæði, sem losnar, eftir að húsaleigumiðstöðin tekur til starfa, er til ráðstöfunar fyrir þessa miðstöð, og það er til ráðstöfunar alveg eins þó að húseigandi hafi ágæta leigjendur til þess að taka við húsnæðinu strax og það losnar. Þetta er a. m. k. ótvírætt í frv., þó að margt annað sé þar ærið vafasamt, eins og tekið hefur verið fram sérstaklega greinilega bæði af hv. 10. landsk. þm. og 4. þm. Reykv., sem mér þó skilst að sé fylgjandi frv. í heild. En hv. 4. þm. Reykv. varð að játa, að mörg ákvæði frv. væru ákaflega óljós og þannig, að búast mætti við því, að málastapp yrði af. Sjálfur tók hann fram, að hann væri mjög efins um efnisákvæði það í hinum betri köflum frv., sem er eina verulega breytingin frá því, sem dómstólarnir nú þegar fylgja, en það er um viðhaldsskylduna. Þegar tekið er tillit til þess og svo þess, sem ég vakti athygli á í minni fyrri ræðu, að þessi ákvæði um viðhaldsskylduna og matið, sem henni á að vera samfara, eru ákaflega óljós, þá er fyllilega óumdeilanlegt, að þetta frv. er ekki þannig undirbúið eða liggur svo ljóst fyrir, að verjanlegt sé af Alþingi að taka nú afstöðu til málsins. Það verður þvert á móti að íhuga þetta allt betur og þá ekki sízt vegna þess, sem ég og vakti athygli á í minni fyrri ræðu, að sveitarstjórnunum hefur ekki gefizt færi á að láta uppi umsögn sína um þá kafla frv., sem þær varðar þó ákaflega miklu, eða a. m. k. hefur frv. ekki verið sent til umsagnar þeirra, svo sem sjálfsagt væri. Af þessum sökum og að öðru leyti með tilvísun til fyrri ræðu minnar vil ég leyfa mér að bera fram svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

„Þar sem frv. þetta hefur í för með sér veigamiklar breytingar á gildandi réttarreglum og engan veginn er nægilega ljóst, hvað í hinum nýju réttarreglum felst, og þar eð frv. hefur ekki verið sent til umsagnar sveitarstjórnanna, sem málið varðar þó mjög, þá telur deildin ekki tímabært að afgreiða málið nú og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Þessa rökstuddu dagskrá leyfi ég mér að afhenda hæstv. forseta.

Eins og ég gat um, eru mörg ákvæði í frv. ákaflega óljós, sem von er til. Bagamest er þó, að ákvæðin um viðhaldsskyldu og endurbótarétt og skyldu leigutaka á húsnæði, sem eru algert nýmæli, eru svo óglögg, að ákaflega er erfitt að átta sig á, hvað í þeim felst. Og það er eftirtektarvert, að hv. frsm., sem svaraði annars mjög ýtarlega í langri ræðu athugasemdum, sem fram höfðu komið, leiddi alveg hest sinn hjá því að skýra frekar þessi ákvæði, sem ég mæltist þó sérstaklega til að skýrð væru af hálfu styðjenda eða fylgismanna frv. Ég er sammála hv. 4. þm. Reykv., sem þó virðist styðja málið, að þessi ákvæði séu mjög varhugaverð, bæði efnislega og eins vegna þess, hversu óljós þau eru, enda munu þau verða uppspretta að eilífum deilum og illindum, ef ekki verður frekar að gert, auk þess sem ljóst er, að ef þau verða skilin svo sem hætt er við að verða muni, ef ekki fæst leiðrétting, þá munu þau mjög verulega draga úr byggingarstarfsemi hér í bænum og þess vegna verða til þess að auka húsnæðisvandræðin, öngþveiti og vandræði einmitt þeirra, sem verst eru staddir.

Ég tel alveg nauðsynlegt, að gerð sé tilraun til þess að gera þessi ákvæði ívið ljósari, og í því felst ekki, að ég verði ákvæðunum samþykkur, þó að mín tilraun yrði hér tekin til greina, en ég tel þó, að til verulegra bóta horfði, ef aftan við 34. gr. yrði bætt:

„Nú er húsnæði í betra ástandi en þegar leigutaki flutti í það, og skal leigusali þó ekki greiða bætur fyrir aðrar framkvæmdir leigutaka en þær, sem gerðar hafa verið vegna eðlilegs viðhalds íbúðarinnar.“

Ég vonast til þess, að allir, sem ekki vilja

stefna húsnæðismálunum í algert öngþveiti, geti þó fallizt á að samþykkja þessa brtt.

Þá mun ég leggja til, að á 60. gr. frv. verði gerð sú breyting, að í stað 1. tölul., sem nú hljóðar svo: „Íbúðarhúsnæðis, sem er á sömu hæð og húseigandi býr á sjálfur og hefur sama ytridyrainngang" komi: „Íbúðarhúsnæðis, sem er í því sama húsi og húseigandi býr í sjálfur". Þetta er í samræmi við ákvæðin í 71. gr., og má þó ekki minna vera en frv. sé sér sæmilega samhljóða innbyrðis.

Loksins legg ég til, að fyrri málsgr. 71. gr. breytist svo, að upphafið: „Nú hefur húsaleigumiðstöð verði komið á fót samkv. 70. gr., og skal hún þá annast leigu" — standi óbreytt, en að í stað þess, sem eftir kemur og hljóðar nú svo: „á öllu nýju húsnæði og eldra húsnæði, sem losnar eftir að húsaleigumiðstöðin tekur til starfa" komi orðin: „á öllu húsnæði, sem óráðstafað er", þannig að það sé þó ekki annað húsnæði, sem þessi miðstöð fær til ráðstöfunar, heldur en það, sem húseigendur hafa ekki ráðstafað.

Ég tel, að þessar brtt. séu fjarri því að gera málið aðgengilegt, en þær sníða þó af nokkra af þeim stærstu göllum, sem mundu standa eftir á frv., jafnvel þótt allar brtt. hv. þm. Barð. væru samþykktar, aðrar en þær auðvitað, sem fela í sér að fella þessar greinar niður, sem mínar brtt. eru við, og þess vegna var eðlilegt, að hann tæki þetta ekki upp í sínar brtt. En ef málið gengur til 3. umr., þá tel ég nauðsynlegt að gera á frv. margar frekari breyt. og mun athuga það undir þá umr., ef ég tel, að það hafi þýðingu.

Ég vil svo leyfa mér að afhenda forseta þessar skriflegu brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 775) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Eins og ég gat um áðan úr forsetastóli, þá höfðu mér borizt um það tilmæli frá hæstv. ráðherrum Framsfl., að þessi hv. deild mundi vera gerð ábyrg fyrir því, að halda yrði áfram þingstörfum fram yfir páska, ef þetta mál yrði tekið út af dagskrá í dag eða ekki haldnir um það fundir allt fram til kvölds. Ég vil því byrja með því að þakka hv. deildarmönnum fyrir þann þegnskap, sem þeir sýna með að sitja hér allan daginn yfir þingmáli, jafnvel þótt það sé nú ekki skemmtilegra en það, sem hér er til umr.

Ég get mjög stytt mál mitt efnislega eftir að hafa hlustað á hinar mjög svo sterku og vel fram settu ræður þeirra hæstv. dómsmrh. og hv. 10. landsk. um þetta mál, en get þó ekki látið vera að svara nokkru af því, sem komið hefur fram hér við umr. og beinlínis hefur verið beint að mér annars vegar sem frsm. minni hl. og hins vegar í sambandi við málið sjálft. Mér þykir leitt, að hæstv. félmrh. og hv. frsm. meiri hl. eru ekki hér við, en það er með þeirra vilja og vitund, að þessum umr. er haldið áfram, þótt að sjálfsögðu þurfi að svara þeim hér á þessum vettvangi, og verður þá að líta svo á, að aðrir þeirra flokksmenn flytji þeim það, sem hér verður sagt, ef það þykir ástæða til þess að svara því.

Hæstv. félmrh. lét orð að því liggja í sinni ræðu, að ég hefði gefið tilefni til þess í minni framsöguræðu að halda, að það mundi verða beitt þeirri herferð í þessu máli, ef frv. yrði að lögum, að húseigendur tækju þann kostinn að fylla hús sín með meindýrum, rottum, kakkalökkum og veggjalúsum, eins og hann orðaði það, heldur en að lúta fyrirmælum laganna, og að það væri þá nauðsynlegt, þegar einn aðalforustumaður húseigendafélagsins í Reykjavík bæri fram slíkar hótanir hér á Alþ., að vera viðbúinn að gefa aðrar og nýjar fyrirskipanir til þess að fyrirbyggja slíkan hernað í þessu máli.

Ég verð nú að segja, að ég var undrandi yfir að heyra slík ummæli frá jafnágætum manni eins og hæstv. ráðh. Mín ræða gaf engin tilefni til slíkra hugleiðinga, og hefði hæstv. ráðh. alveg getað sparað sér allar þær hugleiðingar og þau ummæli, sem hann hafði í sambandi við þetta mál. Ég mundi hins vegar harma það, ef það gengi hér út frá Alþ. löggjöf, sem gæfi tilefni til þess, að menn jafnvel óskuðu heldur eftir því, að sín hús stæðu auð, heldur en að fólki væri þvingað inn í íbúðir þeirra, eins og hugsað er að gera hér, aðilum, sem þeir kæra sig ekkert um að búa með, í stað annarra, sem þeir gætu fengið sér bæði skyldari eða umgengnisþýðari til þess að sitja í húsnæðinu. Á það ekkert skylt við þann hernað, sem hæstv. ráðh. minntist á.

Hæstv. ráðh. sagði einnig, að það væri sjálfsagt að taka skynsamlega á þessum málum. Það er einmitt það, sem ég hef verið að reyna að fá hæstv. ráðh. og Framsfl. til þess að skilja, að það væri nauðsynlegt að taka skynsamlega á þessum málum vegna þess, hversu þetta er mikið vandamál annars vegar og hversu þetta er viðkvæmt mál, hins vegar hversu það eru margar tugþúsundir manna, sem eiga að búa við þessa löggjöf. Og það hefur verið bent á það, ekki einungis hér af mér, heldur einnig af hæstv. dómsmrh., hv. 10. landsk. og jafnvel af hv. 4. þm. Reykv., sem þó annars er að ýmsu leyti fylgjandi frv., að það hafi ekki verið tekið á þessu máli með neinni skynsemi, hvað þá með fullri skynsemi. Það er ekkert annað en það, sem við erum að berjast fyrir hér, samanber þá rökstuddu dagskrá, sem hæstv. ráðh. lagði fram hér áðan, — berjast fyrir því, að málinu sé vísað frá nú til þess að fá skynsamlega meðferð og athugun, áður en það er lögfest í þinginu. Ég verð að segja það, að mig undrar það alveg, að jafnprýðilegur og ágætur maður og hæstv. félmrh. skuli vera sleginn þeirri blindu í þessu máli að geta ekki séð, að hér eigum við virkilega samleið í þessu máli.

Hæstv. ráðh. sagði, að árið 1933, þegar ábúðarlögin hefðu verið sett, þá hefðu einmitt komið fram sömu mótbárurnar gegn löggjöfinni af íhaldssömustu þingmönnunum á Alþ. þeirra tíma. Og svo sagði hann: Það vita þó allir, hve mikil blessun hefur orðið af þeirri löggjöf. —

Ég vildi nú gjarnan, án þess að ábúðarlöggjöfin komi þessu máli mikið við, mega ræða ofur lítið einmitt þessi ummæli hæstv. ráðh.

Ef litið er á ábúðarlöggjöfina og þá blessun, sem hefur verið henni fylgjandi í sumum atriðum, einmitt í þeim atriðunum, sem miða að því, að menn geti ekki verið raunverulega ráðandi yfir þeim eignum, sem þeir eru þó taldir eigendur að, og ég geri ráð fyrir, að það sé einmitt þessi hluti löggjafarinnar, sem hæstv. ráðh. hefur átt við, þá verður nú ýmislegt upp á teningnum. Með þeirri löggjöf vannst m. a. þetta tvennt, að bændum var gert kleift að kaupa jarðir sínar með vægu verði af ríkinu, því að af öðrum en ríkinu er ekki hægt að kaupa jarðir ódýrt samkv. löggjöfinni, og hitt, að byggingarskylda íbúðarhúsa og peningshúsa er raunverulega lögð á jarðareiganda. Ég hygg, að það sé þetta, sem hæstv. ráðh. átti við, þegar hann talaði um þá blessun, sem hefði fylgt alveg sérstaklega þessari löggjöf. Það er nú svo hvað snertir íbúðarskylduna, að henni hefur ríkisstj. á öllum tímum síðan 1933 brugðizt og það undir stjórn bæði hæstv. félmrh. nú, sem jafnframt er hæstv. landbrh., og undir öllum þeim hæstv. landbrh., sem Framsfl. hefur átt í stjórninni alla þessa tíð. (*Gripið fram í:* Þetta er alrangt.) Þetta er alveg rétt. Það er hægt að fara um allar sveitir landsins og sýna fram á, að það eru ríkisjarðirnar, sem eru langmest niðurniddar, minnst hýstar um allt land, vegna þess að jarðareigandi hefur svikizt um þessa skyldu sína. Hvað er svo hv. 1. þm. N-M. að segja, að það sé rangt, vitandi sjálfur, að þetta er rétt, því að það er enginn kunnugri þeim málum heldur en hv. 1. þm. N-M. (*PZ:* Þetta er haugalygi.) Það er alveg rétt. Og í þeim fáu tilfellum, þar sem jarðareigandi hefur sýnt lit á því að byggja upp, þá hefur hann þó aldrei gengið lengra en það að láta einhvern hluta af byggingarkostnaðinum til þess að byggja upp jarðirnar og aldrei meira en efniskostnaðinn. Og nú er farið inn á þá braut, sem hv. þm. veit líka vel, að leyfa bændunum að veðsetja jarðir, sem ríkið á, til þess að fá lán út hjá peningastofnunum, svo að þeir sjálfir geti byggt yfir sig, af því að ríkið, jarðeigandinn, hefur svikizt um þetta atriði. Þetta er blessunin, sem ábúðarlöggjöfin á þessu sviði leiddi yfir þjóðina. Jarðirnar, sem eru langsamlega mest niðurniddar í landinu, eru þess vegna, eins og ég sagði áðan, ríkisjarðirnar. Það er hægt að benda á þær; það þarf ekki að spyrja um, hver sé eigandi þeirra, þegar farið er um sveitirnar. Ef það liggja einhvers staðar kot, sem eru illa hirt, þá eru það venjulega 9 af 10, sem eru í ríkiseign. Það er kannske þetta ástand, sem hæstv. félmrh. vill láta skapast hér í Reykjavík og öðrum stöðum, þar sem meira en 500 manns eru saman komnir. Hann sagði, að það hefði nú orðið til þess, að jarðirnar hefðu farið í eigu ábúendanna. Ja, ég get nú einmitt talið hér upp fjöldamargar jarðir, sem enn þá eru meira að segja í einkaeign, þar sem enginn hefur farið á jarðirnar og þær liggja ónotaðar vegna þess, að eigandinn hefur ekki séð sér fært undir ábúðarlögunum að byggja upp og hann hefur komizt upp með að svikja það á sama hátt og ríkið. Það hafa verið gerðar til hans meiri kröfur, meiri skyldur, og hann hefur ekki átt nein önnur úrræði en að láta jarðirnar liggja ónotaðar, fara í flag, þar til hreppsnefndirnar tækju þær til þess að byggja þær einhverjum eða til þess að selja þær eins og reka á fjörum, eftir að þær eru búnar að liggja þarna árum saman. Ég vil m. a. benda hv. þm. á, að jörð eins og t. d. Vattarnesið, sem er alveg prýðileg jörð, hefur gersamlega verið niður nídd fyrir hin blessunarlegu ákvæði ábúðarlaganna á þessu sviði. Varð að flytja þaðan í burtu símastöð og allt fólk og bústofn, og það var ekki fyrir neitt annað en það, að ábúandinn vildi ekki lúta þessum ákvæðum og ekki hægt að þvinga hann til þess. Hann varð því að láta jörðina níðast niður, og hreppurinn hefur aldrei haft kjark í sér til þess að taka jörðina og selja hana á uppboði. Þess vegna liggur hún ónotuð enn. Og það er ekki eina jörðin. Það er hægt að halda áfram og benda á fjöldamargar jarðir í landinu, sem svona er ástatt um. (*PZ:* Það var búið vel á Vattarnesi í vor, þegar ég kom þar.) Var búið vel á Vattarnesi? Hvaða Vattarnes talar hv. þm. um? Ef hann er alltaf að tala um eitthvert annað mál en er til umr., þá er ekki furða, þó að ræða hans sé einkennileg í þessu máli.

En langsamlega athyglisverðust voru þó ummæli hæstv. ráðh., þegar hann lýsti því yfir, eins og dómsmrh. hefur skýrt hér frá, að einmitt þessi löggjöf ætti að verða til þess, að leigjendurnir gætu klófest hverja þá íbúð, sem þeir færu í hér í Reykjavík eða á öðrum stöðum, sem lögin ná til, þeir gætu klófest þær undir þessum lagafyrirmælum. Ég þarf ekki að ræða mikið það mál, hæstv. dómsmrh. hefur gert því máli svo vel skil hér í dag, en ég gæti hugsað, að það hafi margir hrokkið við að heyra slíka yfirlýsingu frá hæstv. ráðh. Og ég verð að segja það, að ég harma, að hæstv. ráðh. skuli ekki vera hér í kvöld til þess að ljóstra upp fleiri leyndarmálum í sambandi við þessa löggjöf, sem fleiri og fleiri menn hefðu enn hrokkið við að heyra, því að mér dettur svo sem ekki í hug að halda, að þetta sé eina leyndarmálið, sem samið hafi verið um, sem hrökk þannig kannske óvart upp úr hæstv. ráðh. En þá vita húseigendur í Reykjavík og annars staðar, sem lögin ná til, hvers þeir eiga að vænta, þegar lögin beinlínis stefna að því, að hver og einn einasti leigjandi, sem kemur í þeirra hús, kemur með það hugarfar og ætlar að ná því ákveðna takmarki, að héðan skuli hann ekki út fara fyrr en hann sé orðinn eigandi að íbúðinni með réttu eða röngu.

Hæstv. ráðh. sagði hér, að ég hefði kastað hér hnútum að formanni n., Jónasi Guðmundssyni, að hann væri einn mesti fjandmaður Reykvíkinga. Ef orð mín hafa verið skilin þannig, þá vil ég sjálfsagt leiðrétta þau, því að mér hefur aldrei dottið í hug að segja það um jafnágætan mann og Jónas Guðmundsson. Hæstv. ráðh. var nú ekki alveg viss um, að ég hefði átt við hann, og gat sér nú svona til, að þetta skeyti hefði átt að fara til annarra manna í n. Honum var það sjálfum ljóst, jafnvel af

þeim orðum, að það voru aðrir menn í þessari nefnd, sem voru fjandmenn Reykvíkinga, heldur en Jónas Guðmundsson. En ég vil hér með lýsa því yfir, að ég hef aldrei meint þessi orð til Jónasar Guðmundssonar og vil ekki, að þau séu skilin þannig, enda ekki mælt þannig.

Þá sagði hæstv. ráðh., að öll mþn. hefði staðið einhuga um frv., að undanskildum X. og XI. kafla. Ég held, að hæstv. ráðh. hafi bara alls ekki lesið nál. frá mþn. Hér eru sértill. og sérálit Hannesar Pálssonar, ágreiningsatriði í málinu á löngum köflum. Hér eru fleiri ágreiningsatriði á 6. blaði og ágreiningsatriði hér og ágreiningsatriði þar. Hér er sérálit og till. Magnúsar Jónssonar, sérálit og till. Ólafs Sveinbjörnssonar. Yfirleitt er nál. ekkert annað en sértill., sérágreiningsatriði um meira og minna í allri löggjöfinni. Þetta er sannleikurinn í málinu, og hér liggur það í þskj., svo að það er ekki neinn tilbúningur úr mér.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það væri ofraun af mér að ætla að telja nokkrum þm. trú um það, að þetta mál sé borið fram af andúð Framsfl. til Reykvíkinga. En ég held menn þyrftu ekki annað en lesa hér ágreiningsatriði Hannesar Pálssonar, og væri raunverulega mjög freistandi, ef ekki gerði, að við værum hér á næturfundi, að leyfa hv. þm. að heyra þau. En ég held þeir ættu að kynna sér þetta þskj., nr. 268 frá síðasta þingi, til þess að sjá, hver undirrótin er í öllu þessu máli. Svo sagði hæstv. ráðh., að þskj. hefði verið stjórnarfrv., borið fram sem stjórnarfrv., sem er alveg rétt, síðan er það borið fram af n., sem er líka rétt, og í þriðja skiptið er það nú borið fram af tveim þm., sem er líka rétt. En var þetta þá ekki ábending til hæstv. ráðh. um að stöðva þetta mál, sem hér á Alþ. hafði fengið þá meðferð, því meira sem það var athugað? Fyrst var það hæstv. ríkisstj., sem glaptist á að flytja það, af því að hún hafði ekki kynnt sér málið nægilega vel, hefur trúað þeim mönnum, sem vildu bera það fram. Þegar hún svo heyrir öll rök í málinu, þá vill hún ekki bera það fram á næsta þingi. Þá fer hæstv. ráðh. og fær n. til þess að gera það, sem þó vill ekki taka ábyrgðina á því frekar en venjulegt er, en þegar hún er líka búin að kynna sér málið og hefur heyrt öll rök á næsta þingi, þá er ómögulegt að fá hana til þess að taka málið aftur, ekki nokkur leið. Og þá er hlaupið í þetta skúmaskot, að fá tvo af þm., sem ekkert þekkja inn á kröfur Reykvíkinga eða þeirra manna, sem í þéttbýlinu eru, heldur sjá ekkert út fyrir túngarðinn heima hjá sér í sveitinni og í félagsmálum, sem þar gilda. Þeir eru fengnir til þess að bera þetta mál fram í trausti þess, að þeir hafi aldrei lesið þau rök, sem voru færð fram á fyrri þingum, og ef þeir hefðu heyrt þau, þá aldrei skilið þau. Ja, hvað var meiri ástæða fyrir hæstv. ráðh. heldur en þetta til þess að stoppa nú þetta frv. og láta það ekki koma fram? Það hefur líka komið fram hér við umr., að eftir því sem málið er rætt meira, því ljósara er, að þetta mál á ekki að ná fram að ganga. Það á að fara í eina deild til og athugast af mönnum með einhverjum skilningi á málinu og einhverri þekkingu á málinu, en ekki með fyrir fram dæmdri andúð á ákveðnum stéttum, sem þó verða að búa við þessi lög.

Ég skal ekkert ræða um þau ummæli hæstv. ráðh., að það sé á mínu valdi að færa frv. á betra mál. Hann sagði nú líka, að síðar mætti nú bæta um þetta. Hann viðurkenndi, sem hans var von og vísa, að málið á frv. væri slíkt, að það væri eiginlega varla frambærilegt, en það mætti alltaf laga þau missmíði á þessu frv. síðar meir. Ég skal svo ekki ræða meira um það og þá ekki heldur meira um afstöðu hæstv. ráðh. eða ummæli hans í þessu máli.

Þá skal ég koma nokkuð að ræðu hv. frsm. meiri hl. Já, ofan á þessa sorgarsögu frv., sem ég var að lýsa hér og er staðfest af hæstv. ráðh., þá hefur nú bætzt enn ein ný. Nú hefur hæstv. ráðh. vikið út af umræðusviðinu hér og ekki treyst sér til þess einu sinni að mæta þeim rökum, sem hér eru færð fram. Setti hann í það annan mann, einn ágætasta mann flokksins, til þess að vera fulltrúi sinn, en hann hefur líka verið hrakinn út af þessu sviði hér í kvöld, svo að hvorugur hefur einu sinni þorað að standa hér til þess að mæla því bót. Samt sem áður get ég ekki látið vera annað en hrekja þau ummæli, sem hv. frsm. meiri hl. hefur haldið hér fram í sinni ræðu. Þau sjást þó a. m. k. í þingtíðindunum, og þar getur hv. frsm. meiri hl. lesið þau og þá svarað minni ræðu hér við næstu umr. En fjarvist þeirra beggja mæli ég á þann mælikvarða, að hvorugur þeirra hafi treyst sér til þess að halda hér uppi vörn fyrir þessu máli, enda eðlilegt, þegar maður lítur á forsögu málsins.

Hv. frsm. meiri hl. byrjaði hér með því að segja, að framsöguræða þm. Barð. hefði ekki verið til þess fallin að tryggja samkomulag *stjórnarflokkanna. Er þetta frv. hér og meðferð* þess hér í þinginu, fyrst í n. og síðan í þessari d., eitthvert mál til að tryggja samstarf stjórnarflokkanna? Ég held, að það sé ákaflega mikill misskilningur bæði hjá hæstv. ráðh. Framsfl. og hv. frsm. meiri hl., að þetta mál verði til þess að tryggja eðlilegt og drengilegt samstarf þessara flokka. Þeir hefðu heldur átt að stöðva þetta mál og beita kröftum sínum til þess að leysa önnur og meiri vandamál, sem meira samkomulag var um og hefði verið betri árangur af, heldur en kasta þessu hér inn til þess að fjarlægja flokkana, svo að þeir gætu síðar unnið saman að betri málum. Það er ekki til þess að tengja þá saman. En það var ekki okkar verk, það var verk Framsfl., og þeir taka þá afleiðingunum.

Svo segir hann, að mín síðari ræða hafi nú batnað allmikið í tón, ég hafi verið þar mildari og þá ekki eins ádeiluharður, enda orðið fyrir mikilli hirtingu frá hæstv. félmrh. Í hverju var hirtingin fólgin? Hún var fólgin í því að lýsa mig sem forseta þessarar d. einhvern einræðisherra, sem beitti hér einræðisvaldi. En þegar hæstv. ráðh. var bent á, að hér hefði verið ofmælt, og lesið yfir honum það, sem hann hafði sagt um það atriði, hverju svaraði hann þá? Hann roðnaði. Hann glúpnaði og spurði: Hef ég virkilega haft þessi ummæli? — Og þeg

ar honum var rétt hans eigin ræða, beint tekin af segulbandinu, sem vitað er að ekki breytir orðum, jái í nei, ekki breytir meiningunni, þá gat hann ekkert annað en þagað.

Hann segir líka, að önnur hafi verið afstaða minna flokksmanna í Nd. En þeir höfðu nefnilega ekki heyrt þá yfirlýsingu, sem hæstv. ráðh. hefur nú gefið hér. Þeim var alveg óljóst, hvað var á bak við flutning þessa frv. Mér var það hins vegar ekkert óljóst. Ég þekki ákaflega vel hugsunarhátt þessara manna. Þrátt fyrir allt drenglyndi, sem ég þekki mjög mikið af hjá hæstv. ráðh., þá er þessi tuddaskapur í sumum af þessum mönnum svo mikill, að hann hlýtur alltaf að brjótast upp og þeir ráða ekki við það sjálfir. Þeir ráða ekki sjálfir við þessi vondu öfl í sínum flokki, hversu vel sem þeir vildu ráða við þau. Það þarf ekkert annað en lesa hér þetta verk til þess að vita, að það er einn mikill áhrifamaður í flokknum, sem sí og æ vinnur að því, að m. a. þetta mál sé gert að sundrungarmáli á milli þessara tveggja flokka, sem unnið hafa saman undanfarin ár að öllum þeim beztu málum, sem framkvæmd hafa verið í landinu og ekki hefðu náð fram að ganga, ef þessir tveir flokkar hefðu ekki unnið saman, nema Sjálfstfl. einn hefði haft fullt afl til þess að koma þeim fram. Þetta vita allir menn. Samt sem áður eru þessi öfl alltaf sívinnandi í Framsfl., og hin góðu öfl, bæði hæstv. félmrh. og ýmissa annarra góðra manna í flokknum, verða svo að sveigja undan þessum vondu öflum. Ef mínum flokksmönnum í Nd. hefði verið þetta eins ljóst og mér er þetta ljóst í gegnum fjöldamörg ár, gegnum mikla samvinnu og þekkingu á þessum mönnum, þá hefði sjálfsagt þeirra afstaða verið allt öðruvísi. Auk þess vil ég benda á, að þessir menn gerðu mjög mikinn ágreining í sambandi við aðalkaflana, sem deilt hefur verið um, og einnig, að hv. 2. þm. Eyf. (MJ) vísaði í öllum sínum ræðum í þann ágreining og það sérálit, sem hann hefur gefið á þskj. 268, og það átti hæstv. ráðh. að vera kunnugt um.

Hv. frsm. sagði, að það væri æskilegt, að menn eignuðust sjálfir hús yfir höfuðið. Þar er ég honum sammála. En ég á við, að menn eignist það á drengilegri og ærlegri hátt en þann, sem felst í yfirlýsingu hæstv. ráðh. Ég margspurði einmitt fulltrúa þeirra félagssamtaka hér í Reykjavík, sem mætti á fundinum, hvort það væri virkilega þeirra skoðun, að þessi löggjöf mundi auka og örva húsbyggingarnar og hjálpa mönnum til þess að byggja bæði yfir sjálfa sig og aðra, því að það er vitanlega kjarni málsins. En þeir svöruðu, að það væri alveg aukaatriði, það dytti þeim ekki í hug að hugsa um. Það er alveg aukaatriði að hafa samvinnu við þá, sem eru að berjast við að leysa þann vanda. Og svo sagði hv. frsm. og kom nú með spakmæli eftir Bernard Shaw, „að sannir íhaldsmenn væru jafnan á móti öllu nýju, en halda síðan í það og eigna sér það venjulega síðar og vilja þá ekki sleppa því", og vildi síðan heimfæra það upp á afstöðu sjálfstæðismanna til þessa máls. Ég held, að hann hefði átt að horfa sér nær og skoða hina almennu afstöðu Framsfl. í raforkumálunum núna, eins og hún birtist venjulega í þeirra málgagni, — mannanna, sem voru langmest á móti öllum rafmagnsframkvæmdum á sínum tíma, en gera nú allt, sem þeir geta, til þess að túlka það fyrir þjóðinni, að þetta sé þeirra mál, og nú vilja þeir halda í það og sleppa því ekki frekar en Bernard Shaw segir um brezku íhaldsmennina.

Þá ræddi hv. þm. mínar brtt. Ég skal nú ekki fara mjög mikið út í þann kafla ræðunnar, vegna þess að það hefur sáralitla þýðingu. Ég vil þó aðeins benda á, að mér sýnist, að það sé einmitt hann, sem misskilur alveg fullkomlega ákvæðin yfirleitt bæði í 1. og 2. gr. frv. Hér er gerður greinarmunur á leigumála um íbúðir, atvinnuhúsnæði og einstök herbergi. Það er að vísu einn af mörgum ókostum frv., að það skuli ekki vera neinn kafli, sem skýrir hin ýmsu ákvæði þess, svo að menn vita ekki einu sinni, hvort þessi orð eða þessar setningar eiga að þýða þetta eða hitt. Það hefði verið miklu aðgengilegra í þessari löggjöf eins og svo margri annarri, en látum það vera. En það kemur alveg skýrt fram hér á þskj. 268. Þar er talið undir einum lið íbúðarhúsnæði, undir öðrum lið einstaklingsherbergi og undir þriðja lið atvinnuhúsnæði, enda er það skiljanlegt, að svo ætti það að vera í frv. Hér er augsýnilega gerður mikill greinarmunur á. Með íbúðum er átt við eitt herbergi og eldhús eða meira, eins og síðar kemur fram í frv., en með einstaklingsherbergi er aðeins átt við það, sem leigt er út til einhleypinga, þ. e. a. s. ekki húsnæði með eldhúsi. Ég held, að engum manni hafi dottið í hug, að það ætti að taka út hvert eitt einasta herbergi í hvert skipti sem leigjandi fer úr því og í, og ef það er hugmynd hv. frsm. meiri hl., að það eigi að skiljast svo, að allar íbúðir eigi að taka út, þegar maður fer í þær og úr þeim, og það gildi einnig um herbergi einstaklinga, þá er nú óhætt að tífalda þá tölu matsmanna eða úttektarmanna, sem hv. 10. landsk. þm. (GÍG) var að tala um, og þá náttúrlega um leið hægt að hækka mikið áætlaðan kostnað, sem af því hlýzt. Þetta er nú bezta sönnunin fyrir því, að ég hef hér á réttu máli að standa og að ég hef hér réttan skilning á þessu máli, en hv. frsm. ekki.

2. brtt. taldi hann óþarfa. — Ég hló nú að því, þegar hv. þm. eyddi allmiklum tíma í að telja hv. þm. og öðrum, er til heyrðu, trú um það, að orðið „síðdegis" væri ekki íslenzka, það væri ekki síðdegis fyrr en eftir kl. 3. Það er náttúrlega alveg eftir því, hvað snemma menn byrja morgunstörfin. En ég held nú svona í almennu íslenzku máli, að þá sé það alltaf talinn síðari hluti dagsins, sem er eftir hádegi, og fyrri hluti dagsins, sem er fyrir hádegi, og ég hef nú aldrei heyrt það fyrr, að t. d. kl. 1 eftir hádegi gæti verið árdegis. Ég held því, að það sé alveg óhætt fyrir hv. þm. að samþykkja mína till. um það, þó að sumum hverjum, sem fara seint á fætur á morgnana, þyki dagurinn ekki vera liðinn að hálfu fyrr en komið er undir kvöld.

Um 4. brtt. sé ég ekki ástæðu til þess að vera að þrátta við þm. En hann lýsti því yfir, að

hann mundi geta greitt atkv. með minni 5. brtt., og þykir mér vænt um, að hann hefur þó fundið, að einhverju þyrfti að breyta, og það svo nauðsynlegt, að hann vildi jafnvel vera með að breyta því, þótt málið þyrfti að fara fyrir það til Nd. á ný. Hann sagði hins vegar, að það mætti ómögulega samþ. mína brtt. um það að fella niður orðið „meindýralaust“ í 6. brtt. minni, það væri sjálfsagt að halda því í lögunum, að leigusali bæri alla ábyrgð á því að afhenda húsið meindýralaust, en það feldist þó ekkert í þessu annað en tilkynningarskylda. Ég held, að það væri nú rétt að breyta þá greininni þannig, að það væri ekki deilt um það, því að það er ákaflega mikill eðlismunur á því, hvort húseigandi hefur tilkynningarskyldu til bæjarins um það, að meindýr séu í húsinu, eða hvort honum beri skylda til þess að sjá sjálfur um að útrýma þeim meindýrum og taka þá skyldu af þeim aðilum, sem hún er lögð á herðar í dag.

A-lið 7. brtt. vildi hv. frsm. samþykkja, en sagði, að það væri alveg óþarfi að samþykkja b-liðinn. Ég benti á og skal ekki endurtaka það, að ég teldi, að þetta gæti valdið síðar ágreiningi og því væri rétt að samþykkja hann einnig.

Um 8. brtt. mína, við 15. gr., sagði hv. frsm., að sjálfsagt væri að halda þessu ákvæði óbreyttu, en ég hef lagt til í þeirri till., að 2. málsgr. falli niður, af því að slíkt ákvæði gerir aðeins að auka á óánægju milli aðila, en ekki að draga úr henni. — Hann sagði, að 9. brtt. mína, sem er við 16. gr., ætti ekki að samþ., þetta ákvæði í frv. væri eðlilegt og mætti ekki fella niður. En sú brtt. er um, að síðari málsgr. 16. gr. falli niður, þ. e., að ekki megi rifta samningum, ef eitthvað minni háttar er að íbúðum. Þetta ákvæði er einnig eingöngu til þess að valda deilum og ekkert annað, og slík ákvæði á að fella í burtu.

En það skemmtilegasta við aths. hv. frsm. var þó það, sem hann sagði um 10. málsgr., að þetta ákvæði í l. mætti fara í kringum, það væru engin vandræði að brjóta l. þarna, það hefði ekki neitt að segja og það mætti ákaflega vel fara í kringum þetta. Ja, ég verð nú að segja það, að þá eru nú löggjafar orðnir langt leiddir, þegar þeir fara að lýsa því yfir á Alþ., að þeir séu sammála því, að í frv. standi og verði að lögum gerð ákvæði, sem mjög auðvelt sé að fara í kringum, og þess vegna þurfi ekki að vera að berjast fyrir því, að þau séu felld niður.

11. brtt. mín sagði hann að væri alveg óþörf. Ég skal ekki ræða um það nánar. Ég hef lýst því áður.

12. brtt. mína, sem er við 28. gr. frv., um að gr. falli niður, en sú grein snertir viðhaldsskyldu leigutaka, taldi hv. frsm. óverjandi. Hann vill þó láta breyta þessu ákvæði nokkuð í sambandi við úttektina. En ég hef bent á, og það hafa og aðrir gert, að þetta atriði er einmitt meginágreiningsatriðið í frv., ekki einasta milli hæstv. félmrh. og minni hl. nefndarinnar, heldur og milli hans og allra þeirra, sem við lögin eiga að búa. Hvorugur aðilinn vill hafa þetta ákvæði í lögunum. Það kom greinilega í ljós við umr. í n., að hvorki fulltrúar leigusala né leigutaka vilja hafa þetta ákvæði í l., en það upplýstist einnig í n. af fulltrúa leigutaka, að það var Hannes Pálsson, sem barði í borðið í milliþn. og sagði: Ég vil hafa þetta ákvæði inni í l., og ef ég ekki fæ því ráðið, þá ætla ég ekki að standa sem fulltrúi fyrir leigutaka hér í sambandi við þessa löggjöf. — Það er svo sem ekki að furða, þó að hv. frsm. vilji ekki fella það niður. Sagði hann, að þetta væri hliðstætt því, að leiguliðar yrðu að halda við jörðum sínum, sem síðan eru metnar við úttekt, og sagði, að venjulega fengju ábúendur ekki allt það fé, sem þeir leggja í endurbætur. Er það þá hugsun hv. meiri hl. og hugsun Framsfl., — það er gott að fá yfirlýsingu um það, — að það eigi alls ekki að greiða leigutaka það, sem hann kann að leggja í íbúðirnar til viðhalds, ef það er meira en þurfi að gera að dómi úttektarmanna? Er það skoðun þeirra, að þær till., sem fram hafa komið til breyt. við þessa grein, séu alveg óþarfar, vegna þess að leigutaki eigi raunverulega aldrei að fá annað eða meira upp borið heldur en einhvern hluta af því, sem hann leggur í viðhald? Ég hygg, að það séu fjöldamargir leigutakar, sem leggja í þetta allt annan skilning, og ég hygg, að dómstólarnir mundu leggja allt annan skilning í þetta þrátt fyrir ummæli hv. frsm., og ég held, að það væri ákaflega auðvelt fyrir t. d. málara að komast á léttan hátt yfir íbúð, ef hann kæmist inn í íbúð, sem væri heldur lélega máluð, hefði sjálfur lítið að gera, tæki sig svo til og málaði alla íbúðina hátt og lágt, setti í hana svona 20 þús. kr., sem vel er hægt að gera nú með því að mála íbúðir upp, reiknaði þetta ríflega, sumt í eftirvinnu og sumt í dagvinnu, gæti svo fengið þetta að fullu greitt. Það þyrfti ekki lengi að bíða, þangað til hann gæti komizt yfir íbúðina á þennan hátt. Þannig eru nú þessi fyrirmæli. Sé hins vegar ætlun þeirra manna, sem fylgja þessu frv., að það sé aðeins lítill hluti af þessu, þá er bezt, að það sé tekið fram í frv., svo að menn viti þá, hverju þeir eru að ganga að. En það sýnir þá einmitt, hversu kastað hefur verið höndunum til þess að semja þessi ákvæði, sem snerta þó tugþúsundir manna. Annars þýðir ekkert fyrir menn að vera að bera saman hér ábúðarlöggjöf og viðhald jarða og peningshúsa í sveitum og húsnæðismálin hér í fjölbýlinu. Þetta er svo óskylt, og menn, sem ekki geta haft stærri sjóndeildarhring heldur en það að sjá aðeins það, sem snertir þeirra eigin túnblett, eiga ekki að vera að ræða um svona vandamál eins og hér er til umræðu. Það er svona alveg sama eins og að við Reykvíkingar færum að kaupa okkur kýr og beita þeim út á götuna og halda bara, af því að þær væru látnar út fyrir húsið, þá geti þær haft nægilegt gras og nægilegt fóður og mjólkað eins vel, því að þetta gerðu þeir í sveitinni. Ég hygg, að það yrði heldur svona hlegið að okkur. En nákvæmlega sama er hér að koma fram og það hjá jafngóðum og glöggum manni eins

og hæstv. ráðh., að hér þurfi ekki að hugsa á annan hátt en hugsað er undir allt öðrum viðhorfum.

Um 13. brtt. sagði hv. frsm., að hér væri aðeins átt við tilkynningarskyldu. Það er þá nauðsynlegt, að þetta sé skýrt tekið fram í frv., því að það er sannarlega mikils virði, ef leigutaki getur fært sig undan þeirri skyldu að hreinsa íbúðina af meindýrum aðeins með því að hringja niður á bæjarstjórnarskrifstofurnar hér í Reykjavík og tilkynna þeim að gera það. Er sannarlega nauðsynlegt, að þetta komi skýrt fram, svo að menn misskilji ekki þetta ákvæði. Þessi skylda er svo þung á leigutaka í dag eftir ákvæðum frv., að það er gersamlega ótækt fyrir leigutaka að búa við hana, nema því aðeins að hún eigi að skiljast á þann hátt, sem hún er túlkuð hér, og þá verður að breyta því í frv.

Um 15. brtt., sem er um það, að 34. gr. falli niður, þ. e. að taka skuli út íbúðina, segir hv. frsm., að þessu megi engan veginn breyta, það megi engan veginn fella þetta niður. Hins vegar vísaði hann til þeirrar brtt., sem meiri hl. hafði borið fram á sérstöku þskj. Ég skal ekki ræða frekar þetta atriði, það hefur verið gert af öðrum, sem hafa gert því full skil, svo að það er engu við að bæta, og hygg ég, að hv. þm. sé það ekki fullkomlega ljóst, hvaða tjóni fyrirmæli þessarar gr. hljóta að valda, nema því aðeins að stofnað sé til þess gífurlega kostnaðar, sem hv. 10. landsk. (GÍG) benti á hér fyrr í dag, og mundi þó aldrei vera hægt að útiloka óánægju og alls konar málaferli og stríð í sambandi við þessi ákvæði laganna.

16. brtt., við 35. gr., um að hún yrði felld niður, vildi meiri hl. heldur ekki láta samþ. og vísaði þar einnig til brtt. sinnar. Ég þarf ekki að ræða frekar um það, en vil þó benda á, að honum þótti sanngjarnt, að menn eyddu tveimur klukkustundum á dag til þess að sýna húsnæði, sem þeir fengju ekki lengur leyfi til þess að búa í. Ef nú um væri að ræða, eins og hv. frsm. meiri hl. sagði, að hér ætti orðið „íbúðir" að skiljast þannig, að það væru ekki einasta íbúðir með eldhúsi, heldur einnig einstök herbergi, hvernig er þá hugsað sér að leggja þá kvöð á einhleyping, sem hefur engan heima til þess að vera í herberginu, að vera heima tvær klukkustundir hvern virkan dag til þess að sýna þessa íbúð? Ja, þó að maðurinn ætti nú aðgang aftur að vinnu, þá er þó a. m. k. hér um að ræða svo sem 25—26 krónur á hverjum degi, sem hann eyðir í að sýna fyrir annan húsnæði, sem hann má ekki lengur vera í sjálfur, eða hann verður að leigja einhvern annan mann til þess að sitja í þessu fyrir þá ekki minna gjald til þess að sýna það. Sé hins vegar hér um að ræða, að þetta gildi aðeins um íbúðir, þá hefur hv. frsm. meiri hl. viðurkennt minn rétta skilning á frv., að það gildi annað um íbúðir en einstök herbergi. En eftir hans skilningi á þessi kvöð þó að hvíla á þeim, sem leigja aðeins einstök herbergi. Ég vildi gjarnan sjá þá hv. þm., sem sætu þar tvo tíma á dag, og það þá daga, sem heimtuð er af þeim 16—18 klukkutíma vinna hér í Ed.; loksins ættu þeir að sitja tvo klukkutíma um miðjan daginn til þess að sýna herbergin. (Gripið fram í.) Ég vildi, að þær prófastsnætur lentu fyrst á hv. þm. S-Þ.

18. brtt. mín, sem er við 60. gr., er um, að niður falli orðin: „nema gildar ástæður séu fyrir hendi". Hv. þm. spurði: Hvers vegna á þetta að vera ótakmarkað? — Hafi venzlamenn hins látna yfirleitt verið í húsum hæfir, þá sé ég ekki, hvers vegna það á að vera leyfi til þess að segja samningunum upp, þó að einn úr fjölskyldunni hafi horfið yfir landamærin. — Annars skal ég ekki eyða tíma hv. d. til þess að ræða um það.

Um 19. brtt. mína, sem er við 41. gr., og 20. brtt. skal ég heldur ekki ræða. Það er eins og ég segi, þessi orð valda misklíð á milli aðila, og það er þess vegna, sem ég hef lagt til, að þau yrðu felld niður.

Höfuðágreiningurinn er um 21.—23. brtt., eins og hv. frsm. gat réttilega um.

Hv. frsm. sagði, að ég hefði spurt, hvað sveitabændur mundu segja um það, ef þeim yrði fyrirskipað að lúta slíkum ákvæðum. Ég spurði nú ekki þannig. Ég spurði, hvað sveitabændur almennt mundu hafa sagt um það að eiga að lúta slíkri meðferð á málum eins og hér hefur verið höfð, og það er nokkuð annað atriði, — ef þm. hér úr Reykjavík eða öðru fjölbýliskjördæmi hefðu samið og flutt frv. til ábúðarlaga í sveitum landsins, það hefði verið óskað eftir að senda það til Búnaðarfélagsins, og það hefði ekki fengizt, það hefði verið óskað eftir að ræða við landbrh., og það hefði ekki heldur fengizt, mótmæli frá Búnaðarfélaginu hefðu ekki verið tekin til greina. Það var þetta, sem ég spurði um, og ég veit, að þeir hefðu ekki sætt sig við það, og þeir hefðu heldur ekki átt að sætta sig við það frekar en Reykvíkingar eða aðrir fjölbýlismenn eiga að sætta sig við þessa meðferð á frv. því, sem hér um ræðir. Og svo sagði hann, að þeir lúti einmitt sömu ákvæðum, sbr. forkaupsrétt ábúanda og sveitarfélaga og rétt sveitarfélaga til að byggja jarðir þeirra. Ég veit ekki, hvað hv. þm. er að fara. Hver er að tala hér um forkaupsrétt? Ég held, að það sé ekkert óeðlilegt, þó að ábúandi hafi forkaupsrétt að jörð, sem eigandinn vill selja. Við höfum ekki neitt við það að athuga, þó að inn í þetta frv. væri sett ákvæði um það, að leigjandi skyldi hafa forkaupsrétt að leiguíbúðinni. Slíkt er ekki nema eðlilegt. Og ef við getum sætzt á að samþ. allar mínar brtt. gegn því, að inn sé sett, að leigjandinn skuli hafa forkaupsrétt að íbúð, sem eigandinn vill selja, þá eru engin vandræði að afgreiða þetta frv. hér í dag. Þó að sveitarfélag hafi forkaupsrétt, þá er það ekki nein kvöð út af fyrir sig á þann, sem vill selja jarðirnar. Honum er nákvæmlega sama, hver kaupir og hver hefur forkaupsréttinn, ef hann aðeins fær það verð fyrir þær, sem hann vill hafa, svo að það er ekki hægt að bera þetta saman. Þetta er nú aðeins til þess að flækja málið. — Ég læt þá lokið hér að ræða meira við hv. frsm. meiri hl.

Ég vil aðeins benda á í sambandi við það, sem hv. 10. landsk. sagði, að hann hefur undirstrikað í sinni ræðu allt það, sem ég sagði í minni framsöguræðu hér fyrr. Hann sagði: Það vantar mjög á, að tekin séu upp í l. öll þau atriði, sem nú eru orðin að venju fyrir dómsniðurstöður eða fyrir hefð. Þessi atriði eru ekki einu sinni tekin upp. — Þetta er maður, sem er kunnugur málunum af embætti því, er hann situr í. Hvort sem nú hv. 2. þm. S-M. (VH), sem alltaf er að brigzla mér um alls konar óþinglega meðferð og ósannsögli og annað því um líkt, eins og kom fram hjá honum áðan, vill trúa mér eða ekki, þá kannske vill hann trúa þessum ágæta manni, sem þekkir þetta út í yztu æsar, en hann undirstrikaði í sinni ræðu allt, sem ég hafði sagt hér. Og ef hv. þm. Framsfl., m. a. hv. form. n., þykir eitthvað ljúfara að trúa því, eftir að það kemur af hans munni, þá er það líka til samkomulags við mig, ef það getur leitt hann í allan sannleika, bara af því að sömu orð koma frá öðrum manni. Hins vegar sagði hann, að það væru mörg ákvæði í frv., sem dómstólarnir mundu ekki viðurkenna, nema um þetta yrðu sett föst lagafyrirmæli. Er það ekki einmitt þetta, sem ég var að halda fram? Er þetta ekki kjarni málsins, að það eru mörg ákvæði, sem dómstólarnir viðurkenna vegna hefðar, sem ekki eru tekin upp í frv., og það eru mörg ný ákvæði tekin upp í frv., sem enginn dómstóll mundi vilja viðurkenna réttlát í dag, nema þau væru fyrirskipuð af Alþingi? Hvað er hægt að fá þyngri dóm frá bæjarfógeta og sýslumanni og þm. og ágætis lögfræðingi og hæstaréttarmálafærslumanni heldur en þessi orð? Svo lýsti hann því mjög skýrt og skilmerkilega, hversu mikils þyrfti við til þess að geta uppfyllt þau fyrirmæli, sem eru í frv. í sambandi við úttekt, og þarf ég ekki að endurtaka það, en allt það var undirstrikun á því, sem ég hafði sagt áður. Hann tók nú svo djúpt í árinni, að hann sagði: Úttektarákvæðin eru einhver þau furðulegustu, sem ég hef séð í löggjöf fyrr og síðar. — Þetta voru ekki mín orð, en það er undirstrikun á því, sem ég hafði sagt. Það var undirstrikun á mínum orðum um það, að þetta mál hefur fengið svo lélegan undirbúning, að það er ekki sæmandi fyrir Alþ. að samþ. frv. óbreytt. Ég er nú alveg viss um það, að þegar búið er að framkvæma úttektirnar á þann hátt í nokkur ár, jafnvel ekki einu sinni nokkur ár, á þann hátt, sem nauðsynlegt er samkv. skýringum hv. 10. landsk., þá verður ríkissjóður að leggja til mikla fúlgu til þess að byggja nýtt safnhús hér í Reykjavík fyrir öll þessi gögn, ef þau eiga ekki að glatast, og mun kosta mörgum sinnum meira en höllin yfir fornritin, þó að við fáum þau heim. Þetta er stefna, sem þessir menn vilja marka.

Þá vildi ég aðeins segja hér nokkur orð við hv. 4. þm. Reykv. Hann sagði, að hann vildi óska þess, að gerð yrði frekari grein fyrir þeim ummælum, er ég hefði haft hér, að það hefði verið reynt að semja um þetta mál. Ég veit ekki, hvort hv. þm. má heyra hér mitt mál, en úr því að hann spurði, skal ég svara honum. Hann sagði, að slík ummæli mætti ekki hafa eftir, nema það væri einhver fótur fyrir því. Í fyrsta lagi hélt ég nú, að hv. þm. hefði hlustað á það, sem hefur verið talað hér í dag, sumpart úr ræðustólnum og sumpart úr forsetastóli, að það yrðu stöðvuð önnur mál á þessu þingi og afbrigði ekki veitt, ef ætti að stöðva þetta mál. Það er m. ö. o., að ef forsetar deildanna og meiri hl. þm. vilja láta þetta mál ná fram að ganga, þá er enginn þröskuldur settur fyrir önnur mál, sem nú eru stöðvuð beinlínis vegna þess, að þetta mál gengur ekki nógu hratt fram. Er þetta nú ekki nægileg sönnun fyrir mínum ummælum. Þetta er það fyrsta. En að öðru leyti vil ég segja hv. 4. þm. Reykv. það, að ef hann hefði sjálfur verið á fundinum, þá hefði hann ekki þurft að spyrja mig um þessi mál, og það var ekki mín sök, að hann var ekki á þeim fundi. Form. n. þóttist hafa verið búinn að rannsaka hjörtu og nýru hv. þm. í þessu máli, hefði því getað gefið honum frí og merkt hann meiri hl. í nefndinni. En sjálfur hefði hann getað heyrt, um hvað var rætt þar í þessu máli, og þá komizt hjá að spyrja þannig, ef hann hefði verið þar. Þetta er mitt svar við hans fyrirspurn. (Gripið fram í.) Það er nú ekki allt bókað, sem rætt er um á fundunum. (Gripið fram í.) Það fer ekki allt inn á segulbandið, sem þar er talað, eins og hv. þm. veit.

Þá sagði hv. þm., að hann furðaði á því, hve lítið hefði verið rætt um hinn eiginlega kjarna þessa máls og það ástand, sem komið hefði þessu máli af stað. Ja, hvað sem má segja um mína ræðu, þá verður því, held ég, ekki núið um nasir hæstv. dómsmrh. og hv. 10. landsk., að þeir hafi ekki rætt um kjarna þessa máls. En er nú hv. 4. þm. Reykv. alveg viss um, að þetta frv., ef að lögum verður, bæti úr húsnæðiseklunni? Ég er alveg viss um það, að það torveldar að leysa þann vanda, og ég hef varað hv. meiri hl. við því að setja þetta frv. fram og gera það að lögum einmitt vegna þess, að það torveldar að leysa þann vanda, sem hefur skapazt hér í húsnæðismálunum og hv. 4. þm. Reykv. alveg rakalaust hefur kennt um núverandi hæstv. ríkisstj., því að ef hans stjórnarstefnu og hans flokks hefði verið fylgt í þessum málum, þá átti án efa að halda enn öllum þeim böndum, sem torvelduðu það að halda áfram byggingunum, öllum þeim böndum, sem torvelduðu það, að menn geti aflað nýrra verðmæta til þess að geta byggt sér hús. En einmitt það að halda þeirri stefnu, sem hér hefur verið haldið í fjármálum þjóðarinnar, síðan Alþfl. hrökklaðist úr stjórninni, hefur hjálpað til þess að leysa þennan vanda, og það hefur örvað menn til þess að byggja eins mikið og þeir hafa getað fengið fé til og eins mikið og þeir hafa fengið leyfi til að byggja. Það er hins vegar eftir einn möguleiki enn í þessu máli, og það væri kannske vert að reyna hann, og það er að gefa öllum húseigendum skattfrelsi á því fé, sem þeir fá fyrir að leigja út íbúðir sínar til annarra nú á meðan húsnæðiseklan er í bæjum. Þá gæti vel verið, að menn reyndu að þrengja meira að sér en þó gert er

í dag, og það væri ekki nema réttlæti ofan á allt það ranglæti, sem búið er að sýna þessum mönnum, og alla þá byrði, sem þeir urðu að taka á sig, á meðan stríðið stóð og allt var hneppt í fjötra. Það eru til ýmsar leiðir til þess að leysa þennan vanda enn, en þetta verður aldrei leiðin, að taka eignarréttinn af mönnum eins og hér er gert með þessu frv.

Hv. þm. sagði einnig, að aðalkafla frv. væri að mörgu leyti ábótavant. Hann viðurkenndi það og undirstrikaði þar með mín ummæli. Hann segir hins vegar, að þetta megi laga allt saman síðar, þó að þetta sé lögfest. Ja, það er nú sannarlega hægara sagt en gert að laga sum lög aftur, þegar búið er að koma þeim á, og einkum eftir að búið er að lýsa því yfir af hæstv. félmrh., að þessi lög skuli vera stærsta sporið í þá átt að taka eignirnar af mönnunum. Það er ekki alveg víst, að það sé hægt að laga þetta strax aftur. Ég hefði hins vegar talið, að það væri miklu heppilegra að setja þessi lög þannig nú, að aðalkaflinn yrði mjög rúmur rammi, sem uppfylla mætti síðan með sanngjörnum reglugerðarákvæðum, sem hægt er að breyta að fenginni reynslu án þess að breyta lögunum sjálfum, en setja ekki löggjöfina á þann hátt, sem hér er ráð fyrir gert. En þá þarf, eins og ég hef tekið fram, að semja kaflana upp, og til þess vinnst ekki tími á þessu þingi. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég er nú í þann veginn að ljúka þessum mínum aths., vil þó aðeins segja nokkur orð við hv. form. heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. Hann sagði hér, að hann hefði átt dálítið erfitt með að átta sig á því, hvað ég hefði átt við, að málið hefði ekki fengið venjulega meðferð í n. Ég þarf ekki að endurtaka það hér, sem ég lýsti hér í minni framsöguræðu. Þá tjáði ég þessari hv. d., hvernig meðferð málið hefði fengið, og ég tel það alveg óþinglega og óvenjulega meðferð í sambandi við mjög mikið deilumál eins og hér er á ferðinni, að ekki sé gefið tækifæri til þess að bíða eina nótt, eins og farið var fram á, eftir því að heyra afstöðu þeirra aðila, sem áttu hér allmikið undir þessum lögum. Hitt hafði ég aldrei látið mér um munn fara, og getur hv. þm. fullvissað sig um af segulbandinu, að ég hafi ekki sagt þau orð, að það hafi verið höfð einhver svívirðileg meðferð á málinu. Það hefur farið fyrir honum eins og hæstv. ráðh., að hann hefur ekki vitað, hvað hann var að segja, og mætti því spyrja líkt og hann: Sagði ég þetta nú virkilega? — Ég er alveg viss um, að ef hv. þm. les mína ræðu eða ef hann hlustar á segulbandið, þá mun hann ekki finna það, að ég hafi sagt, að það hafi verið svívirðileg meðferð á þessu máli. Ég lýsti því, hverja meðferð málið hefði fengið, og þarf engu þar við að bæta. Hv. form. taldi, að það þyrfti að flýta því svo mikið, að það mætti ekki fá — eins og ég segi — hina þinglegu meðferð, og það hafði málið ekki fengið. Ég er ekki að segja, að það sé af því, að hv. þm. hafi viljað hafa þessa málsmeðferð á. En það má þá segja, að andinn hafi að sönnu verið reiðubúinn, en holdið veikt, hann hefði nefnilega gert þetta á móti vilja sínum raunverulega að fara með þetta mál þannig. Ég get fyrirgefið honum það. En hitt, að ég hafi núið honum því um nasir, að hann hafi farið hér svívirðilega að, er alveg misskilningur. Hefur hann þar misskilið mín orð fullkomlega.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að vera að ræða þetta mál meira, nema það gefist sérstakt tilefni til. Ég legg að sjálfsögðu til, að allar mínar brtt. verði samþykktar. Ég mun fylgja sumum af þeim brtt. öðrum, sem fram eru komnar. Kemur það fram við atkvgr. Og lýk ég þá hér með máli mínu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 83. fundi í Ed., 9. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 302, n. 619 og 640, 644, 773, 774, 775).

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 774 felld með 10:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJóh, SÓÓ, BBen, IngF, JJós, JK, GíslJ.

nei: PZ, VH, AE, BSt, BrB, FRV, GÍG, HG, HermJ, KK.

Brtt. 640,1 felld með 10:7 atkv.

1. gr. samþ. með 10:6 atkv.

Brtt. 640,2 samþ. með 10:1 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 9:5 atkv.

3.—4. gr. samþ. með 10:5 atkv.

Brtt. 640,3.a samþ. með 12:1 atkv.

— 640,3.b samþ. með 9:5 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 12:5 atkv.

6. gr. samþ. með 9:5 atkv.

Brtt. 640,4 felld með 9:7 atkv.

7. gr. samþ. með 10:5 atkv.

Brtt. 640,5 (ný 8. gr.) samþ. með 11:4 atkv.

9. gr. samþ. með 10:7 atkv.

10. gr. samþ. með 10:4 atkv.

Brtt. 640,6 felld með 11:1 atkv.

11. gr. samþ. með 10:5 atkv.

Brtt. 640,7.a samþ. með 11 shlj. atkv.

— 640,7.b felld með 9:5 atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 11:6 atkv.

13.—14. gr. samþ. með 10:6 atkv.

Brtt. 640,8.a felld með 9:7 atkv.

— 640,8.b tekin aftur.

15. gr. samþ. með 10:6 atkv.

Brtt. 640,9 felld með 10:7 atkv.

16. gr. samþ. með 9:6 atkv.

17. gr. samþ. með 10:6 atkv.

Brtt. 640,10 samþ. með 9:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJóh, SÓÓ, BBen, GÍG, HG, IngF, JJós, JK, GíslJ.

nei: PZ, VH, AE, BSt, BrB, FRV, HermJ, KK.

18. gr., svo breytt, samþ. með 10:6 atkv.

19.—20. gr. samþ. með 10:5 atkv.

Brtt. 640,11 felld með 10:7 atkv.

21.—27. gr. samþ. með 9:6 atkv.

Brtt. 640,12 tekin aftur til 3. umr.

28. gr. samþ. með 10:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VH, AE, BSt, BrB, FRV, GÍG, HG, HermJ, KK, PZ.

nei: SÓÓ, BBen, IngF, JJós, JK, LJóh, GíslJ.

1. þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mér virðist, að sú nefnd, sem vann að þessu með 2. þm. Eyf. sem lögfræðilegan ráðunaut, hafi hnitmiðað vel niður viðhaldinu á milli leigutaka og leigusala í 21. og 28. gr., og segi já.

29.—31. gr. samþ. með 10:6 atkv.
Brtt. 640,13 felld með 9:6 atkv.
32. gr. samþ. með 10:4 atkv.
Brtt. 640,14 felld með 9:7 atkv.
33. gr. samþ. með 10:5 atkv.
Brtt. 640,15 felld með 10:7 atkv.
— 775,1 samþ. með 15:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HermJ, IngF, JJós, JK, KK, LJóh, SóÓ, VH, AE, BSt, BBen, FRV, GÍG, HG, GíslJ.
nei: PZ.
BrB greiddi ekki atkv.
34. gr., svo breytt, samþ. með 11:3 atkv.
Brtt. 640,16 tekin aftur til 3. umr.
— 773 (ný 35. gr.) samþ. með 10:7 atkv.
— 619,1 kom ekki til atkv.
— 640,17 felld með 9:7 atkv.
36.—39. gr. samþ. með 10:7 atkv.
Brtt. 640,18 felld með 10:6 atkv.
40. gr. samþ. með 9:7 atkv.
Brtt. 640,19 felld með 10:7 atkv.
41.—43. gr. samþ. með 9:6 atkv.
Brtt. 640,20 felld með 9:7 atkv.
44.—47. gr. samþ. með 10:7 atkv.
Brtt. 640,21 felld með 10:7 atkv.
48.—58. gr. samþ. með 10:7 atkv.
Brtt. 619,2 felld með 10:6 atkv.
59. gr. samþ. með 11:6 atkv.
Brtt. 775,2 felld með 10:6 atkv.
60.—67. gr. samþ. með 10:7 atkv.
Brtt. 644,1 samþ. með 9:7 atkv.
68. gr., svo breytt, samþ. með 9:6 atkv.
69. gr. samþ. með 9:7 atkv.
Brtt. 640,22 felld með 10:7 atkv.
70. gr. samþ. með 10:7 atkv.
Brtt. 775,3 felld með 10:7 atkv.
71. gr. samþ. með 10:7 atkv.
Brtt. 644,2 samþ. með 9:7 atkv.
72. gr., svo breytt, samþ. með 11:5 atkv.
Brtt. 644,3 samþ. með 9:7 atkv.
73. gr., svo breytt, samþ. með 9:6 atkv.
Brtt. 640,23 felld með 9:7 atkv.
74.—77. gr. samþ. með 10:7 atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:6 atkv.

Á 85. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 790).

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en vil aðeins leyfa mér að bera fram brtt. Ég gat þess við 2. umr., að ef frv. á annað borð ætti að ná fram að ganga, þá væri með öllu meiningarlaust að láta það ekki taka til allra sveitarfélaga, þannig að hvarvetna þar sem húsnæðisskortur væri, væri mögulegt að beita heimildum frv. eða þeim köflum, sem eru heimildarkaflar. Ég skal ekki ræða það frekar, það liggur í augum uppi að mínu viti, að þetta er réttlætismál, og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, bera fram brtt. við 48. gr., að 1. málsgr. orðins svo: „Þegar mikil húsnæðisekla er í sveitarfélagi, getur sveitarstjórn ákveðið með sérstakri samþykkt, að koma skuli til framkvæmda í sveitarfélaginu að einhverju eða öllu leyti ákvæði þessa kafla"; við 49. gr., að orðið „bæjarfélagi" í 4. málsgr. verði „sveitarfélagi" og orðin „kaupstöðum og kauptúnum" í 5. málsgr. verði „sveitarfélögum"; og við 70. gr., að orðin „kaupstað eða kauptúni með 500 íbúa eða fleiri" verði „sveitarfélagi".

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 828) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 828,1 felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BBen, IngF, JJós, JK, LJóh, SóÓ, GíslJ.
nei: BSt, HG, HermJ, KK, PZ, VH, AE.
BrB greiddi ekki atkv.
2 þm. (FRV, GÍG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég veit ekki til, að í sveitum landsins séu til húsnæðisvandræði í sama skilningi eins og í bæjum. Það eru vandræði að fá jarðir til ábúðar og annað slíkt, og hús á sumum jörðum eru léleg, en leiguhúsnæði í sveitum vantar tæplega. Mér virðist því þessar till. e. t. v. meinlausar, en þýðingarlausar, og ég segi nei.

Brtt. 828,2—3 teknar aftur.
Frv. samþ. með 8:7 atkv. og endursent Nd.

Á 90. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 92. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til einnar umr. (A. 790, 840).

Magnús Jónsson: Ég hef sérstaka ástæðu til að taka til máls í þessu máli við þessa umr., þar sem ýmsir talsmenn þessa máls hafa í hv. Ed. sérstaklega vitnað til mín um það, að það hljóti að vera óhætt að samþ. þetta frv., þar sem ég hafi verið meðal þeirra, sem þátt hafi átt í samningu þess.
Ég má að sjálfsögðu vel við una það traust, sem þessir hv. framsóknarþingmenn hafa sýnt mér, sem sérstaklega hafa rætt þetta mál þar og jafnvel rökstutt sitt atkvæði með tilvísun í aðild mína að samningu frv. En ég hefði þó kunnað betur við, ef þeir hefðu í allri afstöðu sinni til málsins hagað sér í samræmi við það, sem ég hef gert grein fyrir, bæði í umr. hér í hv. d. og einnig kom fram í sérgrg., sem ég lagði fram með húsaleigulagafrv., þegar upphaflega var frá því gengið.
Þegar þetta mál var hér til umr. í þessari hv. d. fyrst nú á þessu þingi, þá lýsti ég þeirri skoðun minni, að það væri mjög æskilegt og enda nauðsynlegt að setja almenn húsaleigulög um samskipti húseigenda og leigjenda, þar sem um það efni giltu að mestu leyti aðeins venjuréttarákvæði. Hins vegar benti ég á, að

það væri með öllu óeðlilegt og gæti ekki leitt til neins góðs, heldur miklu fremur hins gagnstæða, að við þetta frv. um almenn húsaleigulög skuli vera tengd ákvæði, sem eiga ekkert skylt við hinar almennu reglur, sem gert er ráð fyrir í samskiptum leigjanda og leigusala, heldur eru um einhliða aðgerðir af hálfu hins opinbera, sem í þá átt miða að taka að verulegu leyti undir vissum kringumstæðum eignarréttinn af þeim mönnum, sem hús eiga. Frv. er að þessu leyti til í tveimur þáttum, og þessi síðari þáttur frv., sem hefur inni að halda þvingunarákvæðin, er á engan hátt tengdur hinni almennu húsaleigulöggjöf, og hefði því verið hægt að samþ. þetta mál án þess, að þessir kaflar væru þar með.

Það hefur verið í það vitnað af talsmönnum málsins, að frv. þetta væri samið af n., sem hefði orðið sammála um málið, þ. e. a. s. algerlega sammála um 9 fyrstu kafla frv., en að meiri hluta til sammála um þvingunarákvæðin, sem ég gat um. Ég vil taka það fram hér til skýringar vegna þeirra brtt., sem komið hafa fram í hv. Ed., að eins og tekið var fram í grg., sem fylgdi frá n. hálfu í upphafi, þá var þar tekið fram, að n. hefði orðið sammála um 9 fyrstu kafla frv., en þó þannig, að það kom fram ýmiss konar sérstaða um einstök atriði. En n. allri var kappsmál að reyna að komast að sameiginlegri niðurstöðu um hin almennu réttarákvæði varðandi samskipti leigutaka og leigusala, og af því leiddi, að einstakir nm. véku í ýmsu frá sínum sérskoðunum til þess að reyna að samræma álit sín og komast að sameiginlegri niðurstöðu, þannig að því fer víðs fjarri, að ég t. d. fyrir mitt leyti hafi verið ásáttur með öll þau atriði, sem um getur í hinum almenna kafla frv. Hins vegar taldi ég engin þau ákvæði, sem þar eru sett, vera þess eðlis, að það væri ástæða til að gera um þau ágreining, enda gengu samnefndarmenn mínir til móts við mínar óskir varðandi ýmis önnur atriði, þannig að ég hygg, að eftir atvikum megi telja, að almennu ákvæðin séu sæmileg, að því undanteknu, sem bent hefur verið á bæði hér og í hv. Ed., að það er um að ræða algera nýbreytni í þessu frv., að viðhaldsskylda er lögð á leigutaka, og leiðir það af sér mjög mikil afskipti af hálfu opinberra aðila, í þessu tilfelli ýmiss konar matsmanna, og má gera ráð fyrir, að þetta skipulag geti orðið ákaflega þungt í vöfum. Við því er náttúrlega ekkert að segja, ef menn vilja taka á sig þá erfiðleika, sem þessu fylgja, og þann mikla kostnað, sem þetta hlýtur að hafa í för með sér, og það er vitanlega sjálfsagt, ef löggjafinn er að setja ákvæði sem þessi, að þá beri ríkissjóður allan kostnað af framkvæmd laganna, eins og nú hefur líka verið frá málum gengið.

Ég skal ekki ræða frekar hin almennu ákvæði laganna, en vildi leyfa mér að víkja nokkuð að heimildarákvæðunum og þó ekki orðlengja mjög um það mál, vegna þess að það er þegar margrætt, þannig að þess gerist ekki sérstaklega þörf.

Þessi heimildarákvæði eiga, að því er manni skilst, að verða til þess að bæta úr húsnæðisvandræðunum, og eiga þau auðvitað þá eina réttlætingu, ef þau megnuðu að bæta úr þeim vanda. En þá er ástæða til þess að gera sér grein fyrir því, hvort heimildarákvæðin sem slík bæta úr vandanum eða ekki. Það kann að vera, ef þessi heimildarákvæði væru notuð, að þau kynnu að binda eitthvert húsnæði á þann hátt, að komið yrði í veg fyrir, að fjölskyldum, sem þar búa, yrði sagt upp því húsnæði. En það er engin ástæða til þess að álíta, jafnvel þótt heimildarákvæðin væru notuð, — og það sýndi sig um gömlu húsaleigulögin, — að þau muni á nokkurn minnsta máta, nema síður væri, miða að því að auka íbúðarhúsnæðið, enda er þannig frá þessum kafla gengið og orðalagi hans öllu, að það er ljóst, að heimildarákvæðin, þótt notuð væru, mundu mjög leiða til þess, að menn mundu a. m. k. draga að sér hendurnar með að leigja út smáíbúðir, sem menn annars mundu nota fyrir sjálfa sig, ekki síst þar sem um er að ræða eitt og tvö herbergi með aðgangi að eldhúsi, eins og víða er leigt út til mikilla þæginda fyrir þá, sem þess fá að njóta. Ég álít því, að jafnvel þótt heimildarákvæðin væru notuð, þá mundu þau ekki megna í þá átt að leysa á nokkurn hátt húsnæðisvandræðin, nema síður væri, og er þá alveg gengið frá því atriðinu, hversu hér er um að ræða á móti stórkostlega réttarskerðingu, enn þá meiri en nokkru sinni var í þeim húsaleigulögum, sem giltu hér á stríðstímum.

Ef við athugum svo aftur hitt, hvernig þessi lagasetning mundi verka í bæjarfélögum, þar sem heimildin er ekki notuð, þá er það alveg ljóst mál, að tilvera þessarar löggjafar mundi alveg tvímælalaust verða til þess að draga verulega úr því, að húsnæði væri leigt út, því að fólki, sem á það yfir höfði sér, að sveitarstjórn geti hvenær sem er ákveðið, að þessi þvingunarákvæði taki gildi, mun ekki þykja fýsilegt að leigja út frá sér íbúðir, þegar þannig er ástatt. Enn fremur er þess að gæta, að þessi heimildarákvæði mundu vitanlega tvímælalaust verka í þá átt, að þeir, sem eru að byggja hús, og oft er það svo, að menn byggja gjarnan svo rúmt, að þeir geti leigt eitthvað út frá sér, — þeir mundu hætta við það, þar sem þeir gætu búizt við, að slíkt húsnæði yrði af þeim tekið samkvæmt þessari löggjöf. Það eru því einnig allar horfur á því, að löggjöfin mundi að þessu leyti spilla fyrir því, að leiguhúsnæði væri byggt. Nú er það vitanlega svo, að margir hafa ekki aðstöðu til að byggja, jafnvel þótt þeir fái byggingarleyfi, efnahags vegna og mega til með að leigja, það er alltaf viss hópur fólks, og það er áreiðanlega ekki í þágu þess fólks, að það sé verið að setja lagaákvæði, sem hér er um að ræða og verða til þess eins að skapa aukin vandræði á þessu sviði.

Það kann að mega rökstyðja, að eðlilegt sé, að sveitarstjórnir hafi einhverjar heimildir í sambandi við það, ef erfiðleikar eru með húsnæði í sveitarfélaginu. En ég er þeirrar skoðunar, að það sé ekki hægt að veita sveitarstjórn það vald, sem gert er ráð fyrir í XI. kafla þessa frv., um húsaleigumiðstöð, þar sem svo langt er gengið, að taka má húseignir algerlega af eig-

andanum og leigja þær út af opinberri miðstöð og húseigandinn fær ekki einu sinni að ráða því sjálfur, hvaða leigjandi er settur þar inn. Hann hefur þann eina rétt, að hann má segja þessum leigjanda upp með 6 mánaða fyrirvara, en sá réttur er harla lítill, þegar þess er gætt, að þá hefur húsaleigunefndin aftur rétt til þess að setja inn leigjanda upp á eigin spýtur, þannig að það yrði stöðugt að ganga, að maður segði upp með 6 mánaða fresti, og hefðist það eitt upp úr því, að húsaleigumiðstöðin setti inn annan mann, alveg eftir því sem henni þóknaðist, þannig að hér eru menn gersamlega sviptir umráðarétti og raunverulega eignarrétti yfir sínum eignum, og mér finnst harla varhugavert af löggjafanum að leggja inn á að fela það á vald hverri einstakri sveitarstjórn eftir eigin geðþótta.

Ég hirði ekki, eins og ég sagði hér áðan, að fara ýtarlega út í hin einstöku atriði þessa kafla. Hv. þm. hafa vafalaust kynnt sér það rækilega á ferð þessa frv. í gegnum Alþ., bæði nú og áður. En ýmis þessi atriði eru þess eðlis, að það hefði vissulega verið ástæða til að gera sér ýtarlegri grein fyrir þeim heldur en virðist hafa verið gert af flm. þessa máls og þeim, sem sérstaklega hafa barið það áfram hér í þinginu. Það er mjög eftirtektarvert við alla meðferð þessa máls, að enginn af þm. þeirra staða, sem ætla má að þetta frv. nái til, hefur gerzt flm. málsins, heldur eru það tveir hv. þm., sem hafa ekki innan sinna kjördæma neinn þann stað, sem þetta mál mundi ná til. Mér er ekki ljóst, að þeir hafi gert sér nokkra grein fyrir því, eða það hefur a. m. k. ekki komið fram í umr. þessa máls, hvaða áhrif þessi löggjöf mundi hafa, sem þeir hér beita sér svo hatrammlega fyrir að tekin sé upp, en vilja þó hins vegar ekki fallast á að gildi um land allt, einnig í þeim sveitarfélögum, sem eru minni en segir í þessum lögum, og vissulega kynni svo að fara undir vissum kringumstæðum, að þar yrðu einnig erfiðleikar með húsnæði.

Það hefur ekki verið leitað álits neins sveitarfélags eða bæjarfélags um þetta frv., þrátt fyrir það að það séu fyrst og fremst og eingöngu þau, sem komi til með að hafa gott eða bíða tjón af þessu máli. Virðist nokkuð viðurhlutamikið að samþykkja slík ákvæði án þess að bera þau undir þær sveitarstjórnir, sem frv. er fyrst og fremst miðað við. Það liggur meira að segja fyrir, að bæjarstjórn Reykjavíkur hefur ekki óskað eftir, að þessi löggjöf yrði sett, þ. e. a. s. þessi þvingunarákvæði, sem hér eru í tveim síðustu köflum þessa frv. En ætla má, að frv. hafi þó verið fyrst og fremst hugsað að bæta úr þeim vandkvæðum, sem hér eru. En bæjarstjórnin virðist ekki telja, nema síður sé, og það þeir menn, sem fróðastir eru um þetta efni hér í bæ og hafa með stjórn framfærslumála að gera, að þetta mundi bæta á nokkurn minnsta máta úr húsnæðisvandræðunum í bænum.

Málatilbúnaður allur í sambandi við þetta mál er því hinn undarlegasti, vægast sagt, og er næsta kynlegt, að flokkur, sem á ekki þingmann neins kaupstaðar þessa lands, skuli telja sig þess sérstaklega umkominn að taka þetta mál upp einn út af fyrir sig og telja það svo mikilvægt, að það verði að berja það með allri hugsanlegri hörku í gegnum þingið, án þess að sveitarfélögum og bæjarfélögum sé gefinn kostur á að lýsa skoðun sinni um það, hvort þetta mál mundi verða þeim til gagns eða ekki.

Ég lýsti því í ræðu minni hér í hv. d., er ég ræddi síðast um þetta mál, að eina viðunandi lausnin í húsnæðismálum, sem vissulega eru víða erfið, bæði hér í bæ og annars staðar, væri að reyna að byggja og koma viðunandi og mannsæmandi húsnæði yfir fólkið. Þetta er sú eina raunhæfa aðgerð, sem verður að vinna að. Og ég held, að heimildarákvæði sem þessi, sem sýnilega mundu stuðla í þá átt, að menn byggðu minna og smærri íbúðir, mundu ekki byggja leiguhúsnæði, séu ekki til þess að stuðla að því, að þetta alvarlega vandamál verði leyst. Hæstv. ríkisstj. hefur tekið það á sína stefnuskrá að leysa lánamál íbúðabygginga til frambúðar og hefur boðað, að frv. um það efni muni verða lagt fyrir haustþingið. Þegar þess er gætt, að hér er þó sýnd viðleitni til þess að bæta úr þessum vanda með hinum einu heilbrigðu ráðstöfunum, og horfur virðast á, að þarna verði á mjög sæmilegan hátt séð fyrir lánamálunum, sem auðvitað eru aðalvandamál þess fólks, sem er að byggja og efnalítið er, og einnig það, að leyst hefur verið fjárfestingareftirlit af íbúðabyggingum, þá gegnir mikilli furðu, að það skuli þykja alveg höfuðnauðsyn að knýja fram þessar stórfelldu réttarskerðingar, sem hér er um að ræða í þessu frv., ákvæði, sem ganga lengra en talið var fært að gengið væri í húsaleigulögum stríðsáranna. Þetta eru vinnubrögð, sem er ákaflega erfitt að finna nokkra skynsamlega skýringu á.

Ég vil leyfa mér að leggja hér fram till. til rökst. dagskrár í þessu máli, sem ég vil, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mér að lesa hér upp; hún er svo hljóðandi:

„Þar sem frv. þetta hefur í för með sér veigamiklar breytingar á gildandi réttarreglum og engan veginn er nægilega ljóst, hvað í hinum nýju réttarreglum felst, og þar eð frv. hefur ekki verið sent til umsagnar sveitarstjórnanna, sem málið varðar þó mjög, þá telur deildin ekki tímabært að afgreiða málið nú og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Ég sé ekki þörf á að mæla frekar fyrir þessari dagskrártillögu en ég hef þegar gert grein fyrir í minni ræðu. Álits sveitarstjórnanna um þessa löggjöf hefur alls ekki verið leitað, nema einnar sveitarstjórnar, og fulltrúi hennar hefur gert ágreining í málinu, og það liggja því fyrir fullkomin rök fyrir því, að það sé nauðsynlegt og sjálfsagt að kanna þetta mál betur, áður en horfið er að því að setja slík heimildarákvæði sem hér um ræðir. Það er venja, ef sérstakt neyðarástand skapast, að þá er sett um það sérstök löggjöf. Það er ekki hægt að sjá nákvæmlega fyrir fram, hvernig slík löggjöf ætti að vera, og verður að setjast hverju sinni, eins og alltaf hefur verið gert í slíkum tilfellum. Slíka löggjöf má alltaf setja, og er alveg ástæðulaust að tengja hana við almennar reglur

um húsaleigu og samskipti leigutaka og leigusala, sem eru sérstaks eðlis og eiga alla tíma að gilda og eiga tvímælalaust að vera í sérlögum.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram brtt. á þskj. 840. Ég álít, að það sé rétt, að um leið og sveitarstjórnirnar fá það vald, sem mælt er fyrir í 48. gr., þá sjái Alþ. líka til þess, að þær fái vald til þess að geta bætt úr húsnæðisvandræðunum. Það er svo, að nú er löggjöf til um það að sveitarstjórnirnar eigi ákveðinn rétt á hjálp frá ríkinu, allstórum lánum, til þess að koma upp íbúðarhúsum fyrir það fólk, sem býr í heilsuspillandi íbúðum, og það er vitanlegt, að þrátt fyrir ýmislegt, sem verið er að gera til þess að rýmka um húsabyggingar nú, þá er það sízt það fólk, sem nú býr í verstu íbúðunum, sem kemur til með að njóta slíks.

Það er þess vegna nauðsynlegt, að sveitarstjórnunum og bæjarstjórnunum sé gefin heimild til þess að fá að nota sér þennan rétt, sem þær eiga eftir lögunum um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kauptúnum og kaupstöðum, lögum frá 1946. En framkvæmd III. kafla þessara laga var frestað með „höggorminum" eða bráðabirgðabreytingu 1948, og síðan höfum við sósialistar flutt á hverju einasta þingi till. um, að þetta eigi aftur að koma í gildi, og ég leyfi mér nú, þegar á að gefa bæjarstjórnum og sveitarstjórnum það vald, sem mælt er fyrir í 48. gr., að fara fram á, að þeim sé líka gefið vald til þess að bæta úr íbúðaskortinum. Þegar við álítum rétt að gefa þeim vald til þess að ráðstafa þeim íbúðum, sem fyrir eru, þá er líka rétt, að þær fái það vald, sem veitt er samkvæmt lögum frá 1946 til að byggja ný íbúðarhús yfir þá, sem verst eru staddir.

Ég vil þess vegna leyfa mér að vona, að hv. deild samþykki þessa brtt. og geri þar með þetta frv. nokkru víðtækara en það nú er og geri sérstaklega bæjarstjórnunum mögulegt að gera eitthvað raunhæft til þess að auka við íbúðirnar, sem eru til ráðstöfunar. Ég held, að það sé, eins og nú er komið málum, það eina, sem nokkur von væri til að þetta Alþ. gerði til þess að bæta úr húsnæðisskortinum fyrir þá, sem verst eru staddir.

Frsm. 1. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Þegar þetta mál var til 1. umr. hér í d., var gerð nokkur grein fyrir efni frv. og því, hvernig undirbúningi málsins hefði verið háttað.

Þetta frv. er ekki samið í neinum flýti, heldur liggur á bak við það vinna nefndar, sem félmrn. skipaði til þess að athuga þessi málefni. Frv. var að sönnu flutt af mér og hv. 2. þm. Rang. að beiðni hæstv. félmrh., en málið er algerlega undirbúið á vegum ráðuneytisins, en ekki af okkur, sem tókum það til flutnings. Nefndarmennirnir, sem undirbjuggu þetta frv., voru 5, og félmrn. hefur vissulega leitazt við að velja til þess starfs menn, sem kunnugir eru þessum vandkvæðum, sem til staðar eru í sumum kaupstöðum landsins um samskipti leigusala og leigutaka. Í n. voru valdir 2 menn, sem hafa mjög góða þekkingu á bæjarmálefnum Reykjavíkur, þ. e. Ólafur Sveinbjörnsson og Þórður Björnsson. Enn fremur var fulltrúi í n. frá Fasteignaeigendafélagi Reykjavíkur, hv. 2. þm. Eyf. (MJ), sem hélt ræðu hér um málið fyrir skömmu nú við þessa umr. Fjórði maðurinn var Hannes Pálsson, sem fer með fasteignamat eða millimat á vegum fjmrn., og form. n. var þáverandi skrifstofustjóri í félmrn., Jónas Guðmundsson. Þessi n. hefur vissulega gengið að því starfi, sem henni var falið, með það í huga að finna lausn á viðkvæmu vandamáli, sem til staðar er í þjóðfélaginu, og niðurstaðan af starfi þessarar n. var frv. það, sem nú liggur hér fyrir til umr.

Það er rétt, sem fram kom í ræðu hv. 2. þm. Eyf. (MJ), að nm. urðu ekki alls kostar sammála um einstök atriði frv., en frv. sem heild er þó sent rn. af n. En einstakir nm. gerðu grein fyrir afstöðu sinni og sértill. í grg. þeirri, sem fylgdi frv., þegar það var fyrst flutt hér á Alþ. á þinginu 1951, og ef litið er á þessa sérstöðu nm., þá kemur það í ljós, að t. d. hv. 2. þm. Eyf. hefur fyrir sitt leyti fallizt á þetta frv. í meginatriðum. Sá fyrirvari, sem hann gerði í sínu nál., er um það, að það falli niður úr frv. nokkrar vissar greinar, þ. e., að 61. gr. falli niður, að 62. gr. falli niður, að 64. gr. verði umorðuð að nokkru leyti, 67. gr. og 68. gr. falli niður og loks að XI. kafli frv. falli niður, þ. e. kaflinn um húsaleigumiðstöð. Þetta eru þau ágreiningsatriði, sem hv. 2. þm. Eyf. hafði í sambandi við frv., og það er næsta eftirtektarvert, einkum í sambandi við þau orð, sem féllu hjá hv. þm. í ræðu hans hér áðan, að niðurstaða hans, þegar þessu máli var skilað í hendur rn., er, með leyfi hæstv. forseta, þetta:

„Ég vil að lokum taka það fram, að ýmis þeirra ákvæða, sem ég hef lýst mig andvígan í X. kafla frv., hefði ég ekki talið óeðlilegt að hafa í frv., ef X. kaflinn hefði einungis verið heimildarákvæði."

En nú var þessu frv., áður en það var lagt hér fram á þinginu í vetur, breytt einmitt í þetta horf, að X. kaflinn og XI. kaflinn eru heimildarákvæði.

Þetta frv. er gert af tveim meginþáttum. Annars vegar eru almenn ákvæði, sem fjalla um réttindi og skyldur leigusala og leigutaka. Um þann kafla, virðist mér, eftir að hafa kynnt mér nokkuð gögn málsins, að hafi ekki verið ágreiningur í n., sem samdi frv., eða að ágreiningur hafi komið fram á vegum rn. í meðferð þess á málinu, enda hygg ég, að það sé álit flestra manna, að það væri ávinningur að fá þessi ákvæði lögfest, og í heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. kom það greinilega í ljós, að fulltrúar Sjálfstfl. í n. voru þess albúnir að fallast á þennan þátt frv. óbreyttan. Ágreiningurinn, sem komið hefur fram um frv., hefur snúizt um hinn þátt málsins, þ. e. þau ákvæði, sem eru í frv. í heimildarformi og fjalla um vissa skerðingu á rétti manna til ráðstöfunar á húsnæði, þegar um mikla húsnæðiseklu er að ræða.

Ég verð að láta þá skoðun í ljós, að mér finnst því, að ég hafi orðið fyrir nokkrum von-

brigðum í sambandi við þetta mál hér á þingi, að ýmsir þm. í hv. Ed. — og það einkum þm. úr Alþfl. og Sósfl. — hafa lagt sig fram um það að koma inn í frv. breytingum, ekki aðeins í þann kafla, sem ágreiningur hefur verið um, heldur einnig í hinn kaflann, sem geymir almennu ákvæðin, er ekki hafa verið ágreiningsatriði. En einmitt að tilhlutun þessara hv. þm. í Ed. hefur verið komið inn breytingum á almenna kaflanum, sem að mínum dómi eru sízt til bóta.

Þó virðist mér fyrst kasta tólfunum, þegar fram kemur brtt. sú, sem nú liggur fyrir frá hv. 2. þm. Reykv. (EOl). Sú brtt. er um það að taka inn í þetta frv. ákvæði úr öðrum lögum, sem eru í eðli sínu stórfellt fjárhagsmál og ekki hefur vakað fyrir neinum, sem að undirbúningi þessa máls hafa staðið, að ættu heima í þessu frv. Það er alveg ljóst, að það, sem helzt veldur ágreiningi í þessu máli, eru þau ákvæði eða þær greinar frv., sem miða að því að bæta nokkuð aðstöðu þeirra, sem höllum fæti standa í þjóðfélaginu, ekki eiga þak yfir höfuðið, en verða að leita á náðir annarra í því efni. Þessu er varla hægt að ná nema á þann hátt að reisa nokkrar skorður í löggjöfinni við því, hvernig menn, sem húseignir eiga og leigja út, geti farið að ráði sínu í því efni. Ég hafði nú ætlað, að það mundi sízt vera von á því frá hv. 2. þm. Reykv., að hann flytti till., sem miðaði að því að torvelda afgreiðslu þessa máls á þann hátt, að ekki næðust fram þau ákvæði, sem miða að því að auka rétt þeirra, sem höllum fæti standa, en ég sé á þeirri brtt., sem hv. 2. þm. Reykv. hefur flutt, að þessu er ekki þannig farið, heldur flytur hann till., sem hver einasti maður sér að ekki á heima í þessu frv. og mun ekki greiða fyrir framgangi málsins í heild, ef hún verður samþykkt.

Ég ætla að leyfa mér að bera fram brtt. við brtt. hv. 2. þm. Reykv. Mér hefur ekki tekizt að koma þessari till. í prentun, því að hér gerast margir atburðir í senn á síðustu dögum þingsins, og verð ég því að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þessari till. minni. En sú till., sem ég ber fram, er þannig, að við meginmál 1. tölul. í brtt. Einars Olgeirssonar bætist nýr málsl., svo hljóðandi: „Um fjárframlög samkvæmt þessari málgr. fer eftir ákvæðum fjárlaga.“

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 858) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir það, sem fram kom í ræðu hv. 2. þm. Eyf. (MJ), að það er með nokkuð kynlegum hætti, þegar fram koma fulltrúar úr sveitarkjördæmum og þess flokks, sem engan kaupstaðarfulltrúa á, og ætla sér nú að lagfæra þetta lítilræði: vandkvæðin í húsnæðismálunum fyrir kaupstaðabúana. Þetta vekur þeim mun meiri furðu sem saga Framsfl. fyrr og síðar í málefnum kaupstaðabúanna og alveg sér í lagi í sambandi við húsnæðismálin er með þeim hætti, að það eitt út af fyrir sig hlýtur að vekja ugg og grunsemdir, þegar fulltrúar úr þeim flokki eru að flytja mál, sem snerta sérstaklega hagsmuni kaupstaðabúanna, en vilja þó láta í veðri vaka, að það sé gert af góðum hug og til þess að bæta úr þeim málum, sem þar um ræðir.

Það er rétt hjá hv. þm. A-Sk. (PÞ), að það mál, sem hér liggur fyrir, er tvíþætt, og það hefur ekki verið sérstakur ágreiningur manna á meðal um þann þátt þessa frv., sem fjallar um réttarsamband leigusala og leigutakanna almennt. En það er ágreiningur um hinn þátt málsins, heimildarkaflana svo kölluðu, þ. e. a. s. þau ákvæði, sem heimila svo og svo mikla réttar- og frelsisskerðingu gagnvart einstaklingunum, þegar mikil húsnæðisekla er í kaupstað eða kauptúni.

Ágreininginn, sem um þennan kafla er, ætti því í raun og veru fyrst og fremst að reyna að leysa og greiða úr með ráðstöfunum, sem eru til þess fallnar að koma í veg fyrir húsnæðisekluna og afnema orsakir þeirra vandkvæða, sem hér er verið að setja þvingunarráðstafanir um. Í raun og veru má segja, að þessum þvingunarákvæðum sé nær eingöngu stefnt gegn Reykjavík og Reykvíkingum, því að vegna þess, hvernig aðstaðan hefur verið í þjóðfélaginu og þjóðflutninga frá hinum dreifðu byggðum og til höfuðstaðarins, þá er það fyrst og fremst þar, sem húsnæðiseklan er. Nú koma fulltrúar Framsfl. og leggja á það megináherzlu að koma fram þeim þvingunarákvæðum, sem hér um ræðir, og það er þá þeirra innlegg til þess að greiða úr þessum vandamálum Reykvíkinga fyrst og fremst að setja ný og harðari þvingunarákvæði en áður hafa verið í lögum og jafnvel voru hér á stríðsárunum, þegar ástæða þótti til af þeim sérstöku ástæðum að viðhafa þær frelsisskerðingar í löggjöfinni varðandi húsaleigu, sem kunnugt er.

Það væri ekki óeðlilegt, að þeir, sem eru þekktir að því og eru kunnir að því að hafa lagt sig fram um að greiða úr húsnæðisvandamálunum, en hafa gefizt upp eða ekki getað orkað því að girða fyrir þau, kynnu sem neyðarráðstöfun að láta sér detta í hug að flytja ákvæði eins og þau, sem hér eru í X. og XI. kafla, en það er ekki eins skiljanlegt, hversu mikil áherzla er lögð á þetta af hálfu þeirra manna, sem aldrei hafa lagt sig fram um að greiða úr húsnæðiseklunni, fyrst og fremst í höfuðstað landsins, heldur þvert á móti, bæði í bæjarstjórn Reykjavíkur og á hv. Alþ. fyrr og síðar, staðið að löggjöf og tiltektum, sem miða að því að auka húsnæðisekluna í höfuðstað landsins og setja stein í götu þeirra manna, sem hafa verið að vinna að því að draga úr henni. Það þarf ekki annað en minna á það hér á stríðsárunum 1940 eða 1941, þegar hæstv. fjmrh. barðist hér um á hæl og hnakka gegn því, að leyft yrði að flytja inn byggingarefni til þess að byggja íbúðir í höfuðstað landsins og öðrum kaupstöðum, og talaði um, að ef þetta væri leyft, þá mundu þessi hús verða myllusteinar um háls þeirra, sem byggðu þau, og verðmætunum, sem í þau væri varið, væri kastað á glæ. Og ég man ekki betur en að aðalritstjóri blaðs Framsfl., Tímans, hafi sagt í janúarmánuði 1948

að það væri ósæmilegt frá alþjóðarsjónarmiði að leyfa nýbyggingar í Reykjavík til almennra íbúða. Menn, sem svona hafa talað, standa sannarlega höllum fæti, þegar þeir þykjast vera í málatilbúnaði hér að koma á löggjöf til þess að koma bættri skipan á húsnæðismál höfuðstaðarbúa og annarra kaupstaðarbúa. — Þessa sögu má rekja miklu lengra.

Á sínum tíma beitti formaður Sjálfstfl., Jón Þorláksson, sér fyrir því, að stórkostlega var efld veðdeild Landsbankans á árunum 1926—27 með erlendri lántöku, sem varð gífurleg lyftistöng í húsnæðismálum höfuðstaðarins og annarra kaupstaða og miðaði þess vegna að því í stórum dráttum að greiða fram úr þeirri húsnæðiseklu, sem þá var. Eftir að Framsfl. komst til valda hér á landi og var mikið til einráður á árunum eftir 1930, þá voru engar ráðstafanir gerðar í framhaldi af þessu til þess að viðhalda starfsemi veðdeildarinnar, og hefur hún af þeim sökum og öðrum verið lítt starfhæf hin síðari árin. En við sjálfstæðismenn höfum lagt fram till. um það og beitt okkur fyrir því, að þess yrði freistað að gera nýtt átak til þess að endurvekja starfsemi veðdeildarinnar og fyrst og fremst með það fyrir augum að vinna gegn húsnæðiseklunni og þeim vandkvæðum, sem henni eru samfara.

Í bæjarstjórn Reykjavíkur, þar sem Framsfl. hefur átt bæjarfulltrúa, er það svo, að á heilu kjörtímabili, 1946—50, flutti þessi bæjarfulltrúi Framsfl. þar enga einustu till. í húsnæðismálunum á öllu kjörtímabilinu til þess að greiða úr húsnæðiseklunni, en það eina, sem hann var við þau mál riðinn, var tillöguflutningur um að lækka bein framlög bæjarsjóðs til húsbygginga í Reykjavík. Núverandi bæjarfulltrúi Framsfl. hefur þó við og við í seinni tíð verið að flytja till. í húsnæðismálunum, sem hins vegar geta ekki skoðazt nema sýndartillögur, þegar maður verður var við það á hinu leytinu, hvaða hugarfari kaupstaðarbúar og Reykvíkingar mæta hér á Alþ. frá framsóknarmönnum og annars staðar, þar sem fulltrúar Framsfl. hafa ráðið og haft nokkur völd. Ég minni á byggingu Bústaðavegshúsanna hér í Rvík, sem er eitt stærsta átak í byggingarmálunum á síðari árum til þess að greiða fyrir almenningi til að eignast eigin íbúðir. Í þeim málum þurftu sjálfstæðismenn að standa í harðri baráttu við fulltrúa Framsfl. í fjárhagsráði, sem til lengstu laga vildu sporna við því, að Reykjavíkurbær fengi fjárfestingarleyfi til þess að hrinda þessu máli úr höfn, Reykjavík bað þá um fjárfestingarleyfi fyrir 200 íbúðum, en það vildu framsóknarmenn í fjárhagsráði þá takmarka við 40 íbúðir, og allan innflutning á byggingarefni á þessum árum, sementi og járni, vildu þeir tefja svo sem framast mátti verða, líklega með sömu forsendu og ég lýsti áðan eða því hugarfari, að þeir töldu þá, að það væri ósæmilegt frá alþjóðarsjónarmiði að leyfa nýbyggingar í Reykjavík til almennra íbúða.

Til þess að stemma stigu við húsnæðiseklunni hér í Reykjavík, fyrir utan þær beinu aðgerðir til að fjölga hér íbúðum, kemur náttúrlega fyrst og fremst til greina að breyta þeirri þróun mála, sem verið hefur, og snúa fólksstraumnum úr dreifbýlinu til Reykjavíkur aftur út til dreifbýlisins, senda eitthvað af þessum húsnæðisleysingjum í kjördæmi Páls Þorsteinssonar, hv. þm. A-Sk., og þm. Rang., meðflm., og vita, hvort þeir mundu ekki vera liðtækir í því að sjá þeim farborða. En sannleikurinn er sá, að Sjálfstfl. hefur fyrr og síðar — og ekki sízt í núverandi ríkisstj. — tekið höndum saman við Framsfl. í stórmerkum málum, sem einmitt miða að því að gera sveitir landsins byggilegri, eins og því máli, sem hér hefur verið til meðferðar á þinginu, stórauknum framlögum til raforkuframkvæmda, svo kallaðri rafvæðingu landsins. Enn fremur hefur Sjálfstfl. staðið með Framsfl. á undanförnum árum í hverju einasta af stærstu og helztu þjóðþrifamálum landbúnaðarins, sem miða að sama marki. Það er þess vegna næstum því furðulegt, hversu mikið ofurkapp fulltrúar Framsfl. leggja á það að koma í löggjöf ákvæðum varðandi húsnæðismál kaupstaðabúanna, vitandi það, að því er fyrst og fremst stefnt gegn Reykvíkingum og það er gegn vilja meiri hluta kjósendanna í Reykjavík, það er gegn ráðum þeirra manna, sem nú fara með meirihlutavald í bæjarstjórn Reykjavíkur að nýafstöðnum kosningum og er langsamlega stærsti flokkurinn og með um 50% kjósendanna að baki sér.

Ég hef áður lýst því hér á þingi í sambandi við vissa þætti húsaleigulaganna, að ég hef enga trú á þeim þvingunarráðstöfunum, sem í þeim voru og afnumdar voru, til þess að leysa þau vandkvæði, sem hér er um að ræða. Sannleikurinn er sá, að alveg eins og hin gömlu lögþvingunarákvæði húsaleigulaganna urðu þess valdandi, að það varð minna framboð á húsnæði til leigu heldur en ella hefði verið, þá er það skoðun mín, að meðferð þessa máls, flutningur þess hér og ofurkapp það, sem Framsfl. hefur lagt á framgang þess í blöðum sínum og á þingi, sé þegar farið að hafa alvarleg áhrif á framboð leiguhúsnæðis, og það mundi þeim mun fremur, ef þetta frv. yrði að lögum, eins og nú standa sakir, draga úr framboði leiguhúsnæðis, alveg með sömu rökum eins og hin eldri lögþvingunarákvæði gömlu húsaleigulaganna gerðu.

Ég vil þess vegna alvarlega vara menn við því að hrapa að því ráði að samþykkja þetta frv. eins og það nú liggur fyrir. Ég vil ekki á þessu stigi málsins gera sérstakar athugasemdir um þau almennu ákvæði þessa frv., sem fjalla um réttarsamband leigusalans og leigutakans, eins og ég vék að áðan.

Í hv. Ed. var gerð tilraun til þess, að ákvæði þessa frv., ef samþykkt yrðu, skyldu ná til sveitarfélaga, en ekki aðeins til kaupstaða og kauptúna, sem hefðu 500 íbúa eða fleiri. Það er næsta óskiljanlegt, að þeir, sem staðið hafa að þessu máli, snúist öndverðir gegn því, að þessi ákvæði heimildarkaflanna skuli einnig taka til annarra sveitarfélaga, sem hafa 499 íbúa eða færri. Ég vil þess vegna leyfa mér að freista þess að vita, hvort þroski hv. þm. í Nd. er ekki ívið meiri en hv. efrideildarmanna, með því að taka upp brtt. þess efnis, og leyfi mér að

flytja hana skriflega. Það er brtt. við 48. gr., að hún orðist svo:

„Þegar mikil húsnæðisekla er í sveitarfélagi, getur sveitarstjórn ákveðið með sérstakri samþykkt, að koma skuli til framkvæmda í sveitarfélaginu að einhverju eða öllu leyti ákvæði þessa kafla."

Þessi till. er flutt sem varatill., ef til þess kæmi, að maður sæi fram á það við atkvgr., að þetta mál ætti hvort eð er fram að ganga, og því fylgja þá aðrar till., sem leiðir af þessari brtt., þ. e., að orðið „bæjarfélagi" í 4. málsgr. 49. gr. verði „sveitarfélagi" — og orðin „kaupstöðum og kauptúnum" í 5. málsgr. sömu greinar verði „sveitarfélögum" — og í þriðja lagi, að orðin „kaupstað eða kauptúni með 500 ibúa eða fleiri" í 70. gr. verði „sveitarfélagi". Efnislega er þetta ein og sama brtt.

Ég skal ekki á þessu stigi málsins, nema frekara tilefni gefist, orðlengja um þetta, en leyfi mér að leggja fram þessa till. og biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 859) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 93. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 95. fundi í Nd., s. d., var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 870 felld með 20:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÓ, EI, GTh, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, KJJ, MJ, ÓTh, PO, SÁ, SB.

nei: EOl, EirÞ, EmJ, EystJ, GilsG, GíslG, GJóh, GÞG, HÁ, HV, BFB, JörB, KGuðj, LJós, PÞ, SG, SkG, StgrSt, ÁB, BergS.

1 þm. (EggÞ) fjarstaddur.

Brtt. 859 felld með 14:11 atkv.

— 858 felld með 19:11 atkv.

— 840,1 samþ. með 23:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, ÓTh, SÁ, SG, BergS, BÓ, EggÞ, EI, EOl, EmJ, GilsG, GJóh, GTh, GÞG, HV, IngJ, JóhH, JPálm, JR, KGuðj, KJJ, LJós, SB.

nei: PÞ, PO, SkG, StgrSt, ÁB, EirÞ, EystJ, GíslG, HÁ, BFB, JörB.

JS greiddi ekki atkv.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég get ekki fallizt á, að Alþ. afhendi bæjar- og sveitarstjórnum löggjafarvald, jafnvel þó að þær haldi tvo fundi, og segi þess vegna nei.

Brtt. 840,2 samþ. með 17:11 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BFB, JörB, KGuðj, LJós, PÞ, SG, SkG, ÁB, BergS EggÞ, EOl, EirÞ, EmJ, EystJ, GilsG, GíslG, GJóh, GÞG, HÁ, HV.

nei: IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, KJJ, MJ, ÓTh, PO, SÁ, BÓ, EI, GTh, SB.

1 þm. (StgrSt) fjarstaddur.

Frv. endursent Ed.

Á 52. fundi í Sþ., 14. apríl, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 872), en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

48. Tunnuverksmiðjur ríkisins.

Á 39. fundi í Nd., 15. des., var útbýtt:

Frv. til l. um Tunnuverksmiðjur ríkisins [130. mál] (þmfrv., A. 319).

Á 45. fundi í Nd., 11. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Þó að við flm. þessa frv. teljum, að allrækileg grein sé gerð fyrir því í grg. þess, vil ég þó minnast hér á nokkur atriði, sem ég tel mestu máli skipta í sambandi við frv.

Í niðurlagi grg. með frv. segir, að tilgangurinn með flutningi þess sé aðallega ferns konar: Í fyrsta lagi, að fá það lögfest, svo að ekki verði um villzt, að stefna beri að því, m. a. af öryggisástæðum, að smíða hér á landi allar þær tunnur, sem íslenzkir síldarframleiðendur þurfa að nota undir framleiðslu sína, að svo miklu leyti sem tunnuinnflutningur er ekki samningsbundinn við önnur ríki. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að hugsanlegt er, þótt ekki sé það ef til vill líklegt eins og nú standa sakir, að þær viðskiptaþjóðir okkar, sem nú selja okkur fullsmíðaðar tunnur, kippi að sér hendinni hvað slíka sölu snertir, og það geta vitanlega allir gert sér grein fyrir því, hvar við værum þá staddir, ef ekki væru smíðaðar hér á landi allar þær tunnur undir saltsíld, sem nota þyrfti í það og það skiptið. Ég vil benda á það, að Norðmenn og Svíar, sem hingað til hafa selt okkur beztar og ódýrastar tilbúnar síldartunnur, eru keppinautar okkar um sölu á saltsíld á heimsmarkaðinum, sérstaklega Norðmenn, og er því ef til vill skiljanlegt og að mörgu leyti eðlilegt, að þessar þjóðir séu vel á verði gagnvart okkur og ekki áfjáðar í að greiða fyrir okkur um öflun þess, sem nauðsynlegt er, til þess að við getum haldið uppi samkeppni við þær. Það hefur líka komið fyrir nýlega, að a. m. k. Norðmenn hafa sett hin fráleitustu skilyrði, sem engum dettur í hug að ganga að, fyrir sölu á síldartunnum til okkar Íslendinga. Ætti því engum blöðum að vera um það að fletta, að af öryggisástæðum er æskilegt, að smíðaðar yrðu hér á landi allar þær tunnur, sem nota þyrfti undir íslenzka framleiðslu, og væri það eitt nægilegt til þess að mæla kröftuglega með frv. þessu.

En það kemur fleira til í þessu sambandi. Í

3. lið niðurlags greinargerðar með þessu frv. segir, að tilgangurinn með flutningi þess sé að stuðla að sparnaði erlends gjaldeyris o. s. frv. Það er eðlilegt og æskilegt og í samræmi við viðleitni íslenzkra iðnaðarmanna, að sem mest sé flutt inn af óunnum vörum, til þess að íslenzkum höndum gefist kostur á að fullvinna hráefni og slá þannig tvær flugur í einu höggi, að afla atvinnu fyrir landsmenn og spara gjaldeyri, en hvort tveggja hefur komið sér vel fyrir okkur Íslendinga á undanförnum árum og gerir það enn. Tel ég óþarft að ræða á þessu stigi frekar um þennan lið.

Þá er einn höfuðtilgangur flm. með flutningi þessa frv. að bæta atvinnuástandið á þeim stöðum, þar sem tunnuverksmiðjurnar eru nú reknar, með aukinni tunnusmíði. Er vissulega ekki vanþörf á því, hvorki á Siglufirði né Akureyri, að stuðla að aukinni atvinnu verkamanna, ekki sízt um háveturinn, en fram að þessu hefur tunnusmíði aðeins verið stunduð í nokkra mánuði ár hvert. En á því tímabili, sem tunnuverksmiðjurnar hafa verið reknar, hefur einmitt verið mest þörf fyrir atvinnu í báðum þessum kaupstöðum, og hefur það því komið sér mjög vel, að þær hafa verið reknar. Ítreka ég það hér, sem í grg. frv. segir, að hingað til hefur sú atvinna, sem tunnuverksmiðjan á Siglufirði hefur veitt, meðan hún starfar, verið eina atvinnan, sem verkamenn hafa átt völ á við stórfyrirtæki á þeim tíma árs, en af aukinni tunnusmíði mundi að sjálfsögðu leiða, að rekstrartími verksmiðjanna lengdist. Er það raunar álit flm., að ef frv. þetta næði fram að ganga og þar með yrði tryggt, að allar eða nær allar tunnur fyrir íslenzka saltsíldarframleiðslu yrðu smíðaðar hér á landi, mundi það leiða til þess, að tunnuverksmiðjurnar á hvorum stað yrðu starfræktar 5—6 mánuði ár hvert.

Þá vil ég að lokum minnast nokkrum orðum á 2. liðinn í niðurlagi grg. með frv. þessu, en þar segir, að það sé m. a. tilgangurinn með flutningi þessa frv. að gera tunnur, sem smíðaðar eru hér á landi, samkeppnisfærar við erlendar tunnur sams konar, bæði hvað gæði og verð snertir. Eins og í grg. með frv. segir, hafa tunnur smíðaðar í tunnuverksmiðjum ríkisins reynzt vel og í flestum tilfellum reynzt með öllu samkeppnisfærar við erlendar tunnur hvað gæði snertir. Hins vegar eru þær eins og sakir standa nokkru dýrari en norskar tunnur, og er gert ráð fyrir því í frv., að þessi verðmismunur verði greiddur úr ríkissjóði, ef með þarf, til þess að íslenzkir síldarsaltendur þurfi ekki að bera hallann af því, að tunnur smíðaðar hér á landi, sem þeim er úthlutað, eru dýrari en ódýrustu erlendar tunnur, sem hægt er að fá. Enda þótt þessi varnagli sé sleginn í frv., er það skoðun mín persónulega, sem byggð er á áliti fróðra manna um tunnusmíði, að fari svo, að tunnuverksmiðjurnar á Siglufirði og Akureyri vinni að tunnusmíði í 5—6 mánuði samfleytt í stað 2—3 mánaða á hverju ári eins og nú er, leiði hinn lengri starfrækslutími til þess, að framleiðslukostnaðurinn lækki að mun, og sé því alls ekki víst, að nokkur verðmismunur yrði á tunnum smíðuðum hér á landi og ódýrustu erlendum tunnum, ef verksmiðjurnar yrðu starfræktar lengur óslitið á hverju ári en nú er gert. Jafnvel þótt svo færi, að greiða þyrfti að einhverju leyti niður verð tunnanna, sem smíðaðar eru hér á landi, til þess að þær stæðust samanburð við ódýrustu erlendar tunnur hvað verð snertir, — en til þess tel ég alls ekki víst að þyrfti að koma með lengdum starfrækslutíma verksmiðjanna, — mundi a. m. k. vinnast þrennt við þetta: aukin atvinna í tveim stærstu kaupstöðum norðanlands, sem ekki er vanþörf á að auka, eins og allir vita, gjaldeyrissparnaður og öryggi fyrir síldarsaltendur.

Ég vil svo leggja til, að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

49. Verklegar framkvæmdir bæjar- og sveitarfélaga.

Á 29. fundi í Sþ., 18. des., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um stuðning við bæjar- og sveitarfélög til verklegra framkvæmda, er miða að aukinni framleiðslu* [132. mál] (þmfrv., A. 338).

Á 47. og 48. fundi í Nd., 15. og 16. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Nd., 4. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég flyt hér ásamt tveimur öðrum þingmönnum, þeim hv. 4. landsk. og 9. landsk., frv. á þskj. 338 um nokkurn stuðning ríkisins við bæjar- og sveitarfélög til þess að hrinda fram verklegum framkvæmdum. Aðalefni frv. er það, að ríkisstj. sé heimilað að taka allt að 50 millj. kr. að láni og endurlána þessa fjárhæð til bæjar- og sveitarstjórna í þeim tilgangi, að bæjar- og sveitarstjórnir geti með því ráðizt í allvíðtækar atvinnulegar framkvæmdir. Í frv. er gert ráð fyrir því, að kosin verði sérstök fimm manna nefnd, sem geri till. um, hvernig þessu fé verði ráðstafað á milli bæjar- og sveitarfélaganna. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að hver sveitarstjórn um sig hafi með höndum þær framkvæmdir, sem þetta fjármagn mundi veita henni möguleika til að ráðast í.

Frv. mjög svipað þessu hefur verið flutt hér á Alþingi áður af mér og fleirum, og hef ég hér áður gert grein fyrir þeirri þörf, sem stendur á bak við þetta frv., en eins og hv. þm. er kunnugt um, þá er mjög tilfinnanlegur skortur

á því hjá mörgum bæjar- og sveitarstjórnum að fá nægilegt fé til mjög aðkallandi stofnframkvæmda heima fyrir. Í þessu efni má minna á staðreyndir eins og þær, sem alveg nýlega hafa komið fram, þegar bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum hyggst senda nefnd manna hingað til höfuðstaðarins í þeim tilgangi að leita eftir allt að 10 millj. kr. láni til aðkallandi framkvæmda bæjarfélagsins þar. Ég minnist þess líka að hafa heyrt um það nýlega, að bæjarstjórnin á Akureyri væri að sækja um margar milljónir króna að láni hér hjá Framkvæmdabankanum til aðkallandi framkvæmda þar. Svipaða sögu er að segja frá fjöldamörgum bæjarfélögum og sveitarfélögum víða um land, að þau hafa ekki getu til þess að fá nægilegt fjármagn til þess að ráðast í aðkallandi hafnarframkvæmdir, byggingar á verksmiðjum, sem gætu aukið við atvinnu á stöðunum, endurbætur á frystihúsum eða nýbyggingu frystihúsa eða til þess að kaupa fiskiskip eða smíða fiskibáta, svo að nokkuð sé nefnt af því, sem mjög mikið kallar að á hinum ýmsu stöðum.

Það virðist vera, að það, sem hér er lagt til í þessu frv., að ríkissjóður komi til móts við þessar aðkallandi þarfir sveitarfélaganna og útvegi þeim lán eða láni þeim beinlínis fé í þessu skyni, sé þess eðlis, að ríkisstj. ætti í rauninni að hafa mikinn áhuga fyrir þessu, því að það hlýtur fyrr eða síðar að koma til þess, að það mæði á stjórnarvöldunum sjálfum, ef þannig verður búið að atvinnulífinu í hinum dreifðu byggðum eða kaupstöðum og þorpum landsins, að þar falli allt saman fyrir fjárskort.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa hér lengri eða ýtarlegri framsöguræðu um þetta mál, en vona, að sú n., sem fær málið til athugunar, greiði fyrir málinu, því að ég ætla, að þeim nm. muni vera fullkunnugt um þörfina, og stuðli að því, að málið fái hér fulla afgreiðslu á þessu þingi.

Að lokinni þessari umr. vildi ég óska, að frv. yrði vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

50. Brúagjald af benzíni.

Á 31. fundi í Sþ., 5. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um brúagjald af benzíni [135. mál] (þmfrv., A. 349).

Á 43. fundi í Nd., 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Efni þessa frv. er, að lagt verði lítils háttar aukagjald á benzín, fimm aurar á hvern lítra, í þeim tilgangi, að fé því, er á þennan hátt innheimtist, verði varið til að endurbyggja stórbrýr, sem orðnar eru svo ótraustar, að slysahætta getur af því stafað að dómi vegamálastjórnarinnar. Hér á landi hefur í seinni tíð verið komið upp skipulegri starfsemi og margs konar tækjum til að veita aðstoð þeim, sem í háska eru staddir á sjó eða landi eða í lofti; jafnframt eru gerðar ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að til slysa komi. Margir hafa hér að unnið með lofsverðum áhuga, og mikið fé hefur verið lagt fram, bæði af einstaklingum og hinu opinbera, til slysavarna og hjálparstarfsemi, þegar slys ber að höndum, enda árangur að flestra dómi, sem betur fer, mjög athyglisverður.

Ég lít svo á, að frv. það, sem hér liggur fyrir, beri að skoða sem slysavarnamál, eða a. m. k. að líta beri á það frá sama sjónarmiði og hin almennu mál af því tagi.

Sumar þeirra brúa, sem fyrst voru byggðar yfir stórvötn landsins, eru nú orðnar mjög af sér gengnar, og styrkleiki þeirra var ekki miðaður við þá umferð, sem nú er á þjóðvegum landsins. Hér er því um slysahættu að ræða, og sú hætta eykst með hverju ári. Fyrir nokkrum árum hrundi hengibrúin gamla á Ölfusá. Óhætt er að segja, að mörgum hafi brugðið illa við, er þau tíðindi spurðust, og hlauzt þó ekki manntjón af, en þar munaði mjóu. Eins og menn muna ef til vill, voru tvær vörubifreiðar á brúnni, þegar hún bilaði, og lentu í ánni, en þeir, sem í bifreiðunum voru, komust af, og var þetta þó um nótt í myrkri. Nokkrum klukkustundum áður höfðu farþegabifreiðar, sumar fullskipaðar fólki, verið þarna á ferð. Í þetta skipti fór því í rauninni betur en ætla mátti. Þessi atburður mun hafa flýtt fyrir því, að brúin á Þjórsá var endurbyggð nokkru síðar.

Sú af stórbrúm landsins, sem ég tel nú brýnasta þörf á að endurbyggja, enda þekki ég þar bezt til, er hengibrúin á Jökulsá í Axarfirði, og með sérstöku tilliti til hennar hef ég flutt þetta frv. Brúin á Jökulsá í Axarfirði er byggð árið 1904 og er því 50 ára á þessu ári. Brúin var þegar í upphafi mjög óstöðug, þegar um hana var farið, og sýnist ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir, að umferðin hafi af þeim sökum reynt meira á hana en ella hefði verið. Þegar þessi brú var byggð, voru bifreiðar ekki komnar í notkun hér á landi, enda naumast um vegi að ræða, er akfærir væru bifreiðum, á þeim tíma. Sú umferð, sem þá var gert ráð fyrir, er gerð og styrkleiki brúarinnar var ákveðið, var því fyrst og fremst umferð gangandi manna eða ríðandi, klyfjahesta og hestvagna, en nú hafa síðasta aldarfjórðunginn bifreiðar farið yfir brúna, og var sú umferð mjög mikil, á meðan áætlunarbifreiðar milli Norður- og Austurlands fóru um Reykjaheiði. Umferðin milli Norður- og Austurlands á þessum slóðum hefur að vísu minnkað síðan, en þar á móti kemur svo hitt, að venjulegar vöruflutningabifreiðar eru orðnar stærri og þyngri en áður og umferð þeirra meiri. Í seinni tíð hafa verið gerðar ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að bifreiðar færu um

brúna með fullfermi, þannig að fólk hefur verið látið fara út úr stórum áætlunarbifreiðum og hleðsla minnkuð á þungum vörubifreiðum, en þrátt fyrir það er alltaf sú hætta yfirvofandi, að brúin bili skyndilega, alveg eins og Ölfusárbrúin, en þeir, sem þá væru á henni staddir, mundu vart kunna frá tíðindum að segja, því að áin er vatnsmikil og mjög straumhörð á þessum slóðum.

Það er m. a. til marks um ástand þessarar brúar, að þegar mjög hvasst er, þá gengur brúin þannig til og handriðin á brúnni, að dæmi eru til þess, að stórar bifreiðar hafa stöðvazt á brúnni af þessum sökum, jafnvel svo að klukkustundum skiptir, og þurft að sæta lagi til þess að mjaka sér áfram eftir brúnni.

Þó að ég ræði hér aðeins um Jökulsárbrú í Axarfirði og gera megi ráð fyrir, að af henni stafi mest slysahætta eins og sakir standa, þá eru þó fleiri gamlar stórbrýr hér á landi orðnar mjög ótraustar, og þarf að endurbyggja þær áður en langt líður. Í því sambandi mætti t. d. nefna brúna á Lagarfljóti.

Ég tel sérstaka ástæðu til þess að vekja athygli á því, að slysahættan, sem kann að stafa af þessari brú og öðrum, sem eitthvað svipað kann að standa á um, er ekkert sérmál þeirra byggðarlaga, sem eru næst þessum stöðum, síður en svo. Fjöldi fólks og bifreiða víðs vegar að af landinu á leið um þessa staði, einkum á sumrum, og má segja, að þar séu því allir í sama bát. Þess er því að vænta, að allir þeir, sem eiga bifreiðar og nota eða slíkum samgöngutækjum stjórna, geti orðið einhuga um, að ekki hlýði að standa gegn því, að lagt sé lítils háttar aukagjald á bifreiðabenzín, eins og hér er farið fram á, til þess að koma í veg fyrir óhöpp, sem flestum mundu verða minnisstæð, ef illa tækist til, áður en bót verður á ráðin.

Ég hef ekki trú á því, að þessi brú eða aðrar slíkar verði endurbyggðar nú á næstunni, nema Alþingi geri til þess alveg sérstakar ráðstafanir.

Á undanförnum árum hef ég ritað vegamálaskrifstofunni oftar en einu sinni um þá slysahættu, sem ég og aðrir kunnugir teldu af brúnni stafa, og auk þess rætt málið munnlega við sömu aðila. Vegamálaskrifstofan hefur að vísu talið, að hér væri hætta á ferðum, en hún hefur ekki talið það á sínu færi að leysa fjárhagsþátt málsins. Brúasjóður hefur að vísu fengið mikið fé til umráða undanfarin ár, en reynslan er sú, að miklum hluta þess fjár, sem í þann sjóð kemur, er varið til að byggja brýr, þar sem ekki voru brýr áður. Það er eðlilegt í sjálfu sér og ber ekki að lasta, því að þörfin er mikil, og mörgum finnst, sem skiljanlegt er, freistandi að láta gömlu brýrnar endast, á meðan unnt er, og nota féð til nýrra samgöngubóta. Nú hefur mér verið tjáð, að næsta verkefni sjóðsins sé að byggja brú á Hvítá í Árnessýslu hjá Iðu, sem verður mjög dýrt mannvirki. Mér hefur jafnvel skilizt, að endurbygging Jökulsárbrúar sé ekki — eða það sé vafasamt, að hún verði næst í röðinni á eftir Iðubrúnni. Um hina almennu fjárveitingu til brúa á fjárlögum er það að segja, að mér virðist lítil von vera til þess, ef að venju fer um skiptingu þess fjár, að af þeirri fjárveitingu verði hægt að fá nægilegt fé til svo dýrrar framkvæmdar sem Jökulsárbrú er á svo skömmum tíma, að viðhlítandi sé, enda er í mörg horn að líta, þegar þessari upphæð er skipt.

Ég hef á þessu þingi mælzt til þess við hv. fjvn., að hún taki til athugunar sérstaka fyrirgreiðslu í þessu endurbyggingarmáli, en sú málaleitun hefur ekki heldur borið árangur enn sem komið er, þó að mér sé vel kunnugt um, að nm. hafa áhuga á þessu máli og öðrum slíkum.

Með tilliti til þess, sem ég nú hef um þetta sagt, tel ég, að ekki megi dragast lengur að benda á sérstaka leið í þessu máli. Ef sú leið væri farin, sem lagt er til hér í frv., sem fyrir liggur, þá mundi það væntanlega bera þann árangur, að hægt yrði að hefja undirbúning að endurbyggingu Jökulsárbrúar nú á næsta sumri, og mætti þá væntanlega með góðum vilja ljúka því verki innan skamms, en þegar því væri lokið, væru þessar tekjur tiltækar til annarra aðkallandi framkvæmda af sama tagi.

Ég vil leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og til hv. samgmn.

Ég vil biðja hv. nm., sem frv. fá til meðferðar, og aðra hv. alþm. að taka þessu máli vel, því að það er af mikilli nauðsyn fram borið. Það er borið fram til að afstýra, ef verða mætti, voveiflegum atburðum, sem allir mundu harma, ef skeð hefðu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til samgmn. með 20 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 8. apríl, utan dagskrár, mælti

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Þann 5. febr. s. l. var útbýtt hér í hv. d. frv. til l. um brúagjald af benzíni.

Þetta frv. var til 2. umr. 9. febr. og var þá vísað til hv. samgmn.

Hinn 10. marz s. l. var til umr. frv. um brúargerðir, flutt af hv. samgmn. Í sambandi við þá umr. spurðist ég fyrir um það, hvað liði afgreiðslu fyrrnefnds frv. um brúagjald af benzíni hjá hv. samgmn. Mér skildist þá á hv. formanni þeirrar n., að n. hefði haft málið til meðferðar, og hafði ég ástæðu til að ætla af ummælum hans þá, að málið mundi verða afgr. úr n., áður en langt liði. Síðan er nú langur tími liðinn, og hv. samgmn. hefur enn ekki skilað áliti um málið.

Þar sem nú er orðið mjög áliðið þings, vil ég mælast til þess, að hæstv. forseti hlutist til um það, að n. skili áliti um málið.

Forseti (SB): Af tilefni þessarar fyrirspurnar og beiðni hv. þm. N-Þ. (GíslG) vil ég aðeins taka það fram, að eins og ég gat um í framsögu fyrir frv. til laga um brúargerðir, þá hefur samgmn. þrásinnis rætt frv. um brúagjald af benzíni, sem hann ræddi um. Niðurstaðan varð sú, að n. skrifaði hæstv. ríkisstj. fyrir alllöngu

og óskaði álits hennar á því, hvort hún teldi, að sú hækkun á benzíni, sem gert var ráð fyrir í umræddu frv., færi í bága við það samkomulag, sem ríkisstj. og verkalýðssamtökin gerðu með sér í desember haustið 1952. Óskaði n. svars hið fyrsta frá ríkisstj. Þetta svar hefur ekki enn þá borizt, en mér er kunnugt um það og n. í heild, að ríkisstj. hefur haft málið til athugunar.

Þetta vildi ég aðeins taka fram af tilefni fsp. hv. þm. N-Þ.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég mun að sjálfsögðu ekki ræða þetta mál efnislega. Ég vil aðeins endurtaka þau tilmæli mín til hæstv. forseta, hvað sem líður bréfaviðskiptum hv. samgmn. og hæstv. ríkisstj., að hann hlutist til um það, að n. skili áliti, þar sem nú er orðið mjög áliðið þings.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

51. Þjóðhátíðardagur Íslendinga.

Á 48. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um þjóðhátíðardag Íslendinga [141. mál] (þmfrv., A. 367).

Á 49. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Ég tel óþarft að fjölyrða um frv. það, sem ég flyt hér á þskj. 367. Málið er ljóst og þarf naumast skýringa við. Þar er að því stefnt að lögfesta 17. júní sem þjóðhátíðardag okkar Íslendinga, og er það í raun og veru aðeins staðfesting á því, sem þegar er orðið í framkvæmd. Þó að skiptar kunni að vera skoðanir um fjölda frídaga, hygg ég, að flestir séu sammála um það, að þjóðinni allri beri að halda hátíðlegan einn dag á ári, þar sem minnzt er á viðeigandi hátt íslenzkrar menningar- og frelsisbaráttu. Til þess hefur verið valinn fæðingardagur Jóns Sigurðssonar og stofndagur íslenzka lýðveldisins, 17. júní.

Þó að 17. júní sé nú, góðu heilli, vil ég segja, orðinn ótvíræður þjóðhátíðardagur okkar, hefur hann ekki verið gerður að lögboðnum frídegi. Munu fleiri en ég telja, að það sé næsta óviðfelldið. Hv. alþm. munu minnast þess, að nokkrum dögum fyrir 17. júní kemur ár hvert í blöðum og útvarpi orðsending frá forsrn., sem hljóðar jafnan eitthvað á þessa leið: Ríkisstj. mælist til þess, að 17. júní verði almennur frídagur um land allt. — Þessum tilmælum hefur víðast hvar, að því er ég bezt veit, verið vel tekið og dagurinn almennt hátíðlegur haldinn. En þó að svo sé, er þessi háttur ekki alls kostar viðkunnanlegur, og virðist mér sjálfsagt að gera 17. júní að löghelgum þjóðhátíðardegi, eins og lagt er til í þessu frv. Á stöku stað hefur einnig á því borið, að sérstök félagssamtök eða hópar manna hafa reynt að setja sinn svip á daginn í ríkari mæli en eðlilegt er. Þessi dagur á að sjálfsögðu að vera hátíðisdagur allra Íslendinga jafnt, hafinn yfir allar erjur og kryt, skoðanamun og stéttaskiptingu. Eðlilegt virðist því að fela með löggjöf bæjar- og sveitarstjórnum að hafa forustu um hátíðahöld þennan dag, svo og að gæta þess, að einstaklingar eða ákveðnir hópar manna reyni ekki að misnota þjóðhátíðardaginn eða setja á hann óviðfelldinn svip.

Ég legg til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

52. Jarðræktarlög (frv. BergS).

Á 48. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1952 [142. mál] (þmfrv., A. 368).

Á 49. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bergur Sigurbjörnsson): Herra forseti. Á þskj. 368 flyt ég frv. að tveimur brtt. við jarðræktarlögin. Með frv. þessu fylgir nokkur grg., og vænti ég, að hv. þm. hafi kynnt sér hana og sé því ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta frv. Ég vil þó ekki láta hjá líða að bæta nokkru við það, sem í grg. segir.

Undir fyrri liðnum er breytingin í því fólgin, að þar er lagt til, að jarðabótastyrkur sé greiddur til endurræktunar túna. Nú er það svo, að styrkur til þessara framkvæmda er ekki greiddur almennt, en hins vegar munu vera þess dæmi, að styrkur hafi þó verið greiddur til einstakra manna út á slíka endurræktun, og við það hefur skapazt nokkurt misræmi á milli manna. Slíkt er eins og nú er ástatt háð þeim trúnaðarmönnum, sem mæla jarðabætur hverju sinni.

Mér segja fróðir menn um landbúnað, að nýrækt og sú forrækt, sem nú hefur verið undirbúin í sveitum landsins, sé víða orðin það mikil, að nægilegt megi teljast, a. m. k. eins og háttað er um bústofn okkar nú og mun verða næstu árin. Hins vegar skortir mikið á, að nægilega vel hafi verið frá ræktuninni gengið, og má því telja, að það land, sem nú er í rækt, gæti með betri ræktun og gróðursetningu skjólbelta gefið mun meiri uppskeru en nú er og þannig framfleytt stærri bústofni. Í því sambandi er

rétt að hafa í huga, að þegar tún voru ræktuð fyrir nokkuð mörgum árum, þá voru ekki til þau áhöld og sú tækni, sem nú er, og þess vegna var af þeim sökum ekki unnt að gera þau tún þannig úr garði, sem nú er hægt. Er þá fyrst og fremst að gæta þess, að þau tæki, sem nú eru til að færa til í túnum, eru mun betri en áður var, en gömlu túnin eru víða að ganga úr sér og falla í órækt, vegna þess að það vantar á þau halla og myndast í þeim kal.

Það hlýtur öllum að vera ljóst, að það væri mjög óhagstætt frá þjóðhagslegu sjónarmiði, ef það skyldi verða ofan á í ræktunarmálum landsins, að gömlu túnin, sem þannig voru úr garði gerð í upphafi eins og ég hef lýst, yrðu látin falla í órækt, eingöngu vegna þess að styrkjapólitík í landbúnaðinum væri þannig háttað, að hún freistaði manna fremur til að ráðast í nýrækt og láta gömlu túnin ganga úr sér og falla í órækt, þar sem svo hagaði til, að í þau væri komið kal og þau skiluðu ekki þeirri uppskeru, sem æskileg eða arðvænleg þætti. Það hlýtur líka öllum að vera ljóst, að það yrði mun ódýrara fyrir hið opinbera að veita styrk til endurræktunar gömlu túnanna heldur en til nýræktarinnar, vegna þess að í nýræktinni er veittur styrkur bæði út á framræslu, grjótnám og girðingar, fyrir utan sléttunar sjálfar, en í gömlu túnunum yrði nær eingöngu um að ræða styrk út á endurræktunina, þ. e. a. s., styrkur til skurða og girðinga og grjótnáms hyrfi að mjög verulegu leyti. Það má því ekki skoða það svo, að hér sé fyrst og fremst um að ræða að auka styrk til ræktunar eða veita nýja styrki, heldur mundi reyndin miklu fremur verða sú, að heildarstyrkveitingar gætu jafnvel orðið minni með þessu móti til landbúnaðar heldur en ef nýræktin er þanin út, en gömlu túnin látin ganga úr sér. Þá þykir mér líka rétt að taka það fram, þó að óþarft ætti að vera, að það þarf enginn að ætla, að bændur mundu fara að brjóta upp gömlu túnin eingöngu vegna þess, að styrkur væri veittur til endurræktunar þeirra, því að hann yrði að sjálfsögðu svo lítill, að það borgaði sig aldrei að brjóta upp tún í góðri rækt, heldur þá og því aðeins, að það væri fallið í órækt eða farið að gefa mjög lítinn arð.

Um síðari lið till., sem er nýr liður, þ. e. a. s. að veita styrk út á skjólbelti í ræktunarlöndum, get ég verið miklu fáorðari. Til skýringar þeim lið er flest það sagt í grg., sem segja þarf. Ég vil aðeins geta þess, að skjólbelti eru fyrir utan það, sem sagt er í grg. um gildi þeirra fyrir aukningu uppskerunnar, m. a. nauðsynlegur undanfari þess, að hægt sé að hefja gróðursetningu nytjaskóga í verulegum mæli, vegna þess að nytjaskógurinn þarf skjól eins og annar gróður fyrst og fremst, og skjólbeltin kæmu honum því einnig að verulegum notum. En eftir að nytjaskógi er plantað í skjóli skjólbeltanna, þá eru skjólbeltin fyrst orðin fullkomin í sjálfu sér, vegna þess að barrskógurinn er hið bezta og öruggasta skjólbelti, sem um er að ræða.

Ég vil geta þess hér, að um þessi mál hef ég rætt og aflað mér upplýsinga hjá nokkrum bændum og mönnum, sem hafa til að bera sérfræðilega þekkingu á landbúnaði, og hafa þær umræður mínar við þá menn leitt til þess, að ég hef flutt þetta frv. hér Vona ég, að þingmenn taki þessum málum með skilningi og vinsemd og þetta frv. nái fram að ganga nú á þessu þingi.

Ég vil svo mælast til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og landbn.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Mér skildist á hv. 8. landsk., sem hafði framsögu fyrir þessu máli, að það væri yfirleitt verr búið að bændum við að rækta gömlu túnin heldur en að taka fyrir nýrækt. Slíkt hygg ég að sé alger misskilningur, vegna þess að það hafa verið ákvæði í jarðræktarlögunum nú um tólf ára skeið, sem gera mönnum það miklu auðveldara fjárhagsins vegna að leggja í endurræktun gömlu túnanna heldur en í nýrækt, vegna þess að styrkurinn til endurræktunar á gömlum túnum er um helmingi hærri en til nýræktar, og sér þá hver heilvita maður, hvort ekki er auðveldara fyrir bóndann að endurrækta sitt gamla tún heldur en að ráðast í nýrækt, sem kostar margfalt meira undir flestöllum kringumstæðum.

Það var á árunum 1942, sem var fyrst hafizt handa um að veita styrk — þá til tíu ára — til að rækta gömlu túnin. Þessi ákvæði gilda enn í dag. Það má margt um þessi mál ræða, en ég ætla ekki að fara út í neinar víðtækar umr. um þau nú að þessu sinni.

Flm. (Bergur Sigurbjörnsson): Herra forseti. Ég verð að játa, að það kom mér nokkuð á óvart, að hv. þm. Dal. og form. hv. landbn. skyldi halda því hér fram, að styrkur til endurræktunar gamalla túna væri nú helmingi hærri en til nýræktar. Það eru ekki nema tveir dagar síðan ég spurði hv. 1. þm. N-M., núverandi búnaðarmálastjóra, um þessi mál, og fullyrti hann einmitt við mig það, sem ég hafði heyrt marga fullyrða áður, að styrkur til endurræktunar gamalla túna í þeim skilningi, sem lagt er til í frv. mínu, sé alls ekki greiddur. Hins vegar mun hv. þm. Dal. sennilega eiga við það, að nú er greiddur styrkur út á ræktun túnþýfis, en túnþýfi er í sjálfu sér allt annað en það, sem ég á við í þessu frv. með endurræktun gamalla túna, þ. e. a. s. túna, sem eru komin í órækt vegna kals eða þá vegna þess, að þau eru búin að vera svo lengi — við skulum segja 50—80 ár — í ræktun og þurfa nauðsynlega endurræktunar við, til þess að þau geti gefið nokkurn arð. En þegar ég sá, hvernig hv. þm. Dal., sem er bóndi sjálfur, tók á þessu máli, þá fór ég að velta því fyrir mér, hvort það væri ekki vænlegra málinu til framdráttar og til þess að því yrði tekið með meiri skilningi að vísa því jafnvel heldur til hv. fjhn. en til hv. landbn. Þó mun ég ekki að svo komnu máli breyta fyrri till. minni í því efni.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég sný ekki til baka með það, að þau ákvæði eru enn þá í gildi og voru framlengd nú fyrir tveimur árum, að það skuli greiða 400—500 kr. í grunn-

styrk á hektara til ræktunar gömlum túnum, bæði túnþýfis og gamalla túnasléttna, sem ekki voru lengur neinar sléttur, heldur orðnar að túnþýfi, þótt þær hefðu verið sléttaðar fyrir mörgum áratugum. Ég geri ráð fyrir, að þeir bændur, sem hafa góð tún í fullri rækt og þau véltæk, fari ekki að leggja í neinn tilkostnað við þau, þar sem vafalaust er alls staðar þannig háttað, að það vantar meira ræktað land, svo að ég álít, að ég hafi algerlega farið með rétt mál, og hygg, að till. hv. 8. landsk. sé að því leyti til óþörf.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

53. Sogsvirkjun (frv. EOl og SG).

Á 50. fundi í Nd., 19. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um lántökuheimild og ríkisábyrgð til virkjunar Efri-Fossa við Sog [148. mál] (þmfrv., A. 379).

Á 52. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja hér fram frv. ásamt hv. 6. þm. Reykv. um lántökuheimild og ríkisábyrgð til virkjunar Efri-Fossa við Sog og sé þessi heimild bæði um lántöku og ábyrgð til handa stjórn Sogsvirkjunarinnar.

Ég hef að vísu flutt hér áður á þingi, og það mun liggja í n. nú, frv. um að heimila ríkisstj. að taka lán, allt að 90 millj. kr., í þessu skyni, og ég mun koma nokkru nánar inn á ástæðuna til þess, að ég nú flyt þetta frv. sérstaklega. Sú till., sem ég þá flutti, var í allstóru frv., sem hér var lagt fram og mjög margþættar framkvæmdir eru í. Það frv. liggur enn þá í nefnd, og ég veit nú ekki, hvenær það kemur úr henni, en í öllu falli veit ég, að um ýmislegt í því frv. mundu geta orðið nokkrar deilur og mismunandi skoðanir. Hins vegar hef ég kosið að taka þetta mál sérstaklega út úr og ásamt hv. 6. þm. Reykv. flutt það nú í þessu formi, sem það liggur fyrir. Ég skal taka það um leið strax fram, að þegar ég orða þarna stjórn Sogsvirkjunarinnar, þá geri ég það með tilliti til þess, sem ég síðar mun reyna að rökstyðja, að það sé, eins og sakir standa nú, heppilegast að veita henni þessa heimild, og geri ég það ekki, þó að ég sé sjálfur meðlimur í stjórn Sogsvirkjunarinnar, í samráði við stjórn Sogsvirkjunarinnar í heild, heldur án þess að hafa rætt við hana um það.

Ég held ég þurfi ekki að eyða neinum orðum að því, hvílík nauðsyn sé á því fyrir Reykjavík og Suðvesturland yfirleitt, að hafizt sé handa nú í ár, ekki seinna en í sumar, um virkjun efri fossanna við Sogið. Það er búið að ræða það mál hér oft, og ekki síst kom það greinilega fram í ýmsum umræðum í síðustu bæjarstjórnarkosningum, að það væri alveg óhjákvæmilegt fyrir Reykjavík og allt Suðvesturland, að komin yrði upp ekki síðar en árin 1956—57 þriðja virkjunin, þ. e. virkjunin við efri fossana í Soginu. Það er vitanlegt, að ef það er ekki — og jafnvel áður en að því ári kæmi, þá getur verið komið næstum „katastrófu"-ástand hér í Reykjavík hvað rafmagnið snertir, en „katastrófu"-ástand kalla ég það, ef það verður að fara annaðhvort að skammta aftur rafmagnið eða þá að það verður að fara að setja olíustöðina inni við Elliðaár í gang og keyra hana svo og svo mikinn hluta sólarhringsins og framleiða kwst. á 30, 40, 50 aura í nettókostnaði, þegar áburðarverksmiðjunni er selt samsvarandi á rúman einn eyri. Það er þess vegna að öllu leyti alveg óhjákvæmilegt, að þessi virkjun sé til eftir 2—3 ár, og hún verður það ekki, nema því aðeins að það fáist heimild nú á þessu þingi og sé hægt að vinna í því undireins að útvega þetta lán.

Ég vil enn fremur taka það fram, eins og ég hef áður gert, að frá hendi stjórnar Sogsvirkjunarinnar er það náttúrlega óþolandi ástand að vera af ríkisstj. knúin til þess að gera samning við áburðarverksmiðjuna um 15 ára sölu á rafmagni með ákveðnu verði, án þess að hafa tryggingu fyrir því að vera búin að koma upp þriðju Sogsvirkjuninni innan þriggja ára. Það er óþolandi ástand fyrir Sogsvirkjunina og hennar eigendur, ríkið og Reykjavíkurbæ, að standa lögfræðilega ábyrg fyrir því, þó að þau geti raunverulega ekki verið siðferðilega ábyrg, að láta áburðarverksmiðjunni í té rafmagn eða þá hins vegar að verða að standa frammi fyrir því að skammta rafmagnið við áburðarverksmiðjuna þannig, að hennar framleiðsla meira eða minna eyðileggist. Ég vil aðeins minna á þetta, ég ætla ekki að endurtaka það, ég hef svo oft minnzt á þetta hér áður, og því hefur ekki verið á móti mælt, að það sé alveg nauðsynlegt, að þriðja virkjunin við Sogið sé kláruð ekki seinna en 1956—57.

Þá er hitt, sem er aðalatriðið, og það er spurningin um getuna til að fá lán. Það liggja nú þegar fyrir nokkurs konar bráðabirgðaáætlanir um þriðju virkjun Sogsins, þar sem rætt er um, að hún muni kosta 90—100 milljónir, og þess vegna er upphæðin miðuð við það.

Hæstv. ríkisstj. gaf út yfirlýsingu, þegar hún tók við, þar sem hún sagði, að hún mundi vinna að því að reyna að útvega lán til þriðju virkjunar Sogsins. En hún tók fram í þeirri yfirlýsingu, að a. m. k. tvennt mundi ganga á undan, annars vegar lán til sementsverksmiðju, hins vegar lán að upphæð um 100 millj. kr. eða allt að því til raforkuvera úti um land, og þá sérstaklega til Austur- og Vesturlands, sem skortir alveg tilfinnanlega rafmagn. Með þessari yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. var þess vegna raunverulega sagt: Útvegun láns til Reykjavíkurbæjar eða til Sogsvirkjunarinnar verður af

hálfu ríkisstj. látin sitja á hakanum fyrir þessu tvennu. — Þó að ríkisstj. náttúrlega ekki að neinu leyti annars skorti vilja til þess að vinna að því að útvega lán handa Sogsvirkjuninni, þá er það hennar álit, að þetta tvennt verði að ganga á undan, og ég ætla engan veginn og síður en svo að deila á það.

Nú mun ríkisstj. þessa fimm mánuði, sem hún hefur setið að völdum, hafa verið nokkuð að athuga um sinn gang í þessum málum. Og árangurinn af fimm mánaða setu ríkisstj. og umhugsun hennar um þessi mál liggur fyrir í yfirlýsingu frá hæstv. forsrh. í morgun, yfirlýsingu, sem gefin er í Morgunblaðinu og ég ætla að leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að vitna í. Hann segir um sementsverksmiðjumálið, að „samkv. beinni uppástungu minni," segir þarna orðrétt, „hefur því verið samþ. í ríkisstj., að eftir þessu ákvæði stjórnarsamningsins skuli ekki farið, heldur tekið tillit til breyttra aðstæðna og fjár aflað til annarra stjórnarframkvæmda, eftir því sem auðið þykir."

Að vísu er þetta ekki mjög nákvæm yfirlýsing, en af henni virðist þó a. m. k. mega ráða, að það sé nokkur snurða hlaupin á þráðinn viðvíkjandi sementsverksmiðjumálinu, — ég veit ekki, hvaðan sú snurða kemur, hvort hún kemur t. d. vestan að, hvort það hafi þurft að spyrja um leyfi til þess að fá lán, og það fæst nú kannske skýrt, hver snurðuna hefur sett á þráðinn, — þá virðist a. m. k., að nokkur frestur muni verða viðvíkjandi lánamálinu til sementsverksmiðjunnar. En þó er þetta það óljóst orðað, að e. t. v. gæti þetta líka verið öfugt og hugsað væri um að afla þessa fjár með einhverju öðru móti, þannig að það kæmi kannske fram í þessum umræðum. Ég vil þó skjóta því fram, að ég vil leyfa mér að vona, að hæstv. ríkisstj. sé ekki að tengja þá samninga, sem núna standa yfir, um endurskoðun hernámssamningsins, við neinar lánaumleitanir um þessi mál, sementsverksmiðjuna eða raforkumálin, og ég vil leyfa mér að vona, að þessi yfirlýsing, sem nú kemur allt í einu fram, á meðan þessir samningar standa yfir, standi ekki í neinu sambandi við endurskoðun þessa samnings. Hins vegar væri það mjög æskilegt, að þegar svona yfirlýsingar eru gefnar frá hæstv. forsrh., þá sýni hann Alþ. þá virðingu að leyfa Alþ. stundum að heyra svona hluti, áður en þetta kemur í hans flokksblaði. Það virðist þó að einhverju leyti liggja nær, að hæstv. ríkisstj. léti Alþ. fylgjast með, hvernig gengur með uppfyllingar á hennar loforðum, og léti ekki bara flokksblöðin flytja þetta, án þess máske einu sinni að ríkisstj. sé þá sjálf til staðar á Alþingi til þess að gefa alþm. nánari skýringar á þessu.

Þá segir hæstv. forsrh. enn fremur í þessari yfirlýsingu, sem birt er í Morgunblaðinu í morgun, eftirfarandi viðvíkjandi lántökunum til raforkuframkvæmda, með leyfi hæstv. forseta:

„Varðandi raforkuframkvæmdirnar sérstaklega er það að segja, að Landsbankinn hefur tekið tillögum ríkisstj. um fjáröflun til þeirra treglega, og hefur stjórnin enn þá ekki ákveðið, hvort hún á þessu stigi málsins vill setja löggjöf um þessa fjáröflun, enda þótt það kynni að vera á móti vilja Landsbankans, eða hvort reynt skuli að afla alls þess fjár, sem þarf til fyllstu framkvæmda á þessu ári, og þess síðan freistað að ná heildarsamkomulagi við Landsbankann og aðra íslenzka banka, en leggja frv. um endanlega lausn málsins fyrir Alþ. á komandi hausti."

Svo segir hæstv. forsrh. Mér skilst sem sé, að það mál sé nú þegar komið á dagskrá í ríkisstj., hvort það eigi að fresta að leggja fram frumvörp um endanlega lausn á raforkumálunum þar til næsta haust. Það er eftirtektarvert, að þessar yfirlýsingar hæstv. ráðh. skyldu ekki koma fyrir bæjarstjórnarkosningar. Þá var ákaflega mikið um það talað, hve gífurlegan vilja ríkisstj. hefði í þessum efnum, og ekki sízt borgarstjórinn í Reykjavík gaf yfirlýsingar um það, hve óhætt Reykvíkingum væri að treysta því algerlega, að ekki aðeins hefði ríkisstj. góðan vilja, heldur hefði ríkisstj. og líka mikinn mátt, sem hún vissulega hefur, því að náttúrlega hefur ríkisstj., sem hefur meiri hluta hér á Alþ. á bak við sig, ekki neinar afsakanir fram að færa um, hvernig gangi að semja við einhverjar stofnanir ríkisins. Það er ekki til neins að vera að bjóða alþm. upp á slíkt. Og hvað snertir það, sem þarna er talað um Landsbankann, þá hefur nú ríkisstj. upp á síðkastið fyrst og fremst talað við okkur um Framkvæmdabankann, sem hún hefur sjálf afhent mótvirðissjóðinn, þannig að hún getur ósköp vel ráðstafað þessum málum eins og henni þóknast og hefur enga afsökun fram að færa í sambandi við þessi mál.

Nú vil ég hins vegar leyfa mér að segja það, fyrst ríkisstj. á í þessum erfiðleikum viðvíkjandi raforkuframkvæmdum og lánum til þeirra úti um land, til fjórðunga, sem þurfa þess eins mikið með og Austurland og Vestfirðir, að ég álít, ef ríkisstj. á í svo miklum erfiðleikum með lán til raforkuframkvæmda fyrir þessa fjórðunga, sem vissulega þurfa þeirra með, að það komi fyllilega til mála, að Reykjavíkurbær geti klárað sín mál sjálfur, án þess að ríkisstj. þurfi að vera að útvega lán handa Reykjavíkurbæ eða Sogsvirkjuninni. Og ég álít a. m. k., að fyrir Reykjavík og Suðvesturland sé það svo brýnt, að ráðizt sé í virkjun Sogsins nú þegar í ár og engin töf verði þar á, að svo framarlega sem hæstv. ríkisstj. treystir sér ekki til þess nú þegar að segja, að meðan þetta þing stendur muni hún útvega þetta lán, þá sé betra að gefa Sogsvirkjunarstjórninni réttinn og valdið til þess að vinna að því að útvega lánið og hefja virkjunina. Ég álít, að það væri algerlega ófært, ef frumvörp um raforkuframkvæmdirnar fyrir Austurland og Vestfirði ættu að bíða til hausts og leggjast fyrst fyrir Alþ. eftir 9. okt. í haust og frv. um lántöku handa Soginu ætti að koma þar á eftir. Ég álít, að sá dráttur yrði alveg óþolandi og allt of dýr. Þess vegna hef ég flutt frv., og það er að mínu leyti ekki skoðað sem neitt vantraust á ríkisstj., heldur þvert á móti sem aðgerð til að reyna að hjálpa henni í þeim erfiðleikum, sem ég þykist vita að

hún eigi í, m. a. í sambandi við að útvega þeim fjórðungum, sem ég nefndi áðan, það, sem þeir þurfa til framkvæmdanna, — þá álít ég, að það sé rétt og nauðsynlegt, að Alþ. ræði nú, hvort ekki væri rétt að gefa stjórn Sogsvirkjunarinnar heimild til þess að taka lán innanlands og utan.

Ég verð að segja það, að hæstv. ríkisstj. og ríkisvaldið hefur ekki beinlínis verið neinn léttur baggi að bera í sambandi við þær virkjanir, sem framkvæmdar hafa verið. Og sannleikurinn er, að ríkisstj. og hennar afskipti þarna hafa orðið ægilegur baggi á Sogsvirkjuninni. Sogsvirkjunin sjálf upp frá og leiðslurnar hingað niður eftir kostuðu 165 millj. kr. Ríkisstj. tók í söluskatt og aðra tolla af vélunum til Sogsvirkjunarinnar yfir 20 millj. kr., sem sé í beinan gróða til sín af vélunum til Sogsvirkjunarinnar. Enn fremur tekur ríkisstj., og það er það eina, sem fer fram úr áætlun í sambandi við Sogsvirkjunina, 9 millj. kr. í vexti af því fé, sem hún lánar, bara meðan verið er að byggja Sogsvirkjunina sjálfa, — 9 millj. kr. í vexti, með þeim okurvöxtum, sem ríkisstj. ákvað með lögum hér á Alþ., sem ég barðist mjög mikið hér á móti að sett væru á og ríkisstj. lætur reikna allan þennan virkjunartíma, án þess að nokkurn tíma hafi verið gengið út frá því í virkjuninni og þveröfugt við allt, sem menn höfðu gert sér vonir um. Það eru um 30 millj. kr., sem ríkisstj. í söluskatti, tollum og vöxtum, meðan á byggingunni stendur, hefur tekið af þeim 165 millj. kr., sem kostaði að koma upp Sogsvirkjuninni. Það er anzi langt gengið. Og ég vil skjóta því til þeirra hv. þm., sem af eðlilegum ástæðum hafa sérstakan áhuga á að koma upp virkjunum og að þeim sé hraðað fyrir ýmis byggðarlög, ekki sízt eins og Austurland og Vestfirði, að það er anzi hart fyrir þau fátæku byggðarlög að verða að greiða tugi milljóna króna bara í söluskatt og þannig gróða til ríkisstj. af vélum til þessara fjórðunga, ef það ástand er látið haldast áfram.

Ég held nú þess vegna með tilliti til þess — og ríkisstj. hefur ekki fengizt til að breyta neinu í þessu — þá ætti ríkisstj. að láta sér nægja að taka 15—20% af virkjunarkostnaðinum á Íslandi í gróða til sín og vera ekki að skipta sér af því meira, að fólkið á þessum stöðum fái lán. Ég álít sem sé, að Reykjavíkurbær og eigendur Sogsvirkjunarinnar geti aflað sér sinna lána sjálfir. Nú er að vísu ríkið meðeigandi í Sogsvirkjuninni, og undarlegur meðeigandi, því að öll afskipti ríkisvaldsins þannig hafa aðeins komið fram í því, að ríkið hefur heimt til sín stórfé af Sogsvirkjuninni, en ekki lagt sjálft fram einn einasta eyri til hennar. Ég álít þess vegna, að það sé lífsspursmál, að í þessu tilfelli bæjarfélag Reykjavíkur fái leyfi til þess — og þá ríkið — að reyna sjálft um lán til Sogsvirkjunarinnar. Ég vil í því sambandi minna á, að ég held, að það sé rétt með farið hjá mér, að þegar Ljósafossstöðin var reist, þá gerði Reykjavíkurbær það einn og var einn eigandinn. Það var á krepputíma, og það var ekki ríkisábyrgð, a. m. k. var það ekki upphaflega, vegna þess, eins og menn muna, að 1934 setti Hambros Bank bann á það, að ríkisstj., sem þá settist að völdum, fengi að veita ríkisábyrgðir fyrir slíku. Þess vegna varð fyrst viðvíkjandi hitaveitunni og Sogsvirkjuninni að vinna að því án ríkisábyrgðar, þótt að lokum hafi svo fengizt ríkisábyrgð fyrir nokkru af þessu. En ég álít, að við stöndum betur að vígi en við stóðum þá. Okkar aðstaða er öll betri efnahagslega en þá var fyrir okkur, þegar hitaveitan og Sogsvirkjunin voru í undirbúningi, og þess vegna er gefið, að nú ættu að vera möguleikar á því fyrir okkur að útvega þetta lán til handa Reykjavíkurbæ og Sogsvirkjuninni, án þess að ríkisstj. þyrfti endilega að hafa þar milligöngu.

Ég veit, að það er eitt, sem kemur mjög mikið til greina í þessu sambandi, og það eru spursmálin um gjaldeyrisgreiðslurnar. Af 90—100 millj. kr. virkjunarkostnaði við efri fossana í Soginu mundi líklega útlendi gjaldeyririnn vera milli 45 og 50 millj. kr. Það mun láta nærri að vera upphæð, sem samsvarar því, sem fjórir af togurum bæjarútgerðar Reykjavíkur geta framleitt á einu ári, ef þeirra fiskur væri allur saman unninn hér innanlands. Reykjavíkurbæ mundi þess vegna ekki, ef hann að einhverju leyti fengi að ráðstafa þeim gjaldeyri, sem togarar hans afla, verða nein skotaskuld úr því meira að segja sjálfum að standa ábyrgur fyrir því að láta í té gjaldeyrinn, sem þyrfti til þess að borga erlendis þær vélar, sem teknar væru að láni. Ég álít þess vegna, að svo framarlega sem ríkið að sínu leyti veitir ríkisábyrgð, þá mundi vera hægt fyrir stjórn Sogsvirkjunarinnar og Reykjavíkurbæ að útvega sér sjálf lán til þessara hluta. Og ég álít, að það sé nauðsynlegt, að þetta sé reynt. Ég geri þetta ekki endilega vegna þess, að ég viti ekki, að svo framarlega sem ríkisstj. ynni að þessu, þá mundi þetta vafalaust ganga fljótar, — ég veit, að það er lítill vandi fyrir ríkisstj., ef hún einbeitti sér að því, að útvega slíkt lán, ef hún hefði fullan vilja á því. En ríkisstj. er búin að lýsa því yfir, að hún láti flest annað ganga á undan, og það liggur fyrir yfirlýsing frá ríkisstj., að það séu dálitlir erfiðleikar með þetta tvennt, sem eigi að ganga á undan. Ég álít hins vegar, að virkjun efri fossanna og það að byrja hana þoli ekki bið. Þess vegna álít ég, að það væri ekki nema rétt, að Reykjavíkurbær og stjórn Sogsvirkjunarinnar reyndu fyrir sitt leyti að útvega þessi lán. Auðvitað þyrfti ríkissjóður, sem líka er þarna meðeigandi að sínu leyti, að ábyrgjast, en starfið að því að útvega lánin mundi þá hverfa til þessara opinberu stofnana.

Ég tek ekki Sogsvirkjunina neitt sérstaklega út úr hvað þetta snertir. Ég álít, að þetta ætti ekki að vera neitt einstætt dæmi. Ég vil satt að segja lýsa því yfir, að ég álít, að það væri heppilegt, að bæjarfélögin á Íslandi fengju meira frelsi en þau hafa haft til þess að mega vinna að því að útvega lán erlendis og taka lán erlendis til nauðsynlegra framkvæmda, ekki sízt framkvæmda, sem skapa gjaldeyri, eða að öðru leyti í þarfar og nauðsynlegar framkvæmdir. Frá því að l. voru sett út af

Bretton Woods samningunum, sem bönnuðu bæjarfélögunum eða opinberum stofnunum að taka lán, án þess að ríkisstj. samþykkti það, hafa verið lögð alveg óhæfilega — liggur mér við að segja — mikil höft á bæjarfélögin í þessu skyni, og ég veit, að það eru nú þegar vel stöndug bæjarfélög í landinu, sem gjarnan vildu vinna að því að útvega sér lán einmitt til aukinna framkvæmda, bæði arðbærra framkvæmda og framkvæmda, sem gæfu gjaldeyri, ég veit, að þau geta fengið lán erlendis, og það stendur aðeins á því, að ríkisstj. leyfi þeim að taka lánin. Ég held þess vegna, að það sé óheppileg stefna, sem framkvæmd hefur verið af hálfu hæstv. ríkisstj., að hefta svo frelsi bæjarfélaganna, sem eru að reyna að auka hjá sér framleiðslu, eins og gert hefur verið. Við munum það allir, sem þekkjum til dálítið fyrir það, að haftatíminn skall á hjá okkur 1934, að allan þann tíma, þ. e. fyrsta þriðjung aldarinnar, er það algengt fyrirbæri, að bæjarfélögin á Íslandi taki lán erlendis með eða án ríkisábyrgðar, t. d. í Danmörku, til hinna og þessara framkvæmda hjá sér og hafi fengið jafnvel lán til margra áratuga — stundum með sæmilegum kjörum — og flest þessara lána eru nú borguð upp, en sum mun jafnvel enn þá verið að greiða. Það er þess vegna alveg gefið, að það hefur verið stórkostleg lyftistöng fyrir ýmis bæjarfélög á landinu, sem hafa verið að brjótast í þeim miklu erfiðleikum, sem þau eiga í, að hafa frelsi til þess að taka lán. Ekki sízt þegar um er nú að ræða einmitt, að venjulega eru þetta um leið bæjarfélögin, sem framleiða mestan gjaldeyrinn sjálf og taka máske einmitt lánin til þess að útvega sér framleiðslutæki, þ. e. togara eða báta, þá virðist nú satt að segja, að frelsi bæjarfélaganna mætti gjarnan vera nokkuð mikið hvað þetta snertir.

Ég álít þess vegna, að þessi till., sem hérna liggur fyrir, ef hún næði samþykki, ætti ekki að vera neitt sérstakt undanlát af hálfu ríkisvaldsins gagnvart Reykjavíkurbæ og Sogsvirkjuninni, með tilliti til þess, að Reykjavíkurbær sé auðugasti bærinn í landinu og sá, sem hefur náttúrlega langsamlega mesta möguleika þess vegna til lánsöflunar. Ég álít þvert á móti, að það ætti að fara inn á þá leið að leyfa bæjarfélögunum að reyna að bjarga sér sjálf meira með þessu móti og ekki hvað sízt þeim bæjarfélögum, sem nú eiga sjálf t. d. togara og bæjarútgerðir, framleiða sjálf heilmikinn gjaldeyri og geta þess vegna sjálf að mörgu leyti staðið ábyrg fyrir þeim gjaldeyrislánum, sem tekin væru. Sannleikurinn er, að miðað við þá miklu framleiðslu, sem við höfum, Íslendingar, þá eru allar þessar rafvirkjanir og það, sem við þurfum til þeirra í útlendu fé, svo hlægilega lítið, að það er satt að segja undarlegt, að nokkur ríkisstj., sem nokkurn vilja hefur á að vinna eitthvað í þessum efnum, skuli standa uppi í vandræðum með þetta. Það var gert hér á nýsköpunarárunum það eina skynsamlega, sem hægt var að gera til þess að leggja grundvöll að því, að hægt væri að vinna af viti að byggingu raforkuvera á Íslandi, og það var að kaupa nógu mikinn fiskiflota handa Íslendingum, til þess að við gætum framleitt þann gjaldeyri, sem nauðsynlegur var til þess, að við gætum keypt vélarnar í okkar raforkuver. Og hver einn af okkar nýsköpunartogurum getur framleitt, ef unnið er úr því í fiskiðjuverunum hér innanlands, fyrir yfir 11 millj. kr. á ári, og þá sjáum við, að við erum ekki lengi að vinna fyrir þeim gjaldeyri, sem við þurfum til þess að reisa raforkuverin, svo framarlega sem við notum rétt þau framleiðslutæki, sem við höfum. Ég vil ekki sízt benda á það þeim hv. þm., sem ég veit að bera alveg sérstaklega fyrir brjósti sín heimkynni í þessum efnum, ekki sízt eins og Austurland og Vestfirði, að bara togararnir, sem gerðir eru út frá þessum stöðum, eru ekki lengi að afla þess gjaldeyris, sem þarf til þess að reisa raforkuverin á þessum stöðum.

Við þurfum ekki að betla um neitt gjafafé í raforkuverin á Íslandi, og við þurfum ekki heldur að fara að gera neina samninga nú, ef hæstv. ríkisstj. væri að hugsa um það, neina niðurlægjandi samninga, til þess að útvega okkur lánsfé í slíku sambandi. Við höfum fulla möguleika til þess að vinna okkur fyrir þessu sjálfir, og við höfum fulla möguleika til þess að taka lán erlendis og fá lán erlendis án allra pólitískra skilyrða í þessum efnum. Meðan hins vegar hæstv. ríkisstj. heldur þessu eingöngu í sínum höndum og aðrir fá ekki aðstöðu einu sinni til þess að reyna, þá fást staðreyndirnar ekki fram í dagsljósið, þá fæst ekki úr þessu skorið.

Þess vegna þætti mér mjög vænt um, ef hæstv. ríkisstj., ekki sízt út frá yfirlýsingu hæstv. forsrh., vildi segja okkur nokkuð hér á Alþingi, hvernig til stendur með þessi mál. Ég býst við, að það sé mikill áhugi hjá þm. að heyra nánar um þetta heldur en í tilkynningu til Morgunblaðsins. En ég vildi enn fremur, ef hæstv. ríkisstj. ekki nú við þessa umr. málsins treystir sér til þess að gefa þá yfirlýsingu, að hún muni sjá til þess, að auk þeirra mála, sem hún hefur sagt að ættu að ganga á undan Sogsvirkjunarmálinu, — auk þess sem það væri í lagi, þá mundi hún sjálf sjá um, að þessi heimild til þriðju virkjunar Sogsins yrði afgreidd nú á þinginu, — þá vildi ég leyfa mér að óska þess, að hæstv. ríkisstj. gæti orðið mér sammála um að samþ. þetta frv., sem hér liggur fyrir, og gefa stjórn Sogsvirkjunarinnar — og það þýðir Reykjavíkurbæ og ríkinu sem eigendunum — réttinn til þess að leita sjálf eftir því að fá lán í þessu skyni.

Ég verð að segja, að það er ákaflega hart, ef ekki er hægt að fá hæstv. ríkisstj. til þess að ræða þessi mál hér á þinginu. Ég veit, að það eru ekki önnur mál, sem meira er hugsað um heldur en þessi lánsfjármál, bæði þessi hvað snertir raforkuna og fleiri, og ríkið er sá aðili, sem ákveður alla lánspólitíkina. Það er enginn einkabanki hér í landinu að neinu leyti, sem hefur nokkur áhrif þar um. Ríkið sjálft ákveður að öllu leyti lánspólitíkina, sem rekin er, þannig að það er ríkisstj. og ríkisstj. ein, með því valdi, sem hún hefur á Alþ., sem ræður því, hvert lánað er. Hún þarf ekkert að segja neitt við okkur um það. Það er hér, sem það er

ákveðið, hvort þessir bankar eru til eða ekki. Þeir eru ekki til öðruvísi en samkvæmt l. frá Alþ., og þeir starfa ekki öðruvísi. Og hvað snertir það, sem snýr að gjaldeyrishliðinni, þá er það sannarlega ekki mál, sem ætti að standa í Íslendingum að ráða við, eins og ástandið er nú í landinu. Það er þess vegna raunverulega það minnsta, sem við þm. getum heimtað af hæstv. ríkisstj., að hún segi okkur hér, hvernig stendur um þessi mál, og svo framarlega sem við getum ekki fengið að vita, — og það vildi ég segja a. m. k. fyrir mína hönd og okkar flm. sem þm. Reykv., — ef við getum ekki fengið að vita, hvort útlit muni vera fyrir, að ríkisstj. sjálf geri ráðstafanir til þess, að á þessu þingi verði samþ. frv. um lánsheimild viðvíkjandi Sogsvirkjuninni, þá álít ég, að það eigi að samþ. þetta frv., sem við nú höfum lagt hér fyrir.

Ég vil svo leyfa mér að lokinni þessari umr. að óska þess, að þessu frv. sé vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

54. Dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna (frv. BÓ og PO).

Á 35. fundi í Sþ., 24. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna [153. mál] (þmfrv., A. 394).

Á 53. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Samkv. 23. gr. laga um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna eru gerðar ýmsar undanþágur frá söluskattinum, og eru flestar innfluttar nauðsynjar sjávarútvegsins undanþegnar skattinum og enn fremur framleiðsluvörur landbúnaðarins. Með þessum undanþágum er ætlazt til, að lögin leggist ekki of þungt á þessa atvinnuvegi.

Ein af mestu nauðsynjum sjávarútvegsins er t. d. innflutningur á vélum til fiskibáta. Þessar vélar, sem nú eru yfirleitt mjög aflmiklar, kosta stórfé. Og það getur numið tugum þúsunda, sem menn þurfa að greiða í söluskatt, þegar þeir þurfa að flytja slíkar vélar inn til endurnýjunar í báta sína. Flm. þessa frv. telja ekki neina sanngirni í því, að slíkur skattur sé settur á sjávarútveginn í þessum efnum, þegar undanþegnar eru flestar aðrar innflutningsnauðsynjar hans.

Dráttarvélar eru nú orðnar einhver allra nauðsynlegustu tæki landbúnaðarins á sinn hátt eins og bátavélarnar, en það er um þær að segja, að þær verða að sæta þyngri búsifjum í þessum efnum en flestar aðrar landbúnaðarvélar, þar sem á þeim er 8% verðtollur auk söluskattsins, sem er 7—8%. Hefur því flm. frv. fundizt eðlilegt og fyllilega sanngjarnt, að söluskatturinn yrði numinn af þessu nauðsynjatæki landbúnaðarins, dráttarvélunum.

Ég vænti því, að hv. d. taki þessum till. vel og viðurkenni þá sanngirni og þá nauðsyn, sem í því er, að söluskatturinn sé niður felldur af þessum tækjum atvinnuveganna.

Að lokinni þessari umr. vil ég leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

55. Fiskveiðalandhelgi Íslands.

Á 56. fundi í Nd., 2. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um fiskveiðalandhelgi Íslands [157. mál] (þmfrv., A. 406).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um fiskveiðalandhelgi Íslands, er í öllum aðalatriðum byggt á kenningum dr. Gunnlaugs Þórðarsonar, sem fram komu í doktorsritgerð hans og eru þess efnis, að Íslendingar eigi rétt til alls landgrunnsins í kringum Ísland og þeirra verðmæta, sem þar sé hægt að vinna.

Þó að undarlegt megi virðast, þá munu ekki vera til nein lagaákvæði um, hver landhelgi Íslands skuli vera. Það voru til gamlar tilskipanir um þetta efni, sem höfðu gildi, þangað til Danir gerðu samning við Bretaveldi árið 1901 um, að landhelgi Íslands skyldi vera 3 sjómílur. Þar með féllu úr gildi ákvæði hinna gömlu tilskipana, en vitanlega komu þær aftur í gildi, þegar samningnum við Breta frá 1901 var sagt upp á ný. En síðan eru ekki önnur ákvæði til um landhelgi Íslands heldur en ákvæði hinna gömlu tilskipana. Mér virðist það vera alveg óviðunandi, að um slíkan undirstöðurétt þjóðarinnar séu ekki til skýr og ákveðin lagafyrirmæli. Þess vegna gerðist ég flm. þessa frv.

Það er augljóst mál, að hugmyndir manna og þjóða um landhelgi hafa mjög verið að breytast á síðustu árum. Það þótti firnum sæta fyrir nokkru, þegar Sovétríkin ákváðu 12 sjómílna

landhelgi hjá sér, — þótti mjög frekleg krafa. En nú höfum við heyrt hin síðustu ár kröfur um landhelgi, sem gengið hafa miklu lengra en það. Eitt nýjasta dæmið er, að eitt af sambandslöndum Breta, Ástralía, hefur ákveðið 50 sjómílna landhelgi, og virðist ekki hafa orðið neinn styrr út af því. Þetta samveldisland Breta er þar með að helga rétt sinn gagnvart einu af fyrrverandi stórveldum heimsins, Japönum. Og vitanlega er það lífsnauðsyn viðkomandi þjóða, sem verður að vera hyrningarsteinninn undir slíkum kröfum þjóðanna. Það er alveg óumdeilanlegt að því er Ísland snertir, að það er í raun og veru um að ræða tilverurétt íslenzkrar þjóðar og allrar fjárhagsafkomu hennar, þegar hún er að helga sér landhelgi eins og nauðsyn krefur vegna hins íslenzka sjávarútvegs.

Nýjasta atriðið í umræðum á alþjóðavettvangi um landhelgismál bar að á seinasta þingi Sameinuðu þjóðanna. Þar hafa Bandaríkjamenn kröfur uppi um það, að þeir helgi sér 200 sjómílna landhelgi að því er snertir námuréttindi á hafsbotni. Það er líklega sú krafa, sem lengst hefur gengið um landhelgisrétt að því er ákveðin verðmæti snertir. Þá kemur það auðvitað inn í umræðurnar, hvort ekki sé þá sjálfsagt og jafnréttmætt, að þjóðum almennt sé helgaður réttur til allra þeirra verðmæta, sem finnist í hafinu yfir þeim hafsbotni, sem helgaður sé með ákvæðum um landhelgi. Tóku fulltrúar Íslendinga á þingi Sameinuðu þjóðanna þátt í þessum umr. og báru fram till., sem leiddi til þess, að málinu var frestað, og þetta mál stendur nú opið á þessum viðtækasta alþjóðavettvangi, sem slík mál eru rædd á.

Ég tel, að ein höfuðnauðsyn þess, að Íslendingar hafi nú þegar uppi fyllstu kröfur sínar um rétt til landhelgi umhverfis Ísland, sé m. a. sú, að málið stendur núna svo á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Það væri glapræði hið mesta að mínu áliti, ef Íslendingar hefðu ekki orð á neinum fyllri kröfum en nú hafa verið hafðar frammi um íslenzka landhelgi, áður en málinu væri lokið á þingi Sameinuðu þjóðanna. Auðvitað er alveg sjálfsagður hlutur, að Íslendingar hafi gert sínar fyllstu kröfur, áður en málið kemur á ný fyrir Sameinuðu þjóðirnar, svo að það sé ekki hægt að segja, að nein þjóð hafi þurft að ganga í þeirri dul, að Íslendingar gerðu ekki og ætluðu sér ekki að gera fyllri landhelgiskröfur en þegar hefðu verið hafðar uppi.

Annað atriði, sem ég tel reka mjög á eftir okkur um að bera fram okkar ýtrustu landhelgiskröfur, er einmitt deila Íslendinga við Breta. Bretar vilja líta svo á, að landhelgi okkar sé mörkuð af þeirri núverandi friðunarlínu, sem ákveðin var með reglugerðinni frá 1952. En flestir Íslendingar munu vera þeirrar skoðunar, að þar með hafi ekki verið ákveðin landhelgi Íslands, heldur ákveðin mörk fyrir friðunarlínu, sem eigi að vernda íslenzk fiskimið fyrir ágangi innlendra og erlendra veiðiskipa, og að þar með sé engu slegið föstu um landhelgi Íslands. En eftir þessari skoðun Breta mætti líta svo á, að ef svo giftusamlega tækist til, að Bretar leystu nú þessa deilu, sem við eigum í við þá, þ. e. a. s. breyttu sinni ákvörðun um að hætta að kaupa íslenzkan fisk, — það gera þeir sennilega fyrr eða síðar, — og við hefðum ekki haft uppi neinar kröfur um frekari landhelgi en enn þá hefur verið talað um, þá gætu Bretar sagt sem svo: Ja, hvernig stóð á því, að meðan við deildum um þessi mál, þá opnaði enginn Íslendingur sinn munn um það, að Íslendingar hefðu í hyggju að gera frekari landhelgiskröfur, en nú, þegar deilan er leyst, þá komið þið með hnífinn í bakið á okkur og öðrum þjóðum, sem þurfa að stunda fiskveiðar við Ísland, og gerið margfalt strangari kröfur? Ég tel, að ef við höguðum okkur svoleiðis, þá gengjum við aftan að andstæðingum okkar; það mætti kannske saka okkur um, að við værum að stinga andstæðingana í bakið. En með þessu a. m. k. að hafa uppi okkar kröfur nú, meðan deilan er óleyst, þá komum við þó framan að okkar andstæðingi og látum vita, að við gefum ekki eftir af okkar þjóðlega rétti og ætlum ekki að gera það, og það mætti heldur vera Bretum leiðbeining um, að þeim þýddi ekki að gera sér neinar vonir um, að við drögum úr þeim ákvörðunum, sem við þegar höfum tekið, þeim lágmarksákvörðunum, sem við lítum á aðeins sem fyrsta skref í þessu stóra máli. Það mætti því heldur, þegar fram væru komnar kröfur af hendi Íslendinga um margfalt meiri rétt en við höfum þegar helgað okkur að lögum, gera Bretum skiljanlegt, að Íslendingar séu síður en svo að hugsa um neitt undanhald í þessu máli, þeir hafi þegar látið í ljós, að þeir hafi aðeins stigið eitt lítið byrjunarspor.

Þetta tvennt tel ég að hafi verið í raun og veru knýjandi nauðsyn fyrir okkur til þess að hafa málið uppi sem allra fyrst, afstaðan til Breta og afstaðan til þess, að mál viðvíkjandi landhelgi þjóðanna er nú til umræðu og meðferðar, en ekki komið til lokaafgreiðslu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Það má segja það, að kenningin um eignarrétt hlutaðeigandi þjóðar á landgrunni sínu sé tiltölulega ný kenning, mun ekki vera miklu eldri en frá því um seinustu aldamót. En nauðsynin á því að notfæra sér rétt samkv. þessari kenningu hefur margfaldazt frá því um aldamót. Botnvörpuveiðar eru þá í byrjun. Síðan hafa þær eflzt og margfaldazt, og það er einmitt þessi breyting í veiðitækninni, sem gerir það nauðsynlegt fyrir fiskveiðaþjóð eins og Íslendinga að rýmka sína landhelgi, friða meiri svæði meðfram ströndunum vegna þess margfaldaða ágangs, sem botnvörpuveiðarnar veita. Það má vel vera, að þriggja sjómílna landhelgi hefði dugað til að vernda íslenzk fiskimið, ef áfram hefði verið eingöngu veitt á handfæri, lóðir og í net. En botnvarpan kom til sögunnar, og þá þurfti að helga miklu víðtækari landhelgi en gert hafði verið með samningnum frá 1901.

Nú er vel hægt að hugsa sér, að áframhaldandi aukin tækni geri það að verkum, að það þurfi á miklu meiri vernd að halda en nú. Það er fyrir nokkru farið að tala um að veiða

fisk með rafmagnstækjum. Það er enginn vafi á því, að komi til þess almennt, að fiskur verði veiddur með slíkum tækjum, þá verða þau veiðitæki miklu stórtækari en botnvarpan, eyða miklu meira af fiskstofninum, og þá gæti svo farið, að okkar hugmyndir um nauðsynina á 16 mílna landhelgi eða friðunarbelti, eða jafnvel 50 mílna landhelgi, verði á nokkrum áratugum úreltar. En svo mikið er víst, að fleygi þessari tækni fram, eins og nú má ætla, þá verður með engu móti hægt að gera sér vonir um, að íslenzk fiskimið með fjögurra mílna friðunarbelti kringum landið standist þann ágang.

Í 1. gr. þessa frv. er auk ákvæðisins um, að Ísland skuli helga sér allt landgrunnið sem fiskveiðalandhelgi, skilgreining á því, hvernig skuli draga mörk hugtaksins landgrunn. Til skamms tíma hefur það verið nokkurn veginn algild skilgreining á hálendi, að það sé land, sem liggi meira en 200 m yfir sjó, og að láglendi skuli teljast það land, sem er minna en 200 m yfir sjó, að grunnsævi skuli teljast það hafsvæði, sem hefur minna en 200 m dýpi, og úthafsdjúp það hafsvæði, sem hefur meira en 200 m dýpi. Hugmynd okkar um landgrunn Íslands hefur þess vegna fyrst og fremst byggzt á því, að það væri línan, sem dregin væri á 200 metra dýptarbaugnum umhverfis strendur landsins. Vitanlega yrði sú lína mjög óregluleg og yrði þess vegna ekki eins skýr mörk og æskilegt væri, ef eingöngu væri miðað við þessa línu. En eitt af því, sem breytzt hefur í þessum málum, er það, að þjóðirnar, hver á fætur annarri, hafa frekar tekið upp þann háttinn að miða þau landhelgismörk, sem þær hafa verið að ákveða, við fjarlægð frá ströndum. Hér í þessu frv., í 1. gr., þar sem orðuð er skilgreiningin á landgrunninu kringum Ísland, er farið bil beggja. Það er miðað að nokkru leyti við gamla hugtakið, 200 m dýptarlínuna, og að nokkru leyti við fjarlægð frá ströndum, og skilgreiningin á landgrunninu samkv. 1. gr. er sú, að landgrunnið skuli markast af línu, sem dregin sé 50 sjómílur fyrir utan yztu nes og eyjar og sker við landið, en þar sem 200 m dýptarlína landgrunnsins nái út fyrir 50 sjómílna línuna, skuli landgrunnið takmarkast af henni. Á þeim uppdrætti, sem fylgir hér með frv., kemur í ljós, að þessi hugsaða lína, 50 mílna lína frá ströndinni, er alls staðar á dýptarlínunum milli 200 og 400 og þó víðast hvar nálægt 200 m dýptarlínunni, en 200 m dýpi nær þó á einum fjórum stöðum út fyrir þessa vegalengd frá ströndum, og er talað um, að 200 m dýptarlínan skuli ráða á þessum fjórum stöðum.

Hitt meginatriðið í frv. felst í 2. gr. Þar er ákveðið, að með reglugerð megi setja ákvæði um framkvæmd löggæzlu innan fiskveiðalandhelginnar og um stærð gæzlusvæðisins á hverjum tíma. Meginhugsunin er sú, að núverandi 4 mílna friðunarlína skuli vera takmörk algers friðunarsvæðis, innan 4 mílna svæðis megi hvorki íslenzk né erlend skip veiða með botnvörputækjum eða neinum slíkum tækjum, sem gangi of nærri fiskstofninum, en inni á 12 sjómílna belti frá þessari línu megi engin erlend fiskiskip stunda fiskveiðar og að íslenzk stjórnarvöld skuli halda uppi löggæzlu á því svæði, en síðan sé það aðeins reglugerðarákvæði á hverjum tíma, hvort íslenzk stjórnarvöld ákveða að framkvæma lögreglueftirlit og hafa löggæzlu á meira eða minna svæði út fyrir þetta innan landhelgissvæðisins. M. ö. o. sé alfriðað svæði 4 sjómílur, friðað svæði fyrir erlendum skipum 12 sjómílur í viðbót, þ. e. a. s. alfriðað og hálffriðað svæði allt upp í 16 sjómílur, en landhelgi Íslands upp í 50 mílna fjarlægð frá ströndum og frjálst ríkisstj. á hverjum tíma að ákveða, að hve miklu leyti löggæzlu sé haldið uppi á því svæði.

Í 3. gr. frv. er kveðið svo á, að lög þessi skuli öðlast gildi þann 17. júní 1954. Það er ekki alveg út í bláinn. Þann dag eru 10 ár liðin síðan lýðveldi var stofnað á Íslandi, og þar sem hér er um að ræða að gera breytingu á í raun og veru hugtakinu Ísland, þ. e. a. s., hvað skuli heyra undir íslenzka lögsögu, þá finnst mér ekki óeðlilegt, að þessi lagasetning taki gildi á 10 ára afmæli lýðveldisins Íslands.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta stórkostlega mál, en legg til, að því verði að umræðunni lokinni vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

56. Vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Á 37. fundi í Sþ., 3. marz, var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 61/1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip* [159. mál] (þmfrv., A. 414).

Á 57. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Á þskj. 414 flytur sjútvn. þessarar deildar frv. til l. um breyt. á l. frá 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip. Frv. er flutt eftir beiðni stjórnar og forstjóra Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, og fylgir því svo hljóðandi athugasemd, með leyfi hæstv. forseta:

„Á þeim 16 árum, sem liðin eru síðan sett voru lög um vátryggingarfélög fyrir vélbáta, hefur orðið stórfelld breyting á stærð vélbáta, svo að ákvæði laganna um hámarksstærð skyldutryggðra skipa er algerlega úrelt.“

Þessi athugasemd Samábyrgðarinnar er rétt. Vélbátar þeir, sem útgerðarmenn hafa nú almennt með höndum, eru yfirleitt stærri skip og betri en áður þekktust samhliða því, að þeir eru búnir fleiri og betri öryggistækjum. Það hefur sýnt sig á þeim 16 árum, sem vátryggingarfélög hafa starfað innan Samábyrgðarinnar, að sjótjón eru tíðust á smærri og eldri skipunum, sem greiða þó tiltölulega lág iðgjöld,

en valda oft sjótjónum, sem mikill kostnaður er við að bæta. Hins vegar valda stærri skipin í flestum tilfellum miklu færri sjótjónum, en greiða þó stórum hærri iðgjöld til tryggingarfélaganna. Það, sem veldur þessum mismun á sjótjónshættu stærri og minni fiskiskipanna, er sjálfsagt m. a. það, að á stærri skipin veljast hæfari skipstjórnarmenn og betri skipshafnir, og einnig hitt, að þau eru búin betri og fullkomnari öryggistækjum en minni skipin. Það gefur því auga leið, að það er áríðandi fyrir Samábyrgðina og tryggingarfélögin, sem starfa innan hennar, að fá ákvæði um hámarksákvæði skyldutryggðra skipa hækkað í allt að 150 rúmlestir brúttó, eins og frv. það, sem hér er til meðferðar, kveður á um. Það er trú mín, að þessi breyting á lögunum ætti einnig að koma útgerðinni til góða, þegar stundir líða. Ég vil mælast til þess við hv. alþm., að þeir fylgi þessari breyt. á frv. Að öðru leyti hafa hv. meðnm. mínir í sjútvn. áskilið sér óbundna afstöðu til frv., eins og um getur á þskj. 414.

Þar sem frv. er flutt af nefnd, vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að því verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég sé, að með þessu frv. er gert ráð fyrir því að skylda þá útgerðarmenn, sem eiga yfir 100 smálesta báta, til þess að tryggja báta sína hjá Samábyrgðinni, en hingað til hefur þessu verið þannig fyrir komið, að stærðartakmarkið hefur aðeins verið miðað við 100 smálesta fiskiskip. Mér sýnist, að það skorti hér alveg rök fyrir því, hvers vegna er í rauninni verið að fara fram á þetta. Vitanlega eru allmörg fiskiskip af þessari stærð, frá 100 smálestum upp í 150 smálestir, og það er hægt að vátryggja öll þessi skip hjá Samábyrgðinni nú, en eigendur þeirra hafa frjálsræði til að velja um það, hvort þeir tryggja skip sín þar eða hjá öðrum vátryggingarfélögum, sem tryggja skip. Ef Samábyrgðin býður þeim álíka góð eða betri kjör heldur en önnur vátryggingarfélög, þá sé ég ekki, að það sé nein ástæða til að búast við því, að þessi skip séu ekki tryggð hjá Samábyrgðinni alveg jöfnum höndum og hjá öðrum vátryggingarfélögum.

Ég hygg hins vegar, að reynslan sé sú, að Samábyrgðin hafi ekki boðið eigendum þessara skipa jafngóð kjör og önnur vátryggingarfélög, og því sé reyndin sú, að flest skip af þessari stærð séu í tryggingum hjá öðrum vátryggingarfélögum. Ég fyrir mitt leyti vil ekki, þó að ég viðurkenni á margan hátt rétt Samábyrgðarinnar, auka á álögur eða íþyngja eigendum þeirra skipa, sem hér um ræðir, á neinn hátt, sé ekki ástæðu til þess. Og ég vil aðeins minna þá mörgu menn á það, sem tala um frjálsræði manna í þessum efnum, að þeir eigi að hafa fullt frelsi til þess að gera eitt og annað og þá m. a. frjálsræði til þess að vátryggja skip sín þar, sem bezt kjör eru boðin, að það verða að liggja allgreinileg rök fyrir því, ef á að þvinga menn á þennan hátt til þess að tryggja fremur hjá einum en öðrum.

Ég vil nú óska eftir því, að hv. sjútvn. athugi þetta mál enn betur og leggi m. a. hér fyrir deildina upplýsingar um það, — því að það er tiltölulega auðvelt mál að fá þær upplýsingar, — hvað mörg af þeim skipum, sem til eru hér í landinu af þessari stærð, sem hér er um að ræða, frá 100 smálestum upp í 150 smálestir, eru nú tryggð hjá Samábyrgðinni og hvað mörg utan hennar. Kemur þá í ljós, til hvað margra aðila þetta valdbeitingarákvæði mundi ná. Einnig athugi hún, hver er raunverulega ástæðan til þess, að það þarf að beita eigendur skipanna valdi með þingssamþykkt til þess að tryggja hjá Samábyrgðinni. Getur hún ekki boðið a. m. k. hliðstæð kjör og eigendur skipanna fá nú annars staðar? — Ég vildi gjarnan, að þetta lægi hér fyrir, áður en hv. þdm. þurfa að greiða atkvæði um það, hvort á að leiða þetta ákvæði í lög.

Frsm. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Aðalrök Samábyrgðarinnar fyrir þessum breytingum á lögunum eru þau, eins og kom fram í athugasemd hennar með frv., að skipin hafa farið stórum stækkandi á undanförnum áratug eða á undanförnum 16 árum, síðan lögin voru samþykkt. Og þar sem talið er nauðsynlegt að hafa skyldutryggingu á öllum fiskiskipum á stærðinni að 100 smálestum, er ekki nema eðlilegt, þegar skipin fara stækkandi, að lágmarksákvæðið sé einnig hækkað. Ég tel því, að óskir Samábyrgðarinnar í þessum efnum séu eðlilegar, og það er skoðun mín, að það muni vera fiskiskipaflotanum í heild til góðs, að þessi hækkun eigi sér stað. Og ég svara því enn til, að þar sem það er í lögunum, að það sé skylda að tryggja hvern dekkaðan bát upp að 100 smálestum, þá er ekkert óeðlilegt, þar sem skipin fara stækkandi, að lágmarksákvæðið sé hækkað upp í 150 smálestir, eins og farið er fram á í þessu frv.

Það má ef til vill lengi deila um það, hvort það sé rétt að hafa skyldutryggingar. En ég held, að þeir menn, sem bezt eru kunnugir þessum málum, álíti, að það mundi horfa til vandræða, ef Samábyrgðin og þau ábyrgðarfélög, sem eru starfandi innan hennar, störfuðu ekki með þeim hætti, sem nú á sér stað. Ef þetta væri allt á frjálsum markaði, þá mundi sýna sig, að minni skipin mundu sæta margfalt lakari tryggingarkjörum en þau eiga nú við að búa, margfalt erfiðari, svo að ég vil enn taka það fram, að ég tel hér stefnt í rétta átt fyrir heildina með þeirri breytingu á lögunum, sem frv. kveður á um.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 58., 61. og 62. fundi í Nd., 5., 15. og 16. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar

57. Kosningar til Alþingis (frv. GilsG og BergS).

Á 58. fundi í Nd., 5. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis [162. mál] (þmfrv., A. 434).

Á 59. og 60. fundi í Nd., 9. og 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 61. fundi í Nd., 15. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Lög þau um kosningar til Alþingis, sem nú gilda, eru að mestu frá árinu 1942; hafa aðeins verið gerðar á þeim þrjár smávægilegar breytingar síðan. Lagasetning um svo viðtækt og að vissu leyti viðkvæmt efni sem kosningalög eru er að sjálfsögðu ærið vandasöm og mun seint verða svo fullkomin, að reynslan leiði ekki í ljós eitt og annað, sem betur mætti fara. Þess er ekki að dyljast, að fram hafa komið nokkrir agnúar á kosningalögum þeim, sem við Íslendingar búum nú við, og er megintilgangur þessa frv. að ráða bót á fáeinum þeirra.

Það er alkunna, að á síðari tímum hefur allri áróðurstækni fleygt mjög fram, og hafa sumar áróðursaðferðir, ekki sízt á stjórnmálasviði og í sambandi við kosningar, verið þess eðlis, að hið ágæta orð „áróður" virðist óðum vera að fá nýja merkingu og tákna að dómi almennings ófagran, næstum ósæmilegan verknað. Ástæðan til þessa er m. a. sú, að í sambandi við kosningar, sem flestir viðurkenna í orði að eigi að vera fullkomlega lýðræðislegar, svo að borgurunum gefist með því móti kostur á að láta í ljós skoðanir sínar og velja sér fulltrúa frjálsir og óháðir öllu nema sannfæringu sinni, hefur í sívaxandi mæli verið reynt að beita fjármagni og valdaaðstöðu til að hafa áhrif á kjósendur. Þar sem lýðræðislegt stjórnarfar er einna fastast í sessi, svo sem á Norðurlöndum og í Bretlandi, hafa menn gert sér grein fyrir þeirri hættu, sem af þessu stafar, og reynt með lagaákvæðum að takmarka verulega heimild stjórnmálaflokka til að nota fjármagn sér til framdráttar í sambandi við kosningar. Eru flokkar í nágrannalöndum okkar, sumum a. m. k., skyldaðir til að gera opinbera grein fyrir því fé, er þeir verja til kosningabaráttu, bæði hvernig þess er aflað og á hvaða hátt því er ráðstafað. Í þessum löndum líta menn svo á, að þær kosningar geti naumast heitið lýðræðislegar, þar sem flokkar geta með tilstyrk auðmanna og fésterkra fyrirtækja bætt stórlega aðstöðu sína við kosningar og í krafti peninga haft áhrif á niðurstöður þeirra. Nú er það að sjálfsögðu bannað í íslenzkum lögum að bera fé á einstaklinga við kosningar í því skyni að fá þá til að greiða vissum frambjóðanda eða framboðslista atkvæði, en reynslan sýnir, að hægt er með tilstyrk fjármuna að hafa ýmisleg áhrif á kosningar, án þess að það geti talizt beinar kosningamútur, sem skilyrðislaust eru bannaðar með lögum.

Hér á landi hefur það farið mjög í vöxt, að stjórnmálaflokkar noti bifreiðar til að flytja kjósendur til kjörstaðar á kjördegi. Það vex nú og hröðum skrefum, að flokkar verji stórfé til að launa trúða og hvers konar skemmtikrafta til að hæna fólk að pólitískum samkomum. Gefin eru út kosningarit, sem kosta tugi, ef ekki hundruð þúsunda, og svo langt er jafnvel gengið, að ekki þykir duga að halda ókeypis skemmtisamkomur, heldur er einnig úthlutað dýrum og eftirsóttum verðlaunum á samkomum þessum. Engin vitneskja liggur fyrir um það, hvernig fjár er aflað til þessarar fjölþættu og útgjaldafreku starfsemi, sem öll miðar að því að bæta vígstöðu viðkomandi flokks eða flokka í kosningum með tilstyrk peningavaldsins. Svo mikill er þessi fjáraustur orðinn og fer vaxandi við hverjar kosningar, að hann getur á engan hátt talizt samrýmanlegur frelsi því, sem vitanlega á að ríkja þar, sem menn greiða atkvæði á lýðræðislegan hátt, greiða atkvæði um stefnur og skoðanir.

Það er vissulega nokkur vandi að setja um það fastar reglur, hvernig hafa skal hemil á óeðlilegri notkun fjár í sambandi við kosningar. Ókleift ætti það ekki að vera, enda hafa hinar fremstu þingræðis- og lýðræðisþjóðir tekið upp í kosningalög sín ákvæði um þessi efni. Fyrir Alþingi liggur nú till. um skipun 5 manna nefndar eftir tilnefningu þingflokkanna til að athuga þetta mál og gera till. um lagaákvæði, er takmarki heimild stjórnmálaflokka til notkunar fjár í tilefni kosninga. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 434, stefnir um sumt að sama marki. Þar er leitazt við að bæta úr nokkrum ágöllum núgildandi kosningalaga, þar sem okkur flm. virðist auðvelt án langrar rannsóknar að setja ákveðnari fyrirmæli um einstök atriði en áður hafa gilt.

Helztu nýmæli frv. eru þessi:
Umboðsmönnum frambjóðenda og framboðslista skal bannað að afrita meðmælendaskrár annarra flokka. Jafnframt er þeim gert að skyldu að fara með þá vitneskju, sem þeir fá um meðmælendur, sem algert trúnaðarmál. Það verður að teljast verkefni kjörstjórna og þeim fyllilega til þess trúandi að ganga úr skugga um, að meðmælendalistar séu lögmætir. Því er ekki að leyna, að sterkur orðrómur hefur leikið á um það, að sú vitneskja, sem pólitískir flokkar hafa fengið um meðmælendur með framboðslistum andstæðinga, hafi verið notuð á óviðurkvæmilegan hátt til skoðanakúgunar. Virðist engin ástæða til þess, að löggjafinn auðveldi óhlutvöndum mönnum þann leik með því að hafa óþarflega rúm ákvæði um það, hverjir hafi heimild til að handfjalla meðmælendaskrár og afrita þær.

Þá virðist fyllilega tími til þess kominn, að í Rvík a. m. k. gildi framvegis strangari ákvæði um það en verið hefur, að kjósendur færi sönnur á, hverjir þeir séu, áður en þeir neyta kosningarréttar síns. Sögur hafa gengið um það, að við bæjarstjórnarkosningarnar í janúarmánuði s. l. hafi í fleiru en einu tilfelli verið búið að kjósa fyrir menn, er þeir komu til að greiða atkvæði. Einnig hefur verið á kreiki orðrómur

um það, að kosið hafi verið fyrir nýlátna menn svo og kjósendur, sem með vissu voru forfallaðir á kjördag. Ég get ekkert um það fullyrt, hvort þessi orðrómur hefur við eitthvað að styðjast, en hitt er víst, að meðan ekki gilda um það strangari ákvæði en nú, að kjósandi færi fullgildar sönnur á, að hann sé sá, er hann segist vera, er hætt við, að slíkur orðrómur sem þessi komist á kreik, enda augljósir möguleikar á því að fremja þvílík kosningaspjöll. Nú eru menn látnir greiða atkvæði án þess, að þeir sanni kjörstjórn, hverjir þeir séu, að öðru leyti en því, að þeir skýra frá nafni og tilgreina heimili og fæðingarár. Þessi háttur er góður og gildur í fámenni, þar sem kjörstjórn þekkir alla kjósendur, en í Rvík er því ekki lengur til að dreifa. Kjörstjórnir kunna að sjálfsögðu engin skil á fjölmörgum kjósendum. Verður því, þar sem svo er háttað, að leggja þá skyldu á kjósandann, að hann færi á það sönnur, að hann sé sá, sem hann kveðst vera. Mun það naumast gert svo, að viðhlítandi sé, með öðrum hætti en þeim, að kjósendum sé boðið að hafa nafnskírteini, er þeir framvísa á kjörstað. Er sá háttur hafður á við kosningar í borgum erlendis og þykir með öllu óhjákvæmilegur. Mundi án verulegs kostnaðar mega fela t. d. lögreglunni að afgreiða nafnskírteini á sama hátt og vegabréf eða ökuskírteini.

Eitt hinna veigameiri ákvæða þessa frv. er það að banna umboðsmönnum framboðslista og frambjóðenda að senda frá sér upplýsingar um það, meðan á kjörfundi stendur, hverjir neyta atkvæðisréttar síns. Alkunnugt er, að hér í Rvík a. m. k. og sennilega víðar í kaupstöðum láta flokkarnir umboðsmenn sína, er þeir hafa rétt á að hafa til eftirlits í kjördeildum, fyrst og fremst fylgjast með og senda kosningaskrifstofunum upplýsingar um, hverjir koma til að kjósa. Á þeirri vitneskju, sem þannig fæst um það, hverjir neyta atkvæðisréttar, er síðan byggð hin miður skemmtilega kosningasmölun, sem stöðugt færist í aukana. Ónæði það, sem kosningasmalar valda á fjölda heimila í Rvík og sennilega víðar í kaupstöðum, er kunnara en svo, að því þurfi að lýsa nákvæmlega. Hver sá kjósandi, sem einhverra hluta vegna hefur ekki farið á kjörstað, er eltur uppi, þegar líður á kjördag. Má svo að orði kveða, að hann eigi sér naumast undankomu auðið fyrir ásókn kosningasmala, sem telja ekki eftir sér að koma hvað eftir annað á sama heimili. Láta þeir kjósandann engan frið hafa, fyrr en hann hefur gert annað tveggja, farið á kjörstað eða lýst því yfir, að hann muni hvergi fara. Þegar kjósandi hefur margneitað að fara á kjörstað og lýst yfir, að hann muni alls ekki neyta atkvæðisréttar síns, opnast óneitanlega möguleikar til kosningasvika, möguleikar, sem ella væru ekki fyrir hendi. En þó að engu slíku væri til að dreifa, ættu menn að geta orðið sammála um það, að ekki beri að veita stjórnmálaflokkum sérstaka aðstöðu til að ástunda þá smalamennsku, sem nú er tíðkuð við hverjar kosningar. Er tæpast hægt að kalla þær kosningar fullkomlega lýðræðislegar, þar sem kjósendur fá ekki fullkomlega ráðið því án íhlutunar stjórnmálaflokka, hvenær eða hvort þeir neyta atkvæðisréttar síns. Ávallt er nokkur hópur manna, sem getur ekki fellt sig við neinn hinna pólitísku flokka, eins og auðir atkvæðaseðlar bera m. a. vitni um. Þeim mönnum svo og fólki, sem hefur ekki ákveðnar skoðanir á stjórnmálum, á að sjálfsögðu að vera leyfilegt að sitja heima, án þess að það sé dregið hálfnauðugt á kjörstað. Okkur flm. þessa frv. virðast öll rök mæla með því, að stjórnmálaflokkum sé meinað að fylgjast með kosningum á þann hátt, sem verið hefur. Það ákvæði, sem hér er farið fram á að lögfest verði, mundi eitt út af fyrir sig draga mjög úr þeirri miklu bifreiðanotkun, sem nú tíðkast við hverjar kosningar, þar eð kosningaskrifstofurnar mundu þá naumast geta sótt aðra kjósendur en þá, sem sjálfir biðja um bifreiðar, og væri strax nokkuð við það unnið.

Sá siður, eða réttara sagt ósiður, er farinn að tíðkast mjög við kosningar, einkum hér í Rvík, að kjörfundi er ekki slitið fyrr en komið er langt fram á nótt. Þó að sjálfsagt sé að gera öllum kjósendum, sem atkvæðisréttar síns vilja neyta, auðvelt að nota þann rétt, er engin ástæða til að halda kjörstöðum opnum lengur en til miðnættis í síðasta lagi. Það er mjög hæpið að líta svo á, að þá er kjördagur er auglýstur t. d. 31. jan., megi draga kjörfund fram yfir miðnætti og þar með raunverulega fram á næsta dag. Veldur þessi háttur þarflausum erfiðleikum öllum þeim, sem við kosningar starfa, og ætti að afnemast með öllu, eins og til er lagt í þessu frv.

Loks eru hér nokkru skýrari ákvæði en nú gilda um það, hvenær atkvæði skal talið ógilt. Um það má ef til vill deila, hvort rétt sé að fara þá leið, sem hér er stungið upp á, að herða þessi ákvæði. Ef til vill finnst mönnum lýðræðislegra að milda þau, þegar greinilegt verður að teljast, hver vilji kjósandans er. En allmiklir erfiðleikar munu á því að setja þar um óyggjandi reglur, ef í þá átt ætti að stefna. Hitt er vitanlega ófært með öllu, að um þetta veigamikla atriði gildi svo óákveðin lagafyrirmæli, að það sé mjög komið undir mati kjörstjórna á hverjum stað, hvað þær úrskurða gild atkvæði og hvað ekki. Hefur reynslan orðið sú, að þær eru mjög misstrangar í þessu efni, svo að atkvæðaseðlar eru taldir fullgildir á einum stað, en ógildir á öðrum, þó að um nákvæmlega sams konar formgalla sé að ræða. Þetta er óviðunandi, og verður með einhverjum hætti að kippa því í lag.

Að svo mæltu leyfi ég mér að æskja þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

58. Brotajárn.

Á 66. fundi í Nd., 23. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að banna útflutning á brotajárni [176. mál] (þmfrv., A. 510).

Á 68. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 69. fundi í Nd., 26. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta á þskj. 510 er flutt jafnhliða og í framhaldi af þáltill. um rannsókn á hagnýtingu brotajárns, till., sem nú liggur fyrir Sþ.
Í þeirri till. er farið fram á, að Alþ. feli ríkisstj. að láta framkvæma athugun á því, hvort ekki þyki tiltækilegt að hefja hér vinnslu brotajárns. Ég mun í sambandi við þá till., þegar hún kemur til 1. umr. í Sþ., fara nokkrum orðum um þetta mál almennt, og ætla ég þess vegna ekki að orðlengja um það nú. Fái þessi þáltill. byr, þá teljum við flm. eðlilegt og raunar sjálfsagt, að frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 510, verði einnig samþ. Með því móti mundu nokkrar birgðir af brotajárni verða til í landinu og tiltækilegar, ef sú rannsókn, sem fram á er farið í þáltill., leiddi í ljós, að hagkvæmt væri að hefja hér hagnýtingu brotajárns. Yrði niðurstaða rannsóknar hins vegar á þá leið, að ekki yrði talið borga sig að setja hér á stofn járnbræðslu, þá mundi að sjálfsögðu leyft á sínum tíma að flytja út það brotajárn, sem safnazt hefði fyrir meðan á rannsókninni stóð.
Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, en vil leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til iðnn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

59. Áburðarverksmiðja (frv. JPálm og SB).

Á 72. fundi í Nd., 29. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju [188. mál] (þmfrv., A. 567).

Á 75. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 567 og flutt er af mér og hv. þm. N-Ísf. (SB), fjallar um það að leggja niður áburðareinkasöluna og leggja þau mál undir áburðarverksmiðjuna, þannig að þetta sé sameinað í eitt, framleiðsla, innflutningur og verzlun með tilbúinn áburð. Við flm. teljum, að það sé töluvert miklu ódýrara og hagkvæmara að koma þessu fyrir á þennan hátt.
Að öðru leyti skal ég segja það, að þau frv., sem hér hafa legið fyrir um áburðarverksmiðjuna og ekki eru komin til 2. umr., eru um gerbreytingu á því félagi sem hlutafélagi, og hefur landbn., eins og hv. þm. hafa tekið eftir, lagt til, að þeim málum verði frestað. En þrátt fyrir það þótt því sé frestað, þá er vel hægt að hugsa sér að afgreiða þetta mál, sem getur verið þýðingarmikið sparnaðarmál frá því, sem nú er.
Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða nú um þetta frv., en óska eftir, að því verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. landbn.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég held það sé rétt, að ég segi aðeins örfá orð um þetta frv., áður en það fer til nefndar.
Það liggur nú í hlutarins eðli, að það hljóta að verða miklar breytingar á starfsemi varðandi innkaup á áburði og flutningum á honum út um landið, þegar áburðarverksmiðjan tekur til starfa. Er ég að því leyti alveg samþykkur því, sem fram kemur hjá flm. þessa frv., að svo hljóti og beri að verða. En ég hef einmitt athugað þetta mál og gerði það í vetur á þeim tíma, þegar þurfti að fara að taka ákvörðun um, hvort nokkrar breytingar væri nú hægt að gera varðandi þetta mál, hvort það væri tími til þess. Og það var náttúrlega alls ekki. Það varð að gera ráðstafanir strax upp úr áramótum varðandi innkaup á áburði og alla slíka starfrækslu varðandi dreifingu hans, og þá var enn ekki hafin nein byrjun á framleiðslu áburðarins í áburðarverksmiðjunni í Gufunesi og ekki þá vitað, hvernig það mundi ganga. Nú er sú framleiðsla byrjuð, en þó veit enginn enn, hvað það verður mikið, sem fæst hér af innlendum áburði til notkunar í vor, en það verður aðeins lítill hluti af því köfnunarefnisáburðarmagni, sem þarf að nota. Af þeirri ástæðu var það, að ég ákvað í samráði við framkvæmdastjóra áburðarverksmiðjunnar og áburðarsölunnar, að starfrækslan gengi alveg með sama fyrirkomulagi nú eins og verið hefur, enda hefði það valdið ruglingi og engu öðru, hefði átt að fara að breyta um það skipulag nú.
Ég hef vitanlega ekkert á móti því, að þetta frv. verði athugað faglega í n., en ég vil taka það fram, að það þarf ábyggilega að athuga fleira en þarna kemur fram varðandi þetta mál, og ég tel því mikið vafamál, að rétt sé, að þetta frv. verði afgr. á þessu þingi, sem nú er mjög komið að lokum, heldur að þetta mál verði athugað og undirbúið fyrir þingið í haust, enda ætti það ekki að breyta neinu verulegu. Þessi starfsemi gengur í vor og sumar nákvæmlega á sama hátt fyrir sig eins og verið hefur, enda ekki um neitt annað að ræða en að það verði svo. En ég mun að sjálfsögðu taka þetta mál til athugunar nú og ræða í samráði við stjórn áburðarverksmiðjunnar og aðra aðila,

sem þetta snertir, á hvern hátt heppilegast væri að koma þessu fyrir.

Ég vildi aðeins leyfa mér að geta um þetta nú, þegar frv. kemur hér fram til 1. umr. Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn að ræða við þá nefnd, sem fær það til meðferðar, ef óskað verður eftir því, og vil þá jafnframt óska þess, að hún afgreiði málið ekki úr nefnd öðruvísi en að hafa tal af mér.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það var misskilningur, sem fram kom hjá hv. 1. flm. þessa máls, hv. þm. A-Húnv. (JPálm), að í þeim frv. um áburðarverksmiðjuna, sem nú liggja fyrir hér í þessari hv. d. til 2. umr., væri fólgin einhver gerbreyting á l. um áburðarverksmiðjuna, sem fyrir eru. Raunverulega er þar aðeins um að ræða að slá föstum þeim upphaflega tilgangi, sem hafði verið með lögunum um áburðarverksmiðjuna, og gera skýrt og ótvírætt um eignarréttinn á henni. Og það er alveg eðlilegt, að í sambandi við umræðurnar um þetta frv., sem hér liggur nú fyrir á þskj. 567, komi þetta til athugunar.

Ég vil leyfa mér að bera fram þá fsp. til hv. 1. flm., hv. þm. A-Húnv., hvernig þeir flm. skilji þetta frv., sem þeir hér eru að leggja fram. Þeir leggja til, að áburðarsala ríkisins, sem hefur náttúrlega verið alveg ótvíræð eign ríkisins, sé lögð niður, en áburðarverksmiðjan fái einkarétt til innflutningsins. Áburðarverksmiðjan er eftir lögunum eign ríkisins og eftir 3. gr. laganna sjálfseignarstofnun, sem ekki má selja eða veðsetja án samþykkis Alþingis. Og ég tek eftir því, að í 1. gr. þessa frv., sem hér liggur fyrir, er notað orðalagið: öðlast áburðarverksmiðjan einkarétt. En það er ekki sagt Áburðarverksmiðjan h/f. Það er ekki talað þarna, eftir því sem ég skil þetta, um annað en þá áburðarverksmiðju, sem er átt við í 3. gr. laganna um áburðarverksmiðju, sem sé þá áburðarverksmiðju, sem er sjálfseignarstofnun og ríkið á, að það sé sú stofnun ríkisins, sem eigi að öðlast þennan einkarétt til innflutnings, sem þarna er um að ræða. Ég vil leyfa mér að spyrja, hvort þetta er ekki rétt skilið hjá mér, og ég þykist hafa þar nokkuð fyrir mér, vegna þess að mér er ákaflega vel kunnugt um, að ýmsir þm. Sjálfstfl. líta svo á, að áburðarverksmiðjan sé ótvíræð eign ríkisins, en að hins vegar rekstrarfélagið, Áburðarverksmiðjan h/f, hafi ekki með neitt nema rekstur áburðarverksmiðjunnar að gera. Nú verð ég að segja það, að svo framarlega sem því er alveg slegið föstu og Sjálfstfl. og tveir af hans forustumönnum hér í d. flytja nú þetta mál og Sjálfstfl. er sammála þarna um, þá er það vissulega spursmál, sem er alveg sjálfsagt að taka fyrir til raunhæfrar og góðrar athugunar nú þegar á þessu þingi.

Það er alveg rétt um þau tvö ríkisfyrirtæki, sem bæði eru ótvíræð ríkiseign, að það er svo sem ekki þörf á að vera að reka þau í tvennu lagi. En hitt er aftur á móti alveg gefið um leið, að það er nauðsynlegt að ganga frá þessum málum í heild. Þær þjófnaðartilraunir, sem hafa átt sér stað á áburðarverksmiðju ríkisins, verður að stöðva, og það liggja þegar fyrir till. í því efni hér fyrir hv. d., og það getur ekki gengið að láta það viðgangast áfram, að það sé reynt að taka þetta fyrirtæki upp á 125—130 millj. kr. úr eign ríkisins og gera það að einu litlu hlutafélagi hér í bænum. Í þessari till. frá hv. þingmönnum Sjálfstfl. virðist að ýmsu leyti gert ráð fyrir því, að áburðarverksmiðjan sé eign ríkisins, eins og hún er eftir l. um áburðarverksmiðju, og þess vegna sé að mörgu leyti eðlilegt að sameina áburðarsöluna og áburðarverksmiðjuna, þegar hvort tveggja sé ríkiseign, og ég álít, að slík till. verðskuldi fulla athugun hér.

Ég tók eftir því, að hæstv. landbrh. talaði um, að það væri nauðsynlegt að fresta þessu máli. Ég held, að það sé stórhættulegt atriði af hálfu Alþ. að fresta þessu máli lengur. Ég hef áður vakið eftirtekt á því, hver er tilgangurinn með þeim frestunum, sem alltaf er reynt að knýja fram í þessum málum. Það á að reyna að sjá það, hvort áburðarverksmiðjan muni vera gróðafyrirtæki eða ekki, reyna að sjá það nægilega greinilega, áður en Alþ. eigi endanlega að skera úr um, hvort ríkið haldist sem sá eigandi, sem það raunverulega er þar að, eða hvort áburðarverksmiðjan verður endanlega gefin einkaaðilum.

Ég vil þess vegna eindregið óska þess í sambandi við þetta frv., sem er þriðja frv., sem fram kemur nú á Alþ. og það í þessari sömu hv. d., um breyt. á l. um áburðarverksmiðju, að það fái þinglega meðferð og sé ekki kæft í landbn. Ég held, að það sé alveg rétt, að það hafi verið lagt til, að það færi til hennar, var það ekki? Ég álít, að meðferð landbn. á þessum málum um áburðarverksmiðjuna hafi ekki verið til fyrirmyndar, það sem af er. Ég hef sjaldan séð aðra eins afgreiðslu á till. eins og þær rökstuddu dagskrár, sem liggja fyrir frá meiri hl. landbn. í sambandi við tvö önnur frv., sem eru hér um áburðarverksmiðjuna. Það er í báðum þessum rökstuddu dagskrám, á þskj. 522 og þskj. 523, verið að vitna í, að það sé verið að leitast fyrir um söfnun hlutafjár í áburðarverksmiðjuna meðal bænda. Ég vil bara leyfa mér að spyrja þessa hv. landbn. þessarar d.: Hver hefur leyft henni og samkv. hvaða heimild í l. dirfist hún að vitna í það, að það eigi að fara að safna hlutafé í verksmiðju, sem ríkið hefur ekkert ákveðið um, að neinu meiru hlutafé skuli safnað í? Hvaðan er tekið upp á því og með hvaða heimild á að fara að ákveða það að leita fyrir sér um söfnun meðal bænda um hlutafé í áburðarverksmiðjuna? Það er engin heimild frá Alþ. til þess, ekki í neinum l. Ég vil leyfa mér að spyrja eiginlega, hvers konar aðferðir þetta eru, sem hér eru viðhafðar? Það hefur enginn maður gefið neinum aðilum heimild til þess að leita fyrir um söfnun hlutafjár í áburðarverksmiðjuna meðal bænda. Það er ekki til. Og mér finnst það hálfundarlegt, þegar ein n. hér á Alþ. er að fara að vitna í eitthvað slíkt og ætlar að fara að vísa málum frá á grundvelli þess, um leið og ég vil leyfa mér að átelja alvarlega þá spillingu, sem er að koma fram í því í sambandi við till. þessarar n. að ætla að fara að segja við bændur á Íslandi:

„Gerizt þið þátttakendur í því þjófnaðarfyrirtæki að stela áburðarverksmiðjunni af ríkinu, og ef þið verðið hluthafar í slíku fyrirtæki, þá getið þið þagað á eftir.“ Það er þessi spilling, sem þarna er verið að reyna að skipuleggja í trássi við lög og rétt. Það að ætla að reyna að taka áburðarverksmiðjuna, fyrirtæki upp á 125—130 millj. kr., úr eign ríkisins og afhenda það litlu hlutafélagi hér í Reykjavík, slíkt rán verður ekki betra með því að ætla að fara að tæla bændur til þess að taka þátt í þess háttar óhæfuverki. Og ég vil leyfa mér að vekja eftirtekt á því, hvað þær n. eru að gera, sem leyfa sér að vitna í svona hluti og undirbúa svona hluti og ætla kannske að gefa svona aðferðum einhvern löglegan blæ með sínum yfirlýsingum. Það eru búin að eiga nóg hneykslismál sér stað hér viðvíkjandi meðferðinni á áburðarverksmiðjunni. Það er búið að gefa yfirlýsingar hér af hálfu ríkisstj. um, að áburðarverksmiðjan, sem er ríkiseign eftir l., sé eign lítils hlutafélags, og það er hægt að vitna í þessar yfirlýsingar ráðh. Framsfl. af hálfu þeirra, sem vilja fara í stórkostlegt skaðabótamál við ríkið af hálfu þeirra núverandi hluthafa í rekstrarfélaginu Áburðarverksmiðjan h/f.

Ég álít þess vegna, að það sé tími til kominn, að hér sé tekið í taumana, og ég vil leyfa mér að spyrja hv. flm. þessa frv., sem hér liggur fyrir, þó fyrst og fremst hv. þm. A-Húnv. (JPálm), hvað þeir meini með 3. málsgr. í sínu frv.: „Eignir áburðarsölu ríkisins skulu afhentar áburðarverksmiðjunni til umráða.“ Ég skil þetta alveg tvímælalaust þannig, að eignir áburðarsölu ríkisins skuli afhentar þeirri áburðarverksmiðju, sem ríkið á, til umráða. Það er líka alveg greinilegt hér, að það er tekið fram „áburðarverksmiðjunni“, en ekki Áburðarverksmiðjunni h/f, enda get ég ekki skilið, að það væri tilgangur þessara hv. þm. Sjálfstfl. að ætla að fara að taka þarna eign ríkisins og afhenda einhverjum einstaklingum til umráða. Svo framarlega sem það væri tilgangurinn hjá þessum hv. þm. Sjálfstfl., þá hlytu þeir auðvitað að gera ráð fyrir því, að eignir áburðarsölu ríkisins væru seldar þessu hlutafélagi. Ég þykist alveg vita og skilja það réttilega, að þessum hv. þm. Sjálfstfl. dettur ekki í hug að ætla að taka eign ríkisins, eins og þarna eignir áburðarsölu ríkisins, og afhenda einhverju einkahlutafélagi til eignar og umráða. Ef þeir hafa hugsað sér eitthvað slíkt, þá mundu þeir auðvitað leggja til að selja það viðkomandi hlutafélagi og viðkomandi hlutafélag mundi greiða peninga í staðinn. Hér aftur á móti leggja þeir til: „Eignir áburðarsölu ríkisins skulu afhentar áburðarverksmiðjunni til umráða.“ Og þetta er alveg rökrétt. Þetta þýðir bara, að eitt fyrirtæki ríkisins er afhent öðru fyrirtæki ríkisins til umráða. Það þarf engin sala að fara fram, það þurfa engar slíkar breytingar að verða. Þetta er alveg rökrétt, og þetta getur alveg staðizt.

Ég skil þess vegna þetta frv. svo, að það sé aðeins um að ræða að sameina tvö ríkisfyrirtæki, tvær ríkiseignir, vegna þess að það sé hentugra að reka þau þannig, en ég skil það ekki þannig, að það sé meiningin að fara að afhenda áburðarsölu ríkisins til einhvers einkafyrirtækis. Nokkrir sjálfstæðismenn hér í þinginu komu fram með till. um það, að skipaútgerð ríkisins skyldi skipt upp á milli tveggja einkafyrirtækja. Sú till. var felld hér, vegna þess að menn voru á móti því að taka þannig úr eign ríkisins og afhenda það tveimur mismunandi einkafélögum. Hér er hins vegar verið að leggja til, eftir því sem ég skil, að taka eina eign ríkisins og afhenda hana annarri eign ríkisins, sameina sem sé tvær eignir ríkisins, annars vegar áburðarsölu ríkisins og hins vegar áburðarverksmiðjuna, vegna þess að það sé miklu praktískara. Þessu þætti mér ákaflega vænt um að fá einmitt skýringar á, hvort ég hef skilið rétt hjá hv. 1. flm., því að ég gæti vel trúað, að ef gott samkomulag næst um afgreiðslu þessara mála, þá sé alveg sjálfsagt að taka þessar ábendingar, sem koma fram í þessu frv., til raunhæfrar athugunar.

Flm. (Jón Pálmason): Hæstv. landbrh. tók fram, að hann hefði haft þessi mál til athugunar, hvað gera skyldi í þeim varðandi áburðareinkasöluna og áburðarverksmiðjuna, og lét á sér skilja, að það væri ekki nauðsynlegt að samþ. þetta frv. nú. Þetta kann vel að vera rétt hjá hæstv. ráðh., að það væri möguleiki á því að láta þetta frv. ná gildi á sama tíma eins og til var ætlazt, sem er 1. jan. 1955, þó að það væri ekki samþ. fyrr en á haustþinginu. En við flm. fluttum frv. nú vegna þess, að það væri að ýmsu leyti þægilegra, ef þessi skipun yrði á gerð, að samþ. þetta frv. nú, vegna þess að það er þarna um töluvert margt starfsfólk að ræða, sem er hjá áburðareinkasölunni og þyrfti að hafa fyrirvara með að segja upp, o. s. frv., og það er út frá því sjónarmiði, sem við teljum, að þessari skipun ætti helzt að koma á strax.

Varðandi þær athugasemdir, sem fram komu hjá hv. 2. þm. Reykv. (EOl) varðandi þetta mál, þá skilst mér nú, að það sé ekki mjög langt á milli okkar í skoðun í þessu máli, því að það er auðvitað ætlan okkar flm., að þetta frv. miði að því að afhenda eignir áburðareinkasölunnar til áburðarverksmiðjunnar, sem við teljum ríkiseign, þó að það séu þar aðrir aðilar, sem eiga þar líka hlut í, en þrátt fyrir það hefur ríkið meirihlutavald þar yfir. Ég get tekið það fram, að ég vil ekki blanda mér í þær deilur, sem um þetta hafa verið. Ég fyrir mitt leyti var aldrei hrifinn af þessari breytingu, sem á þessum málum var gerð. Við vorum búnir í landbn. þessarar hv. d. að ganga frá samþykkt frv. eins og það var upphaflega sem algerðrar ríkisstofnunar, en þessu var breytt í Ed. á þeim tíma, að hlutafé skyldi fá frá öðrum, og þar mælt fyrir því á þeim grundvelli auðvitað, að þetta væri til þess að styrkja fyrirtækið, en ekki til þess að eignaryfirráðin færðust frá ríkinu yfir á hluthafana að öðru leyti heldur en það, sem þeir legðu fram fé. Hér er því um það að ræða í þessu frv. að sameina tvö ríkisfyrirtæki og gera að einu.

En varðandi hitt atriðið, um frv., sem hér

hafa legið fyrir, þá skal ég ekki í þessu sambandi fara að bera neitt hönd fyrir höfuð landbn. út af þeim dagskrártill., sem hún hefur flutt, að öðru leyti en því, að ég vil segja, að það liggur fyrir, að verið er að safna hlutafé, áframhaldandi hlutafé, hjá bændum í áburðarverksmiðjuna. Ég hef ekki átt neinn hlut að því og tel nú satt að segja, að eins og komið er hafi bændur annað þarfara við sitt fé að gera heldur en leggja það fram sem hlutafé þarna inn, og mun þess vegna ekki beita mér neitt í því máli. En af því að þetta liggur fyrir, þá sýnist okkur í landbn., að það væri réttast að fresta þessum deilumálum, sem bæði þau frv., sem hér liggja fyrir, fjalla um, þangað til séð yrði, hvort nokkuð yrði tekið undir þessa hlutafjársöfnun, og þess vegna eru okkar dagskrártill. alls ekki neitt út í bláinn.

Að öðru leyti sé ég ekki á þessu stigi ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, en get verið ánægður með þær undirtektir, sem frv. hefur fengið bæði hjá hæstv. ráðh. og hv. 2. þm. Reykv., að það sé eðlilegt að sameina þessar stofnanir, enda þótt það sé nokkur ágreiningur, að því er virðist, við hæstv. ráðh. um það, hvort rétt sé að samþ. þetta nú eða geyma það til næsta þings.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er aðeins í sambandi við eitt atriði, sem hv. þm. A-Húnv. (JPálm) minntist á. Hann talaði um, að það væri verið að safna hlutafé í áburðarverksmiðjuna. Ég vil leyfa mér að spyrja, samkvæmt hvaða heimild sé verið að safna því hlutafé. Ég veit ekki betur en að þær 4 millj., sem lagðar voru í Áburðarverksmiðjuna h/f af hálfu einkaaðila, hafi allar saman verið lagðar fram fyrir þó nokkrum tíma. Ég veit ekki til þess, að neitt af þeim hlutabréfum, sem þá var ákveðið að færu til einkaaðila, 4 millj. kr., sé til sölu. Og ég vildi leyfa mér að spyrja að því, hvort t. d. S. Í. S. væri máske að selja eitthvað af þeim hlutabréfum, sem það á í Áburðarverksmiðjunni h/f, rekstrarfélaginu. Ég hef ekki heyrt um það getið, að S. Í. S. hafi tekið neina ákvörðun um að selja neitt af sínum hlutabréfum í Áburðarverksmiðjunni h/f, þessu rekstrarfélagi verksmiðjunnar. Ég veit ekki betur en af þeim 10 millj. kr. í hlutafé, sem Áburðarverksmiðjan h/f, rekstrarfélagið, hefur, þá séu öll þau hlutabréf uppborguð, og það er engin heimild til þess, hvorki í stofnskrá áburðarverksmiðjunnar, þar sem hún er birt í Lögbirtingablaðinu, né í lögum frá Alþ., að safna neinu meira hlutafé. Ég vildi a. m. k. gjarnan, ef mér hefur alveg yfirsézt það, vita, hvar sú heimild er, hvar ákveðið hefur verið að bjóða meira hlutafé út.

Nú sem stendur er ástandið þetta, að í rekstrarfélaginu Áburðarverksmiðjan h/f á ríkið 6 millj. kr., einkaaðilar eiga 4 millj. kr., þar af á Sambandið um helminginn og eitt fyrirtæki í Reykjavík, sem margir aðilar eru að, þ. e. Borgarvirki h/f, helminginn. Ef nú á að fara að bæta þarna við hlutafé, þá vil ég bara leyfa mér að spyrja: Á að bæta við upphæðina, þessar 10 millj.? Á að gefa einstökum mönnum hér á Íslandi, t. d. bændum eða öðrum, möguleika til þess að eignast þarna — við skulum segja t. d. 2½ millj. kr., þannig að einkaaðilar ættu þá 6½ millj. og ríkið 6 millj.? Er máske verið að undirbúa eitthvað slíkt, þannig að í þessu verksmiðjuhlutafélagi, þessu rekstrarhlutafélagi, ættu einkaaðilar hreinan meiri hluta? Ég vil leyfa mér að spyrja, og ég spyr vegna þess, að á síðasta Alþ., í sambandi við Framkvæmdabankann, kom fram frá ríkisstj. stjfrv., sem var samþ. í Ed., þó að því væri breytt hér í Nd., um að selja þau hlutabréf, sem ríkið á í Áburðarverksmiðjunni h/f, að upphæð 6 millj. kr., til einkaaðila. Þetta var fellt út úr frv. Nú heyrir maður allt í einu talað um hlutafjársöfnun og það sé verið að bjóða út hlutabréf til einkaaðila hér á Íslandi. Ég vil leyfa mér að spyrja: Samkvæmt hvaða heimild er þetta gert? Ég veit ekki til þess, að það sé nokkur maður hér í landinu, sem hefur neinn rétt til þess að bjóða út hlutabréf þarna í viðbót.

Ég vek eftirtekt á þessu vegna þess, að það væri rétt í samræmi við aðrar aðfarir framsóknarráðh. í þessu áburðarverksmiðjumáli, ef það væri farið núna að leita til bænda um allt land. Ég heyri jafnvel getið um, að þriðjungur þeirra bænda, sem hafi svarað, hafi lofað kannske upp undir ¾ úr millj., það mundi samsvara því, ef allir bændur samþ. þetta, að það væri milli 2—3 millj., sem þarna fengist lagt fram. Ég vil leyfa mér að spyrja: Er þarna verið að undirbúa að stilla Alþ. allt í einu frammi fyrir fullgerðum staðreyndum? Er verið að lofa bændum núna, að þeir skuli fá að kaupa hlutabréf, án þess að þeir menn, sem lofa því, hafi nokkra heimild til þess? Á svo að koma hér til okkar í Alþ. á eftir og segja: Það er búið að lofa bændum, að þeir skuli fá að kaupa hlutabréf, þeir hafa sagt, að þeir vilji kaupa hlutabréf fyrir 2—3 millj. kr.; á að fara að svíkja þá um það? Á svo máske undir slíkum forsendum að þvinga hér í gegnum Alþ. lög, sem gefa bændum heimild — og við vitum, hvað það þýðir, það þýðir kaupfélögunum, það þýðir Sambandinu, og það þýðir ýmsum, sem kaupa á eftir upp þessi hlutabréf af bændum, — og skapa þannig möguleikann á því að ná rekstrarhlutafélaginu alveg undan áhrifum ríkisins. Ég vil vekja eftirtekt á þessu, vegna þess að ég er fyrir fram og hef fulla ástæðu til þess að vera tortrygginn út í þær aðferðir, sem hafa verið hafðar í frammi viðvíkjandi áburðarverksmiðjunni. Ég vil um leið bara minna hv. þm. á það, að ég tala ekki út í bláinn í þessum efnum, því að það liggur fyrir sama tilræði viðvíkjandi sementsverksmiðjunni. Ameríkanarnir eru þegar búnir að setja það upp sem skilyrði, ef það eigi að veita lán til hennar, að taka hana úr eign ríkisins og afhenda hana einstökum hlutafélögum, og við sjáum, að það er verið að reyna þetta sama enn þá viðvíkjandi áburðarverksmiðjunni.

Ég tek fyllilega undir með hv. þm. A-Húnv. um það, að ég álít, að bændur á Íslandi hafi annað að gera við sitt fjármagn en að leggja það í Áburðarverksmiðjuna h/f, það rekstrar-

félag. Og ég verð að segja það, að svo framarlega sem það er allt í einu orðið svo gerbreytt nú, að bændur geti farið að leggja fram 2—3 millj. af sínu fé í svona, þá held ég, að það sé bezt fyrir þá, sem hafa skoðað sig sérstaka fulltrúa bændastéttarinnar hér í hv. d., að hætta að koma fram með þær kröfur, sem hafa verið fluttar hér þing eftir þing og mér fyrir mitt leyti þótti sjálfsagt að styðja, að bændum væri útvegað lánsfé úr stofnunum hér, að Búnaðarbankinn og aðrar slíkar stofnanir væru birgðar af lánsfé til þess að geta hjálpað bændum. Við höfum stutt þetta vegna þess, að við höfum trúað því, að það væri rétt, að bændur vantaði fé, og við höfum álitið þetta sjálfsagt, og við höfum sjálfir barizt fyrir svona málum. En mér finnst skjóta skökku við, ef það á núna að fara og ef það er virkilega hægt að fá fleiri millj. kr. hjá bændum til þess að leggja í fyrirtæki, sem miðar að því einu að stela af ríkinu mesta stóriðjufyrirtækinu, sem hér er til, fleka bændur bókstaflega inn í það. Ég vil þess vegna eindregið taka undir einmitt þá athugasemd, sem hv. þm. A-Húnv. kom með. Hann sagðist aldrei hafa verið hrifinn af 13. gr. í áburðarverksmiðjulögunum, og hann sagði það rétt, að landbn. þessarar hv. d. afgreiddi málið frá sér þannig, að áburðarverksmiðjan væri ríkiseign, og það var fyrst við síðustu umr. í Ed., sem þessu var öllu saman kollvarpað.

Ég vil þess vegna eindregið leyfa mér að vona, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, fái sína þinglegu meðferð á þessu þingi, komi aftur úr landbn., og þá er um leið tækifæri til þess að reyna að ganga þannig frá þessum áburðarverksmiðjumálum, að þau verði Alþ. ekki til skammar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 76. fundi í Nd., 2. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

60. Kornrækt.

Á 77. fundi í Nd., 5. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um kornrækt [199. mál] (þmfrv., A. 659).

Á 78. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Þessu frv., sem hér liggur fyrir, fylgir mjög ýtarleg grg. og sömuleiðis nál., sem gerir ýtarlega grein fyrir þessu máli. Ég tel þess vegna ekki ástæðu til þess að fara að flytja um þetta langt mál, þó að ástæða hefði verið til þess að öðrum kosti. Ég vil aðeins vekja athygli á nokkrum atriðum í sambandi við þetta.

Í fyrsta lagi vil ég benda á, að inn eru fluttar nú árlega kornvörur til skepnufóðurs fyrir 5—6 millj. kr. að minnsta kosti, að vísu nokkuð breytilegt eftir árferði og öðrum ástæðum.

Á undanförnum árum hefur því verið hreyft alloft, bæði í blöðum og á mannfundum, hvort bændur gætu ekki sparað sér þennan innflutning og þar með sparað erlendan gjaldeyri að einhverju leyti með aukinni kornrækt. Framleiðsluráð landbúnaðarins tók þetta mál fyrir og skipaði 5 manna nefnd til þess að athuga þetta mál og gera till. sérstaklega um eftirfarandi atriði: Í fyrsta lagi aðstöðu landbúnaðarins til aukinnar kornræktar, og í öðru lagi, hvaða aðgerða væri þörf til þess að auka kornræktina, ef n. teldi aðstöðu til hennar hérlendis þess eðlis, að það hefði hagnýta þýðingu fyrir landbúnaðinn og þjóðina.

N. var sammála um, að að fenginni reynslu af kornyrkju hér á landi væri full ástæða til þess að taka þetta mál öðrum tökum en gert hefur verið, og þá sérstaklega hafði hún það í huga, að kornyrkjunni væri veittur verulegur stuðningur henni til eflingar. Nefndin taldi, að fyrst og fremst væri aðgerða þörf til að auka þekkingu bænda á kornrækt. Þessu taldi n. bezt náð með því, að stuðlað væri að því, að einstakir bændur tækju kornræktina upp sem lið í búrekstri sínum, og þeim veitt til þess fræðileg aðstoð og nokkurt framlag til stofnkostnaðar, sem mundi leiða af þeirri breytingu á búskaparháttum þeirra að taka upp kornyrkju.

Frv. það, sem hér er lagt fram, er byggt á þessu áliti n. Því hefur oft verið haldið fram, að kornræktin sé misferlasöm hér á landi og því sé rétt að láta aðrar þjóðir, sem hafa betri aðstöðu til kornræktar, um það að rækta korn og við að kaupa það af þeim. En á það má benda, að kornrækt er a. m. k. í sumum landshlutum árvissari en kartöflurækt, og þó eru þær raddir teljandi, sem mæla með því, að hætt sé að rækta kartöflur hér á landi. En í því sambandi má líka benda á, að það tók íslenzku þjóðina líklega allt að því eina og hálfa öld að koma kartöflurækt inn á það stig, að hún gæti talizt nokkurn veginn almenn. Það þarf þess vegna engan að undra, þó að kornrækt, sem tekin er upp fyrir um 30 árum, þá að vísu aðeins í tilraunastöðvum fyrst, sé enn þá skammt á veg komin, ef miðað er við þá reynslu og þann hraða, sem var á ræktun kartaflnanna. Það er því ekki að undra, þó að kornrækt hér á landi hafi átt erfitt uppdráttar nú á þessu fyrsta tímabili.

Í þessu frv. er bent á leið til að greiða fyrir því, að bændur auki kornyrkju frá því, sem nú er. Þetta er að mínu áliti merkileg tilraun, sem á samkv. frv. að endurskoða innan 10 ára,

og ætti þá að hafa fengizt sú reynsla í kornræktarmálum, sem skeri úr um framtíð kornræktarinnar hér á landi.

Að þessu sinni er þetta frv. flutt fyrst og fremst til að kynna það hv. alþm. og enn fremur til þess að þjóðin fái tækifæri til að kynna sér þetta mál, en það er von okkar landbn.-manna, að stjórnin sjái sér fært að taka þetta mál upp sem stjórnarfrv. á næsta þingi, eftir að hafa yfirvegað það og athugað. Það teldum við ákjósanlegustu lausn fyrir þetta mál.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

61. Byggingarsjóður kauptúna.

Á 78. fundi í Nd., 6. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um byggingarsjóð kauptúna [200. mál] (þmfrv., A. 676).

Á 80. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er að mestu sama efnis og frv. með sömu fyrirsögn, sem flutt var af sömu flm. á Alþ. 1952. Við flm. erum þeirrar skoðunar, að nauðsyn beri til að koma upp sérstakri stofnun, sem hafi það hlutverk að annast lánveitingar til íbúðarhúsa í kauptúnum. Þessi skoðun byggist á því, að við teljum, að hætt sé við því, að þessi fámennu kauptún beri skarðan hlut frá borði, ef ekki er öðruvísi fyrir þeim séð en svo, að þau þurfi að sækja sín lán undir sömu lánsstofnanir og hinir fjölmennari staðir, og teljum við, að reynslan styðji þá skoðun. — En af því að langt er liðið á kvöldið, skal ég ekki lengja fundinn með því að flytja langa framsöguræðu um þetta mál, þó að ástæða væri til að ræða nánar ýmislegt í þessu sambandi. Ég mun í þess stað láta mér nægja að vísa til þeirrar grg., sem fylgir frv. á þskj. 676.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn., en þar mun málið hafa verið á síðasta þingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

62. Kvikmyndastofnun ríkisins.

Á 84. fundi í Nd., 9. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um kvikmyndastofnun ríkisins [204. mál] (þmfrv., A. 752).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá.

---

63. Vegalagabreyting (frv. BSt).

Á 3. fundi í Ed., 6. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947 [32. mál] (þmfrv., A. 32).

Á 5. fundi í Ed., 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Með þessu litla frv., sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 32, fer ég fram á það, að vegur frá Ólafsfirði um svo kallaðan Ólafsfjarðarmúla til Dalvíkur verði tekinn í þjóðvegatölu. Það er orðið langt síðan farið var að hreyfa þessu máli og byrjað að fara fram á það við mig að flytja till. um það, að fyrirhugaður vegur þarna yrði tekinn í þjóðvegatölu. Ég hygg, að það hafi verið séra Ingólfur Þorvaldsson í Ólafsfirði, sem hreyfði þessu fyrst í blaðagreinum, og það eru orðin mörg ár síðan, — ég man nú ekki, hvaða ár það var, — og síðan hefur málinu í raun og veru verið haldið vakandi.

Ég skal játa það, að til þessa hef ég tekið fremur dauft í þetta mál, sem sést m. a. á því, að ég hef ekki flutt till. um þetta fyrr. Ástæðan til minnar tregðu hefur verið sú, að þótt ég sé ekki verkfræðingur og sjálfsagt lítið dómbær um þá hluti, þá hefur mér litizt illa á þessa leið. En þess er þó að geta, að ég hef aðeins séð hana frá sjó, ákaflega oft farið í bát meðfram Ólafsfjarðarmúla og ekki litizt á hann og ekki langað til að ganga þar uppi eða aka. En kunnugir menn segja, að leiðin sé miklu óálitlegri að sjá hana af sjó en raunverulegt sé, og það vissi ég, að tveir menn gengu þetta í vor, og töldu þeir báðir, að það væri engum vandkvæðum bundið að leggja þarna veg. Við þm. Eyf. höfum þó ekki alveg daufheyrzt við óskum Ólafsfirðinga í þessu efni; ég hygg, að það hafi verið árið 1950, á þinginu þá, sem við bárum fram þáltill. um að skora á ríkisstj. að láta athuga vegarstæði þarna, og þetta var gert. Það kom verkfræðingur frá vegamálaskrifstofunni og athugaði þetta vegarstæði, hann taldi vel fært að leggja þarna veg og gerði um það kostnaðaráætlun, og ég vonast eftir, að innan mjög lítils tíma, vonandi áður en ég lýk máli mínu, þá fái ég þessa grg. frá vegamálaskrifstofunni. Kunnugir menn telja, að það geti verið um tvær leiðir að ræða eða tvö vegarstæði, en þessi rannsókn vegamálaskrifstofunnar mun aðeins hafa verið gerð á annarri þessari leið, og þeirri erfiðari, þ. e. a. s., hún liggur framan í

múlanum, sú leið, og yfir svo kallaða Ófærugjá, og af nafninu geta menn, þó að ókunnugir séu, hugsað sér, hvernig sú gjá muni vera. En það mun ekki vera neinum sérstökum vandkvæðum bundið að leggja veg ofar, fyrir ofan alla kletta, og þá segja þeir, sem þar hafa farið, að það sé ákaflega auðvelt að leggja veg þar. Þar eru engar ófærur og engar hættur.

Það hefur svo ekkert frekar gerzt í þessu máli þangað til í haust, að það skeður, sem getið hefur verið um opinberlega og líklega flestir hv. þm. hér í d. vita, að Ólafsfirðingar sjálfir byrjuðu á því að leggja þarna veg af frjálsu framtaki. Það var ekki kaupstaðurinn, heldur einstakir menn. Og þegar svo er komið, að verkið er þannig hafið, þá finnst mér alveg sjálfsagt að taka þessa leið í þjóðvegatölu og það af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi er auðvitað rétt að koma á móti Ólafsfirðingum, sem leggja fram fé og fyrirhöfn nú þegar í þetta verk. Það er a. m. k. meiri ástæða til að sinna þeirra máli eitthvað en hinna, — sem algengast er, — sem aðeins heimta af ríkinu, fyrst, að vegurinn sé tekinn í þjóðvegatölu, og síðan lagður af ríkinu að öllu leyti. Hin ástæðan, sem ég tel vera fyrir því, að nauðsynlegt sé að taka þennan fyrirhugaða veg í þjóðvegatölu, er sú, að það er í raun og veru ekkert vit í því, að einstakir menn séu að leggja þennan veg, án þess að vegarstæðið hafi verið ákveðið af vegamálastjórninni. Það getur hæglega farið svo, að þeirra verk verði ónýtt, — að þótt ákveðinn yrði þarna vegur af vegamálastjórninni og Alþ., þá er ekkert víst, að hann yrði ákveðinn nákvæmlega þar, sem þessir einstaklingar eru byrjaðir á að leggja hann. Þess vegna tel ég, að það þurfi að hraða þessu máli.

Það eru ekki einasta Ólafsfirðingar, sem hafa áhuga á þessu máli, heldur hefur það komið í ljós, að nærliggjandi bæir og sveitir hafa það einnig og hafa heitið fjárstuðningi, en ég veit þó t. d. um *nágrannahreppinn, Dalvíkurhrepp,* að hans stuðningur er því skilyrði bundinn, að vegarstæðið verði ákveðið af vegamálastjóra eða hans starfsmönnum. Einnig hefur þess verið getið í blöðum, að heitið hafi verið fé úr ríkissjóði í þessa framkvæmd, og mun það rétt vera. Ég geri ráð fyrir, að það sé af vegaviðhaldsfé, því að engin fjárveiting er til þess ætluð á fjárlögum. Ef farið væri nú að veita fé úr ríkissjóði til þessarar framkvæmdar og svo einnig af t. d. Siglufjarðarkaupstað og Akureyri og kannske fleiri aðilum fyrir utan Ólafsfirðinga sjálfa, þá þætti mér miklu vissara, að vegarstæðið væri rannsakað enn á ný og alveg ákveðið, hvar vegurinn á að liggja, og það held ég verði bezt tryggt með því að taka fyrirhugaðan veg þarna í þjóðvegatölu. Þá hlýtur það að vera næsta skrefið, að vegamálastjórnin ákveði legu vegarins.

Ég þykist nú ekki þurfa að fjölyrða þetta frekar, en leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til hv. samgmn. að þessari umr. lokinni, og vildi ég leyfa mér að vænta þess, að n. afgreiddi málið, hvort sem meiningin er að gera víðtækari breyt. á vegalögunum eða ekki, og það af þeim ástæðum, sem ég hef greint.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgmn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar, en brtt. við það bárust á þskj. 54, 61, 64, 66, 90, 103, 177.

---

64. Brúargerðir (frv. JK).

Á 10. fundi í Ed., 27. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir [69. mál] (þmfrv., A. 92).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Flm. (Jón Kjartansson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hérna frv. á þskj. 92. Er þar farið fram á, að brú á Múlakvísl á hinni svo nefndu syðri leið verði tekin inn í brúalög.

Eins og hv. þm. er kunnugt, hefur Vestur-Skaftafellssýsla mikla sérstöðu í samgöngumálum. Þar er engin höfn, brim og eyðisandar með allri strandlengjunni. Allir flutningar verða því að fara fram landleiðina með bifreiðum, en landleiðin um Vestur-Skaftafellssýslu er löng og erfið og verða því flutningar dýrir. Á leiðinni eru ýmsar torfærur, og versta torfæran er Höfðabrekkuheiði, sem er austast í Mýrdal. Yfir þessa heiði liggur þjóðleiðin nú. En Höfðabrekkuheiði er hin mesta snjókista, og verða vegir þar þar af leiðandi oft ófærir í fyrstu snjógusu; kemur það *þráfaldlega fyrir,* að þeir lokast bifreiðum vikum og jafnvel mánuðum saman vetrarmánuðina. Til þess að ráða bót á þessu er ætlazt til að flytja þjóðleiðina suður fyrir heiðina. Það mundi stytta leiðina verulega og einnig gera samgöngur í austurhluta sýslunnar öruggar. Það eru tvær ár á þessari leið, Kerlingardalsá og Múlakvísl. Það er verið sennilega nú þessa dagana að ljúka smíði brúar á Kerlingardalsá, en Múlakvísl verður erfiðari viðureignar, vegna þess að þar þarf langa varnargarða. En með hinum stórvirku tækjum, sem nú er yfir að ráða, má gera sér vonir um og treysta því, að kleift verði að halda kvíslinni í skefjum.

Það ræður að líkum, að góðar samgöngur í Vestur-Skaftafellssýslu hljóti að verða dýrar vegna hinna mörgu og stóru jökulvatna, sem þar eru. Ríkið leggur nú um 10 millj. kr. á ári með strandferðum. Vestur-Skaftafellssýsla nýtur ekki að neinu leyti góðs af strandferðum, sem eðlilegt er. En þrátt fyrir það að ríkið leggi svona mikið fé með strandferðunum, þá keppa allar sýslur að því að ná sem mestum og beztum bílvegum á landinu, og þetta er ofur skiljanlegt. Ég vænti, að hv. alþm. skilji sérstöðu Vestur-Skaftafellssýslu, skilji þá nauðsyn,

sem á því er, að góðar samgöngur á landi séu um sýsluna.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en legg til, að þessu frv. verði vísað til hv. samgmn. að lokinni þessari umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það er ekki á neinn hátt til að leggja stein í götu þessa frv., sem hér er á ferðinni, sem ég kveð mér hljóðs, heldur til að benda á það, að á síðasta þingi var í raun og veru þetta ákveðið. Þá var byrjað að brúa Kerlingardalsá á þessari syðri leið. Sú brú var þá ekki og er ekki enn komin á brúalög, en áin var önnur af þeim tveimur ám, sem brúa verður, svo að leiðin verði fær. Með þessu fékk sá þm. V-Sk., er þá sat á Alþ., því slegið föstu, að syðri leiðin austur yfir Mýrdalssand yrði farin, en ekki um heiðina, og því verður Múlakvísl brúuð, hvað sem samþykkt frv. líður hér í d. Þess vegna er það nokkurn veginn sama, hvort frv. er samþ. eða ekki samþ.; það er þegar búið að ákveða á Alþ. með fjárveitingu til Kerlingardalsárbrúarinnar að fara syðri leiðina, og ég vænti þess, að það verði enginn þm. til þess að leggja stein í götu þess. Ef hv. þm. sýslunnar þykir eitthvað léttara fyrir að fá lög um það en að fá það hinseginn, eins og Jón Gíslason fékk samþykkt fjárveitingu til Kerlingardalsárbrúar, þá er rétt að samþ. frv. En ég tel málið afgreitt í fyrra. Alþ. hefði ekki annars farið að leggja fé í brú, sem ekki er á brúalögum, en er á leiðinni og gagnslaus, nema áfram sé haldið á þessari syðri leið, sem er verið að ræða um.

Flm. (Jón Kjartansson): Herra forseti. Þessi aths. hv. 1. þm. N-M. (PZ) sýnist nú að vísu óþörf. Það er alveg rétt, að brúin á Kerlingardalsá þessa leið er komin, eða eins og ég gat um áðan, að það er verið að ljúka við að smíða hana. En ég get ekki séð, að það skaði á neinn hátt, þótt brú á Múlakvísl verði tekin inn á brúalög. Er það algengt, að brýr séu teknar inn á brúalög. Ég sé það t. d., að í hv. Nd. eru ærið margar brýr, sem ætlazt er til að taka inn á brúalög, enda þótt það sé á þjóðleiðum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgmn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

65. Almannatryggingar (frv. HG).

Á 26. fundi í Ed., 30. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 1953, um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau [110. mál] (þmfrv., A. 201).

Á 27. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 13 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um tvö atriði aðeins. — Hið fyrra atriði er það, að nú þegar skuli hefja heildarendurskoðun á tryggingalögunum og því verki skuli hraðað svo, að brtt. verði afhentar ríkisstj. það snemma, að hún geti lagt þær fyrir næsta reglulegt Alþingi, þegar er það kemur saman. Er þá gert ráð fyrir því eftir venju, að þingið komi saman næsta haust, ekki seinna en 1. okt. eða einhvern tíma í september, þannig að afgreiðslu á þeim till., sem ríkisstj. leggur fram, geti verið lokið fyrir áramót 1954 og tekið gildi í ársbyrjun 1955. En eins og tekið er fram í grg., eru mörg atriði laganna, sem falla úr gildi í árslok 1954, og því er óhjákvæmilegt að gera einhverja skipan á fyrir lok þess árs.

Hitt atriðið í frv. er þess efnis, að á næsta ári, meðan endurskoðunin fari fram, leggi ríkissjóður fram nokkurt viðbótarframlag til Tryggingastofnunarinnar, og þó settar þær takmarkanir, að þetta viðaukaframlag fari ekki fram úr 90% af rekstrarhalla stofnunarinnar á árinu og alls ekki fram úr 6.3 millj. kr., og er þá við þessa ákvörðun hámarksins miðað við fjárhagsáætlun Tryggingastofnunarinnar fyrir sama ár.

Grg., sem fylgir þessu frv., er allýtarleg, og ég hef leyft mér að prenta sem fylgiskjöl með henni áætlun Tryggingastofnunarinnar fyrir árið 1954, yfirlit yfir tekjur og gjöld á árinu 1952, sem er seinasta árið, sem reikningar liggja fyrir um, og loks yfirlit yfir skiptingu kostnaðar vegna Tryggingastofnunarinnar, sjúkrasamlaga og ríkisframfærslu á árunum 1948 og 1952 á þá aðila, sem bera þennan kostnað, en það er ríkissjóður, sveitarsjóðir, atvinnurekendur og hinir tryggðu.

Ég vil leyfa mér að minna á það, að almannatryggingalögin frá 1946 eru nú orðin rétt sjö ára. Því var spáð af ýmsum, þegar þessi löggjöf var sett, að hún mundi verða ákaflega þungur baggi á ríkissjóði, og jafnvel haft við orð, að hér væri verið að gerbreyta þjóðfélaginu. Sumir spáðu því einnig, að þessi löggjöf mundi ekki eiga sér langan aldur, boginn væri of spenntur, eins og það var orðað, og það yrði að stíga hér spor til baka, ef þjóðin ætti að geta staðið undir þessum tryggingum. Ég hygg nú, hvað sem menn segja um tryggingalöggjöfina og framkvæmd hennar á þessum árum, að þá séu þó allir á einu máli um, að þessir spádómar hafi reynzt alveg tilefnislausir og að það hafi sýnt sig á þessum árum, að því sé fjarri, að þjóðinni sé um megn að standa undir tryggingunum, enda væri það illt, ef svo væri, því að það væri sama sem að viðurkenna það, að þjóðfélagið gæti ekki tryggt fólkinu, sem lifir í landinu, þær brýnustu nauðþurftir, sem þarf til þess að draga fram lífið. Í því sambandi þykir mér rétt að vekja athygli hv. dm. á því, sem raunar ætti að vera óþarft, að þau sjö ár, sem liðin eru síðan tryggingalöggjöfin var samþykkt, hefur ekki þurft að leita til ríkisins um einn einasta eyri til stofnunarinnar umfram

það framlag, sem lögboðið hefur verið á hverjum tíma. Hafa þó á þessum tíu árum orðið stórfelldari breytingar á verðlagi, kaupgjaldi og lifnaðarháttum fólks hér á landi heldur en nokkru sinni fyrr á jafnskömmu eða löngu tímabili. Ég leyfi mér því að fullyrða, að sá undirbúningur, sem var fyrir hendi, þegar þessi löggjöf var samþykkt, hafi verið mjög góður og ýtarlegur og þær áætlanir, sem þá voru gerðar, hafi fullkomlega staðizt, eins og líka verður ljóst af því, sem ég áðan sagði um afkomu stofnunarinnar á þessu tímabili.

Á s. l. ári voru gerðar stórfelldar breytingar á tryggingalöggjöfinni. Þær voru gerðar með nokkuð öðrum hætti en þær breytingar, sem höfðu verið gerðar árið þar á undan, en tryggingalöggjöfinni hefur, eins og hv. dm. er kunnugt, verið breytt á hverju ári frá því að lögin voru sett, sem var eðlilegt og nauðsynlegt og sjálfsagt vegna þeirra stórfelldu breytinga, sem urðu hér á atvinnuháttum, afkomu manna, verðlagi og öðru, sem snertir hag tryggínganna, en þær breytingar, sem gerðar voru á árinu 1952, voru minna undirbúnar af hálfu tryggínganna en nokkrar aðrar breytingar, sem hafa verið samþykktar.

Útgjöld Tryggingastofnunarinnar sjálfrar reyndust á árinu 1952 rétt í kringum 94 millj. kr., en í þeirri áætlun, sem nú liggur fyrir fyrir árið 1954, tveimur árum síðar, er gert ráð fyrir, að útgjöld hennar verði um 123 millj. kr. Hækkunin á þessu tveggja ára tímabili er því áætluð rétt í kringum 28 millj. kr. Meginástæðan til þessarar hækkunar er að sjálfsögðu þær breytingar á löggjöfinni, sem gerðar voru á síðasta þingi í sambandi við vinnudeiluna í des. 1952. Þær hinar nýju bætur, sem þá voru lögleiddar, eru í fyrsta lagi viðbótarfjölskyldubætur og mæðralaun, sem er áætlað að nemi um 16 millj. kr. Þá var einnig í þeim samningum ákveðið, að kaupgjald láglaunafólks skyldi greitt miðað við 10 stigum hærri vísitölu en sú almenna kaupgjaldsvísitala ákvað, og var það að sjálfsögðu einnig látið ná til bótaþega tryggínganna. Af þeim ástæðum hefur vísitalan, sem miðað er við, hækkað úr 148 upp í 157 stig. Það er aðeins áætlun, því að það er vísitalan í marz næsta ár, sem ákveður þær raunverulegu tekjur, og vísitala hvers mánaðar, sem ákveður bæturnar. Ef miðað er við þessa áætlun, 157 stig, þá er hækkunin 9 stig eða rétt 6% eða réttar 6 millj. kr. Þessar 22 millj. kr. eru bein afleiðing af samningunum í des. 1952 og þeirri löggjöf, sem sett var í sambandi við það.

Þá hefur komið í ljós, að þær töflur, sem áætlanirnar um tölu gamalmenna á hverjum tíma voru byggðar á, hafa ekki reynzt réttar. Fjölgun fólks á níræðisaldri er stórum meiri en gert hefur verið ráð fyrir. Tryggingastofnunin hafði látið reikna út töflur um dánarlíkur og meðalaldur fólks allt fram til ársins 1956. Við manntalið 1950 kemur í ljós, að tala fólks á níræðisaldri er fullum 500 hærri en gert hafði verið ráð fyrir í þessum töflum. Það kemur þó ekki í ljós til fulls fyrr en við úrvinnslu manntalsins 1950, sem hefur legið fyrir fyrst núna á s. l. sumri, en það má gera ráð fyrir, að lífeyrir til þessara 500 manna nemi eitthvað nálægt 3 millj. kr. á ári.

Þá hefur einnig annað atriði í þeim útreikningi, sem byggt var á, breytzt stórkostlega, og það er fjölgun unga fólksins, fjölgun barnanna, eða hækkun á fæðingatölunni. Árin 1936—40 fæddust hér að meðaltali á hverju ári 2407 börn, árið 1951 var tala fæðinga yfir 4100 og árið 1950 rétt í kringum 4000. Mismunurinn á þeim árgöngum, sem fæðast, og þeim, sem verða sextán ára og hafa ekki lengur rétt til bóta þess vegna frá Tryggingastofnuninni, er því núna um 1600, en þó, ef miðað er við fæðingatöluna eingöngu, eitthvað lægri vegna barna, sem deyja á þessu tímabili. Mér þykir sennilegt, að mismunurinn á þeim árgöngum, sem eru á þeim aldri, að þeir fá rétt til bóta, og þeim, sem hafa komizt yfir bótaaldurinn, yfir sextán ár, sé a. m. k. 1500 núna.

Nú mun eftir þá breytingu, sem gerð var með barnalífeyri og fjölskyldubætur á síðasta þingi, mega gera ráð fyrir, að milli ⅔ og helmingur allra barna muni njóta einhverra bóta frá Tryggingastofnuninni, annaðhvort mæðralauna eða fjölskyldubóta eða barnalífeyris, svo að það er auðséð, hve þessi gífurlega fjölgun á börnunum hefur mikil áhrif á afkomu tryggínganna. Þær hækkanir, sem gert er ráð fyrir á þessum tveimur árum, frá 1952—54, nema að því er snertir gamalmenni og öryrkja 2.3 millj. kr., eða rösklega einni millj. hvort árið, en það svarar aftur til fjölgunar um tæplega 200 á þessum tveimur árum af gamalmennum. En bætur vegna fjölgunar barna, sem bætur koma til, er áætlað að nemi í krónum í kringum 1.7 millj. kr.

Þessar upphæðir, sem ég nú hef greint, nýju bæturnar, vísitöluhækkunin og sú ófyrirséða fjölgun gamalmenna og barna, nema réttum 26 millj. kr. á tímabilinu frá 1952—54, aðrar hækkanir eru áætlaðar kringum 2 millj. kr., og eru þá fengnar þær 28 millj., sem gert er ráð fyrir að útgjöldin hækki um. Upp í þetta hefur Tryggingastofnunin fengið á s. l. ári hækkun um 17% á grunniðgjöldum, sem talið var líklegt, þegar lögin um mæðralaun og aukningu fjölskyldubóta voru sett, að mundi nokkurn veginn hrökkva fyrir þeim útgjaldaauka, sem af því stafaði. Nú þykir sýnt, að kostnaðurinn verði heldur meiri en þar var gert ráð fyrir, auk þess sem vísitöluhækkunin og sú mikla fjölgun barna og gamalmenna, sem ég drap á áðan, kemur til viðbótar.

Niðurstaðan er því sú, að þó að tekjur Tryggingastofnunarinnar séu með tilliti til góðs árferðis í ár áætlaðar 3—4 millj. kr. hærri heldur en undanfarið, þá skortir samt á næsta ári um 7 millj. kr. á, að endarnir nái saman, að tekjurnar nægi til þess að hrökkva fyrir útgjöldunum. Er því farið fram á í þessu frv., að ríkissjóði sé gert að greiða 90% af þessu sem viðbótarframlag til stofnunarinnar, þannig að ekki þurfi á næsta ári að breyta öðrum tekjustofnum til hækkunar, en það eru iðgjöld atvinnurekenda, það eru iðgjöld hinna tryggðu, og það eru framlög sveitarfélaganna.

Ýmsir kunna nú að segja, að Tryggingastofn-

unin hafi verulega sjóði undir höndum og henni ætti því ekki að vera ofvaxið, þó að halli yrði á þessu ári, eins og gert er ráð fyrir, að standa undir því með eigin fé. Ég álít, að það sé ákaflega mikill misskilningur og það væri allt of mikil léttúð og ábyrgðarleysi að ganga svo frá fjárlögum og áætlun Tryggingastofnunarinnar, að fyrirsjáanlegt væri, að slíkur halli lenti á henni á árinu 1954.

Þrjú fyrstu ár tryggingganna safnaðist verulegt fé í sjóði hjá þeim. Það stafaði sumpart af því, að það var mikið góðæri, og í öðru lagi og kannske aðallega af því, að meðan menn voru að venjast löggjöfinni, var ekki gengið til fulls eftir þeim réttindum, sem tryggingalöggjöfin veitti, af ýmsum aðilum, sem höfðu ekki knýjandi þörf fyrir þau. En á þessum þremur fyrstu árum varð tekjuafgangur hjá Tryggingastofnuninni, sem rann í tryggingasjóð til þess að mæta sveiflum í framtíðinni, rétt í kringum 16 millj. kr. En eftir að sú stórfellda röskun varð á verðlagi og kaupgjaldi og framfærslukostnaði, sem leiddi af gengislækkuninni og þeim breytingum, sem síðan hafa verið gerðar, þá hefur jafnan tekjuaukning tryggginganna verið á eftir útgjaldaaukningunni, því að bætur hafa alltaf verið greiddar með sömu vísitölu og kaupgjald til láglaunafólks, en tekjurnar hafa verið fram að árinu 1952 miðaðar við vísitölu næsta árs á undan. Hefur því Tryggingastofnunin haft nokkurn tekjuhalla öll þessi ár síðan 1949, — árið 1950, árið 1951 og árið 1952, — þannig að nú er ekki eftir af þessum 16 millj. kr., sem safnað var í tryggingasjóð, nema rétt í kringum 11 millj. kr. Það er miðað við ártalið 1951, og á þá eftir að taka halla ársins 1952, sem er ekki gerður upp að fullu, og svo fyrirsjáanlegan halla á árinu 1953. Ég skal ekki spá neinu um, hvað þá verði eftir af tryggingasjóði, þegar sá halli er jafnaður, en mér þykir trúlegt, að það verði ekki mikið yfir milli 5—7 millj. kr., þannig að ef reikna má með 7 millj. kr. halla á árinu 1954, er fyrirsjáanlegt, að hann yrði étinn upp að fullu, og vafasamt, að hann hrykki til að mæta honum.

Ég veit það, að ýmsir telja — og það réttilega, að Tryggingastofnunin hafi fleiri sjóði en tryggingasjóðinn einan til að mæta þessu. Það er rétt. Tryggingastofnunin hefur varasjóð, sem nú nemur um 55 millj. kr. Það er það fé, sem Tryggingastofnunin tók við frá alþýðutryggingunum gömlu, lífeyrissjóður Íslands og afgangur slysatryggginganna, sem samtals nam tæpum 40 millj. kr. En samkv. tryggingalögunum er til þess ætlazt, að þessi sjóður verði ekki eyðslufé, heldur eigi hann að vaxa um vextina á hverju ári, og kom það fram, þegar tryggingalögin voru sett, að það þætti allt of lítill vöxtur fyrir slíkan sjóð að fá aðeins vextina eina. Meiningin með þessum sjóði er sú, að hann á að vera eins konar baktrygging fyrir tryggingarnar og vaxa nokkurn veginn í hlutfalli við fólksfjölgunina í landinu og veltu Tryggingastofnunarinnar. Það hefur ekki tekizt, — og því er mjög fjarri.

Árið 1949 voru útgjöld tryggginganna nokkuð yfir 50 millj. kr. Þá var varasjóðurinn orðinn eitthvað liðlega 40 millj. kr., 42 eða 43 millj. kr., þ. e. a. s. hlutfallið á milli veltu og varasjóðs var þá það, að varasjóðurinn samsvaraði hér um bil 80% af veltu stofnunarinnar. Nú er gert ráð fyrir, að velta stofnunarinnar verði 122 millj. kr. á árinu 1954, en varasjóðurinn verður þá eitthvað innan við 60 millj., alls ekki meira, þannig að það skortir talsvert á, að hann nái þá 50% af veltunni, og hefur hann þannig, miðað við hana, lækkað úr 80% og niður í 50%. En eins og áður er sagt, þá var það ætlunin, þegar tryggingalöggjöfin var sett, að sjóður þessi gæti vaxið og orðið baktrygging stofnunarinnar nokkurn veginn hlutfallslega við fólksfjölgunina í landinu og aukna veltu hjá Tryggingastofnuninni, en yrði alls ekki eyðslufé, enda er það fram tekið í lögunum. Þessum sjóði er líka, eins og hv. dm. er kunnugt, ætlað sérstakt verkefni. Honum er ætlað að lána fé til ýmissa framkvæmda, sjúkrahúsbygginga, elliheimilabygginga og annað slíkt. Auk þess hefur, meðan ekki hefur orðið af framkvæmdum í þessu efni, verið töluverðu af þessu fé varið til almennra útlána, sem ríkisstj. og héraðsstjórnir hafa sérstaklega haft þörf fyrir til þess að koma upp ýmsum nauðsynlegum mannvirkjum eins og kunnugt er. Og ég tel, að sú lánastarfsemi, sem Tryggingastofnunin hefur getað leyft sér að hafa með höndum vegna varasjóðsins undanfarin ár, hafi orðið ákaflega mörgum sveitar- og bæjarfélögum, sem hafa gert framkvæmdir, verulegur styrkur, og væri miður, ef yrði að ganga ríkar eftir greiðslu á þessu en gert er ráð fyrir.

Það er heimilað í lögunum að veita lán til tryggingasjóðs, ef halli er á rekstri stofnunarinnar, úr vaarsjóðnum, en aðeins skyndilán í bili, sem yrðu svo að endurgreiðast aftur af tekjum stofnunarinnar eða framlögum til hennar.

Ég tel því, að sú leið sé alveg ófær að ætla sér að eyða þeim sjóðum, sem fyrir eru. Það er ekki líklegt, að tryggingasjóðurinn nægi til þess að greiða þann halla, sem er fyrirsjáanlegur á árinu 1954, og varasjóðinn er ekki heimilt að nota í slíku skyni nema aðeins sem bráðabirgðalán, veita gálgafrest, ef svo mætti segja.

Á síðasta þingi var sú leið farin að hækka tekjustofna tryggingarinnar, iðgjöldin meðal annars, — hækka tekjustofnana alla um 17%. Þess ber að gæta, þegar litið er á iðgjöldin til tryggginganna, að þau taka ekki yfir tryggingarnar allar, Tryggingastofnunin tekur ekki allar tryggingarnar enn þá, því að sjúkratryggingarnar eru enn í höndum sérstakra sjúkrasamlaga. Eigi því að gera grein fyrir tryggingagjöldum almennings, þarf ekki aðeins að taka tillit til Tryggingastofnunarinnar, heldur líka til sjúkrasamlaganna. Hér er í grg. bent á það, að tryggingaiðgjöld í Reykjavík fyrir kvæntan mann nema núna 1362 kr. fyrir yfirstandandi ár. Það skiptist þannig, að 714 kr. eru tillag til Tryggingastofnunarinnar, en svo borgar maður og kona hvort um sig iðgjald til sjúkrasamlagsins, sem er 342 kr. Samtals eru þetta þess vegna 1362 kr. á ári. Fyrir einhleypan mann eru þetta

970 kr. í Reykjavík og fyrir ógiftar konur um 800 kr. á ári. Á öðru verðlagssvæði eru iðgjöldin til Tryggingastofnunarinnar milli 20 og 25% lægri en í Reykjavík, eða á fyrsta verðlagssvæði, og sjúkrasamlagsgjöldin mjög mismunandi, sums staðar jafnvel allt niður í 120 kr. á ári, en á öðrum stöðum nálgast þau iðgjöldin hér í Reykjavík.

Nú get ég sagt það sem mína skoðun, að fyrir kvæntan karlmann hér í Reykjavík, sem hefur 34—35 þús. kr. tekjur og annaðhvort er barnlaus eða aðeins á eitt barn, þá finnst mér 1360 kr. ekki óhæfilegt iðgjald. Það eru rétt um 4% af tekjunum. Þegar tekið er tillit til þess öryggis, sem hann kaupir sér með þessum greiðslum, þá hygg ég, að ekki verði sagt, að hér sé óhæfilega langt gengið, þó að það verði að viðurkennast, að fyrir slíkan mann er það að borga á annað hundrað kr. á mánuði talsvert þungur baggi. En fyrir þá, sem hafa lægri tekjur, er alveg augljóst, að tryggingagjöldin eru þungur baggi og því þyngri sem tekjurnar eru lægri. Sérstaklega er mikið undan því kvartað og með rökum, að á heimilum, þar sem eru margir unglingar á aldrinum 16—21 árs, sem allir greiða sín fullu iðgjöld, sé þessi baggi orðinn heimilinu um megn. Einnig er kvartað undan því, að fólki, sem er orðið tekjurýrt á aldrinum 60 eða 65—67 ára, sé ekki ætlandi að greiða jafnhá iðgjöld og fólki á bezta starfsaldri. Og mikið er til í þessu.

Af þessum ástæðum öllum er það augljóst, að það er ekki fært að halda áfram á sömu leið og gert hefur verið að hækka bara þessa tekjuliði um ákveðna prósentu eftir því, sem þarfir Tryggingastofnunarinnar aukast. Það þarf því að endurskoða ákvarðanir um iðgjaldagreiðslur með þetta fyrir augum. Enn fremur er þess að gæta, að tvö atriði tryggingalaganna hafa enn ekki komið til framkvæmda, sem bæði hafa ákaflega mikil áhrif á fjárhag hennar og afkomu. Þessi ákvæði hvor tveggja falla úr gildi í árslok 1954, og verður þá að taka upp einhverja skipun, áfram þá, sem nú er, eða aðra nýja. En þessi tvö atriði eru:

Í fyrsta lagi framkvæmd heilsugæzlukafla, þ. e. a. s. III. kafla í almannatryggingalögunum, sem hefur verið frestað að framkvæma til ársbyrjunar 1955. Samkv. þessum kafla er til þess ætlazt, að sjúkrasamlögin hætti störfum, hin einstöku sjúkrasamlög, en Tryggingastofnunin taki að sér sjúkratryggingarnar í þeirra stað og láti umboðsmenn sína úti um land annast þau störf fyrir hennar hönd, sem sjúkrasamlögin hafa haft hvert á sínum stað. Það er augljóst, að að ýmsu leyti er þetta léttir, sérstaklega að því er snertir innheimtu iðgjalda og annað slíkt. Innheimtan yrði þá að sjálfsögðu sameinuð innheimtu iðgjaldanna til Tryggingastofnunarinnar í eitt iðgjald. En ýmis önnur atriði hafa valdið því, að það hefur ekki þótt fært til þessa að ráðast í þessar framkvæmdir. Það er gert ráð fyrir, að þá verði sú breyting á sjúkratryggingunum, að í staðinn fyrir, að sjúkrasamlögin greiða nú að fullu læknishjálp heimilislæknis, þá skuli Tryggingastofnunin aðeins greiða að ¾ hlutum læknishjálpina, en ¼ eigi sjúklingarnir sjálfir að greiða eftir ákveðinni gjaldskrá, sem heilbrigðisstjórnin setur.

Nú hefur verið oftsinnis leitað samkomulags við lækna um breytingu á samningum við þá með tilliti til þess, að Tryggingastofnunin ætti ekki að greiða nema ¾ af læknishjálpinni, í staðinn fyrir að samlögin hafa greitt hana að fullu hjá flestum læknum samlaganna. Þeir samningar hafa ekki tekizt enn og borið talsvert mikið á milli. Enn fremur hefur heilbrigðisstjórnin ekki treyst sér til þess að setja gjaldskrá fyrir þann fjórða hluta, sem sjúklingarnir eiga sjálfir að greiða, og hefur því ekki náðst samkomulag heldur um það atriði.

Nú má náttúrlega segja, að það sé léleg frammistaða að láta það standa í vegi þess, að þessi kafli komi til framkvæmda, að ekki hafi náðst samkomulag um þessi atriði. En þess er að gæta í þessu sambandi, að örðugt — að ég ekki segi ókleift — er að reka þessa starfsemi án þess að hafa samninga og samkomulag við læknana annars vegar og ótækt nema gjaldskrá ákveði um greiðslu fjórða hlutans, meðan svo er ástatt sem nú er í okkar heilbrigðismálum. Hér í Reykjavík t. d. er svo mikill skortur á sjúkrarúmum, að hundruð manna liggja rúmliggjandi í heimahúsum og bíða eftir því að geta komizt inn í sjúkrahús. Heilsuverndarstöðin er nú bráðum að komast í rekstrarhæft ástand, og léttir það að sjálfsögðu mikið. En lækningastöð, sem gert er ráð fyrir að verði byggð hér í bænum, þar sem saman störfuðu bæði almennir læknar og sérlæknar og þar sem hægt væri að veita læknisþjónustu allan sólarhringinn, er ekki komin upp enn og ekki heldur búið að ráða starfsmenn að henni. Af þessum sökum er ákaflega torvelt að framkvæma heilsugæzlukaflann að svo komnu, því að þær stofnanir, sem ég nefndi nú, heilsuverndarstöðvar, lækningastöðvar og sjúkrahús, eru undirstaðan undir því, að þessum framkvæmdum sé hægt að koma sæmilega fyrir. Að minnsta kosti er svo að segja ógerningur að framkvæma þetta nema með fyllsta samkomulagi við læknana, ef þessar stofnanir eru ekki fyrir hendi.

Það verður nú eitt verkefni þeirrar n., sem endurskoðar löggjöfina, að ráða fram úr þessu efni, hvað gera skuli. En það er augljóst, að um leið og sjúkrasamlögin falla niður, þá verða iðgjöldin til Tryggingastofnunarinnar að hækka sem svarar þeim kostnaði, sem á henni lendir nú og sjúkrasamlögin hafa borið til þessa, enda eru ákvæði um það í gildandi lögum, því að iðgjöld til Tryggingastofnunarinnar eru 30% lægri en ella vegna þess, að sérstök iðgjöld eru heimt inn til sjúkrasamlaganna. En þá verður að sjálfsögðu enn þá meira aðkallandi að athuga hlutfallið milli hinna einstöku gjaldenda við álagningu tryggingaiðgjaldsins, þegar sjúkrasamlagsiðgjöldin bætast við, því að til sjúkrasamlaganna greiða menn nú, eins og kunnugt er, jafnhátt tryggingagjald bæði fyrir karl og konu. Aftur á móti er iðgjaldið til Tryggingastofnunarinnar sameiginlegt fyrir karl og konu og miklum mun lægra en tveggja persóna iðgjald, eins og hv. þm. er kunnugt um.

Annað atriði, sem skiptir miklu bæði fyrir hina tryggðu og fyrir fjárhag tryggingarinnar, er það, hvort enn verður framlengt eða niður fellt með öllu það ákvæði í lögunum, sem skerðir rétt manna til lífeyris, þeirra sem komnir eru á lífeyrisaldur, eftir því, hversu miklar tekjur þeir hafa. Það var athugað fyrir tveimur árum, hversu miklu mundi muna, ef þetta ákvæði yrði fellt niður með öllu og um leið breytt ákvæðunum um frádrátt eða lækkun á lífeyri til þeirra, sem njóta eftirlauna samkv. 18. gr. fjárlaga, og það var talið, að þetta mundi þá auka kostnað við Tryggingastofnunina, ef þetta yrði fellt niður með öllu, eitthvað milli 10 og 12 millj. kr. Það verður annað viðfangsefni þeirrar n. eða þeirra manna, sem athuga tryggingalöggjöfina, að finna lausn á þessu, en um það hafa legið tillögur fyrir Alþ. eins og kunnugt er, og hefur verið bent þar á ýmsar leiðir. En allt hnígur þetta að því sama. Það sýnir, að við endurskoðunina verður að gera gagngerðar breytingar á iðgjaldaákvörðunum og öðrum tekjustofnum trygginganna, og því væri mjög óráðlegt núna að fara að ákveða prósentuhækkun á sama hátt og seinast var gerð á þessum tekjustofnum fyrir þetta eina ár, meðan endurskoðunin fer fram. Sérstaklega verður þetta óeðlilegt og ég vil segja ranglátt, þegar þess er gætt, að til þess var ætlazt, þegar tryggingalöggjöfin var sett, að kostnaðurinn við framkvæmd hennar yrði borinn í ákveðnum hlutföllum af ríkissjóði, sveitarsjóðum, hinum tryggðu og atvinnurekendum. Og þessi hlutföll var gert ráð fyrir að yrðu þau, að ríkissjóður greiddi þriðjunginn, hinir tryggðu sjálfir greiddu þriðjunginn, en þriðji þriðjungurinn skiptist á milli sveitarfélaga og atvinnurekenda nokkurn veginn að jöfnu, þannig að hvor þeirra bæri ⅙ hluta. Þetta er að vísu ekki lögfest í sjálfum lögunum, en útreikningarnir og ákvörðun framlags og iðgjalds hvers um sig voru miðuð við það, að þessi skyldu verða hlutföllin. Nú hafa þessi hlutföll raskazt nokkuð í framkvæmdinni, eins og sést á fskj. III, sem er prentað á bls. 8 á þskj. Fyrir árin 1948—52 hefur útkoman orðið sú, að ríkissjóður borgar tæp 32%, eða nokkru minna en gert var ráð fyrir. Sveitarsjóðirnir hafa borgað meira en gert var ráð fyrir, eða um 19%, atvinnurekendur stórum minna en gert var ráð fyrir, eða 14%, og tryggðir verulega meira en gert var ráð fyrir, eða 35%.

Þetta stafar sumpart af því, að sjúkrasamlagsiðgjöldin hafa hækkað meira hlutfallslega en iðgjöldin til Tryggingastofnunarinnar. Þau eru borin að mestum hluta af hinum tryggðu. Iðgjöld atvinnurekenda hafa verið lækkuð á öðru verðlagssvæði um 25% strax árið 1948, eins og kunnugt er, og síðan gerðar nokkrar tilliðkanir í þeim efnum á því, hvernig reikna skyldi þau út, þannig að þau hafa orðið talsvert lægri en ráð var fyrir gert. Hluti sveitarfélaganna hefur orðið hærri, en hluti ríkissjóðs, eins og ég áðan sagði, lægri en ætlunin var, þannig að á þessu tímabili, 1948—52, hafa hinir tryggðu greitt 6.6 milljónum meira en þriðjung af heildarkostnaði á þessu tímabili, en ríkissjóður aftur á móti greitt 5.2 millj. kr. minna en þriðjung á þessu sama tímabili. Er þá ekki miðað aðeins í þessu yfirliti við útgjöld Tryggingastofnuninnar, heldur útgjöld allra sjúkrasamlaga á landinu og útgjöld ríkisframfærslunnar, en allt þetta verksvið átti að sameinast undir Tryggingastofnuninni eftir hinum upprunalegu lögum, um leið og heilsugæzlukaflinn kæmi til framkvæmda.

Þó að ríkissjóði yrði því gert að greiða sem aukaframlag á árinu 1954 allt að 6.3 millj. kr., þá mundi ekki hans hlutur af heildarkostnaðinum á þessu tímabili fara fram úr þeim þriðjungi, sem upphaflega var gert ráð fyrir, og ekki fást heldur full leiðrétting á því, að hinir tryggðu hafa greitt á þessu tímabili 6.6 millj. kr. meira en þriðjunginum nemur. Mér finnst því, að öll sanngirni mæli með því og skynsemi, að á þessu ári, meðan endurskoðunin fer fram, verði ríkissjóði gert að greiða þetta aukaframlag allt að þeirri upphæð, sem þarna er miðað við, 6.3 millj. kr., því að tryggingasjóðnum ætti ekki að vera ofvaxið að standa undir þessum 10% eða þótt eitthvað yrði meira, sem þarna er gert ráð fyrir, þrátt fyrir það þó að hann fái halla á árinu 1952 og 1953. En hins vegar tel ég það fullkomið neyðarúrræði að hækka almennt iðgjöld hinna tryggðu og framlög sveitarfélaganna til trygginganna, á meðan endurskoðunin fer fram, sem hlýtur að beinast í þá átt að leggja iðgjöldin á almenning eftir nokkuð öðrum reglum en nú er gert.

Ég þykist vita, að einhver verði til að spyrja, hvaðan eigi að taka fé til þessa, og þó að ég geti alls ekki á það fallizt, að í hvert skipti sem fluttar eru till. um fjárútlát úr ríkissjóði, sé jafnframt gerð grein fyrir, hvernig teknanna skuli aflað til þess, þá skal ég þó leitast við að mæta þessu að nokkru.

Það, sem er vert að taka fram, er þá fyrst, að þær 6 millj., sem hér er um að ræða, eru þó ekki nema tæplega 1½% af áætluðum útgjöldum ríkissjóðs og því ekki nema einn lítill blóðmörskeppur í sláturtíð, ef svo mætti segja, sem óhætt væri að reikna með. En ég vék að því við umr. um annað mál hér fyrr á þessum fundi, að mér sýnist, að fært væri enn að hækka verð á „svartadauða" og öðrum slíkum nauðsynjavörum, og mér telst svo til, að ef hækkuð væri um 10 krónur flaskan af „svartadauða", þá mundi það hrökkva langt til að mæta þeim aukagjöldum, sem þarna eru lögð á ríkissjóð. (*BSt:* Var það ekki í staðinn fyrir söluskattinn?) Ég tók það fram áðan, að ég hefði nú hugsað mér einmitt þá upphæð í annað, því að það hrekkur skammt í söluskattinn, — ég skal játa það, — og hef þó ekki gert grein fyrir því, í hvað ég hafði hugsað mér að benda á þetta.

En annars tel ég, að við samningu fjárlaga upp á milli 400 og 500 millj. kr. sé tilefnislaust að krefja hvern þann þm., sem flytur till. um einhverja útgjaldaaukningu, sem nemur ekki hærri upphæð en hér um ræðir, tillagna um sérstaka tekjuöflun í því sambandi. Þetta er því aðeins gert til þess að mæta vini mínum, hv. 1. þm. Eyf., í því að benda á möguleika til

þess að finna þó eitthvert fé, sem hann sýnist heldur torskyggn á.

Ég skal svo ekki þreyta hv. dm. með lengra máli um þetta, en vísa til grg., og að sjálfsögðu eru allar upplýsingar, sem menn óska og ég gæti látið í té, jafnan til reiðu, en vildi leggja til, að frv. yrði að lokinni umr. vísað til heilbr.- og félmn. til skjótrar og góðrar afgreiðslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

66. Óréttmætir verzlunarhættir.

Á 51. fundi í Ed., 23. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum [151. mál] (þmfrv., A. 391).

Á 53. fundi í Ed., 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er ekki margbrotið og þarf ekki langra skýringa, vegna þess að það er gerð mjög ýtarleg grein fyrir því í grg., hvers vegna það er flutt. Það er farið fram á það, að viðskmrh. sé heimilt að veita þeim mönnum, sem hafa verzlunarleyfi, leyfi til þess að selja listmuni og bækur á frjálsu uppboði. Þetta frv. er borið fram vegna þess, að eins og löggjöf er nú háttað, er það ekki talið heimilt, og frv. er borið fram fyrst og fremst eftir ósk manns, sem hefur haft talsvert mikið af listmunum hér til sölu og hefur sjálfsagt að sumu leyti unnið mjög þarft verk á því sviði, flutt ýmsa góða listmuni hingað til lands, og þetta frv. er borið fram til þess, að honum og þá öðrum, sem tækju upp sams konar eða svipaða verzlunarhætti, sé heimilt að halda þessi uppboð, sem þetta frv. gerir ráð fyrir að heimila, ef að lögum verður.

Það má taka það fram, að slík uppboð erlendis eru mjög algeng og þykja til hægðarauka bæði fyrir þá, sem vilja selja listmuni, og eins fyrir þá, sem vilja kaupa.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta litla frv., en óska eftir því, að því verði vísað til 2. umr. og allshn.

Lárus Jóhannesson: Herra forseti. Ég held, að þetta frv. sé um breytingu á algerlega skökkum lögum. Ef á að fara að taka upp það fyrirkomulag, sem er erlendis, að veita öðrum mönnum en venjulegum uppboðshöldurum heimild til uppboðs, sem getur vel verið að sé rétt að gera, þá held ég, að það ætti að gera þessa breytingu á lögunum um uppboð, en ekki á lögunum um óréttmæta verzlunarhætti. Ég vil bara leyfa mér að benda hv. flm. á þetta.

Flm. (Hermann Jónasson): Þessi aths. hv. þm. Seyðf. kann nú að hafa við rök að styðjast, og ég hef athugað það mál.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er, eins og ég sagði áðan, flutt sérstaklega eftir beiðni eins manns, sem hefur haft verzlun með þessum hætti og tekið upp þar með nýjung hér, sem er mjög algeng erlendis, eins og ég sagði áðan. Ég hef farið yfir þetta frv., sem er samið af einum færasta kollega okkar hv. þm. Seyðf., hæstaréttarlögmanni hér í þessum bæ, að beiðni þessa manns, og ég hef jafnframt, vegna þess að ég rak augun í þetta, beðið skrifstofu Alþingis að athuga, hvort það væri eðlilegt að bera þessa lagabreytingu fram undir þessu formi. Og það var nú álit skrifstofunnar, að það væri ekki óeðlilegt, að það væri gert, þó að það kynni að þykja jafneðlilegt, að það væri gert eftir þessari leið, sem hv. þm. benti á. Það er sjálfsagt að taka það til athugunar í n. Þetta hefur sem sagt komið til athugunar, hvor leiðin væri eðlilegri.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

67. Skipun læknishéraða (frv. heilbr.- og félmn. Ed. — heildarlög).

Á 70. fundi í Ed., 27. marz, var útbýtt:

Frv. til læknaskipunarlaga [186. mál] (þmfrv., A. 557).

Á 72. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Landlæknir sendi heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. þetta frv. og óskaði flutnings. N. sá ekki ástæðu til að synja um flutning á málinu og hefur lagt það hér fram, en annars hafa nm. algerlega óbundnar hendur um einstök atriði, og n. flytur frv. án þess að hafa lesið það sérstaklega yfir.

Markmið þessa frv. er fyrst og fremst að færa saman heildarlög um læknaskipan frá 1932 og þær breyt., sem síðan hafa verið gerðar á þessum l., en þær eru allmargar, ekki færri en átta. Þó felast einnig í frv. nokkrar breytingar á skipun læknishéraða í landinu. Flestar eru þær settar í samræmi við óskir íbúanna eða a. m. k. að undangengnum viðræðum við forsvarsmenn héraðanna.

Þá eru í frv. tilfærslur nokkrar milli læknishéraða vegna þeirrar þjóðarspjaldskrár, er hagstofan hefur með höndum. Hagstofan telur það verulegu máli skipta, að takmörk læknishéraða séu hin sömu og hreppa, og eru nokkrar tilfærslur í frv., sem eiga að stuðla að þessu. En samhliða eru tekin upp ákvæði um það, að íbúar þeirra hreppshluta, sem þannig eru færðir milli læknishéraða, eigi eftir sem áður fullan rétt til læknisvitjunar í því héraði, sem þeir áður höfðu tilheyrt.

Í frv. er ákvæði um það, að allt að 6 tiltölulega fjölmenn, afskekkt byggðarlög eigi rétt á verulegum styrk úr ríkissjóði til að launa sérstaka hjúkrunarkonu, eða allt að ¾ af launum hjúkrunarkonunnar. Þetta mun áður hafa verið tíðkað á einum eða tveim stöðum með sérstakri fjárveitingu á fjárlögum, en ekki gert ráð fyrir þó þetta viðtækri heimild fyrr.

Nokkur fleiri atriði eru að vísu í frv., en ég vil leyfa mér að vísa til þeirrar mjög svo ýtarlegu grg., sem frv. fylgir, og mun ekki hafa þessi orð fleiri.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til heilbr.- og félmn. að umr. lokinni.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ekki man ég, hvaða ár það var, en það var líklega 1937 eða 1939, á þeim árum, sem það var geysilega mikið talað um þessi læknamál hér á Alþ. Þá skiptust menn í tvær mjög ólíkar fylkingar um þessi mál.

Sumir litu þannig á, að stefnan í læknamálum ætti að verða sú, að það kæmu upp spítalar á ýmsum stöðum um landið, við hvern þeirra yrðu tveir læknar, og um leið yrðu læknishéruðin stækkuð, — með tilliti til þess, að vegir hefðu batnað, brýr hefðu komið o. s. frv., þá yrði læknunum fækkað, og þessir tveir menn, sem yrðu læknar við spítala í stærri héruðunum, fullnægðu þá læknisvitjanabeiðnunum saman.

Aðrir héldu því fram, að þetta væri alröng stefna, landsspítalinn ætti að vera hér í Reykjavík. Hann ætti að taka á móti sjúklingunum. Svo ættu læknarnir að vera margir, helzt eins margir og prestarnir.

Um þetta var hnakkrifizt lengi, endaði með því, að enginn sigraði. Það var gengið inn á aðra stefnuna á einum stað og hina á hinum, sitt á hvað, eftir því sem hrossakaup og annað lá fyrir, og svo síðast sett n. í málið, sem í var landlæknir, borgarstjórinn í Reykjavík, núverandi, Gunnar Thoroddsen, og bæjarlæknirinn, er þá var í Reykjavík, Magnús Pétursson. Þeir hafa aldrei skilað áliti. Þeir hafa fengið greiddar 2000 kr. fyrir sitt starf fyrsta árið, en aldrei skilað áliti, og enginn veit enn þá, hvað út úr þeirra áliti kemur eða að hvaða niðurstöðu þeir hafa komizt, hafi þeir nokkuð gert.

Nú kemur hér nýtt frv., sem gengur enn á snið við þetta. Það setur ekki tvo lækna neins staðar, þar sem spítalar eru. Áfram einn læknir. Þeim dettur ekki í hug að setja tvo lækna á Blönduós, þó að það sé verið að reisa spítala þar, eða tvo lækna á Akureyri, þó að það sé kominn spítali þar, o. s. frv. Nei, einn læknir skal það vera áfram. Þó vita allir, að þeir, sem nýuppskornir eru, geta dáið drottni sínum, á meðan læknirinn er sóttur út í héraðið, sé hann aðeins einn. Aftur eru búin til ný læknishéruð alveg við hliðina á stöðum, þar sem tveir ættu að vera, eins og úti á Skagaströnd, 23 km frá Blönduósi, þar sem þurfa að koma tveir læknar eftir eitt eða tvö ár. Þar á að fá nýjan lækni. Hér er því enn þá sami grauturinn, nákvæmlega sami grauturinn og við deildum um hérna á Alþ., þegar þessi n. var sett til að reyna að finna lausn á málinu, og frv. er samið af form. þeirrar n., landlæknum sjálfum. Ég veit ekki, hvað landlæknir segir um þennan gamla ágreining, en hann virðist ekki kominn að neinni niðurstöðu enn um, hvort réttari sé þessi stefnan eða hin.

Mér finnst þessi vinnubrögð neðan við allar hellur. Alþ. setur nefnd, ráðh. skipar hana, hún á að starfa, hún skilar engu áliti — gerir ekkert. Hún á að fjalla um mikið deilumál á Alþingi, sem Alþ. gat ekki orðið ásátt um. Og svo nú eftir öll þessi ár kemur frv., byggt eins og það hafi ekkert verið um málið deilt áður og enginn skoðanamunur um það komið fram. Þetta er ekki rétt afgreiðsla á málinu. Það verður að reyna að finna út úr því, hvor stefnan eigi að ríkja, og svo fylgja þeirri stefnu. Og þegar n. nú hefur fjallað um þetta mál, og ég er með því, að því sé vísað til hennar aftur, þá vona ég, að hún taki þetta til athugunar. Það er óforsvaranlegt að hafa ekki nema einn lækni, þar sem eru stór sjúkrahús, og það er engin ástæða til að setja nýjan lækni 10—20 km frá stað, þar sem tveir læknar eru og á milli bílfærir, upphleyptir akvegir.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þar sem farið er að ræða hér um það, hvernig þetta frv. sé til orðið, vil ég leyfa mér að spyrja hv. n., sem flytur frv., hvort það sé rétt, að það sé eingöngu flutt að beiðni landlæknis, eins og stendur hér. Alveg eins og hv. 1. þm. N-M. gat hér um, þá er þetta mjög mikilsvert mál, sem hefur verið til meðhöndlunar lengi áður, ráðh. hefur haft afskipti af og er vissulega þess eðlis, að heilbrigðisstjórnin sjálf, þ. e. a. s. fyrst og fremst heilbrmrh. og heilbrmrn., hlýtur að bera ábyrgð á því gagnvart Alþ., en ekki landlæknir einn. Ég tel það mjög varhugaverða reglu, ef það á að takast upp, að einstakir embættismenn fram hjá þeim pólitíska valdhafa, ráðherranum og ráðuneytinu, eigi að fara að senda stóra lagabálka til Alþ. Það verður vitanlega að vera með þeim hætti undirbúningur laga, að það sé ráðuneytið, sem tekur ábyrgð á lögunum, en ekki einstakir embættismenn, svo að ég vil láta þá skoðun mína uppi, að ef hæstv. heilbrmrh. hefur ekki tekið ábyrgð á þessari lagasetningu og þetta sé hans frv., þá sé þetta mál mjög að ófyrirsynju komið inn í Alþ., og ég vil skora á n. að láta frv. kyrrt liggja, ef það hefur ekki fengið frekari undirbúning en þann, sem ætla má af grg.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta kemur ekki glöggt fram í grg., en í bréfi landlæknis til n. er þess getið, að hann óski flutnings á málinu eftir að hafa rætt það atriði við hæstv. heilbrmrh. Ég hygg, að ég þurfi ekki að gefa á þessu frekari skýringu. Frv. er á þennan hátt til þingsins komið. Hitt gefur svo auga leið, að þegar svo mjög er liðið á þingtímann sem nú er, þá má heita alveg útilokað, að svo stór lagabálkur sem hér um ræðir nái efnislegri afgreiðslu á þinginu. Mér skilst eigi að síður, að það gæti greitt fyrir meðferð málsins á næsta þ., að það hefur verið lagt fram nú.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil ítreka það, að ég tel hér mjög farið aftan að réttum siðum um meðferð mála, vegna þess að þetta er slíkur lagabálkur, að vitanlega átti heilbrmrn. og heilbrmrh. að segja til um, hvort þeir aðilar vildu taka málið að sér, og þá fyrst og fremst ráðh., nema því aðeins að þn. vilji gera málið að sínu máli, sem mér virðist fjarri vera. En að sjálfsögðu verður að ætlast til þess, að einstakir embættismenn, sem að verulegu leyti starfa á ábyrgð hlutaðeigandi ráðh., láti sinn boðskap slíkan sem þennan koma til Alþ. fyrir milligöngu hans og að ráðh. gefist færi á því, áður en embættismennirnir taka að sér uppástunguréttinn um löggjöf, að kynna sér málið til hlítar og setja á frv. sitt mark, ef hann telur ástæðu til. Og eins og hv. 1. þm. N-M. réttilega gat um, þá er þetta mál einmitt sérstaklega slíks eðlis, að það er fullkomin ástæða til þess, að ráðh. hafi af því afskipti og að ekki sé tekið fram fyrir hendurnar á þeirri n., sem hv. þm. sagði að starfaði að þessu máli.

Ég tel því, að n., án þess að kynna sér óskir ráðherrans í þessu, hafi ekki farið rétt að.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég verð nú að segja það, að mér finnst þessi siðferðisprédikun hæstv. dómsmrh. mjög að ófyrirsynju flutt hér í d. og alveg fullkomlega að tilefnislausu.

Samkv. grg. þeirri, sem frv. fylgir, og eins og frsm. tók skýrt fram hér í byrjun, þá er þetta frv. flutt samkvæmt beiðni landlæknis og þess getið jafnframt, að um það mál hafi verið rætt við hæstv. heilbrmrh. (*Dómsmrh.:* Ekki er þess getið í grg.) Þess er getið í bréfi landlæknis, og það hefur ekki verið vefengt af neinum. Ef hæstv. heilbrmrh. hefði talið eitthvað því til fyrirstöðu, að frv. væri flutt hér í d. af n., hefði hann án efa haft uppburði til þess að láta n. um það vita, því að honum var fullkunnugt um, að málið yrði tekið til flutnings.

Hugleiðingum hæstv. ráðh. um það, hvernig embættismönnum beri að haga sér í sínum störfum, get ég raunar látið ósvarað. En ég hygg, að það geti enginn meinað landlækni, ef hann telur það rétt, að senda sín erindi beint til ákveðinnar þn. Að sjálfsögðu mun svo sú þn. bera sig saman við þann ráðherra, sem málið heyrir undir, ef hún telur ástæðu til þess, en annars hefur ráðh. allra manna bezt aðstöðu að sjálfsögðu til þess að fylgjast með gangi mála á þingi.

Ég vil alveg taka undir það, sem hv. frsm. sagði hér, að einmitt með tilliti til þess, að á næsta þingi má þess vænta, að frv. um þetta efni verði lagt fyrir Alþ., þá er beinlínis flýtisauki að því, að málið komi fram nú, þannig að hv. þm. geti kynnt sér það þegar á þessu þingi, ekki sízt þegar litið er til þess, að hér liggja nú fyrir þessu þingi og hafa legið undanfarið ýmsar tillögur um breytingar á læknaskipunarlögunum í einstökum atriðum og því einmitt mikilsvert að fá til hliðsjónar hugmyndir landlæknis um heildarskipun þessara mála.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13:1 atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.